1. Frumvarp

til laga um sveitabanka.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

---

1. gr.

Sparisjóðsdeild Landbúnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútbúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Landbúnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfjelög, er gerast milliliðir um rekstrarlán skv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfjelagsstarfrækslu sinni, með sjerstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafjelög með skyldum og rjettindum samvinnufjelaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum er hjer segir:

a. Fjelagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama bygðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár og er löglegt að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

Annar endurskoðandi fjelagsins skal kosinn af fjelaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við um rekstarlán samkvæmt lögum þessum.

c. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins.
d. Árgjald í varasjóð fjelagsins og aðra óskiftilega tryggingarsjóði, skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum fjelagsins. Allur tekjuafgangur fjelagssins rennur í varasjóð.
e. Sveitabanki tekur við innlögum með sparisjóðskjörum, frá utanfjelagsmönnum sem fjelagsmönnum, til útlána handa fjelagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
f. Fjelagsmaður getur jafnan sagt sig úr fjelagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum fjelagsins fer eftir lögum um samvinnufjelög.
g. Undirskrift formanns og minst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur fjelagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfjelagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver fjelagsmaður setur fjelaginu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Útlán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu eða með 6 mánaða uppsagnarfresti og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár.

Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabrjefum eða í reikningslánsviðskiftum.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem fjelagsmenn hafa aðalviðskifti sín, þótt það sje utan fjelagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, nje takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sjerstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra fjelagsmanna með framsalsábyrgð fjelagsins.

Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Landbúnaðarbanka Íslands, enda sjeu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgst fyrir fjelagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrjetturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir fjelagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafjelaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskifta sveitabanka við Landbúnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir fjelagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, á skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá fjelagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, og til Landbúnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og Landbúnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Enn fremur tilkynning um breytingar á samþyktum fjelagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er fjelagsmanni sveitabanka rjett að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja eða jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka þarf eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrjett fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slíkra fjelaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi báru nokkrir þingmenn fram frumvarp til laga um atvinnurekstrarlán. Var tilgangur þess frumvarps að ljetta bændum og hinum smærri atvinnurekendum aðgang að lánum til viðskifta og reksturs, þann tíma árs, er afurðir þeirra færa þeim eigi heim peninga. Í þessum tilgangi áttu bændur samkvæmt frumvarpinu að stofna með sjer smá lánsfjelög, fyrir einn hrepp hvert eða nokkru minna eða stærra svæði eftir atvikum, með samábyrgð út á við. Þessi fjelög áttu svo að skifta við stærri peningastofnanir út um land, bankaútbú og sparisjóði, en þær stofnanir aftur að fá fje til rekstrarlána frá útlöndum, fyrir milligöngu Landsbankans og með ábyrgð ríkissjóðs.

Skipulag þessara lánsfjelaga var að sumu leyti vel úr garði gert og álitlegt til þess að geta orðið að gagni. Hafa flutningsmenn að líkindum haft til fyrirmyndar í sumum atriðum hina svokölluðu Raiffeisen-banka í Þýskalandi, sem vel hafa reynst þar, eða önnur svipuð útlend smálánafjelög.

En þótt frumvarp þetta væri að ýmsu leyti bygt á heilbrigðum grundvelli, þóttu á því gallar í öðrum atriðum svo miklir, að ekki var talið ráðlegt að flaustra málinu af á því þingi, einkum þar sem stjórnin hafði þá þegar hugsað sjer að taka bankamál landbúnaðarins í heild til athugunar fyrir næsta þing, og koma þá fram með tillögur um skipun þeirra mála. Er ástæðulaust að telja hjer upp alla þá agnúa, er þóttu á frumvarpinu frá síðasta þingi. En til athugunar í sambandi við frumvarp það, sem hjer fylgir með, skal þó getið nokkurra þeirra.

1. Alt of lítil áhersla var lögð á það samkv. frumvarpinu í fyrra, að gera rekstrarlánafjelögin sjálf sem best úr garði og sem sjálfstæðust. Sparisjóðir og bankaútbú áttu að hafa á hendi einskonar fjárhald og forráð fyrir þau halda viðskiftareikninga þeirra við fjelagsmenn o. s. frv. Rekstrarlánafjelögin sjálf hefðu orðið með losaralegu skipulagi og í raun og veru fólgin í því einu, að nokkrir menn takast á hendur samábyrgð á lánum, alt að tiltekinni upphæð, er sparisjóðir og bankaútbú kynnu að veita fjelagsmönnum gegn fyrirfram ákveðnum tryggingum. Er þetta öfugt við þá aðferð, sem best hefir reynst annarsstaðar, að byggja slík lánsfjelagakerfi neðanfrá upp eftir, leggja aðaláhersluna á fast skipulag frumfjelaganna og að þar geti myndast öflugt samstarf og fjelagslíf. Þau fjelög eiga svo að geta orðið grundvöllur undir stærri sameiningum eða samböndum, rjett eins og kaupfjelögin hjer á landi hafa fyrst komið sínum eigin fjelagsmálum í fast horf, með sjálfstæðu skipulagi og öflugu fjelagslífi innbyrðis, og síðan stofnað samband. Hitt hefði

verið öfug leið, að hafa sambandið á undan og í fyrstu röð og ætla því að verða einskonar forráðsstofnun fyrir væntanleg kaupfjelög og reikningshaldari yfir viðskifti þeirra við fjelagsmenn. Á þann hátt hefðu kaupfjelagsmál hjer á landi aldrei komist í gott horf. En sama er að segja um rekstrarlánafjelög. Því að eins verður þess vænst að þau eigi nokkra framtíð hjer á landi, að það fjelagakerfi sje bygt neðan frá upp, lögð aðaláherslan á frumfjelögin, ekki farið öfugt að.

2. Ákvæði eldra frumvarpsins um endurgreiðslu allra lána fyrir 15. des. ár hvert, þóttu alt of einstrengingsleg og í raun og veru gersamlega ástæðulaus. Þótt um rekstrarlán sje að ræða, sem að sjálfsögðu eiga yfirleitt ekki að standa um langan tíma, geta menn alveg eins þurft á því að halda að hafa slík lán um áramót eins og á öðrum tíma árs. Fyrst og fremst er afurðasala bænda ekki nærri alstaðar einskorðuð við haustkauptíð og fer afurðasala smátt og smátt á öðrum tímum árs sívaxandi. En jafnvel þeir bændur, sem selja aðalvörur sínar að haustinu, geta vel haft þörf fyrir rekstrarlán yfir vetur eða frá hausti til hausts. Sá maður t. d. sem hefir heyjað vel og gæti þess vegna sett á fleira fje eitt haust en venjulega, ef hann þyrfti ekki að farga því til skuldagreiðslu, hefir þörf fyrir rekstrarlán til þess að geta haft hæfilega margt fje á fóðurbirgðum sínum. Og honum getur verið mikill hagur að því að stækka þannig bústofn sinn, þótt ekki sje nema til eins árs. Hjer er um reglulegt rekstrarlán að ræða, sem engin ástæða er til að bóndinn geti ekki fengið eins fyrir því, þó að skuldin þurfi að standa yfir áramót. Yfir höfuð er engin ástæða til að krefjast greiðslu allra lána á neinum tilteknum tíma árs, enda mun það ekki gert í neinum slíkum rekstrarlánafjelögum útlendum. Hitt er höfuðatriðið, að lánin verði ekki að föstum skuldum til fleiri ára, en fyrir því má sjá á annan hátt.

3. Það ákvæði frumvarpsins að ábyrgð fjelagsmanna verði ekki tekin gild sem trygging fyrir lánum í fjelaginu, virðist alveg fráleitt. Það er rjett eins og hjer sje gengið út frá því, að engir muni taka þátt í slíkum fjelagsskap aðrir en fjárhagslega ósjálfbjarga menn, sem engin ábyrgð er í, en slíkt er þvert á móti tilgangi laganna. Það er alstaðar talið æskilegt að sem flestir í hverju bygðarlagi sjeu meðlimir slíkra fjelaga, engu síður efnalega sjálfstæðir menn en aðrir. En hvar eiga lántakendur þá að fá ábyrgð, ef sveitungar þeirra eru allir í fjelagi og ábyrgð fjelagsmanna er ekki tekin gild? Þegar svo væri komið er ekki sjáanlegt annað en að slík ákvæði yrðu þröskuldur í vegi fyrir áframhaldandi starfsemi fjelagsins, og er það auðvitað alls ekki tilætlunin, en einmitt vöxtur og gengi fjelagsmanna gæti gert þeim ómögulegt að halda áfram störfum.

4. Viðskiftagjald í varasjóð fjelagsins, $^1/_2$% af hámarki rekstrarlána hvers fjelaga, er mjög óheppilegt ákvæði og ekki sanngjarnt. Sum lán gætu orðið óhæfilega dýr á þann hátt. Setjum svo að fjelagsstjórnin hafi ákveðið hámark fyrir lánum til einhvers fjelaga 4000 kr., eins og leyft er í frumvarpinu, en að hann þurfi ekki að nota sjer lánsheimildina að fullu eða fái aldrei hærra lán en t. d. 500 kr. í 3 mánuði. Af því yrði hann að borga vexti t. d. 6% eða kr. 7,50 og auk þess 20 kr. í varasjóð ($^1/_2$% af 4000 kr.) sam-

tals kr. 27,50. Er þetta sama sem að hann greiði 22% ársvexti af láni sínu. Slíkt er auðvitað engin sanngirni og mundi ekki gera fjelagsskapinn vinsælan.

5. Í eldra frumvarpinu var að vísu heimilað að rekstrarlánafjelög tækju við innlögum með sparisjóðskjörum, en aðeins af fjelagsmönnum. Sú takmörkun er ástæðulaus, því að engin hætta getur fylgt því fyrir fjelagið, að taka við slíku fje alveg eins frá utanfjelagsmönnum sem fjelagsmönnum. Ef í sveitinni er einhver efnamaður, sem að vísu vill ekki vera fjelagi t. d. af því að hann er hræddur við samábyrgðina, en vill geyma fje sitt í sparisjóði fjelagsins, þá er ástæðulaust að hafna slíku og hrekja fjármagnið þannig út úr sveitinni.

Hjer að framan hafa verið talin nokkur atriði, er þóttu athugaverð við frumvarp það, sem fram kom á síðasta þingi. Er það gert eingöngu til þess að gera grein fyrir því, hversvegna ákvæði frumvarps þess, sem hjer fylgir, eru öðruvísi en í eldra frumvarpinu, einmitt í þessum atriðum, sem hjer hefir verið rætt um. Auk þess er hið nýja frumvarp yfir höfuð bygt á talsvert öðrum grundvelli í ýmsum höfuðatriðum, sem gerð verður grein fyrir hjer á eftir, um leið og vikið verður að hinu nýja frumvarpi í heild sinni og einstökum greinum þess.

Eins og áður er getið hefir það lengi tíðkast sumstaðar í öðrum löndum, að hinir smærri atvinnurekendur, bæði í bæjum og til sveita, hafa myndað með sjer lánsfjelög og hafa einskonar smábanka til þess að afla sjer lána til hlaupandi viðskifta og reksturs. Í sumum löndum hefir þessari smábanka-starfsemi verið komið í fast kerfi með ákveðnu skipulagi, bygðu á samvinnugrundvelli. Sem dæmi slíks má sjerstaklega nefna tvær tegundir smábanka eða lánsfjelaga í Þýskalandi. Það eru svokallaðir Schulze-Delitzsch-bankar, er byrjuðu um miðja 19. öld og starfa eingöngu í bæjum. Kendir við Hermann Schulze, sem kom þeirri hreyfingu á stað. En nokkru síðar kom til sögunnar sá maður, sem gerðist brautryðjandi samskonar hreyfingar á meðal bænda í Þýskalandi, F. W. Raiffeisen. Við hann eru kendir þýsku sveitabankarnir, svokallaðir Raiffeisenbankar, smáfjelög með samvinnusniði í þeim tilgangi, að útvega fjelagsmönnum lán til stutts tíma til reksturs og viðskifta. — Er viðurkent að þessir viðskiftabankar hafi orðið þýskum landbúnaði og sveitafólki til ómetanlegs gagns. Þessir litlu bankar, venjulega með færra en 100 fjelagsmönnum, hafa orðið fjárhagsleg lyftistöng fyrir margar sveitir og auk þess jafnframt eflt samheldni og fjelagslíf meðal bænda. Rekstur þeirra er mjög einfaldur og kostnaðarlítill, venjulega aðeins einn launaður starfsmaður, sem er hvorttveggja í senn, reikningshaldari og fjehirðir, og hefir litla þóknun fyrir starf sitt. Enda eru bankaviðskiftin ekki umgangsmeiri en svo, að víða er siður að ljúka þeim aðallega eftir messu á kirkjustöðum. Þó að þetta sýnist ekki veigamiklar stofnanir, hefir reyndin orðið sú, að þær hafa myndað traustan grundvöll til þess að byggja á umfangsmikið og sterkt viðskiftalánakerfi, með hjeraðssamböndum og miðstjórn hjá stærri bönkum og miklu fjármagni til umráða.

Svipað fyrirkomulag viðskiftalána handa smærri atvinnurekendum hefir víðar verið reynt og gefist vel. Má í því sambandi nefna »Credit Agricole Mutuel« í Frakklandi og hina svokölluðu Luzzatti-banka í Ítalíu, sem höfðu gert afar-

mikið gagn þar í landi, en hvort úr þeim hefir dregið síðan fascista-stjórn komst á þar, eins og mun hafa átt sjer stað um samvinnufjelög yfirleitt, er ekki kunnugt.

Tilgangurinn með frumvarpi til laga um sveitabanka er nú sá, að koma upp smá-lánsfjelögum út um sveitir hjer á landi, svipuðum Raiffeisen-bönkunum og öðrum slíkum stofnunum. Að sjálfsögðu verður jafnan að hafa það hugfast, þegar innlendar stofnanir eru lagaðar eftir útlendum fyrirmyndum, að binda sig eigi um of við nákvæmlega hið sama fyrirkomulag, sem annarstaðar tíðkast, þótt það hafi gefist vel þar. Taka verður tillit til sjerstakra staðhátta hjer, hins hjerlenda viðskiftalífs og stofnana þeirra, sem fyrir eru. Við þetta er miðað frumvarp það, sem hjer fylgir með. En hvernig tekist hefir um hið fyrirhugaða skipulag í einstökum atriðum, verður best athugað í sambandi við greinargerð um hverja grein frumvarpsins fyrir sig.

Um fyrirsögn frumvarpsins.

Frumvarp það sem kom fram á síðasta þingi hjet frumvarp til laga um atvinnurekstrarlán, en hjer á fyrirsögnin að vera »lög um sveitabanka«. Ef til vill mundi sumum þykja viðkunnanlegra að tala að eins um atvinnurekstrarlán eða rekstrarlánafjelög, og telja fordildarlegt að gefa slíkum fjelagsskap nafnið sveitabankar. Þetta er þó gert með ráðnum hug og eigi af neinni fordild. Nafnið »sveitabanki« gefur miklu betur en »rekstrarlánafjelag« til kynna hið tvöfalda ætlunarverk þessara stofnana, að vera hvortveggja í senn, lánsfjelag og sparisjóður fyrir sveit þá, sem fjelagið starfar fyrir. Getur þetta haft nokkra þýðingu til þess að gera mönnum það ljóst, að fjelögin eru ekki eingöngu samtök lánþurfa manna til þess að útvega sjer peningalán, heldur almenn fjármálastofnun fyrir sveitina, með því ætlunarverki að efla fjármálalegan fjelagsskap samsveitunga, til hagsbóta fyrir sveit þá eða hjerað, sem fjelagið nær yfir. Ef mönnum er þetta vel ljóst, mun auðveldara en ella að fá einnig þá menn til að taka þátt í fjelagsskapnum, sem ekki eru að seilast eftir láni handa sjálfum sjer í svipinn, en geta stutt fjelagið á ýmsan hátt, t. d. með því að leggja sparifje sitt þar inn til geymslu og til afnota fyrir samsveitunga sína. Menn gætu verið tregir til að leggja handbært fje sitt inn í lánsfjelag, lána fjeð til sveitunga sinna, en fúsari til að leggja peninga inn í »banka«, þótt sveitabanki sje. Þótt nafnið breyti raunverulega engu um eðli stofnunarinnar, og sýnist vera smámunir, verður einmitt að taka tillit til slíkra smámuna þegar um er að ræða að koma almenningi í rjettan skilning á eðli og tilgangi fjelagsskaparins. Nafnið sveitabanki (t. d. sveitabanki Saurbæjarhrepps, sveitabanki Vatnsdælinga o. s. frv.) er heldur ekki á neinn hátt villandi. Hjer er um reglulega bankastarfsemi að ræða, að eins í smærri stíl og með takmarkaðra starfssviði, en gerist um banka alment, eins og nafnið sveitabanki gefur til kynna.

Um 1. gr.

Útlendir sveitabankar hafa myndað með sjer hjeraðssambönd, sem svo aftur sameinast um einskonar »Centralbanka» eða samband sambandsbankanna. Það fyrirkomulag gæti einnig komið hjer með tímanum, ef sveitabankahreyfingin á framtíð fyrir sjer. En fyrst um sinn verður að leita annara ráða til þess að

samstarf geti myndast milli fjelaganna og þau notið stuðnings stærri stofnana. Hjer er sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans ætlað það hlutverk, að styðja sveitabankana með lánveitingum, í gegn um milliliði þá, sem 2. gr. ræðir um. Um sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans vísast til greinargerðar um hana með frumvarpi til laga um Landbúnaðarbanka Íslands.

Um 2. gr.

Eftir frumvarpinu frá síðasta þingi áttu milliliðirnir að vera eingöngu bankaútbú og sparisjóðir. Þetta verður að telja of þröngt. Fæstar sveitir ná til bankaútbúa, svo að gagni geti komið um slík smáviðskifti, sem hjer ræðir um. Sparisjóðir aftur á móti eru meira dreifðir út um land. En víða er að eins einn sparisjóður fyrir mjög stórt svæði, svo að erfitt er að ná til hans úr sumum sveitum. Hitt er þó lakara, að það er alls ekki víst að alstaðar ráði sá andi meðal stjórnenda sparisjóða, sem nauðsynlegur er til þess að góð samvinna geti tekist með þeim og væntanlegum rekstrarlánafjelögum með samvinnusniði. Það má vel vera að svo yrði yfirleitt, en engin trygging er fyrir því. Þess vegna er varhugavert að gera sparisjóðsstjórnir að óhjákvæmilegum millilið um fjármiðlun aðalbankans til sveitabanka.

Það verður heldur ekki sjeð að nokkur ástæða sje til slíks eða að nein sjerstakleg trygging sje fólgin í því, að láta sparisjóðsstjórnir einar um þessi mál. Kaupfjelögin hjer á landi hafa víða verið jafnframt einskonar bankar fyrir fjelagsmenn sína. Að vísu má um það deila, hvort það er æskilegt að blanda bankastarfsemi þannig saman við vöruskifti þau, sem kaupfjelögin hafa aðallega með höndum. En ekki verður á það bent, að af þessu hafi hlotist tjón hjer á landi, svo kunnugt sje, að minsta kosti hefir það ekki verið alment, ef það hefir nokkursstaðar komið fyrir. Margir munu þó líta svo á, að æskilegra væri að kaupfjelögin hefðu peningaviðskifti þau, sem þau annast fyrir fjelagsmenn, sem mest aðgreind frá verslunarviðskiftum. Og vafalaust verður stefnt að því jafnóðum og hægt verður að koma því við, að hafa verslunarviðskifti fjelaganna bygð á greiðslum út í hönd, í stað lánsverslunar þeirrar, sem nú á sjer stað. En þó þetta sje talið æskilegt, að aðgreina sem mest þá bankastarfsemi, sem fjelögin hafa nú með höndum, frá vöruversluninni, er alls ekki þar með sagt að nein hætta stafi af því eða það sje óheppilegt að neinu leyti, þó að sama framkvæmdarstjórn, er hefir vöruviðskiftin með höndum, annist einnig ýms fjármálaviðskifti fyrir fjelagsmenn. Slíkt fyrirkomulag er þekt í öðrum löndum og hefir ekki gefist illa. T. d. hefir Raiffeisen-bankakerfið í Þýskalandi jafnframt haft með höndum víðtæka vöruútvegun fyrir fjelagsmenn, og ekkert þótt athugavert við að sama framkvæmdarstjórn færi með þessar tvær starfsgreinir jöfnum höndum.

Hvað sem um þetta má segja, hefir aðstaðan hjer á landi skapað þá venju, að kaupfjelögin eru víða í raun og veru einskonar bankar fyrir fjelagsmenn, og væri varhugavert að gera snögga breytingu á því t. d. með lagaákvæðum. En meðan svo stendur, er alveg ástæðulaust að útiloka fjelögin frá því að annast þá grein peningaviðskifta fjelagsmanna, sem milliliðum á milli Landbúnaðarbanka og sveitabanka er ætlað að hafa með höndum. Bændum, sem eru í kaupfjelögum, er auðveldast að ná til slíkra viðskifta einmitt í gegnum stjórnir

kaupfjelaganna. Fyrir þá eru fjelögin eðlilegasti millilíðurinn og því ástæðulaust að loka fyrir þeim þeirri leið og fyrirskipa þeim að skifta eingöngu við sparisjóði, sem ef til vill standa þeim miklu fjær og þeim væri erfið samvinna við.

Af þessari ástæðu er svo ákveðið í 2. og 3. gr. frumv., að sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans veiti lán sín til sveitabanka fyrir milligöngu bankaútbúa, sparisjóða eða samvinnukaupfjelaga, en jafnframt fyrirskipað, að þegar kaupfjelög gerast milliliðir um þessi rekstrarlán, skuli þeirri starfsemi haldið algerlega aðgreindri frá annari starfsemi fjelaganna, með sjerstakri bókfærslu og aðgreindum fjárhag.

Um 4. gr.

Rekstrarlánafjelög eiga að sjálfsögðu að vera rekin með samvinnusniði hjer á landi, eins og best hefir reynst annarsstaðar. Og þar sem hjer eru til ítarleg og góð lög um samvinnufjelög, er bæði einfaldast að láta skipulag þeirra að mestu fara eftir þeim lögum, og með því fæst einnig best samræmi og festa í stjórn og skipulag lánsfjelaga og sveitabanka um land alt. En þar sem þessi grein samvinnufjelaga er að ýmsu leyti sjerstaks eðlis, verður auðvitað að taka tillit til þess, og gera undantekning frá almennum lagaákvæðum um samvinnufjelög í þeim atriðum. Er það gert í staflið a.—g. í 4. gr. Skal hjer vikið að þeim liðum, eftir því sem ástæða þykir til.

a). Fjelagsmenn verða allir að stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu. Er ætlast til þess að ekki að eins bændur taki þátt í fjelagsskapnum, heldur engu síður þeir kaupstaðarbúar og sjávarbændur, sem jafnframt stunda jarðrækt eða einhverja tegund búskapar. Hinsvegar þykir ekki fært að láta þessi fjelög ná til annara, svo sem kaupstaðarbúa og útvegsmanna, sem engan landbúskap stunda. Hjer er að ræða um rekstrarlán frá Landbúnaðarbanka, sem hefir eigi önnur verkefni með höndum en að styðja landbúnaðinn, og alt fyrirkomulag sveitabankanna og þessa lánveitingakerfis verður sniðið eftir högum og þörfum bænda og landbúnaðar. Samt sem áður gæti vel verið full þörf á því hjer á landi, að koma upp öðru álíka lánsfjelagakerfi fyrir kaupstaðarbúa og sjávarbændur, sem þá yrði sniðið eftir þeirra sjerstöku þörfum, líkt eins og t. d. í Þýskalandi eru Schulz-Delitzsch-bankarnir fyrir kaupstaðarbúa en Raiffeisen-bankar fyrir sveitirnar. En þar er um annað verkefni að ræða, sem væntanlega yrði tekið til athugunar og úrlausnar sjerstaklega, ef ástæða þætti til.

Takmörkin fyrir fjelagatölu eru tekin óbreytt upp úr þingmannafrumvarpinu frá í fyrra. Auðvitað er álitamál um slík takmörk. En það var rjett athugað hjá flutningsmönnum þess frumvarps, að slík fjelög sem þessi mega ekki vera fjölmennari en það, að fjelagsmenn sjeu nákunnugir hver öðrum. Ef því skilyrði er fullnægt, gerir lítið til þó að fjelögum fjölgi nokkuð mikið. Þess vegna er líka heimilað að fjelagar megi vera svo margir sem vill, ef þeir eru allir í sama hreppi, því að innan sama sveitarfjelags eru menn ávalt nokkurnvegin vel kunnugir hver annars högum.

b) Samkv. 20. gr. l. um samvinnufjelög skal tiltaka kjörtíma stjórnenda í samþyktum fjelagsins. Skulu þeir ganga úr á víxl og aldrei meiri hluti á sama ári. Í rekstrarlánafjelögum er ástæða til að takmarka kjörtíma stjórnenda

við eigi lengri tíma en 2 ár. Verður þá að kjósa nokkurn hluta stjórnar árlega. En af því leiðir að það verður að vera löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári, t. d. annað árið einn maður en hitt árið tveir, ef stjórnin er skipuð 3 mönnum.

Rjett þykir að annar endurskoðunarmaður fjelagsins sje skipaður af stjórn þeirrar peningastofnunar, er fjelagið skiftir við. Felst í því nokkur trygging fyrir því, að sú peningastofnun fylgist með í stjórn og rekstri fjelagsins.

c). Samkvæmt samvinnulögunum 3. gr. 2. lið sbr. 2. gr. 3. lið, er leyft að í samvinnufjelögum til útvegunar lána handa fjelagsmönnum þurfi eigi að gilda sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna. En rjett þykir að aðhyllast þá skoðun flutningsmanna frumv. um rekstrarlán frá síðasta þingi, að í slíkum fjelögum eigi einmitt að gilda ótakmörkuð samábyrgð fjelagsmanna um allar skuldbindingar fjelagsins út á við.

d). Samkv. 24. gr. samvinnulaganna skal leggja í varasjóð eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. Það hundraðsgjald verður of hátt fyrir sveitabanka og gerði útlán þeirra of dýr. Varasjóðsgjald, sem svarar til ½% ársvöxtum af útlánum fjelagsins ætti að vera nóg. Hitt aftur á móti er ósanngjarnt eins og áður hefir verið bent á, að miða varasjóðsgjaldið við ½% af þeirri hámarksupphæð lána, sem stjórnin hefir talið óhætt að lána hverjum fjelagsmanni.

e). Ákvæði þessa liðs eru í samræmi við starfsemi og tilgang rekstrarlánafjelaganna sem bankastofnana, og þurfa engrar skýringar við. Útlánastarfsemina er sjálfsagt að binda við fjelagsmenn eina, sem bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum bankans, en sparisjóðsfje má taka við frá hverjum sem er.

f. Samkvæmt lögum um samvinnufjelög ræður hvert fjelag því sjálft, hvaða skilyrði eru sett í samþyktum fyrir úrgöngu úr fjelaginu. En í lánsfjelagi með samábyrgð þykir rjett að tryggja mönnum það, að geta farið úr fjelaglaginu um hver áramót, með hæfilegum uppsagnarfresti, þó svo að enginn geti á þann hátt losnað við ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, sem þegar eru til orðnar er hann gengur úr fjelaginu.

g). Hjer eru nokkuð ákveðnari skilyrði sett um það en í samvinnufjelagalögunum, hverjir úr stjórninni skuli undirskrifa svo skuldbindandi sje fyrir fjelagið. Venjulega mundi stjórnin skipuð eigi fleiri en 3 mönnum, og formaðurinn oftast sá, er menn bera aðallega traust til um öll forráð fyrir bankann. Er því rjett að krefjast alt af undirskriftar hans, ásamt öðrum meðstjórnanda eða helming þeirra, ef fleiri eru en tveir.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði þessara greina er að mestu tekin upp úr frumvarpinu frá síðasta þingi, og þurfa þau ekki skýringar við. Að sjálfsögðu er þó slept því skilyrði, að ábyrgð fjelagsmanna skuli eigi tekin gild sem trygging. Sje fjelagsmaður á annað borð talinn góður ábyrgðarmaður fyrir láni því, sem um er að ræða, er engin skynsamleg ástæða til að neita ábyrgð hans fremur en annara. Hjer auðvitað að eins um að ræða ábyrgð sem trygging innbyrðis í fjelaginu, út á við eru allir í samábyrgð.

Um 7. gr.

Það er miklum vandkvæðum bundið að gefa ákveðin fyrirmæli um útlánstíma í sveitabönkum. Annarsvegar þarf að tryggja það svo sem unt er, að lánin verði eigi að föstum skuldum hjá fjelagsmönnum, enda væri það ósamrímanlegt við notkun sparisjóðsfjár til útlána, því að slíkt fje verður að sjálfsögðu að vera jafnan laust fyrir, þegar það kynni að verða tekið út. Hinsvegar er hætt við að útlánsstarfsemi fjelaganna komi ekki að tilætluðum notum, ef ófrávíkjanlegar reglur gilda um það, að lánin megi aldrei standa nema stuttan tíma. Hrein viðskiftalán, sem bændur taka að eins þann stutta tíma árs, sem þeir eru að bíða eftir því að koma búsafurðum sínum í verð, þurfa að vísu aldrei að standa nema hluta úr ári. En sumar tegundir rekstrarlána þurfa að geta staðið lengur, heilt ár eða jafnvel meira, þegar sjerstaklega stendur á. Enda er oft ekki ástæða til að gera harðar kröfur um endurborgun lána innan neins fastákveðins tíma. Það fer eftir því hvernig fje því er varið, sem rekstrarlánafjelag hefir til umráða í hvert sinn.

Raiffeisen-bankarnir í Þýskalandi hafa tvær tegundir lána. Lána þeir stundum til nokkurra ára, með ákveðnum árlegum afborgunum, þó svo að fjelagið hefir rjett til að segja upp einnig þeim lánum, með tiltölulega stuttum fyrirvara. Önnur lán eru veitt til stutts tíma í einu, þriggja mánaða í senn, en framlengja má þau hvað eftir annað, um 3 mánuði í einu, alt að 2 árum samtals.

Yfir höfuð er álitið í útlendum sveitabönkum líkrar tegundar og meðfylgjandi frumvarp á við, að það sje áríðandi að hafa sem mesta hreyfingu á lánum, semja að eins um stuttan tíma í einu, en framlengja heldur eftir atvikum og eftir því sem nauðsyn krefur. Menn mega ekki sofna yfir lánunum og fara að skoða þau sem föst lán. Auðvitað er talsverð fyrirhöfn því samfara, að vera sífelt að útbúa ný lánsskjöl, nýja víxla o. s. frv., ef lán hvort sem er fær að standa lengur en eitt tímabil. En hjá þeirri fyrirhöfn verður ekki komist ef ætlast er til að lánin verði ekki að meira eða minna leyti að föstum skuldum, í stað þess að fjeð sje sífelt í veltu til þess að greiða fyrir viðskiftum og rekstri fjelagsmanna á hverjum tíma.

Við þetta eru miðuð ákvæði 7. gr. um útlánstímann. Er svo fyrir mælt, að lán skuli venjulega eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu. En sje út af því brugðið, skal áskilinn uppsagnarfrestur, eigi lengri en 6 mánuðir. Í flestum tilfellum mundu notaðir víxlar til 6 mánaða eða styttri tíma. En ef lán þarf að veita endrum og eins, sem vitað er fyrir að þarf að standa lengur, alt að einu ári, er ástæðulaust að banna að semja um þann lánstíma í fyrstu, þó svo að láninu verði sagt upp með 6 mánaða fyrirvara ef svo skyldi fara, að bankinn þyrfti nauðsynlega á peningunum að halda.

Aðalreglan á að vera, að lánin verði ekki framlengd oftar eða lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. En þó mundi það þykja of einstrengingsleg fyrirmæli, ef enga undantekning mætti gera frá þeirri reglu. Ef bóndi þarf t. d. að fá lán til þess að kaupa landbúnaðarverkfæri, dýrari en svo að honum verði auðvelt að greiða andvirði þeirra á einu ári, en þó ekki í svo stórum stíl, að ástæða sje til að festa sjer lán til margra ára í þeim tilgangi, enda slíkt lán ef

til vill ekki fáanlegt, þá ætti hann að geta vænst láns úr sveitabanka til þeirra kaupa. Að vísu væri ekki hægt að gera bindandi samninga um lánið til margra ára, heldur yrði það að vera með 6 mánaða uppsagnarfresti eins og önnur lán En ef bankinn getur án peninganna verið, væri ástæðulaust í slíkum tilfellum að banna framlenging lánsins fram yfir eitt ár. Hjer eru sett þau takmörk, að ekkert slíkt lán megi þó framlengja lengur en um 5 ár.

Um 8. gr.

Mjög ríður á því að stjórn og rekstur sveitabanka geti gengið sem umsvifaminst fyrir alla aðila og án óþarfa tilkostnaðar og fyrirhafnar. Með það fyrir augum er heimilt að sveitabanki megi hafa heimili sitt og varnarþing í kauptúni, þar sem fjelagsmenn hafa aðalviðskifti sín, þótt það sé utan fjelagssvæðis. Enn fremur má sveitabanki hafa þar skrifstofu sína, reikningshald og fjárgeymslu, undir umsjá umboðsmanns bankans, sem ráðinn yrði til þess starfa. Mundi þetta til mikils hægðarauka fyrir fjelagsmenn og viðskiftamenn bankanna, að geta þannig annast þessi viðskifti samhliða öðrum viðskiftum sínum í kaupstaðarferðum. Sömuleiðis eru líkur til að oftast megi fá einhvern velfæran og áreiðanlegan mann í kauptúninu til þess að hafa á hendi reikningshald og fjárgeymslu fjelagsins fyrir litla borgun, enda ætti slík þóknun til umboðsmanns að verða því nær einu útgjöldin við rekstur fjelaganna, því að stjórnendur ættu að starfa kauplaust. Svipað þessu er hagað afgreiðslu Raiffeisen-bankanna í Þýskalandi. Þar annast skólakennari sveitarinnar oftast reikningshald og fjárgeymslu fjelaganna í hjáverkum sínum fyrir litla borgun, og sama sem engan annan kostnað er um að ræða. Hjer mundi það tíðkast að líkindum, að fleiri en einn, ef til vill margir sveitabankar, sem hafa viðskifti í sama kauptúni, mundu velja sjer einhvern áreiðanlegan og færan kauptúnsbúa fyrir sameiginlegan umboðsmann sinn. Gæti farið vel á því og þóknun til umboðsmanns, samanlögð, gæti gefið manninum nokkrar aukatekjur, án þess að kostnaðurinn yrði verulegur fyrir hvert fjelag.

Umboðsmaður sveitabanka á að eins að vera starfsmaður hans, en ekki stjórnandi. Hann á engin völd að hafa en að eins framkvæma það, sem stjórn bankans felur honum, og annast daglega afgreiðslu og reikningshald. Er það skýlaust tekið fram í 8. gr., að lán megi hann eigi veita nje takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sjerstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

Um 9. gr.

Venjulegasta aðferðin við lántökur í sveitabanka mundi svipuð því, sem víða á sér stað í samskonar erlendum lánsfjelögum. Lánbeiðandi fer til stjórnar bankans og biður um lán. Ef peningar eru fyrir hendi og tryggingin þykir góð, fær hann lánið, annaðhvort gegn skuldabrjefi eða víxli. Ef bankinn aftur á móti hefir ekki handbært fje, en vill þó hjálpa lánbeiðanda til af fá lánið, skrifar bankastjórnin á víxil lánbeiðanda sem ábyrgðarmaður, sveitabankinn gerist ábekingur á víxlinum. Lánbeiðandi fer svo með víxilinn, þannig útbúinn, til peningastofnunar þeirrar, sem sveitabanki skiftir við (sparisjóðs, bankaútbús eða samvinnukaupfjelags), og hún kaupir víxilinn. Ef sú stofnun má án peninganna

vera, lánstímann út, geymir hún víxilinn til gjalddaga. En ef hún hefir veltufje af skornum skamti til þess að bíða eftir greiðslu til gjalddaga, skrifar hún sem ábekingur á víxilinn og selur hann síðan sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans í Reykjavík. Á þennan hátt á miðlun rekstrarlána frá aðalbankanum í Reykjavík til fjelaga í sveitabönkum að geta gengið greiðlega. Að vísu mundu strjálar samgöngur hjer á landi gera slík viðskifti nokkuð ógreiðari en tíðkast í öðrum löndum. En þegar um víxla er að ræða, sem eru ekki til mjög stutts tíma, t. d. 4—6 mánaða víxla, ætti þetta þó að geta gengið sæmilega, einkum þar sem milliliðastofnanirnar, sparisjóðir og kaupfjelög, mundu flest hafa jafnframt einhver reikningslánsviðskifti við sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans, og gætu sjeð um greiðslu gjaldfallinna víxla fyrir fjelagsmenn í gegnum þau viðskifti.

En nú hefir víxill verið seldur sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans og er geymdur þar þangað til hann fellur í gjalddaga, þá er ekki hægt að láta afsögn á honum fara fram á heimili samþykkjanda, ef hann er ekki greiddur á gjalddaga. Þess vegna verður víxillinn annaðhvort að vera vistaður í Landbúnaðarbankanum eða á hann ritað yfirlýsing um, að afsögn þurfi eigi að fara fram.

Ef útgefandi og ábekingar hafa fráfallið afsögn, þarf hún að vísu ekki að fara fram, en eftir almennum víxilreglum þarf eigi að síður að sýna víxilinn til greiðslu á gjalddaga. Það er eigi unt að gera, ef víxillinn er vistaður einhversstaðar úti á landi, t. d. á skrifstofu einhvers sveitabanka, en er geymdur í í Landbúnaðarbankanum til gjalddaga. Undantekningarreglan í 9. gr. 2. málsgrein bjargar bankanum frá að glata víxilrjetti, þótt víxill verði eigi sýndur til greiðslu á gjalddaga, þegar svona stendur á.

Í síðustu málsgrein 9. gr. er kveðið skýrt á um það, að alla víxla, sem sveitabanki hefir þannig ábyrgst fyrir fjelagsmenn sína, beri að skoða sem skuld lántakanda til fjelagsins og því að sjálfsögðu að telja þá með innan þess takmarks fyrir lánum hans, sem ákveðið hafði verið.

Um 10. og 11. gr.

Þurfa engra skýringa við.

Um 12. gr.

Aðaltryggingin fyrir því, að sveitabankar standi í fullum skilum við viðskiftamenn sína, innstæðueigendur og aðra, felst í samábyrgð fjelagsmanna. Til þess að menn geti jafnan fengið rjetta hugmynd um það, hvort óhætt sje að bera traust til slíks fjelags eða ekki, verða menn því að geta fengið áreiðanlegar upplýsingar um það, hverjir sjeu meðlimir fjelagsins. Verður þessu hagkvæmlegast komið fyrir með því að gera fjelögunum að skyldu, að hafa jafnan nafnaskrá yfir fjelagsmenn geymda hjá sýslumanni, til sýnis fyrir þá, sem óska upplýsinga í því efni. Sjálfsagt er líka að peningastofnun sú, sem sveitabanki skiftir við og Landbúnaðarbankinn, hafi jafnan fullkomna nafnaskrá við hendina. Þær stofnanir verða að hafa fulla vissu um það, að hverjum er að ganga um skuldbindingar fjelagsins.

Um 13. gr.

Þá er það eigi síður áríðandi fyrir viðskiftastofnanir sveitabanka að fylgj-

ast sem best með um allan hag þeirra og stjórn. En til þess að tryggja þetta er fyrsta skilyrði, að þessar stofnanir fái afrit af öllum reikningum sveitabanka, með athugasemdum, svörum og úrskurðum, eins og fyrirskipað er í 13. gr.

Um 14. gr.

Í lögum um veð 4. nóv. 1887, er bannað að setja að sjálfsvörsluveði safn af samkynja munum, sem einkendir eru einu almennu nafni. Frá þessu verður að gera undantekning þegar um er að ræða veðsetning búfjár, framleiðslutækja eða jarðarafurða til sveitabanka. Næst sjálfskuldarábyrgð nágranna verður einmitt við í slíku lausafje aðaltryggingin, sem fjelagsmenn geta yfirleitt látið sveitabönkum í tje. Og þar sem lán bankanna eru búrekstrarlán, væri óeðlilegt að veðsetning búfjár og búsafurða fyrir slíkum lánum hefði eigi gildi. Þessi undantekning frá almennri reglu um lausafjárveð virðist þá ekkert athugaverð, nje heldur þau forrjettindi fyrir sveitabanka, að lausafjárveð þeirra þurfi ekki að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts.

Í síðustu málsgrein 14.. gr. er sveitabönkum veittur lögtaksrjettur fyrir kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Eru þetta mikilsverð hlunnindi fyrir þessar stofnanir. Lán slíkra smábanka eru mörg og smá og málarekstur til innheimtu slíkra skulda mundi oft kosta óhæfilega mikið að tiltölu við upphæðir þær, sem um er að ræða, auk þess sem hann hlyti að tefja mjög fyrir greiðlegri innheimtu frá þeim fjelagsmönnum, sem gera sig seka í vanskilum. Virðist ekkert athugavert við það, að veita sveitabönkum þau hlunnindi, að mega innheimta kröfur á hendur fjelagsmönnum sínum með lögtaki, á sama hátt og gildir um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

2. Frumvarp

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem veiði er í,

og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna, samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir, eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og

landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nefndar, sem stjórnir Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands skipuðu sumarið 1927, til þess að annast rannsóknir á veiðivötnum og leiðbeiningar um fiskirækt, og er það samið af ráðunaut nefndarinnar Palma Hannessyni.

Ástæður frumvarpsins eru þessar:

Allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ósöltum vötnum hjer á landi, benda á það, að vötnin geti framfleytt miklu stærri fiskistofni en nú er í

þeim. Þetta er og síst að undra, því að um margar aldir hefir veiði verið stunduð hjer af hinum mesta ránskap og hvorki vægt hrygnandi fiski nje ungviði.

Reynsla erlendra þjóða sýnir og skýrt, að með klaki, friðun og skynsamlegum veiðiaðferðum má auka fiskimagn vatna og veiði til stórra muna. — Meðal grannþjóða vorra hefir laxfiskum og öðrum vatnafiskum verið klakið út um 60—70 ára skeið, og þykir hafa orðið að því mikill árangur. Vjer Íslendingar erum því eftirbátar annara þjóða um það, að hagnýta auðafi vatna vorra.

Á síðustu árum hefir vaknað mikill áhugi á fiskirækt víða um land. — Klakstöðvar hafa verið reistar á ýmsum stöðum, en flestar eru þær af vanefnum gerðar, og margar þeirra illa settar og óhagkvæmlega. Klakið hefir víðast verið haft í hjáverkum og stundað miklu miður en æskilegt er. Árangurinn hefir því víðast orðið lítill eða enginn, og á mörgum þessara stöðva hefir klak lagst niður með öllu eftir 1 eða 2 ár. Ástæður þessa eru einkum tvær: Í fyrsta lagi hafa þær leiðbeiningar um þessi mál, sem menn hafa átt kost á, verið ófullnægjandi. Í öðru lagi hefir skort samtök. Flestallar klakstöðvarnar hafa verið reistar og reknar á kostnað einstakra manna. Útbúnaður og umhirða hefir því orðið síður en skyldi.

Víða hefir verið reynt að koma á samtökum um klak og aðra fiskirækt, en óvíða tekist eða hvergi. Ekki svo mjög af því, að menn hafi verið áhugalausir um fiskiræktina, heldur af hinu, að undirstöðu samtaka og fjelagsskapar hefir skort.

Nú hefir Búnaðarfjelag og Fiskifjelag Íslands tekist á hendur að veita leiðbeiningar um alt, sem að fiskirækt lýtur, og gera nauðsynlegar rannsóknir á vötnum. En með frumvarpi þessu þykir stefnt að hinu, að skapa undirstöðu undir samtök og fjelagsskap um fiskiræktina.

Fiskirækt er í eðli sínu fjelagsmál, sem tekur til allra þeirra, sem veiðilönd eiga að þeim vötnum, er hún starfar við, og er því að eins örugg, að engir skerist úr leik. Aftur eru allmikil líkindi þess, að ýmsir menn, sem hlut eiga að máli, vilji ekki bindast í fiskiræktarfjelag, annaðhvort til þess að komast hjá kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, eða vegna þess, að þeir sjái sjer stundarhag í því, að hlíta ekki samþyktum fjelagsins. Af þessum ástæðum hefir þótt nauðsynlegt að tryggja það, að ef ákveðinn meiri hluti manna, sem lönd eiga að vötnunum, vilji stofna fiskiræktarfjelög, þá sje hinum skylt að gerast fjelagar.

Frumvarp þetta er sniðið eftir XI. kafla vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923, sem lítur að vatnafjelögum.

Fiskiræktarfjelögin eru náskyld fjelögum þeim, sem þar eru talin. Hefir því þótt rjett, að láta þau hlíta þeim meginreglum, sem þar eru lögfestar. Ekki þótti fært, að fella fiskiræktarfjelögin inn í þennan kafla vatnalaganna, því að nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um sum atriði en þar er gert, svo sem fjelagsvæði og gjöld fjelagsmanna. Aftur er niðurfelt ýmislegt, sem ekki þótti máli skifta.

Frumvarp, sem var mjög samhljóða þessu var lagt fyrir síðasta Alþingi (sbr. þskj. 295). Var það afgreitt frá Nd. með nokkrum breytingum (sbr. þskj.

473, 502, 529 og 551), en með því að þá var skamt eftir þingtímans, varð það ekki útrætt í Ed.

Nú hefir höfundur frumvarpsins, Pálmi Hannesson, yfirfarið það rækilega og breytt því lítið eitt. Fara flestar breytingarnar í sömu átt og breytingar Nd. Höfuðbreytingu Alþingis hefir höfundurinn ekki getað fallist á og telur hana næsta varhugaverða. Hún er sú, að fiskiræktarfjelögin megi ekki gera ráðstafanir til þess að friða fisk nje útrýma sel. Telur hann að með þessari breytingu nái frumvarpið ekki tilgangi sínum, þó að það verði að lögum. Í fyrsta lagi sje þannig háttað um mörg vötn, að hið eina, sem rjett sje að gera til fiskiræktar, sje það, að friða vatnið fyrir ofmikilli veiði.

Það virðist sanngjarnt, að það fjelag, sem stefnir að því að auka veiði með klaki eða öðru, ráði nokkru um það, að fiskurinn sje ekki strádrepinn óðar en hann fæðist upp.

Í flestum vötnum er veiði stunduð mest þegar fiskurinn er að hrygna. Þessi veiði er hættuleg fiskistofninum og því virðist nauðsynlegt að fiskiræktarfjelagið geti ráðið því, að veiðin sje ekki stunduð þannig að tjón verði að á honum. Það er alkunna, að selur er einn hinn versti veiðivargur. Spillir hann veiðarfærum og fælir fiskinn. Virðist því ekki ósanngjarnt að fiskiræktarfjelög legðu sitt til að útrýma honum og ófriðuðu hann hvarvetna, þar sem hann er ekki lögfriðaður, sem sje í friðlýstum selalátrum.

Vera má, að sumir kynnu að líta svo á, að í frumvarpinu væri til þess ætlast, að fiskiræktarfjelögin gætu ákveðið friðun og veiðibann gagnstætt gildandi lögum um friðun á laxi og gert samþyktir um, að útrýma sel í friðlýstum látrum. En í 10. gr. frumvarpsins er skýrt tekið fram, að samþykt fjelags megi aldrei brjóta í bága við gildandi lög og að með samþykt fjelags verði eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi. Ætti það að nægja til þess, að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Í umræðum Alþingis um nefnt frumvarp kom í ljós, að ýmsir þingmanna voru í efa um það, hvað átt væri við með orðinu fiskihverfi í frumvarpinu. 1. gr. gefur fulla skilgreining á orði þessu. Það er alt það svæði vatna, sem fiskur getur farið um fram og aftur og sami fiskistofn byggir, til dæmis höfuðá og allar þverár hennar frá ósi og svo langt upp, sem fiskur gengur eða getur gengið, þ. e. alt að upptökum, ef fossar ekki hindra fiskinn eða grynningar. Fiskihverfi er og stöðuvatn ásamt afrensli og aðrenslum, svo langt sem fiskur getur gengið. Það hefir þótt rjett, að allir þeir, sem lönd eiga að því vatnasviði, sem fiskur af sama stofni fer um, sjeu í sama fiskiræktarfjelagi, því að þeir veiða allir af þeim fiskistofni, sem ræktaður er.

3. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rjett til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rjett við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa samfleytt 4 ár í bæjarstjórn eða 6 ár í hreppsnefnd eða lengur, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: »borgarstjóra (bæjarstjóra)« falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfalls-

kosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa, eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, svo hver af öðrum sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum, jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hverju sinni er kjósa skal bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa kjörstjórn, skipaða 3 mönnum. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn er hreppsnefnd kýs úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3 og eru þeir þá sjálfkjörnir.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

11. gr.

10. gr. fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og

skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

Gildur er listi þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildir ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12. gr. orðist svo:

Nú er eigi nema einn listi gildur tekinn af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem listinn greinir. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti.

Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar og svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rjett til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa hefir ekki rjett til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

17. gr.

31. gr. sem er ný grein hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sjerstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrjett í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sje einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurjett í bæjarstjórn og nefndum hennar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra) og setur bæjarstjórn með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufje er greiðist úr bæjarsjóði.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykt ákveðið að setja sjerstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

VI. kafli.

Niðurlagsákvæði.

18. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917 um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918 um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr. og 1. málsgr. sömu greinar að svo miklu leyti, sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43 frá 15. júní 1926 voru sett heildarákvæði um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. En þegar er átti að framkvæma lög þessi í kaupstöðum landsins, kom það í ljós að algert ósamræmi var á milli 5. og 37. gr. laganna. Þannig var það fyrirskipað í 5. gr. að helming bæjarfulltrúa skyldi kjósa á 3. ára fresti, en 37. gr. mælir svo fyrir, að bæjarfulltrúar þeir, sem kosnir voru eftir eldri lögum, skyldu halda kjörtímabili sínu óbreyttu. Þessi ósamræmu ákvæði leiddu til þess, að ógerlegt hefir reynst að framkvæma lögin, nema að brjóta í bága við einhver ákvæði þeirra. Í Reykjavík og á Akureyri hefir verið kært út af framkvæmd laganna, bæði að því, er snertir kosningu á bæjarfulltrúum og bæjarstjóra. Í úrskurðum út af þessum kærum er það beinlínis frem tekið, að ekki sje unt að láta kosningar fara fram eftir lögum þessum, án þess að fara á snið við eða brjóta einhver ákvæði þeirra. En þá er sannarlega komið í óefni, þegar þau lög gilda, sem ekki er unt að framkvæma, án þess að fara í bág við einhver fyrirmæli þeirra. Ekki er því heldur til að dreifa að sjeð sje fyrir endann á kærum þeim og vandkvæðum, er kunna að rísa út af framkvæmdum þessara laga, heldur er það víst, að næstu kosningar verða ekki framkvæmdar með löglegum hætti eftir þessum lögum. Það þykir því hin mesta nauðsyn að breyta þessum lögum, svo að þau verði framkvæmanleg.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, til breytinga á lögum nr. 43 frá 15. júní 1926, er fram komið af brýnni þörf. En þegar farið var að breyta lögum þessum á annað borð, þótti um leið rjett að gera aðrar þær breytingar, sem miða til bóta, og betra og varanlegra skipulags. Verður nýmælanna getið hjer á eftir, í stuttri umsögn um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hjer er rýmkaður nokkuð kosningarjettur og kjörgengi til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða. Er það gert í samræmi við kröfur síðari tíma um aukið lýðræði, og virðast þær breytingar ekki þurfa nánari skýringa við.

Um 2.—5. gr.

Í greinum þessum er ekki um aðrar breytingar að ræða en þær, sem leiða af nýmælum og breytingum seinni greina í frumvarpi þessu.

Um 6. gr.

Hjer er ætlast til að eldri ákvæðum um kosningar til bæjarstjórna verði breytt á þá leið, að allir bæjarfulltrúar verði kosnir í einu til 4. ára í senn og að samtímis verði valdir jafnmargir varafulltrúar, er taki sæti í bæjarstjórnum í forföllum bæjarfulltrúa. Sýnist þessi leið vera brotaminni, heppilegri og kostnaðarminni, enda gildir svipað skipulag, eins og ætlast er til að hjer verði tekið upp, í löggjöf allra nágrannaþjóðanna, um kosningar til bæjarstjórna. Hefir þetta skipulag auðsæja kosti fram yfir núgildandi ákvæði, um leið og það er einfaldara og þægilegra í allri framkvæmd.

Um 7.—9. gr.

Þurfa engra sjerstakra skýringa við.

Um 10. gr.

Hjer er breytt til um kosningu kjörstjórna, og leiðir það af breytingum í 6. gr.

Um 11.—15. gr.

Í þessum greinum er eldri lögum ekki breytt nema til samræmis við breytingarnar í 6. gr.

Um 16. gr.

Hjer eru sett skýrari ákvæði en áður voru um kærufresti. Eldri ákvæði um þetta efni voru óskýr og vafasöm og þótti því rjettara að skýra þau og útfylla.

Um 17. gr.

Hjer er gert ráð fyrir að horfið verði að því eldra skipulagi, sem til skamms tíma hefir gilt í mörgum kaupstöðum landsins, að bæjarstjórn velji sjálf bæjarstjóra (borgarstjóra). Sýnist sú aðferð bæði heppilegri og eðlilegri, enda víðast viðhöfð í samskonar löggjöf nágrannaþjóðanna.

Í síðustu málsgrein þessarar greinar, er bæjarstjórn Reykjavíkur gefin heimild til að ákveða með samþykt að hafa fleiri en einn borgarstjóra. Öllum kaupstöðum er og með sama hætti heimilað að stofna hjá sjer bæjarráð. Þar sem ekki þykir ólíklegt að bæjarstjórnir vilji breyta eitthvað í þessa átt framkvæmdum málefna sinna, þykir rjettast að gefa þeim nú þegar heimild til slíkra ráðstafana, svo ekki þurfi frekar að leita til löggjafarvaldsins í því efni.

Um 18.—19. gr.

Þurfa engra skýringa við.

4. Frumvarp

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Þá er hafin verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, sbr. þó 7. gr., en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra í samráði við stjórn verksmiðjunnar með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr. má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gjörð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslu skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum bænda allt að þriðjungi þess síldarmjöls, er hún framleiðir árlega. Skulu fjelögin hafa sagt til fyrir 15. ágúst ár hvert, að hve miklu leyti þau vilja nota sjer rjett þenna. Fjelögin mega að eins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varðar sektum frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta eftir því, sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Ef sjerstaklega stendur á, er verksmiðjunni heimilt að kaupa síld við ákveðnu verði af utanríkismönnum.

9. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórninni þykir rjett að sett sjeu lög um það á hvaða grundvelli skuli rekin síldarbræðslustöð, sem gerð er á kostnað ríkissjóðs samkv. lögum nr. 49 frá 1928, og þess vegna er frv. þetta framkomið. Meginhugsunin með stofnun slíkrar stöðvar var og er að greiða fyrir því, að síldveiði geti orðið sem tryggastur atvinnuvegur, en hins vegar ekki það að ríkissjóður taki að reka verksmiðju í hagnaðarskyni og er þessi stefna mörkuð í 2. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr. þykir ekki þörf að ræða en um 4. gr. skal það tekið fram, að hundraðsgjald í 2.—4. lið er að nokkru leyti sett með hliðsjón af 3 gr. l. nr. 49, 1928. En ákvæðin um greiðslu nettóandvirðis sett í líkingu við það sem á sjer stað hjá S. Í. S.

Um 5. gr. Úr því að ríkið tekst á hendur að annast þessa starfrækslu þykir alveg sjálfsagt, að landbúnaðurinn njóti nokkurra hlunninda af fyrirtækinu og þykir mega haga þeim á þá lund, sem greinin mælir fyrir um.

6. og 7. gr. þurfa engra skýringa við, en um 8. gr. skal það tekið fram, að hún er varnagli, sem rjett þykir að hafa, ef verksmiðjan kynni ekki að fá nóg að starfa einhverntíma, er hún er starfrækt og ef hægt væri að fá tækifæriskaup.

Lögin þurfa að fá sem fljótasta afgreiðslu og öðlast gildi áður en verksmiðjan tekur til starfa.

5. Frumvarp

til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir því sem nánara er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Stofan skal starfa á svo fullkominn vísindalegan hátt sem auðið er og skal verkefni hennar vera:

1. að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfje landsmanna, svo sem bráðapestar, lungnaormaveiki, Hvanneyrarveiki, fjöruskjögurs o. fl., og reyna að finna aðferðir til að lækna þessa sjúkdóma og afstýra þeim.
2. rannsókn fóðurefna og fjörvirannsóknir (vitamína) í lýsi og öðrum fóðurvörum og matvælum.
3. rannsókn verkunarskemda í kjöti, fiski og öðrum land- og sjávarafurðum.
4. rannsókn þaragróðurs og jurta með tilliti til fóðurgildis, sem og jurtasjúkdóma.
5. aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið, stjórn Búnaðarfjelags Íslands stjórn Fiskifjelags Íslands óska, enda skal allri starfsemi stofnunarinnar haga með ráði síðarnefndra tveggja stofnana.

3. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins og skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna, skal skylt að láta stofunni aðstoð sína í tje hverjum á sínu sviði, eftir því sem forstöðumaður stofunnar og atvinnumálaráðherra telja nauðsynlegt, gegn þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða í reglugjörð, sem atvinnumálaráðherra getur sett um þetta efni.

Sömuleiðis skal efnarannsóknastofu ríkisins og rannsóknarstofu háskólans skylt að inna af hendi fyrir stofuna þau störf, sem þessar stofnanir hafa tæki til en hún ekki, en annars kveður atvinnumálaráðherra á í samráði við læknadeild háskólans, hversu sambandi þessara stofnana allra megi koma haganlegast fyrir.

4. gr.

Forstöðumaður stofunnar getur falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfje með því markmiði, sem stofan starfar að og ennfremur getur stofan látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

5. gr.

Ríkisstjórnin ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega mentun til starfans og fær honum nægilega aðstoð.

Stofan skal búin þeim áhöldum og henni fengið það húsnæði, sem þarf til þess að hún geti rækt starf sitt með sem bestum árangri.

6. gr.

Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fje til annars rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Greitt skal fyrir störf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem forstöðumaður setur með samþykki atvinnumálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Atvinnuvegir allra landa færast stöðugt í það horf, að þeir byggja rekstrinn á vísindalegum grundvelli. Vjer höfum og lengi fundið til þess, að ekki væri til stofnun í landinu, sem að nokkru leyti gæti fylt það auða skarð sem hjer er um vísindalega stofnun, sem atvinnuvegirnir gætu snúið sjer til í ýmsum efnum, sem varðar rekstur og afkomu þeirra á margan veg. Landbúnaðurinn líður stórkostlega undir því tjóni, sem hann verður árlega fyrir af völdum sjúkdóma í peningi og skemdu fóðri. Og fiskafurðir gætu án efa orðið margfalt verðmeiri, ef fullkomin rannsókn ætti sjer stað um meðferð þeirra. Þetta frumvarp er framkomið til að ráða nokkra bót á þessu tvennu.

Starfssvið stofnunarinnar er markað í 2. gr. í höfuðatriðum og það jafnframt lagt til að lögfest sje náin samvinna á milli hennar og þeirra tveggja stofnana, sem aðallega eru í fyrirsvari fyrir hvern höfuðatvinnuveganna.

Í 3. gr. er ákveðið að skylda þá starfsmenn, er þar greinir til starfa fyrir stofnunina til þess að hún eigi aldrei undir högg að sækja um aðstoð þeirra. Um efnarannsóknarstofu ríkisins eru engin lagaákvæði til er ákveða starf hennar og virðist því rjett að setja hana í samband við hina nýju stofnun eftir því sem við á, en um rannsóknarstofu háskólans verður að semja við háskólann sjálfan eða læknadeild hans.

Að öðru leyti þykir ekki þörf á að ræða um innihald frumvarpsins, því að ákvæði 4. gr. eru í rauninni sjálfsögð en innihald annara greina auðsæ.

6. Frumvarp

til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita) sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins, eða laugavatns liggur svo í landareign beggja landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá hver landeigandi eiga helming.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg,

en hinn ekki, og getur þá hinn fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans landi. Hinn síðari á engar bætur fyrir orkuna, en hann getur hvenær sem er, síðar leyst inn sinn hluta til þess að haganýta hana sjálfur.

Óheimilt er hver- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

3. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitarjettindi, nema með sjerstöku leyfi ráðherra. Kaup á slíkum rjettindum eru landkaup.

4. gr.

Landeiganda er rjett að hagnýta sjer hveri og laugar, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir best henta, sbr. þó 2. gr. Hann hefir rjett til að stífla frárensli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af, eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sjerstök hætta stafar af.

5. gr.

Óheimilt er landeiganda, eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu, fyr en það hefir verið álitið af úttektarmönnum, og þeir talið það rjettmætt.

7. gr.

Ef hjeraðsstjórn telur rjett, að taka hveraorku einhverrar jarðar, til almennra afnota í hjeraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rjett til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsyuja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóvbr. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðeiganda einum og hjeraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rjett til að taka hverina eignarnámi á sama hátt, sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi sbr. 7. og 8. gr. eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir

að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki, og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rjett til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hjer. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemdum við rannsóknina, eða biði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati úttektarmanna, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í tje við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vjelum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður, bora eftir jarðhita, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbrjefi skal tiltekið á hvern hátt rannsókninni skuli hagað, og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar, og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholunum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbrjefi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borgunarleyfi.

Sá er borgunarleyfi fær, öðlast einkarjett á leyfissvæðinu til jarðhitarannsókna, og forgöngurjett til virkjunar þeim jarðhita, er hann finnur, enda greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því, sem nánar verður tiltekið í leyfisbrjefinu. Fyrir leyfisbrjef skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning, er landeigandi kann að verða fyrir, og þau óþægindi, er hann kann að baka öðrum með rannsóknum sínum, eða með hagnýtingu jarðhitans. — Ef ágreiningur verður um endurgjaldið, skal úr því skorið með mati.

13. gr.

Leyfisbrjef til borunar, eða forgangsrjett til borunar má ekki framselja nema með leyfi ráðherra.

14. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið og skal þá byrjað á hagnýting jarðarhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbrjefinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur forgangsrjettur leyfishafa til virkjunar jarðhita niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi, ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn hjeraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

15. gr.

Til virkjunar jarðhita, sem borað hefir verið fyrir, þarf leyfi ráðherra, ef meir en 500 hestöfl (hreyfiafl) eru, og fara að öllu leyti með, sem vatnsafl væri, eftir vatnalögum. Hitaveitur, sem fá jarðhita, er borað hefir verið fyrir, skulu háðar sama eftirliti og vjelar og eimkatlar á landi.

16. gr.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til virkjunar, af því hjeraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rjett til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir rjettindamissi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1928, en var þá eigi útrætt. Þykir stjórninni vera hin sama ástæða, sem á síðasta þingi, til að leggja það á ný fyrir þingið og vísast til athugasemda þeirra, er þá fylgdu frumvarpinu.

7. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje krófum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt

eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjar reglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma, greiðir hafnarsjóður, en ef kostnaður þessi fer fram yfir helminginn af peningaeign hafnarsjóðs, þar með taldar útistandandi skuldir, verðbrjef og aðrar eignir sem gefa fastan árlegan arð, t. d. leigulóðir og hús, skiftist það, sem fram yfir fer, jafnt milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Athugasemdir við lagafrumvap þetta:

Á þingi 1911 voru samþykt, og síðan af konungi staðfest, lög nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. Síðan hefir verið gefin út reglugerð nr. 118, 23. sept. 1912 í sambandi við lögin, og eru þar sett nánari ákvæði um ýms atriði þar að lútandi.

Frumvarpið til laganna kom fram sem stjórnarfrumvarp, og var það samþykt með nokkrum breytingum, og var aðalbreytingin sú, að þar sem frumvarpið lagði kostnaðinn við að nema burt skipsflök og því um líkt, á hafnarsjóðina, leggja lögin þennan kostnað á ríkissjóð, að svo miklu leyti sem hann fer fram úr 300 kr. Þingið leit þannig á málið, að kostnaður við að nema burt farartálma gæti orðið svo mikill, að hann yrði litlum hafnarsjóði óbærilegur. Þótti því rjett að takmarka tillag hafnarsjóða, þannig, að það færi ekki fram yfir 300 kr., sem þótti hæfilegt. Nú hefir peningagildi breyst til muna, og jafnframt hefir reynslan sýnt, að í þessu sambandi muna 300 kr. engu. Við sprengingu stórra skipsflaka er um þúsundir að ræða, jafnvel tugi þúsunda, og má því heita þýðingarlaust, hvort hafnarsjóður er látinn leggja til þessar 300 kr. eða ekki. Nú er óneitanlegt að hjer er um málefni að ræða, sem með auknum siglingum eru mjög þýðingarmikil. Bæði í ríkissjóði og í hina mörgu hafnarsjóði greiða skipin stór gjöld, og eiga því einnig heimtingu á að fá eitthvað í aðra hönd, og þá sjerstaklega vissu fyrir, að þeim sé óhætt að fara sínar leiðir án þess að eiga á hættu að rekast á ómerkt skipsflök. Það er því óhjákvæmilegt, að slíkum farartálma verði eytt eins fljótt og unt er, og að hann verði merktur greinilega með aðvörunarmerkjum þangað til. Nú mun að sjálfsögðu ríkissjóði bera skylda til

að merkja og nema burt allan farartálma, sem verður utan þeirra hafnarsvæða, þar sem hafnargjöld eru tekin, sem eru flestallar hafnir og leiðir á landinu, en hinsvegar virðist eðlilegt, að kaupstaðir og kauptún, sem hafa lagt gjöld á skipin, hafi með því jafnframt tekið á sig skyldu til að greiða fyrir siglingum þangað og halda hafnarsvæðinu og leiðunum hreinum. Þetta mun hafa vakað fyrir landsstjórninni 1911, þá er hún bar frumvarpið þannig fram, að hafnarsjóðum bæri að öllu leyti að bera þennan kostnað. Það var að vísu rjett athugað, að kostnaðurinn gæti borið hafnarsjóð ofurliða og lamað þá frá öllum framkvæmdum um ófyrirsjáanlegan tíma. Nú hafa síðan myndast hafnarsjóðir, sem eiga miklar eignir og hafa yfir miklu fje að ráða, og er þeim alls ekki ofurefli að halda svæði sínu hreinu fyrir öllum farartálma. Að láta þá greiða að eins 300 kr. nær engri átt. Hinsvegar eru einnig til hafnarsjóðir, sem eru litlir og fátækir, og sem eru að berjast við að bæta höfn sína og innsiglingu; fyrir þá myndi oft vera ógerningur að standa straum af þessum kostnaði, og því ekki nema sanngjarnt, að ríkissjóður taki hæfilegan þátt í kostnaðinum, þegar svo stendur á.

Í frumvarpi þessu er ætlast til að 7. gr. laga um vita, sjómerki o. fl. verði breytt þannig, að kostnaðurinn við að hreinsa burt farartálma, verði greiddur á þeim grundvelli, að skyldan til burtnámsins hvíli aðallega á hafnarnefnd þar sem hún er, og greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði, en að ríkissjóður á þeim stöðum taki því að eins þátt í greiðslu kostnaðarins með hafnarsjóði, að telja megi að kostnaðurinn muni verða hafnarsjóði ofvaxinn.

8. Frumvarp

til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Hreppsnefndir í hreppum er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleift að lenda í verstöð sinni.

Verstöðvar sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niðurlagðar, eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar.

2. gr.

Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er, og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar- og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema með samþykki vitamálastjóra.

3. gr.

Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við »Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi« eða gefin út sjerstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega ef einhver breyting verður á árinu.

4. gr.

Sje um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsátursgjöld af bátum þeim er þaðan stunda róðra, ber þeim er uppsátursgjöldin taka, að annast alt viðhald á lendingar- og leiðarmerkjum. Sje ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

5. gr.

Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppssjóði að annast alt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar, sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið; — þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppsjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að áliti vitamálastjóra.

6. gr.

Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það, breyta eða færa úr stað nema því að eins að annað greinilegt merki sje sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra.

7. gr.

Bannað er að byggja hús eða mannvirki er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við vitamálastjóra.

8. gr.

Vitamálastjóri hefir eftirlit með að merkjum þeim sem hjer um getur, sje rjett lýst og þeim sje haldið við. Nú vanrækir sá er viðhaldsskylduna hefir að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamálastjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

9. gr.

Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir

vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sjerstaklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað er breytingin er gerð á, ef búast má við að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem alment er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum.

11. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðan smábátaútvegurinn var aðalsjávarútvegur landsmanna, urðu menn að stunda veiðarnar sem næst fiskimiðunum og risu þá oft upp smá verstöðvar úti á andnesjum eða fyrir opnu hafi.

Það gaf því að skilja, að mjög brimasamt var á mörgum þessum stöðum, þegar að sjór var ókyr, enda var oft leiðin inn að landinu þröng sund inn á milli skerja og boða, sem jafnvel ekki kunnugir menn rötuðu um, án þess að hafa merki á landi til að vísa leiðina, hvað þá heldur ókunnir menn, sem stundum urðu að hrekjast á þessar stöðvar, af því að þeir náðu ekki landi í sinni eigin vör.

Á þeim stöðum, þar sem þannig hagaði til, voru því oftast reist upp einhver merki á landi, sem farið var eftir og voru merki þessi af ýmsri gerð og úr ýmsu efni, eftir því hvaða efni var við hendina, eða hversu langt að þau þurftu að sjást. Þegar merkin voru vörður hlaðnar úr torfi og grjóti, munu sjómenn sjálfir hafa hlaðið þessar vörður og bygt þær upp í byrjun vertíðar, ef þær höfðu fallið, en þyrftu merkin að sjást lengra eða vera greinilegri voru þau úr trje og mun þá landeigandi ýmist hafa lagt til efnið og sjómenn sjálfir reist merkin, eða landeigandi annast hvortveggja, enda var það hagnaður fyrir hann að hæna menn sem mest að sinni verstöð, þar sem hann tók uppsátursgjöld af bátum þeim, sem þaðan gengu.

En með komu þilskipanna, og þó einkum eftir að farið var að stunda veiðar hjer á togurum og stærri mótorbátum, lögðust sumar þessar veiðistöðvar niður, eða að minsta kosti útræði þaðan, og misti því landeigandi þær tekjur, sem hann hafði haft af útróðrarmönnum og var þá á mörgum þessum stöðum hætt að halda við leiðarmerkjum og kemur slíkt sjer oft mjög illa og getur jafnvel verið stórhættulegt, þegar opnir bátar hrekjast úr verstöð sinni og verða að leita neyðarlendingar á þessum stöðum.

Nú virðist smábátaútvegurinn mjög vera að færast í aukana aftur með opnu mótorbátunum, sem fjölgar árlega, en þeir eru sömu lögum háðir og opnu árabátarnir, að þeir geta ekki haldið sjer við á úthafi í vondum veðrum, en

verða að leita lendingar þar sem þeir geta og gæti það valdið stórum slysum, sje leiðar- og lendingamerkjum ekki viðhaldið.

Þó að kostnaður sje vanalega ekki mikill að halda slíkum merkjum við, virðist ekki sanngjarnt, að jarðeigendum sje gert að skyldu að annast viðhaldið á þeim stöðum þar sem að útræði er að mestu leyti hætt nú, og má segja að hreppsfjelaginu beri miklu frekar skylda til þess, því að merkjunum er oftast haldið við sem öryggi fyrir menn úr öðrum verstöðvum, sem að jafnaði munu liggja innan sama hrepps, enda má búast við að viðhaldið mundi verða framkvæmt á ódýrari hátt, ef að hreppssjóður ætti að greiða það, heldur en að leggja þá kvöð á ríkissjóð.

Aftur á móti virðist heppilegt að vitamálastjóra verði falin umsjón og eftirlit með því, að hreppsfjelögin uppfylli þessa skyldu sína.

Að öðru leyti þarf ekki frumvarpið frekari skýringa við.

9. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu.

(Lögð fyrir Alþingi 1929).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs áhöld til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu. Verði áhöldin þvínæst lánuð sveitar- og bæjarstjórnum, atvinnufyrirtækjum og öðrum þeim, er vilja framkvæma slíkar boranir.

Greinargerð

fyrir tillögu þessari felst í brjefi frá Flóa- og Skeiðanefndinni, dags. 14. des. 1928, svo hljóðandi:

»Með skírskotun til samtals við hæstvirtan forsætisráðherra, leyfir Flóa- og Skeiðanefndin sjer hjer með að leggja til við ríkisstjórnina, að hún kaupi áhöld til að bora með eftir heitu vatni og gufu, og láni áhöldin sveitar- og bæjarstjórnum, atvinnufyrirtækjum og öðrum þeim, er vilja framkvæma slíkar boranir. Enn fremur leggur nefndin til að sett verði lög, er ákveði um rjett til jarðhitaborana og yfir höfuð um rjett til hagnýtingar á hverum og laugum, svipað því, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi.

Ástæður fyrir framangreindum tillögum eru þessar:

Til þess að geta notfært sér hita þann, sem víða finst hjer í jörðu, verður sumstaðar að bora djúpt niður, en áhöld þau, sem til þess þarf, eru svo dýr, að engin von er til þess, að einstaklingar eða sveitarfjelög treysti sjer til að kaupa þau, einkum þar eð eigi er hægt að vita fyrir fram, hver árangur verður að borunun-

um. Það sem sjerstaklega vakir fyrir nefndinni, er sú staðreynd, að í nánd við mjólkurbú það, sem verið er að reisa í Flóanum, er sýnilegur nokkur jarðhiti og viljum vjer mæla með því, að mjólkurbúsfjelagið fái borunartækin lánuð, ef það óskar þess, og fái að sitja fyrir öðrum, vegna þess að það getur valdið breytingum á húsi og vjelum, frá því sem áætlað hefir verið, ef hægt yrði að virkja þar heitt vatn eða gufu.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer, má gera ráð fyrir að allur útbúnaður, sem nauðsynlegur er til svona borana, muni kosta 15 til 20 þúsund krónur.

Gagn það, sem hafa má af virkjun heits vatns og gufu er svo þekt, að vjer sjáum eigi ástæðu til að lýsa því hjer.

En vegna þess hvað slíkar boranir eru dýrar — þær kosta að minsta kosti svo þúsundum skiftir — virðist ástæða til að ýta undir framkvæmdir, með því að ríkið kaupi tækin og taki ef til vill einhvern þátt í borunarkostnaðinum, ef enginn árangur fæst.

Virðingarfyllst.

10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura, af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskimjöli og fóðurkökum 1 kr., af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu 25 aura, af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum þurkað en óunnið 1 kr., af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi 50 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að fjármálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að upptalningin í 1. gr. laga nr. 35, 19. júní 1922, um breytingu á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., sje eigi nægilega ljós, og geti valdið misskilningi, og heldur eigi fyllilega tæmandi, en útflutningsgjald af þargreindum vörutegundum nemur mikilli fjárhæð fyrir ríkissjóð, og útflutningur á greiudum afurðum af þessa árs framleiðslu hefst nú innan skamms tíma, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura, af hverjum 100 kg, af síldarmjöli, fiskimjöli og fóðurkökum 1 kr., af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu 25 aura, af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum þurkað en óunnið 1 kr., af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi 50 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 19. júlí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Kristjánsson.

II. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1929)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðilji fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara, til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi, í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heiðist, ber að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini, til bráðabirgða, skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er framkomið fyrir tilmæli Dansk-Íslensku ráðgjafarnefndarinnar, þar sem hún fer fram á, að ákvæði þessu lík sjeu sett inn í lögin um skrásetningu skipa, lög nr. 29, 27. júní 1925. Ekkert ákvæði er nú í þeim lögum, er veiti viðskiftafulltrúum ríkisins ótvíræðan rjett til þess að neita um útgáfu þjóðernisskírteinis, ef grunur eða líkur benda til, að aðilji fullnægi ekki skilyrðum þeim, sem honum ber að uppfylla. Lögin gera ráð fyrir að viðskiftafulltrúi veiti bráðabirgða-skírteini, er gildi alt að tveggja ára tíma, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til. Undir ýmsum kringumstæðum mætti misnota slíkt bráðabirgða-skírteini. Frumvarp þetta á að bæta úr þessum ágalla, þar sem viðskiftafulltrúa er gefið í hendur neitunarvald, til útgáfu bráðabirgða-þjóðernisskírteinis, ef honum þykir ástæða til, og um leið er ráðuneytinu gefið tækifæri til þess að rannsaka, hvort neitun sú er á rökum bygð. Það verður ennfremur að álítast nauðsynlegt, að viðskiftafulltrúi sendi eftirrit af skjölum þeim, er þjóðernisskírteinið er bygt á, um leið og hann sendir eftirrit af skírteininu, svo sannprófa megi hvort skírteinið sje í alla staði löglegt.

Í dönskum lögum um þetta efni, frá 4. maí 1927, er allmikið hert á samskonar ákvæðum, til þess að fyrirbyggja að þegnar annara ríkja geti falið sig undir fölsku merki, og á þann hátt notið hlunninda þeirra, sem innlendum mönnum einum er veitt að lögum. Það virðist því ekki minni ástæða til fyrir okkur Íslendinga, sem eigum svo mikilla hagsmuna að gæta, þar sem fiskiveiðar í íslenzkri landhelgi eru, að ákvæði löggjafarinnar, um þetta atriði, sjeu svo skýr, og eftirlitið svo trygt, að ekki sje hægt að fara kringum lögin á því sviði.

Að öðru leyti þarf frv. ekki frekari skýringa við.

12. Frumvarp

til laga um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I. KAFLI.
Um loftför.

1. gr.

Loftförum er frjálst að fara um loftið innan takmarka þeirra, er lög þessi setja eða reglugerðir, er lög þessi hafa í för með sjer.

Loftför ern í lögum þessum nefnd loftskip, landflugvjelar og sjóflugvjelar og flugbelgir.

2. gr.

Loftförum er heimilt að ferðast um Ísland, ef þau eru eign íslenskra ríkisborgara (skv. gr. 3—5) eða þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr.

3. gr.

Loftfar skal skrásetja á Íslandi, ef það á að telja íslenska eign.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið segir fyrir um, á hvern hátt skrásetja skuli íslensk loftför.

5. gr.

Loftfar er ekki unt að skrásetja, nema það fullnægi skilyrðum þeim, er hjer greinir:

1. Loftfarið verður að vera:
   a. alger eign íslenskra ríkisborgara eða
   b. í vörslu íslenskra ríkisborgara, ef á að nota það um lengri tíma en 3 mánuði.

   Ef hlutafjelag eða önnur stofnun, sem nýtur lögrjettinda, á loftfar, verður fjelagið eða stofnunin að hafa heimili og varnarþing á Íslandi, til að fullnægja skilyrðinu í greinarlið a. Ef annað fjelag er eigandi eða vörsluhafi, skal fjelag þetta eiga heimilisfang á Íslandi. Ábyrgir eigendur, hvort sem um fjelagsskap eða einstaka menn er að ræða, skulu allir vera íslenski ríkisborgarar.
2. Færa verður sönnur á skv. 14. gr., að loftfarið sje hæft til flugferða.
3. Til tryggingar skaðabótakröfum, er kunna að verða gerðar, verður eigandi loftfars samkv. 1. a, eða vörsluhafi samkv. 1. b, að færa sönnur á, að hann hafi sjeð um vátryggingar fyrir fjárhæð þeirri, er hægt er að krefjast af honum samkv. 33. gr., eða hann setur tryggingar þær, er teknar verða gildar.

6. gr.

Skrásett loftför eru skyld að bera lofthelgismerki og skrásetningarmerki. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvernig lögun og gerð þessara merkja skuli vera.

7. gr.

Eigandi loftfars skal skriflega sækja um skrásetningu.

Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, enn fremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að krefjast.

Skrásetningarbeiðninni skal fylgja:

a. yfirlýsing um, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er tekin eru fram í 5. gr. 1. málslið,

b. yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi áður verið skrásett í öðru ríki,
c. vottorð, er sanni, að loftfarið sje hæft til flugferða samkv. 14. gr.,
d. vátryggingarvottorð samkv. 33. gr. eða yfirlýsing frá yfirvaldi því, er í hlut á, að tryggingar hafi verið settar í samræmi við 33. gr.

8. gr.

Ef lögboðnum skilyrðum er fullnægt, skal skrásetja loftfarið. Á skrá þessa skal setja:
a. tölumerki loftfarsins,
b. hvenær skrásetning hafi farið fram,
c. hverrar tegundar loftfarið sje og annað það, er einkennir það, enn fremur nafn eiganda og til hvers loftfarið skuli notað,
d. athugasemd um, að loftfarið sje hæft til flugferða,
e. athugasemd um vátryggingu og tímagildi hennar eða um tryggingar þær, er hafa verið settar,
f. skrásetningarmerki það, er loftfarið hefir hlotið.

9. gr.

Ef einhver breyting verður á atriðum þeim, er tekin eru upp í 8. gr. c.—f. eftir að skrásetning hefir farið fram, ber að tilkynna breytingarnar hjá skrásetjara. Sjer hann þá um, að breytingar sjeu færðar inn eða að loftfarið sje tekið út af skrá samkv. 10. gr.

Ef eigandaskifti verða á loftfari að öllu eða nokkru leyti, ber báðum aðiljum, hinum gamla og hinum nýja eiganda, að tilkynna skiftin. Ef um fjelagsskap er að ræða og einhverjar þær breytingar verða, er fara í bág við 5. gr. 1. málslið, ber stjórn fjelagsins tafarlaust að skýra skrásetjara frá þessu.

10. gr.

Loftfar skal strikað út af skrá:
a. ef það hefir ekki fullnægt lögboðnum skilyrðum, en þó komist á skrá,
b. ef breyting verður á skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið. Ef loftfar reynist ekki hæft til flugferða, ber að strika það út af skrá, jafnskjótt sem vottorð um flughæfi þess hefir verið ónýtt,
c. þegar loftfar ferst.

11. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út skrásetningarvottorð. Í vottorði þessu skal vera útdráttur úr skrásetningarskýrslu.

Ef einhver breyting verður á skrásetningaratriðum þeim, er nefnd eru í skrásetningarvottorði, ber skrásetjara að færa breytingarnar á skrásetningarvottorðið eða sjá um, að nýtt skrásetningarvottorð verði gefið út eða ónýta skrásetningarvottorðið, ef um er að ræða atriði þau, er nefnd eru í 10. gr.

Eiganda ber að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður, nema hann geti sannað, að skrásetningarvottorðið hafi glatast.

Ef eigandaskifti hafa orðið og ekki er fullnægt skilyrðum þeim, er sett

eru í 5. gr. 1. málslið, er hinn fyrri eigandi skyldur til að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður.

12. gr.

Jafnskjótt og skrásetning hefir farið fram, ber að setja lofthelgismerki og skrásetningarmerki (samkv. 5. gr.) á loftfarið.

Ef loftfarið hefir verið strikað út af skrá, ber eiganda, eða ef eigandaskifti hafa orðið og skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, hefir ekki verið fullnægt, þá hinum fyrra eiganda að láta taka merkin af loftfarinu.

13. gr.

Á Íslandi mega loftför þau, sem eru ekki eign íslenskra ríkisborgara, því að eins halda uppi loftferðum:

a. ef loftfarið er eign ríkisborgara annars ríkis, er hefir gert sjerstakan samning við Ísland um, að loftfar hins ríkisins megi halda uppi loftferðum,
b. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi til þess og um er að ræða loftfar til hernaðar eða önnur slík loftför, sem ekki geta talist til venjulegra loftfara (lögreglu- eða tollgæslu-loftför),
c. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi og um er að ræða erlend loftför, sem eru einkaeign eða í eigu erlends ríkis, en notuð á sama hátt sem væru þau einkaeign.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur skilyrði fyrir leyfi því, sem hægt er að veita samkv. b. og og c.

Leyfi það, sem felst í málslið c, er því að eins hægt að veita, að loftfarið fullnægi skilyrðum þeim, er íslenskum loftförum eru sett um flughæfi.

14. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur vottorð um, að loftfar sje hæft til flugferða, þegar þess er krafist.

Vottorðið er veitt:

a. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eða trúnaðarmaður þess hefir gengið úr skugga um, að skilyrðum þeim, er ráðuneytið sjálft setur, hefir verið fullnægt,
b. ef vottorð er lagt fram frá yfirvöldum annars ríkis eða opinberri eftirlitsstofnun þess, um, að loftfarið sje hæft til flugferða. Þó verður að krefjast þess, að sömu skilyrðum sje að minsta kosti fullnægt sem þeim, er sett eru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

15. gr.

Ef loftfar hefir orðið fyrir breytingum eða skemdum, sem hafa áhrif á flughæfi þess, er flughæfivottorð þess ógilt þangað til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir látið skoðun fara fram eða eftirlitsstofnun sú, er veitti hið fyrra vottorð. Ef skemdirnar eru bættar með því að setja varahluta í stað hinna skemdu eða lagfærðar eru lítilfjörlegar bilanir, þarf skoðun ekki að fara fram.

Ef skoðun leiðir í ljós, að breyta þarf loftfarinu til þess að það sje flughæft eða gagngerðar breytingar þarf að framkvæma, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess, meðan á viðgerðum stendur.

Ef loftfar hefur orðið fyrir þeim skemdum, að ekki er unnt að gera við það, ber atvinnu- og samgögumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess að fullu og öllu.

16. gr.

Hver sá, er á loftfar, sem nota á til flugferða á Íslandi, er skyldur til, ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið krefst þess, að veita trúnaðarmanni ráðuneytisins aðgang að loftfarinu.

Eigandi loftfars eða, ef hann hefur ekki íslenskan ríkisborgararjett, flugmaður þess, er skyldur að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, ef skoða þarf loftfarið samkv. 15. gr. eða ef ógilding á flughæfivottorði kemur til greina.

17. gr.

Skyldur þær, er hvíla á eiganda loftfars, er taldar eru upp í 7.—17. gr., hvíla einnig á þeim, sem hefur loftfar í vörslum sínum samkv. 5. gr., málslið 1 b. Þess vegna ber samkv. 7. gr., 2. málslið, að taka fram við skrásetningarbeiðni nafn og heimili vörsluhafa og atvinnustörf loftfarsins. Þess vegna ber á skrá loftfara, samkv. 8. gr. c, að geta nafns vörsluhafa og atvinnu loftfarsins, en ekki nafns eiganda eða atvinnu loftfars hans.

II. KAFLI.

Fluglið.

18. gr.

Flugstjóri hefur skipunarvald í loftfari gagnvart flugliði og farþegum; ef fleiri en einn úr flugliði koma til greina við stjórn loftfars, skal sá hafa skipunarvald, er eigandi samkv. 5. gr. 1 a eða vörsluhafi samkv. 5. gr. 1 b kveður til þess.

19. gr.

Flugstjóri og aðrir, er teljast til flugliðs, þurfa leyfisbrjefs frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Flugkennarar, er taka þátt í flugæfingum og reynsluferðum, skulu teljast flugstjórar.

Leyfisbrjef til að stýra loftfari eða til að aðstoða við flugferðir skulu veitt þeim, er sanna, að þeir hafi staðist próf þau, er til þessara starfa er krafist.

Leyfisbrjefin eru veitt til ákveðins tíma, og ber því að endurnýja þau, ef handhafi leyfisbrjefs hefur sannað, að hann á síðasta ári hafi unnið störf sín óaðfinnanlega og að engar ástæður eru gegn endurnýjun leyfisbrjefsins.

Leyfisbrjef skal tekið af leyfishafa um stundarsakir eða fyrir fult og alt, ef sannað er, að handhafi sje óhæfur til að stýra eða aðstoða við stjórn loftfars.

Leyfishafa ber sjálfum að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eða umboðsmönnum þess tafarlaust, ef einhver þau atvik verða, er valda því, að svifta þarf leyfishafa leyfisbrjefi um stundarsakir eða fyrir fult og alt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur gefið út reglugerð um ákvæði hjer að lútandi.

20. gr.

Nú vill sá, er eigi hefir leyfisbrjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu samkv. 19. gr., stýra loftfari eða aðstoða við stjórn þess og má þá leyfa honum það:

a. ef hann hefir leyfisbrjef frá erlendu ríki og gildi þess er viðurkent með ríkjasamningi,
b. ef hann hefir leyfisbrjef sem gefið er út af erlendu ríki og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir það,
c. ef um er að ræða leyfisbrjef loftfara erlendra ríkja til hernaðar eða önnur slík loftför samkv. 13. gr. b, sem ekki geta talist til venjulegra einkaloftfara.

III. KAFLI.

Lendingarstaðir.

21. gr.

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 20 ára frá því að lög þessi ganga í gildi með því skilyrði, að fjelag þetta komi á reglubundnum flugferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

IV. KAFLI.
Fyrirtæki til loftferða.

22. gr.

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa samþykkis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið veitir samþykki þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en til 20 ára. Samþykki ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

23. gr.

Samþykki skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefur sett

V. KAFLI.
Samgöngureglur.

24. gr.

Loftferðum á Íslandi skal hagað eftir þeim reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til þess að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys meðan á loftferð stendur.

Flugliðum hvers loftfars ber að haga sjer eftir reglum þessum, hverjum fyrir sig í sínu starfi.

Meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum um loftferðir.

Vatnsflugvjelar teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn meðan hreyfillinn er í ferð, en enga slíka hæfileika, er hreyfillinn nemur staðar og ber þeim því að næturlagi að hafa ljós þau, er notuð eru af skipum þeim, er teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn eða enga.

25. gr.

Loftför mega lenda

a. fyrir utan í bæjum, aðeins á ógirtum svæðum — nema þegar um neyðarlending er að ræða.
b. á yfirborði vatns eða sjávar,
c. á lendingarstöðum.

Flugliðið er skyldugt til að segja rjettum aðilja frá eiganda loftfarsins og stjórnanda þess. Er rjettur aðili hefur fengið þessa vitneskju, er honum ekki heimilt að hindra brottflug loftfarsins.

26. gr.

Loftförum er ekki heimilt nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

27. gr.

Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. Þó geta loftför, sem eru eign annars ríkis, haft og notað slík þráðlaus áhöld, ef þau hafa til þess leyfi frá yfirvöldum síns ríkis og tilsvarandi samningur um þetta hefur verið gerður milli Íslands og hins erlenda ríkis.

28. gr.

Vissum svæðum undir ákveðinni flughæð má vegna almenns öryggis loka um stundarsakir eða altaf (loftgirðingasvæði).

VI. KAFLI.

Reglur um loftsamgöngur við önnur lönd.

29. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að loftfar á leið milli landa fljúgi yfir landhelgi Íslands á tilteknum stöðum og fljúgi þá eftir ákveðnum reglum og að slík loftför verði að fljúga af stað og að lenda á ákveðnum stöðum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ennfremur ákveðið, að loftför, er fljúga yfir Ísland án þess að lenda, verði að fara tilteknar loftleiðir.

30. gr.

Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, ennfremur varningur og farangur, er þau flytja með sjer inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlítir almennum ákvæðum um vegabrjef og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

VII. KAFLI.

Ábyrgðarskyldur.

31. gr.

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefur aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefur valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur og sje hann miðaður við lífskjör hins dána. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn, þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

32. gr.

Ákvæði 31. gr. 1. málsliðs koma ekki til greina, ef meiðsl eða skemdir verða á fólki eða varningi, sem eru innan þess svæðis, sem telst til lendingastaða (21. gr.).

Ef loftfar eða farmur verður fyrir tjóni vegna árekstrar loftfara, skal farið eftir ákvæðum um árekstur skipa.

Ef tjón verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara, sem þeir eiga að greiða samkv. 31. gr., 1. málslið, er gera út loftförin, eru þeir skaðabótaskyldir allir til samans. Dómstóll úrskurðar — með hliðsjón atvika þeirra, er lágu að tjóninu — hve mikils hluta hins greidda eða þess, sem greiða ber, hver af þeim getur krafist af þeim, sem ábyrgur eða ábyrgir eru.

33. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 31. og 32. gr., takmarka að engu leyti rjett þann til skaðabóta, er hver og einn getur krafist samkvæmt lagaákvæðum.

34. gr.

Eigandi loftfars, sem notað er til loftferða á Íslandi samkv. 3. gr., ber að tryggja sig hjá vátryggingarfjelagi gegn skaðabótakröfum þeim, sem kunna að verða gerðar samkv. 31.—34. gr. á hendur honum eða þeim, sem hafa rekstur loftfarsins á hendi. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður hámark fjárupphæða þeirra, er skaðabótakröfur má gera til og felast verða í vátryggingarupphæðinni. Þó mega upphæðir þessar ekki fara fram úr 100.000 krónum, ef um meiðsl eða dauða fólks er að ræða, og ekki fram úr 10.000 krónum, ef um skemdir á varningi er að ræða.

Vátryggingarfjelaginu skal vera skylt og það tekið fram í vátryggingarsamningi, að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, hvenær vátryggingartími er útrunninn. Í vátryggingarsamningnum skal einnig tekið fram, að

vátryggingarfjelagið beri ábyrgð á tjóni, sem verða kann innan tveggja mánaða frá því að vátryggingarfjelagið tilkynnti ráðuneytinu, að vátryggingartíminn væri útrunninn, ef loftfarið hefur ekki á þeim tíma verið strikað út af skrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að eigandi loftfars geti í stað vátryggingar sett aðrar tryggingar fyrir skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar.

Í stað eiganda (í 1. og 3. málslið) kemur vörsluhafi, ef um er að ræða ákvæði 5. gr. (1. b).

Ef loftfar er notað til loftferða á Íslandi samkv. 13. gr. a eða c, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveðið, hvort ábyrgðarskylduvátryggingar þarf til greiðslu á skaðabótakröfum samkv. 31.—33. gr. Eiganda skal leyft að setja aðrar tryggingar í stað vátryggingar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

35. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, hvort ákvæðum 18., 20., 24. og 27. greinar og reglugerðum þeim, er kunna að verða settar samfara þessum greinum um loftför íslenskra ríkisborgara, skuli verða beitt, ef þau eiga við loftferðir utan íslenskrar landhelgi.

36. gr.

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöugumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla, áhöld, bensín, bensól, olíu og annað, er til rekstrar flugvjela þarf.

37. gr.

Loftfar og skip, er bjarga hvert öðru úr sjávarháska eða bjarga farmi eða aðstoða við björgun, eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar. Ef þóknun sú, er lofað hefir verið eða um var samið þykir óhæfilega há, hefir sá, er greiðsluskyldur er, rjett til þess að leita til dómstólanna um niðurfærslu greiðslunnar.

38. gr.

Ef þörf alþjóðar krefur, er hægt að taka lóðir og lóðarrjettindi eignarnámi til loftferða eða skerða gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki milli þeirra, sem gera út loftfar og lóðaraðilja. Skerðing getur orðið á þann hátt, að merki eru sett upp á tiltekinn stað til leiðbeiningar loftförum. Skal þessu framfylgt samkvæmt sjerstökum lögum.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er gefnar verða út vegna laga þessara, varða sektum alt að 10,000 krónum eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Skal fara um slík mál, sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

40. gr.

Hver sá, er stofnar mannslífi í hættu með því að skemma af ásettu ráði eða eyðileggja loftfar eða gera það ónothæft eða ótraust eða af ásettu ráði truflar ferðir loftfars með því að gefa röng merki eða á annan hátt, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði.

Tilraunin sjálf er refsiverð.

Ef alvarleg líkamsmeiðsl hafa hlotist á þenna hátt eða maður beðið bana, skal refsað með betrunarhúsi, ella með fangelsi ekki skemur en 6 mánuði, ef málsbætur eru.

Ef þessi brot eru framin í skeytingarleysi, skal refsa fyrir með fangelsi alt að 6 mánuðum og auk þess sektum alt að 100,000 krónum eða þá önnurhvor þessara refsinga viðhöfð, en fangelsi ekki skemur en 1 mánuð, ef verknaður þessi hefir haft dauða manns í för með sjer.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er samið af Flugfjelagi Íslands og fylgdi því greinargerð svo hljóðandi:

Þar sem telja má líklegt, að flugferðum verði frumvegis haldið uppi á Íslandi, þykir nauðsynlegt með lögum að skipa fyrir um, hvernig loftferðum skuli haga.

Sambandsþjóð vor, Danir, hafa með lögum frá 1. maí 1923 skipað fyrir um loftferðir og þykir því hlýða að taka hæfilegt tillit til þessara laga. Þó er nauðsynlegt í íslenskum lögum um loftferðir að víkja frá hinum dönsku lagaákvæðum að ýmsu leyti, bæði vegna þess, að loftferðir hafa tekið verulegum framförum síðan hin dönsku lög voru sett og eins vegna hins, að Ísland verður einnig að haga sjer eftir ýmsum alþjóðaákvæðum um loftferðir. Aðstaða Íslands er og þannig, að einnig verður að taka sjerstakt tillit til hennar.

Um 1. gr.

Alment er litið þannig á, að hver og einn hafi rjett til frjálsra afnota loftsins og er þetta tekið fram í flestum lögum um loftferðir. Í dönsku lögunum er þessa ekki beinlínis getið, en af ýmsum ákvæðum þeirra laga er ljóst, að sama grundvallarhugsun liggur að baki.

Um 2.—6. gr.

Ríkisborgaraákvæðin um loftför og ákvæðin um skrásetning loftfara standa í flestum lögum um loftferðir og í ríkjasamningum hjer að lútandi.

Ákvæði 5. greinar standa í flestum samskonar lögum. Þó er hjer gert ráð fyrir, að loftfar þurfi ekki að vera í eigu en að eins í vörslu (og undir stjórn) íslenskra ríkisborgara, ef það er flutt inn fyrir lengri tíma en 3 mánuði. Samskonar ákvæði standa í hinum argentínsku lögum um loftferðir frá 4. sept. 1925. Gert er ráð fyrir því, að Flugfjelag Íslands h/f eða önnur slík fjelög, er kunna að verða stofnuð og eiga heimili á Íslandi, geti tekið loftför á leigu. Svipuð ákvæði um flugfjelög gilda einnig í hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922.

Sjálfsagt þykir að setja í lög þessi ákvæði um flughæfileika loftfara og um vátryggingarskyldur.

Um 7.—12. gr.

Í greinum þessum eru talin öll hin helstu atriði, er koma til greina við skrásetningargerðir loftfara.

Um 13. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að Ísland geri loftferðasamninga við önnur ríki. Ákvæðin um sjerstakt leyfi samkvæmt b og c standa í flestum erlendum lögum um loftferðir.

Um 14. gr.

Í öllum lögum um loftferðir standa ákvæði um það, að þá að eins sje hægt að skrásetja loftfar, að sönnur sje færðar á, að það sje hæft til flugferða. Ísland verður fyrst um sinn að nota opinberar eftirlitsstofnanir annara ríkja eða eftirlitsstofnanir þær, sem viðurkendar eru af viðkomandi stjórnum uns flugferðir komast í það horf hjer, að hægt sje að setja upp sjerstaka eftirlitsstofnun með loftförum.

Ísland getur því fyrst um sinn heldur ekki sett neinar sjerstakar reglur til þess að dæma um flughæfileika loftfara, en verður að fara eftir ákvæðum þeim, er gilda hjá eftirlitsstofnunum þeim í öðrum löndum, er leita verður til. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitir flughæfileikavottorð eftir skilríkjum þeim, er lögð eru fram frá eftirlitsstofnunum þessum.

Um 15. gr.

Í grein þessari er skipað fyrir um, hvernig eigi að ógilda um stundarsakir eða að fullu og öllu flughæfileikavottorð. Ríkið hefir því að eins tilefni til að láta skoðun fara fram, að verulegar skemdir hafi orðið. Ef hægt er að lagfæra skemdir með því að skifta um einstaka hluti eða gera að eins lítilfjörlegar endurbætur, þykir ekki ástæða til að láta skoðun fara fram.

Um 16. gr.

Trúnaðarmenn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins verða að hafa aðgang að loftförum, hvenær sem þeir æskja þess, til þess að þeir geti sannfært

sig um, hvort skilyrðum þeim, er sett eru í 15. gr. um ógilding flughæfileikavottorðs um stundarsakir eða að fullu og öllu, sje fullnægt. Tilkynningarskylda sú, er tekin er fram í 2. málslið, fer í sömu átt.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að skipa fyrir um, hver skuli hafa stjórn á hendi í loftförum líkt og á skipum. Er þetta og tekið fram í hinum dönsku lögum um loftferðir frá 1. maí 1923.

Með reglugerð er hægt að ákveða nánar hve víðtækt vald stjórnandi loftfars skuli hafa í einstökum atriðum.

Um 19. gr.

Í grein þessari eru tekin fram skilyrði þau, er þarf til þess að veita leyfisbrjef þeim, er stjórna eiga loftfari eða vera til aðstoðar (fluglið). Ísland verður vitanlega fyrst um sinn að viðurkenna prófvottorð annara ríkja og leggja til grundvallar leyfisbrjefum þessum.

Líkt gildir um læknisskoðun þá, er verður fram að fara áður en leyfisbrjef er veitt. Ef læknisskoðun fer fram á Íslandi þykir sjálfsagt, að sömu skilyrða verði krafist eins og í öðrum löndum, þangað til sjerstök reglugerð verður sett um, hvers krefja beri, er læknisskoðun á flugliði fer fram.

Um 20. gr.

Grein þessi svarar til ákvæða þeirra um fluglið, er gilda um erlend loftför samkv. 13. gr.

Um 21. gr.

Hjer þykir ekki nauðsynlegt að skipa fyrir um, hverja staði skuli taka til lendingar. Alstaðar er nóg af landi til lendinga og þarf því ekki með lögum að skipa fyrir um að breyta tilteknum stöðum í lendingarstaði.

Ákvæðin í 21. gr. taka því að eins til þess, sem síðar kann að verða, ef flugleiðum fjölgar.

Um 22.—23. gr.

Sjálfsagt þykir, vegna þess, hve mikils það er virði fyrir þjóðlífið, að ráðuneytið veiti samþykki sitt til atvinnufyrirtækja þeirra, er koma vilja á reglubundnum flugferðum á Íslandi.

Um 24. gr.

Hjer eru tekin fram grundvallaratriðin um loftsamgöngur, er síðar verður skipað fyrir um með reglugerðum. Þykir nóg í grein þessari að benda á reglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum.

Um 25. gr.

Ákvæðin um lendingar loftfara á Íslandi eru hin sömu og í hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922 og þykja ákvæði þessi hafa reynst ágætlega.

Um 26.—28. gr.

Ákvæðin um bann á flutningi sprengiefna o. fl., um þráðlaus áhöld og um loftgirðingasvæði eru algeng í flestum lögum um loftferðir.

Um 29.—30. gr.

Ákvæði þessi þykja sjálfsögð í lögum um loftferðir vegna gildandi ákvæða um tolla, heilbrigði, eftirlit og vegabrjef.

Um 31.—33. gr.

Skaðabótaskylda eiganda loftfars eða þess, sem hefir rekstur þess á hendi, er í flestum lögum um loftferðir miðuð við ábyrgð þá, sem líklegt er að megi koma fram. Þessu grundvallaratriði er fylgt í 31. gr. Ákveða verður í einstökum atriðum, hve mikla skaðabótaskyldu skal setja. Samsvarandi ákvæði og þessi eru í þýskum lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922.

Um 34. gr.

Vátryggingarskyldan eða skyldan að setja tryggingar er sett í lög þessi vegna almenns öryggis.

Um 35. gr.

Í framandi ríki verður að gæta allra þeirra ákvæða, er ríki þetta hefir sett. Millirikjasamningar geta tekið fram, að ýms ákvæði, er Ísland setur, skuli gilda. 35. gr. lýtur að þeim atriðum. Ákvæði 18., 20., 24. og 27. gr. geta átt við loftför, er fara yfir eigandalaus svæði, einkum yfir haf.

Um 36. gr.

Grein þessi á að koma í veg fyrir árekstur á gildandi ákvæði. Best fer á að koma þessum málum fyrir með millirikjasamningum.

Um 37. gr.

Siglingaákvæði um björgun úr sjávarháska er ekki hægt að nota, ef um loftför og skip er í senn að ræða. Af aðstandendum skipa er haldið fram, að björgunarlaun svari oft ekki til þess kostnaðar, er fer í það að bjarga loftfari. Sama er haldið fram af aðstandendum loftfara, ef um björgun skipa er að ræða. Mun báðum hæfa best, að hæfileg þóknun sje ákveðin.

Um 38. gr.

Þó að gæta verði eignarjettarins, krefur þörf alþjóðar stundum, að loftför fari um tiltekin svæði eða tilteknar sveitir, þrátt fyrir það, að eigandi sá, er í hlut á, sje ekki samþykkur skerðingu eða missi á eign sinni.

Um 39. gr.

Refsiákvæðin í 39. gr. eru sett til þess, að ákvæðum þessara laga og reglugerða þeirra, er þau hafa í för með sjer, verði hlýtt.

Um 40. gr.

Nauðsynlegt er einnig að setja refsiákvæði vegna öryggis loftferða. Grein þessi er tekin úr hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922 og samskonar ákvæði eru í loftferðalöggjöf Englendinga og Ítala og ýmissa ríkja í öðrum heimsálfum.

13. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 350,000 — þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónum — gegn jafnmiklu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

Fjárhæð þessi greiðist hafnarnefnd Skagastrandar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að lána hafnarsjóði Skagastrandar úr Viðlagasjóði alt að 350,000 kr., er hafnarnefnd þarf að taka til hafnargerðarinnar, gegn því, að sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu ábyrgist greiðslu $^1/_3$ hluta lánsins gagnvart Viðlagasjóði, en hreppssjóður Vindhælishrepps $^2/_3$ hluta þess. Lánið veitist til 40 ára, með 5% vöxtum og jöfnum afborgunum, en skal vera vaxtalaust og afborganalaust þangað til höfnin er nothæf. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga

frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land, innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstaumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi, og 1/4 hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð 1/4 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar. skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldsskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttur aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara, sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1928 var borið fram frumvarp til laga um hafnargerð á Skagaströnd af þm. A.-Hún. Rannsókn á hafnarstæðinu hafði farið fram árið 1921 og er skýrsla um þá rannsókn prentuð í riti því sem gefið var út 1922 um hafnarannsóknir stjórnarráðsins á árunum 1917—1921. Með því að margt hefir breyst síðan mun þinginu ekki hafa þótt málið undirbúið sem skyldi og lauk því svo á þinginu, að frumvarpið var ekki útrætt, en var vísað til stjórnarinnar til frekari rannsóknar og undirbúnings. Stjórnin ljet því á síðastliðnu ári rannsaka hafnarstæðið grandgæfilega að nýju og hafa verið gjörðar fullkomnar áætlanir um verkið og uppdrættir af höfninni. Hefir verið gert ráð fyrir að viðunandi höfn geti orðið gerð á Skagaströnd fyrir tæpar 700000 krónur.

Stjórnin er á þeirri skoðun, að það sje þýðingarmikið mál fyrir aðliggjandi hjeruð og landið í heild sinni að góð höfn væri á hentugum stað við Húnaflóa austanverðan, sem nú er hafnlaus. Frá höfn á Skagaströnd mundi verða gott samband við hjeruðin í Húnavatnssýslu, þar sem nú er orðið mikið af bílfærum vegum. Og sem síldveiðahöfn mundi Skagaströnd sjálfsagt geta haft mikla þýðingu. Útflutningur á kjöti er einnig mikill úr Húnavatnssýslu og yrði það til mikillar tryggingar fyrir kjötútflutninginn, einkum á frystu kjöti, að fá góða höfn á Skagaströnd.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, þykir stjórninni rjett að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi og er það að mestu samhljóða frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta þingi með þeim breytingum, sem hin nýja rannsókn hefir sýnt að þörf er á að því er kostnaðinn snertir. Ráðuneytið telur eptir atvikum sanngjarnt, að greiddur sje að hálfu úr ríkissjóði kostnaðurinn við hafnargerðina og um hinn helminginn ljett undir með hjeraðinu með því að veita hafnarsjóðnum hentugt lán til framkvæmdar verksins.

Þess virðist ekki þörf að fara út í einstakar greinar frumvarpsins, en annars vísast til greinargerðarinnar fyrir frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta Alþingi og brjefs vitamálastjóra, dags. 28. des. 1928, sem prentað er sem fylgiskjal hjer á eftir.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 28. des. 1928.

Greinargerð og áætlun um hafnargerð við Skagaströnd.

Einn liðurinn í hafnarrannsóknum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið á sínum tíma fól N. P. Kirk verkfræðingi að framkvæma, og eftir andlát hans mjer í samvinnu við N. C. Monberg í Kaupmannahöfn, var áætlun um hafnargerð við Skagaströnd. Mikil áhersla var lögð á þetta verk, því að bæði er mikil þörf á góðri höfn austan Húnaflóa og á Skagaströnd hagar fremur vel til frá náttúrunnar hendi fyrir hafnargerð. Þörfin er í því fólgin, að engin nothæf útflutningshöfn er fyrir hinar víðáttumiklu og frjósömu sveitir austan við Húnaflóa; þar er enginn staður brúklegur fyrir síldveiðistöð vegna hafnleysis, en síldveiði mætti oft reka með miklum hagnaði á Húnaflóa, væri þar nothæf höfn. Að vísu má segja, að síldveiði megi stunda frá fjörðunum í Strandasýslu, en fyrir utan þá er mikill og breiður skerjaklasi, að mestu leyti ómældur, sem ætíð mundi verða til hindrunar fyrir síldarútgerð í stórum stíl, jafnvel þó að fullkomin sjómæling færi fram. Ennfremur fengist með höfn við Skagaströnd afdrep fyrir skip í óveðrum, en eins og er, er hvergi slíkt afdrep austan megin flóans.

Sú áætlun, sem gerð var 1921, var aðallega miðuð við útflutning og skjól, en hvorutveggja a. m. k. fyrst um sinn í smærri stíl. Kostnaðurinn var áætlaður kr. 741500,00, auk bátabryggju við Hólanes, sem var áætluð 40000 kr. Síðan lá málið niðri, þangað til það á þingi 1928, kom fram sem lagafrumvarp um heimild til hafnargerðar við Skagaströnd. Á þinginu var mikill áhugi fyrir því, en ýmsra ástæðna vegna var það ekki leitt til lykta, heldur vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Eitt atriði, sem kom fram, var það, að sumum þótti

annar staður, lítið eitt sunnar, fult eins heppilegur til hafnargerðar. Var því afráðið að taka málið grandgæfilega fyrir að nýju, gera frekari rannsóknir á staðnum og fara nákvæmlega yfir áætlunina.

Þessar rannsóknir á staðnum voru gerðar síðastliðið sumar, og síðan hefir verið gerð, að heita má, alveg ný áætlun um þessa hafnargerð. Sömuleiðis var staður sá, sem af sumum hafði verið talinn heppilegur til hafnargerðar, tekinn til athugunar; hann reyndist ekki hafa neina kosti fram yfir eldri staðinn, en vera að ýmsu leyti lakari. Á skipulagi hafnarinnar hefir verið gerð nokkur breyting: Samkvæmt eldri áætluninni var garðurinn beygður inn eftir, en við nánari athugun þótti heppilegra að hafa hann beinan, í stefnu á Brúnkollu, svo unt verði síðar að gera garð út yfir Árbakkasteina í Brúnkollu og stækka með því höfnina um helming, og gera hana mun skjólbetri. Jafnframt er höfnin áætluð þannig, að hún verði þegar í byrjun nothæfari fyrir skip alment, og sjerstaklega fyrir útgerð. Eldri áætlunin gerði að eins ráð fyrir 30 m bryggjuplássi, en það er of lítið ef um nokkra verulega umferð er að ræða, en við því má búast að talsvert verði flutt út frá Skagaströnd, bæði af landbúnaðar og fiskiafurðum, sjerstaklega af síld og ef til vill síðar síldarmjöl og — olíu. Ennfremur er sú breyting gerð frá eldri áætluninni, að uppfyllingunni sem þar er ráðgerð, er að mestu slept, því þó að við því megi búast að síðar verði þörf á slíkri uppfyllingu, tel jeg hennar ekki þörf í fyrstu, enda er það svo einfalt verk, að það má vinna smátt og smátt, eftir þörfum sem vetrarvinnu.

Eins og fyr hefir verið sagt, hefir hafnargerðin verið hugsuð þannig, að höfnin komi að sem mestum notum strax í byrjun, en þó með hliðsjón af því, að síðar megi bæta við þeim mannvirkjum, sem aukin framleiðsla gerir nauðsynleg. Stórskipabryggjan, við hana er um 5 m dýpi, hefir verið gerð 60 m löng, þannig að hvert millilandaskip geti legið við hana og afgreitt sig úr öllum lestaropum samtímis. Jeg tel nauðsynlegt að þetta verði gert þegar í fyrstu, því að það mundi gera talsvert rask að þurfa seinna að lengja bryggjuna. — Áður var ráðgert að gera bátabryggju meðfram eynni, en með því móti verður ekkert pláss fyrir smærri skip, sem búast má við að leiti þangað, t. d. til síldarútgerðar. Til þess að sjá þeim fyrir hæfilegu plássi, hefi jeg gert ráð fyrir 4 skipabryggjum, við þær verður 3 m dýpi, og jafnframt 1 bátabryggju út frá eyjunni. Af þessum bryggjum verður sú ysta gerð um leið og garðurinn, og í föstu sambandi við hann, en hinar þrjár má gera seinna eftir þörfum, án þess að raska þurfi garðinum sjálfum. Bátabryggjan verður inst, úr timbri, mjög einföld.

Hvað snertir gerð þessara mannvirkja hefir verið fylgt gömlu áætluninni með garðinn sjálfan. Um stórskipabryggjuna hafa verið gerðar 2 áætlanir, í annari er gert ráð fyrir að gera bryggjuna sem uppfyllingu innan járnbentrar steinsteypukassa, en í hinni innan járnveggs. Fyrri aðferðin er ef til vill traustari og betri, en mun dýrari, um 50000 kr., hins vegar álít jeg járnvegginn alveg nógu sterkan, og tel því ekki ástæðu til að nota hina, svo framarlega sem ófyrirsjeðar hindranir koma ekki í veg fyrir hann. Ysta smáskipabryggjan geri jeg ráð fyrir að gerð verði úr steinsteyptum kössum, sem ná alveg inn í garðinn, en hinar þrjár, sem að öðru leyti verða gerðar á sama hátt, verði tengdar við garðinn með járnbitabrúm.

Auk þess, sem áður er tekið fram, að til mála geti komið að gera garð að sunnan út í Brúnkollu og byggja jafnframt út syðri part hafnarinnar, má, áður en til þess kemur, gera ýms mannvirki fyrir innan fyrra garðinn, t. d. smábryggju í víkinni, og frá Hólanesi má byggja út í skerið sem þar er fram af og gera þar góða bryggju. Einnig getur nokkur dýpkun komið til mála. Um öll þau mannvirki hefir enn engin áætlun verið gerð, enda engin þörf á því að svo stöddu.

Kostnaðaráætlun um hafnargerð við Skagaströnd.

A. Hafnargerðin miðuð við 60 m stórskipabryggju úr járnbentri steinsteypu, 1 smáskipabryggja og 1 bátabryggja úr timbri.

1.	Garður frá landi út í eyju		kr.	41400,00
2.	Sprenging og jöfnun eyjarinnar		—	54600,00
3.	Skjólgarður fram úr eyjunni		—	332200,00
4.	Skipabryggja úr steinsteypu, 60 m löng		—	125940,00
5.	Garðhaus		—	34350,00
6.	Bryggjur út frá eyjunni:			
	30 m bryggja	kr. 46800,00		
	3 bryggjur á 20 m	— 81240,00		
	30 m bátabryggja	— 7040,00		
			—	135080,00
			Kr.	723570,00
	Verkstjórn og ófyrirsjeð, 15%		—	108430,00
			Kr.	832000,00

B. Hafnargerðin miðuð við 60 m stórskipabryggju með járnvegg, annars eins og A.

Byggingarkostnaður 1—6	kr.	679930,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	102070,00
	Kr.	782000,00

A/ Hafnargerðin eins og A, en þrjár 20 m bryggjurnar í 6. lið er slept.

Byggingarkostnaður 1—6	kr.	642330,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	96670,00
	Kr.	739000,00

B/ Hafnargerðin eins og B, en þrjár 20 m bryggjurnar í 6. lið er slept.

Byggingarkostnaður 1—6	kr.	598690,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	89310,00
	Kr.	688000,00

Th. Krabbe.

14. Frumvarp

til laga um Landbúnaðarbanka Íslands.

I. KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Landbúnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands statsgaranterede Landbrugsbank, á ensku The State-Guaranteed Rural-Credit Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Landbúnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í fimm deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Landbúnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útbú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við aðaltilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir.
2. Að veita lán eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútbúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafjelaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sjerstökum lögum um slík fjelög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti 10% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, jarðræktarbrjefum, veðdeildarbrjefum Landbúnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbrjefa má koma inneign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá um að jafnan sjeu almannasjóðir geymdir í sparisjóðsdeild bankans, svo sem unt er og þörf er á fyrir útlánastarfsemi deildarinnar

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sjerstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, alt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 2 milj. kr. Stofnfje þetta greiðist af hendi þannig, að veðdeildin tekur við öllum eignum Kirkjujarðasjóðs og svo miklu af skuldabrjefum Viðlagasjóðs, er með þarf til þess að stofnsjóður veðdeildarinnar nemi 2 milj. kr.

Í stofnsjóðinn rennur ennfremur alt andvirði fyrir kirkjujarðir, er seldar verða hjer eftir.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfjenu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfje, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs sins.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Landbúnaðarbankans gefur út bankavaxtabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð brjefanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjarhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabrjefum, er bera eins háa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabrjefa, skal ákveða vexti brjefanna, gjalddaga þeirra, hvar þá

skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er veðdeildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, alt að 10% af því sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almennings afnota í sveitum landsins.

Nú heimila lög að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, og getur veðdeildin þá tekið trygging í slíkum afgjaldskvöðum jafngilt sem veð.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búreksturs eða einhvers fyrirtækis til almennings heilla í sveitum.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátrygð sjeu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sjer að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrjetti og aldrei yfir $^3/_5$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrjett, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $^3/_5$ virðingarverðs. En af slíku láni skal taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Landbúnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í veði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í veði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign, en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir brjefin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign sem veðdeildin hefir veð í er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin fyrir næsta gjalddaga á afborgunum lánsins. Ella getur bankastjórn krafist aukagjalda alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð. Heimta má jafnhátt aukagjald til varasjóðs ef skuldu-

nautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrnar í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals, hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius puplicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabrjefa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa brjef til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtarbrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabrjef þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð.

34. gr.

Fje varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabrjefum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri sam-

ábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef stofnsjóður á þenna hátt lækkar um 15% má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rjett að höfða mál, til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selst innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er og sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sjer eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sjerstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs og Söfnunarsjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út sjerstaka flokka bankavaxtabrjefa með happvinningum og greiða eigendum þeirra brjefa vinninga eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar og má þar ákveða, hve miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð, má mest verja til happvinninga árlega.

Landbúnaðarbankinn hefir einkarjett til að gefa út vaxtabrjef með happvinningum.

40. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 2 miljónum króna í vaxtabrjefum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

41. gr.

Ríkissjóður leggur bústofnslánadeild bankans til tryggingarfje að upphæði 1 miljón kr., þar af 700 þús. kr. í skuldabrjefum Viðlagasjóðs en 300 þús. kr. greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

42. gr.

Bústofnslánadeild hefir sjerstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

43. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabrjef, alt að áttfaldri upphæð tryggingarsjóðsins. Skal hverjum flokki bankavaxtabrjefanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra brjefa hvers flokks lokið innan 15 ára frá sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

44. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er deildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, alt að 10% af því sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

45. gr.

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins sje fjelagi í fóðurbirgðafjelagi, sem bankastjórn tekur gilt. Getur og bankastjórn sett það skilyrði fyrir lánveitingu, að fjelagar, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgist bústofnslánadeild það tjón, er hún kann að verða fyrir vegna fóðurskorts þess búfjár, er hún hefir að veði frá fjelagsmönnum.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

Ef ástæða þykir til, getur bankastjórn krafist frekari tryggingar fyrir lánum, auk búfjárveðsins, svo sem fyrsta eða síðari veðrjettar í fasteign, búsáhöldum eða öðru, er bankastjórn tekur gilt.

46. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja vottorð hreppstjóra um að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði. Ennfremur vottorð forðagæslumanna eða eftirlitsmanna um ástand fjárins og fóðurbirgðir eigandans. Sömu skilríki skal lántakandi senda bankastjórn árlega, á meðan lánið stendur.

Nú er lán veitt gegn veði í búfje, sem kaupa á eða koma upp fyrir lánsfjeð, og skal lánið þá eigi útborgað fyrri en jafnóðum og sannað er að veðið sje til.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs, má setja með reglugerð.

47. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft.

48. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabrjefa og varasjóðsgjald við lántöku, gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

49. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og varasjóðsgjald ¾% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert.

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni.

Um rjett og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

50. gr.

Um vaxtabrjef og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar, gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rjett að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfje.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu þótt veðbrjef sje ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Búfjárveð deildarinnar gengur fyrir kröfum þeim í þrotabúi, sem taldar eru í 83. gr. skiftalaga 12. apríl 1878.

Bústofnslánadeild hefir lögtaksrjett fyrir öllum kröfum á hendur skuldunautum sínum.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

52. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 1½ milj. kr. í vaxtabrjefum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

53. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sjerstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt, svo og sjerstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sjerákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Landbúnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

VI. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

54. gr.

Um þessa deild bankans gilda sjerstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VII. KAFLI.

Sjerrjettindi bankans.

55. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

56. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

57. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

58. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landbúnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sje að láta mæta við uppboðið.

VIII. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

59. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slikt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12.000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, alt að 50% af launum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

60. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

61. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

62. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eiga mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

63. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við bankann og kýs sameinað Alþingi annan, til 2 ára í senn, en hinn nefnir ráðherra til. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

64. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

65. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi á skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

66. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

67. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

IX. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

68. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands voru gefin út árið 1921, var gert ráð fyrir aðeins einni veðlánsstofnun í landinu, er veitti fasteignalán til langs tíma og aflaði lánsfjár með sölu veðvaxtabrjefa. Með þeim lögum var jafnframt reynt að tryggja það sem best, að landbúnaðurinn nyti lána þessara eigi síður en aðrar atvinnugreinar og kaupstaðarbúar, enda munu hvatamenn veðbankalaganna einkum hafa haft í huga hag landbænda og nauðsyn þeirra fyrir hagkvæm fasteignalán.

Eins og kunnugt er komu veðbankalög þessi aldrei til framkvæmda. En til þess að bæta úr brýnustu þörf fyrir fasteignalán, var smátt og smátt tekið til annara úrræða. Skipulagi Ræktunarsjóðs var gerbreytt. Var honum falið það sjerstaka hlutverk, að annast fasteignalán til jarðræktar, fjármagn

hans jafnframt aukið til muna og sjóðnum veitt heimild til að afla fjár til útlána með sölu veðvaxtabrjefa (svokallaðra jarðræktarbrjefa). Veðdeild Landsbankans, sem legið hafði niðri um margra ára skeið og starfað lítið eða ekkert að útlánum, var endurreist og aðstaða hennar til útlána stórum bætt með ríkisábyrgð og öðrum hlunnindum. Loks voru á síðasta þingi samþykt lög um Byggingar- og landnámssjóð, sem á að hafa sjerstaka tegund fasteignalána með höndum.

Af þessum veðlánastofnunum starfar Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður eingöngu að sjerstökum tegundum landbúnaðarlána. Veðdeild Landsbankans aftur á móti lánar eins og áður út á hverskonar fasteignir, hvort heldur í sveitum eða kaupstöðum, og án tillits til þess, í hvaða augnamiði lánið er tekið. Mætti því ætla að veðdeildin fullnægði þörfum landbúnaðarins fyrir fasteignalán umfram þau lán, sem Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður hafa með höndum. Það mundi hún vafalaust gera, ef fjármagn hennar væri nægilegt, því að stjórn Landsbankans mun síst hafa viljað láta landbúnaðarlán sitja á hakanum. Þó hefir svo orðið í reyndinni. Þegar lánbeiðnir berast hvaðanæfa að, en lánsfje er takmarkað, verður ekki hjá því komist, að þeir sem fyrstir verða til að fullnægja öllum settum lántökuskilyrðum, komi framar í röð en þeir, sem eru svifaseinir um lánbeiðni og formlegan undirbúning til lántöku. Af þessum ástæðum verða sveitamenn enn útundan í kapphlaupinu um hin torfengnu lán, því að aðstaða þeirra er erfiðari en kaupstaðarbúa vegna strjálbygðar og ýmsra annmarka á því að fullnægja formatriðum í sambandi við lántökur.

Þrátt fyrir endurreisn veðdeildar Landsbankans og Ræktunarsjóðs og stofnun Byggingar- og landnámssjóðs, má því varla vænta þess, að lánsþörf sveitabænda verði fullnægt að því er snertir fasteignalán til langs tíma.

Eitt er þó enn augljósara, að þörf sveitamanna fyrir önnur lán, viðskiftalán, búrekstrarlán o. s. frv. verður ekki fullnægt svo að vel sje með þeim lánsstofnunum, sem til eru í landinu eins og nú stendur. Þýðir ekki að rekja ástæður fyrir því hjer. En til sönnunar því, að þetta sje öllum ljóst, án tillits til flokkaskiftingar í landsmálum, má benda á að þingmenn úr Íhaldsflokknum báru fram lagafrumvarp á síðasta þingi, er átti að bæta úr brýnni þörf sveitabænda fyrir rekstrarlán. Að vísu gat sá flokkur þingmanna, sem mest ber hag bænda og landbúnaðar fyrir brjósti, eigi fylgt því frumvarpi. En ástæðan til þess var eingöngu sú, að ýmsir gallar voru taldir á frumvarpinu sjálfu og skipulagi þeirra lánsstofnana, sem áttu að veita bændum rekstrarlán, en eigi hitt, að nokkur þingflokkur væri í efa um, að full þörf væri nýrra úrlausna í þessu efni.

Þar, sem svo stendur á, eins og lýst hefir verið hjer að framan, *að* landbúnaðurinn hefir að allra dómi þörf fyrir sjerstaka lánsstofnun, til þess að annast viðskiftalán og búrekstrarlán til bænda, *að* landbændur bera skarðan hlut frá borði í samkepninni um þau fasteignalán til langs tíma, sem lánsstofnanir landsins hafa nú á boðstólum, og í þriðja lagi *að* nú þegar eru til tvær lánsstofnanir, Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður, sem eingöngu starfa að sjerstakri tegund lánveitinga til landbúnaðar,

þá vaknar eðlilega sú spurning, hvort lánsþörf landbúnaðarins muni eigi best og hagkvæmast fullnægt með því að stofna sjerstakan banka, er hefði allar tegundir landbúnaðarlána með höndum en starfaði ekki að neinu öðru. Með þeim hætti mundi mega vænta meira samræmis í stjórn og meðferð allra fjármála landbúnaðarins, heldur en búast má við með dreifðum lánsstofnunum undir sjerstakri stjórn hverri fyrir sig, auk þess sem það ætti vafalaust að verða ódýrara til frambúðar, að hafa eina stofnun, með sameiginlegri framkvæmdarstjórn fyrir öll slík mál, en margar stofnanir sjálfstæðar og með sjerstakri stjórn.

Að þessu ráði er horfið með frumvarpi til laga um Landbúnaðarbanka Íslands. Það er ætlast til að bankinn starfi eingöngu fyrir landbúnaðinn, en að hver deild hans sje sjálfstæð og hafi með höndum aðeins þau lán, sem eru sömu tegundar og geta að öllu sætt sömu meðferð og lánsreglum. Sumar þessar deildir eru þegar til. Ræktunarsjóður þegar starfandi og Byggingar- og landnámssjóður stofnaður með lögum. Þessir sjóðir renna inn í bankann sem sjerstakar deildir, með öllu skipulagi þeirra óbreyttu. Hjer er því í raun og veru ekki að ræða um nýja bankastofnun nema að nokkru leyti, heldur sameining eldri stofnana undir eina stjórn. Hinar deildirnar aftur á móti eru nýjar, þrjár að tölu, sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild og bústofnslánadeild. Að tilgangi þeirra og starfsemi verður vikið í greinargerð þessari, en um Ræktunarsjóð og Byggingar- og landnámssjóð er ekki ástæða til að taka neitt sjerstakt fram, þar sem skipulag þeirra helst að öllu óbreytt.

Um I. KAFLA.

Stofnun og skipulag bankans.

Um 1.—5. gr.

Samkvæmt 3. gr. er bankinn aðgreindur í 5 algerlega sjálfstæðar deildir, er hver hefir sitt starfssvið og skipulag. Í raun og veru hafa deildir þessar aðeins stjórnina sameiginlega, því að það flýtur af mismunandi verkefnum, skipulagi og stofnfje deildanna, að fjárhag þeirra má á engan hátt blanda saman.

Í 4. gr. er ákveðið að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, enda er hann eign ríkisins. Það liggur í hlutarins eðli, að ríkissjóður verður að bera ábyrgð á skuldbindingum sinna eigin stofnana, eins og hver annar eigandi þeirra stofnana eða atvinnufyrirtækja, er takast á hendur skuldbindingar gagnvart öðrum. Að vísu mætti undanþiggja ríkissjóð slíkri ábyrgð með beinum lagafyrirmælum. En þegar til kæmi mundi slíkum lagaákvæðum eigi framfylgt. Þeir sem skifta við ríkisstofnanir hafa siðferðislegan rjett til að vænta þess að fjárkröfur þeirra verði innleystar, að minsta kosti svo lengi sem það skipulag ríkisins stendur, er gilti þegar krafa þeirra varð til. Þessvegna mundi lagaheimild, þó til væri, aldrei notuð til þess að losa ríkissjóð eða stofnanir hans við áhættu og ábyrgð á tapi, sem

verða kynni á rekstrinum, með því að láta tapið lenda á þeim borgurum eða öðrum viðskiftamönnum, sem í góðu trausti til gjaldþols ríkisins og heiðarleika stjórnenda þess, hafa lagt fje sitt í viðskifti við ríkisstofnanir.

En sje svo, að allar fjárkröfur á hendur ríkisstofnunum mundu að síðustu verða greiddar að fullu, þótt lagaheimild væri til annars, er ástæðulaust og óviturlegt að hafa nokkra slíka lagaheimild eða útgöngudyr til þess að smjúga út um ef illa fer, og skilja skuldheimtumenn sína eftir með sárt ennið. Afleiðing slíkra lagaákvæða yrði þá aðeins sú, að draga að nokkru úr þeim hlunnindum, er ríkisstofnanir njóta í samkepni við aðrar, vegna trausts þess er borgararnir bera til gjaldþols ríkisins og heiðarleika ríkisstjórnar fram yfir aðra viðskiftamenn eða stofnanir einstakra manna. Þetta hefir og síðasta Alþingi verið ljóst, er það samkvæmt tillögum Landsbankanefndar, er áður hafði mál þetta til athugunar, ákvað með lögum að ríkissjóður skyldi bera ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans. En þar sem til þess er ætlast, að Landbúnaðarbankinn verði eign ríkisins á sama hátt og Landsbankinn, er sjálfgefið að ríkissjóður taki á sig samskonar ábyrgð á skuldbindingum hans. Að sjálfsögðu ber þá einnig að setja Landbúnaðarbankanum sömu takmörk og Landsbankanum, um lántökur erlendis, eins og gert er í 4. gr., þar sem ákveðið er að bankinn megi engin útlend lán taka nema eftir sjerstakri lagaheimild í hvert sinn.

Um II. KAFLA.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

Þessi deild bankans stendur í nánu sambandi við sjerstakt lagafrumvarp um sveitabanka. Er til þess ætlast að svokallaðir sveitabankar eða rekstrarlánafjelög landbænda og sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans sjeu í fullkominni samvinnu um að fullnægja þörf landbúnaðarins fyrir viðskiftalán til stutts tíma. Verkefnið er hjer hið sama og frumvarpi því, er kom fram á síðasta þingi, um atvinnurekstrarlán, var ætlað að leysa úr. Enda byggt á sama grundvelli um skipulag þessara lánsstofnana að ýmsu leyti, en sniðnir burtu þeir agnúar og gallar á skipulaginu, sem mundu hafa orðið því til fyrirstöðu, að rekstrarlánafrumvarpið frá síðasta þingi hefði getað komið bændum að verulegu liði eða leyst úr þörf þeirra fyrir viðskiftalán og rekstrarlán til stutts tíma. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um sveitabanka verður gerð nánari grein fyrir skipulagi þeirra lánsstofnana, er hjer ræðir um, og nægir að vísa til þess. Að öðru leyti er ætlast til þess að sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans verði starfrækt á sama hátt og sparisjóðir eru alment, líkt eins og sparisjóðsdeild Landsbankans, og hafi almennar skyldur og rjettindi sparisjóða.

Um 10. gr.

Eins og áður er sagt, er aðaltilgangur sparisjóðsdeildarinnar sá, að

miðla rekstrarlánafjelögum til sveita fje til lánveitinga. Á sparisjóðsdeildin þannig að hafa það hlutverk með höndum, sem Landsbankanum var ætlað eftir frumvarpi um atvinnurekstrarlán frá síðasta þingi. En þar var ætlast til að Landsbankinn fengi alt það fje, er hann þyrfti á að halda í þessu augnamiði, að láni erlendis, gegn ábyrgð ríkissjóðs, alt að 5 milj. kr. En til þess sýnist engin skynsamleg ástæða, að til slíkrar útlánastarfsemi, eins og hverrar annarar í landinu, megi ekki nota innlent geymslufje ef fáanlegt er. Í þessu frumvarpi er því gert ráð fyrir, að fjármagnið fáist að mestu í innlánum með sparisjóðskjörum. En þar sem líta verður svo á, að einmitt þessi útlánastarfsemi, sem sparisjóðsdeild bankans er ætlað að hafa með höndum, sje landbúnaðinum sjerstaklega nauðsynleg, en hinsvegar hefir reynst erfitt fyrir banka þá, sem fyrir eru, og sparisjóði, að fullnægja þeirri lánsþörf, virðist einsætt að ríkisstjórninni beri að hlutast til um, að almannasjóðir, sem í geymslu eru, verði notaðir til þess að bæta úr þessari lánsþörf. Hitt væri ástæðulaust, að hafa almannasjóði áfram fasta í útlánum annara stofnana, sem að vísu kann að vera full þörf fyrir, en ekki eins brýn nauðsyn sem um þau lán, er hjer ræðir um. Af þessum ástæðum virðist það ákvæði 4. gr. rjettmætt og eðlilegt, að ríkisstjórnin sjái um að opinberir sjóðir sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, svo sem tök eru á og með þarf vegna útlánastarfsemi deildarinnar til rekstrarlána handa bændum.

Um 11. gr.

Þótt til þess sje ætlast, að deildin fái verulegan hluta af geymslufje almannasjóða til umráða, er valt að treysta því að nægilegt veltulán til rekstrarlána fáist með sparisjóðsinnlögum einum. Því þykir rjett að halda heimild þeirri til lántöku erlendis, sem gert var ráð fyrir í rekstrarlánafrumvarpi frá síðasta þingi. En í stað 5 milj. kr. er heimildin hjer færð niður í 3 milj. kr.

Um III. KAFLA.

Veðdeild bankans.

Ræktunarsjóður hefir eingöngu með höndum lán til jarðræktar og húsagerðar í sveitum. Byggingar- og landnámssjóður starfar aðeins að lánveitingum til endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum og til að koma upp nýbýlum. Þótt báðar þessar lánsstofnanir, sem eiga samkvæmt frumvarpinu að verða sjálfstæðar deildir af Landbúnaðarbankanum, yrðu svo öflugar að þær gætu nokkurn veginn fullnægt lánsþörf innan þeirra takmarka, sem þeim er sett, er alt að einu þörf á almennri fasteignalánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þ. e. lánsstofnun, sem veitir lán til langs tíma út á jarðir, án þess að föst skilyrði sjeu sett um það, til hvers lánið er ætlað. Það er ekki nóg að menn geti fengið lán til þess að rækta land, húsa jarðir eða stofna nýbýli. Menn verða fyrst og fremst að geta eignast jarðirnar, keypt þær, og til þess verða menn að geta fengið lán til langs tíma. Það er heldur

ekki hyggilegt að veita þeim einum hagkvæm fasteignalán, sem *ætla* að bæta jarðir sínar, en neita hinum, sem þegar hafa fest fje sitt í endurbótum jarða, en þurfa einhverra hluta vegna að fá það fje handbært aftur. Ef sú væri reglan, væri það eins og áminning til manna um að fara varlega í að kosta upp á jarðir sínar, án þess að hafa tryggt sjer lán fyrirfram. Er augljóst að slíkt gæti haft þær afleiðingar að draga kjark úr mönnum við jarðabætur, og gæti af því hlotist mikið tjón. Þvert á móti þarf mönnum að verða það ljóst, að alt það fje er vel ávaxtað og tryggilega geymt, sem varið er til skynsamlegra endurbóta á jörðum. En til þess verður að vera jafnan auðvelt að fá fje með aðgengilegum kjörum út á vel setnar og endurbættar jarðeignir, hvenær sem eigandinn hefir þörf fyrir að losa aftur eitthvað af fje því, sem hann hefir fest í kostnaðarsömum jarðabótum. Sömuleiðis er sala slíkra jarða því aðeins möguleg, að lán út á þær sje fáanlegt.

Það verður því varla um það deilt, að full þörf er fyrir almenna fasteignalánsstofnun, er veiti lán út á jarðir án þess að notkun lánsins sje fastar skorður settar. Það ætlunarverk á veðdeild Landbúnaðarbankans að hafa, við hlið Ræktunarsjóðs og Byggingar- og landnámssjóðs með þeirra sjerstöku verkefnum.

Fyrirmæli frumvarpsins um veðdeild Landbúnaðarbankans eru í höfuðatriðum sniðin eftir lögum þeim, sem hafa verið gefin út um flokka veðdeildar Landsbankans og um Ræktunarsjóð. Er naumast ástæða til að gera grein fyrir þeim ákvæðum laganna, sem áður hafa verið margrædd og reynd um langan tíma í sambandi við veðdeild Landsbankans, og verður því hjer aðeins minst á þau atriði, sem eru frábrugðin hinum eldri veðdeildarlögum.

Um 13. gr.

Samkvæmt lögum um Ríkisveðbanka Íslands var gert ráð fyrir að bankinn hefði stofnfje að upphæð 3 milj. kr. Þar af átti 1 milj. kr. að koma úr hverjum þessara þriggja sjóða, Ræktunarsjóði, Kirkjujarðasjóði og Viðlagasjóði. Nú hefir Ræktunarsjóður verið tekinn til notkunar á sjerstakan hátt samkvæmt lögum um sjóðinn frá 1925, og er til þess ætlast að það fyrirkomulag haldist óbreytt. En engin ástæða er til að hverfa frá því ráði, að veðdeild Landbúnaðarbankans sem að miklu leyti á að koma í stað Ríkisveðbankans, fái stofnsjóð þann, sem veðbankanum var ætlaður, að frádregnum Ræktunarsjóði, sem verður sjerstök deild bankans. Hjer er því gert ráð fyrir að Kirkjujarðasjóður verði allur lagður veðdeildinni til sem stofnfje, og auk þess svo mikið úr Viðlagasjóði, er með þarf til þess að stofnsjóðurinn verði 2 milj. kr.

Þegar lög um Ríkisveðbankann voru samþykt á Alþingi 1921, var enginn ágreiningur um það atriði, að Kirkjujarðasjóður yrði lagður bankanum til sem stofnfje. Enda verður því varla haldið fram að sjóðum þeim, sem myndast hafa af andvirði seldra jarða, verði betur varið til neins annars en þess að styðja að hagkvæmum lánum til landbúnaðar og umbótum á jarðeignum í landinu. En einmitt þeim tilgangi verður best náð með

því, að gera Kirkjujarðasjóðinn að stofnsjóði eða tryggingarsjóði fyrir útlánastarfsemi þeirrar stofnunar, sem á að starfa að því einu að veita fasteignalán til langs tíma út á jarðir.

Um hitt gæti aftur á móti fremur orðið skiftar skoðanir, hvort Kirkjujarðasjóður ætti að renna saman við annað það fje, er veðdeild Landbúnaðarbankans verður lagt til sem stofnfje, eða reikningum hans haldið sjerstökum. Sumir kynnu að kjósa það heldur, að Kirkjujarðasjóði yrði haldið reikningslega aðgreindum frá öðru fje, og yrði hann þannig einskonar sjerstök deild innan stofnsjóðs veðdeildarinnar. En í raun og veru væri slík aðgreining tilgangslaus að mestu eða öllu. Stofnsjóður veðdeildarinnar verður hvort sem er að vera óskiftur til tryggingar öllum skuldbindingum veðdeildarinnar, svo lengi sem hún starfar. Og komist útlánastarfsemi hennar í sæmilegt horf á annað borð, er vonandi að henni endist svo lengi aldur, að við endalok hennar þyki litlu máli skifta hverri deild ríkissjóðsins það fje tilheyrði í fyrstu, er hún fjekk til umráða. Því þykir ekki ástæða til að fyrirskipa um neitt sjerstakt reikningshald fyrir Kirkjujarðasjóð framvegis, eftir að hann rennur inn í stofnsjóð veðdeildarinnar.

Um 14. gr.

Í hvert sinn er nýr flokkur hefir verið settur á stofn í veðdeild Landsbankans, hefir verið ákveðið nokkurt tillag úr ríkissjóði til rekstrskostnaðar fyrstu árin. Veðdeild Landbúnaðarbankans er ætlaður samskonar styrkur úr ríkissjóði samkv. 14. gr. Á hún að verða aðnjótandi styrks þessa á þann hátt, að hún fær undanþágu frá að greiða vexti af stofnsjóðnum fyrstu árin, þar til varasjóður hennar er kominn upp í 20% af stofnsjóðnum. Eftir það greiðir veðdeildin 4% vexti af stofnsjóðnum, þó aldrei nema helming tekjuafgangs sins. Á þennan hátt er ætlast til að það verði trygt, að vaxtagreiðsla til ríkissjóðs verði aldrei því til fyrirstöðu, að veðdeildin vaxi og eflist að fjármagni á ókomnum tímum, á sama hátt og Landsbankinn þarf aldrei að greiða í ársvexti af viðbótarstofnfje sínu meira en helming tekjuafgangs sins, sbr. 24. gr. Landsbankalaganna.

Um 16. gr.

Leyft er að gefa út vaxtabrjef alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðsins. Í lögum um Ríkisveðbankann var ekki leyft að gefa út nema áttfalda stofnsjóðsupphæðina, en Ræktunarsjóður má aðeins gefa út sexfaldan stofnsjóð sinn. Þetta lága takmark fyrir heimild Ræktunarsjóðs til útgáfu vaxtabrjefa, hlýtur að stafa af því, að gert hafi verið ráð fyrir talsvert áhættusamari lánum þar en alment gerist um fasteignalánsstofnanir, er aðeins veita lán gegn 1. veðrjetti. Annars mun það varla þekkjast að slíkum stofnunum sjeu svo þröng takmörk sett um útgáfu vaxtabrjefa. Víðast eru takmörkin 8—15 sinnum stofnsjóðsupphæðin, og þó sjaldnast um aðra trygging að ræða en stofnsjóð og varasjóð. Hjer er samábyrgð og ríkisábyrgð í viðbót og því alls engin ástæða til að ætla að neinn efist um að

vaxtabrjefin sjeu trygg, þótt leyft sje að gefa út að minsta kosti áttfalda upphæð stofnsjóðsins.

Um 18. gr.

Hjer er heimiluð ábyrgð ríkissjóðs á bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar. Ríkissjóður hefir þegar tekist á hendur ábyrgð á vaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans, og þar sem ríkissjóðsábyrgð er yfir höfuð orðin viðurkend um allar skuldbindingar Landsbankans og ætlast til hins sama eftir frumvarpi þessu að því er Landbúnaðarbankann snertir, er sjálfgefið að vaxtabrjef veðdeildar Landbúnaðarbankans verða þar ekki undanskilin.

Um 19. gr.

Í 2. málsgrein 19. gr. er heimilað að löggiltar afgjaldskvaðir á fasteignum geti komið í stað veðs, sem trygging fyrir lánum veðdeildarinnar. Er tilgangur þessa ákvæðis einkum sá, að veðdeildinni verði heimilt að veita lán til löggiltra fjelaga, fasteignaeigenda, er hafa með höndum fasteignamannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar o. fl., sbr. 3. lið 1. gr. Ríkisveðbankalaganna. Er hjer átt við lán, sem ekki eru beint trygð með venjulegu fasteignaveði, en þó jafntrygg slíkum lánum, með því að vextir og afborganir af láninu verði lögvarin kvöð á eigninni, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Slík lán eru algeng hjá jarðabótabönkum í Þýskalandi og mjög mikið notuð einmitt til þess að komast hjá því, að áhvílandi veðskuldir verði því til fyrirstöðu, að lán fáist til arðberandi mannvirkja eða umbóta á jarðeignum. Er þessu venjulega svo fyrirkomið, að fjelag það sjálft, sem hefir umbótaverkið með höndum, tekur lánið og stendur sem lántakandi. Það jafnar niður afgjöldum á eignir þær, er njóta góðs af mannvirkinu, eftir lögskipuðum reglum, innheimtir síðan afgjöldin árlega og ver þeim til greiðslu afborgana og vaxta af láninu. En ef vanskil eiga sjer stað, hefir bankinn trygging í afgjöldunum, þar til láninu er lokið.

Auðvitað verða slík fjelög að vera löggilt, stofnuð samkvæmt sjerstakri lagaheimild og háð föstum reglum og eftirliti af hálfu opinberra stjórnarvalda, svo að trygt sje að veðhafar eigna verði ekki fyrir órjettmætu tjóni vegna misnotkunar á fje því, sem ætlað er til umbóta á eignunum. En hjer er ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir slíkum lagafyrirmælum. Hitt er aðalatriðið að hafa starfsvið bankans svo vítt frá byrjun, að hann geti án lagabreytinga haft einnig þessi lán með höndum, þegar að því kemur og önnur skilyrði eru fyrir hendi. En þess mun varla langt að bíða, því að einmitt á þennan hátt verður best komið í framkvæmd mörgum þeim fyrirtækjum og jarðabótum í stórum stíl, sem eru ofviða einum manni, en eigendur margra fasteigna geta verið saman um.

Um 23. gr.

Hjer að framan hefir verið drepið á það, að alls ekki sje hyggilegt að einskorða lán út á jarðeignir við það eitt, að lánið sje ætlað til jarða-

bóta. Sá sem *hefir* gert endurbætur á jörð sinni á engu síður að geta fengið lán en hinn, sem ekki hefir komið slíkum endurbótum í framkvæmd en *ætlar* að verja láninu til jarðabóta.

Hinsvegar er full ástæða til að taka tillit til þess, þegar lánað er út á jarðir, hve mikið fje hefir verið fest í eigninni til umbóta á henni. Tilgangur landbúnaðarbanka, sem er rekinn á ábyrgð ríkisins, er auðvitað fyrst og fremst sá, að jarðabætur og önnur mannvirki, er horfa til framfara fyrir landbúnaðinn, þurfi ekki að stranda á því, að hentug lán fáist eigi til slíkra fyrirtækja. En síst af öllu er ástæða til að stuðla að því með hagkvæmum lánveitingum á kostnað ríkisins, að skuldir hlaðist á jarðir án þess að neinu hafi verið til þeirra kostað. Slíkt gæti leitt til óhollrar verðhækkunar á jarðeignum og skapað betri skilyrði fyrir jarðabraskara, án þess að koma þeim að gagni, sem nota jarðirnar til frambúðar. Það er auðveldara að skrúfa verðið upp, þegar mikið af kaupverðinu má borga aðeins með yfirfærslu áhvílandi skulda. Og þó að engir fasteignabraskarar eigi hlut að máli, er það síður en svo æskilegt að jarðir hækki í verði, hvort heldur er af þessum ástæðum eða öðrum. Gróðinn lendir þá í vasa þeirra manna, er voru svo heppnir að eiga jarðirnar þegar verðhækkunin átti sjer stað, en þungar byrðar lenda á þeim, sem eiga að nota eignirnar til gagns og gengis sjálfum sjer og þjóðfjelaginu í heild sinni. Á þann hátt getur vel farið svo að fasteignalánsstofnun, með því að veita rífleg lán út á jarðeignir án tillits til þess, hvort nokkru verulegu hefir verði varið til umbóta á þeim, vinni á móti sínu eigin ætlunarverki og leggi nýjan stein í götu þeirrar atvinnugreinar, er henni var ætlað að styðja til aukinnar framleiðslu og farsældar.

En spurningin er þá þessi, á hvern hátt bankinn geti best trygt það, að lán hans komi sem mest að notum fyrir fasteignirnar sjálfar, sem lánað er út á, eða með öðrum orðum komið í veg fyrir það, að skuldir hlaðist á eignirnar, án þess að þær batni eða aukist að sönnu verðgildi að sama skapi.

Auðvitað ætti bankastjórn jafnan að grenslast eftir því, til hvers lánin eru ætluð, og láta þau lán sitja fyrir, sem mest gagn má verða að. En þetta er varla nægilegt, og því eru ákvæði 23. gr. tekin upp í frumvarpið. Þar er bankastjórn vísað á leið til þess að koma í veg fyrir að lán bankans verði yfirleitt til þess að hlaða veðskuldum á eignirnar, án þess að þær hafi að minsta kosti fengið svo miklar umbætur vegna mannaverka, er svarar til lánsins. Slík regla ætti að hafa áhrif í þá átt, að örfa til mannvirkja og draga úr þeirri hættu, að bankinn hjálpi fasteignasölum og öðrum til að skrúfa verð jarðeigna upp að ástæðulausu, til niðurdreps fyrir landbúnaðinn, án þess að neinu sje varið til þess að gera eignirnar nothæfari en náttúran og forfeðurnir hafa skilað þeim í hendur núverandi kynslóðar.

Um 28. gr.

Öllum föstum, árlegum afborgunum af lánum samkvæmt lánssamningum skal varið til innlausnar vaxtabrjefa, eins og verið hefir hjá veð-

deild Landsbankans. En hjer er það ákvæði tekið upp úr veðbankalögunum, að aukaafborgunum, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, að sjálfsögðu með sömu vöxtum og hin afborguðu lán voru og eigi til lengri tíma en svo, að hin nýju lán verði endurgreidd að fullu þegar önnur lán sama flokks eiga að vera fullgreidd. Með þessu er í engu gengið á rjett eigenda veðvaxtabrjefanna, því að brjef þeirra verða innleyst smátt og smátt á þeim tíma, sem til var ætlast í fyrstu og samið um.

Það virðist því ekki neitt athugavert gagnvart eigendum vaxtabrjefa, þó að bankanum sje heimilt að verja aukaafborgunum í peningum til nýrra útlána, í stað þess að draga inn samsvarandi upphæð vaxtabrjefa. En þetta getur verið hagnaður fyrir bankann, þó að litlu muni, og sömuleiðis fyrir nýja lántakendur ef svo stendur á, að ný vaxtabrjef verði eigi seld með jafngóðum vaxtakjörum og hin gömlu, á þeim tíma er hið nýja lán er veitt. Því er ástæða til að taka upp í lögin ákvæði í þessa átt, enda er það algengt hjá útlendum veðlánastofnunum, að aukaafborgunum í peningum sje þannig varið, t. d. er það svo hjá „Credit foncier“ og hjá þýskum veðbönkum.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru tekin upp úr síðustu málsgrein 29. gr. veðbankalaganna. En vegna þess að þau voru nýmæli í þeim lögum, þykir ástæða til að gera nokkra grein fyrir þeim hjer.

Þegar bankinn hefir orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign, eftir tilraun til uppboðssölu, er ætlast til þess að veðskuldin verði greidd úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikill hluti hennar, að eftirstöðvar lánsins verði eins vel trygðar og lán bankans eru yfirleitt. Ákvæðin um þetta í frumvarpinu eru í höfuðatriðum sniðin eftir því, sem tíðkast í dönskum veðlánsfjelögum.

Ef þannig verður ástatt aðeins um eina og eina eign, er engin hætta á ferðum, og mætti ætla varasjóði að greiða veðskuldina upp að fullu. En nú verður að gera ráð fyrir að meiri örðugleika kunni að bera að höndum í þessu efni en svo, að varasjóður veðdeildar hrökkvi til að greiða veðskuldir á öllum þeim eignum, er bankinn hefir orðið að taka að sjer í bili. Slíkt getur komið fyrir á krepputímum þegar fasteignir falla í verði eða verða lítt seljanlegar, ef til vill um nokkurra ára bil. Þá er nauðsynlegt að bankinn geti haft einhver úrræði til þess að bíða með eignirnar, í stað þess að selja þær þegar fyrir hvað sem býðst. Og þótt varasjóður nægði til þess að greiða lánin upp, væri það oftast ekki hyggilegt, því að erfiðara mundi að selja eignina eftir að hún væri orðin veðbandalaus, heldur en ef kaupverðið yrði greitt að miklu leyti með yfirfærslu áhvílandi lána.

Af þessum ástæðum getur það verið mjög varhugavert, að gera bankanum að skyldu að greiða lánið upp, eða innleysa bankavaxtabrjef eins og nemur allri upphæð lánsins. Enda er alveg ástæðulaust að gera slíkar kröfur. Skuldheimtumönnum veðdeildar, þ. e. eigendum vaxtabrjefa hennar, má alveg á sama standa þótt lánið verði látið halda áfram að

hvíla á eigninni, aðeins ef því er komið í það horf, að af því stafi engin hætta fremur en öðrum lánum bankans. Því verður að setja ströng ákvæði um það, að bankinn geti eigi látið slík veðlán í óreiðu hrúgast saman og haldið samt áfram að telja veðskuldir þær fullgildar, sem ástæða er til að ætla að sjeu tapaðar að nokkru leyti. En ef það er trygt, að slíkt komi ekki fyrir, er ástæðulaust og hættulegt að gera enn strangari kröfur og neyða bankann til að borga upp að fullu veðskuldir á þeim eignum, sem hann hefir orðið að taka við.

Við þetta eru ákvæði 36. gr. miðuð. Er ætlast til að þau sjeu fulltryggileg í þessu efni, en hinsvegar eigi strangari en þörf er á.

Um 39. gr.

Heimild veðdeildarinnar til þess að gefa út bankavaxtabrjef með happvinningum, er tekið upp úr veðbankalögunum. En með því að slík bankavaxtabrjef hafa ekki þekst hjer á landi fyrri, er ástæða til að gera nokkra grein fyrir þeim hjer. Er handhægast að taka upp þann kafla úr athugasemdunum við Ríkisveðbankalögin, er fjalla um þetta efni. Þar segir svo:

„Spurningin er fyrst og fremst sú, hvernig hinn væntanlegi fasteignabanki geti dregið til sín sem mest af innlendu fje, hvað sem líður hinu útlenda fjármagni.

Í þessum tilgangi er sjálfsagt árangurslaust að bæta við tryggingar veðvaxtabrjefanna. Veðdeildarbrjef Landsbankans eru trygg og alment talin að vera það, það er því alls ekki tryggingin sem stendur í vegi fyrir sölu brjefanna.

Auðvitað má gera brjefin útgengileg með því að hækka vexti þeirra. En það má ekki gera úr hófi fram, því að eitt af aðalætlunarverkum fasteignabanka er að sjálfsögðu að útvega sem ódýrust fasteignalán. Vextir veðdeildarbrjefanna hafa verið svo háir, þegar miðað er við venjulega tíma eða það, sem átti sjer stað síðustu árin á undan heimsstríðinu, að hækkun vaxtanna hefði gert veðlánin ósanngjarnlega dýr. Veðdeildarbrjefavextirnir voru heldur hærri en gerist um samskonar brjef í öðrum löndum, og hærri en sparisjóðsvextir hjer á landi á þeim tíma, svo að þau hefðu átt að geta selst þessvegna.

Til þess að slík brjef eins og veðdeildarbrjefin verði eftirsótt hjer á landi og nái almenningshylli, þarf eitthvað meira að koma til, eitthvað sem gerir brjefin sjálf girnileg fram yfir það að ávaxta fje sitt í bönkum eða sparisjóðum. Ef hægt væri að gera veðvaxtabrjef svo úr garði, að almenningur keptist við að eignast eitthvað af þeim og jafnvel vildi leggja á sig aukinn sparnað til þess að geta eignast þau, þá væri tvöfalt gagn að þeim. Fyrst það að fje fengist til fasteignalána, til gagns og framfara í landinu, og hitt í viðbót, að þau stuðluðu að aukinni sparsemi.

Nú vill svo vel til, að til er eitt ráð, sem notað hefir verið í öðrum löndum og gefist vel, til þess að ná þessum tvöfalda tilgangi. Það er að gefa út veðvaxtabrjef með happvinningum, þannig að eigendur brjefanna

fái fyrst og fremst árlega vexti af brjefum sínum og ákvæðisverð þeirra að síðustu, þegar þau verða dregin út til innlausnar, en hafi auk þess möguleika til þess að hljóta stórgróða við útdrátt happvinninga, sem árlega fer fram og eigendur brjefanna taka þátt í án nokkurra beinna útgjalda fyrir þá. Ef t. d. sá. sem á 100 kr. vaxtabrjef, veit það, að ef hepnin er með getur hann fengið brjef sitt innleyst með 1000 kr., 10000 kr. eða jafnvel meira, er engin furða þó að honum þyki slíkt brjef giftuvænlegra en að eiga 100 kr. í sparisjóði, og leggi því meira á sig til þess að eignast það en til að eignast sparisjóðsbók með sömu upphæð. Möguleikinn til þess að hljóta stórgróða af brjefinu við happvinningaútdráttinn, einhverntíma á þeim árum eða áratugum, sem því er ætlað að vera í gildi, er nýr eiginleiki við brjefið, fram yfir allar aðrar aðferðir til að ávaxta fje sitt, sem vekur athygli og laðar að sjer peninga, jafnvel það fje, sem annars hefði orðið að eyðslufje, ef ekki væri þessi sjerstaka gróðavon til þess að hvetja til sparseminnar. Einmitt þetta, hve verðbrjef með happvinningum eru vænleg til þess að auka sparsemi í landinu, auk þess sem með þeim er miklu auðveldara en á nokkurn annan hátt að safna saman fje í því augnamiði, sem um er að ræða í hvert sinn, hefir orðið til þess að á síðari árum hefir notkun þeirra farið mjög í vöxt, (sbr. t. d. ríkislán Svía 1919, að upphæð 100 milj. kr., alt fengið gegn ríkisskuldabrjefum með happvinningum).

Reyndar er þessi aðferð síður en svo ný, að því er vaxtabrjef snertir. Merkasti veðbanki heimsins, „Credit foncier“ í Frakklandi, hefir ávalt notað þessa aðferð og jafnan gefist svo vel, að hann hefir aldrei þurft annað en gefa út nýja flokka happvinningabrjefa til þess að hafa nægu fje úr að spila. Aðeins tveir af þeim vaxtabrjefaflokkum, er bankinn hefir nú (1920) í umferð, eru án happvinninga. Síðast 1917 var gefinn út nýr flokkur brjefa, að upphæð 600 milj. franka, þar sem hæsti árlegur vinningur er 500.000 fr. og margir smærri vinningar. Alls úthlutar bankinn yfir 6000 vinningum á hverju ári, samtals að upphæð kringum 20 milj. franka.

Nú munu menn spyrja, hvaðan fje það eigi að koma, sem varið er til happvinninganna. Því að augljóst er að bankinn getur ekki greitt alt þetta fje án þess að fá það endurgoldið einhversstaðar frá. Þessu er þannig varið, að bankinn lætur skuldunauta sína greiða nokkuð hærri vexti en þörf væri á eftir vaxtahæð bankavaxtabrjefanna, og þeim mismun er varið til vinninganna. Setjum svo að vextir af brjefunum sjeu 4% og ½% þurfi til reksturkostnaðar bankans. Þá gæti bankinn lánað út gegn 4½% vöxtum. Ef sala brjefana gengur illa á þennan hátt, hækkar hann útlánsvextina um t. d. 1%. En í stað þess að hækka jafnframt vexti af vaxtabrjefunum, lætur hann þá vera óbreytta, en safnar saman þessum 1% í sjóð, sem svo er varið til happvinninga á hverju ári. Ef bankinn selur 10 milj. kr. af slíkum brjefum, getur hann þá árlega varið 100 þús. kr. til happvinninga. Og reynslan sýnir að lántakendur fá betri lánskjör á þennan hátt en þótt vaxtaaukningunni af lánum þeirra hefði verið varið til að hækka vextina af veðvaxtabrjefunum. T. d. seljast 10 milj. kr. í brjefum betur með 4% vöxtum og 100 þús. kr. í happvinningum, en sama upphæð brjefa með 5%

vöxtum og engum happvinningum. Fje það sem þarf til vinninganna, ber því að skoða eins og kostnað við lánið, er lántakendur að sjálfsögðu verða að greiða bankanum sem aukna vexti. En þessum kostnaði er vel varið, því að annars yrði að hækka vextina enn meira til þess að vaxtabrjefin seldust eins vel.

Að þessari aðferð má finna það, og hefur verið fundið, að þetta sje „lotteri", en það orð hljómar ekki vel í eyrum manna. Og því verður ekki neitað, að hjer sje um eina tegund fjárspils að ræða. En það er sú tegund þess, sem er ekki aðeins meinlausust, heldur gagnlegust allra fjárspila, sem þekkjast. Hjer er ekki verið að leiða menn til þess að eyða fje sínu til einskis, í von um hæpinn ávinning, heldur til að spara saman fje, sem þeir fá áreiðanlega aftur með vöxtum, auk þess sem þeir geta fengið það margfaldlega endurborgað, ef hepnin er með. Spilalöngun manna og gróðafýsn er notuð til þess að hrinda áleiðis góðum málefnum, sparsemi þeirra sjálfra og framförum þeim í landinu, er krefjast hagstæðra fasteignalána til þess að geta komist í framkvæmd.

Þegar þetta er athugað, virðist ekki vera varhugavert að leggja til, að fasteignabanki hjer á landi noti þessa aðferð til þess að gera vaxtabrjef sín aðlaðandi fyrir almenning. Því að ætla má, að hún gefist eins vel hjer á landi eins og annarsstaðar, þar sem hún hefir verið reynd.

Þó er ekki ætlast til þess að bankinn gefi eingöngu út vaxtabrjef með happvinningum. Sumir mundu síður vilja kaupa slík brjef, en óska fremur eftir vinningalausum brjefum með hlutfallslega hærri vöxtum. Þá er ekkert því til fyrirstöðu, að slík brjef væru seld jafnframt hinum, þeim er þess óska. Og ef samið væri um sölu brjefa til útlanda, stórar upphæðir í einu, mundi oftast vera heppilegra að þau brjef væru ekki með happvinningum, en með þeim mun hærri vöxtum. Reynslan sker best úr því, hvað við á í þessu efni í hverju tilfelli.

Það má nú sjálfsagt búast við röddum í þá átt, að hjer sje um að ræða fjárspil, sem ríkisstofnun eins og veðbanki Íslands á að verða, geti ekki sóma síns vegna tekið þátt í. En þessu má svara með því einu, að það sem „Credit foncier" hefir tíðkað um meira en hálfa öld, og mörg ríki, svo sem Svíaríki o. fl. hafa gripið til, getur varla talist vanvirða fyrir nýstofnaðan veðbanka á Íslandi. Sóma landsins vegna getur því ekkert verið því til fyrirstöðu, að þessi sama aðferð verði notuð hjer, ef það þykir að öðru leyti ráðlegt og vænlegt til þess að bæta úr því meini, sem hingað til hefir staðið veðlánsstofnunum landsins fyrir þrifum. En til þess verður varla bent á vænlegra ráð.

Þær skoðanir á þessu máli, sem hjer hefir verið lýst, eru nú að ryðja sjer til rúms víða utanlands. Sjerstaklega hafa menn haft það í huga sumstaðar á Norðurlöndum að nota vaxtabrjef með happvinningum einmitt í sama tilgangi og hjer er stungið upp á, til þess að afla innlends fjármagns til fasteignalána. Tillaga um þetta kom fram frá stjórn „Konungariket Sveriges Stadshypotekskassa" í Stockhólmi 1912, en komst þá ekki í framkvæmd vegna mótspyrnu þingsins. Síðan hefir þingið breytt skoðun um

þetta mál, því að ríkið sjálft hefir gefið út vaxtabrjef með happvinningum, að upphæð 100 milj. kr., eins og áður er getið, og sennilega verður þá veðbönkunum leyft að hafa sömu aðferð. Hjer skal tekið upp í íslenskri þýðingu áðurgreint álit stjórnar „Konungariket Sveriges Stadshypotekskassa", frá 26. mars 1912, því að greinargerð sú, sem þar kemur fram, virðist eiga alveg eins vel við hjer á landi.

Álit þetta er þannig:

„Með því að mjög litlar líkur eru til þess að „Konungariket Sveriges Stadshypotekskassa" geti fyrst um sinn eða í náinni framtíð fengið útlent fje með sölu vaxtabrjefa, en þar sem hinsvegar mikil eftirspurn er stöðugt eftir fasteignalánum, sem veðbankinn verður að telja skyldu sína að fullnægja eftir ítrustu getu, virðist alt mæla með því að bankinn reyni sem fyrst að fá *innlent* lánsfje svo sem unt er. Því fremur ber að reyna þetta, þar sem svo margar raddir heyrast í þá átt, að það sje mjög varhugavert hve veðbönd á eignum til útlendinga fari vaxandi, og að æskilegt væri að í þess stað væri leitað eftir innlendu fje.

Nú er það samt sem áður augljóst, að eins og stendur og sjálfsagt um langan tíma hjer eftir, er óhugsandi að selja til muna innanlands veðvaxtabrjef af þeirri tegund, sem til greina getur komið fyrir veðbankann, nfl. 3½% eða 4% brjef, þegar auðvelt er að koma út fje með hærri vöxtum og nægri tryggingu.

Með tilliti til þessa leyfum vjer oss hjer með að leggja til, að veðbankanum verði heimilað að nota þá aðferð við lántökuna, sem um langan aldur hefir verið notuð með góðum árangri í öðrum löndum, sjerstaklega í því landinu, sem með rjettu er talin eftirbreytnisverð fyrirmynd í almennri sparsemi og hagsýni, nfl. Frakklandi, en aðferð þessi hefir þar sjerstaklega verið notuð af þeirri stofnun, er hefir það ætlunarverk, að veita lán út á fasteignir og til sveitar- og bæjarfjelaga, „Credit Foncier de France".

Þessi lánsaðferð er þannig, að út eru gefin vaxtabrjef, sem ekki aðeins gefa tiltekna árlega vexti, t. d. 3%, en taka auk þess þátt í útdrætti, sem fer fram á hverju ári, og eru þar dregin út þau númer brjefanna, er hljóta skulu mismunandi háa happvinninga.

Búast má við þeirri mótbáru gegn þessari lánsaðferð, að hjer sje verið að færa sjer í nyt tilhneigingu manna til af afla sjer fjár í skyndi og án nokkurrar verulegrar fyrirhafnar, en sú tilhneiging er enganvegin siðferðislega rjettmæt, þótt hún sje skiljanleg, sjerstaklega hjá efnalitlu fólki. Það er og augljóst, að þegar þessi tilhneiging kemur mönnum, og einkum þeim efnaminstu, til þess að hætta fje sínu í reglulegt lotteri, hefir hún að sjálfsögðu skaðlegar afleiðingar. En þegar sama tilhneiging verður til þess að menn kaupi vaxtabrjef með happvinningum, af þeirri tegund sem hjer að framan er getið, er hún ómótmælanlega fjárhagslega gagnleg, því að því meira sem einhver kaupir af slíkum vaxtabrjefum, því meira verðmæti hefir hann sparað saman handa sjer og sínum. Á móti þessu má segja það, að ef sami maður hefði í þess stað keypt t. d. trygg 5% vaxtabrjef, mundi hann oftast hafa sparað saman ennþá meira. Þetta er satt að vísu, en þeir sem þekkja

mannlegan breyskleika alment í þessu efni og sjerstaklega hins ósparsamari hluta af þjóð vorri, geta þar til svarað, að langmestur hluti þess fjár, sem kann að verða varið til að kaupa vaxtabrjef með happvinningum hefði alls ekki verið notaður til að kaupa 5% almenn-vaxtabrjef eða á neinn viðlika arðvænlegan hátt, heldur hefði fje þetta þvert á móti í mörgum tilfellum verið notað til þess að kaupa útlenda lotteriseðla eða líklega oftast blátt áfram verið eytt til einkis gagns.

Það er ástæða til að ætla, að notkun vaxtabrjefa með happvinningum eins og hjer hefir verið lýst í aðalatriðum, mundi hjer á landi verða öflug lyftistöng til aukinnar sparsemi, einkum hjá hinum efnaminsta hluta þjóðarinnar, þar sem sparnaðar er mest þörf, og árangurinn mundi verða mjög góður hjer, alveg eins og hann hefir reynst í Frakklandi.

Vaxtabrjef með happvinningum eru gjörólík lotteriseðlum í þessu tvennu, að höfuðstóll vaxtabrjefanna verður ávalt endurgreiddur og að eigandi fær auk þess sæmilega háa vexti af fje sínu".

Um 40. gr.

Hjer er ríkisstjórninni heimilað að taka lán erlendis til að kaupa vaxtabrjef veðdeildarinnar, alt að 2 milj. kr. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild, þar sem búast má við því, einkum fyrst í stað, að veðdeildinni gangi treglega að afla fjár innanlands. Veðdeild Landsbankans hefir á síðari árum notið samskonar stuðnings frá ríkinu, í stórum stíl, og er sjálfgefið að veðdeild Landbúnaðarbankans er ekki ver að því komin að njóta slíkra hlunninda.

Um IV. KAFLA.

Bústofnslánadeild.

Sparisjóðsdeild bankans, ásamt rekstrarlánafjelögum, samkvæmt sjerstökum lögum, er ætlað að fullnægja þörf landbúnaðarins fyrir viðskifta- og rekstrarlán til stutts tíma. Veðdeildin aftur á móti annast eingöngu lán út á fasteignir til langs tíma.

En með þessu tvennu er eigi að fullu leyst úr vandræðum landbúnaðarins, að því er snertir lánsfje til búreksturs. Ein tegund lána liggur þar á milli, lán sem þurfa að vera til svo langs tíma, að sparisjóðsfje, sem jafnan á að vera laust fyrir, verður eigi notað til þeirra, en hinsvegar hvorki um fasteignatrygging að ræða nje þörf á að lánin standi svo lengi, sem fasteignalán gera venjulega. Er hjer átt við lán þau, sem bændur og aðrir þeir er landbúnað stunda, einatt þurfa á að halda til þess að koma upp bústofni eða til að auka bústofn þann, er þeir eiga fyrir.

Það er alkunnugt, að bændur gera sjer oft tjón með því að hafa minni bústofn en jarðir þeirra geta borið. Breytt aðstaða, skortur á vinnuafli og dýrleiki framleiðslunnar, veldur að vísu nokkru um að nú eru víða

eigi nytjuð lönd, sem áður hafa þótt nothæf til slægna, og er oft eigi arðvænlegt að ganga eins nærri jörðum að þessu leyti eins og stundum hefir verið gert fyrrum. En hitt er einnig algengt, að jarðir eru ver nytjaðar til fóðuröflunar en skyldi, af þeirri ástæðu að menn skortir fjármagn til þess að hafa svo mikinn rekstur og svo stóran bústofn sem æskilegt væri. Vandkvæði í þessu efni fara vaxandi eftir því sem bændum verður meira liðsint með hagkvæmum lánum til aukningar og ræktunar og stuttum lánum til viðskifta og árlegs reksturs. Til hvers ætti að auka ræktun og afla meira og meira fóðurs, ef fjármagn vantar til þess að auka bústofninn að sama skapi. Það er augljóst, að slíkt væri verra en tilgangslaust. Og það er jafn augljóst að svo mundi fara fyrir mörgum. Það hefir hingað til verið algengt, að fjárskortur hefir neytt menn til að hafa bústofn sinn af skornum skamti, og þetta verður enn tíðara framvegis, ef mönnum er sjeð fyrir fjármagni til ræktunar og fóðuröflunar ,án þess að gera þeim um leið kleift að festa fje í auknum bústofni.

Bústofnslánadeildinni er ætlað að hafa þetta sjerstaka hlutverk með höndum. Lán í þessu augnamiði verða að vera til svo langs tíma, að bústofninn eða bústofnsaukinn geti endurgreitt lánið sjálfur, þ. e. gefið af sjer sem svarar vöxtum og afborgunum af láninu, auk árlegs reksturskostnaðar. En til þess verður lánið að standa lengur en svo að sparisjóðsfje verði notað til slíkra lána, nema þá að litlu leyti. Því er það ráð tekið samkvæmt frumvarpinu, að afla fjármagns í þessu augnamiði með sölu vaxtabrjefa, á sama hátt eins og gert er alment um fasteignalán. Ef almenningur þykist geta treyst því, að vaxtabrjef bústofnslánadeildar sjeu trygg, ætti ekkert að vera til fyrirstöðu sölu þeirra, fremur en annara vaxtabrjefa. Þvert á móti þætti það kostur, að þessi brjef yrðu innleyst innan mikið styttri tíma en önnur bankavaxtabrjef, svo að fjeð yrði ekki eins fast í þeim eins og annars tíðkast um vaxtabrjef. Með viðlíka háum eða lítið eitt hærri vöxtum ættu því bústofnslánabrjef að seljast jafnvel betur, aðeins ef þau eru talin trygg. Og með varlegum útlánsskilyrðum, álitlegum tryggingarsjóði og ábyrgð ríkisins, er ekki annað sjáanlegt en að menn mundu telja óhætt að treysta því, að fje þeirra í slíkum brjefum væri í enga hættu lagt, svo að þau gætu selst þessvegna.

Um 41. gr.

Það er að sjálfsögðu álitamál, hve stór stofnsjóður deildarinnar þarf að vera. Fer það fyrst og fremst eftir því, hve mikið fje álitið er að þurfi að vera í bústofnsútlánum í einu. Meira en áttfalda upphæð stofnsjóðsins eða tryggingarfjárins getur varla komið til mála að gefa út í vaxtabrjefum. Stofnfje að upphæð 1 milj. kr. mundi þá svara til veltufjár alt að 8 milj. kr. Ef til vill er það óþarflega stór upphæð. Um það verður ekki sagt fyrirfram, en talsverð ástæða er til að ætla, að einmitt þessi tegund lána verði mjög mikið notuð og þörf fyrir mikið fje í þeirri deild bankans. Þykir því varla fært að leggja upp með minni stofnsjóð en 1 milj. kr. En þyki það eigi líklegt að útlánsfje þurfi að vera 8 milj. væri ef til vill tryggara að takmarka t. d. við sexfalda sjóðsupphæðina, í staðinn fyrir hana áttfalda.

Þar sem stofnsjóðurinn er fyrst og fremst tryggingarsjóður, mætti að því leyti á sama standa, þótt hann væri allur lagður bankanum út í tryggum skuldabrjefum. En stofnsjóðinn má ávaxta í vaxtabrjefum deildarinnar sjálfrar og þannig nota hann sem veltufje. Til þess kemur hann ekki deildinn að gagni nema að því leyti sem hann verður lagður út í handbæru fje. Hjer er lagt til að deildin fái 50 þús. kr. á ári úr ríkissjóði í þessu augnamiði, um 6 ára bil eftir að bankinn verður stofnaður, og er það nokkur stuðningur fyrir deildina til þess að komast af stað með.

Um 43. gr.

Eins og áður er sagt, gæti ef til vill þótt tryggilegra, að binda upphæð vaxtabrjefa við sexfalda upphæð stofnsjóðs. En varla er ástæða til að fara svo varlega í sakirnar. Alt veltur á því að almenningur hafi traust til brjefanna. Að vísu mundu menn telja búfje yfirleitt lakari tryggingu en fasteignir. En þar, sem ætlast er til, að aldrei verði lánað meira út á búfjárveð en hálft andvirði þess eftir verðlagsskrá, og þar við bætist sameiginleg ábyrgð alt að 10% af lánum, stofnsjóðstrygging og að síðustu ábyrgð ríkissjóðs, er varla hætta á að menn efist um tryggileika vaxtabrjefanna, þótt stofnsjóður nemi eigi meiru en ⅛ af upphæð brjefanna.

Ákvæðin um það, hve lengi hver flokkur má vera opinn og hvenær innlausn hvers flokks skal vera lokið, standa í sambandi við útlánstímann. Ef útlánstíminn er 10 ár, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verður öllum lánum sama flokks lokið innan 10 ára frá lokun flokksins. Það svarar til 15 ára frá því flokkurinn er opnaður, ef honum er haldið opnum í 5 ár, og við þetta eru miðuð ákvæði greinarinnar um innlausnartíma vaxtabrjefanna. Má þannig ákveða fyrirfram, hvaða ár vaxtabrjef hvers flokks verða innleyst að fullu í síðasta lagi.

Um 44. gr.

Sameiginleg ábyrgð lántakenda, alt að 10% af lánum þeirra, hefir þegar unnið hefð hjer á landi, þegar um veðdeildarlán til langs tíma er að ræða. Ber ekki á öðru en lántakendur sætti sig vel við þessa takmörkuðu samábyrgð nú orðið, þótt nokkur óánægja væri yfir henni í fyrstu. Enda verður það alls ekki með rjettu kallað óeðlilegt eða ósanngjarnt, að nokkur samábyrgð eigi sjer stað á útlánum þeirra veðlánabanka, sem haga rekstri sínum alveg eins og veðlánafjelög að því leyti, að starfsemin færir stofnuninni sjálfri engan gróða, þar sem lántakendur fá lán sín með kostnaðarverði.

Þegar lög um stofnun Ríkisveðbanka voru sett, þótti ekki fært að ætla lántakendum bankans að bera neina sameiginlega ábyrgð á lánunum. En ástæðan til þess var aðallega sú, að þar var gert ráð fyrir gersamlega ólíkum tegundum lána í sama flokki, þar sem veðbankinn átti að vera eina veðlánastofnun landsins, jöfnum höndum fyrir bændur, kaupstaðarbúa, sjávarútvegsmenn o. fl. Um Landbúnaðarbankann er öðru máli að gegna. Í hverri deild hans taka aðeins þátt þeir landbændur, er stunda sömu atvinnugrein

og hafa að miklu leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar er samábyrgð ekki eins athugaverð og verið hefir í Ríkisveðbankanum. Þykir því rjett að halda þeirri samábyrgðarstefnu, sem menn hafa þegar vanist í veðdeild Landsbankans, og láta samábyrgðina gilda bæði í fasteignaveðdeild Landbúnaðarbankans og búfjárveðdeild hans. Þar sem hin sameiginlega ábyrgð er takmörkuð við 10% af skuld hvers lántakenda, er heldur ekki um svo alvarlega áhættu að ræða fyrir hvern einstakan, að ástæða sje til að óttast að menn fráfallist lántökur af þeirri ástæðu.

Tryggingum fyrir vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er annars alveg eins varið og tryggingum veðdeildar bankans, þar á meðal ríkissjóðs, sem áður er talað um. Mun því eigi þörf á að gera frekari grein fyrir ákvæðum 44. gr.

Um 45. gr.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er afmarkað ætlunarverk bústofnslánadeildar og nægir um það að vísa til þess, sem tekið er fram hjer að framan, þar sem grein er gerð fyrir tilgangi deildarinnar.

Upphæð lána er bundin við helming af verði hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Er bæði tryggilegra og kostnaðarminna að miða við verðlagsskrárverð, en sjerstaka virðingu í hvert sinn.

Aðalhættan við að taka gilt veð í búfje, stafar að sjálfsögðu af sjúkdóma- og slysahættu, og einkum þó hinu, að fje kunni að falla vegna fóðurskorts. Er sjálfgefið að krefjast þess að veðsett búfje sje vátrygt gegn sjúkdóma- og slysahættu, ávalt þegar slík trygging er fáanleg. Samkvæmt lögum um búfjártryggingar má vátryggja gegn slíkri hættu kýr og kynbótagripi, en yfirleitt eigi hesta nje sauðfje. Vátryggingarhæft búfje verður samkvæmt frumvarpinu eigi tekið að veði, nema vátrygt sje, og ætti bústofnslánadeildin þannig að flýta fyrir því að búfjártryggingarsjóðir verði stofnaðir samkvæmt hinum nýju lögum um búfjártryggingar.

En auk sjúkdóma- og slysahættu vofir ávalt sú hætta yfir búfje hjer á landi, að það falli eða rýrni í verði vegna fóðurskorts þegar illar árar. Að vísu mun hætta á almennum fóðurskorti fara stöðugt minkandi, einkum þar sem bændur hafa stofnað með sjer fjelagsskap í þeim tilgangi að tryggja sjer fóðurforða til vara þegar á liggur, og til eftirlits með fóðurbirgðum fjelagsmanna. Slíkum fjelögum hefir verið komið á fót á nokkrum stöðum, en altof óvíða, því að vafalaust verður á engan annan hátt komist nær því að útiloka þá hættu fyrir landbúnaðinn, er leitt getur af horfelli og öðru tjóni, er stafað getur af fóðurskorti.

Í frumvarpinu er beint bannað að veita lán út á búfje, nema eigandi þess sje fjelagi í fóðurbirgðafjelagi, sem bankastjórn tekur gilt. Er ætlast til þess að bústofnslánadeildin á þennan hátt geri tvöfalt gagn, með því að gefa mönnum kost á hæfilegum lánum út á búfje, sem trygt er gegn fóðurskorti, og þannig um leið stutt að því að fjelagsskap til eftirlits og tryggingar í þeim efnum verði sem víðast komið á fót.

En auðvitað er lítið gagn í slíkum fjelagsskap, ef honum er aðeins

komið af stað til málamynda, t. d. til þess að fullnægja þessu lántökuskilyrði í bústofnslánadeild. Til þess að koma í veg fyrir þesskonar fjelagsstofnanir til málamynda, er bankastjórn gefin heimild til að krefjast þess, að meðlimir hvers fjelags ábyrgist allir sameiginlega það tjón, er deildin kann að verða fyrir vegna fóðurskorts þess búfjár, er hún hefir að veði frá fjelagsmönnum.

Um 46. og 47. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því að gera bankastjórn auðvelt eftirlitið með því að veðsett búfje sje jafnan fyrir hendi, og að lánum deildarinnar sje varið eins og til var ætlast. Þurfa þau atriði varla skýringar við.

Um 49. gr.

Það er að sjálfsögðu álitamál, til hve langs tíma bústofnslánin ættu að vera. Hjer er gert ráð fyrir 10 árum og ætlast til að sá afborgunartími sje nógu langur til þess að afrakstur af búfjenu nægi til greiðslu árlegra afborgana, auk fóðurkostnaðar og annars viðhalds. Þó verður að vera heimilt að hafa lánin afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Stafar það af því, að oftast mundi hagkvæmasta aðferðin til bústofnsaukningar vera sú að ala upp ungviði af sama stofni og bóndinn hefir fyrir, t. d. setja á lömb, sem annars hefði orðið að farga til greiðslu reksturskostnaðar búsins. En slíkur bústofnsauki gefur eigi arð fyr en ungviðið er vaxið upp og komið til fullra nytja. Vextir og afborganir mundu þá greiðast í fyrsta sinn í lok annars árs og skuldin þannig afborgast með 9 árgjöldum. Ætti sá tími undir flestum kringumstæðum að nægja til þess að árlegar afborganir verði ekki of þung kvöð á lántakanda. Hinsvegar æskilegt að menn sjeu neyddir til að afborga slík lán svo ríflega sem fært þykir, því að svo best verða lánin til raunverulegra hagsbóta og eignaaukningar fyrir lántakandann. Komið gæti þó til mála að bæta t. d. 2 árum við lánstímann, leyfa lán alt að 12 árum, ef ástæða þykir til að óttast að 10 ár sje of stuttur tími.

Um 51. gr.

Í þessari grein eru gerðar nauðsynlegar undanþágur frá almennum lagaákvæðum um lausafjárveð, þegar bústofnslánadeild á í hlut. Að öðrum kosti yrði veði á búfje til bankans alls eigi komið fyrir á tryggilegan hátt. Það virðist heldur eigi að neinu leyti varhugavert að gera slíkar undanþágur um þessa tegund lána. Enginn skuldheimtumaður getur með neinni sanngirni kvartað yfir því, þó að lán, sem eingöngu eru notuð til að kaupa bústofn eða auka við bústofn lántakanda, sjeu trygð með veði í bústofninum sjálfum, án þess að neinir aðrir geti þar fengið betri rjett.

Um 52. gr.

Svo framarlega sem telja má að bústofnslánadeild muni bæta úr knýjandi þörf fyrir þá tegund lána, sem þar ræðir um, engu síður en t. d. veðdeild Landsbankans og Landbúnaðarbankans um lán þau, sem þær

deildir hafa með höndum, er engu síður ástæða til að ríkissjóður styðji bústofnslánadeildina til þess að komast á stað með starfsemi sína, með útvegun reksturfjár á sama hátt og ríkissjóður gerir fyrir veðdeild Landsbankans. Hjer er ætlast til að ríkissjóður útvegi deildinni lánsfje að upphæð 1½ milj. kr. og mun það síst geta talist of mikið, ef svo mikið gagn verður að deild þessari fyrir landbúnaðinn, sem ástæða virðist til að vonast eftir.

Um V. og VI. KAFLA.

Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður.

Þessir sjóðir halda sjer að fullu með öllum þeim sjerákvæðum, sem um þá gilda nú. Um þessar tvær deildir bankans er því ekki ástæða til að taka neitt sjerstakt fram hjer.

Um VII. KAFLA.

Sjerrjettindi bankans.

Sjerrjettindi bankans, þau sem talin eru í þessum kafla, eru sniðin eftir samskonar hlunnindum Landsbankans og fleiri opinberra peningastofnana. Um þau er því ekkert sjerstakt að segja í sambandi við stofnun Landbúnaðarbankans.

Um VIII. KAFLA.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

Samkvæmt frumvarpinu er stjórn bankans að mestu fyrir komið eins og ætlast var til um Ríkisveðbanka Íslands, og mjög svipað því sem gilti um stjórn Landsbankans þar til gerð var sú breyting á stjórn hans, sem nú er komin í gildi.

Í stað 3 bankastjóra við Landsbankann, sem allir eru jafnir að völdum og vinna eingöngu í bankans þarfir, er hjer haldið því fyrirkomulagi Ríkisveðbankans, að einn sje aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur, sem ekki er bannað að hafa önnur störf með höndum auk bankastjórnarinnar.

Laun aðalbankastjóra eru ákveðin hin sömu og launaupphæð bankastjóra Landsbankans á að færast niður í samkvæmt núgildandi lögum, þegar bankastjóraskifti verða þar. Virðist engin ástæða til að ætla aðalbankastjóra Landbúnaðarbankans lægri laun en hverjum þeirra. Laun og dýrtíðaruppbót meðstjórnenda bankans aftur á móti eiga að verða kringum þriðjung af launum og dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra. Er ætlast til þess að meðstjórnendur hver fyrir sig leggi verulegan hluta starfskrafta sinna fram í þarfir bankans, þótt þeim sje ekki bannað að hafa önnur störf með höndum samhliða, enda mundu launin þá of lítil.

Að öðru leyti mun ekki þörf á því að gera hjer nánari grein fyrir einstökum atriðum í fyrirmælum frumvarpsins um stjórn bankans, reikningsskil m. m. þar sem þau eru að mestu tekin upp úr áðurgildandi lögum um Landsbankann og Ríkisveðbankann.

Um IX. KAFLA.

Niðurlagsákvæði.

Með frumvarpi þessu er horfið að því ráði að stofna sjerstakan banka fyrir allar tegundir lána til landbúnaðar, samhliða því að ætlast er til að veðdeild Landsbankans haldi áfram í sama horfi og verið hefir. Er þannig ráðið til lykta því fyrirkomulagi, sem ætlast er til að gildi framvegis um fasteignalánsstofnanir í landinu, og jafnframt horfið frá því að stofna banka, er hafi með höndum allar tegundir fasteignalána og ekkert annað.

Þá er ekki ástæða til að láta lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands gilda lengur á pappírnum, enda hafa þau, sem kunnugt er, aldrei gilt í reyndinni, og eru því afnumin samkvæmt frumvarpi því sem hjer ræðir um.

15. Frumvarp

til laga um löggjafarnefnd.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Forsætisráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist löggjafarnefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík, og skulu tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Löggjafarnefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, alþingisnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Löggjafarnefnd skal skylt, eftir því sem föng eru á, að athuga lagafrumvörp þau, er borin verða fram á Alþingi, svo og breytingar og viðaukatillögur við þau, og er henni rjett að senda Alþingi athugasemdir sínar um þau og tillögur.

4. gr.

Löggjafarnefnd skal láta ríkisstjórninni í tje tillögur um það hver löggjafarefni skuli tekin til meðferðar á tilteknu tímabili, og hvernig því starfi skuli hagað.

5. gr.

Löggjafarnefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, er handhæg er fyrir almenning. Lögunum skal í útgáfu þessari raðað í bálka eftir efni, svo sem föng eru á, og skulu handhægar skrár yfir lögin. eftir efni og aldri, fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju á hverjum 5 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni síðan næsta útgáfa kom út.

6. gr.

Löggjafarnefnd er heimilt, með samþykki forsætisráðherra, að ráða sjer aðstoðarmenn við afgreiðslu einstakra mála, eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Kostnaður við störf löggjafarnefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 5. gr. greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefir oft verið haft orð á því, að undirbúningur löggjafarmála, er ríkisstjórnin eða alþingismenn leggja fyrir Alþingi, væri eigi ávalt svo vandaður sem vera skyldi. Sama hefir verið sagt um meðferð Alþingis sjálfs á lagafrumvörpum. Lúta þessar aðfinnslur eigi hvað síst að búningi laganna, að þau sjeu óljós að orðalagi, eyður sjeu í þeim og samræmis við önnur lög eigi gætt. Því verður eigi neitað að aðfinnslur þessar hafi við nokkur rök að styðjast. Að sumu leyti liggja til þess eðlilegar ástæður, einkum það, að þá menn sem um þessi mál fjalla, brestur nægan tíma og stundum næga sjerþekkingu, til að ganga svo frá þeim, sem æskilegt væri. Með öðrum þjóðum er víða kvartað yfir þessu sama, og hafa þá sumstaðar verið gerðar sjerstakar ráðstafanir til að bæta úr því. Má í því efni einkum nefna Svía, sem vanda löggjöf sína flestum þjóðum betur. Er mælt svo fyrir í stjórnarskrá þeirra, að öll lagafrumvörp, jafnt stjórnarfrumvörp sem þingmanna, skuli lögð fyrir sjerstaka nefnd, er nefnist lagráð, til álita, áður en þau eru gerð að lögum. Í frumvarpi þessu er ákveðið að svipuð nefnd verði skipuð hjer á landi. Að vísu er sá munur á henni og löggjafarnefnd Svía, að vegna ákvæða 21. og 34. gr. stjórnarskrár vorrar, er eigi unt, að gera það að skyldu, að láta nefndina fjalla um öll frumvörp til laga, áður en þau eru borin fram á Alþingi. En samt sem áður má vænta þess, að mikið gagn megi af starfi

nefndarinnar verða. Hún á fyrst og fremst að vera til aðstoðar við undirbúning löggjafarmála, jafnan er þess er óskað, og þess er að vænta, að bæði stjórn og þing muni að jafnaði leita aðstoðar hennar. En jafnframt er ætlast til, að nefndin geti ótilkvödd látið Alþingi í tje athugasemdir sínar og tillögur um löggjafarmál, sem þar eru borin upp, og nefndinni er skylt að gera þetta eftir föngum. Með þessu tvennu ætti starfsemi nefndarinnar að geta orðið til þess, að betur yrði vandað til lagasetningar framvegis en að undanförnu.

Aðalstarf nefndarinnar yrði það sem nú var lýst, að láta aðstoð sína í tje við samningu laga. En auk þess eru henni í frumvarpinu ætluð tvö önnur verk, er bæði eru nátengd aðalstarfi hennar.

Hið fyrra er að undirbúa áætlanir um lagasetningu. Á lagasetningu vorri að undanförnu má heita að verið hafi algert skipulagsleysi. Þar hefir engri fastri áætlun verið fylgt. Augnabliks þarfir og tilviljunin hafa ráðið því hver lög voru sett. Afleiðing þessa er sú að löggjöf vor er öll í brotum og á tvístringi, úrelt í mörgu og ófullkomin. Einnig um þetta atriði mættum vjer fara að dæmum Svía. Þeir hafa um langt skeið sett sjer áætlanir um lagasetningu, sem svo hefir verið unnið að smátt og smátt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sú stefna verði og tekin hjer upp, og löggjafarnefndinni ætlað, að undirbúa það mál í hendur stjórnar og þings.

Hitt atriðið er útgáfa lagasafns. Núgildandi lög vor eru mjög óaðgengileg öllum almenningi. Lögin sem sett hafa verið eftir 1910 eru ekki til í annari útgáfu en í Stjórnartíðindunum, en þau eru bæði óhandhæg og á fárra manna höndum. Þetta er algerlega óviðunandi og það er fullkomin skylda ríkisvaldsins að bæta úr því. Í frumvarpinu er löggjafarnefnd ætlað að sjá um slíka útgáfu, er ríkissjóður kosti.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta að öðru leyti tekið fram.

Um 1. gr.

Með því að nefndin væntanlega hefir mesta samvinnu við ríkisstjórnina, þykir eðlilegast að hún sje skipuð af stjórninni og þá af forsætisráðherra, en undir hann heyra mál, er snerta stjórnarráðið í heild. Þar sem hjer ráð er gert fyrir þeim möguleika, að einn nefndarmanna sje ólöglærður, þá er það haft fyrir augum, að ef til vill geti staðið svo á, að heppilegt sje að í nefndinni eigi sæti maður, er sje smekkvís á mál og orðhagur, enda þó hann eigi hafi numið lög.

Um 2. gr.

Grein þessi er nægilega skýrð hjer að framan. Þess skal aðeins getið, að þar sem talað er um annan undirbúning löggjafarmála, í niðurlagi greinarinnar, þá er þar einkum átt við samningu á athugasemdum við lagafrumvörp.

Um 3. gr.

Grein þessi er einnig nægilega skýrð áður. Það gefur að skilja að eigi er unnt að kveða ríkara að orði um þessa hlið á starfi nefndarinnar, en svo að hún fylgist með tillögum þeim, sem bornar eru fram á Alþingi, eftir því sem föng eru á.

Um 4. gr.

Hjer má einnig vísa til þess, sem áður er sagt.

Um 5. gr.

Sú nýbreytni er ætlast til að verði á lagasafninu að lögunum verði, svo sem unt er, raðað eftir efni, en ekki aftir aldri svo sem hingað til hefir tíðkast. Með því móti verða lögin aðgengilegri en ella. Lagasafnið á fyrst og fremst að miðast við þarfir almennings, og því mundu ýms lög, er litla almenna þýðingu hafa, eigi verða tekin með.

Lagasafn, slíkt sem þetta, mundi fljótt ganga úr sjer og því er gert ráð fyrir að það verði gefið út að nýju 5. hvert ár. Nýju útgáfurnar mundu þó verða ódýrari en hin fyrsta, með því að ætlast er til að letrið verði látið standa, og þarf þá í nýju útgáfunni að eins að setja hin nýju lög og nema burtu hin, sem úr gildi eru gengin. Ef gert er ráð fyrir að bókin yrði fjórblöðungur, línulengd 148 mm., línutala 47 á síðu, upplag 1000 eintök og pappír af meðalgæðum, yrði prentkostnaður og pappírs kr. 140,00 á örk með núgildandi verðlagi. Við það bætist svo hefting, sem mundi kosta 19 kr. á örk. Loks er verð blýsins, er til setningarinnar færi, og geymsla þess, og mundi það nema nálægt 36 kr. á örk, en sá kostnaður yrði aðallega við fyrstu útgáfuna. Yrði sá kostnaður allur lagður á fyrstu útgáfuna mundi því örkin alls kosta kr. 195,00. Eigi er hægt að segja með vissu hve stórt ritið yrði, en þó mundi það varla fara fram úr 80 örkum. Sje gert ráð fyrir þeirri stærð yrði þessi kostnaður alls 15,600 kr., en upp í hann kæmu svo tekjur af sölu ritsins.

Um 6. gr.

Starf nefndarinnar getur hæglega orðið svo umfangsmikið að nefndarmenn komist eigi yfir það alt sjálfir, auk þess sem svo getur staðið á að nefndinni væri hagkvæmt að leita aðstoðar manna, er sjerfræðingar eru um tiltekin efni, sem fyrir hana yrði lögð. Er nefndinni því hjer veitt heimild til að afla sjer aðstoðar með samþykki forsætisráðherra.

Um 7. gr.

Um kostnaðinn við störf nefndarinnar verður eigi sagt að svo stöddu. Hann mundi að sjálfsögðu fara mikið eftir því hversu mikið starf hennar yrði. Þess má þó jafnframt geta að ríkissjóði mundi á hinn bóginn sparast nokkuð fje, sem nú er árlega varið til slíkra starfa sem nefndin á að vinna. Um kostnaðinn við útgáfu lagasafnsins er áður talað.

16. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1050000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1330000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	35000	
			1215000
	Flyt	... ...	2545000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2545000
11.	Útflutningsgjald		1000000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13.	Tóbakstollur	850000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1250000	
17.	Verðtollur	1325000	
			4785000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1580000	
			2030000
21.	Víneinkasala		375000
	Samtals ...	... ...	10770000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22,00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	8000	44000
			6000
2.	Til utanferða ráðherra		70000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		40000
4.	Annar kostnaður		26200
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	12000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	13900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000
			210100
II.	Hagstofan:		12500
1.	Laun		12000
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		5000
3.	Prentun eyðublaða		5000
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		20000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		1000
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		55500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		500
5.	Gengismunur af upphæðunum á 8. gr. 10. gr. III 1—3		25000
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2. fulltrúa og 3. skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3. skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Yms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	635700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	635700
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	701700
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	152000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		13000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Flyt ...	... ...	286650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	286650
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
11.	Holdsveikraspítalinn		70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	13000	
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000	
	3. Klæðnaður	1700	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500	
	5. Eldsneyti	6000	
	6. Ljósmeti	2500	
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000	
	8. Viðhald á húsum	2500	
	9. Þvottur og ræsting	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	600	
	12. Skattar o. fl.	4350	
	13. Ymisleg gjöld	1500	
		62950	
		70600	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		93150	
	Flyt ...	99850	466775

		kr.	kr.
	Flutt ...	99850	466775
C.	Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum	50000	
		149850	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag 38325		
	Tekjur af búinu 2000		
		40325	
	Mismunur ...	109525	
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		1700
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
A.	Laun læknis...	6700	
B.	Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 33000		
	2. Viðurværi.. 126000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn... 11500		
	4. Ljós og hiti 25000		
	5. Þvottur og ræsting.. 5500		
	6. Viðhald húsa... 4800		
	7. Viðhald vjela 4700		
	8. Húsbúnaður og áhöld... 11000		
	9. Flutningskostnaður.. 4000		
	10. Óviss gjöld 2640		
		228140	
		234840	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag 173375		
	Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag 23725		
	Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ... 35040		
	Tekjur af búinu 1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14.	Heilsuhælið í Kristnesi:		
	Rekstrarkostnaður		3000
	Flyt ...	... ...	471475

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	471475
15. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklinga sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		181700
16. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	689175

13. gr.

Til samgöngumála er veilt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	76650	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			178650
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	481150
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7000	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5000	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			41000
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 30000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 70000		
	4. Vesturlandsvegur 30000		
	5. Hrútafjarðarvegur 10000		
	Flyt ... 165000	... ...	41000

		kr.	kr.
	Flutt ...	165000	 41000
6.	Langadalsvegur	10000	
7.	Blönduhlíðarvegur	30000	
8.	Öxnadalsvegur	10000	
9.	Vaðlaheiðarvegur	50000	
10.	Jökulsárhlíðarvegur	10000	
11.	Biskupstungnabraut	30000	
12.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	10000	
13.	Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu	15000	
			330000
b.	Viðhald og umbætur		240000 570000
			200000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		35000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		25000
V.	Fjallvegir		
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300 20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		35000
			75000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn		4000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
XII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		4000
	Samtals B. ...		 980450

	kr.	kr.
C.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	200000	
b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
c. Hf. Skaftfellings	24000	
		284000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		80000
Samtals C. ...	... ...	364000
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II. Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		300000
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	340000	
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
Ríkisstjórninni heimilast að taka lán til nýrrar bæjarmiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda bæjarsímans.		
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	100000	
Flyt ...	825000	340000

		kr.	kr.
	Flutt ...	825000	340000
16.	Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			854000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		180000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1510500

E.

Vitamál.

I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	7800	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
	Flyt ...	... ...	24300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	24300
II. Laun vitavarða..		27000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		60000
VI. Ýmislegt:		50000
Samtals E. ...	... ...	281300

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
a.	Laun	93000	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til kenslu í bókhaldi	400	
e.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
f.	Námsstyrkur	15000	
g.	Húsaleigustyrkur	9000	
h.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
i.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
j.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
k.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
		8900	
l.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
m.	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum	2500	
			141350
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs	4000	
			30500
	Flyt ...	... ...	171850

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	171850
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	700		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	1500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Aðgerð á skólahúsinu	20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		67900	
			142100
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
3. Til bóka og kensluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	23200	29000	313950

		kr.	kr.
Flutt ...	23200	29000	313950
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	441350

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	8800	441350
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII.	Bændakensla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun		9650	
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...		1450	
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að	2500		
	2. Til kensluáhalda.. ...	800		
	3. Til eldiviðar og ljósa...	3500		
	4. Ýmisleg gjöld	3000		
			9800	
				20900
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
	a. Laun		8550	
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...		1300	
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að	2400		
	2. Til kensluáhalda... ...	800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	3000		
	4. Ýmisleg gjöld	3000		
			9200	
				19050
	3. Til steinsteypukenslu			4000
				43950
	Flyt ...		... ...	503800

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	503800
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1200	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
	d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			11700
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	Flyt ...	5000	538600

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	538600
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	15000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		25000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
		16000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			41000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	939850

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	939850
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar		70000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
4. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
5. Til bókasafna við unglingaskóla		2000	
6. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum		2500	
			148300
Flyt ...		... ...	1088150

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1088150
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		11500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir al-		
Flyt ...	6300	1124650

	kr.	kr.
Flutt ...	6300	1124650
menning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1152750

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
Af þessum lið má endurgreiða 500 kr. bráðabirgðalán dyravarðar vegna lækningakostnaðar.		
		43060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
Flyt ...	7150	55760

	kr.	kr.
Flutt ...	7150	55760
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	800	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		13000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	100860

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	100860
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15.	Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
17.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
19.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
20.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
21.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
22.	Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6300
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
24.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
25.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
26.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
27.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
28.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
	Flyt ...	... ...	156760

	kr.	kr.
Flutt ...		156760
29. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
30. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
31. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
32. Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
33. Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
34. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
35. Til Íþróttasambands Íslands		6000
36. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
37. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
38. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
39. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
40. Ferðastyrkur til útlanda		6000
41. Til Þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
42. Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
Samtals ..	... ...	281960

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3. Til sandgræðslu...		40000
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		300000
5. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6. Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
7. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
8. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
9. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
10. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
11. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
		21700
12. Til fjárkláðalækninga		6000
13. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
14. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
Flyt ...	4800	886810

		kr.	kr.
	Flutt ...	4800	886810
b.	Til aðstoðar	5600	
c.	Húsaleiga	3000	
d.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e.	Til áhaldakaupa	500	
			15100
15.	Til veðurstofu Íslands:		
a.	Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
b.	Til aðstoðar	12350	
c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d.	Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e.	Til loftskeytatækja	800	
f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			51600
16.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
17.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
18.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
d.	— 4 ullarmatsmanna	2200	
e.	— 5 kjötmatsmanna	4100	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
19.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
20.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		12000
21.	Til lendingabóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
22.	Til markaðsleitar erlendis		20000
	Flyt ...	... ...	1129410

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1129410
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
24.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,00 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		4000
25.	Til gerlarannsókna		2000
26.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
27.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
28.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
29.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
30.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
31.	Til Bandalags kvenna		450
32.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
33.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
34.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
35.	Laun húsagerðarmeistara...		7250
36.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, 1/3 kostnaðar, alt að		1500
37.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
38.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
39.	Til vatnsrenslismælinga		2000
40.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða...	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
41.	Til undirbúnings flugferða, alt að...		8000
	Samtals ...	... ...	1299060

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til slysavarna alt að		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
15. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
16. Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
17. Tillag til Alþjóðabjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals ...	... ..	674300

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	27417,42	
b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
Flyt ...	45213,39	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	45213,39	... ...
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5710,17	
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
— — — — 51 1921		250,00	
			54308,84
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1560	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Ástu Hallgrímsson	600		
20. — Ástu Einarson	600		
21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
22. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
		14025	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
Flyt ...	2267,25	15585	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ...	2267,25	15585	54308,84
5.	Til Guttorms Vigfússonar	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
9.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
10.	— Jóns Árnasonar	445,00		
			4880,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Lcftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26.	— Helgu Skúladóttur	230,00		
27.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
			7242,73	
	Flyt ...		27707,98	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ...	27707,98	54308,84
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	600,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonur	1200,00		
		5110,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar...	300		
3. — Hallgríms Kráksonar	400		
4. — Jóhanns Jónssonar	200		
5. — Þóru Matthíasdóttur	300		
6. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
8. — Jens Þórðarsonar	300		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14. — Guðm. Kristjánssonar	200		
15. — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16. — Friðriks Klemenssonar	2000		
17. — Kristjáns Blöndals	1000		
18. — Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19. — Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20. — Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
21. — Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22. — Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
Flyt ...	9400	32817,98	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	9400	32817,98	54308,84
23.	Til Þorleifs Jónssonar póstmeistara ...	1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
			11050,00	
g.	Ritlöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
			20400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritlöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	600 00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
			3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítala-forstöðukonu	400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbil-ljósmóður	500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljós-móður	500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljós-móður	500		
7.	Til Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
	Flyt ...	3400	67667,98	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	3400	67667,98	54308,84
8.	Til Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
15.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
16.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
17.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
18.	— Páls Erlingssonar	1200		
19.	— Erlends Zakaríassonar	300		
20.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
21.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
22.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
23.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
24.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
25.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
26.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	500		
27.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
28.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
29.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
30.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600		
31.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
32.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
33.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
	Flyt ...	13300	67667,98	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 13300	67667,98	54308,84
34.	Til Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
35.	— Henriette Kjær 600		
36.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
37.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2500		
38.	— Guðjóns Guðlaugssonar 1200		
39.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
40.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey 300		
41.	— Jóhannesar Þorkelssonar fangavarðar, Akureyri 300		
42.	— Halldóru Þórðardóttur 600		
		19900,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...	1200,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
			92767,98
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		56750,73
	Samtals ...	... ...	203827,55

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1930 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.		10770000,00	
—	3. —		34600,00	
—	4. —		205000,00	
—	5. —		170000,00	
	En til gjalda er veitt:			11179600,00
Samkvæmt	7. gr.		1295536,00	
—	8. —		60000,00	
—	9. —		204350,00	
—	10. —		369100,00	
—	11. — A.	701700,00		
—	11. — B.	152000,00		
			853700,00	
—	12. —		689175,00	
—	13. — A.	481150,00		
—	13. — B.	980450,00		
—	13. — C.	364000,00		
—	13. — D.	1510500,00		
—	13. — E.	281300,00		
			3617400,00	
—	14. gr. A.	314650,00		
—	14. — B.	1152750,00		
			1467400,00	
—	15. —		281960,00	
—	16. —		1299060,00	
—	17. —		674300,00	
—	18. —		203827,55	
—	19. —		100000,00	
—	20. —		10000,00	
				11125808,55
			Tekjuafgangur kr.	53791,45

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum.

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^3/_5$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfulstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 8000 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.
III. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greiðir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í

för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frv. til fjárlaga 1930.

Frv. þetta er samið eftir svipuðum reglum og frumvarp stjórnarinnar til fjárlaga fyrir 1929. Dýrtíðaruppbótin er áætluð 40% af launum upp að 4500 kr., eða eins og hún var 1928, því þótt uppbót þessi sje lítið eitt lægri fyrir 1929, er eigi með vissu hægt að segja hversu há hún muni verða árið 1930.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

1. Fasteignaskatturinn fer stöðugt hækkandi, og þykir því mega áætla hann 240 þús. kr., eða eins og á fjárlögum 1929.

2. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður með sömu upphæð og á fjárlögum 1929 og virðist það ekki óvarlegt, með tilliti til heimildar þeirrar til hækkunar, sem gefin var með lögum nr. 53, 1928, enda hefir skattur þessi 3 fyrstu ársfjórðunga 1928 innheimst með yfir 1 miljón kr.

3. Lestagjaldið er áætlað eins og á fjárlögum 1929, kr. 40,000, — enda virðist það heldur fara hækkandi, því 1927 varð það 48 þús. kr., og 3 fyrstu ársfjórðunga 1928 nam það um 45 þús. kr.

4. Aukatekjur eru áætlaðar 50 þús. kr. hærri en á fjárlögum 1929, og verður það að teljast forsvaranlegt, þar sem tekjur þessar urðu 490 þús. kr. árið 1927, og 3 fyrstu ársfjórðunga 1928 námu yfir 400 þús. kr.

5. Þessi liður hefir verið lækkaður niður í 30 þús. kr. og er þó fullhátt, með því skattur þessi er mjög óviss tekjugrein, og árið 1927 nam hann ekki meiru en 30 þús. kr.

6. Vitagjaldið er áætlað 350 þús. kr. eða 30 þús. kr. hærra en á fjárlögum 1929 og virðist það óhætt, miðað við reynslu síðasta árs og með tilliti til að gjald þetta varð 374 þús. kr. árið 1927.

7. Óbreyttur liður.

8. Stimpilgjaldið er áætlað 325 þús. kr. eða 25 þús. kr. hærra en á fjárlögum 1929 og virðist það ekki óvarlegt, með tilliti til þess, að gjald þetta nam 375 þús. kr. árið 1927.

9. Skólagjöld óbreytt.

10. Bifreiðaskattur fer stöðugt nokkuð vaxandi og hefir því þótt óhætt að áætla hann 5 þús. kr. hærri, en á fjárlögum 1929.

11. Útflutningsgjaldið er áætlað 50 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1929 og verður ekki annað sjeð, en að það muni vera sæmilega varlega áætlað, með hliðsjón af síðari ára útkomu.

12. Áfengistollurinn hefir verið áætlaður 350 þús. kr. eða 25 þús. kr. hærri en á fjárlögum 1929, og virðist það óhætt, með tilliti til þess að skattur þessi árið 1927 nam 422 þús. kr.

13. Óbreyttur liður.

14. Kaffi- og sykurtollur hefir verið áætlaður með sömu upphæð og á fjárlögum 1929, enda engin reynsla komin fyrir því hvaða áhrif afnam gengisviðaukans muni hafa á upphæð þessa gjalds.

15., 16. og 17. Þessir liðir eru óbreyttir eins og í fjárlögum 1929.

18. Gjald af sætinda- (konfekt) og brjóstsykurgerð er áætlað 35 þús. kr. eða 10 þús. kr. hærra en á fjárlögum 1929, og mun það ekki óvarlegt, því slíkur iðnaður er að aukast í landinu.

19. Þessi liður er óbreyttur.

20. Símatekjur eru settar eftir áætlun landssímastjóra.

21. Þessi liður er óbreyttur.

Um 3. gr.

1.—4. Óbreyttur liður.

Um 4. gr.

1. Tekjur af bönkum hafa verið lækkaðar niður í 15 þús. kr., mun þó full hátt.

2.—3. Þessir liðir hafa einnig verið lækkaðir að nokkuru.

4.—5. Óbreyttir liðir.

6. Þessi liður hefir verið lækkaður um 25 þús. kr. frá því á fjárlögum 1929 og mun þó tæplega nægileg lækkun, því þessi tekjuliður nam ekki meira en 81 þús. kr. árið 1927.

Um 5. gr.

1.—3. Óbreyttur liður.

4. og 5. Þessir liðir eru nýjir.

Hefir þótt rjett að skemtanaskattur og tekjur Menningarsjóðs væru tilfærðar á fjárlögum, eins og aðrir skattar og tekjur og upphæðirnar síðan færðar til jafnaðar á 15. gr. fjárlaganna, eins og aðrar greiðslur til vísinda, bókmenta og lista.

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1930.

Innlend lán.	Vextir.	Útborganir.
Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916, til 25 ára með bankavöxtum hjá Landsbankanum 100,000,00 kr. ...	2880,00	4000,00
Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára, með bankavöxtum, 85,000,00	2652,00	3400,00
Flyt	5532,00	7400,00

	Vextir.	Útborganir.
Flutt	5532,00	7400,00
Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5% vöxtum, afborgunarlaust	50000,00	
Innlenda lánið, tekið 1. júlí 1920, með 5½% til 20 ára, 3 milj. kr.	88687,50	150000,00
Lán til silfurbergsnámanna, tekið í Landsbankanum 1922, til 10 ára, 70,000 kr.	490,00	7000,00
Veðdeildarlán Stafafells	344,54	217,50
Kr.	145054,04	164617,50

Dönsk lán.

4½% lán, tekið 1920, hjá dönskum bönkum 1,500,000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabrjef Landsbankans	20812,50	50000,00
4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250,000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabrjef Landsbankans...	4968,75	8333,34
4% ritsímalán 1913, endurgreiðsla á 30 árum með föstu árgjaldi, tekið hjá mikla norr. ritsímafjel. 500,000 kr.	12172,10	16818,92
Ritsímalánið 1917, 5% og endurgreiðsla á 30 árum, tekið hjá m. norr. ritsímafjelaginu, 500,000 kr.	18550,25	13803,09
Lán hjá Handelsbanken, tekið 1917 og 1923, 2,200,000 kr. Vextir ½% hærri en forvextir þjóðbankans danska ...	6600,00	40000,00
Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5% til 20 ára, 4½ miltj. kr.	112500,00	225000,00
Lán í Bicuben til heilsuhælisins á Vífilstöðum	5600,21	1899,79
Kr.	181203,81	355855,14

Enska lánið 1921, Vextir £ 8213 — 18 — 8 á ²²/-	180714,60	
Afborgun 2396 — 12 » » ²²/-		52625,20

Um 8.—9. gr.

Þurfa ekki athugasemda.

Um 10. gr.

I. 3.—4. Þessir liðir hafa undanfarin ár farið langt fram úr áætlun og nemur meiru á fyrri liðunum, en gera má ráð fyrir að lækki með lækkandi dýrtíðaruppbót. Eru liðirnir hækkaðir að nokkru í áttina til þess, sem reynst hefir.

I. 6. b. Um þennan lið er alveg hið sama að segja, og þá sem að framan greinir.

I. 7. Undanfarin ár hefir verið varið miklu meiru en áætlað hefir verið til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrahústaðnum. Enginn vafi er á því að á árinu 1930 verður að verja einhverju umfram venju til þess og mun hækkunin á liðnum fremur of lág en of há.

II. 1.—6. Breytingarnar á þessum liðum eru settar samkvæmt tillögum hagstofustjóra. Aðalhækkunin stafar af því að á árinu 1930 á að fara fram allsherjarmanntal.

III. 7. Það er föst hefð að greiða upphæðirnar á 8. gr. og 10. gr. 1.—.3 í gullkrónum. Er miklu rjettara að tilsvarandi upphæð standi á fjárlögum, en að hún sje jafnan greidd af óvissum útgjöldum.

Um 11. gr.

A. Skrifstofukostnaður við hin nýstofnuðu embætti í Reykjavík er settur eftir tillögum hlutaðeigandi embættismanna. — Bætt er við nýjum lið til vinnuhælisins á Litla- Hrauni, en sundurliðuð áætlun ekki gerð að svo stöddu.

B 2.—3. Liðirnir eru hækkaðir nokkuð, eftir því sem undanfarandi reynsla bendir til.

Um 12. gr.

8. Til geislalækningastofu ríkisins hafa verið greiddar 14. þús. kr. á ári 1925—27. Er áætlunin leiðrjett í áttina til þeirrar reynslu.

11. B. 5. Liðurinn er lækkaður um 2000 kr. samkvæmt tillögu læknis.

12. Áætlun geðveikrahælisins á Kleppi er hin sama og í núgildandi fjárlögum. Kom eigi fyr en á síðustu stundu áætlun um reksturskostnað vegna hinnar nýju umbótar. Verður lögð fyrir fjvn. Jafnframt verður að athuga sjerstaklega um meðgjöf með sjúklingum á hinu stórum aukna sjúkrahúsi.

15. f. Áætlaður kostnaður við bólusetningar er hækkaður um 1000 kr. vegna undanfarinnar reynslu.

15. g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma fara oft tvöfalt eða þrefalt fram úr áætlun. Áætlunin er nú hækkuð úr 15. þús. í 20 þús. kr.

Um 13. gr.

A. Upphæðirnar settar samkvæmt tillögum aðalpóstmeistara.

B. Tillögur vegamálastjóra verða lagðar fyrir þingið, og að mestu hefir verið farið eftir þeim í áætluninni.

C. 1. a. Vegna undanfarinnar reynslu er liðurinn til strandferða ríkissjóðs hækkaður um 20 þús. kr. Verði það fullráðið, áður en þingi slítur, að starfrækja nýtt strandferðaskip, verður að að hækka þennan lið.

C. 1. c. Samkvæmt ósk Hf. Skaftfellings er styrkurinn til ferða Skaftfellings settur sjerstakur, eins og áður var, en ekki hafður með styrkjunum til báta-ferða á flóum, fjörðum og vötnum, enda um mjög ólíkar ferðir að ræða.

D. Tillögur landsímastjóra verða lagðar fyrir þingið og er nokkrum upp-breytt samkvæmt tillögum hans. Samkvæmt hans tillögum, sem og hafa legið hæðum fyrir þinginu fyr, er nú borin fram tillaga um heimild til ríkisstjórnarinnar til þess að taka lán til nýrrar bæjarmiðstöðvar í Reykjavík. Telur landsímastjóri að því verði ekki unt að fresta lengur, enda er nú svo komið fyrir nokkru, að fullsett er á talsímakerfi bæjarins og verður ekki bætt fleirum við.

E. Um þennan lið vísast til tillagna vitamálastjóra sem verða lagðar fyrir

þingið. Hefir stjórnin ekki treyst sjer til að verða við þeim tillögum nema að nokkru.

Um 14. gr.

A. Um þennan lið vísast til tillagna biskups sem verða lagðar fyrir þingið.

B. I. f. Háskólaráðið óskaði breytinga á skilyrðum þeim sem undanfarið hafa staðið í fjárlögum um námsstyrk til stúdenta. Þótti eftir atvikum rjett að fella skilyrðin alveg niður og leggja úthlutunina óskorað á vald háskólaráðsins.

B. II. c. Auk þess sem veittur er 24 þús. kr. námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum og 2500 kr. sjerstakur styrkur til læknaefna í núgildandi fjárlögum, er þar einnig veittur námsstyrkur til 15 nafngreindra námsmanna. Eru þeir allir niður feldir, en í þess stað stungið upp á 4 þús. kr. upphæð í þessu skyni sem mentamálaráð ráðstafi.

B. III. b. 11.—12. Vegna takmarkana á nemendafjölda þarf ekki lengur að leigja út í bæ kenslustofur handa skólanum og er því fjárveiting til slíkrar húsaleigu feld niður. — En óumflyjanlegt er að mikil aðgerð verður, að fara fram á húsinu eigi síðar en 1930.

B. IV. Nokkrar tilfærslur eru gerðar á fjárveitingum til Gagnfræðaskólans á Akureyri vegna breyttrar aðstöðu. Feldur niður sjerstakur liður til framhaldsnáms, en hækkaðir liðirnir til launa og aukakenslu. Óhjákvæmileg er töluverð aðgerð á skólahúsinu og er hækkuð fjárveiting til þess. — Að öðru leyti vísast til tillagna skólastjóra, sem verða lagðar fyrir fjvn.

B. V. Því verður ekki frestað að gera allmikið við hús Kennaraskólans. Er fjárveitingin til viðhalds hækkuð til þess.

B. VIII. 1.—2. Tillögurnar til fjárveitinga handa bændaskólunum eru settar samkvæmt tillögum skólastjóranna. Athugasemdin sem verið hefir á fjárlögum um styrkinn til verklegs náms er feld niður, þareð ákveðið er að setja nýja skipun um starfsemi skólanna einkum á því sviði.

B. XII. 1. Kvennaskólinn í Reykjavík hefir haft hlutfallslega meiri styrk undanfarin ár en nokkur annar einkaskóli, hinsvegar hefir nálega ekkert framlag komið á móti frá Reykjavík. Er lagt til að færa rekstrarstyrkinn niður til eilítið meira samræmis.

B. XIII. 6. Ríkissjóðsstyrkur til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða er hækkaður úr 25 þús. í 40 þús. samkvæmt mjög eindregnum tillögum fræðslumálastjóra.

B. XIV. 1. Nokkrar breytingar og hækkanir eru gerðar á fjárveitingum til Eiðaskóla í samræmi við tillögur hins nýja skólastjóra og verða lagðar fyrir fjvn.

XIV. 2. Lagt er til að rekstrarstyrkurinn til lýðskóla utan Reykjavíkur og Akureyrar hækki úr 47 þús. í 70 þús. kr. Hefir bæst þar í hópinn hinn nýji skóli á Laugavatni, sem gera má ráð fyrir að verði mjög fjölsóttur. Í annan stað er nú til þess ætlast að Flensborgarskólinn verði eftirleiðis styrktur af þessum lið, enda er hann algjörlega hliðstæður hinum skólunum. Er því lagt til að falli burt hinn sjerstaki styrkur til hans, sem áður hefir verið.

B. XIV. 3.—4. Þessir liðir eru hækkaðir báðir. Má meðal annars gera ráð fyrir að reistur verði nýr hjeraðsskóli í Borgarfjarðarhjeraði. Annars eru fjárveitingar til þessara liða fastbundnar við framlög hlutaðeigandi hjeraða og bæja.

B. XV. 1. Styrkveiting til húsmæðraskólans á Staðarfelli er látin falla niður, þareð ákveðið er að Herdísarsjóður taki hann að sjer. Í hans stað kemur húsmæðraskólinn við Alþýðuskóla Þingeyinga. Er honum ætlaður sami styrkur og hinn hafði.

Um 15. gr.

1. Breyting á áætlun til Landsbókasafns er gerð samkvæmt tillögum landsbókavarðar.

46. Stórmikil lækkun hefir orðið á gjaldi fyrir símskeyti til blaða. Er styrkurinn til frjettastofu blaðamannafjelagsins því lækkaður um 1500 kr.

Um 16. gr.

1. Fjárveiting til Búnaðarfjelags Íslands er hækkuð um 20 þús. kr. Tillögur fjelagsstjórnarinnar verða lagðar fyrir fjvn.

16. Fjárveiting til Fiskifjelags Íslands er hækkuð um 5 þús. kr. Skýrsla um starfsemi fjelagsins verður lögð fyrir fjvn.

40. Feld er niður fjárveiting til leiðbeiningar um húsagerð til sveita. Er svo til ætlast að Byggingar og Landnámssjóður taki þá starfsemi að sjer.

Um 17. gr.

11. Talið er fært að lækka styrkinn til Stórstúku Íslands svo öflugur og margmennur sem sá fjelagsskapur er orðinn, enda nú lögð meiri áhersla á en áður af ríkisins hálfu, að líta eftir áfengislöggjöfinni sem og hefir verið bætt.

Um. 18. gr.

Bætt er við styrk til ekkna Magnúsar Kristjánssonar fjármálaráðherra og Gísla Guðmundssonar gerlafræðings. Að öðru leyti gerist ekki þörf athugasemda.

Um 19.—25. gr.

Þarfnast engra skýringa.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1928.

		kr.	kr.
	A. Embættismenn.		
1.	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1927)	641,91	
2.	Halldór Briem kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
3.	Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
4.	Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
5.	Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911	1876,62	
6.	Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
7.	Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)...	1000,00	
8.	Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
9.	Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{2}/_{8}$ 1914)	1266,67	
10.	Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
11.	Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsneshjeraði... ...	800,00	
12.	Jón Jónsson, læknir...	991,67	
13.	Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
14.	Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
15.	Stefán Gíslason, hjeraðslæknir	1000,00	
16.	Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra	1060,00	
17.	Guðm. Guðmundsson, fyrv. hjeraðslæknir	1000,00	
18.	Jóhannes Sigfússon, fv. kennari	1040,00	
	Flyt —	24661,20	

		kr.	kr.
	Flutt ...	24661,20	
19.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
20.	Ólafur Thorlacius, fv. hjeraðslæknir	700,00	
21.	Sig. H. Kvaran, fv. hjeraðslæknir	595,00	
			27417,42
	B. Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 10/1 1891	750,00	
2.	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, frá 1/8 1891	187,50	
3.	Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
4.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894	305,00	
5.	Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
6.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
7.	Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis	187,50	
8.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
9.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
10.	Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
11.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
12.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
13.	Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
14.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
15.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
16.	Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
17.	Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1166,67	
	Flyt ...	7962,84	27417,42

		kr.	kr.
	Flutt ...	7962,84	27417,42
18.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
19.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
20.	Guðný Bjarnason, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
21.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
22.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920	340,00	
23.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
24.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólshjeraði	187,50	
25.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánsssonar skólameistara á Akureyri...	715,82	
26.	Anna Daníelsson, ekkja hæstard. Halldórs Daníelss....	859,37	
27.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
28.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
29.	Margrjet Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar hjeraðslæknis, 1/4 1924 ... ... kr. 150,00 Dóttir hennar f. 13/4 1914... ... ... — 33,33	183,33	
30.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1924 ... ... kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega: 1. Elísabet Vilhelmína, f. 14/7 1914. 2. Karl Jóhann, f. 7/9 1916. 3. Guðríður Erla, f. 8/1 1891. 4. Axel Valgarður, f. 30/9 1922 ... ... kr. 286,66	474,06	
31.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924...	425,00	
32.	Til sonar H. Hafsteins, Sigurðar (f. 6/1 1913)	100,00	
33.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1925 ... ... kr. 150,00		
	Flyt ... 150,00	13156,95	27417,42

		kr.	kr.
	Flutt ...	13156,95	27417,42
	Samkvæmt konungsúrskurði $^{10}/_{8}$ 1925, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega:		
	1. Ella Vilhelmína, f. $^{3}/_{8}$ 1914 ... ... kr. 66,66		
	2. Gunnar Þór, f. $^{10}/_{6}$ 1919 ... ... — 100,00		
		316,66	
34.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndals hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{2}$ 1926 ... ... kr. 187,50		
	Samkv. konungsbr. $^{18}/_{8}$ 1927 með kjördóttur hennar Esther, f. $^{24}/_{12}$ 1915, til 16 ára aldurs ... ... kr. 100,00		
		287,50	
35.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá $^{1}/_{1}$ 1926...	391,90	
36.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá $^{1}/_{7}$ 1926...	1200,00	
37.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg, landssímastjóra, frá $^{1}/_{4}$ 1925...	500,00	
38.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar, hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{2}$ 1927 ... ... kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði $^{18}/_{8}$ 1927, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Nanna, f. $^{28}/_{1}$ 1915 ... ... kr. 100,00		
	2. Sigrún, f. $^{3}/_{8}$ 1916 ... ... — 100,00		
	3. Kristín, f. $^{20}/_{5}$ 1918 ... ... — 100,00		
	4. Björn, f. $^{1}/_{12}$ 1920 ... ... — 100,00		
	5. Gunnar, f. $^{6}/_{1}$ 1922 ... ... — 100,00		
	6. Ólafur, $^{18}/_{1}$ 1924 ... ... — 100,00		
		750,00	
39.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal, hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{10}$ 1927	150,00	
40.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar, hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{12}$ 1927	237,50	
41.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar, próf.	340,00	
42.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Ólafssonar sýslumanns	465,46	
			17795,97
	Flyt ...	... ...	45213,39

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	45213,39
C. Uppgjafaprestar:		
1. Tómas Björnsson, að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2. Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904...	230,00	
		635,28
D. Prestsekkjur:		
1. Anna Kristjánsdóttir frá Póroddsstað	100,52	
2. Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3. Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4. Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5. Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6. Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7. Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9. Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
10. Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11. Guðrún Ólafsdóttir frá Otradal	100,00	
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13. Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
15. Ingunn Loftsdóttir frá Desjamýri	101,55	
16. Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
17. Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
18. Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað	118,40	
19. Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ...	139,86	
20. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
21. Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
22. Ragnheiður Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
23, Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
24. Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
25. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík...	104,16	
26. Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
27. Helga Ketilsdóttir frá Grindavík ... ... ⋮	100,00	
28. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
29. Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
30. Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði... ...	184,36	
31. Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
32. Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
Flyt ...	4263,46	45848,67

		kr.	kr.
	Flutt ...	4263 46	45848,67
33.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
34.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
35.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
36.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
37.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði...	100,00	
38.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
39.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík ...	164,63	
40.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212,94	
41.	Arndís Björnsdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
42.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,44	
43.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
			5710,14
	E. Lög nr. 119, 1922:		
	Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
	F. Lög nr. 51, 1921, 8. gr.		
	Ásta Einarsson, ekkja Magnúsar Einarsson, dýralæknis		250,00
	Samtals ...	... ...	54308,84

17. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, sje óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipskoðunarstjóri hefir sjerstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir ef skipstjóri, útgerðarmaður, eða sá maður sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun er þeir telja nauðsynlega.

Sá sem brottför skipa heftir skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með brjefi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa, til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hjer á landi, svo og til allra vjelbáta og róðrarbáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hjer við land eina vertíð á ári eða lengur, og til allra vjelbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svohljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar ráðuneytið skipaskoðunarstjóra, og skal honum fenginn aðstoðarmaður einn eða fleiri. Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvort ár upp í 6000 kr. Laun aðstoðarmanna hans skulu ákveðin í fjárlögum. Launin greiðast úr ríkissjóði.

Skipaskoðunarstjóri hefir eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, hann rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna, fer eftirlitsferðir um landið til að sjá um hvernig lögunum er fylgt, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetningu skipa.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi, og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu, í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samviskusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum, eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sje kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sje fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sje á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn, samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna »og skal það ávalt sýnt bæði við tollafgreiðslu« í 3. málsgr. 10. gr. laganna komi: og skal það ávalt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., greiði skipseigandi af hverri brúttó smálest skipsins gjald til ríkissjóðs, svo sem hjer segir:

Fyrir haffærisskírteini skipa undir 30 rúmlesta 50 aura af hverri rúmlest. Þó ekki undir 3 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir haffærisskírteini skipa 30—100 rúmlesta 40 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 15 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir haffærisskírteini skipa 100—500 rúmlesta 25 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 40 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir haffærisskírteini skipa yfir 500 rúmlesta 15 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 125 kr. fyrir hvert skip.

Kvittun fyrir gjaldinu skal lögreglustjóri rita á haffærisskírteinið.

6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sje þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært ritar lögreglustjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð, og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914 og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsgr. 18. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum, en að framan segir skoðun skips, enda sjeu þeir nægilega sjerfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu »Löreglustjóri« í upphafi 21. gr. laganna komi:
Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað 100 kr. í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi:
50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19. júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við framkvæmd laga nr. 37, 19. júní 1922 hefir það komið í ljós, að æskilegt mundi vera að gera nokkrar breytingar á þeim og því er þetta frumvarp

fram komið. Aðalbreytingin sem það hefir að flytja er sú, að skipaður verði sjerstakur skipaskoðunarstjóri, og honum falin stjórn allra framkvæmda um skipaskoðunarmál. Um aðrar breytingar verður getið sjerstaklega við hverja grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er lögreglustjóra einum heimilað að hefta brottför skips, sem grunur er um að óhaffært sje. Í frv. er ákveðið að skipaskoðunarmenn geti og heft brottför skips af þessum ástæðum. Breyting þessi styðst við það einkanlega að oft gæti þurft svo skjótra úrræða til að hefta brottför skipsins, að eigi væri ráðrúm til að leita til lögreglustjóra. Eigi er þó ætlast til að allir skipaskoðunarmenn hafi þetta vald, heldur aðeins þeir, sem skipaskoðunarstjóri felur það sjerstaklega. — Ennfremur er í grein þessari veitt heimild til að hefta brottför skips, ef því er tálmað af skipstjóra, eða öðrum, sem hlut eiga að máli, að skoðunarmenn geti framkvæmt skoðun svo sem þeir telja, að nauðsynlegt sje. Til þessa var eigi skýr heimild áður og er þess að vænta, að þetta ákvæði verði til þess að girða fyrir að skipaskoðunarmönnum verði gert erfitt fyrir um skoðun skips, af hálfu umráðamanna þess. Enn eru í grein þessari ákvæði um tilkynningu til útgerðarmanns eða skipstjóra um ástæðurnar til þess, að brottför skips er heft, og loks ákvæði um að hefta megi brottför erlendra skipa sem innlendra, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum. Er þetta síðastnefnda ákvæði sett með tilliti til samnings þess, er Norðurlandaríkin, þ. á. m. Ísland, gerðu með sjer í Kaupmannahöfn 28. jan. 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, og svipaða samninga er e. t. v. síðar kunna að verða gerðir við önnur ríki.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem í þessari grein felst, á að taka af allan vafa um það, að lögin taki og til vjelbáta, sem flytja farþega eða vörur að staðaldri, en eru minni en 12 smálestir og stunda eigi fiskiveiðar. Slíkir bátar falla eigi undir ákvæði 5. gr. núgildandi laga, en þörfin á eftirliti með öryggi þeirra er síst minni en um fiskibáta.

Um 3. gr.

Eftirlit með öryggi skipa hjer á landi er nú þegar orðið mjög umfangsmikið starf, sem best má sjá af því, að nú eru í landinu 193 skipaskoðunarmenn. Eftirlit þetta er atvinnumálaráðuneytinu ókleift að framkvæma svo til hlítar sje, nema það hafi sjer við hlið sjerfróðan mann, er það geti falið framkvæmdir þessara mála. Hefir því líka verið þannig hagað að undanförnu. Hjer er aðeins ætlast til að það skipulag, sem þegar er á komið, sje lögfest og verksvið skipaskoðunarstjóra ákveðið. Um fjárhagshlið málsins er það að segja að þessi breyting mundi engin útgjöld hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð, því að fjárveitingin í 19 b. 16. gr. fjárlaganna, 8000 kr., til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra, myndi falla niður. Hins vegar myndi þessi nýja skipun verða til þess, að meiri festa kæmist á eftirlitið og það yrði að meira gagni.

Um 4. gr.

Í grein þessari felast tvær breytingar frá núgildandi lögum. Hin fyrri er sú, að skipaskoðunarmanni, en ekki lögreglustjóra, skuli sendar allar skoðunarskýrslur. Er það eðlilegast að svo sje, með því að skipaskoðunarstjóri á að hafa aðaleftirlitið með skoðununum og hefir meiri sjerfræði til að bera í þeim málum en lögreglustjórarnir. Með þessu ætti það og að nást, að betra samræmi yrði á skoðunargerðum víðsvegar um landið.

Hin breytingin er sú, að skylt skuli að sýna haffærisskírteini við lögskráningu á skipið og greiðslu slysatryggingargjalds skipverja. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess að eftirlit verði haft með því, að haffærisskírteini þeirra skipa, þar sem ekki er um tollafgreiðslu að ræða, sje í lagi.

Um 5. gr.

Það virðist sanngjarnt að skipseigandi greiði nokkurt gjald í ríkissjóð fyrir útgáfu haffærisskírteinis, líkt og bifreiðareigandi greiðir kostnað við skoðun bifreiðar, sbr. l. 56, 15. júní og 1926 § 4 og verksmiðjueigandi eða vjelareigandi fyrir skoðun þeirra, sbr. l. 24, 7. maí 1928 § 23.

Um 6. gr.

Heppilegt getur verið og hagkvæmt fyrir útgerðarmann að botnskoðun fari fram á öðrum tíma en hin almenna aukaskoðun, og hættulaust að leyfa það, sje þess gætt að eigi líði of langur tími milli skoðana. Því er hjer farið fram á að leyfa það.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 4. og 5. gr.

Um 8. gr.

Eðlilegt er að skipaskoðunarstjóri úrskurði það atriði, er hjer ræðir um, ef til hans næst.

Um 9. gr.

Stundum hefir reynst örðugt að fá svo marga menn til skoðunar, sem 18. gr. gerir ráð fyrir. Er því hjer farið fram á að heimilað verði að víkja frá þeim ákvæðum, þegar skipaskoðunarstjóri er því samþykkur.

Um 10. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Um 11. gr.

Lágmark sekta samkvæmt 30. gr. er 100 kr. Er það of hátt og getur orðið til þess að síður sje kært yfir lítilfjörlegum brotum. Því er hjer gert ráð fyrir að lágmarkið sje fært niður í 50 kr.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

18. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1927, eru veittar kr. 890309,26 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2—10. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		kr.	kr.	kr.
Við	4. Annar kostnaður	31039,69		
—	5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum ...	97,79		
—	6. b. Til pappírs og prentunar	3776,15		
	c. — kostnaðar við sendingar	355,83		
—	7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	7626,65		
			42896,11	

II. Hagstofan.

Við	3. Pappír, prentun og hefting hagsk.	1529,30		
—	4. Prentun eyðublaða	332,40		
—	5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	386,44		
—	7. Til að gefa út manntalið 1703	80,44		
			2328,58	

III. Utanríkismál o. fl.

Við	d. Til skrifstofuhalds	1166,56		
—	4. Kostnaður við sambandslaganefnd ...	3748,73		
			4915,29	
				50139,98
			Flyt ...	50139,98

		kr.	kr.	kr.
			Flutt ...	50139,98

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. er veitt:

		kr.	kr.	
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.			
Við	1. b. Annar kostnaður	1927,23		
—	4. d. Ýms útgjöld	1476,29		
—	a. Laun fulltrúa, 3. skrifara og innheimtumanns	6976,00		
—	b. Laun 3. tollvarða	1722,00		
—	d. Hiti og ljós	465,00		
—	e. Innheimtukostnaður	4526,00		
—	6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	2833,26		
—	8. Til landhelgisgæslu	106034,66		
—	10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5563,29		
—	11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	29619,84		
—	12. Borgun til sjódómsmanna	1280,00		
—	13. Borgun til setu- og varadómara	387,40		
			162810,97	
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
—	1. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri	12713,17		
—	2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar...	7525,51		
—	3. Til embættiseftirlitsferða...	1753,60		
—	4. Gjald til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar	14321,99		
—	5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. ..	12072,20		
			48386,47	
				211197,44

4. gr.

Til viðbótur við gjöldin í 12. gr. er veitt:

	Til læknaskipunar og heilbrigðismála.			
—	8. Til geislalækningastofu ríkisins	3500,00		
—	9. Til sömu stofnunar, áhaldakaup	1000,00		
	Flyt ...	4500,00	... ...	261337,42

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	4500,00	... ...	261337,42
Við 17.	Heilsuhælið á Vífilstöðum	3211,25		
— 18. b.	Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	35000,00	... ...	
				42711,25

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Samgöngumál.

A. Póstmál.

Við 3. a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara eftir reikningi	4041,18		
— d.	Önnur gjöld	6069,20		
			10110,38	

B. Vegabætur.

Við I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	683,60		
—	4. Til aðstoðarmanna og mælinga ..	12824,35		
—	5. Skrifstofukostnaður	324,89		
— II. a.	6. Langadalsvegur	730,35		
—	8. Þelamerkur vegur	187,05		
—	b. Viðhald og umbætur	73575,02		
— IV.	Til brúargerða	51878,08		
— VI.	Fjallvegir...	483,55		
— VIII.	1. Til akfærra sýsluvega	379,25		
— XIII.	Til þess að kaupa Fornahvamm og byggja þar gistihús	12696,02		
			153762,16	

C. Samgöngur á sjó.

Við	1. Til strandferða Esju	65307,83		
—	2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum			
	a. Rekstrarstyrkir	5250,00		
			70557,83	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við	I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.	14805,49		
		14805,49	234430,37	304048,67

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	14805,49	234430,37	304048,67
Við	II.	Til nýrra símalagninga	26532,87		
—	IV. 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	814,96		
—	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	41314,44		
—	6.	Áhaldahúsið	550,87		
—	7.	Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	3187,14		
—	8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	3869,76		
—	9.	Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	2619,62		
—	10.	Símastöðin á Borðeyri	803,79		
—	11.	Símastöðin í Hafnarfirði	1673,46		
—	12.	Símastöðin á Siglufirði	2125,34		
—	15.	Til annara símastöðva og eftirlitsferða	9665,58		
—	VIII.	Viðhald landssímanna	33297,15		
				141260,47	

E. Vitamál.

Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds...	238,35		
—	4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	221,90		
—	II.	Laun vitavarða	1713,02		
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	17690,45		
—	V. a.	Landtökuviti á Dyrhólaey	1688,63		
—	VI.	Breytingar og viðgerðir á Hermóði	9193,13		
				30745,48	
					406436,32

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kenslumála.

A. Andlega stjettin.

Við	7.	Til húsabóta á prestsetrum		11900,00	

B. Kenslumál.

Við	I.	Háskólinn.			
—	h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla.. ...	172,43		
—	i. 3.	Yms gjöld	2804,02		
		Flyt ...	2976,45	11900,00	710484,99

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	2976,45	11900,00	710484,99
Við	k. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta..		400,00		
—	II. b. Til læknaefna til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis ...		737,50		
Við	III. Mentaskólinn.				
—	b. 3. Til skólahússins utan og innan		873,63		
—	4. Til stundakenslu og prófdómenda		3677,75		
—	8. Til vísindalegra áhalda		194,83		
—	11. Til verðlaunabóka		17,01		
Við	IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.				
—	b. 1. Til aukakennara og stundakenslu		1884,00		
—	2. Til framhaldsnáms		1000,00		
—	3. Til bóka- og kensluáhalda ...		600,29		
—	4. Til að kaupa skuggamyndavjel og fleiri kensluáhöld		393,40		
—	5. Til eldiviðar og ljósa		470,99		
—	8. Til skólahússins utan og innan		118,85		
—	9. Til ýmislegra gjalda		1670,59		
Við	V. Kennaraskólinn.				
—	b. 3. Bókakaup og áhöld...		54,50		
—	5. Til viðhalds		298,50		
—	VI. Stýrimannaskólinn.				
—	b. 4. Ýmisleg gjöld		5,52		
—	VII. Vjelstjóraskólinn.				
—	b. 1. Til stundakenslu		844,00		
—	2. Húsnæði		400,00		
Við	VIII. Bændakensla.				
—	1. Bændaskólinn á Hólum.				
—	c. 4. Ýmisleg gjöld		16253,36		
—	2. Bændaskólinn á Hvanneyri.				
—	c. 2. Til kensluáhalda...		171,21		
—	3. Til eldiviðar og ljósa... ...		1063,78		
—	4. Ýmisleg gjöld		791,05		
—	3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli.				
—	b. Til breytinga og aðgerða á Staðarfellshúsinu		700,00		
		Flyt ...	35597,21	11900,00	710484,99

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	35597,21	11900,00	710484,99
Við	XI. Yfirsetukvennaskólinn.			
—	2. b. Annar kostnaður	1134,55		
Við	XIII. Almenn barnafræðsla.			
—	4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu	1800,00		
—	5. Til prófdómara við barnapróf ...	8626,99		
Við	XIV. Unglinga- og alþýðuskólar.			
—	1. Til alþýðuskólans á Eiðum.			
—	c. 2. Til kensluáhalda...	496,71		
—	3. Til eldiviðar og ljósa... ...	530,70		
—	4. Til húsbúnaðar	6,31		
—	5. Ýmisleg gjöld	1533,04		
Við	XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja..	13040,14		
			62765,65	
				74665,65

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

2. Þjóðskjalasafnið.

Við	b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðar	348,75		
	5. Landsbókasafnshúsið.			
Við	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	259,40		
	19. Styrkur til skálda og listamanna.			
Við	g. Til þess að kaupa listaverk	993,21		
—	35. Til landskjálftarannsókna	6,99		
—	36. Til veðurathugana og veðurskeyta ...	12975,81		
—	39. c. Til girðingar um listasafnshúsið ...	1157,30		
—	45. Ferðastyrkur til útlanda...	1100,00		
			... ...	
				16841,46
			Flyt ...	801992,10

			kr.	kr.
			Flutt ...	801992,10
		8. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:	kr.	kr.
		Til verklegra fyrirtækja.		
Við	4.	Til kaupa á fljótandi skurðgröfu	3782,41	
	14.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík.		
Við		b. Til aðstoðar...	1400,00	
	17.	Laun yfirmatsmanna o. fl.		
Við		f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna ...	7424,28	
—	18.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1537,50	
—	19.	Til bryggjugerða og lendingabóta.. ...	3186,16	
—	24.	Til erindsrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum	742,29	
			... ...	
				18072,64
		9. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:		
		Til almennrar styrktarstarfsemi.		
Við	3.	Styrkur til sjúkrasamlaga	2298,35	
—	6.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	396,24	
			... ...	
				2694,59
		10. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
		Óviss útgjöld	... ...	
			... ...	
				67549,93
			Samtals ...	890309,26

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1927, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

19. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	I. Tekjur:		
1.	Fasteignaskattur	225000	258930,16
2.	Tekju- og eignarskattur	950000	736947,13
3.	Lestagjald af skipum	35000	43443,50
4.	Aukatekjur	375000	490843,35
5.	Erfðafjárskattur	40000	30930,61
6.	Vitagjald	300000	374902,30
7.	Leyfisbrjefagjald	10000	11910,98
8.	Stimpilgjald	325000	375477,18
9.	Skólagjald	15000	22350,00
10.	Bifreiðaskattur	25000	41102,87
11.	Útflutningsgjald	1000000	1183549,58
12.	Áfengistollur	650000	422601,99
13.	Tóbakstollur	775000	949015,00
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	1200805,49
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	207710,87
16.	Vörutollur	1375000	1167179,10
17.	Verðtollur	850000	957076,30
18.	Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000	51950,32
19.	Pósttekjur	400000	500474 40
20.	Símatekjur	1300000	1483411,75
21.	Vineinkasalan	500000	325000,00
22.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	35100	38517,89
23.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	325000	233670,18
24.	Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	154034	676906,38
25.	Tekjur samkv. sjerstökum lögum	...	57752,12
26.	Auknar lausar skuldir	...	471245,74
27.	Eytt af sjóði	...	393287,51
28.	Eytt af innstæðu	...	152388,48
29.	Greiddar innstæður o. fl.	...	2785,41
	Samtals	10834134	12862166,59

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld:		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1639977	1569171,75
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	199800	236761,77
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	183700	219782,35
II. Hagstofan	52300	53036,19
III. Utanríkismál o. fl.	86500	91415,29
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	742178	868803,36
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	135000	183202,48
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	945639	937093,09
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	436967	462147,88
B. Vegabætur	921620	1083119,66
C. Samgöngur á sjó	330200	400757 83
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1261300	1396441.35
E. Vitamál	307910	335000,20
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	363656	368894,60
B. Kenslumál	1241894	1169710,68
9. Til vísinda, bókmenta og lista	284245	289354,45
10. Til verklegra fyrirtækja...	962610	1053108,13
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	664700	1039302,83
12. Eftirlaun og styrktarfje	185450,80	165797.22
13. Óviss útgjöld	100000	167549,93
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur..	4000	26036,09
15. Eimskipafjelag Íslands	... ...	60000,00
16. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum...	... ...	625679,46
Samtals ...	11109646,80	12862166,59

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn fyrir árið 1927 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

20. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:
Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 12 rúmlesta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram eftir tilmælum Fiskifjelags Íslands og hefir fjelagið látið því fylgja svohljóðandi

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 40, 19. júní 1922, er svo ákveðið í 4. gr. b. lið: »Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini fyrir smáskip, er . . . . . hefir verið stýrimaður minst 8 mánuði á skipi eigi undir 12 rúmlestir«.

Í sömu lögum, 18. gr., er svo ákveðið, að ekki þurfi að hafa stýrimann á minni skipum en 30 rúmlestir, en í lögum nr. 49, 27. júní 1925 er þessu breytt, þannig að ekki er skylda að hafa stýrimann á minni skipum en 20 rúmlesta nje á skipum, sem koma að jafnaði daglega úr róðri þó skipin sjeu alt að 30 rúmlestir.

Með þessu er ósamræmi í lögunum, þar sem skipstjórum er gert að skyldu að hafa verið stýrimenn minst 8 mánuði, ef þeir eiga að fá að stjórna stærra skipi en 12 rúmlesta, en aftur á móti er ekki skylda að hafa stýrimann á minni skipum en 20—30 rúmlesta, enda mun það ekki venja á þessum stöðum að lögskrá stýrimenn á þá báta, sem þess er ekki krafist samkvæmt lögum.

Með því fyrirkomulagi, sem nú er, er því skipstjóraefnum gert næstum ókleift að fá skipstjórarjettindi, ef fara á eftir bókstaf laganna, enda er oss kunnugt um að ákvæði þessi valda miklum erfiðleikum.

Auk þess búumst vjer við, að stýrimönnum á skipum af þessari stærð, verði ekki greidd svo há aukaþóknun, að það dragi útgerðina neitt verulega.

21. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslu um nafn Ísafjarðarkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Laugardaginn fyrstan í vetri lætur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fara fram atkvæðagreiðslu í Ísafjarðarkaupstað um það, hvort staðurinn skuli halda því nafni eða taka upp af nýju hið forna nafn Eyri.

2. gr.

Ef Eyri sigrar að atkvæðafjölda, skal það nafn gilda frá 1. janúardegi 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta nægir að vísa til athugasemda, sem fylgja hinu almenna frumvarpi til laga um nöfn bæja og kaupstaða, því er ráðuneytið leggur nú fyrir alþingi. Má þykja vel við eiga, að staðarbúum sje veittur kostur á að minnast þúsund-ára-hátíðar Alþingis þann veg, að þeir fái að taka upp rjett nafn á stað sinn á því ári.

22. Frumvarp

til laga um nöfn bæja og kaupstaða.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Nöfnum bæja og kaupstaða ræður málvenja íbúa og nærsveitarmanna.

2. gr.

Eigi má skifta um nafn á bæ eða kaupstað, nema heimild sje veitt til í sjerstökum lögum.

3. gr.

Í slíkum lögum skal íbúum staðanna sjálfra ger kostur á að velja í milli hins fyrra nafns og annars, er Alþingi tekur til í lögunum sjálfum. Atkvæðisrjett um nafnvalið hafa einungis bæjarmenn sjálfir, ef um bæ er að ræða, hreppsmenn, ef um kaupstað ræðir, allir þeir, er kosningarrjett hafa til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, er hlut á að. Um tilhögun atkvæðagreiðslu

fer um bæi eftir fyrirmælum laga um kosning í bæjarstjórn, um kaupstaði eftir sams konar ákvæðum um kosning í hreppsnefndir. Að lokinni atkvæðagreiðslu skal kjörstjórn birta atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu úrslitin, en ráðuneytið síðan auglýsa þau í stjórnartíðindum. Ef staðarbúar hirða ekki um að nota þenna rjett sinn, er Alþingi heimilt að velja nafn.

4. gr.

Lögin skulu sjálf taka til, frá hverjum tíma nafnaskiftin skuli gilda, og má frá þeim tíma ekkert nýtt fyrirtæki á slíkum stað bera nafn það, er niður var lagt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum 20. okt. 1913 (að röð 31) er jarðanöfnum ljeð lögvernd. Álitsskjal það, er hjer fer á eftir, sýnir ljóslega, að eigi er síður nauðsyn á að hafa gát á nöfnum bæja og kaupstaða. Að því stefnir frumvarp þetta og þar með einnig því að greiða fyrir um það, að kipt verði í burtu rangnefnum, sem komist kunna að hafa á. Eftir norskum lögum er alt vald um slík nafnaskifti hjá þinginu einu; skal að eins leitað umsagnar stjórnar bæjar þess, er hlut á að máli, en á engan hátt er þingið bundið við tillögur hennar. Þetta á illa við hjer á landi. Svo sem það er málvenja á hverjum stað, sem ein er bær að ráða í þessu efni, svo virðist og best við eiga, að það sje á valdi íbúanna sjálfra, eftir því sem við verður komið, hvert nafn þeir velji hverjum einum stað. Að því hníga ákvæði frumvarps þessa.

Bæir eru í frumvarpi þessu kallaðir þeir kaupstaðir, sem hafa bæjarrjettindi, kaupstaðir hinir allir, sem einungis eru löggiltir til verslunar.

Hjer fara á eftir brjef, sem farið hafa í milli atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og heimspekideildar háskólans, um mál þetta.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ.

Reykjavík, 26. nóvember 1928.

Hjermeð sendist háttvirtri heimspekisdeild háskólans áætlun um strandferðir kringum Ísland. Eru það tilmæli ráðuneytisins að athuguð verði staðarnöfnin á áætluninni og færð til rjetts íslensks máls og berist ráðuneytinu tillögur um það, áður en næsta áætlun verður gefin út.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigtús Einarsson.

Til heimspekisdeildar Háskólans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEIMSPEKISDEILDIN

Reykjavík 18. jan. 1929.

Út af erindi hins háa ráðuneytis frá 26. nóvbr. f. á., þar sem leitað var álits heimspekisdeildar um nöfn á viðkomustöðum strandferðaskipa, var próf. dr. Pali Eggert Ólasyni falið að semja álitsskjal um málið og leggja fyrir deildina. Á fundi deildarinnar 18. þ. m. var álitsskjal þetta lagt fram og tjáðu deildarmenn sig samþykka stefnu þess. Um leið og álitsskjal þetta er því sent hinu háa ráðuneyti sem álit deildarinnar, skal athygli vakin á því, að höfundur þess tjáir sig í niðurlagi skjalsins búinn til þess að veita aðstoð sína um frekari aðgerðir í þessu máli.

Sigurður Nordal,
deildarforseti.

Til Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal I.

Á fundi heimspekideildar 12. f. m. var mjer falið að semja álitsskjal um erindi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti, dags. 26. nóv. f. á.; er þar mælst til þess, að athuguð verði nöfn á viðkomustöðum skipa um landið og þau »færð til rjetts íslensks máls« eða tillögur bornar fram í því skyni.

Áður en vikið er að sjálfum viðkomustöðunum, skal jeg leyfa mjer að gera nokkurar almennar athugasemdir, sem til skýringar mega verða öllu þessu efni.

Breytingar á staðanöfnum hjer á landi hafa, sem víða annarstaðar, orðið með tvennu móti, innan að og utan að, ef svo má kalla, eða af völdum íbúa landsins sjálfs annars vegar, útlendinga hins vegar.

Um hinar fyrri breytingar, þ. e. af völdum landsmanna, þarf ekki margt að ræða. Það er öllum mönnum kunnugt, að Íslendingar hafa sjálfir vikið við staðarnöfnum víða, frá því sem voru í fornöld, jafnvel oftar en einu sinni um sama staðinn. Þetta hefir orðið með ýmsum hætti. Stundum er nafninu alveg vikið við; dæmi *Eyrarbakki;* þar hjet áður *Eyrar.* Stundum er vikið við endingum, sett fleirtala, þar er áður var eintala, eða eintala, þar er áður var fleirtala; t. d. er »Þingvellir« nú að verða sterkara en »Þingvöllur«, þótt sagt sje enn »að fara á Þingvöll«; Þingvall*a*fundur er ætíð sagt og ritað, en ekki Þingvall*ar*fundur; breytinguna í þessu má að nokkuru rekja til fornmanna sjálfra, með því að þeir nefndu »völlu«, þó að þeir kölluðu jörðina eða bæinn Þingvöll. Nefna má það enn til dæmis, að hin fornu þinganöfn eru fyrir löngu afrækt, en sýslur komnar í staðinn; þó mun það enn engan hneyksla að heyra nefnd þing, og sumir höfundar nota jöfnum höndum þing og sýslur.

Við slíkum breytingum, af völdum landsmanna sjálfra, er mjög erfitt að

reisa skorður, ef það á annað borð er unt. Að minni hyggju er það og allsendis þarflaust, á meðan farið er að óspiltri tungu landsmanna í þessu efni. Í þessari grein nafnbreytinga er það þá tillaga mín, að *engar skorður sjeu við settar, aðrar en þær, að engin málspjöll sjeu liðin í breytingunum.* Því þykir mjer t. d. sjálfsagt, að haldið sje nafninu »Eyrarbakki«. Þó getur helgi staðar verið svo mikil, að etamál er, hvort líða eigi jafnvel skaðlausar breytingar.

Þá eru breytingar af voldum útlendinga. Þær eru tvenns konar eða hafa komið fram í tveim myndum. Flestar eru þær frá fyrri öldum, sem kunnugt er, og með ströndum fram. En svo hlálega víkur við, að sja má tilraunir til slíkra breytinga á síðustu árum, jafnvel enn í dag, með þeim mun, að nú gætir þeirra einkum í upplöndum og óbygðum landsins.

Jeg skal fyrst leyfa mjer að drepa á dæmi síðara flokksins, þótt ekki sje getið í erindi ráðuneytisins. Þar má að vísu kalla vera um tilraunir einar að ræða, en verra getur af hlotist, ef ekki er tekið í taumana. Það er títt, að ferðalangar, er fara um lítt kunn lönd, lítt bygð eða þau lönd, er villimenn bygeja eða hálfviltar þjóðir, reyna að halda uppi frægð sinni með því að kasta nafni sínu á staði, er þeir ferðast um í löndum slíkra þjóða; stundum gefa þeir stöðunum nöfn vina sinna eða styrktarmanna. Þetta hefir tíðkast um útlenda ferðamenn á Íslandi, einkum á síðustu árum. Aðferðin er sú að rita ferðabók eða birta jarðrannsókn, draga upp staði og láta fylgja bókinni, með hinum nýju nöfnum, er sýna skulu afrek og halda uppi frægð þessara »vísindamanna«; en sjálfir miklast þeir af að hafa hætt lífi sínu í slarkferðir þær, er þeir kallast farið hafa einungis í þarfir vísinda. Það er nú hvort tveggja, að skóflustungur þessara manna, sem oftast eru jarðfræðingar, virðast sjaldan mjög djúpar hjer á landi, enda nöfn þessi, er þeir penta á uppdrátt landsins, líklega oftast hið eina, sem haldið myndi geta uppi nafni þeirra. Þarflaust er hér enn að rekja þetta mál nánara; dæmi nægja. Tvenns konar eru einkum þessar staðanafngiftir, ýmist fólgnar í því að kasta nafni á staði, sem þó áður höfðu nöfn manna í milli, eða á þá staði, sem menn ætla, að ekki hafi verið skírðir áður. Dæmi hins fyrra er »*Knebelsvatn*«, sem áður hét með Íslendingum sjálfum »*Öskjuvatn*«, og »*Rudloffsgigur*«, sem áður var nefndur »*Víti*«. Dæmi hins síðara er »*Watlsfell*« og »*Thoroddsenstindur*«. (Þess var ekki að vænta, að útlendingur kynni að skíra Þorvaldstind).

Um öll dæmi þessa flokks er það að segja, að vitanlega getur engum til hugar komið að banna ferðamönnum, síst »náttúrufræðingum«, að ferðast um landið. Ilt mun og að reisa hömlur við því, að slíkir menn skreyti ferðabækur sínar með þeim landabrjefum eða uppdráttum, sem þeim sýnist, og þeim örnefnum slíkt hið sama. *En þess verður að krefjast, að hvarvetna þess er Íslendingar, hvort heldur einstakir menn eða almannavald, birta uppdráttu lands, staðlýsingar eða örnefni, og á hvern hátt sem er, þá verði þess vandlega gætt að ryðja burt slíkum örnefnum öllum.* Útlenda ferðamenn mætti og vara við því að eyða miklu af andríki sínu í þvílíkar nafnagiftir hjerlendis, með því að veita þeim vitneskju um, að slíkt myndi að litlu metið. Hjer við má þó geta þess, að fyrir getur komið, að útlendir ferðamenn skíri ónefnda staði að jöfnu málbragði við landsmenn. Sjeð hefi jeg t. d. í riti eftir einn slíkan mann, sem talsvert hefir kannað

óbygðir um einn hluta landsins, fáein slík nöfn; þar er gjá ein kölluð »*Heljargjá*«, og er prýðilega valið, eftir lýsingunni að dæma.

Þá er komið að fyrra flokki útlendra nafngifta á stöðum, og varðar miklu um erindi það, er ráðuneytið hefir beiðst um tillagna frá heimspekideild. Þau eru upptök þeirra nafngifta, sem alkunnugt er, að farmenn fyr á öldum, fyrst Þjóðverjar og Englendingar, síðan Danir, skældu íslensk nöfn, hver þjóð eftir sínu tungutaki; slíkt gera þær raunar enn í dag, og er ekki unt við að ráða. En þessu fylgdi það, að þar er farmenn leituðu hjer hafna, hirtu þeir oft ekki að fara rjett með innlend nöfn á höfnunum, heldur köstuðu á þær nöfnum eftir hentisemi sinni, oftast þó gripin frá höfuðbygð þar í grend, sveit, hjeraði, er þar lá að (t. d. Skagaströnd), en langoftast af fjörðum. Þegar strandmælingar hófust hjer á landi að marki (seint á 18. öld), varð þessi regla ofan á, sem vænta mátti, er ekki var leitað til Íslendinga í þessu efni, og þessi nöfn voru síðan tekin á uppdráttu þá, er birtir voru á þeirri undirstöðu, til leiðbeiningar farmönnum. Því eru uppdrættir af ströndum og sjóleiðum með Íslandi enn í dag með slíkum nöfnum, íslenskum að vísu að stofni, en alla vega skældum, og stöfuð eru þau sitt á hvað, eftir því hver tunga er á uppdráttunum; t. d. er mikill munur á stöfun nafna á uppdráttum á ensku og dönsku, þótt jafnörg sje í augum Íslendinga. Þetta mega allir sjá, er skyggnast vilja í uppdráttu þá og leiðarbrjef, er skipum fylgja og farmenn nota. Þetta myndi sjálfsagt erfitt að laga, en *nokkurn árangur kynni það að bera, ef stjórn landsins leitaði til þeirra stofnana, er birta slíka uppdráttu, með bendingum um lagfæringar* (t. d. »Sökortarkivet« danska). Í innlendum leiðaruppdráttum eru Íslendingar vitanlega einráðir.

Flest í þessu efni fór með öllu fram hjá Íslendingum, sem vonlegt var; ekki voru þeir aðspurðir, og ekki heldur leitað ráða hjá þeim um uppdráttu af sjóleiðum með landi fram.

Þegar litið er nánara á nöfnin sjálf, má sjá, að það er hending ein, sem ræður því, hvort valið er rjett nafn hafnar eða tekið nafn úr nágrenni; t. d. haldast Hofsós, Húsavík, Kumbaravogur, Stykkishólmur, en aftur ráða fjarðanöfn höfnum t. d. í Dýrafirði, Patreksfirði, Eyjafirði o. s. frv., og hjeraðanöfn, t. d. á Skagaströnd. Í brjefagerðum konungs og stjórnvalda má og telja, að fullkomin festa sje á nöfnum hafnanna, er stundir líða, á þeirri undirstöðu, sem nú var lýst.

Þegar litið er til landsmanna sjálfra, verður sitt hvað uppi; oftast halda menn þó hinum innlendu nöfnum, hver nöfn sem farmenn og kaupmenn hafa valið höfnunum, en það kemur þó fyrir, að útlendar nafnagiftir ná að festast, einkum út í frá eða þegar dregur í aðra landshluta. Ekki þarf að nefna mörg dæmi þessa. Í tilskipan konungs um hlunnindi (»fríheit«) kaupstaða 17. nóv. 1786 eru nefndar 6 aðalhafnir landsins, og er þar á meðal »*Eyjafjörður*« (ekki *Akureyri*). Landsmenn virðast ekki hafa viljað skeyta þessari nafnagift. Með úthöfnum landsins á einveldistímanum, enn á 19. öld, má sjá nöfnin »*Grönnefjord*«, (sem stundum var þó aðalhöfn), »*Rödefjord*«, »*Röderhavn*« (sbr. tilsk. 17. nóv. 1786 og 11. sept. 1816, og auglýsing rentukammers 31. mars 1833 og fleiri fyrirmæli); ekki hafa landsmenn farið að þessu og kallað þessa staði »*Grænafjörð*«, »*Rauðafjörð*«, »*Rauðahöfn*«, heldur hafa rjett íslensk nöfn haldist: *Grundarfjörður, Reyðarfjörður, Raufarhöfn*, enda má og telja slík nöfn til hreinna afbakana

eða skældra nafna. Nefna má enn »*Badenstad*« (rentukammerleyfi til verslunar þar 1. mars 1806, sbr. og úthafnaskrá í tilskipan konungs 11. sept. 1816); menn hafa ekki virt það nafn, heldur kallað þann stað *Búðir* eftir sem áður. Einna berlegast kemur fastheldni landsmanna fram í einu dæmi Í skrám einveldistímanna um úthafnir (síðast í tilskipan konungs 28. des. 1836) er jafnan nefndur *Berufjörður* (»Berefjord«); þetta hafa landsmenn virt alveg að vettugi, sem kunnugt er, og haldið hinu rjetta nafni hafnarinnar (*Djúpavogur*).

Af þessu, er nú var tínt til, er það auðsætt meðal annars, að *ekki hefir verið farið að lagaboðum um nöfn á höfnum, þau er á hafa komist af völdum stjórnvalda á einveldistímum, eða fyrr, og upplök eiga til úllendra farmanna og kaupmanna. Því virðist og ekkert lagaboð þurfa til þess að lagfæra þau; málsmeðvitund landsmanna, og þá fyrst og fremst þeirra, er næst búa höfnunum, hlýtur þar að verða áttavitinn, í raun rjettri hið eina fullkomna löggjafarvald.*

Það er því ætlan mín, að stjórngæsluvaldið sjálft, *án heimildar í lögum*, að eins *með rannsókn á málvenju nærlendis höfnunum*, megi um alla þessa staði setja nöfn í samræmi við það, er rannsókn leiðir í ljós; gildi sú regla þar er þurfa þykir og almannavalds gætir, t. d. í ferðaskrám (ferða»áætlunum«) skipa o. s. frv.

Það er ekki þessu öndvert, heldur þvert í móti *bein afleiðing*, að í sumum dæmum, þar er menn kunna að vilja hreinsa til og taka upp eldri nöfn, er afrækst hafa eða skekst, á hvern hátt sem er, sje *rjettara*, um leið og það er viðkunnanlegra og frjálslegra, að leita atkvæðis staðarbúa, annaðhvort (og helst) allra fulltíða (kosningabærra) manna, eða forráðamanna þeirra um staðarmál, hvort heldur eru bæjarstjórnir eða hreppsnefndir. Og þá myndi *rjettast að leita til þess heimildar í lögum.*

Það dæmi, sem einkum blasir við í þessum flokki, er *Ísafjörður*, sem nú er kallaður, og verður því ekki andmælt, að það nafn er jafnvel orðið málvenja á síðari áratugum, og er hún vafalaust sköpuð af síðari tíma lögum landsmanna, sem nefnt hafa staðinn svo, þótt af útlendum toga sje spunnið, og yngra nafn sje en »Eyjafjörður«. sem stjórnvöld landsins leyfðu sjer lengi að nota um Akureyri; ekki er um það að tala, að þjóðlegri menn hafi verið nyrðra en vestra. En saga nafnsins má þykja einkennileg og vel fallin til leiðbeininga; mun hún því stuttlega rakin hér. Þessi höfn var af farmönnum og síðan stjórnarvöldum fyrri alda jafnan nefnd *Skutulsfjörður* (dregið af nafni fjarðarins alls, sem ella); svo er enn í tilskipan konungs 17. nóv. 1786, um hlunnindi kaupstaða; meðal 6 aðalhafna landsins er þar nefnd »Skutuls- eða Ísafjörður«. Í tilskipan konungs 11. sept. 1816, um aukin verslunarhlunnindi, er höfnin (í 6. gr.) einungis nefnd »Isefjord« og færð niður í úthafnir, enda var þá aðalhöfnum fækkað um tvær (úr 6 í 4). Veturinn 1863 rita íbúar staðarins bænarskrá til Alþingis um full bæjarrjettindi, og er hún staðsett að »*Skutulsfjarðareyri*« og dagsett 28. febr. 1863 (sbr. Alþt. 1863. I, bls. 61—63), en staðurinn þar nefndur í lesmáli »verslunarstaðurinn Skutulsfjörður (í daglegu tali Ísafjörður)«. Í umræðum um málið þá á Alþingi tekur forseti oftast málið á dagskrá með nafninu »málið um að veita *Skutulsfjarðareyri* kaupstaðarrjett«, og svo er málið þá kallað í nefndaráliti, bæði í fyrirsögn og í lesmáli, í fyrirsögn atkvæðaskrár og loks í fyrirsögn að bænar-

skrá Alþingis til konungs. En svo kynlega vill til, að í tillögum nefndarinnar, þeim er samþyktar voru, og þá auðvitað í niðurlagsatriðum bænarskrár Alþingis til konungs, er beðið um bæjarrjettindi handa »*Ísafjarðarverslunarstað*«. Þess má geta, að ritnefnd Alþingistíðinda þá kemur fram með þriðja nafnið í skrám við þingtíðindin og kallar þar staðinn »*Skutulseyri*« (á einum stað einungis), vafalaust af því, að það hefir þótt þægilegra í munni (á tveim öðrum stöðum í skrám þingtíðindanna 1863 eru nöfnin »Skutulsfjarðareyri« og »Skutulsfjarðareyri við Ísafjörð«). Nú er ekki um að tala, að konungur fór, er tími þótti til kominn (reglugerð 26. jan. 1866), að vilja Alþingis í þessu, og var þar farið eftir niðurlagsatriðum bænarskrár Alþingis, sem vænta mátti, og staðurinn nefndur »Ísafjörður« (»verslunarstaðurinn Ísafjörður, þar með talin öll Skutulsfjarðareyri og prestsetrið, sem á eyrinni stendur«). Þetta nafn hefir síðan haldist.

Svo hlálega veik þá við, að íbúar staðarins 1866 fengu nafn á stað sinn, það er þeir höfðu aldrei beðið um 1863.

Sem að framan getur, er það einkum þessi staður, er jeg gæti hugsað mjer, að hlýða þætti um að leita atkvæða íbúa staðarins sjálfs, hvert nafn þeir vilja hafa, hvort heldur það nafn, er forfeður þeirra völdu staðnum, eða það nafn, sem útlendir skipskokkar og aðrir farmenn, á borð við þá að kunnugleika á landi, tóku frá alt öðrum stað, lengst inni í djúpi flóans, og köstuðu á þenna.

Jeg er varla í vafa um, hvað ofan á yrði, svo að einungis yrði að velja í milli innlendra nafna. Jeg fyrir mitt leyti myndi langhelst kjósa upphaflega nafnið, *Eyri*. Búðir kaupmanna voru þar í öndverðu á tanga í landi prestsetursins, og kaupstaðurinn er allur í landi þess, þó að hann eigi nú land lengra. Þetta nafn er fagurt og einfalt; því til stuðnings er og það, að kaupstaðurinn myndi ekki eiga samnefnt við nokkurt kauptún eða löggilta höfn. En ef mönnum þætti það nafn ekki nægilega íburðarmikið eða virðulegt, mætti kalla staðinn *Skutulseyri* (að hætti ritnefndarmanna Alþingistíðinda 1863), og drægi hann þá að hálfu nafn af firðinum sjálfum. Þetta væri engin goðgá nje málspjöll; það eru einmitt eyra-nöfnin, sem landsmenn hafa lengst fremur öðrum staðanöfnum. Eyri í Arnarfirði hefir öldum saman verið nefnd Rafnseyri, Eyri í Bitru Ólafseyri o. s. frv. En nafnið *Skutulsfjarðareyri* er þessara nafna síst og ekki alls kostar viðkunnanlegt.

Það kann nú að vera, að sumir kunni að telja tormerki á því, að breytt sje staðanöfnum, sem fengið hafa festu, þótt ekki sje nema um fáa áratugi, svo sem óneitanlegt er um »Ísafjörð«. En ekki vaxa mjer þeir erfiðleikar í augum. Vjer höfum dæmið fyrir oss, Norðmenn, sem sættu miklu braklegri meðferð í þessu efni en vjer. Helstu staðir þeirra hafa fengið fylkjanöfn eða heilla ríkja að fornu, eða verið kendir við Kristjána og Friðreki. Með oss Íslendingum veit jeg ekki til þess, að slík nöfn hafi komist á nokkurn stað; jeg tel varla, að um skamman tíma voru Möðruvellir í Hörgárdal kallaðir »Friðriksgáfa« af sumum amtmönnum, sem þar bjuggu á 19. öld, af því að konungur hafði látið hlaða þar steinhús handa þeim; var það nafn engan veginn runnið frá stjórnvöldum landsins, heldur af smjaðurgirnd amtmannanna sjálfra. Íslendingar hafa því ekki við neitt þess konar að glíma. Öldum saman hafa Norðmenn sætt sig við þessi nöfn, og er þeim því erfiðara að breyta um en t. d. Vestfirðingum, sem búið

hafa fáeina áratugi við nafn höfuðstaðar síns, Slíkar breytingar koma að sjálfsögðu fyrst fram af hendi einstakra manna innlendra og stjórnvalda landsins allra í öllu því, er staðina varðar, yrði tekið upp í innlenda uppdráttu og landabrjef, jafnharðan sem slíkt væri prentað, o. s. frv., og smám saman myndu allar slíkar breytingar komast til vitundar útlendingum, er skifti ættu við slíka staði, í uppdráttu þeirra um sjóleiðir o. s. frv.

Þá höfum vjer litið á höfuðatriði þessa máls, svo sem það veit við oss á dögum einveldistímanna. Er þá eftir að líta á hafnir og kauptún, sem rjettindi hafa fengið síðan er Alþingi hlaut hluttöku í löggjafarvaldi. Þarf ekki lengi um að skima til þess að komast að raun um, að þar er nálega hin sama ringulreið í þessu efni sem á einveldistímunum. Alþingi sjálft virðist þó yfirleitt vanda sig, sem vænta mátti, er það löggildir staði til verslunar. En út í frá er enginn gaumur gefinn að því eða sjaldan, t. d. í ferðaskrám skipa, Alþingi hefir samþykt frumvörp um verslunarstaði »á Búðareyri við Reyðarfjörð«, »að Búðum í Fáskrúðsfirði«, »Nesi í Norðfirði«, »Ó.pakseyri í Bitrufirði« (þ. e. Bitru) o. s. frv., en í ferðaskrám skipanna er þetta að engu haft, heldur settir viðkomustaðir: »Reyðarfjörður«, »Fáskrúðsfjörður«, »Norðfjörður«, »Bitrufjörður« o. s. frv. Aftur á hinn bóginn standa á ferðaskrám skipa: Hvammstangi, Borðeyri, Hólmavík, Bíldudalur, Búðardalur o. s. frv., og myndu menn þó þar (eftir sömu reglu) hafa vænst, að staðið hefði: Miðfjörður, Hrútafjörður, Steingrímsfjörður, Arnarfjörður, Hvammsfjörður o. s. frv.

Þessi dæmi frá vorum dögum ber að sama brunni, þegar litið er á nöfn hafna og kauptúna, hvort heldur eftir að Alþingi fekk löggjafarvald eða fyrir. Nöfn þau, er Alþingi hefir sett í lögin, oftast eftir kunnugum mönnum, eru ekki metin nema um suma staði. Afleiðingin hlýtur að vera sú, að sama regla verður að gilda í hvorum tveggja dæmanna, hvort heldur eru frá einveldistímunum eða eftir: Föst málvenja þeirra manna, er næstir búa stöðunum sjálfum. *Málvitundin hlýtur einnig hjer að vera ædstur löggjafi, og vitneskjuna um 'hana verður að sækja í staðarbúa sjálfa eða þar nærlendis,* en ekki í ófullkomin gögn, svo sem ferðaskrár skipa, útlendinga eða menn í öðrum landshlutum, því að fjarlægðin færir alt saman og þurkar út allar ójöfnur.

Þegar menn nú loks að öðru leyti athuga alt það, er hjer hefir verið bent á eða leiða má af því óbeint, þá er það augljóst, að í nöfnum hafna og kaupstaða eða kauptúna landsins eigast við tvær stefnur. Önnur er runnin frá þeim, sem heima eiga í stöðunum sjálfum eða nærlendis og kunnugir eru; þeir menn vilja auðkenna staðina nákvæmlega, þeim nöfnum, sem þeim eru tömust og staðirnir í raun rjettri bera. Hin er runnin frá ókunnugum mönnum, hvort heldur eru útlendingar eða landsmenn sjálfir, sem heima eiga víðs fjarri stöðunum. Fyrir þeim mönnum dregst landið saman, líkt og er í uppdráttum handa börnum; að eins höfuðbygðarlögin eru til í meðvitund þeirra manna, alveg eins og þau ein eru auðkend á slíkum uppdráttum. Því hverfa fyrir sjónum slíkra manna út í frá smádalir, fjöll, víkur, vogar. En eftir standa í meðvitundinni höfuðdalir, fjallgarðar, firðir, flóar. Þetta er fullkomlega eðlilegt. En jafneðlilegt er það, að slíkir menn ráði ekki nöfnum á landabrjefum og uppdráttum. Og alveg sama gildir í þessu efni. Fyrri stefnan er því ein rjett. Henni hefir og Alþingi reynt að fylgja,

sem fyrr segir, um löggilding verslunarstaða hingað til. Sá er og auðsær vilji Alþingis enn. Má til marks um það benda á meðferð Alþingis á einu slíku máli í fyrra; þá samþykti neðri deild með 20 atkvæðum gegn 1 að breyta frumvarpi, er fyrir lá, á þenna veg; það var frumvarp um bæjarrjettindi Norðfjarðar. Er því kaupstaðurinn að lögum í Nesi, svo sem hann er í rauninni og svo sem áður hjet hið löggilta kauptún (sbr. Alþt. 1928, B. 3567.—86. dálk). Það sýnir sig og í erindi því, er ráðuneytið hefir nú sent heimspekideild, að það aðhyllist þessa stefnu, og mun það vera í fyrsta sinn, að stjórn landsins gefur þessu máli gaum; má þá og vænta, að fleira muni á eftir fara, sem lagfæringar þarf og horfir í eðlilega og þjóðlega stefnu. Er einsætt, að heimspekideild hlýtur að vilja styðja fast alla þjóðlega viðleitni, eins þó að smávægileg kunni að þykja í fyrsta bragði. Smávægilegt skeytingarleysi veldur jafnan upptökum að meira háttar óreiðu og spjöllum. En alls þurfum vjer við að gæta um þjóðerni vort, Íslendingar, ekki síst er sífeldlega aukast skifti vor og tengsl við aðrar þjóðir.

Í mínum augum er þá þetta erindi ráðuneytisins einn liður í þarflegri þjóðernisstarfsemi. Til leiðbeiningar við athuganir í þessu efni gætu verið fyrirmæli laga 10. nóv. 1905 (að röð 61), ef þeim hefði verið fylgt dyggilega. Samkvæmt 2. grein þeirra skyldi gera uppdrátt af löndum verslunarstaða, mæla þau og lýsa takmörkum þeirra; þetta alt skyldi sent stjórnarráði og lýsingin birt í B.-deild stjórnartíðinda. Þetta virðist allmjög hafa verið vanrækt, lýsingar þær, er stjórnarráðinu hafa borist og síðan hafa prentaðar verið, heldur fáar og nokkuð ófullkomnar. Staðanöfnin verður því að athuga ýmist af öðrum gögnum, einkum skjalgögnum, eða með fyrirspurnum til kunnugra manna og greinagóðra. Nú er til þess ætlast í erindi ráðuneytisins, að hin einstöku staðanöfn verði athuguð svo, að þau verði »færð til rjetts íslensks máls«, eins og þar stendur. Því vil jeg og ekki skjóta fram af mjer að gera tillögur að þessu leyti einnig. En nú er jeg ekki svo kunnugur öllum þessum stöðum, nje heldur liggja öll gögn svo opin fyrir þegar, að unt sje á einu vetfangi að afgreiða það mál. Því þykir mjer betur hlýða, að þær athuganir komi fram í sjerstakri skrá, er vera má síðan fylgiskjal álitsgreinar þessarar. Er og ekki vert, að heimspekideild hafi nokkurn vanda af slíkri skrá, þó að hún að öðru leyti fallist á stefnu eða anda þessa álitsskjals míns, ef henni sýnist svo.

Reykjavík 13. jan. 1929.
Virðingarfyllst:
Páll Eggert Ólason.

Til heimspekideildar háskólans.

Fylgiskjal II.

Athugagreinir
um nöfn á viðkomustöðum skipa (löggildum verslunarstöðum, höfnum, skipalegum).

Svo var fyrrum hjer á landi um verslun og sjóferðir, að menn litu meir

á hafnir (skipalegur) en staði, er að lágu, enda var lítið um fasta verslun, nema að sumarlagi, lengi vel óvíða vetrarverslun og bygging engin, nema þar er verstöðvar voru. Því gætir í nöfnum fyrrum meir sjávarins en landsins. Það er í rauninni fyrst að marki með tilskipan konungs 17. nóv. 1786, um hlunnindi kaupstaða, að tekið er að gefa því gaum að efla bygð við hafnir landsins. Og síðan Alþingi tók til starfa, gætir landsins miklu meir en sjávarins, er ræðir um nöfn löggiltra verslunarstaða, svo að það má nú kalla aðalreglu; hitt ber að eins við í slíkum löggildingum, að hafnir (skipalegur) sjeu látnar ráða nöfnum (t. d. Hagabót, Hlaðsbót, Selnesbót). Þetta er tekið fram til leiðbeiningar um skrá þá, er á eftir fer.

Á það má og benda, að í sjálfu hinu íslenska máli var enginn munur fyrrum á orðunum kaupstaður, kauptún; sá munur, sem menn nú leggja í þau orð, hefir enga stoð í tungunni, er settur alveg að handahófi. Menn hafa í lagamáli á síðari áratugum reynt með þessum nöfnum að greina í milli þeirra staða, sem meiri rjettindi hafa en óbreyttir verslunarstaðir, og kallað þá kaupstaði, hina kauptún. Þetta hafa menn tekið eftir dönskum lagaboðum, kaupstaður er látinn svara til »Köbstad« og kauptún til »autoriseret Handelssted« (»Handelsplads«). En þetta hefir ekki náð til almennings. Menn »fara« jafnt »í kaupstað«, þó að þeir sæki vörur til Vopnafjarðar eða Seyðisfjarðar, jafnt til Keflavíkur sem til Hafnarfjarðar. Málvenju er jafnan torvelt að kúga, einkum þegar merking orðanna, sem til er ætlast, að þau hafi, liggur ekki í þeim sjálfum. Löggjafar ættu að venja sig af því að hugsa fyrst á útlendum málum og velja síðan af handahófi orð hugsunum sínum úr eiginmáli. Hjer liggur beinast við að fara að fornu máli og kalla bæi (borgir, staði) meira háttar húsahvirfingar, slíkar sem lagamenn nú vilja nefna kaupstaði, en óbreytta verslunarstaði, kaupstaði eða kauptún, alveg jöfnum höndum. Þetta fellur vel við skilning og mál íslensks almúga. Svo virðist og sem löggjafar vorir hafi að nokkuru leyti pata af þessu, því að samhliða »kaupstaðar«-nöfnunum, gægjast og fram í lagamáli »bæjar«-rjettindi, »bæjar«-stjórn o. s. frv.

Í athugagreinum þeim, er hjer fara á eftir, er fylgt viðkomustöðum á ferðaskrá Esju 1928, austur um, frá Reykjavík talið. En nú er það svo, að víða ganga önnur skip og bátar um firði og flóa og með ströndum fram, á aðra viðkomustaði með fram; sum þeirra skipa munu hljóta styrk nokkurn úr landsjóði, og ættu þá ferðaskrár þeirra að liggja undir úrskurð ráðuneytisins. Fyrir því eru hjer á eftir taldir jafnharðan aðrir löggiltir verslunarstaðir eða hafnir en Esja kemur nú á, eftir viðkomustöðum hennar; eru þeir margir viðkomustaðir annarra strandbáta eða kunna að verða það.

Ferðaskrá Esju 1928 er hjer táknuð F., tillögur á þeirri ferðaskrá, sem fylgdu brjefi ráðuneytisins 26. nóv. 1928, Till.

1. *Reykjavík.*

2. *Vestmannaeyjar.*

3. *Hornafjörður,* F. *(Höfn í Hornafirði* Till.*)*. Lög 24. okt. 1879 löggilda verslunarstað »á *Hornafjarðarós*«. Kauptúnið er í nesi milli Skarðsfjarðar og hins eiginlega Hornafjarðar; þar hjet að fornu *Höfn*; þar mun og næsti bær við kendur (Hafnarnes). Í nágrenni er kaupstaðurinn jafnan kallaður *Höfn*. Einsætt er

að takar það nafn á ferðaskrár og önnur slík skírteini, sem frá almannavaldi má telja runnin. En fyrst um sinn, meðan menn út í frá væru að venjast nafninu, og af því að fleiri staðir eiga samnefnt við þenna að rjettu lagi, mætti tengja Hornafjörð við (eins og Till.), en í rauninni er staðurinn í milli fjarðanna, svo að fullkomlega rjett væri þetta samt ekki.

4. *Djúpavogur* (svo rjett ritað, þ. e. Djúpa- í öllum föllum, ekki Djúpivogur; aftur mætti rita Djúpi-Vogur; sbr. athugasemd hjer aftast). Þetta er ein af hinum fornu verslunarhöfnum, sem taldar eru löggildar með hafnaskrám einveldistímanna. Ekki hefir höfnin ætíð verið ein; samtímis á sömu slóðum var og fram að upphafi kaupþrælkunar (1602) verslað á Fýluvogi eða Fúlavík, nálægt Búlandsnesi. Af útlendum mönnum var höfnin lengi kölluð Berufjörður. En rjett nafn hefir hjer sigrað. Til er annar löggiltur verslunarstaður á þessum slóðum; lög 13. des. 1895 löggilda *Skálavík* við Berufjörð.

5. *Breiðdalsvík*. Lög 30. nóv. 1883 löggilda verslunarstað hjá *Selnesbót við Þverhamar*. Þess má geta, að í fornum gögnum kemur fyrir, að nefndur er Breiðdalsfjörður. En hvorki á hjer við fjörður nje vík, heldur er hjer sem flóa að sjá. Með öllu er óheimilt að kalla verslunarstaðinn Breiðdalsvík, eins og öll strandlengjan væri verslunarland og kaupstaður; nær væri Breiðdalur, og þó illa til fallið, er um jafnstóra sveit ræðir. Einfaldast er að fylgja sjálfum lögunum og taka upp annaðhvort nafn skipalegunnar, *Selnesból* (sem raunar hentar einungis smám skipum), eða jarðarinnar, þar sem verslunarhúsin standa, en sú jörð er *Þverhamar*.

6. *Stöðvarfjörður*, F. *(Kirkjuból*, Till.). Lög 15. febr. 1895 löggilda verslunarstað »við *Kirkjubólshöfn* í Stöðvarfirði«. Það er nú óvíst, hvort svo er til orða tekið af því, að skipalegan heiti í raun og veru Kirkjubólshöfn; má alveg eins vera, að átt sje að eins við Kirkjuból og höfn þá, er þar sje; virðist og eðlilegast að taka upp *Kirkjuból* hjer (eins og Till.).

7. *Fáskrúðsfjörður*, F. (*Búðir í Fáskrúðsfirði*, Till.). Lög 24. nóv. 1893 löggilda verslunarstað á *Búðum í Fáskrúðsfirði*, og er sjálfsagt að fara eftir því. Þess má að eins geta, að fyrir kemur í sumum fornum gögnum nafnið Skrúðsfjörður á firði þessum.

8. *Reyðarfjörður*, F. (*Búðareyri í Reyðarfirði*, Till.). Lög 3. jan. 1890 löggilda verslunarstað á *Búðareyri* í Reyðarfirði. Það er rjett nafn, og þar er kauptún nú, en staðurinn er í landi jarðarinnar Kollaleira. Sjálfsagt að taka upp Till. Í Reyðarfirði eru og tveir aðrir löggildir verslunarstaðir, *Hrúteyri* (lög 30. nóv. 1883), *Vattarnes* (lög 7. maí 1928).

9. *Eskifjörður*, Við það nafn er ekkert að athuga; kauptúnið er í landi jarðar með þessu nafni.

10. *Norðfjörður*, F. *(Nes*, Till./ Till. sjálfsögð.

11. *Mjóafjörður (Brekka*, Till.). Nafn fjarðarins er rjett ritað Mjóafjörður (að fornu Mjóvafjörður, eins og Þykkvabær), rangritað Mjóifjörður, mætti rita Mjói-Fjörður. Þar er enginn löggiltur verslunarstaður, og skip geta legið hvarvetna um fjörðinn. Viðkomustaður skipa og skipalægi er venjulegast niður undan *Brekku*, en *Brekkuþorp* er það hverfi kallað. Sem stendur er þá ekkert til fyrirstöðu því, að annaðhvort þessara nafna sje tekið upp á ferðaskrá *(Brekka*

eða *Brekkuþorp*). Annars má benda á það, að nokkuð títt er, að jarðir í botni fjarða bera nafn fjarðarins alls (svo er t. d. um Reykjarfjörð, Ingólfsfjörð o. s. frv.); fáein dæmi eru þess frá fyrri tímum um Mjóafjörð, og eins um Seyðarfjörð, þótt oftar sjeu þær jarðir nefndar einungis Fjörður.

12. *Seyðisfjörður.* Rentukammerbrjef 27. apríl 1793 leyfir fiskverkun og fisktöku á *Seyðarfirði* (»Seyderfjorden«), og er það nafn oftast svo í fornum skjölum, enda segja svo enn hinir elstu menn þar nærlendis. Sem fyrr segir, er jörðin Fjörður fyrir botni fjarðarins stundum kölluð því nafni í brjefum fyrri tíma. Að öðru leyti má geta þessa til leiðbeiningar: Í úrskurði konungs 6. jan. 1855 er mælt svo fyrir, að »hinn löggilti verslunarstaður við Seyðisfjörð samkvæmt opnu brjefi 14. des. 1842« skuli settur á »Pladsen *Fjarðaralda*«, en samt er nafngreindum kaupmanni þar leyfð verslun á *Vestdalseyri*. Brjef dómsmálaráðuneytis 27. febr. 1874 leyfir fasta verslun á *Vestdalseyri* um 3 ár, en löggiltur er þar verslunarstaður 12. nóv. 1875. Lög 8. maí 1894 veita *Seyðisfirði* bæjarrjettindi. Bærinn allur er í landi að eins tveggja jarða, Fjarðar (með hjáleigum) og Vestdals. Í rauninni greinist hann í þrent, *Búðareyri* að sunnan, *Öldu* (eða *Fjarðaröldu*) fyrir botni og *Vestdalseyri* að norðan, og verslanir eru í öllum þessum stöðum. Megin bæjarins liggur á *Öldu* (í landi Fjarðar, því er nafnið *Fjarðaralda*), og annaðhvort það nafn eða nafn höfuðjarðarinnar ætti helst að ráða nafni bæjarins. En ef mönnum sýndist að breyta, væri rjett að beita sömu aðferð, sem lagt er til í álitsskjalinu að nota um Ísafjörð.

13. *Borgarfjörður*, F. (*Bakkagerði*, Till.) Lög 13. des. 1895 löggilda verslunarstað »hjá *Bakkagerði* í Borgarfirði«, en lög 26. okt. 1917 færa út takmörk verslunarlandsins, svo að því er ætlað að ná yfir *Bakka* og *Bakkagerði*. Nú bera nöfnin það með sjer, að *Bakki* er höfuðjörðin, enda votta jarðabækur, að Bakkagerði var einungis hjáleiga. Beinast sýnist því liggja við, að hjer sje tekið upp nafnið *Bakki*.

14. *Vopnafjörður*. Þetta er ein af hinum fornu höfnum, löggilt í úthafnaskrám einveldistímanna. Nú gæti vel komið til mála, að fleiri staðir yrðu hjer löggiltir til verslunar, því að bygð er allmikil og landskostir svo, að vel getur aukist; er og annar staður þar löggiltur til verslunar, *Hámundarstaðir* (lög 11. júlí 1911). Vart myndi þó mega kalla þá staði alla Vopnafjörð, og gætu þeir þó heitið svo með sama rjetti sem sá verslunarstaður, er nú er. Þetta nafn er og ekkert annað en rangnefni, runnið frá útlendingum, eins og önnur svipuð nöfn, sem getur í álitsskjalinu. Lausnin hjer, sem ella, liggur undir tungurótum almúgans. Nærlendis segja menn »*að fara út á Tanga*«, þegar þeir fara í kaupstaðinn, og svo segja kunnugir menn, að þetta sje stytt úr *Kolbeinstanga*, en þar eru verslunarhúsin, og það nafn ætti að taka upp. Þess má geta, að í tanga þessum liggur *Leiðarhöfn*; eigi mega þar nú liggja verslunarskip síðari tíma, en sjálfsagt hefir þar verið góð lega knörrum og byrðingum fyrrum.

15. *Bakkafjörður*, F. og Till. Lög 30. nóv. 1883 löggilda verslunarstað »*við Bakkafjörð*«. Að þeim firði liggja fáeinar jarðir. Ein þeirra er *Höfn*; þar er skipalægi, sem nafnið bendir til; þar er og verslun. Það nafn er því sjálftekið upp í ferðaskrár.

16. *Skálar*, F. Lög 22. okt. 1912 löggilda verslunarstað í *Skálavík* á Langa-

nesi. Þetta mun vera sami staðurinn, og sýnist þar engin vík vera; liggur þá beinast við að halda nafni jarðarinnar (sem í F.).

17. *Þórshöfn*, gömul höfn, afræktist um tíma, en löggilt með opnu brjefi konungs 23. des. 1846.

Enn er á Langanesi einn löggiltur staður til verslunar, *Heiði* (lög 27. nóv. 1903).

Í Þistilsfirði er löggilt *Hjálmarsvík* (lög 11. júlí 1911).

18. *Raufarhöfn*, gömul höfn (sbr. auglýsing rentukammers, er löggildir þar verslunarstað, 31. mars 1833).

19. *Kópasker*, F. og Till. Lög 24. okt. 1879 löggilda verslunarstað við *Kópaskersvog*. Það nafn virðist rjett að taka upp, því að eigi liggja verslunarhús þar í skeri.

Á Melrakkasljettu er enn löggiltur staður til verslunar í *Leirhöfn* (lög 15. júní 1926).

Löggilt er og *Fjallahöfn* í Kelduhverfi (lög 30. nóv, 1883).

20. *Húsavík* er ein hinna fornu hafna, sem taldar eru löggiltar frá gamalli tíð.

21. *Flatey á Skjálfanda*, löggilt til verslunar 6. nóv. 1902.

Í Þingeyjarsýslu (við Eyjafjörð) eru enn löggiltir verslunarstaðir á *Svalbarðseyri* (lög 13. apríl 1894) og í *Grenivík* (lög 27. nóv. 1903).

22. *Grímsey*; þar er verslunarstaður löggiltur 8. nóv. 1883. Skipalega þar mun vera í *Sandvík*, og þar var mælt út land til verslunarhúsa.

23. *Akureyri* (sbr. álitsskjalið); fær bæjarrjettindi í reglugerð konungs 29. ágúst 1862. Samkvæmt 1. grein reglugerðar þessarar skyldi heimilt að leggja Oddeyri undir. Upphaflega var kaupstaðurinn í landi Eyrarlands stærra og Nausta, en smám saman hafa og lönd fleiri jarða verið lögð undir bæinn.

24. *Dalvík* (löggilt 30. júlí 1909). Svo segja kunnugir menn, að þetta nafn sje komið á síðasta mannsaldri og að innansveitarmenn nefni þar enn *Böggvisstaðasand*, enda er kaupstaðurinn að miklu leyti í landi þeirrar jarðar. Ef þetta er rjett, virðist sjálfsagt að láta það nafn njóta rjettar síns.

Innar við Eyjafjörð eru þessir verslunarstaðir löggiltir: *Hjalteyri* (lög 18. des. 1897), *Litla-Árskógssandur* (lög 31. maí 1927). Í *Hrísey* er löggiltur verslunarstaður í *Syðstabæ* (lög 28. nóv. 1919).

25. *Ólafsfjörður* F. (*Ólafsfjarðarmúli*, Till.). Lög 20. okt. 1905 löggilda verslunarstað »við *Ólafsfjarðarhorn*«. Kaupstaðurinn mun að mestu í landi jarðarinnar *Hornbrekku*; hlýtur hún að draga nafn af *Horni* (og þá Ólafsfjarðarhorni?) Nafnið ætti þá að draga af þessu, en ekki firðinum öllum.

26. *Siglufjörður*, F. og Till. Þar er löggiltur verslunarstaður með úrskurði konungs 20. maí 1818; bæjarrjettindi eru þar í tje látin með lögum 28. nóv. 1919. Kaupstaðurinn er allur öðrum megin fjarðarins. Jörð hjet þar *Höfn*, og er það vafalaust dregið af hinni fornu (og nýju) skipalegu; í landi þeirrar jarðar og prestsetursins, *Hvanneyrar*, er megin bæjarins. Ef breyta ætti hjer um nafn, yrði sjálfsagt að beita sömu aðferð sem í álitsskjalinu greinir um Ísafjörð.

27. *Haganesvík*, löggilt 18. des. 1897.

28. *Hofsós*, ein hinna fornu hafna, löggilt í úthafnaskrám einveldistímanna.

29. *Kolkuós*, F. Lög 4. nóv. 1881 löggilda verslunarstað við *Kolbeinsárós*. Þá nærgætni er sjálfsagt að sýna landsmönnum út í frá, að ekki sjeu teknar upp styttingar innansveitarmanna á stöðum í þau gögn, sem ætluð eru alþjóð manna. Því er sjálfsagt að taka hjer upp *Kolbeinsárós* (eins og áður segir um »Tanga« í Vopnafirði og síðar mun sagt um »Sand« og »Stapa«, en þeir staðir eru svo nefndir af mönnum nærlendis, þótt þeir heiti Kolbeinstangi, Hjallasandur og Arnarstapi).

30. *Sauðárkrókur*, löggiltur með opnu brjefi konungs 27. maí 1857.

Í Skagafirði eru að öðru leyti þessir verslunarstaðir löggiltir: *Selvík* (lög 27. nóv. 1903), *Bær á Höfðaströnd* (lög 22. nóv. 1907), »við *Málmeyjarsand* innan við Votaberg« (lög 4. júní 1924), »við *Jarðfallsvík* í Malmey« (lög 15. júní 1926).

31. *Kálfshamarsvík*, löggilt 27. nóv. 1903.

32. *Skagaströnd* Þetta nafn, heilt hjerað, er með öllu ótækt, enda runnið frá útlendingum. Kaupstaðarhús hafa verið bæði í *Hólanesi* og *Spákonufellshöfða*, og er örskamt í milli. Eðlilegast er, annaðtveggja að kaupstaðurinn hafi nafn af þeim stað, er hús eru mest eða verslun, eða af skipalegunni, sem er sameiginleg. Sagt er, að verslunin sje nú mest í *Spákonufellshöfða*. En víkin eða skipalegan í milli staðanna heitir *Viðvík*, að sögn kunnugustu manna.

33. *Blönduós*, lögg. 15. okt. 1875.

34. *Hvammstangi*, lögg. 13. des. 1895.

Í Húnavatnssýslu eru að auk þessir löggiltir verslunarstaðir: *Reykjatangi* (lög 24. nóv. 1893), *Lambhúsvík* á Vatnsnesi (lög 20. okt. 1905), *Hindisvík* á Vatnsnesi (lög 4. júní 1924). Nefna má, að leyft var í rentukammerbrjefi 16. apríl 1799 að sigla á *Sigríðarstaðaós* (»Sigristade-Osen«) og reka þar lausaverslun.

35. *Borðeyri*, lögg. með opnu brjefi konungs 23. des. 1846.

36. *Bitrufjörður* F. (*Ó·pakseyri*, Till.), Lög 27. nóv. 1903 löggilda verslunarstað á »*Ósþakseyri í Bitrufirði*«, og er einsætt að halda því, nema hvað fjarðarnafni mætti sleppa; bygðin er að jafnaði að fornu og nýju nefnd Bitra.

37. *Hólmavík*, lögg. 3. jan. 1890.

Í Steingrímsfirði eru tveir aðrir löggiltir verslunarstaðir: *Skeljavík* (opið brjef konungs 19. jan. 1863) og *Dranganes* (lög 31. maí 1927).

38. *Reykjarfjörður*, F. (*Kúvíkur*, Till.). Viðkomustaður skipa er í *Kúvíkum í Reykjarfirði*, og þar var hin gamla höfn einveldistímanna.

Annar verslunarstaður hefir á síðari árum verið löggiltur í Reykjarfirði, *Gjögur* (lög 22. okt. 1912).

39. *Ingólfsfjörður*, F. (*Eyri í Ingólfsfirði*, Till.). Hjer er enginn löggiltur staður til verslunar. Hins vegar hefir á síðari árum verið þar síldveiði annað veifið og hús nokkur reist á *Eyri* þess vegna. Því hefir verið þar í bili viðkomustaður strandskipa. Skipalega mun geta verið um allan fjörðinn. *Ingólfsfjörður* er nafn höfuðjarðarinnar, og meðan enginn staður er í firðinum löggiltur til verslunar, virðist mega láta það nafn ráða.

40. *Norðurfjörður* er og jarðarnafn; þar er löggiltur verslunarstaður með lögum 5. des. 1899.

Í Strandasýslu eru að öðru leyti þessir staðir löggiltir til verslunar: *Stóra-Fjarðarhorn* í Kollafirði (lög 2. nóv. 1914), *Kaldrananes* við Bjarnarfjörð (lög 19. júní 1922), *Broddanes* við Kollafjörð (lög 7. maí 1928).

41. *Ísafjörður* (sbr. álitsskjalið sjálft).

42. *Bolungarvík*, lögg. 27. nóv. 1903. Þess má geta, að nafnið er svo stafað í elstu ritum (en einnig Bolungavík, Buðlungavík o. s. frv.).

43. *Súgandafjörður*, F. (*Suðureyri*, Till.). Lög 5. des. 1899 löggilda verslunarstað á *Suðureyrarmölum*. — *Suðureyri* er og til í Tálknafirði, löggiltur verslunarstaður.

Í Norður- Ísafjarðarsýslu eru að öðru leyti þessir verslunarstaðir löggiltir: *Hesteyri* við Hesteyrarfjörð (lög 4. nóv. 1881), *Arngerðareyri* (lög 3. jan. 1890), *Látur* í Aðalvík (lög 20. okt. 1905), *Hnífsdalur* (lög 23. nóv. 1907), *Höfn* hjá Horni (lög 3. nóv. 1915).

44. *Önundarfjörður*, F. (*Flateyri*, Till.). Opið brjef rentukammers 31. maí 1823 löggildir þar verslunarstað. Verslun og skipalega er og hefir verið að eins hjá *Flateyri*, og er það nafn því sjálfsagt, enda hefir nýlega (með lögum 18. maí 1920) verið löggiltur annar verslunarstaður í þessum firði, *Valþjófsdalur*.

45. *Dýrafjörður*, F. (*Þingeyri*, Till.). Verslunarstaðurinn er frá fornu fari *Þingeyri*. Nú vill og svo til, að fleiri eru löggiltir verslunarstaðir í firði þessum: *Haukadalur* (lög 15. jan. 1892), *Mýramelar* (lög 28. nóv. 1919). Ef verslun væri tekin upp í öllum þessum stöðum, væri hlægilegt að kalla einn þeirra Dýrafjörð; og ekki væri heldur hentugt að kalla þá alla því nafni. Sjálfsagt er að taka upp á ferðaskrár *Þingeyri*, enda oft notað í öðrum landshlutum manna í milli, og þá því fremur nærlendis.

46. *Bíldudalur*. Hjer er ein af hinum fornu verslunarhöfnum, og var þar stundum kallað *Bíldudalseyri* fyrrum. Dalverpi þetta er í öndverðu ein torfa, og hjet höfuðjörðin *Hóll*, en fáein býli (3-4) voru þar önnur, í upphafi hjáleigur. Hentast mun að halda *Bíldudals*-nafni, með því að þetta er að stofni ein jarðeign, enda vel afmörkuð, en *taka ekki upp aftur Bíldudalseyri*.

Í Arnarfirði eru enn fremur löggiltir verslunarstaðir, norðan megin (í Vestur-Ísafjarðarsýslu): *Hlaðsbót* (lög 24. nóv. 1893) og *Tjaldanes* (lög 22. nóv. 1907); sunnan megin (í Barðarstrandasýslu): *Bakkabót* (lög 16. nóv. 1907) og *Melstaður* (í uppdrætti herforingjaráðs nefndur *Melstaðir*) í Selárdal (lög 15. júní 1926). Engin hjáleiga Selárdals finnst í jarðabókum, eldri nje yngri, með þessu nafni; mun þetta því nýbýli. Ef að því ræki, að þarna yrði tekin upp verslun til muna, væri vel, að grafið væri fyrir rætur þessa nafns og hversu rjettmætt það sje. Skipalega hjer er kölluð *Selárdalsbót*.

47. *Tálknafjörður*, F. (*Sveinseyri*, Till.). Í Tálknafirði eru 4 löggiltir staðir til verslunar: *Sveinseyri* (lög 30. nóv. 1883), *Eysteinseyri*, (lög 22. nóv. 1907), *Lambeyri* (lög 18. maí 1920), *Suðureyri* (lög 27. júní 1921). Verslun mun nú ekki vera nema á *Sveinseyri*, og er það í samræmi við annað hjer, að verslunarstaðurinn sje látinn ráða nafni, enda er *Sveinseyri* viðkomustaður skipa. Á það skal þó bent, að skipalegan innan við Sveinseyri heitir *Hóp*, og mun það hafnarnafnið að fornu, og raunar þess hluta fjarðarins, sem er innan eyra (Lambeyrar og Sveinseyrar, en þær liggja hvor gegnt annnarri).

48. *Patreksfjörður*, F. (*Vatneyri*, Till.). Hin forna höfn og verslunarstaður var að *Vatneyri*, og er hún ein úthafna einveldistímanna. Innanríkisráðuneytið leyfði 15. des. 1852 að setja upp verslunarhús á *Geirseyri*, er liggi 370 faðma frá

Vatneyri, en þar var mælt fyrir verslunarlandi frá fyrri tíð. Dómsmálaráðuneytið veitir og verslunarleyfi á *Geirseyri* í brjefi 5. júlí 1870. Loks löggilda lög 24. ágúst 1877 verslunarstað á *Geirseyri* og mæla svo fyrir, að sá staður og hinn eldri verslunarstaður, *Vatneyri*, skuli vera einn verslunarstaður. Nærlendis kalla menn þenna kaupstað einu nafni »*Eyrar*« (»fara á Eyrar«). Liggur beint við að fylgja því og taka það nafn upp í ferðaskrár.

49. *Flateyr*. löggilt höfn frá fornu fari (ein úthafna einveldistímanna).

Í Barðastrandarsýslu eru að öðru leyti þessir verslunarstaðir löggiltir: *Fjörður* í Múlahreppi (lög 18. des. 1897), *Króksfjarðarnes* (lög 22. nóv. 1907), »*Karlseyjarvík* hjá Reykhólum« (lög 20. okt. 1913), *Hagabót* á Barðaströnd (lög 20. okt. 1913).

50. *Búðardalur*. Lög 30. nóv. 1883 heimila landshöfðingja að löggilda *Búðardal* eða Vestliðaeyri, eftir því hvor staðurinn sje betur til fallinn. *Búðardalur* varð hlutskarpari 14 árum síðar (sbr. auglýsing landshöfðingja 26. júlí 1897). Þetta er að vísu fornt örnefni (frá landnámstíð), en óviðkunnanlegt er það, að þessi staður skuli eiga samnefnt við höfuðból nærlendis, á Skarðsströnd, sem kalla má nafnkunnugt í sögu landsins, fyrir sakir stórmennis, er oft hefir búið þar, en hitt að eins örnefni í landi jarðar með alt öðru nafni. Þess kennir og nú, að þetta veldur ruglingi með mörgum mönnum. Ef innanbjeraðsmönnum þætti tiltækilegt, væri viðkunnanlegast að taka upp annað nafn á þessum stað Benda má þá t. d. á það, að dalverpi þetta hefir og verið nefnt *Stekkjarhvammur;* þar heitir og *Skipagrund* við vík eina, og er það eitt hið fegursta kaupstaðarnafn, ef það þækti mega eiga við þenna stað.

Í Dalasýslu eru enn fremur þessir staðir löggiltir til verslunar: *Skarðsstöð* við Gilsfjörð (lög 30. nóv. 1883). *Salthólmavík* (lög 13. des. 1895), *Skarfsstaðanes* við Hvammsfjörð (lög 30. júlí 1909), *Hjallanes* á Fellsströnd (lög 30. júlí 1909), *Gunnarsstaðaey* á Hvammsfirði (lög 11. júlí 1911), *Gunnlaugsvík* við Hvammsfjörð (lög 28. nóv. 1919).

51. *Stykkishólmur* er ein verslunarhafna frá tímum kaupþrælkunar.

52. *Grundarfjörður*, F Þetta er ein hinna gömlu verslunarhafna, ein aðalhafna (eða »kaupstaða«), bæði meðan þær voru 6 (tilskipan 17. nóv. 1786) og eins eftir að þær urðu 4 (tilskipan 11. sept. 1816). Hin fornu verslunarhús voru í landi jarðarinnar *Grundar*, og þar var skipalegan fyrrum. Annars er skipalægi ágætt hvarvetna um fjörðinn; einkum er því við brugðið hjá *Kvíabryggju*, enda er þar löggilt til verslunar (lög 11. júlí 1911). Annar löggiltur verslunarstaður þar er *Grafarnes* (lög 18. des. 1897); þar mun nú viðkomustaður skipa, og liggur þá beinast við að taka það nafn upp í ferðaskrár.

53. *Ólafsvík* er ein hafna frá síðari öldum, þó eigi eldri til verslunar en frá lokum 17. aldar, tók smám saman við af Rifi, er þar spilltist höfn.

54. *Sandur*, F. Lög 8. nóv. 1901 löggilda verslunarstað á *Hjallasandi*. Staðurinn er í landi jarðarinnar Hraunskarðs, í sumum ritum nefndur *Hellissandur*, en í jarðabókum, eldri og yngri, *Hjallasandur*, og má þá ætla, að það sje hið rjetta nafn; *ætti þá að taka það upp* í ferðaskrár, en ekki stytting nafnsins.

55. *Stapi*, F., er ein hinna fornu verslunarhafna (einnig nefnd svo af farmönnum, þótt undarlegt megi virðast, þ. e. »Stappen«), en var lögð af með

lagaboði á 19. öld, og varð því að löggilda aftur síðar (með lögum 3. jan. 1890). En hjer gegnir sama máli sem um næsta kaupstað á undan, að þetta nafn er stytting; jörðin heitir *Arnarstapi*, og er sjálfsagt að taka það nafn upp fullt.

Í Snæfellsnessýslu og Hnappadals eru enn þessir staðir löggiltir til verslunar: *Stakkhamar* í Miklaholtshreppi (lög 15. febr. 1895), *Syðra-Skógarnes* í sama hreppi (lög 20. okt. 1905), *Kleifvík* í Neshreppi innan Ennis (lög 30. júlí 1907), *Fúlavík* í Staðarsveit (lög 4. júní 1924), *Hellnar* í Breiðavík (lög 27. júní 1925), *Bervík* (lög 7. maí 1928), *Dritvík* (lög 7. maí 1928).

Hjer þrýtur fasta viðkomustaði strandferðaskipsins Esju; brestur þá alveg í ferðaskrá hennar verslunarstaði í heilum sýslum: Þverárþingi hina forna, Kjalarnesþingi (utan Reykjavík), Árnes, Rangár og Skaftafellsþingum (utan Höfn í Hornafirði). Vegna annarra báta, er ganga með ströndum fram, skulu þó hjer greindir þeir staðir í sýslum þessum, sem löggiltir hafa verið til verslunar.

Í Mýrasýslu eru þessir:

Straumfjörður, lögg. með opnu brjefi konungs 19. jan. 1863.

Borgarnes »við Brákarpoll« (opið brjef konungs 22. mars 1867). Skipalegan heitir *Brákarpollur*, en landið er upphaflega úr landeign Borgar, og þaðan er nafnið.

Akrar (lög 27.nóv. 1903).

Í Borgarfjarðarsýslu:

Lambhússund á Skipaskaga er löggilt með opnu brjefi konungs 16. júní 1864. Áður hafði þar verið leyfð sigling á *Krossvík* (með úrskurði konungs 21. apríl 1847 og auglýsingu rentukammers 11. maí sama ár), en eigi löggiltur þar staður til verslunar. Það er auðsætt, að *Lambhússund* er nafn á siglingaleið eða skipalegu, en ekki nafn á landi. Það er og auðsætt, að óviðkunnanlegt er, að kaupstaðurinn heiti því nafni, þótt það sje raunar hið löggilta nafn. Alment er nú og sveit eða bygðarlag látið ráða nafni þessa kaupstaðar, og er hann nefndur ýmist *Skipaskagi* eða *Akranes*. Fyrra nafnið (*Skipaskagi*) hefir meir notað verið af mönnum nærlendis og heyrist tíðum í tali manna í milli, en er þó heldur að þoka fyrir *Akraness*-nafni, og kemur til af því, að þess nafns gætir nú meir á prenti. *Skipaskagi* var upphaflega nafn einnar jarðartorfu mikillar, er smám saman deildist í mörg býli (hið helsta þeirra minnir á það og heldur enn nafninu *Heimaskagi*); þar mun nú megin kaupstaðarins. Aftur tók *Akranes* í eldra máli yfir miklu meira landsvæði en nú mun talið. Má sjá það af Landnámabók. Af fáeinum brjefum frá 16. öld má sjá jafnvel, að þeir, er að þeim brjefum stóðu, hafa talið Akranes ná um Skilmannahrepp, sem nú er, eða hluta af honum, og um Leirársveit. Nú mun aftur tíðast eða eingöngu skaginn útsuður af Akrafjalli kallaður Akranes. Viðkunnanlegast væri að vísu nafnið *Skipaskagi* á kaupstaðnum, og hjeti hann þá *Skipaskagi* á Akranesi, en rjettast væri þó að bygðarmenn sjálfir rjeðu nafni, ef svo er, að takmörk bygðarlaga hjer hafa færst til.

Hrafneyri við Hvalfjörð (lög 15. febr. 1895).

Seleyri »við Borgarfjörð« (lög 15. febr. 1895).

Kalmansárós »við Hvalfjörð« (lög 22. nóv. 1907). Benda má á forn gögn (sjálfa Landnámabók), sem ráða má af, að Kalmansá sje á Akranesi; er þetta í samræmi við það er áður segir, um rýmri takmörk Akraness fyrr á tímum.

Í Kjalarnesþingi:

Hafnarfjörður er ein af hinum fornu höfnum, löggilt í hafnaskrám einveldistímanna; bæjarrjettindi 22. nóv. 1907. Kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins einungis, og er nafnið vitanlega rangnefni; megin kaupstaðarins er á landi jarðar, sem *Akurgerði* hjet. Skipalegan hefir bersýnilega heitið Höfn, og er þaðan nafn fjarðarins. Hitt er annað mál, hvort hlýða þyki að breyta um nafn, og yrði að sjálfsögðu að gera það í samráði við staðarmenn sjálfa.

Keflavík er og löggilt á einokunartímum.

Vogavík (lög 24. nóv. 1893). Þetta nafn er þvættingur, alt eins og sagt væri Vogavogur. Enginn maður nærlendis lætur heldur til sín heyra slíkt nafn. Bygðarlagið, sem að fornu hefir verið ein torfa, er jafnan kallað *Vogar*, og svo ætti að nefna viðkomustað í ferðaskrá.

Sandgerðisvík á Miðnesi (lög 8. nóv. 1901). Þetta nafn er aldrei notað, heldur jarðarinnar sjálfrar, enda er þar kauptún; virðist og rjett að fara að því og kalla hjer *Sandgerði* að eins.

Járngerðarstaðavík í Grindavík (lög 6. nóv. 1902). Skipalega er nú á þessum stað, en var annarstaðar (nálægt Stað) á tímum kaupþrælkunar.

Skildinganes við Skerjafjörð (lög 20. okt. 1905).

Gerði (flt.) í Garði (lög 20. okt. 1905).

Mariuhöfn í Kjós (lög 20. okt. 1905).

Kirkjuvogur í Höfnum (lög 22. nóv. 1907).

Í Árnessýslu:

Eyrarbakki, löggiltur í hafnaskrám fyrri alda.

Þorlákshöfn (lög 24. ág. 1877).

Stokkseyri (lög 30. nóv. 1883).

Herdísarvík (lög 11. júlí 1911).

Í Rangárvallasýslu:

Hallgeirsey í Landeyjum (lög 18. des. 1897).

Holtsós undir Eyjafjöllum (lög 20. okt. 1905).

Aftur er ekki vel ljóst, í hvorri sýslnanna (Rangárvalla eða Skaftafells) ætlaður hefir verið staður til verslunar í lögum 19. sept. 1879, en þau löggilda slíkan stað »við *Jökulsá* á Sólheimasandi«; það má þó vera til bendingar, að þá á alþingi var hið upphaflega frumvarp flutt af þingmanni Vestur-Skaftfellinga.

Í Skaftafellssýslu:

»*Papafjarðarós*« (opið brjef konungs 19. jan. 1863). Þar var fyrrum verslun um hríð, og var þar þá jafnan nefnt í *Papós* (þ. e. Papaós), en er nú af fyrir fullum 30 ára.

Vík í Mýrdal (lög 2. des. 1887).

Ingólfshöfði /Kárahöfn/ (lög 15. jan. 1892). Taka skal það fram, að kunnugir menn segja, að nafnið *Kárahöfn* sje rangt og hafi aldrei til verið (sbr. Alþt. 1905, II. 2429. dálk).

Kúðaós (lög 30. júlí 1909).

Hvalneskrókur í Lóni (lög 11. júlí 1911).

Hvalsíki (lög 22. nóv. 1918).

Í Norður-Múlasýslu eru ótaldir:

Langarfjótsós (lög 30. nóv. 1883).

Múlahöfn við Hjeraðsflóa (lög 3. jan. 1890).

Óshöfn við Hjeraðsflóa (lög 6. nóv. 1902).

Með því að erindi stjórnarráðsins leggur fyrir að »færa til rjetts íslensks máls« staðanöfnin, liggur hjer beint við að lyktum að geta tveggja atriða, sem vangætt er oftast af löggjafarvaldi og ljóst kemur fram í alþingistíðindum og stjórnartíðindum.

1) Jón rektor Þorkelsson hefir fyrstur manna sýnt fram á það, að það lögmál hefir legið í íslenskri tungu og liggur enn, ef vel er að gáð, að þegar fyrri hluti í samskeyttu nafnorði er lýsingarorð og ekki er tekinn stofn þess (t. d. Breiðdalur, Flateyri, Rangá o. s. frv.), þá er tekinn hinn tvíkvæði stofn þess (eða ef menn vilja heldur kalla það, hin veika mynd lýsingarorðsins með endingunni *-a*, jafnt í karlkynsorðum sem kvenkyns) og skeytt við nafnið, t. d. Breiða*f*jörður, Djúpa*v*ogur, Mikla*g*arður, Breiða*v*ík, Grunna*v*ík o. s. frv. (ekki Breiði*f*jörður, Djúpi*v*ogur o. s. frv.), og er þá sá hluti orðsins að sjálfsögðu óbeygjanlegur, er því rjett ritað t. d. úr Breiðavík, úr Grunnavík, til Grunnavíkur, Breiðavíkur o. s. frv. (ekki úr Breiðuvík, Grunnuvík, til Breiðuvíkur, Grunnuvíkur o. s. frv.). Þetta er ekki að eins lögmál í staðanöfnum, heldur nafnorðum alment; því eru t. d. orðin lausamaður, hvítasunna; því segir enginn maður á hvítasunnu, heldur segja enn allir á hvítasunnu. Þessari reglu er allmjög misboðið af löggjafarvaldinu. Því má sjá í alþingistíðindum og stjórnartíðindum nöfn svo sem t. d. Breiði*f*jörður, Djúpi*v*ogur o. s. frv. (þar sem vera skyldi Breiða*f*jörður, Djúpa*v*ogur o. s. frv.); því eru verslunarstaðir löggiltir t. d. í Fúlavík o. s. frv., í staðinn fyrir í Fúlavík o. s. frv. Ef menn vilja beygja lýsingarorðið í samsettum nafnorðum, er enginn annar kostur en að rita nafnið í tveim orðum og band í milli (t. d. Breiði-Fjörður, í Fúlu-Vík o. s. frv.). En langeinfaldast er að fylgja því lögmáli, sem enn liggur undir tungurótum manna.

2) Allmjög kveður að því í lagasetningu, að hafðar sjeu rangar forsetningar með staðanöfnum, einkum þar er táknuð skal vera eða dvöl á stað; má þar sjá *á*, þar er vera skal *í*, og *í*, þar er *á* skal sett. Ber einkum á þessu, þar er nes er í staðarnafni í endingu. Einfalt lögmál er þó um þetta í málinu: *Pegar nesið er heilt bygðarlag*, skal veran þar táknuð með *á* (því er Staður á Reykjanesi, Garðar á Álftanesi), *en ef það er bær eða jörð*, þá með *í* (því eiga menn heima í Reykjanesi við Reykjarfjörð, í Álftanesi á Mýrum, í Hvalsnesi á Miðnesi, í Nesi í Norðfirði o. s. frv.). Menn kynnu að vilja benda á það, að sagt er »í Borgarnesi«, og telja það andstætt lögmáli þessu. En svo er ekki; það er einmitt

til enn fastari sönnunar því. Borgarnes var til skamms tíma óbyggt land, partur úr jörðu, og var þá vitanlega sagt »í Borgarnesi«, en sú forsetning hefir og haldist, sem von var, eftir að bygð var þar tekin upp. Dvöl og vist í dölum, fjörðum, víkum, vogum ræður og forsetningin *í*, en ekki *á*. Hér kynnu menn enn að vilja telja það brot, að sagt er t. d. »á Húsavík«. En þá ber þess að gæta, að þetta er að upphafi jörð og hún nokkuð meira háttar (prestsetur). Um höfuðból og prestsetur var vist eða dvöl fyrrum (og jafnvel er svo enn) táknuð með forsetningunni *að* (fyrir *í* eða *á*), t. d. »að Skarði« (fyrir »í Skarði«). Þetta mætti hafa valdið því, að á síðari tímum hefir komist að um slíka staði forsetningin *á* (og mætti vera eins konar samdráttur á *að*), svo að nú er haft þar *á*, er menn myndu hafa vænst að fornu *að* (því »á Skarði«, »á Húsavík« o. s. frv.), þótt rjettast væri þar *í*, að lögmáli tungunnar óskertu.

23. Frumvarp

til laga um gjaldþrotaskifti.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða fjelags, er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafist af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrotna sína og á ekki nægilegt fje til greiðslu skulda sinna.
2. Ef lánardrottinn gerir kröfu um, að bú manns, er strokið hefir af landi brott, eða felur sig, að því er ætla má, sökum skulda, enda sje hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrotnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin fjelög, firmu eða einstakirmenn, er reka verslun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur — sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verslunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrotni, skal henni fylgja

rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrotni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sje á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrotna eða skuldunaut eða hvoratveggja, og krafist skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldanautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rjett að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrotna. Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins, nema með samþykki gjaldþrota, fyr en fullnaðardómur er genginn.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sinar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti, að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrotna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtingablaðinu og gefa út árkorun (proclama) til lánardrotna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skylt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal gjaldþroti tafarlaust leiddur fyrir lögreglurjett og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, eyðslu sinni og lifnaði á síðastliðnum missirum, og einnig gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á sama tíma. Hafi gjaldþroti verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sjerfróða menn endurskoða

bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali gjaldþrota, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.

Sje um fjelag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurjetti og gera grein fyrir ástæðanum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögreglurjettinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort gjaldþroti hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sje ástæða til þess að ætla, að gjaldþroti eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó altaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum.

Ef dómara hinsvegar finst það bert af lögreglurjettarrannsókninni, að gjaldþroti eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða rjettindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verslunarbækur, eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni, án þess að ætla sjer að greiða þær, sóa fje sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undangenginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn gjaldþrota, stjórn eða framkvæmdarstjóra gjaldþrota fjelags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla má að eigi sök á afbrotunum.

Reynist gjaldþroti eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að gjaldþroti eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis sjeu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjóskast við að láta í tje upplýsingar við uppskrift á eignum búsins, eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því, sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuði.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita gjaldþrota ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að gjaldþrota eða fjölskyldu hans sje örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita gjaldþrota styrk af fje búsins, sjer og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrotnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldþrot byrja, skal gjaldþroti tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur gjaldþrota, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiftunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, lágaákvæða eða annara sjerstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldþrotaskifti byrja, getur enginn öðlast rjett á hendur búinu með samningum við gjaldþrota, nje losast undan skyldum, er á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við gjaldþrota áður en skiftin eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist gjaldþrota arfur, meðan á skiftum stendur, rennur arfurinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er gjaldþrota hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfláta eða gefanda sjeu því ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið gjaldþrota til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign gjaldþrota áður, ef búið greiðir andvirðið á rjettum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem gjaldþroti vinnur sjer inn, meðan á skiftum búsins stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrotnar hafa á hendur gjaldþrota, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sje miðað við, hvað miklu það varði lánardrotna að fá kröfurnar greiddar.

Allar kröfur á hendur gjaldþrota, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem gjaldþroti kann að hafa samið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrotni þá eigi verið kunnugt um, að gjaldþroti átti ekki fyrir skuldum, nje lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldajafna við kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sjer. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldajafna við kröfu búsins á hendur sjer, og gæta þess sem auðið er, að til skuldajafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður en liðinn sje innköllunarfrestur, nje heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sje með því gagnkröfurjetti.

18. gr.

Hafi gjaldþroti tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað, frá því að gjaldþrotaskifti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið. En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að bíða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi gjaldþroti á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldþrota, greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hann hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sje greitt, þá getur búið riftað greiðslunni og krafist þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er gjaldþroti hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef gjaldþroti sannar, að hann

hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er gjaldþroti hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að gjaldþroti ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er gjaldþroti hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiða, nema því aðeins, að sannað verði, að gjaldþroti hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi gjaldþroti á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrotnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje, þá getur búið krafist þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sje rift, og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, sjeu líkur til þess, að lánardrotni hafi verið kunnugt um ástæður gjaldþrota, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greinar hjer á undan, á hann rjett á því, að honum sje greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við gjaldþrota, umfram það, er hann fjekk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið. .

Sje eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi mist þennan rjett við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, af þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, ef gjaldþroti átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að gjaldþroti átti þá ekki nægilegt fje fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun gjald-

þrota líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slíkur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi gjaldþroti á síðustu tveim árunum, áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaupa lífeyri eða lífsábyrgð, eða þesskonar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sjer þann rjett, er gjaldþroti hefir sjálfur, til þess að slíta samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfláta og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að gjaldþroti átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi gjaldþrota kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að gjaldþroti hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á gjaldþrota.

Hafi gjaldþroti gert kaupmála tveim árum eða skemri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Hafi gjaldþroti afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema gjaldþroti sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við gjaldþrota, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að krefjast munanna eða rjettindanna, eða andvirði þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta rjettar síns.

29. gr.

Hafi gjaldþroti á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörslum hans, þegar gjaldþrotin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafist þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við gjaldþrota, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi.

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrotna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestarjettarmál, og er varnarþing málsins heimili gjaldþrota. Mál skal höfða tafarlaust þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búsins.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskifti á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftameðferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið, að ávaxta í banka eða sparisjóði fje gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrotnar eða erfingjar njóti vaxta af inneign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sjerstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fje, er búunum berast.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafist, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann áliti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sjer, þá getur hann krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrotna, má hvenær sem vill afhenda gjaldþrota bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrotnum, sem hafa gefið sig fram með kröfur á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sje greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Þegar öðruvísi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrotna.

36. gr.

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt, sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema allir lánardrotnar í gjaldþrotabúum og erfingjar í dánarbúum samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum, um efni og form þessara auglýsinga.

38. gr.

Gjaldþroti ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti, sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Nú síðustu árin hefir það verið á almannavitund, að skifti gjaldþrotabúa og meðferð þeirra væri á aðra lund en æskilegt væri, gildandi reglur um gjaldþrotameðferð úreltar og framkvæmd þeirra víða ábótavant. Einkum hefir leikið orð á því, að ekki kæmu öll kurl til grafar, þegar um gjaldþrot fjesýslmanna væri að ræða, og það þótt sýnilegt, að margir þeir menn, er gjaldþrota hafa orðið, hafi byrjað á nýjan leik á atvinnurekstri sínum, stundum, að því er virtist, með fullar hendur fjár, en lánardrotnarnir staðið eftir með sárt ennið og mikið fjetjón. Það hefir og leikið grunur á því, að oft væri margt gruggugt í sambandi við gjaldþrotin, og fróðir menn þóst sjá merki þess, að fá þeirra gjaldþrota, er orðið hafa í Reykjavík síðustu árin, væru heiðarleg eða lögum samkvæm. Mörgum virðist það og fara iskyggilega í vöxt, að menn hirði ekki um það að standa í skilum við lánardrotna sína, og sumum virst, að lögin og framkvæmd þeirra bæru meira hag skuldunautanna en lánardrotnanna fyrir brjósti. Þá hefir það og þótt við brenna, að gjaldþrotabú væru óhæfilega lengi undir skiftum og öll meðferð skiftanna seinlát og óröggsamleg.

Það mun því ekki þykja ástæðulausu, að komið er hjer fram með ýmsar breytingar á gjalþrotalöggjöfinni, með það fyrir augum að reyna að bæta úr þeim misfellum, er verið hafa undanfarið á þessari löggjöf og framkvæmd hennar. Raunar væri full þörf að breyta ýmsu í skiftalögunum frá 1887, en það hefir þó þótt rjettara að byrja á gjaldþrotalöggjöfinni sjerstaklega, því að þar væri þörfin á breytingum einna brýnust. Hinsvegar hafa á stöku stað í frumvarpi þessu verið sett ný ákvæði, er ná til allrar opinberrar skiftameðferðar, eins og t. d. í 32. og 36. gr.

Í nágrannalöndunum Noregi og Danmörku, þar sem svipuð ákvæði gilda um gjaldþrotaskifti eins og hjer, hafa heyrst háværar raddir um það síðustu árin, bæði meðal almennings og fræðimanna, að gerbreyta þyrfti mörgum gjaldþrotaákvæðunum og framkvæmd þeirra, og hefir sumstaðar í frv. þessu verið farið eftir þeim tillögum, er komið hafa fram í þeim löndum frá fræðimönnum, til breytinga á gjaldþrotalöggjöfinni.

Lög þau, er nú gilda að mestu um gjaldþrotaskifti hjer á landi, eru lög nr. 7 frá 13. apríl 1894, og er til þess ætlast, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Í frumvarpi þessu koma fram ýms nýmæli og allmiklar breytingar á gildandi lögum, og verður þeirra getið sjerstaklega í athugasemdunum um einstakar greinar, er fylgja hjer á eftir.

Um. 1. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða að efni til 1., 2. og 3. gr. gjaldþrotalaganna, nr. 7 frá 13. apríl 1894, sem hjer eftir í athugasemdum þessum verða kölluð gjþrl. Orðabreytingar hafa þó verið gerðar nokkrar og efnisniðurröðun einnig á annan veg, eftir því sem betur hefir þótt fara.

Aftur á móti er hvergi tekið upp í þessa grein nje aðrar greinar frv.

ákvæði 4. gr. gjþrl. um greiðslu á svarkröfu. Þykir ástæðulaust að halda því ákvæði, er bæði mun mjög lítið notað í reyndinni og einnig þess eðlis, að ósennilegt er, að sú aðferð verði höfð, einkum eftir að víxlar komu mikið í notkun, en eftir þeim er hægt að framkvæma löghaldsgerð án tryggingar, auk þess sem mjög er fljótlegt að fá dóm fyrir víxilkröfum. Þykir því nægilegt, að hægt sje að staðreyna getuleysi skuldunauts með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða játningu skuldunauts sjálfs.

Það nýmæli er tekið upp í grein þessa, að atvinnurekendur og kaupsýslumenn, sem stöðvað hafa greiðslur á skuldum sínum og sjá fram á það, að þeir geti ekki greitt þær að fullu og fjárhagur þeirra farið versnandi síðasta reikningsár, skuli skyldir að gefa bú sín upp til gjaldþrotaskifta. Regla þessi er tekin upp í gjaldþrotalöggjöf sumra erlendra þjóða og þykir hafa gefist vel. Það sýnist og eðlilegt, að þeir, sem reka einhverja slíka atvinnu og oftast hafa mikið fje að láni og viðskifti við marga, láti ekki undir höfuð leggjast að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta, og haldi ekki áfram viðskiftunum þannig, að fleiri bíði tjón af þeim. Reyndin hefir og oft orðið sú hjer á landi, að margir hafa lengi haldið áfram atvinnurekstri sínum eftir að sýnilegt var, að til gjaldþrota myndi draga, og með því bakað sumum lánardrotnum sínum mikið tjón, því niðurstaðan hefir þá venjulega orðið sú, að þrotabú þeirra manna hafa að eins hrokkið fyrir skiftakostnaði, eða þá í besta falli gefið örlitla hundraðstölu til lánardrotnanna. Í tvennum nýlegum lögum, bæði í 35. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og einnig í 44. gr. hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, er gert ráð fyrir, að regla þessi muni verða lögfest, og þykir því sjálfsagt að taka hana upp í ný gjaldþrotalög.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu leyti að efni til samhljóða 5. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt orðalagi.

Um 3. gr.

Þessi gr. er og að efni til samhljóða 6. gr. gjþrl., að eins smávægilegar orðabreytingar.

Um. 4. gr.

Samhljóða 7. gr. gjþrl. hvað efni snertir.

Um 5. gr.

Hjer er að mjög litlu breytt efni 8. gr. gjþrl.

Um. 6. gr.

Grein þessi er í samræmi við 9. gr. gjþrl., nema hvað hún er samræmd við nýrri löggjöf, bæði við lög nr. 19, frá 4. júní 1924, 4. gr., og lög um útgáfu Lögbirtingablaðs, nr. 32, frá 16. nóv. 1907.

Um 7. gr

Hjer er um algert nýmæli að ræða, þar sem gera á gangskör að því að

rannsaka orsakir allra gjaldþrota. Virðist full þörf á slíku, eftir reynslu undanfarinna ára. Þykir rjettara, að sú rannsókn fari fram að hætti almennra lögreglumála, því að þá fæst betra tækifæri til þess að leiða vitni og eiðfesta þau og afla annara þeirra gagna, er upplýsa kunna allar aðstæður og orsakir gjaldþrotanna.

Þó að sumum kunni að virðast það hart aðgöngu fyrir gjaldþrota menn, að þeir sjeu tafarlaust leiddir fyrir lögreglurjett, ber þó ekki síður á það að líta, að nauðsyn er að setja fyllri fyrirmæli, til þess að koma í veg fyrir óreiðu í fjárhagsefnum og spo'na við þeirri spillingu, er þykir hafa borið á við gjaldþrot síðari ára. Þess má og geta, að þó þessi ákvæði sjeu nýlunda í vorum lögum, eru þó mjög svipuð ákvæði sett í gjaldþrotalöggjöf Bretlands (Acts of bankruptcy), og hafa þótt koma þar að góðu liði.

Um 8. gr.

Grein þessi hefir einnig nýmæli að geyma, sem eru í beinu framha'di af 7. gr., um rannsókn á orsökum gjaldþrota og prófun á því, hvort nokkurt refsivert brot standi í sambandi við þau. Sjerstaklega er gert ráð fyrir því, að rannsakað sje, hvort gjaldþroti eða þeir, sem standa í sambandi við gjaldþrotin hafi gert sig seka um brot á ákvæðum 262., 263. og 265. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869, og önnur þau ákvæði í íslenskum lögum, sem einkum eru sett til verndar almennu lánstrausti, svo sem lögum um bókhaldsskyldu, nr. 53 frá 1911, firmalögunum, nr. 42 frá 1903, 8. kafla hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, og 39. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og öðrum þeim ákvæðum, er nú gilda eða síðar verða sett í sama skyni.

Ákvæði eru og sett um það í grein þessari, að ef dómara virðist ekki næg ástæða til málshöfðunar, skuli hann samt altaf senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál á hendur einhverjum, að rannsókn lokinni. Felst í þessu meira aðhald fyrir dómara að láta ekki mál detta niður, ef rannsóknin hefir leitt í ljós eitthvert grunsamlegt framferði í sambandi við gjaldþrotin. Það er og eðlilegt, að þetta vald sje fengið dómsmálaráðuneytinu í hendur, þar sem það á að hafa eftirlit með embættisrekstri dómaranna, og full ástæða til þess, að það eftirlit sje frekar aukið en minkað.

Ef rannsóknin hinsvegar gefur ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti, eða einhver annar í sambandi við gjalþþrotið, hafi gert sig sekan um refsivert afbrot, er það skylda dómara að höfða þegar að rannsókn lokinni mál á hendur þeim, sem grunur fellur á. Ætti þessi aðferð, ef röggsamlega er framfylgt af dómurum landsins, að sporna við sviksamlegum aðförum í fjárhagsefnum í sambandi við gjaldþrot alment.

Þá hefir og það ákvæði verið sett í greinina, að gjaldþrotar eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækja, sem reynst hafa sannir að sök um sviksamlegt framferði í sambandi við gjaldþrot, skuli, auk refsingarinnar, dæmdir til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka verslun eða annað atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil — ekki skemur en 5 ár —, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

Reynsla undanfarinna ára virðist benda til þess, að mönnum haldist uppi að gera hvert fyrirtækið á fætur öðru gjaldþrota með óstjórn og stundum svik-

samlegum hætti, og er full ástæða til þess að reyna að stemma stigu fyrir því að slíkir menn hafi lögvarin rjettindi til þess að eyða og sóa fje almennings og lánsstofnana, eftir að það hefir komið í ljós, að þessir menn svífast þess ekki að grípa til ólöglegra aðfara við rekstur fyrirtækja þeirra, er þeir hafa með höndum. — Ákvæði svipuð þessu eru einnig tekin upp, bæði í erlendri og hjerlendri löggjöf, og má þar til nefna úr íslenskri löggjöf ákvæði laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, þar sem bifreiðarstjórar þeir, er gert hafa sig seka um refsiverð brot á fyrirmælum bifreiðalaganna, eru einnig með refsidóminum sviftir rjetti til bifreiðastjórnar.

Öll fyrirmæli þessarar greinar eiga að miða til þess að refsa þeim seku í sambandi við gjaldþrot, en leiða í ljós sakleysi þeirra, er fyrir fjárhagsóhöppum verða. En álösun almannarómsins hvílir nú yfirleitt á þeim er gjaldþrota verða, og því miður oft ekki að ástæðulausu. Gera má því ráð fyrir, að allir heiðarlegir og samviskusamir menn fái vel við unað ákvæði þessi og tilraun þá sem í þeim felst til þess að sporna við landlægri spillingu og fjeglæfrum.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 10. og 11. gr. gjþrl. og er að efni til að mestu leyti samhljóða þeim, að öðru leyti en því, er leiðir af ákvæðum 8. gr. hjer á undan.

Um 10. gr.

Að mestu leyti samhljóða 12. gr. gjþrl.

Um 11. gr.

Efni það sama og í 13. gr. gjþrl.

Um 12. gr.

Samhljóða 14. gr. gjþrl. að efni til.

Um 13., 14. og 15. gr.

Greinarnar að mestu eins og 14.—17. gr. gjþrl.

Um 16., 17. og 18 gr.

Efni þeirra er það sama og í 18.—21. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt til um orðalag.

Um 19. gr.

Grein þessi er að miklu leyti samhljóða 22. gr. gjþrl., nema hvað riftunarfresturinn er hjer settur 6 mánuðir, í stað 8 vikna eftir núgildandi lögum. En talsvert hefir þótt bera á því, að gjaldþrota menn eða fjelög hafi komið eignum sínum undan, með því að selja þær eða veðsetja að nafni til hæfilega löngum tíma fyrir gjaldþrotin. En það er tiltölulega ljett að dylja fjárhagsörðugleika sína í 8 vikur en miklu erfiðara að gera það í 6 mánuði. Ef riftunarfresturinn er lengdur, má frekar gera sjer vonir um það, að komið verði í veg fyrir slíkt undanskot fjármuna, lánardrotnum til tjóns. Í Noregi hafa komið fram tillögur um það, að lengja riftunarfrestinn upp í eitt ár (úr 8 vikum), en það þykir þó

varhugavert að taka svo stórt stökk, enda full ástæða til þess að ætla, að þessi lenging frestsins geti komið að góðum notum og miklu liði.

Um 20. gr.

Hjer er riftunarfresturinn einnig lengdur úr 8 vikum upp í 6 mánuði, af sömu ástæðum og í næstu grein á undan. Að öðru leyti er greinin lítið breytt frá 23. gr. gjþrl.

Um 21. gr.

Hjer er það skýrt tekið fram, að gjaldþroti verði að sanna, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan og veðsetningin fór fram, ef hann vill koma í veg fyrir riftun.

Um 22. gr.

Grein þessi er að eins breytt frá 25. gr. gjþrl. til samræmis við 19., 20. og 21. gr. hjer á undan.

Um 23. gr.

Að mestu leyti samhljóða 26. gr. gjþrl.

Um 24. og 25. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 27. og 28. gr. gjþrl.

Um 26. gr.

Hjer er riftunarfresturinn lengdur úr 1 ári upp í 2 ár, með sama fyrir augum og þar, sem riftunarfresturinn er lengdur í greinunum hjer á undan. Að öðru leyti er greinin samhljóða 29. gr. gjþrl.

Um 27. gr.

Tvö nýmæli eru tekin upp í þessa grein. Annað er það, að kaupmáli skuli ógildur, ef hann er gerður á tveim næstu árunum á undan gjaldþroti, án tillits til þess, hvort gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum eða ekki. Þetta nýmæli rökstyðst með því, að þegar menn leggja út í áhættusöm fyrirtæki, grípa menn gjarnan til þess að gera kaupmála. Ef svo fyrirtækið gengur illa, verður það skaði lánardrotnanna, og gefst gjaldþrota þá þannig tækifæri til þess að færa eigur sínar yfir á nafn maka síns, lánardrotnunum til tjóns. Þó að þetta ákvæði kunni í einstöku tilfellum að koma hart niður, ætti það þó oftar að verða einungis til þess að vernda sjálfsagðan rjett lánardrotna. Tillögur, er gengið hafa enn lengra í sömu átt og þetta, hafa komið fram í Noregi, til þess að koma í veg fyrir undanskot þau, sem oft eru fólgin í kaupmálum.

Hitt nýmælið er það, að rifta megi arfsafsali gjaldþrota, sem gert er á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota. Er og þetta í fullu samræmi við aðrar riftunarreglur frumvarps þessa og á góðum rökum reist.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gjþrl. að mestu leyti.

Um 29. gr.

Hjer er um nýmæli að ræða, sem miðar að því, að lánardrotnar þeir, er látið hafa gjaldþrota fá vörur að láni rjett fyrir gjaldþrotin, hafi rjett til þess að krefjast varanna aftur, ef vörurnar finnast óeyddar og frágreindar í vörslum þrotabúsins. Sýnist engin ástæða vera til þess, að slíkar vörur renni inn í þrotabúið; frekar miklu eðlilegra, að slíkir lánardrotnar komi fram sem separatistar í gjaldþrotabúinu.

Um 30. gr.

Hjer er gerð sú breyting á 32. gr. gjþrl., að sækja skuli riftunarmál á varnarþingi gjaldþrota. Ætti það ákvæði, sem sýnist næsta sanngjarnt, að flýta fyrir rekstri riftunarmála.

Um 31. gr.

Að mestu samhljóða 33. gr. gjþrl.

Um 32. gr.

Hjer er lagt til, að lögfest verði sú sjálfsagða regla, að fje búa, sem eru undir opinberum skiftum, þar með talin dánarbú, sje haft á vöxtum til hagsmuna fyrir búið, en það mun hafa komið fyrir að einstaka skiftaráðendur hafi drjúgum aukið tekjur sínar með því að hirða sjálfir innstæðuvexti af búafje, sem verið hefir í vörslum þeirra, en engin ástæða sýnist til þess, að skiftaráðendum haldist uppi, þessi órjettmæta meðferð á fje búanna, þykir því rjettara að hafa hjer skýr og ákveðin fyrirmæli um þetta.

Um 33, 34. og 35. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 34., 35. og 36. gr. gjþrl.

Um 36. gr.

Hjer er lagt til, að tekin verði upp sú regla að skylda skiftaráðendur til þess að lúka skiftum á öllum búum svo fljótt sem verða má, og aldrei síðar en 18 mánuðum eftir birtingu síðustu innköllunar, nema allir lánardrotnar og erfingjar samþykki. Virðist bæði vera full ástæða til þess, að skiftaráðendur hafi eitthvert aðhald, hvað tíma þeim líður, sem búaskifti standa yfir, því dæmi munu alt of mörg til þess hjá sumum skiftaráðendum, að skifti búa standa yfir í mörg ár, oft að ástæðulausu, og eins sýnist, að frestur þessi til búaskiftanna ætti að vera nægilegur.

Um 37. gr.

Hjer er borið fram það nýmæli, að skiftaráðandi skuli skyldur til þess að auglýsa í Lögbirtingablaðinu, hvenær skiftum sje lokið, hversu háa hundraðstölu lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu mikið fje hafi ekki fengist greitt. Er þetta bæði gert til þess að reyna að sporna við því, að menn fari gálauslega með fje annara, og auk þess virðist það eiga að vera öllum almenningi ljóst, hversu töp þau eru mikil, er af gjaldþrotum leiða.

Um 38. gr.

Hjer er sett ákvæði um það, er ekki var áður í gjaldþrotalögunum, að gjaldþroti beri ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fæst greiddur af eignum búsins, 10 árum eftir að skiftum lýkur. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir það, sem nú virðist algild regla, að gjaldþroti skoði sig lausan allra mála, hvað skuldbindingar hans snertir, eftir að hann hefir orðið gjaldþrota.

Um 39. gr.

Hjer eru sett ákvæði um refsingar fyrir brot á fyrirmælum 5. málsgreinar 1. gr. og 32. og 36. gr.

Um 40. gr.

Hjer segir um gildistöku laganna, og virðist greinin ekki þurfa nánari skýringar við.

Um 41. gr.

Hjer er getið þeirra ákvæða, er úr gildi falla, ef lög þessi öðlast gildi.

24. Frumvarp

til laga um hjeraðsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir eru og verða sjálfseignarstofnanir, og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær, nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör, með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Í yngri deild skal leggja aðaláherslu á að gera nemendur færa til að stunda sjálfsnám, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla. Fræðslumálastjórnin skipar formann en stofnendur velja tvo skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda hefir öðlast rjett til að kjósa þá. En þann rjett öðlast nemendafjelag ásamt stofnendum skólans, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í 5 ár, enda sje að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda er lokið hafa námi í skólanum síðustu 4 árin í fjelaginu. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til eins árs í senn þar til fjelag gamalla nemenda og stofnenda hefir öðlast rétt til kosningar. Upp frá því er skólanefnd skipuð til þriggja ára. Árgjald í fjelagi nemenda má ekki vera minna en fimm krónur. Ef vafi leikur á um hvort maður hafi rjett til að teljast einn af stofnendum hjeraðsskóla sker fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag nemenda og stofnenda niður um lengri eða skemmri tíma og kýs þá sýslunefnd þeirrar sýslu, þar sem skólinn stendur, tvo menn í skólanefnd til eins árs í senn, en fræðslumálastjórnin skipar formann til sama tíma. Nánari fyrirmæli um fjelag nemenda og stofnenda og um kosningar í skólanefnd skulu sett í reglugerð.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 5000 kr. í árlegan rekstursstyrk til hves hjeraðsskóla fyrir fyrstu 12—20 reglulega nemendur í skólanum og síðan 200 kr. vegna hvers reglulegs nemanda.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum, eigi skemur en sex vikur og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá úr ríkissjóði greiða 30 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma 10 kr.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en reksturs skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla fyrir ósjálfráð atvik, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði sem nemur 60% af meðaltali síðustu þriggja ára. Eigi gildir undanþága þessi nema í tvö ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af sömu aðilum og til jafn langs tíma og meiri hluti skólaráðs, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til 3 ára í senn.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fje er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Greinargerð.

Á síðasta mannsaldri hafa verið gerðar margar tilraunir að koma á fót lífvænlegum ungmennaskólum í sveitum landsins. Margar af þessum tilraunum hafa mishepnast. Lengi framan af skorti áhugamennina bæði nafn á skólana og glöggar hugmyndir um skipulag þeirra.

Nú er svo komið að skólar þessir hafa bæði fengið viðunanlegt, íslenskt heiti, og það sem meira skiftir, fast form, sem þjóðin virðist ánægð með.

Eiríkur Einarsson, útibússtjóri á Selfossi mun fyrstur hafa gefið stofnunum þessum heitið hjeraðsskólar, og er hjer gert ráð fyrir að lögfesta það. En

skipulag skólanna hefir fyrst komið í fastar skorður á Núpi og síðan á Laugum, og virðist nú einsætt að sú þróun sem þar er hafin muni halda áfram, ef stofnanir þessar hafa í einu hæfilegt frjálsræði og öryggi í fjármálum.

Hjeraðsskólarnir eru í raun rjettri fimm, Eiðaskólinn, auk þeirra fjögurra, sem hjer eru taldir. En um Eiðaskólann gildir sjerstök löggjöf og samningar við Múlasýslur er þær lögðu fram til landsþarfa eignina þar, og er því ekki álitið að lög þessi eigi að svo komnu að ná til hans. Á hinn bóginn er enginn vafi á að hið innra skipulag skólans á Eiðum mun verða mjög líkt skipulagi hjeraðsskólanna.

Hjer er gert ráð fyrir að hjeraðsskólarnir verða sjálfseignarstofnanir, en þó undir eftirliti ríkisvaldsins, og fái frá ríkissjóði ákveðnar tekjur í hlutfalli við nemendatölu skólans. Með þessum hætti keppa skólarnir hver við annan um álit og nemendur, og á það að vera góð trygging fyrir því, að forráðamenn skólanna leggi sem best fram krafta sína. Stofnendur skólanna og útskrifaðir nemendur eiga að hafa undirtök í skólanefnd, en oddamaður sem landstjórnin leggur til gæta hagsmuna heildarinnar. Nú þegar eru til nemendafjelög við flesta af þessum skólum. Og ef skólalífið er í viðunandi lagi, þykir gömlum nemendum vænt um skóla sinn og vilja oft mikið á sig leggja til að efla veg hans og gengi. Með því að gefa stofnendum og gömlum nemendum kosningarrjett um málefni skólanna, á að gera styrka skjaldborg um hvern skóla, honum til eflingar. Með þeim hætti á og að haldast við heilsusamleg samkepni milli nemenda frá hverjum skóla um að gera garðinn frægan.

Með því að láta ríkissjóðsstyrkinn fara eftir aðsókn, er dugnaður og myndarskapur forgöngumanna skólans verðlaunaður á rjettan hátt. En um leið er sparað fyrir ríkið, borið saman við landsskólana. Nú er það mjög algengt að ríkisskóli í sveit sem hefir frá 30—50 nemendur kostar ríkið um 20 þús. kr. á ári, auk þess sem ríkið hefir lagt fram allan stofnkostnað við byggingar. En samkvæmt lögum þessum leggur ríkið fram hálfan stofnkostnað, og auk þess myndi þurfa alt að því 100 manna skóla til þess að reksturskostnaður ríkissjóðs kæmist upp í 20 þús. Þetta er einn af hinum miklu kostum þess skipulags, sem hjer á að lögfesta. Með því að veita hjeruðunum frelsi til að reka að nokkuð miklu leyti á eigin ábyrgð þessar uppeldisstofnanir, mun takast að spara alt að því hálfan árskostnað, borið saman við fengna reynslu um ríkisskóla.

25. Frumvarp

til laga um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að kallast tannlæknir og fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi eða á annan hátt aflað sjer álika þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla sig tannlækna nje starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi tannlækningar, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem talið er gilt af heilbrigðisstjórn.

Stjórnarráðið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannaútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækningaleyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að munnsetja gervitennur og tanngarða. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Öllum þeim, sem ekki hafa tannlækningaleyfi, er bannað að auglýsa á einn eða annan hátt tannlækningar, munnsetningu tanna, deyfingar eða nokkra lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Sá, er gerist sekur um brot gegn ákvæðum þessara laga, skal sæta sektum, frá 50—1000 krónum (og hækka sektir við ítrekað brot). Sektir renna í ríkissjóð. Ef mikið kveður að brotum, má það varða refsingu, alt að 6 mánaða einföldu fangelsi, nema heyri undir hin almennu hegningarlög.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

9. gr,

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að kalla sig tannlækni og fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar og kalla sig tannlækna, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

11. gr.

Ákvæði gildandi laga, er í bág vara við þessi lög, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi af þingmanna-hálfu, en náði þá ekki fram að ganga. Nú vill ríkisstjórnin taka frumvarpið upp með eftirfarandi sömu ummælum, er flutningsmenn ljetu áður fylgja því:

Í öðrum menningarlöndum hafa verið sett sjerstök lög um framkvæmd tannlækninga. Slík lög kveða á um það, hvaða skilyrði þeir verða að uppfylla, sem fara með tannlækningar, marka starfssvið tannlækna og ákveða, hvernig eftirlitinu með þeim skuli hagað.

Hjer á landi vantar lög um þessi efni, og virðist nú kominn tími til þess að koma föstu skipulagi á þetta mál. Það sýnist nauðsynlegt að setja ákveðin lagafyrirmæli um það hjer sem annarsstaðar, hverjir megi eða geti framkvæmt tannlæknastörf fyrir fólkið, svo það viti fyrir víst, hverjum má treysta í þessum

efnum, og þeir, sem uppfylla skilyrðin, viti eftir hverju þeim ber að hegða sjer. Það þarf að setja föst ákvæði um það, að þeim einum, sem uppfylla viss kunnáttuskilyrði, sje leyft að fara með þessi störf, svo fólkið sje ekki gint með fúski og fákunnandi lýður geri mönnum skaða. Það er mikil þörf á því fyrir landsfólkið að fá ábyggilega hjálp við tannveikinni, sem stöðugt fer í vöxt, svo að horfir til vandræða með unglinga. Það væri ekki úr vegi, að eitthvað af ungu námsfólki hjer leitaði út á þá braut að menta sig í sjernámi tannlækna í framtíðinni, og því er rjett að setja fastar reglur í tíma um starfið, svo að þeir, sem kosta til slíkrar mentunar, sem er mjög dýr, viti með vissu, að hverju þeir ganga, og komið sje í veg fyrir, að fákunnandi fólk og fúskarar setjist hjer að og villi fólki sýn, því svo gæti farið, að þeim, sem afla sjer fullrar mentunar í starfsgreininni, yrði ekki vært hjer.

Fylgiskjal.

Þetta frumvarp er upprunalega samið af stjórn tannlæknafjelags Íslands. Þegar það kom til mín, leitaði jeg álits stjórnar læknafjelags Íslands um málið. Gerðum við, þeir og jeg, nokkrar breytingar á frumvarpinu, og liggur það hjer fyrir með þeim breytingum, enda mæli jeg með frumvarpinu, og sama gerir stjórn læknafjelags Íslands í brjefi til mín.

Reykjavík 16. febr. 1928.

G. Björnsson,
landlæknir.

26. Frumvarp

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má að eins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sje í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbrjefinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi fjelögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfjelögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður sliks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmyndahúss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

II.

Leyfistíminn.

3. gr.

Leyfi gildir um 5 ár, enda hafi það ekki verið löglega veitt áður fyrir lengri tíma.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sje um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbrjefsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerst óverðugur til að hafa leyfið.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

5. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

6. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. Hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða fjelag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstu sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

7. gr.

Í leyfisbrjefi skal áskilið, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahússins til sýninga í þarfir kenslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til al-

mennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verður.

IV.

Myndskoðun og eftirlit.

8. gr.

Kvikmyndir skulu, áður en þær eru sýndar almenningi, samþyktar til sýningar af myndskoðunarmönnum, er dómsmálaráðherra skipar.

Ekki má taka gildar þær myndir, sem telja verður þess eðlis, að þær spilli smekk manna eða góðum siðum.

9. gr.

Á almannafæri eða í húsakynnum, sem almenningur gengur um, má ekki festa upp aðrar auglýsingar viðkomandi kvikmyndahúsum en þær, sem myndskoðunarmaður hefir samþykt og sett á merki sitt.

10. gr.

Fyrir skoðun mynda og auglýsinga skal greiða gjald í ríkissjóð.

Gjaldið ákveður dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um myndskoðun.

11. gr.

Myndskoðun fer fram í hverjum kaupstað, kauptúni eða sveit, þar sem kvikmyndahús er rekið. Tveir myndskoðunarmenn starfa á hverjum stað, og má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem leyfð hefir verið á einum stað. Myndskoðunarmenn geta sett hámarksverð á sæti í kvikmyndahúsi, en úrskurði þeirra má skjóta til dómsmálaráðuneytisins. Um hámarksverð skal taka tillit til meðalverðs undir sambærilegum kringumstæðum í bæjum og borgum á Norðurlöndum.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hvers konar myndasýningar komi undir ákvæði laga þessara.

V.

Leyfisbrjefagjöldin.

13. gr.

Fyrir kvikmyndaleyfi skal greiða árlegt gjald, sem renni að $^2/_3$ í ríkissjóð og að $^1/_3$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og greiðist einnig af þeim kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga er lög þessi öðlast gildi. Árgjald

þetta ákveðst í heilum aurum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsum eftir formúlunni:

$$20 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d},$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga í viku, b meðalverð sæta í leikhúsinu, talið í heilum aurum, c íbúatölu í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað í báðum liðum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum undanþágu frá gjaldi um alt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1929.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hjer á landi hafa bæjar- og sveitarfjelög veitt leyfi til kvikmyndasýningar. Engin lög eru til um þetta efni. Og bæjarfjelögin hafa hvorki haft eftirlit með verði í kvikmyndahúsum nje innihaldi myndanna.

Niðurstaðan hefir orðið sú sem vænta mátti, að innan um mikið af góðum kvikmyndum, er sýndar hafa verið, hafa slæðst ekki fáar myndir, sem ýmist hafa verið mjög ósmekklegar eða siðspillandi, hafi þá ekki þessir tveir eiginleikar farið saman. Sjerstakar tegundir af barnaspillingu, svo sem hópþjófnaður drengja, hefir sannanlega staðið í beinu sambandi við úrkasts-kvikmyndir, sem sýndar hafa verið eftirlits- og átölulaust.

Í öðru lagi hefir verð á sætum í kvikmyndahúsum alloft verið hjer alveg óhæfilega hátt, enda sjón sögu ríkari að kvikmyndahúsin hafa gefið alveg óvenjulega fljóttekinn gróða, án þess að sanngjarnlega mikill hluti af þeim gróða hafi orðið til að ljetta byrðar annara lakar staddra skattborgara, bæði um útsvör og skatta til ríkissjóðs.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir samskonar löggjöf á Norðurlöndum, einkum þó í Danmörku. Nái það samþykki Alþingis, mun það tryggja bæjarsjóðum og ríkissjóði nokkrar tekjur, og það með þeim hætti, að ekki mun um deilt af óhlutdrægum mönnum, að gjaldstofninn sje rjettmætur. Í öðru lagi mun fyrirbygt að verð á kvikmyndum sje ósanngjarnlega hátt, og má segja að það atriði hafi mikla þýðingu, þar sem kvikmyndahúsin eru nú langfjölsóttastir skemtistaðir í landinu. Í þriðja lagi er vald kvikmyndanna yfir hugum hinnar ungu kynslóðar ótrúlega mikið, og virðist fara sívaxandi. Það er því sjálfsagt að nota kvikmyndahúsin meira en gert hefir verið til kenslu, svo sem með því að sýna þar landafræðis- og náttúrusögumyndir. Þá er og allmikill hluti þeirra kvikmynda, sem jafnan er á boðstólum, beinlínis fræðandi og skemtandi í einu. En á hinn bóginn er og ekki alllítið af kvikmyndum nútímans, sem eingöngu virðist til þess fallið að auka heimsku manna og efla glæpsamlegar hneigðir í óþrosk-

uðum mönnum. Slíkar myndir ber að útiloka, og til þess þarf að koma hjer eftirlit með kvikmyndum eins og í öðrum mentalöndum.

Eftirlitið verður að sjálfsögðu mest í höfuðstaðnnm, með því að flestar kvikmyndirnar hefja göngu sína þaðan út til hinna kaupstaðanna og kauptúnanna. Þó verður ekki komist hjá að hafa eitthvert eftirlit á hverjum stað, þar sem kvikmyndahús starfar, og er svo til ætlast, að tekjur og útgjöld af eftirlitinu standist á, svo að ríkissjóður hafi á þeim lið hvorki tekjur eða halla. Aftur á móti á kvikmyndaskatturinn að geta gefið talsverðar tekjur, enda er honum svo haganlega fyrirkomið, að hann vex með fjárhagsgengi hvers kvikmyndahúss, og lækkar ef keppinautum fjölgar eða verð á sætum lækkar. Um einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki að fjölyrða.

Ed. **27. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr »Bálaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavikur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum, eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum, og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðbókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ályktun sje gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðarbókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn, ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu, þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa, samkvæmt lögum.

9. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn, og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má

setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá er í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn, eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins, og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fje það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengnar með því, að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

15. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega bæjarstjóri skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæslu kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sje á tryggum stað, og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Fjehirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má fjehirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sínar þágur, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal fjehirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins, fyrir hið umliðna ár, og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars á skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kýs til 3ja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá fjehirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðsbók og kassa gjaldkera, og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum fjehirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum fjehirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn, og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu, samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar, birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

20. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert, skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóvbr. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við greind lög, lög nr. 48, 10. nóvbr. 1913, um breytingu og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Ástæðan til þess, að þetta frumvarp er borið fram er aðallega sú, að svo miklar og margar breytingar hafa orðið á bæjarstjórnarlögunum upprunalegu, nr. 75, 22. nóv. 1907, bæði beinlínis og óbeinlínis vegna nýrra kosningarlaga og laga um útsvör frá 1926, sem gilda fyrir alt landið, og að þörf var á efnisbreyting, sjerstaklega um reikningshald og endurskoðun og skipun nýrra nefnda.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna 31. maí 1927.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, er hann hefir dvalist í 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki á þeim árum þegið sveitarstyrk, endurkræfan eða óendurkræfan.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930

Greinargerð.

Í frv. stjórnarinnar til fátækralaganna var grein þessi eins og hjer er hún, að því undanteknu, að sveitfestistíminn var þar gerður 4 ár.

Og þannig samþykti Nd. hana. Í Ed. var greininni breytt á þann veg, að skilyrði fyrir að vinna sveit, skyldi vera, að maður hefði ekki þegið sveitarstyrk síðustu 10 ár, og varð Nd. að láta sjer það lynda.

Með þessari breytingu var í verulegu atriði vikið frá stefnu fyrri þinga að nálgast sem mest það takmark, að heimilisfang rjeði sveitfesti. Og eins dæmi mun í löggjöf, að þáguárin falli ekki saman við sveitvinsluárin.

Misfellu þessa er nú gefinn kostur á að leiðrjetta og að öðru leyti beina löggjöfinni í rjett horf, að því framast virðast tök á.

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði.

Flutnm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á Ísafirði skal vera almennur skóli í þremur ársdeildum, þar sem piltum og stúlkum sje kend gagnleg fræði, bókleg og verkleg. Skólaárið er frá 1. október til 15. maí

2. gr.

Námsgreinir í skólanum skulu vera þessar: íslenska, norðurlandamál, enska, esperantó, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði og fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, leikfimi og íþróttir, og eftir því sem við verður komið, gagnleg handavinna, heimilisiðnaður og smíðar, miðað við staðhætti og almennar þarfir.

Undanþágur má skólastjóri veita nemöndum í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir þá því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

3. gr.

Í sambandi við skólann má reka kvöldskóla, sem miðaður sje við það, að vinnandi fólk geti haft not af honum. Þar sje fólki, sem ekki vill eða hefir ekki tök á að stunda jafn reglubundið nám sem aðalskólinn heimtar, gefinn kostur á hinni nauðsynlegustu almennri fræðslu. Þar sje iðnnemum veitt sú bókleg fræðsla, sem þeim ber að veita. Þar sje fólki, sem lokið hefir námi við aðalskólann og kýs að afla sjer frekari þekkingar í einstökum námsgreinum, þar á meðal þeim, sem vilja búa sig undir að sækja æðri skóla, leiðbeint í þeim efnum, en haldið sem mest til sjálfsnáms.

4. gr.

Við skóla þenna skipar ríkisstjórnin þrjá fasta starfsmenn, skólastjóra og tvo kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarar sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5.

Skólanefndin á Ísafirði hefir yfirstjórn skólans, en fjárstjórnina annast þó bæjarstjórn Ísafjarðar.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugjörð fyrir skólann um kenslu, próf o. fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefndin ræður fyrir

húsakynnum skólans, undir yfirstjórn bæjarstjórnar, og undirbýr aukningu á þeim. Hún ræður með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum.

7. gr.

Fyrir 20 fyrstu nemendur aðalskólans greiðast til skólans úr ríkissjóði 1500 kr. gegn jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, enda njóti þeir ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri. Fyrir þá nemendur, sem þar eru fram yfir, greiðist 75 kr. fyrir hvern, með sömu skilyrðum.

Fyrir 20 fyrstu nemendur kvöldskólans greiðast úr ríkissjóði 750 kr. gegn jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði og frá Iðnaðarmannafjelagi Ísafjarðar, eða tilsvarandi stofnun, enda njóti nemendur ekki minni kenslu en 12 st. á viku hverri til jafnaðar. Fyrir þá nemendur, sem þar eru fram yfir, greiðast 37,50 kr. fyrir hvern, með sömu skilyrðum

Ríkissjóður leggur fram helming andvirðis efnis til vinnukenslunnar.

Fyrir nemendur utan Ísafjarðarkaupstaðar, sem sækja skólann, skal heimilt að taka skólagjöld, er renni til skólans, svo há, sem fræðslumálastjóri ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, nema um semjist milli viðkomandi hreppa- eða sýslufjelaga og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar um árlegan styrk til skólans, er veitir nemöndum frá þeim jöfn kjör og innanbæjarnemöndum.

Af innanbæjarnemöndum kvöldskólans má og taka skólagjöld, ef skólanefnd þykir ástæða til, enda samþykki fræðslumálastjóri upphæð skólagjaldanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Á tveimur undanförnum þingum hefir verið flutt í Nd. frv. til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði. Náði frv. í hvorugt skifti fram að ganga og er þó öllum ljóst það feikna misrjetti, sem Vestfirðingar hafa verið beittir í skólamálum.

Ríkið hefir um margra ára skeið haldið uppi gagnfræða- eða alþýðuskólum í öllum fjórðungum landsins nema Vestfirðingafjórðungi. Eru tveir þeirra, Akureyrarskóli og Eiðaskóli, reknir að öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, en hinn þriðji, Flensborgarskólinn, árlega styrktur með mjög ríflegum fjárhæðum. Auk þess veitir Mentaskólinn hjer gagnfræðamentun, sem kunnugt er. Í fyrra var sú breyting gerð á Akureyrarskóla, að hann er nú hvorttveggja í senn, gagnfræðaskóli og mentaskóli, og sama ár sett lög um bráðabirgðar ungmennafræðslu í Reykjavík og fjárframlög úr ríkissjóði til hennar.

Ísfirðingar hafa nú í meira en fjórðung aldar haldið uppi alþýðuskóla fyrir alla Vestfirði og notið til þessa aðeins litilfjörlegs styrks úr rík-

issjóði, samanborið við þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið til fyrnefndra skóla. Aðsókn að skólanum hefir farið sívaxandi; eru nemendur nú milli 50 og 60 og mundu mun fleiri, ef fjárhagur skólans og húsrúm leyfði. Skólinn er nú í 2 deildum, en óumflýjanlegt er að bæta við hinni þriðju á næsta ári.

Fjárhæðir þær, sem ríkissjóður leggur til þessara skóla, nema samkv. fjárlögum síðasta og yfirstandandi árs:

	1928	1929
Til Akureyrarskóla . . .	53.120.00	59.300.00
— Eiðaskóla	22.120.00	19.000.00
— Flensborgarskóla . .	14.000.00	16.000.00
— Ísafjarðarskóla . . .	4.000.00	6.000.00

Vestfjarðaskólinn fær því í ár að eins $^1/_{10}$ móts við Norðurlandsskólann, tæpl. $^1/_3$ móts við Austfjarðaskólann og $^3/_8$ móts við Flensborgarskólann.

Þetta er hróplegt ranglæti. Er þó ekki alt talið, því að auk þessa leggur ríkissjóður stórfje til annara alþýðuskóla í þessum landshlutum, svo sem Laugaskólans, Laugavatns- og Hvítárbakkaskólans, gagnfræðadeildar Mentaskólans hjer og Ungmennaskólans.

Frv. það, sem nú er borið fram, er að mestu sniðið eftir lögum frá síðasta þingi um bráðabirgðar ungmennafræðslu í Reykjavík. Þó er gert ráð fyrir, að deildir skólans verði 3. Hefir reynslan sýnt, að á því er fullkomin nauðsyn, og að í sambandi við aðalskólann sje kvöldskóli fyrir þá, sem ekki geta felt niður atvinnu vegna námsins, vilja leggja stund á sjerstakar námsgreinir, eða búa sig undir æðri skóla. Námsgreinir eru hinar sömu og gert er ráð fyrir í framangreindum lögum, en alþjóðamálinu Esperanto aukið við. Þá er og gert ráð fyrir, að skólagjöld sje aðeins heimtuð af utanbæjarmönnum úr þeim hjeruðum, sem engan styrk leggja til skólans.

Verði frv. þetta að lögum, er að nokkru bætt úr því feikna misrjetti, sem Vestfirðingar hafa verið beittir undanfarið í skólamálum, og stórt spor stigið í þá átt að koma alþýðufræðslu Vesturlands í viðunandi horf.

Ed. **30. Tillaga**

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson, Erlingur Friðjónssou.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða öllum embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1929 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Greinargerð.

Um síðustu áramót lækkaði dýrtíðaruppbót á laun embættismanna úr 40% niður í 34%. Í nóvemberblaði Hagtíðindanna 1928 er skýrt frá útreikningi á dýrtíðaruppbótinni og þess þá jafnframt getið, að búreikningsvísitala hagstofunnar sýni aðeins 1% lækkun frá því í október 1927 til jafnlengdar 1928. Raunveruleg lækkun á útgjöldum heimilanna hefir þannig sama sem engin orðið á árinu. Það eitt út af fyrir sig ætti að vera nægileg ástæða fyrir tillögu þessari, en margt fleira kemur og til greina til stuðnings henni.

Útgjöld ríkissjóðs vegna tillögu þessarar, ef samþykt yrði, mundu ekki nema hærri fjárhæð en 100.000 kr. fyrir ríkissjóð; er og á fjárlögum 1929 áætluð jafnhá fjárhæð vegna dýrtíðaruppbótar og gert var á fjárlögum 1928.

31. Frumvarp

til sjómannalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sje skriflegur samningur við skipstjóra, um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sje eigi annað ákveðið í samningnum, um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sje ráðningu þá slitið í íslenskri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar. Þó er skipstjóra rjett, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sje honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sje til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rjett á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum.

Sje annað eigi sannað, um upphæð tjónsins, á hann rjett á þriggja mánaða kaupi, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenskrar hafnar, hafi honum verið

vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenskri höfn, til greina.

4. gr.

Sje skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rjett á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum.

Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann leynt þeim, er hann rjeðist á skipið, á hann eigi rjett á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

5. gr.

Sje skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rjett á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sje dæmt óbætandi, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sje eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rjett á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rjett skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farist hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsendingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greptrun hans og meðferð eftirlátinna muna hans, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30 gr.

8. gr.

Sje skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, og á hann þá rjett á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið alt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein, rjett á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sje kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðila greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

II. KAFLI.

Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina.

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns, stýrimann, vjelstjóra og aðra skipverja.

Skipstjóri skal, ef því verður viðkomið, ráðgast við yfirvjelstjóra, um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vjelgæsluna.

Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annarsstaðar.

10. gr.

Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi.

Yngri menn enn 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálpardrengir við vjelgæslu, þeir sem yngri eru en 16 ára.

11. gr.

Sjerhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sjerhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina,

1. fult nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sje um það samið,
4. umsamið kaup, og sje það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búist er við að sú ferð standi yfir,
5. umsamið kaup fyrir auka- eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiftabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiftabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annari þóknun. Sje vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sje á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

Í viðskiftabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastjettina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiftabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

2. Um ráðningartímann.

12. gr.

Sje skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma.

13. gr.

Sje eigi annað ákveðið, um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sje skipverji íslenskur, og ráðinn á skipið í íslenskri höfn, geta aðilar þó að eins sagt samningi upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi í íslenskri fermingar- eða affermingarhöfn.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vjelstjóra skal vera einn mánuður, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum.

14. gr.

Sje skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, og getur þá hvor aðila um sig sagt samningnum upp samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í $1^1/_2$ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðru vísi sje umsamið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenskri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp, með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rjett hefir til að fara úr skiprúmi, samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skalt þó skylt, að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sje þess krafist, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

3. Um kaup skipverja.

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sje hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður mist rjett til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Skipverji á ekki rjett á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sjer ólöglega hjá að inna störf sín af hendi.

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði telst mánuðurinn 30 dagar.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafist, þegar skipið er í höfn, og að eins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenskur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenskir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafist þess, að tveir þriðju hlutar af kaupi hans sjeu greiddir nafngreindum manni hjer á landi eftir ávísun, eða lagðir inn í banka eða sparisjóð hjer á landi.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva nje lækka án samþykkis skipverjans fyr en ráðningu hans er slitið, nema svo sje, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum, og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja, með því að halda eftir kaupi skipverjans.

21. gr.

Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sje samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun

þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiftabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji rjeðist á skipið, á hann rjett á tiltölulegri viðbót við kaupið, sje eigi öðru vísi umsamið. Standi ferðin skemur, yfir á hann alt að einu rjett á hinu umsamda kaupi að fullu.

23. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiftast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.

24. gr.

Deyji skipverji telst kaup hans til dánardags, og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður mist rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sje skipverji íslenskur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans, eða ólögráða börnum, viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip, og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta, þurfti, á þeim tíma árs, til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt, en honum bar, þá er það fje eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sje slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsgr. 32. gr,, 34. eða 38.—41. gr.

4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sje það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja.

27. gr.

Veikist skipverji eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, húsnæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sje haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sje eigi örugt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sje skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslensks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sje skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rjett á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum, í alt að sex vikur, eða í alt að tólf vikur, sje skipverji íslenskur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið ljet úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sje íslenskur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rjett á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hjer á landi. Sje hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi ver launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann rjeðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupi skipverjans.

Sje ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða, samkv. annari málsgr. þessarar greinar.

Sje ráðningu íslensks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

29. gr.

Deyji skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega, og tilkynna vandamönnum hans látið.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyji skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenskum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá, eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

30. gr.

Deyji skipverji, áður en ráðningu hans er slitið, skal útgerðarmaður greiða útfararkostnað hans. Sama gildir, ef hann deyr eftir að ráðningu hans var slitið, en á þeim tíma, að útgerðarmanni var skylt að greiða kostnaðinn við umönnun hans.

Deyji íslenskur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslensks ræðismanns, og verði því að greiða kostnað við umönnun íslensks skipverja, vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafist þess, að það fje sje endurgreitt sjer úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsgr. hjer að framan, gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annara manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann rjeðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greptrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

5. Um rjett skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

32. gr.

Sje skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sje hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, og getur skipstjóri þá vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rjett á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, eða í 7 daga, sje hann í annari stöðu á skipinu.

Sje skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þaim, er hann rjeðist á skipið, á hann rjett á kaupi aðeins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.

33. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi,

1, ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2, ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3, ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín,
4, ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem

útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,

5, ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 64. gr., áður en hann víkur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rjett á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn, og án þess að heimild sje til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rjett á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenskrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenskri höfn eiga við. Ennfremur á hann rjett á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemri tíma en einn mánuð, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, eða 7 daga, sje hann í annari stöðu á skipinu.

6. Um rjett skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vjelstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vjelstjórastöðu, en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytst svo frá því hann rjeðist á skipið, að það sje velferðarmál fyrir hann, að geta losnað úr skiprúminu, og á hann þá rjett á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rjett á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

36. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það, fyr en eftir að hann rjeðist á skipið, og er honum þá rjett að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fjekk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji rjeðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar, og ferðinni er breytt til muna, og á hann þá rjett á að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fjekk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprúmi af því að ferð skipsins var breytt, á rjett á kaupi í einn mánuð, frá því hann fer úr skiprúminu, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, en í 7 daga, sje hann í annari stöðu á skipinu, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á, samkvæmt samningnum.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 59. gr., og á þá skipverji rjett á, að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt sjer, eða aðrir menn hafi misþyrmt sér á skipinu og skipstjóri eigi veitt sjer vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti sig eigi fá sæmilegt fæði, og á hann þá rjett á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir íslenskum fána, eiga skipverjar rjett á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskifti verði á skipinu, eða skifti verði á útgerðarmanni, ef sá er íslenskur, sem við tekur.

7. *Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.*

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sje dæmt óbætandi, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sje um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rjett á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna.

Ef skiprúmssamningi íslensks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rjett á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hjer á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rjett á, samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rjett á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sje hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann

þá eigi rjett á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenskra skipverja, þær er farist hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37.—41. gr. rjett á kaupi fyrir lengri tíma, en hann gegnir starfi sínu, eða sje kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr. 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annara skipverja.

8 Um erlenda skipverja.

42. gr.

Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenskum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenskum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenskir skipverjar sama rjettar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rjett á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis, og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslensks, er fyrst næst til.

Báðum aðilum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til hægt er að leggja málið fyrir íslenska dómstóla.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

44. gr.

Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega, að vera skipstjóra til aðstoðar við

siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rjett sje ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sje hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyji skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipsstjórnar eða víkji hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipsstjórn.

47. gr.

Það er skylda vjelstjóra einkanlega að stjórna vjelgæslunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vjelarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vjelarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vjelarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfremur eftir vjelgæslumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vjelstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hjer að framan.

Vjelstjóri ritar í vjelarbók og ábyrgist að rjett sje ritað.

48. gr.

Ef vjelstjórar eru fleiri enn einn á skipi, ber yfirvjelstjóri ábyrgð á vjelgæslunni í heild sinni. Hann skiftir verkum milli hinna vjelstjóranna.

Ef yfirvjelstjóri forfallast eða sje hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vjelstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

2. Almennar starfsskyldur.

49. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sjer sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sjer skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

50. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmensku.

Tjón það, er skipverji veldur, með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverjans og annara atvika.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

51. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi á frístundum hans, nema því að eins, að nauðsynlegt sje, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á rjettum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

52. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skiprúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á rjettum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sje skipið eigi nægilega mannað án hans eða sje skipverji ölvaður.

53. gr.

Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann ljet eftir á skipinu.

Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 69. gr.

54. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sjer á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sje það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verslunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sjer á skipinu og bæta skaða þann er af því hlýst.

Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sje á skipinu, getur hann látið rannsaka hirslur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sjer ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörslur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.

55. gr.

Þegar verkum er skift, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sje nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

56. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hjer á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

57. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann um það efni hlíta tilskipun, er konungur setur, um viðurværi skipverja á íslenskum skipum.

Ef nauðsyn ber til að matur sje dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

58. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sje nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur, um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

5. Um haffærisskoðun.

59. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sje eigi haffært, í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvjelstjóri, og umkvartanirnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir umsjón með, og er þá skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun eigi getur farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sjer til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn sjeu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annari málsgr. 50. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis, samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

6. Um agavald skipstjóra.

60. gr.

Skipstjóri, eða sá sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri regln á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri, reglu og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

61. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sje skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 64. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því að eins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenskur ræðismaður eða íslensk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess eftir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðara leikinn en vera þarf.

IV. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

62. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sje hann endranær ölvaður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 54. gr.

8. Hegði hann sjer ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.
9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

63. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum nje á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenskri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir, sem drýgðar eru í íslenskri höfn, og unt var að kæra áður en skipið ljet úr höfninni.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sjerstök nauðsyn sje til þess, að frá því sje vikið.

64. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vjelstjóri, ef þess er kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er stýrimaður eða vjelstjóri er hafður fyrir sök.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yfirheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sjerstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rjett sje bókað, og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að, svo sem hjer var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

65. gr.

Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum.

66. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveimur vottum, en er ógildur ella.

67. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað hon-

um og sje hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hjer á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafist þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

68. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hjer á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál, samkvæmt 67. og 68. gr. sæta meðferð einkalögreglumála.

69. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 62. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sje skipverji eigi skráður úr skiprúmi skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fje því, er þannig safnast skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

70. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr., um stýrimenn og vjelstjóra, gilda og um bryta.

71. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr., 28. gr., 29. 31., 49., 50, 54,, 57., 58., 60., 61., 85., og 87. grein þessara laga, eftir því sem við á,

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

72. gr.

Ákvæði 71. greinar 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns.

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sje þess krafist, þó svo að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

73. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

74. gr.

Í refsidómi samkvæmt 73. gr., má ennfremur, ef sjerstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfeldi skuli sviftur rjetti til skipsstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dómnum, hvort dómfeldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rjetti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dómnum svo og skipstjóraskírteini dómfelda. Ef dómurinn heimilar dómfelda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í tje stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sjerstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfelda aftur rjett til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dómnum, eigi sje liðinn.

75. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.

76. gr.

Ákvæði 73.—75. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

77. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—500 króna sektum.

78. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sjer hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok.

Strjúki skipverji er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða sjeu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna alt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sjer kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

79. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.

80. gr.

Ef skipverji rís upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

81. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, og varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, alt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Sjeu málsbætur má beita sektum.

82. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna alt að 6 árum, svo og refsing annara samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotist af samblæstrinum.

83. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 59. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

84. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Sje hinn seki stýrimaður eða vjelstjóri, má ennfremur ákveða í dómnum, að hann skuli sviftur rjetti til stýrimensku eða vjelstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dómnum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vjelstjórastöðu, en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dómnum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfelda fari svo sem segir í 74. gr.

Þegar eitt ár að minsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vjel-

stjóra, sem sviftur hefir verið rjetti til stýrimensku eða vjelstjórnar, heimild til að gegna nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vjelstjórastöðu, eða jafnvel, ef sjerstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnurjettindi þau, er hann var sviftur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dómnum eigi sje liðinn.

85. gr.

Hafi skipverji varning með sjer á skipi, án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.

86. gr,

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, og varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.

87. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum, með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, og varðar það 5—500 króna sektum.

88. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 84. og 86. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sje um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsgr. 78. gr., 81., 82. og 84. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 73., 75., 77. gr. 1. málsgr. 78. gr., 80., 83., 85., 86. og 87. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál.

89. gr,

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 62. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skal dómurinn þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

90. gr.

Mál þau er ræðir um í þessum kafla skulu rekin í sjódómi.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI.

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

92. gr.

Með lögum þessum eru 30. gr., 2. málsgr. 39. gr., 49.—52. gr., upphafsákvæði 1. málsgr. 66. gr., 67.—73., 75.—113. gr., 253. gr., 2. málsgr. 254. gr., 257. og 265.—277. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóvember 1914 úr lögum numdar.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 17. febrúar 1928 samþykti Neðri deild Alþingis, að skora á ríkisstjórnina, »að láta endurskoða siglingalög nr. 56, frá 30. nóv. 1914, og leggja fyrir næsta þing breytingar á lögunum, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum«.

Samkvæmt þessari þingsályktun fól atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið þeim Kristjáni Bergssyni forseta Fiskifjelags Íslands og Sigurjóni A. Ólafssyni alþingismanni, með brjefi dags. 19. júní f. á., »að framkvæma umrædda endurskoðun og láta stjórninni í tje í tæka tíð uppkast að frumvarpi til laga um þetta efni«. Frá þeim er frumvarp þetta komið og fylgdi því svofeld

Greinagerð.

Eins og kunnugt er, settu Danir, Norðmenn og Svíar sjer ný siglingalög á árunum 1891—1893. Lög þessi eru samhljóða í öllum aðalatriðum, enda einn merkasti þátturinn í samvinnu Norðurlanda um löggjöf. Eftir þessum norrænu lögum voru siglingalög vor nr. 63, frá 22. nóv. 1913, og hin endurskoðaða útgáfa þeirra, l. nr. 56 frá 30. nóv. 1914, samin.

Árið 1918 varð það að samkomulagi milli stjórnanna í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð að láta í sameiningu endurskoða siglingalögin, og var nefnd skipuð af hálfu hvers lands um sig, til þessa starfa. Íslandi mun þá hafa

verið gefinn kostur á, að taka þátt í þessari endurskoðun, en því boði var eigi sinnt.

Skandinaviska nefndin var á einu máli um það, að heppilegt væri, að nema út úr siglingalögunum öll ákvæðin um stöðu skipshafnarinnar, og safna þeim saman í sjerstakan lagabálk. Frumvarpi til laga þessara skiluðu nefndirnar frá sjer árið 1921, og eru þau frumvörp nú orðin að lögum í öllum þessum fjórum löndum. Mega þau heita að vera samhljóða í öllum aðalatriðum.

Þegar siglingalögin voru sett 1913, voru þau í öllu verulegu sniðin eftir norrænu siglingalögunum. Þótti það þá heppilegt, að Ísland, með þeim hætti, tæki þátt í löggjafarsamvinnu Norðurlanda. Sama skoðun kemur og fram í ályktun neðri deildar Alþingis, þeirri, er áður var getið. Þar er skorað á ríkisstjórnina, að leggja fyrir Alþingi, frumvarp, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum. Samkvæmt þessu hefir nefndin talið sjer skylt, að fylgja þeirri stefnu, er nú hefir verið tekin upp á Norðurlöndum, að safna ákvæðum siglingalaganna, um stöðu skipshafnar, saman í sjerstakan lagabálk, og í annan stað, að sníða þau lög sem mest eftir norrænu sjómannalögunum. Hefir nefndin við samningu frumvarps þessa lagt sjómannalög Dana fyrst og fremst til grundvallar, en þó vikið frá þeim í nokkrum efnum, og þá ýmist sniðið ákvæðin eftir hinum sjómannalögunum, eða sett ný ákvæði, þar sem þess var talin þörf vegna sjerstakra hátta hjer á landi. Þess skal getið, að nefndin hefir eigi haft sjómannalög Finna með höndum, og hefir hún því eigi getað haft hliðsjón af þeim.

Efni lagafrumvarps þessa er í stuttu máli reglurnar um rjettarstöðu skipshafnarinnar. Aðalatriðið er þar skipsrúmssamningurinn, og rjettindi og skyldur skipverja samkvæmt honum. En jafnframt eru hjer þó settar samsvarandi reglur um ráðningarsamning skipstjóra. Þá er og í frumvarpinu mælt fyrir um vald skipstjóra og skipverja, svo og um refsingu fyrir brot skipstjóra og skipverja á ákvæðum frumvarpsins. Hinsvegar er hjer eigi að finna reglur um aðrar skyldur skipstjóra við starf hans, svo sem um meðferð á farmi, um siglingu skips o. s. frv. Þau ákvæði verða eftir sem áður í siglingalögunum sjálfum.

Frumvarp þetta hefir eigi að geyma öll þau ákvæði, er máli skifta sjerstaklega fyrir sjómenn, t. d. ekki ákvæðin um atvinnu við siglingar, um hvíldartíma skipverja, um slysatryggingar, eða um lögskráningu. Sjómannalögin norrænu hafa heldur ekki ákvæði um þessi efni, þeim er þar allstaðar skipað með sjerstökum lögum. Í siglingalögum vorum eru heldur eigi ákvæði um þessi efni, nema eitt þeirra, lögskráninguna. Nefndin lítur svo á, að þau ákvæði siglingalaganna sjeu svo ófullkomin, að þau þurfi endurskoðunar við, en telur rjett, að um lögskráningu verði sett sjerstök lög, og mun bera fram fram frumvarp þar að lútandi.

Í siglingalögunum er ekkert alment ákvæði um það, um hver skip lögin gildi. Í sjómannalögunum norrænu er heldur ekkert slíkt ákvæði. Þótti vera vandkvæði á því, að setja almenna reglu um þetta. Í frumvarpi þessu er heldur eigi neitt slíkt alment ákvæði Verður að leggja það á vald dómstóla og umboðsstjórnar, að ákveða það í hverju einstöku máli, hvort lögin í heild sinni eða einstök ákvæði þeirra eigi við tiltekin skip. Þess skal þó getið, að frumvarpið

mundi yfirleitt taka til þeirra skipa, sem skipstjóri er á og skipshöfn, án þess að það alment skifti máli, til hvers skipið væri notað, hvort heldur væri til fiskveiða eða annara veiða, farmflutninga eða farþegaflutninga, björgunar eða dráttar. En svo takmörkuð getur notkunin verið, eða skipið svo lítið, að eigi yrði talið, að ákvæði frumvarpsins gætu átt við um það. Frumvarpið er miðað við íslensk skip fyrst og fremst, en þó mundi sumum ákvæðum þeirra verða beitt um erlend skip, sem stödd væru í landhelgi hjer við land.

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

Ákvæði þessa kafla koma í stað upphafsákvæðis 1. málsgr. 66. gr. og 67.—73. gr. siglingalaganna.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði um rjett skipstjóra til þess, að fara af skipinu, ef ráðningarsamningur er vanhaldinn af hálfu útgerðarmanns. Um þetta eru heldur eigi ákvæði í siglingalögunum. Mundi því um þetta efni fara eftir almennum reglum um samninga, þannig, að skipstjóra væri rjett að ganga úr stöðu sinni, ef um verulegar vanefndir væri að ræða frá útgerðarmannsins hálfu.

Í frumvarpinu er ekkert ákvæði, sem svari til 3. málsgr. 67. gr. um heimild skipstjóra til að fara frá skipi, ef það missir rjett til að sigla undir íslenskum fána. Á slíku ákvæði er heldur eigi þörf, því að almennar reglur myndu heimila skipstjóra burtför, er slík atvik ber að höndum.

Um 1. gr.

Í siglingalögunum eru engin ákvæði um það, að ráðningarsamningur skipstjóra skuli gerður skriflegur, sbr. hinsvegar 75. gr. um skipverja. Er nýmæli þetta tekið upp í norrænu lögin, til þess að sem minstur vafi verði á um ráðningarkjör skipstjóra, og er það báðum aðilum til hags, én hinsvegar engum vandkvæðum bundið fyrir útgerðarmann, að láta gera skriflegan samning um ráðninguna.

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. 67. gr. siglingalaganna er skipstjóra heimilað, að segja upp ráðningarsamningi sínum, þegar eigi er öðruvísi um samið, við ferðarlok í innlendri höfn, eða hafi hann gegnt starfinu í 3 ár, og skipið á þeim tíma aldrei lokið ferð hjer við land, þá við ferðarlok í erlendri höfn, með hæfilegum uppsagnarfresti. Ákvæði þetta þótti óheppilegt um þetta þrent, að uppsagnarfrestur var eigi ákveðinn, að ráðningarslitin voru bundin við ferðarlok, en það getur oft verið vafamál, hvenær telja á ferð lokið, og að 3 ár væri of langur tími. — Þessu er nú breytt á þá leið, að fyrirvarinn er ákveðinn 3 mánuðir. Er það væntanlega nægur tími, bæði fyrir skipstjóra, til að fá sér nýja stöðu, og útgerðarmann, til að fá sjer nýjan skipstjóra. Ráðningarslitin eru ekki einskorðuð við ferðarlok, heldur við komu skipsins í höfn, þar sem ferma skal eða afferma. Uppsögn heimilar því eigi ráðningarslit í höfn, er skipið kemur í að eins

til viðgerðar, til að kaupa vistir eða vjelarnauðsynjar, eða til þess að fá fyrirskipun um hvert haldið skulið. Hinsvegar skiftir eigi máli, hvort fermt er eða affermt er öllum farminum eða nokkrum hluta hans. Samkv. fyrri hluta greinarinnar, þegar um ráðningarslit á íslenskri höfn er að ræða, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp. Í síðari hluta gr. er að eins skipstjóranum veittur uppsagnarrjettur. Ef útgerðarmaður því vill láta skipstjóra fara af skipinu, meðan það er statt erlendis, eiga ákvæði 3. gr. við um það. Tíminn er hjer færður úr 3 árum niður í 18 mánuði. Þá fyrst, er sá tími er liðinn, getur skipstjóri sagt samningnum upp til ráðningarslita erlendis, og því fyrst farið af skipinu, samkv. þessari heimild, eftir 21 mánuð.

Greinin er samhljóða 2. gr. norsku laganna og 1. mgr. 2. gr. hinna dönsku. Aftur á móti er eigi talið heppilegt eða nauðsynlegt, að taka hjer upp 2. mgr. 2. gr. d. l. er svarar til 2. mgr. 67. gr. siglingalaganna. Í 2. gr. sænsku laganna eru ákvæði samhljóða þessu, nema hvað skipstjóri á vjelskipi getur sagt samningnum upp eftir eitt ár.

Um 3. gr.

1. málsg. svarar til upphafs 1. málsgr. 66. gr. sigll.

Samkv. 70. gr. sigll. á skippstjóri, sem settur er af án heimildar samkv. 68. og 69. gr., rjett á öllu áskildu kaupi sínu, þ. e. út ráðningartímann, en sje ráðningartíminn óákveðinn, þá á 1—3 mánaða kaupi, eftir því, hvar hann fer af skipinu. Þessu er breytt hjer á þá leið, að hann á, í stað kaupsins, rjett á bótum fyrir það tjón, er frávikningin bakar honum, m. ö. o. almennar reglur um skaðabætur fyrir vanefndir samninga koma hjer til greina. Sú tilhögun er rjettlátari en að veita honum skilyrðislausan rjett til kaupsins út ráðningartímann, hvort sem mikið eða lítið er eftir af honum, og hvort sem tjónið, sem hann bíður við frávikninguna, er meira eða minna. En með því að oft getur verið örðugt, að sanna hve mikið tjón hann hefir beðið, er í 3. mgr. mælt svo fyrir, að tjónið skuli talið jafnt 3 mánaða kaupi, og ferðakostnaði þeim og fæðispeningum er þar greinir, ef annað verður eigi sannað um upphæð þess. Skipstjóri verður því að sanna, að hann hafi beðið meira tjón en þetta, vilji hann fá meiri bætur, útgerðarmaður, að tjónið sje minna, vilji hann eigi greiða þessar bætur. Greinin er samhljóða 3. gr. dönsku og sænsku laganna, Samkv. 3. gr. norsku laganna eru bæturnar jafnan 3 mán. kaup og ferðakostnaður.

Um 4. gr.

Samkv. 69. gr. sigll. á skipstjóri, sem settur er af vegna veikinda, að eins kaup til þess, er hann er settur af. Auk þess er útgerðarmanni stundum skylt að kosta hjúkrun hans og aðhlynningu nokkurn tíma, og samkv. 71. gr. að greiða ferðakostnað hans heim. Um skyldu útgerðarmanns til að sjá um umönnun hans, er veikindi ber að höndum, og til að greiða ferðakostnað hans, er rætt í 7. gr. frv. Hjer er að eins að ræða um rjett hans til kaups, og vikið að því leyti til frá núgildandi lögum, að honum er veittur rjettur til 3 mánaða kaups. Þykir það sanngjarnt, að útgerðin, sem annars ber alla fjárhagslega áhættu af ferð skipsins, greiði skipstjóra þessa kaupgreiðslu, er hann verður fyrir því óhappi

að missa stöðu sína vegna veikinda, er honum sjálfum er ei um að kenna. Þessi regla kemur þó eigi til greina, er skipstjóri er ráðinn með skemra uppsagnarfresti en 3 mánuðum, og útgerðarmaður notar sjer af því og segir honum upp.

Sje sjúkdómurinn aftur á móti skipstjóra að kenna, eða hafi hann leynt honum, er hann rjeðist skipið, á hann eigi kaup lengur en hann gegnir starfi sínu, jafnvel þó honum sje eigi vikið úr stöðu sinni þá þegar.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. norrænu laganna.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. norrænu laganna og að mestu einnig 1. mgr. 68. gr. sigll. Munurinn er að eins sá, að í stað »hirðuleysis eða gáleysis« í 68. gr. sigll. er hjer »stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis«, enda hart, að hve lítil yfirsjón sem er, hafi slík víti í för með sjer fyrir skipstjórann. Í öðru lagi segir hjer, að skipstjóri eigi ekki rjett á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu, en samkv. 68. gr. sigll. á hann rjett á kaupi þar til hann er rekinn. Brottrekstrarorsökin getur verið sú að hann hafi hlaupið frá starfi sínu eða vanrækt það algerlega, lengri eða skemri tíma, áður en hann er settur af, og er eigi sanngjarnt að hann taki kaup fyrir þann tíma.

Um 6. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 6. gr. norrænu laganna, 2. mgr. samhljóða 2. mgr. 6. gr. norsku og sænsku laganna. 2. mgr. er í dönsku lögunum að því leyti frábrugðin, að skipstjóri á ekki rjett til bóta fyrir muni sína, er farist hafa. Sýnist vera ástæðulaust að gera þann mun á rjetti hans og rjetti annara skipverja.

Greinin svarar annars til 3. mgr. 68. gr. sigll. Þó er heimildin til ráðningarslita nokkru þrengri hjer en þar. Hjer er að eins veitt heimild til ráðningarslita, er skip er dæmt óbætandi vegna sjótjóns, sem það hefir orðið fyrir, og því eigi heimilt að slíta ráðningu þó skip sje dæmt óbætandi af öðrum ástæðum, t. d. vegna fúa. Virðist heldur eigi eðlilegt að skipstjóri beri áhættuna af slíku. Sama máli gegnir um það, ef skip er hernumið eða gert upptækt. Er sanngjarnara að láta útgerðarmanninn, er ræður því að skipið siglir um hafnbannsleiðir eða flytur bannvörur, og því oft á sök á því, að það er hernumið eða gert upptækt, bera áhættuna við þetta, en skipstjórann. Að sjóræningar taki skipið er svo fátíður viðburður að fyrir því þarf eigi að gera ráð í lögum.

Um 2. mgr. má vísa til þess, er sagt verður um 41. gr.

Í norrænu lögin er eigi tekið upp neitt ákvæði er svari til 2. mgr. 68. gr. sigll. Var litið svo á, að útgerðarmaður yrði að bera alla áhættu af þeim atvikum, er þar greinir.

Um 7. gr.

Í 7. gr. norsku og sænsku laganna er 29. gr. eigi látin taka til skipstjóra. Það er aftur á móti gert í dönsku lögunum og er því fylgt hjer. Um 7. gr. vísast að öðru leyti til þess, sem sagt verður um 24. og 28.—30. gr.

Um 8. gr.

Fyrri málsgr. er samhljóða 1. mgr. 8. gr. dönsku laganna. Í norsku og sænsku lögunum er því bætt við, að aukabiðdagabætur skuli teljast með farmgjaldi. Það ákvæði þótti eigi ástæða til að taka upp hjer. Þessi mgr. er samhljóða upphafi 73. gr. sigll., nema hvað ágóðahlutur er nefndur hjer.

Norrænu lögin mæla svo fyrir, í 2. mgr. 8. gr., að þegar meta á aukatekjur skipstjóra, er hann á rjeft á kaupi lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, skuli þær metnar jafnháar því, sem tvöfalt fastakaup yfirstýrimanns er hærra en fastakaup skipstjórans. Í 73. gr. sigll. segir, að honum skuli goldið að öllu samtöldu, þ. e. í fastakaup og aukatekjur, tvöfalt stýrimannskaup eða ráðningarkaup hans, sje það meira. Hvorug þessi regla á vel við hjer á landi. Sérstaklega koma þær hart niður á skipstjórum, sem hafa aðaltekjur sínar af aflahlut. Eftir þessum reglum yrðu þeir oft sviftir mestum hluta kaups síns. Því verður hvorugri þessari reglu fylgt. Hinsvegar er mjög örðugt að setja nokkra fasta reglu um upphæðina, vegna þess hve ráðningarkjörin eru ólík. Það verður því að meta þetta í hverju einstöku tilfelli. Og til þess að gera aðilum hægt um vik, um úrskurð á þessu atriði, er þeim heimilað að leggja þetta mál undir mat lögskráningarstjóra.

2. KAFLI

Um skiprúmssamning skipverja.

113. gr. sigll. gerir ráð fyrir því, að menn þeir, sem ráðnir eru á skip auk skipstjóra, skiftist í þrjá flokka, 1) skipshöfnina sjálfa, og mun þar átt við þá menn, sem á dönsku og norsku eru nefndir Skibsmandskab, þ. e. alla þá, sem vinna sjálfa skipsvinnuna, 2) aðra menn, sem ráðnir eru á skip af skipstjóra eða útgerðarmanni, t. d. bryta, loftskeytamenn eða skipslækna og 3) menn, sem ráðnir eru á skip af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, t. d. þjónustufólk, er bryti ræður. Þessari aðgreining er einnig haldið hjer sbr. 70. og 71. gr. En þeir menn, sem sigll. nefna skipshöfn, eru hjer nefndir skipverjar. Um ráðningarsamning þeirra, skiprúmssamninginn, ræðir í þessum kafla.

1. Um samningsgjörðina.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. dönsku laganna. 3. mgr. vantar í norsku og sænsku lögin, en annars er 9. gr. þeirra samhljóða 9. gr. dönsku laganna. 1. og 3. mgr. eru samhljóða 30. gr. sigll. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Þareð yfirvjelstjóri samkv. 48. gr. ber ábyrgð á vjelgæslunni í heild sinni, er sanngjarnt, að hann fái nokkurn íhlutunarrjett um ráðningu þeirra manna, sem starfa eiga við vjelgæsluna.

Í dönsku lögunum segir: Skibsföreren kan . . . . ansætte. Í frv. segir í þess stað: Skipstjóri ræður. Er það orðalag valið til þess, að enginn efi verði á því, fremur en að undanförnu, að skipstjóri hafi sjálfstæðan rjett, til að velja

menn á skipið, og þurfi eigi að hlíta skipunum útgerðarmanns um það. Sá rjettur virðist óhjákvæmilega verða að fylgja þeirri miklu ábyrgð, er skipstjóri ber.

Um 10. gr.

Ákvæði gr. eru nýmæli í lögum vorum. Aldurslágmark 1. mgr. er í samræmi við 10. gr. dönsku og sænsku laganna. Aldurstakmark Norðmanna er þar 15 ár. Í 2. mgr. er aldurstakmarkið í samræmi við dönsku og norsku lögin en Svíar hafa þar 16 ár. Sami aldur, 16 ár, er lágmarksaldur vikadrengja við vjelgæslu (Maskingut) í norsku lögunum. Hin lögin hafa eigi það ákvæði og er það eigi tekið upp hjer.

14 ára aldurslágmarkið í 1. mgr. er í samræmi við samþyktarfrv., sem gert var á alþjóðafundi í Genúa 1920. Aldurslágmark kyndara og kolamokara miðast við það, að sú vinna er sjerstaklega óholl ungum og óhörðnuðum mönnum.

Um 11. gr.

Í norrænu lögunum eru tilsvarandi greinar nokkuð frábrugðar hver annari, eins og samskonar ákvæði sigll. hafa verið. Í frv. er engri þeirra fylgt nákvæmlega. Greinin kemur í stað 75. gr. sigll. að nokkru, en eins og áður er tekið fram, er ætlast til, að sjerstök lög verði sett um lögskráningu. Gr. er að því leyti í samræmi við núgildandi lög, að ætlast er til, að allir ráðningarsamningar í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smál. brúttó, verði skriflegir. Þetta á að vera reglulegt formsskilyrði og munnlegir samningar því eigi skuldbindandi. Það er og í samræmi við gildandi lög, að samningurinn skuli skráður á skipshafnarskrána. En það er nýmæli, að báðir aðilar undirriti hann þar. Það sem tekið er fram, um efni samningsins, er og í öllum aðalatriðum í samræmi við 75. gr. sigll. Ákvæðin um sjóferðabók eða sjóferðavottorð og um viðskiftabókina eru aftur á móti nýmæli. Norrænu lögin hafa öll ákvæði um þetta hvorttveggja. Sjóferðabókin eða sjóferðavottorðið á að vera til sönnunar um siglingatíma skipverjans. Viðskiftabókin til sönnunar um viðskifti hans við útgerðina, með líkum hætti er samningnum er ætlað að vera skv. 75. gr. sigll. Ákvæðið um kaupgjaldsskrána er og nýmæli og tekið eftir norrænu lögunum. Um þau efni, sem greinin ræðir um, er annars gert ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

2. Um ráðningartímann.

Um 12. gr.

Gr. kemur í stað 2. setn. 87. gr. sigll. og er samhljóða henni, að því fráteknu, að hjer er sama regla látin gilda um ráðningu til óákveðins tíma, með ákveðnum uppsagnarfresti, þar sem þó eigi er umsamið hvar ráðningu skuli slitið. Gildir þá síðari hluti 1. mgr. 13. gr. eigi. Gr. er samhljóða 12. gr. dönsku laganna. Er hún nokkru skýrar orðuð en 12. gr. norsku og sænsku laganna, en þó enginn efnismunur á milli þeirra.

Um 13. gr.

Samkv. 87. gr. sigll. eru skipverjar, sem ráðnir eru um ótiltekinn tíma, skyldir til að fara með skipinu til þess ferð sú er á enda, og skipið komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar innlendrar hafnar, ef þeir voru ráðnir hjer á landi. Skipverja, sem ráðinn er hjer á landi, verður því eigi sagt upp til fráfarar erlendis. Við þetta er það athugavert, að hjer er sami vafi á um það, hvenær telja á ferð lokið, sem getið var um við 2. gr., og eru ráningarslitin hjer því miðuð við það, að skipið komi í höfn til fermingar eða affermingar. Það er oft hrein tilviljun hvenær skipið kemur aftur til sömu hafnar og skipverji rjeðist í. Það ákvæði er því felt hjer niður. Hins vegar er því ákvæði haldið, að ráðningu skipverja, sem ráðist hefir hjer á landi, verði að eins slitið í íslenskri höfn, en þó er það ákvæði hjer einskorðað við íslenska skipverja. Ráðningu erlends manns, er ræðst hjer á landi, getur því orðið slitið erlendis. Ákvæði 2. mgr. um uppsagnarfrestinn er nýmæli. Gr. er samhljóða 13. gr. norrænu laganna.

Um 14. gr.

Samhljóða 14. gr. norrænu laganna að því fráteknu, að þau heimila ráðningarslit í hvaða höfn, sem komið er í til fermingar eða affermingar, en hjer er vísað til ákvæðanna í 13. gr. í heild sinni, og þá þar á meðal ákvæðisins um ráðningarslit í íslenskri höfn. Virðast þær ástæður, er liggja til þessa ákvæðis 13. gr., eiga fyllilega við um það tilfelli, er hjer ræðir um.

Um 15. gr.

Gr. kemur í stað 88. gr. sigll. Eru þessi ákvæði sett til að tryggja það, að skipverji bindi sig eigi í skiprúm um of langan tíma. Tíminn, sem skipverja er skylt að vera í skiprúminu, er hjer færður niður í $1^1/_2$ ár úr 2 árum. Hinsvegar verður hann samkv. frv. að segja samningunum upp með venjulegum fyrirvara, en getur eigi farið fyrirvaralaust eins og 88. gr. sigll. heimilar. 15. gr norrænu laganna er samhljóða frv. nema hvað tíminn er 1 ár á seglskipum hjá Svíum.

Um 16. gr.

Kemur í stað 89. gr. sigll. Breytingar eru þær, að í stað þess, að telja upp ákveðin störf, er skipverji skal vinna að, eins og gjört er í 89. gr., eru hjer að eins nefnd »nauðsynleg störf á skipinu«. Fer það því eftir kringumstæðunum, hvort þau störf, sem nefnd eru 89. gr. eða önnur, er skipstjóri vill láta vinna, verða talin nauðsynleg. Í annan stað er tíminn, sem skipverji þarf að vinna þannig, ákveðinn lengst 2 dagar eða lengst 4 dagar, sje um seglskip að ræða, í stað viku í 89. gr. Vikufrestur er of langur þegar litið er til þess, hve stuttur uppsagnarfresturinn er. Ákvæði þetta er skýringarákvæði, og kemur því eigi til greina. ef aðilar hafa samið öðru vísi um þetta mál. Þessi regla mundi heldur eigi því til fyrirstöðu, að skipverji gæti gengið tafarlaust af skipi, þegar sjerstaklega stendur á, t. d. er hann fer af skipi vegna misþyrminga af hálfu skipstjóra, sbr. 39. gr.

2. mgr. svarar til niðurlags 96. gr. sigll., en er það viðtækari, að hún á við jafnan, er sjóferðaskýrsla er gefin eða sjópróf haldið, en ekki að eins er þetta fer fram vegna þess, að skipið hefir farist. Er þetta nauðsynlegt til þess að sem mest gagn verði að skýrslum þessum og prófum. Jafnframt er þá ákveðið, að skipverja skuli greiða kaup og dvalarkostnað meðan hann dvelur á staðnum þessa vegna.

16. gr. norrænu laganna er samhljóða þessari, nema hvað tíminn, sem skipverji þarf að bíða samkv. 1. mgr., er 2 dagar lengst á öllum skipum í norsku lögunum.

Um 17. gr.

Nýmæli samhljóða 17. gr. norrænu laganna. Tilefni ákvæðis þessa er það, að sumstaðar í erlendum höfnum krefjast yfirvöld tryggingar af sjómönnum, er ganga þar af skipi, fyrir því að þeir geti sjeð sjálfum sjer farborða. Á gr. að girða fyrir það, að skipstjóri þurfi að flytja menn, sem eigi geta sett þá tryggingu, sem farþega áfram með skipinu.

3. Um kaup skipverja.

Um 18. gr.

1. mgr. samhljóða niðurlagi 79. gr. sigll. með þeirri viðbót, að skipverji, sem þarf að ferðast frá ráðningarstað til skips, á kaup frá þeim tíma, er sú ferð hefst. Ráðningarstaður er þar, sem skiprúmssamningur er undirritaður.

2. mgr. er nýmæli, Reglan kemur þó eigi til greina ef skipverji hefir áður mist rjett til kaups t. d. samkv. 32., 33., 35., 36. eða 41. gr.

3. mgr. svarar til niðurlags 111. gr. sigll., en er það viðtækari, að hún á líka við, er skipverji ólöglega hliðrar sjer hjá vinnu, og er þó í skipinu.

4. mgr. er nýmæli. Þykir hentugast að reikna jafnan í þrítugnættum mánuðum. Í norrænu lögunum á þetta aðeins við, er talin eru brot úr mánuði, en hjer einnig, er taldir eru heilir mánuðir, og er það í samræmi við venju, sem hjer er orðin allalgeng. Í orðalagi gr. felst það, að hluti af degi er talinn sem heill dagur. 18. gr. norrænu laganna er samhljóða þessari, um alt nema það atriði 4. mgr. er nefnt var.

Um 19. gr.

Þessi gr. og 21. gr. koma í stað 1. mgr. 104. gr. sigll.

1. mgr. svarar til upphafs 104. gr., að því viðbættu, að kaupgreiðslu verði krafist að eins einu sinni á viku.

2. mgr. Fyrri hlutinn er samhljóða 104. gr. sigll. Síðari hlutinn er nýmæli, og á skipstjóri samkv. honum að víxla myntinni. Var þetta ákvæði tekið upp í norrænu lögin af því, að hættara þótti við, að skipverjar yrðu fjeflettir á þeim viðskiftum í erlendum höfnum, en skipstjórinn.

3. mgr. er nýmæli, sett í því skyni, að greiða fyrir sjómönnum, sem senda vilja kaup sitt heim frá útlöndum.

Greinin er samhljóða 19. gr. norrænu laganna, nema hvað 3. mgr. er lítils háttar öðru vísi í norsku lögunum.

Um 20. gr.

Greinin er nýmæli og samhljóða 21. gr. dönsku laganna. Norsku og sænsku lögin heimila að ávísa meira en $^2/_3$ hlutum kaups, og leyfa sjaldnar að stöðva ávísanagreiðslur, en hin dönsku.

Tilgangur þessa ákvæðis er hinn sami og 3. mgr. 19. gr., að greiða fyrir því, að skipverji spari kaup sitt, með því að leggja það inn í peningastofnun hjer á landi, eða verji því til styrktar vandamönnum sínum. Skipverji getur mælt fyrir um að kaup sitt verði greitt þannig, bæði um leið og hann ræðst á skipið og síðar, og ávísanagreiðslurnar má ekki stöðva, nema þegar svo stendur á, sem segir í 2. mgr. gr.

Um 21. gr.

Svarar til 1. mgr. 104. gr. sigll. að nokkru leyti. Munurinn er að eins sá, að samkv. frv. má aldrei halda eftir meira en $^1/_2$ mánaðar kaupi. Stendur þessi viðbót í sambandi við lækkun sekta þeirra, er skipstjóri getur lagt á skipverja, samkv. 62. gr., frá því sem áður var. Greinin er samhljóða 21. gr. norsku og sænsku laganna. Samkv. 21. gr. dönsku laganna, má halda eftir alt að eins mánaðar kaupi, í siglingum innan Norðurálfu, en alt að tveggja, í siglingum utan Norðurálfu. Þar er og mælt fyrir um að skipverjar sjeu goldnir vextir af kaupi því, sem haldið er eftir.

Um 22. gr.

Ákvæði sama efnis og 1. mgr. er í 75. gr. sigll.

2. mgr. kemur í stað 99. gr. sigll. Sú breyting er hjer þó gerð, að skipverji á jafnan rjett á tiltölulegu viðbótarkaupi, ef ferðin lengist fram yfir það, sem áætlað var, af hvaða ástæðu sem það er, eins fyrir því, þó það sje vegna veðurs. Styðst sú breyting við það, að sanngjarnara er, að útgerðarmaður beri áhættuna af þessum atvikum, en skipverjar. Slík ráðningarkjör sem þessi eru annars mjög fátíð, og greinin mun því hafa litla raunhæfa þýðingu.

Dönsku og norsku lögin, 22. gr., eru samhljóða þessu. Skv. 22. gr. sænsku laganna á skipverji rjett á hlutfallslegu viðbótarkaupi, einungis, er ferð er breytt, ella á venjulegu mánaðarkaupi á ráðningarstaðnum.

Um 23. gr.

Sama efnis og 1. mgr. 100. gr. sigll., nema hvað ákvæðinu um yfirvinnu er bætt hjer við. Samhljóða 23. dönsku laganna. Norsku lögin taka einnig til þess, að lagt sje af stað í ferð með færri menn, en ráðgert var. Í sænsku lögin vantar ákvæðið um yfirvinnu.

Hjer eru eigi fremur en í norrænu lögunum tekin upp ákvæði, er svari til 2. mgr. 100. gr. og 101. gr. sigll. Fyrra atriðið er svo fátítt, að varla er þörf á sjerstöku lagaákvæði um það, um hið seinna, helgidagavinnuna, munu að jafnaði vera ákvæði í kaupgjaldssamningum hlutaðeigandi fjelaga.

Um 24. gr.

1. mgr. er samhljóða upphafi 1. mgr. 98. gr. sigll.

2. mgr. er nýmæli. Ákvæði þetta, sem var í öllum nefndarfrumvörpunum, vantar þó í sænsku lögin. Hjer er dönsku lögunum fylgt, en norsku lögin gilda einnig þó skipverji hafi verið skemur í þjónustu útgerðarmanns en 6 mánuði. Ólögráða börn merkir hjer börn yngri en 16 ára.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 98. gr. sbr. 72. gr. sigll. með þeirri breytingu, að í stað þess, að telja kaupið eins og skipið hefði farist, er liðinn var helmingur þess tíma, sem það þurfti, til ferðar þeirrar, er í greininni getur, eins og gert er í 98. sbr. 72. gr. sigll., er kaupið hjer reiknað eins og allur tíminn sje liðinn. Með því móti er það trygt, að erfingjar skipverja fái jafnan kaup hans fyrir allan þann tíma, er hann hefir gegnt starfi sínu. Norrænu lögin hafa öll ákvæði samhljóða þessu.

Um 25. gr.

Svarar til 2. mgr. 104. gr. sigll. Samhljóða ákvæði í 25. gr. norrænu laganna.

4. *Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.*

Um 26. gr.

Nýmæli og er 1. mgr. samhljóða 26. gr. norrænu laganna, en 2. mgr. er að eins í dönsku lögunum. Ákvæði, sem skylda skipverja til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, voru áður í lögum bæði hjá Norðmönnum og Svíum. Ákvæði þetta er mjög mikilsvert, bæði fyrir skipverjann sjálfan og vegna annara manna á skipinu. Skipstjóri getur samkv. gr. krafist þess, að skipverji láti lækni skoða sig, bæði þegar skipverji er veikur og eins endranær, ef ástæða er til að ætla, að hann sje veikur.

Víða eru reglur settar um skyldubundna læknisskoðun á sjómönnum, sjerstaklega um berklaveiki eða um sjón þeirra. Því er hjer í síðari mgr. veitt heimild til að setja ákvæði um slíkt með reglugerð.

Um 27. gr.

Gr. ræðir um skyldu skipstjóra til að sjá um, að skipverji, er veikist eða slasast, fái nauðsynlega umönnum o. s. frv. Til þessa er skipstjóri jafnan skyldur, án tillits til þess, hver greiða á kostnaðinn af þessum ráðstöfunum. 1. og 4. mgr. svara til þess, sem mælt er fyrir um þetta efni í 95. gr. sigll., nema hvað skyldan hjer nær til þess, að sjá skipverja fyrir allri umönnum, en 95. gr. talar að eins um að sjá honum fyrir hjúkrun. Þá er og ákvæðið, um skyldu skipstjóra til að segja næsta ræðismanni til mannsins, nýmæli.

2. og 3. mgr. eru og nýmæli, sem eigi þarf að skýra.

Greinin er samhljóða 27. gr. norrænu laganna.

Um 28. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um það, hver greiða eigi kostnað af umönnun sjúkra og slasaðra skipverja. Það skal fyrst og fremst tekið fram, að orðið »umönnun« er hjer og í 27. gr. 1. mgr. notað í stað orðsins »hjúkrun« í tilsvarandi ákvæðum sigll., til þess að taka af öll tvímæli um það, að hjer sje að ræða um allan kostnað af veikindum skipverja, ekki að eins um hjúkrun hans í venjulegri merkingu þess orðs, læknishjálp og lyf, heldur og einnig annan dvalarkostnað hans t. d. húsnæði og fæði, án tillits til þess hvar hann dvelur, hvort heldur er á skipinu, í sjúkrahúsi, í heimahúsum eða annarsstaðar.

Samkvæmt 1. mgr. greiðir útgerðarmaður kostnaðinn við umönnun skipverja, fram að því, að ráðningu hans er slitið. Frá þessari reglu er þó gerð undantekning í 3. mgr. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 95. gr. sigll.

Í 2. mgr. ræðir um skyldu útgerðarmanns til að greiða umönnunarkostnað sjúkra eða slasaðra skipverja eftir að ráðning þeirra er slitið. Samkv. 95. gr. sigll. er útgerðarmanni skylt að greiða kostnaðinn við hjúkrun skipverja í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slíta ráðningu hans, en ella í 8 vikur. Tími þessi er talinn frá burtför skips eða frá úrskráningu skipverja, hafi hann verið skráður úr skiprúmi. Þessar reglur eru teknar hjer upp aftur með nokkrum breytingum. Fyrst og fremst er tíminn lengdur upp í 6 vikur og 12 vikur. Lengri tíminn gildir, eins og áður, að eins, er skipverji er skilinn eftir erlendis, en nú að eins um íslenska skipverja, þar sem hann áður gilti einnig um erlenda skipverja. Það að tíminn er látinn vera lengri, bæði í sigll. og frv., er skipverji er erlendis, en ef hann er innanlands, miðar að því, að spara ríkissjóði fje, því til hans kasta kemur, um greiðslur á umönnarkostnaði skipverja erlendis, er skyldu útgerðarmanns lýkur. En þessi ástæða á að eins við, ef skipverji er íslenskur, því ríkissjóði ber eigi skylda til að sjá erlendum sjómönnum farborða, þó á íslenskum skipum hafi verið. Þess vegna er þessi takmörkun gerð hjer. Þá er og felt niður að gera mun á því, hvort skipverji er á þeim stað erlendis, þar sem löglega mátti slíta ráðningu hans, eða annarsstaðar. Er engin ástæða til að gera skyldu ríkissjóðs meiri, þó svo kunni til að vilja, að skipverji sýkist einmitt þar, sem ráðningu hans skyldi slitið. Ákvæði þessarar mgr. um ferðakostnað skipverja eru samhljóða 1. mgr. 103. gr. sigll. að öðru en því, að skipverji á samkv. frv. rjett á þessum kostnaði til heimilis síns hjer á landi, en samkv. sigll. að eins til næstu hafnar innlendrar. — Ákvæðið um skyldu skipverja til að ganga í skiprúm á öðru skipi á heimleiðinni svarar til 2. mgr. 103. gr. sigll.

3. mgr. er að mestu leyti í samræmi við 2. mgr. 95. gr. sigll. Þó er það nýmæli hjer, að það, að skipverji leyndi veikindum sínum, er hann rjeðist, er sett á bekk með því, að hann sje valdur að þeim. Það liggur í orðinu »leyndi« að þetta á því að eins við, að skipverji viti sjálfur um veikindin, er hann ræðst á skipið. Um kynsjúkdóma er sjerstakt ákvæði í 5. mgr., en að svo miklu leyti, sem það nær eigi til, þ. e. um kostnaðinn við umönnun skipverja vegna slíkra sjúkdóma, áður en ráðningu hans er slitið, mundi það, hvort hann sjálfur eða

útgerðarmaður ætti að bera þann kostnað, fara eftir því, hvort skipverji ætti sjálfur sök á sjúkleikanum eða ekki.

4. og 5. gr. eru báðar nýmæli og sniðnar eftir norsku lögunum. Dönsku og sænsku lögin hafa svipuð ákvæði. Dönsku lögin gera ríkissjóði að skyldu einnig að greiða heimferðarkostnað skipverja, sem haldnir eru smitandi kynsjúkdómi, en sænsku lögin ræða að eins um skipverja, sem haldnir eru kynsjúkdómum. Eru ákvæði þessi einn liðurinn í baráttu þeirri, gegn sjúkdómum þessum, er flestar þjóðir nú hafa hafið. Skyldur þær, er þessi ákvæði binda ríkissjóði, hvíla að nokkru og líklega langmestu leyti á honum nú þegar sbr. lög 42, 31. maí 1927 og lög 16, 20. júní 1923, en þó ákvæði þessi fari nokkru lengra en umrædd lög, þá þótti eigi þess vegna ástæða til að víkja hjer frá norrænu lögunum.

Gr. þessi er annars að mestu samhljóða 28. gr. norrænu laganna, sem einnig eru að mestu leyti samhljóða sín á milli.

Um 29. gr.

Svarar í öllum aðalatriðum til 51. gr. sigll. Því er hjer bætt við, að skipstjóri skuli tilkynna vandamönnum hins látna látið, og að skipstjóra skuli heimilt að afhenda ræðismanni muni hins látna. Gr. er samhljóða 29. gr. dönsku og norsku laganna. 29. gr. sænsku laganna er það itarlegri að hún skyldar skipstjóra til að afhenda erfingjum skipverjans eignir hans eða gera skilagrein fyrir sölunni, og er sú skylda svo sjálfsögð að engin þörf er á að geta hennar sjerstaklega.

Um 30. gr.

1. mgr. svarar til síðari setningar 1. mgr. 98. gr. sigll. Sá er munurinn að hjer skiftir það ekki máli, af hvaða völdum maðurinn deyr, en skylda útgerðarmanna hinsvegar bundin við það, að hann látist á þeim tíma, er útgerðarmanni var skylt að annast umönnun hans. Er um þetta 30. gr. dönsku og sænsku laganna fylgt. 30. gr. norsku laganna bindur skyldu útgerðarmanns hinsvegar við það, að skipverji, sem læst eftir að ráðningu hans var slitið, deyi af einhverjum þeim sjúkdómi, er útgerðarmaður skyldi kosta umönnun hans vegna.

2. mgr. er nýmæli og í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr. 28. gr.

Um 31. gr.

Gr. þessi er hjer sniðin eftir 31. gr. dönsku laganna. Í norsku og sænsku lögunum eru í 31. gr. að eins ákvæði, er svara til 3. mgr. þessarar gr. í frv.

1. mgr. er afleiðing af ákvæðum 28. og 30. gr., um skyldu útgerðarmanna til að kosta umönnun og greftrun skipverja. Er skipstjóra hjer gert að skyldu, að setja tryggingu fyrir þessum kostnaði, til þess að síður sje hætt við, að ríkissjóður verði að bera kostnaðinn. Á sömu ástæðu byggist og ákvæði 2. mgr. Þess skal jafnframt getið, að fyrst og fremst verður að taka tillit til hins sjúka skipverja, og að ákvæði þessi má því eigi skilja svo, að ræðismaður geti neitað að taka manninn í umsjá sína, þó skipstjóri neiti að setja tryggingu.

3. mgr. svarar til 4. mgr. 95. gr. sigll.

4. mgr. ræðir um erlenda skipverja á íslenskum skipum. Skipstjóri á einnig rjett á endurgreiðslu úr ríkissjóði á kostnaði, er hann hefir greitt fyrir umönnun þeirra. Þessu er þannig hagað fyrst og fremst vegna sjúklinganna sjálfra, en jafnframt og ekki síður vegna annara manna á skipinu, því heilsu þeirra getur verið hætt, ef hinir sjúku verða kyrrir á skipinu. En jafnframt er þó reynt að draga úr áhættu þeirri, er þetta hefir í för með sjer fyrir ríkissjóð, með því að heimta af skipstjóra sannanir bæði um nauðsynina á því, að skipverji var fluttur í land, og um heilsufar hans, er hann rjeðist á skipið.

Í síðustu mgr. er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu heimilað að setja nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum. Um ýms atriði, er að þessu lúta, er þörf á nánari reglum, og er heppilegast, að þær sjeu settar með reglugerð.

5. Um rjett skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

Um 32. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru nú í 95. gr. sigll. Þar er heimilað að víkja skipverja, sem er óstarffær um langan tíma, vegna slysa og veikinda, eða þjáist af fransós, úr skiprúmi. Hjer er þessu breytt á þá leið, að heimilað er að víkja skipverja, sem haldinn er sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, úr skiprúmi, þó eigi sjeu þeir óstarffærir af þeim sökum. Hinsvegar er samkv. frv. eigi heimilt að víkja manni úr skiprúmi, vegna þess, að hann er haldinn kynsjúkdómi, ef hann er eigi óstarffær þess vegna og hætta stafar eigi af sjúkdómnum fyrir aðra menn á skipinu.

Samkv. 95. gr. sigll. á skipverji, sem fer af skipi af þessum sökum, aldrei rjett á kaupi lengur en til þess, er hann er skráður úr skiprúmi, eða til þess, er skipið ljet úr höfn, sje hann ekki skráður úr skiprúmi. Hjer er þessu breytt á þá leið, að skipverji á rjett á kaupi í einn mánuð frá ráðningaslitum, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, en í 7 daga frá sama tíma, sje hann í annari stöðu á skipinu. Um þessa breytingu má vísa til athugasemdanna við 4. gr. frv.

Síðari mgr. er að því leyti í samræmi við 95. gr. sigll., að skipverji á ekki rjett á kaupi þann tíma, sem hann er óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins, ef hann er sjálfur valdur að þeim. Hjer er því bætt við, að hann eigi heldur eigi rjett á kaupi lengur, hafi hann leynt þessum atvikum, er hann rjeðist á skipið. Er þetta í samræmi við það, sem áður er ákveðið um skipstjóra, í 4. gr. frv. Hinsvegar er skipverji hjer eigi, eins og í 95. gr. sigll., skilyrðislaust sviptur rjetti til kaups, ef um kynsjúkdóm er að ræða. Rjettur hans til kaups, er svo ber undir, fer eftir því, hvort hann sjálfur er valdur að sjúkleik sínum eða ekki, sbr. athugasemdir við 3. mgr. 28. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. norrænu laganna. Þó tekur skipverji viðbótarkaup í 2 eða 1 mánuð, samkv. norsku og sænsku lögunum, eftir því hver staða hans er, og dönsku lögin hafa sjerstakt ákvæði um viðbótarkaup skipverja, er fara af skipi í siglingum utan Norðurálfu. Þótti eigi þörf að lögleiða það hjer á landi.

Um 33. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru nú í 94. gr. sigll. Brottrekstrarsök sú, er greinir í 1., er og nefnd í 94. gr. sigll., en hjer er felt niður það ákvæði þeirrar gr., að samþykki ræðismanns þurfi til að víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans. Venjulega mundi ræðismaðurinn eiga örðugt með að dæma um það, hvort ástæða væri til brottrekstrs af þessum sökum. Ákvæðið í 2. er nýmæli. Þar er heimilað að víkja manni úr skiprúmi, er eigi kemur til skips á ákveðnum tíma, en þó því að eins, að skipið eigi að láta úr höfn, eða að ráða verði annan mann í hans stað. Ákvæðin í 3. og 4. mgr. svara og til ákvæða í 94. sbr. 107. gr. sigll., en eru nokkru fyllri hjer. Þannig er það nýmæli, að vísa megi manni, er sekur verður um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, úr skiprúmi. Ákvæðið í 5. er og nýmæli. Í 43. og 67. gr. frv. er sagt hvernig skipverji, sem staddur er erlendis, getur borið sig upp yfir órjetti, sem hann telur skipstjóra hafa beitt sig. Slík ágreiningsefni skal útkljá að íslenskum lögum, og því verður skipverja að vera óheimilt að leggja þau undir erlend stjórnarvöld.

2. mgr. svarar til 3. mgr. 94. gr. sigll.

3. mgr. er af því leyti frábrugðin 94. gr. sigll., að hjer er skipverja veittur rjettur til kaups, að eins meðan hann gegnir starfi sínu, en í sigll. þangað til hann fer af skipinu. Síðarnefnda reglan getur leitt til þess, að skipverji taki kaup fyrir enga vinnu, t. d. þegar hann er óhæfur til starfans, og er það eigi sanngjarnt. Ákvæði 2. mgr. 94. gr. sigll. er felt hjer niður. Skipstjóri verður annaðhvort að gera, að víkja manninum úr skiprúmi eða hafa hann áfram á skipinu, og þá með sama kaupi og hann var ráðinn til, ef eigi verður samkomulag milli þeirra um kauplækkun.

Gr. er samhljóða 33. gr. norrænu laganna. Í sænsku lögin vantar þó 5. liðinn í upptalningunni á brottrekstrarsökunum.

Um 34. gr.

Svarar til 97. sbr. 91. gr. sigll. Það ber á milli þeirra og þessarar gr. frv., að skipverja er hjer veittur rjettur til kaups, meðan stendur á ferðinni, til þess staðar, þar sem ráðningu hans skyldi slitið, þó eigi skemur en einn mánuð, sje hann stýrimaður eða vjelstjóri, eða 7 daga, sje hann í annari stöðu á skipinu, en í sigll. er honum jafnan veittur rjettur til mánaðarkaups, og auk þess kaups, meðan hann er á heimleið. Er 34. gr. dönsku laganna fylgt hjer, og er þeasu þar hagað þannig, vegna samræmisins við ákvæði 13. gr. um uppsagnarfrest. Í norsku lögunum er skipverja veittur rjettur til 2 eða 1 mánaðar kaups, eftir því hver staða hans er, en ákvæði sænsku laganna um þetta efni eru samsvarandi ákvæðum 3. gr. um skipstjóra.

6. Um rjett skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

Um 35. gr.

Svarar til 1. sbr. 3. mgr. 90. gr. sigll. Hjer er heimild skipverja til að krefjast lausnar þó nokkru víðtækari en þar, því að hún er hjer eigi bundin við það

eitt, að skipverji eigi kost á að verða yfirstýrimaður eða yfirvjelstjóri. Þá er skipverja hjer og veitt heimild til að krefjast lausnar, ef hann sannar, að ástæður hans hafi breyst svo, frá því hann rjeðist á skipið, að það sje velferðarmál fyrir hann, að geta losnað úr skiprúminu. Orðið velferðarmál er notað hjer til þess, að gefa það í skyn, að um aðra hagsmuni en fjárhagsmuni geti verið að ræða, t. d. gæti það verið velferðarmál fyrir skipverja að losna úr skiprúminu, ef heilsu hans væri hætt, væri hann kyr á skipinu.

Gr. er samhljóða 35. gr. norrænu laganna.

Um 36. gr.

Samhljóða 36. gr. norrænu laganna. 1. mgr. er nýmæli. Í orðinu »geysar« liggur það, að farsóttin verður að hafa náð nokkurri útbreiðslu á áætlunarstaðnum. Þó fáein slík sjúkdómstilfelli hafi komið fyrir, þá myndi það eigi heimila skipverja að ganga af skipinu.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 90. gr. sigll. Þó er því viðaukið hjer, að sama gildir, ef hernaðarhættan eykst til muna frá því sem áður var.

Um 37. gr.

1. mgr. svarar til síðari hluta 87. gr. sigll. Þó er sá munur á, að hjer er þess jafnan krafist, að ferðinni sje breytt til muna, en í sigll. er skipverjum leyft að krefjast lausnar, jafnan er ferð er breytt áður en skipið fer af stað, hvort sem breytingin er meiri eða minni. Um breytingar, er gerðar eru á ferðinni, eftir að lagt er af stað, mun lítill efnismunur vera á frv. og sigll., því þær breytingar, er sigll. nefna í því sambandi, mundu jafnan taldar verulegar. Aðalmunurinn er sá, að breytingar, er ekki heimiluðu vistarslit í fyrstu höfn, er skipið kemur á samkv. sigll., kynnu að verða taldar verulegar samkv. frv.

Ákvæði 2. mgr. er í nánu samræmi við ákvæði 34. gr. frv. og þarfnast því eigi frekari skýringa. Það er vitanlega rjettarbrot gagnvart skipverja, sem ráðinn er til ákveðinnar ferðar, að breyta ferðinni til muna, eftir að hann rjeðist, og á hann því að njóta sama rjettar út af því, sem út af öðrum verulegum vanefndum útgerðarmanns á ráðningarsamningnum.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 37. gr. norrænu laganna. 2. mgr. er sniðin eftir 2. mgr. 37. gr. dönsku laganna. Hin lögin hafa í þess stað ákvæði, sem eru í samræmi við 34. gr., eins og hún er í þeim.

Um 38. gr.

Er að efni til í samræmi við 92. sigll. Hjer er þó sjerstaklega tekið fram að það, að íbúðir skipverja eru bersýnilega heilsuspillandi, skuli gilda jafnt sem skipið sje óhaffært. Um skoðunina eru nánari reglur í 59. gr. frv.

38. gr. norrænu laganna er að efni til samhljóða þessu.

Um 39. gr.

Samhljóða 39. gr. norrænu laganna. Svarar að efni til til upphafs 91. gr. sigll. Munurinn er þar eigi annar en sá, að þar sem sigll. að eins heimila skipverja að víkja úr skiprúmi, ef skipstjóri misþyrmir honum á skipi, þá hefir hann

samkv. frv. rjett til að fara eins þó skipstjóri misþyrmi honum annarsstaðar en á skipinu.

Um 40. gr.

Svarar til 40. gr. norrænu laganna og er hjer um enga efnisbreyting að ræða frá því, sem ákveðið er um þetta efni í 93. gr. sigll.

7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.

Um 41. gr.

Gr. kemur í stað 2. mgr. 96. gr. og 103. gr. sigll.

1. mgr. svarar til þess, sem ákveðið er í 6. gr., um ráðningu skipstjóra, er þessi atvik ber að höndum, og vísast hjer til aths. við 6. gr.

Í 2. mgr. er fyrst ákvæði um ferðakostnað og fæðispeninga skipverja, til heimilis síns hjer á landi, er skiprúmssamningi er slitið erlendis samkv. 1. mgr. gr. Ríkissjóður greiðir kostnað þennan. Er þetta í samræmi við 103. gr. sigll., nema hvað hjer er miðað við ferð skipverja til heimilis síns hjer á landi, en eigi til næstu innlendrar hafnar, eins og gert er í 103. gr. sigll. sbr. aths. við 28. gr. frv. — Ennfremur er í þessari mgr. skipverja veittur rjettur til kaups meðan hann er á heimleið, þó eigi lengri tíma en 2 eða 1 mánuð, eftir því hver staða hans er á skipinu. Er þetta nýmæli borið saman við 96. gr. sigll., því samkv. þeirri gr. á skipverji að eins kaup til burtfarar af skipinu, er ráðningu hans slítur með þessum hætti. Ástæðan til breytingar þessarar er hin sama og getið var við 6. gr., að ekki er sanngjarnt að láta skipverja bera alla áhættuna af þessum atvikum. Þessi ákvæði gilda einnig um skipstjóra samkv. 6. gr. og mundi hann þá eiga rjett á kaupi jafnlangan tíma sem stýrimaður eða vjelstjóri. Niðurlagsákvæði mgr., um skyldu skipverja til að ganga í nýtt skiprúm, gildir aftur á móti eigi um skipstjóra.

3. mgr. er nýmæli tekið eftir 41. gr. norrænu laganna. Atvinnu og samgöngumálaráðuneytinu er ætlað að setja nánari reglur um þessar bætur.

4. mgr. er nýmæli og vantar tilsvarandi ákvæði í norrænu lögin. Hjer á landi er það altítt, að skipverjar eru ráðnir upp á hlutdeild í afla, eingöngu eða ásamt föstu kaupi. Þegar skipverji á að taka kaup fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, verða hjer sömu erfiðleikarnir, við að ákveða þessa þóknun, og getið var um í aths. við 8. gr., þar sem rætt var um samskonar þóknun skipstjóra. Hjer er ætlast til, að þóknunin verði ákveðin með sama hætti og þar segir. Jafnframt er það tekið fram, að þessi þóknun skuli eigi skerða kaupgjald annara skipverja. Ef því t. d. maður, sem ráðinn er upp á hlut, deyr, og greiða á viðbótarkaup samkv. 2. mgr. 24. gr., þá á eigi að taka það af hlutum annara skipverja, heldur ber útgerðin þann kostnað ein.

41. gr. dönsku laganna er aðallega fylgt hjer, en annars er nokkuð ósamræmi í ákvæðum norrænu laganna um þessi efni.

8, *Um erlenda skipverja.*

Um 42. gr.

Samhljóða 42. gr. norrænu laganna. Er talið rjett, að heimila að erlendir skipverjar á íslenskum skipum, geti notið hlunninda þeirra, er íslenskum skipverjum eru veitt í 28. og 41. gr., ef íslenskir skipverjar njóta sama rjettar í heimalandi þeirra.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

Um 43. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. dönsku og sænsku laganna. Hjer er farið það lengra, að heimilað, er að skipverji láti lögskráningarstjóra rannsaka reikninginn, er slíkur ágreiningur rís, enda þótt hann eigi sje skráður úr skiprúmi um leið. Norðmenn hafa samskonar ákvæði í lögskráningarlögum sínum og tóku það því eigi upp í sjómannalögin. Samskonar ákvæði var og áður í íslenskum lögum, sbr. farmannalög 22. mars 1890, 17. gr. og leiðarvísi fyrir skipskráningarstjóra 15. nóv. 1890, 20. gr., en var ekki tekið upp í sigll. 1914. Það hefir þótt bagalegt, að hafa eigi slíka heimild, því oft myndi það, að lögskráningarstjóri rannsakar reikninginn, leiða til þess að sættir kæmust á með aðiljum, og yrði þá komist hjá málaferlum út af misklíðinni. Að heimildin hjer er eigi einskorðuð við það, að skipverji sje jafnframt skráður úr skiprúmi, stafar af því tvennu, að bæði getur slík misklíð komið upp, án þess að um ráðningarslit sje að ræða, og eins getur verið heppilegt að hafa heimildina svo víðtæka, ef breytt yrði reglunum um lögskráningu, á þá leið, að fleiri skip yrðu undanskilin lögskráningarskyldu en nú eru það.

2. og 3. mgr. eru að efni til samhljóða 105 gr. sigll. og 43. gr. norrænu laganna.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

Yfirmenn skips eru skipstjóri, stýrimenn og vjelstjórar. Þessir menn stjórna verkum á skipinu. Bryti hefir að vísu einnig verkstjórn á hendi, nokkuð sjálfstæða, yfir þeim skipsmönnum, er vinna að matreiðslu og frammistöðu. Er hann því, í 70. gr. frv., að sumu settur á bekk með stýrimönnum og vjelstjórum, en eigi þótti nauðsyn til að setja almenn ákvæði um starf hans í þessum lögum.

Um 44. gr.

Samhljóða 44. gr. norrænu laganna. Ástæðan til þess, að þessi sjálfsagða regla er lögtekin berum orðum, er sú, að á síðari árum hefir því stundum verið

hreyft, að yfirvjelstjóri ætti að hafa hið æðsta vald um alla vjelgæsluna. Slík tvískifting valdsins mundi þó vafalaust reynast illa, og því taldi norræna nefndin rjett að taka allan vafa af um þetta efni, með beru ákvæði í lögunum.

Um 45. gr.

Samhljóða 1. málsgr. 84. gr. sigll. með óverulegum breytingum. 45. gr. norrænu laganna er og samhljóða þessu.

Um 46. gr.

Samhljóða 2. mgr. 84. gr. sigll. og 46. gr. norrænu laganna.

Um 47. gr.

Gr. er samhljóða 47. gr. norrænu laganna og kemur í stað 85. gr. sigll. Hjer er þó starfi vjelstjóra lýst miklu nákvæmar en í 85. gr. sigll., en eigi mun hjer þó að neinu leyti vikið frá þeim venjum, er um það efni hafa myndast.

Um 48. gr.

Samhljóða 48. gr. norrænu laganna. Ákvæði þetta er nýtt, en mun vera í samræmi við venjur þær, er um þetta hafa myndast. Í 2. gr. eru samskonar ákvæði, um það, er yfirvjelstjóri forfallast, eins og eru í 2. mgr. 46. gr. um skipstjóra.

2. Almennar starfsskyldur.

Um. 49. gr.

1. mgr. er samhljóða að mestu 1. mgr. 49. gr. sigll. Hjer er því að eins við aukið, að þessi skylda hvíli einnig á öðrum yfirmönnum en skipstjóra.

2. mgr. er að efni til samhljóða 82. gr. sigll.

Gr. er samhljóða 49. gr. norrænu laganna.

Um 50. gr.

1. mgr. svarar til fyrri setningarinnar í 1. mgr. 83. gr. sigll. Ákvæðið er nokkru styttra hjer en þar, en efnismunur er enginn.

2. mgr. svarar til niðurl. 1. mgr. 83. gr. sigll. Aðalreglan um skaðabótaskyldu skipverja er hin sama hjer og þar, en hitt er nýmæli, að dómstólunum er gefin heimild til að færa skaðabótaupphæðina niður eftir atvikum. Er það hvorttveggja að ótakmörkuð skaðabótaskylda er oft lítilsvirði í þessum málum, vegna þess að hinn seki hefir eigi fje til að greiða bæturnar, og að hún kemur stundum of hart niður. Hjer er um áhættusamt starf að ræða og lítilsháttar vangá, sem e. t. v. að sumu leyti er afsakanleg, getur oft haft stórkostlegt tjón í för með sjer. Getur það þá verið ósanngjarnt að full ábyrgð sje lögð á hinn seka og því var þessi heimild tekin upp í norrænu lögin, en greinin er samhljóða 50. gr. þeirra.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

Um 51. gr.

Er samhljóða 51. gr. norrænu laganna. Þó leyfa sænsku lögin skipverja að eins landgöngu, er skip liggur í höfn eða í öðru öruggu lægi. Í þessu felst þó varla nokkur efnismunur við hin lögin. Sænsku lögin heimila skipverja og að nota skipsbátana ókeypis til landgöngu.

1. mgr. er samhljóða upphafi 79. gr. sigll.

2. og 3. mgr. eru aftur á móti nýmæli. Skipverji má eigi fara frá skipi leyfislaust. Hinsvegar á hann rjett á að nota frístundir sínar með þeim hætti, sem hann vill, m. a. fara í land, ef því verður við komið. Þykir því rjett að kveða á um það, hvenær skipstjóri má neita um landgönguleyfi og jafnframt að skylda skipverja til að gera skipstjóra aðvart, ef hann getur ekki komið til skips á rjettum tíma.

Um 52. gr.

Í 80. gr. sigll. er heimilað að þröngva manni, sem ráðinn er í skiprúm og kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, með lögregluvaldi til að uppfylla skuldbindingu sína. Þessi regla, að þvinga megi mann með lögregluvaldi til að uppfylla vinnuskuldbindingu, er nálega einstæð í rjetti vorum, sbr. þó l. nr. 11, 31. maí 1927, 13. gr., og slíkri undantekningarreglu má eigi beita, nema þess sje sjerstaklega rík þörf. Því hefir reglan verið takmörkuð mjög í 52. gr. norrænu sjómannalaganna. Dönsku lögunum er fylgt hjer. Í norsku lögunum ekki ákvæðið um ölvaða skipverja og í sænsku lögunum er heimildin einskorðuð við það, að skipverji hafi verið lögskráður á skipið.

Heimildin, til að flytja skipverja á skip með lögregluvaldi, er hjer bundin við tvent, annaðhvort að skipið sje eigi nægilega mannað án hans, eða hann sje ölvaður. Í fyrra tilfellinu mundi oft hljótast veruleg töf að burtvist mannsins og óþægindi og fjártjón fyrir útgerð skipsins, farmeigendur, farþega og aðra skipverja. Verða hagsmunir hans þá að víkja fyrir hagsmunum hinna. Í síðari tilfellinu er heimildin nánast í þágu skipverjans sjálfs.

Um 53. gr.

Svarar til 111. gr. sigll. Efnismunur er sá einn, að fje skipverja, því sem fram yfir er skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal varið eins og segir í 69. gr., en rennur ekki til útgerðarmanns. Er 53. gr. dönsku laganna fylgt um þetta — Norsku og sænsku lögin heimila skipverja að kalla til fjárins í eitt ár frá strokinu.

Ákvæði 112. gr. sigll. eru feld niður í frv. Skipstjóri verður að tryggja sig gegn stroki skipverja með öðrum hætti en þar segir.

Um 54. gr.

Upphafsákvæði 1. mgr. er nýtt. Þótti rjettara að taka þetta fram berum orðum enda þótt regla þessi sje sjálfsögð. Niðurlag mgr. og 2. mgr. eru samhljóða 1. mgr. 88. gr. sbr. 33. gr. sigll.

3. mgr. svarar til 2. og 3. mgr. 86. gr. sigll. Ákvæðin hjer eru nokkru styttri en þar, en efnismunur er enginn, nema hvað skipverja hjer er heimilt að vera viðstaddur rannsóknina.

54. gr. norsku laganna er hjer fylgt. Í sænsku lögin vantar ákæðið um rjett skipverja til að vera viðstaddir rannsóknina. Í dönsku lögunum er sjerstaklega bannað að hafa opíum, kokaín o. þ. h. meðferðis. Þótti eigi ástæða til að taka það ákvæði upp hjer.

4. *Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.*

Um 55. gr.

1. mgr. er að efni til samhljóða 1. mgr. 49. gr. sigll. Hjer er því þó bætt við, að þess skuli gætt eftir föngum, að skipverji taki framförum í kunnáttu í starfi sínu. Er 55. gr. dönsku laganna fylgt að þessu leyti, en viðbótina vantar í hin lögin.

2.mgr. er nýmæli, sem öll norrænu lögin hafa.

Um 56. gr.

1. mgr. svarar til 2. mgr. 49. gr. sigll. Efnismunurinn er enginn en ákvæðið nokkru styttra hjer.

2. gr. er nýmæli, sem eigi þarf að skýra nánara.

56. gr. dönsku laganna er fylgt hjer. Norðmenn og Svíar hafa báðir sjerstök lög um vinnutíma á skipum, sem oss vantar að mestu, og vísa til þeirra í þessari gr.

Um 57. gr.

Gr. svarar til 1. mgr. 50. gr. sigll., með þeirri breytingu að ætlast er til að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, en eigi konungur, setji reglugerðina um viðurværi skipverja. 57. gr. norsku laganna er fylgt hjer. Í dönsku og sænsku lögunum er skipstjóra bannað að selja skipverjum fæði og auk þess eru í sænsku lögunum ákvæði um breytingar á viðurværi skipverja, er sjerstaklega stendur á, og um útvigt skipverja. Þótti eigi ástæða til að taka þau ákvæði upp hjer.

Um 58. gr.

Gr. er nýmæli. Heimild til að setja tilskipun þá, er hjer ræðir um, er að finna í 2. mgr. 2. gr. l. nr. 37, 19. júní 1922. Gr. er samhljóða 58. gr. norrænu laganna.

5. *Um haffærisskoðun.*

Um 59. gr.

Gr. svarar til 92. gr. sigll. að nokkru leyti. Eru ákvæðin nokkru fyllri en þar, t. d. er hjer vísað til laganna um eftirlit með öryggi skipa, sbr. sjerstaklega 17. og 21. gr. l. nr. 37, 19. júní 1922, og sjerstök ákvæði um skoðun-

argerðir erlendis, en efnismunur er enginn, er nokkru máli skifti. 59. gr. dönsku laganna er fylgt hjer. Ákvæði 59. gr. hinna laganna eru að nokkru frábrugðin þessu. Sænsku lögin leyfa skoðun, er svo er ástatt, að farmi þarf að skipa upp, til þess að hún verði framkvæmd, því að eins að stýrimaður eða vjelstjóri styðji kröfuna um skoðun. Dönsku lögin hafa ákvæði um hámark skaðabótanna.

6. Um agavald skipstjóra.

Um 60. gr.

Gr. er samhljóða 106. gr. sigll. Þó er sá efnismunur hjer á milli, að þar sem 106. gr. leyfir að beita valdi jafnan, er skipverji neitar að hlýða því, sem honum er skipað eða sýnir mótþróa við starf sitt, þá er það hjer að eins leyft, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

60. gr. norrænu laganna er samhljóða þessu.

Um 61. gr.

Samsvarar 52. gr. sigll. Eru ákvæðin stytt hjer til muna, án þess þó að efnisbreyting verði. Farþega er hjer eigi getið, enda ræðir frv. þetta eigi um þá. Í þess stað er í sjerstöku frv. til laga um breytingar á siglingalögunum, er fram verður borið, 176. gr. sigll. breytt í samræmi við ákvæði þessarar gr.

61. gr. norrænu laganna er samhljóða þessari gr. frv.

IV. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

Um 62. gr.

Gr. þessi kemur í stað 107. gr. sigll. Efnismunur er þó allmikill milli þeirra. Sektarhámarkið er lækkað úr hálfsm naðarkaupi og niður í sjö daga kaup. Í frv. eru heldur eigi sjerstök ákvæði um hæð refsingarinnar fyrir hvern flokk brota, eins og er í 107. gr., heldur er hjer sama hámark og lágmark sett refsingu fyrir öll brotin. Brotum þeim, er refsingu sæta, er lýst nokkuð öðruvísi hjer en í sigll. og lýsingin nokkru fyllri. Þó er þar eigi um verulegan efnismun að ræða. Hinsvegar eru ekki tekin upp í frumvarpið ákvæðin um að stýrimenn og vjelstjórar sæti hálfu meiri sekt en aðrir skipverjar og að heimilt skuli að tvöfalda sekt, er brot er ítrekað. Niðurlagsákvæði 107. gr. sigll. er eigi heldur tekið upp í frv., enda er þess engin þörf fyrst að hámark sektanna er lækkað.

Gr. er tekin eftir 62. gr. dönsku laganna. Lýsingin á brotunum er lítils háttar önnur í norsku og sænsku lögunum.

Um 63. gr.

Gr. þessi er samhljóða 63. gr. dönsku og norsku laganna. 63. gr. sænsku laganna er samhljóða 2. mgr. þessarar gr. og auk þess er í niðurlagi 62. gr.

sænsku laganna ákvæði um að eigi megi leggja refsingu á skipverja á skipi, sem er í innanlandssiglingum.

Ákvæði 2. mgr. er að nokkru leyti í samræmi við 108. gr. sigll. Þar er bannað að halda próf fyr en 12 klukkust. eru liðnar, frá því að yfirsjónin var drýgð. Hjer er bannað að leggja refsingu á skipverja áður en frestur þessi er liðinn. Prófið má því halda fyr, en úrskurðinn má eigi leggja á málið fyr en að fresturinn er liðinn. Því er jafnframt bætt við, að eigi megi úrskurða skipverja refsingu síðar en viku eftir að yfirsjónin var drýgð. Frá hvorutveggja þessu er þó heimilt að víkja, ef nauðsyn krefur, t. d. ef yfirsjónin er drýgð rjett áður en skipverji fer úr skiprúmi eða ef skipstjóri fær ekki vitneskju um hana fyr en viku síðar en hún var drýgð.

Að öðru leyti eru ákvæði gr. nýmæli. Fyrri mgr. bannar skipstjóra að beita refsivaldi sínu, þegar unt er að kæra brotið fyrir íslenskum yfirvöldum. Þegar svo stendur á er engin þörf á refsivaldi skipstjóra og það er engin ástæða til að láta það ná lengra en nauðsyn krefur.

Um 64. gr.

Svarar til 108. gr. sigll. Ákvæðin eru hjer að eins nokkru nákvæmari. Þannig er hjer kveðið nákvæmar á um það, hvernig prófvottarnir skuli valdir, tekið fram að vitni skuli yfirheyrð og að prófvottarnir geti látið leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru, og bóka athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Gr. er samhljóða 64. gr. norrænu laganna. Í sænsku lögunum er þó í niðurlagi greinar þessarar málsgr. er svarar til 3. mgr. 67. gr. frv.

Um 65. gr.

Gr. er nýmæli og samhljóða 65. gr. norrænu laganna. Í 1. mgr. eru leiðbeiningar fyrir skipstjóra um það, hvernig hann eigi að tiltaka refsinguna, og heimild til að láta refsingu falla niður, ef ætla má að áminning nægi.

Skipverji á að geta treyst því, að hann verði eigi látinn sæta frekari refsingu fyrir brot, er skipstjóri hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari sje gerður um það í úrskurði skipstjóra. Ákvæði 2. mgr. eiga að tryggja þetta.

Um 66. gr.

Nýmæli og samhljóða 66. gr. dönsku og norsku laganna. Í sænsku lögunum er heimild þessi því aðeins veitt, að skipverji sje enn í skiprúminu. Að öðru leyti þarfnast gr. eigi skýringa.

Um 67. og 68. gr.

Gr. koma í staðinn fyrir 109. gr. sigll. 1. mgr. 109. gr. er þó feld hjer niður, enda á hún aðallega við, ef skipverji er í innanlandssiglingum, en samkv. 63. gr. frv. er skipstjóra þá eigi heimilt, að beita refsivaldi sínu. Dönsku lögunum er fylgt í gr. þessum. Í norsku og sænsku lögunum eru ákvæði þessi nokkuð með öðrum hætti, enda önnur lög þar um lögskráningu og um rjettarfar í sjómálum.

Um 69. gr.

Svarar til 110. gr. sigll. Samkv. síðastnefndri lagagrein getur skipstjóri varið kaupi þessu til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, er hinn seki olli útgerðarmönnum. Þetta er hjer af tekið. Útgerðarmaður á ekki að eiga neina fjárvon í sektum skipverja. Að öðru leyti er gr. þessi í samræmi við 110. gr. sigll. nema hvað hjer er mælt svo fyrir, að eftirrit af prófunum og úrskurðinum, skuli sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með fjenu.

Gr. er samhljóða 69. gr. dönsku og norsku laganna.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

Áður var þess getið hverjir menn teldust til skipverja í frv. þessu. En auk þeirra manna og skipverja, eru oft enn aðrir menn ráðnir á skip. Um þá ræðir í þessum kafla. Þeir eru ýmist ráðnir á skipið af útgerðarmanni eða skipstjóra eða af öðrum, og verða reglurnar um þá mismunandi eftir því.

Um 70. gr.

Fyrri setningin er samhljóða 70. gr. norrænu laganna. Ákvæði frv. gilda yfirleitt um þessa menn eins og um skipverja, en þó aðeins eftir því sem við á. Ákvæði 11. gr. um ráðningu á skip mundu t. d. ekki eiga við um ráðningu skipslæknis. Verður það rannsóknaratriði í hverju einstöku máli, hverjum ákvæðum frv. verði beitt um þessa menn.

Ákvæðið um bryta í niðurlagi gr. er aftur á móti ekki að finna í norrænu lögunum. Eins og áður var getið, er staða bryta að sumu leyti hliðstæð stöðu yfirmannanna á skipinu, og þótti því rjett, að láta þá njóta sama rjettar og stýrimenn og vjelstjóra um þau efni, er getur um í gr.

Um 71. gr.

Samhljóða 71. gr. norrænu laganna. Eru hjer talin upp þau ákvæði frv., er um þessa menn gilda. 70. og 71. gr. frv. koma í stað 113. gr. sigll.

Um 72. gr.

Samhljóða 72. gr. norrænu laganna og kemur í stað 2. mgr. 39. gr. sigll. Eru ákvæði þessi nokkru ítarlegri hjer en í sigll. Það er þannig tekið fram, að menn þessir eigi rjett á hæfilegri þóknun fyrir vinnu sína á skipinu og að tekið skuli tillit til fyrri stöðu þeirra, er þeim er skipað til verka.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

Í þessum kafla öllum er dönsku lögunum fylgt. Í norsku lögin vantar

þennan kafla, en svipuð refsiákvæði er að finna í hegningarlögum Norðmanna. Aftur á móti er í sænsku lögunum sjerstakur kafli um refsingar, en þau ákvæði eru allfrábrugðin hinum dönsku.

Um 73. gr.

Svarar til 257. gr. sigll. Ákvæði frv. eru þó nokkru víðtækari en 257. gr. sigll. og er hámark sektanna því fært upp í 1000 kr.

Um 74. gr.

Kemur í stað 264. gr. sigll. að nokkru leyti. Aðal-breytingin er sú, að hjer er heimilað að svifta dómfelda rjetti til skipstjórnar um ákveðinn tíma. Reynslan hefir sýnt, að dómstólarnir hafa verið ófúsir til að beita 264. gr. sigll., og þá líklega aðallega vegna þess, að skipstjóri samkv. þeirri grein eigi varð sviftur rjetti til skipsstjórnar öðru vísi en æfilangt. Er því ástæða til að ætla, að gr. komi að meira haldi, ef heimildin er rýmri að þessu leyti. — Sigll. heimila og að eins að svifta mann rjetti til skipstjórnar. En ástæða getur verið til að svifta hann jafnframt rjetti til stýrimensku. Því er hjer ákveðið, að tekið skuli fram í dómnum, hvort dómfeldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rjetti til skipstjórnar. Jafnframt er konungi heimilað, að veita manni aftur rjett til skipstjórnar, eftir vissan tíma og þegar sjerstakar ástæður mæla með því.

257. gr. sigll. nær til ýmsra mála, er eigi falla undir frv. þetta. Er því í sjerstöku frv. til laga um breytingu á sigll. gerð tillaga um, að gr. sje breytt í samræmi við þetta ákvæði frv.

Um 75. gr.

Brot er hjer falla undir eru t. d. brot útgerðarmanns gegn 1. gr., og brot skipstjóra gegn 9., 10., 11., 29. gr., 2. mgr. 33. gr., 2. mgr. 51. gr., 53., 56. og 58. gr. Gr. þessi kemur í stað 253. gr. og 2. mgr. 254. gr. sigll.

Um 76. gr.

Samhljóða 278. gr. sigll.

Um 77. gr.

Svarar til síðari hluta 265. gr. sigll. Hámark sekta er hjer 500 kr. í stað 200 kr. í 265. gr.

Um 78. gr.

1. og 2. mgr. koma í stað 266. gr. sigll. Almenna refsingin fyrir strok er sektir samkv. 1. mgr., þar sem hún hinsvegar er fangelsi samkv. 1. mgr. 266. gr. sigll. Hærri refsing er þó við lögð samkv. 2. mgr., ef miklar sakir eru.

3. mgr. er samhljóða 267. gr. sigll.

Um 79. gr.

Nýmæli, sem ekki þarf nánari skýringar.

Um 80. gr.

Svarar til 1. mgr. 271. gr. sigll. og efnismunur enginn þar á milli.

Um 81. gr.

Svarar til 272. gr. sigll. en ákvæðin eru nokkru styttri hjer en þar.

Um 82. gr.

Svarar til 273. gr. sigll. Ákvæðin einnig nokkru styttri hjer en þar.

Um 83. gr.

Samhljóða 270. gr. sigll. Hámark sekta er þó 500 kr. hjer í stað 100 kr. í sigll.

Um 84. gr.

Svarar til 274. gr. sigll. Um stýrimenn og vjelstjóra eru hjer sett samskonar ákvæði og sett eru um skipstjóra í 74. gr. frv.

Um 85. gr.

Samhljóða 275. gr. sigll. nema hvað hámarki sekta er breytt hjer eins og í 83. gr.

Um 86. gr.

Samhljóða 269. gr. sigll.

Um 87. gr.

Samhljóða 276. gr. sigll. Sektarhámarki breytt eins og í 83. gr.

Um 88. gr.

1. og 3. mgr. svarar til 279. gr. sigll. Ákvæðið um fyrningu sakar í niðurlagi 1. mgr. er þó nýtt.

2. mgr. er aftur á móti nýmæli. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir, skv. 6. gr. l. 37. 19. júní 1922, yfirstjórn eftirlitsins með öryggi skipa, og er því eðlilegt og æskilegt, að mál þau, sem hjer er um að ræða, verði lögð fyrir það, með þeim hætti, sem greinin segir.

Um 89. gr.

Samhljóða 277. gr. sigll.

Um 90. gr.

Er í samræmi við 1. gr. l. 52. 30. nóv. 1914.

Um 91. gr.

Er í samræmi við 280. gr. sigll.

VII. KAFLI

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

Um 92. og 93. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Nd. **32. Tillaga**

til þingsályktunar um útvarp.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að útvarpsrekstur verði tekinn upp hið allra fyrsta, samkvæmt gildandi heimildarlögum um útvarp.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til árjettingar þingsályktun um sama mál, sem samþykt var á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar hennar. Þess skal getið, að ályktun í svipaða átt var samþykt einróma á öllum þingmálafundum í Rangárvallasýslu, og víðar hafa raddir komið fram í sömu átt, og sýnir það, að almenningur skilur nauðsyn þessa stórmerka máls. Það virðist því óverjandi, að landsstjórnin láti þetta mál lengur undir höfuð leggjast, sjerstaklega þegar hagur ríkissjóð stendur með slíkum blóma. Nánar í framsögu.

Nd. **33 Frumvarp**

til laga um dóm í vinnudeilum.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson, Lárus Helgason, Jón Sigurðsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal dómstól, er nefnist *vinnudómur*. Hann skal fara með og dæma:

1. Mál út af vinnukjörum, þau, er greinir í lögum nr. 55, 17. júní 1925, eða lögum, er í þeirra stað koma.
2. Mál út af rofum á dómum um vinnukjör samkvæmt þessum lögum eða samningum um vinnukjör af hálfu þeirra aðilja, er í áðurnefndum lögum, nr. 55 1925, segir, eða lögum, er í þeirra stað koma.
3. Mál um lögmæti verkfalls eða verkbanns og um bætur fyrir ólögmætt verkfall eða verkbann.

2. gr.

Jafnan skal sáttasemjari í vinnudeilum leita samninga milli aðilja um mál þau, sem í 1. gr. segir, áður en þau komi fyrir vinnudóm. Jafnskjótt sem sáttasemjari telur sáttatilraunum sínum lokið, skal hann skýra atvinnumálaráðherra frá því og jafnframt senda honum nákvæma skýrslu um málavöxtu. Skal

atvinnumálaráðherra síðan vísa málinu til vinnudóms og jafnframt skýra hæstarjetti frá þessum málalokum.

3. gr.

Vinnudómur starfar þar sem aðiljar eiga báðir (eða allir) heima, ef það er í sömu þinghá eða sama kaupstað. Annars kostar kveður atvinnumálaráðherra á um það, hvar dómur skuli starfa.

Atvinnumálaráðherra löggildir bækur vinnudóms.

4. gr.

Hjeraðsdómari í einkamálum þar, er dómur skal stsrfa (3. gr.), er forseti dómsins. Auk þess skal hann tilnefna í dóm 4 menn, 2 úr flokki vinnuveitenda og 2 úr flokki vinnuþega, þá er þekking hafa á atvinnugrein eða atvinnugreinum þeim, er máli skifta, og vinnukjörum í þeim. Ryður fyrsta sinni, er dómur er háður, sínum manni hvor aðilja, en þeir 2, sem eftir verða, skipa dóminn með forseta. Nú ryður aðili ekki dóm, og skal forseti gera það í stað hans.

Nú missir dómara við eftir ruðningu, og nefnir forseti dómsins þá 3 meðdómendur í stað hans. Skal síðan ryðja 2 með sama hætti og fyr segir.

Í dóminn tilnefnir hæstirjettur ennfremur 2 menn, og 2 til vara, og verður því dómur jafnan skipaður 5 mönnum.

Áður en meðdómandi tekur til starfa í dóminum, skal hann vinna og undirrita í þingbókina heit um, að hann skuli rækja starfann eftir bestu vitund.

5. gr.

Sólarhring eftir að hjeraðsdómari og hæstirjettur hafa fengið tilkynningu atvinnumálaráðherra (2. gr.), skulu þeir hafa nefnt dóminn. Síðan tilkynnir forseti dómsins dómendum tafarlaust dómnefnuna, ásamt stað og stund, er dóm skuli heyja, enda er þeim þá öllum skylt að koma til dómsins. Ennfremur stefnir hjeraðsdómari aðilum fyrir dóminn með 1—3 sólarhringa fyrirvara, eftir ástæðum.

6. gr.

Málsaðiljar geta gætt hagsmuna sinna sjálfir fyrir dóminum, eða falið öðrum íslenskum ríkisborgurum, sem lögráða eru og með óflekkuðu mannorði, að gera það. Ef aðili, annarhvor eða báðir, gerir hvorugt, þá skipar dómurinn honum talsmann.

7. gr.

Forseti dómsins stýrir honum.

Aðiljar geta ráðið því, hvort mál er flutt munnlega eða skriflega. Ef þeir koma sjer ekki saman um það, þá kveður dómurinn á um það. Jafnan skal flytja mál fyrir lokuðum dyrum, ef opinber flutningur þess ylli því, að óviðkomandi menn fengju vitneskju um leyndarmál kaupsýslumanna eða fjelagsskapar eða annað, er menn eiga rjett á að haldið sje leyndu fyrir óviðkomandi mönnum.

8. gr.

Að því leyti, sem ekki er látið um mælt í lögum þessum, kveður dómurinn á um meðferð máls. Skylt er dómi að afla allra nauðsynlegra upplýsinga og leiðbeina aðilum um málflutning, svo framarlega sem hann hefir ástæðu til að ætla, að aðiljar þurfi leiðbeiningar.

Um skyldu manna til að bera vitni og gegna kvaðningu til mats og skoðunar fer eftir almennum reglum í einkamálum. En auk þess getur dómur skyldað aðilja og aðra með úrskurði til þess að sýna bækur sínar eða reikninga, eða leggja fram eftirrit úr þeim, ef það þykir nauðsynlegt til skýringar málsatriðum.

Vitnaleiðslu utan þinghár dómsins stýrir hjeraðsdómari þar. Fer um þau vitnamál sem gestarjettarmál.

Hraða skal málsmeðferð allri sem verða má.

Jafnan skal afl atkvæða ráða, ef dómendur skilur á. Allir skulu dómendur undirrita dóm og úrskurði, en rjett er dómanda að láta getið ágreinings í þingbók. Í dómi skal greina ljóslega þá niðurstöðu, er dómendur, eða meiri hluti þeirra, hafa komist að. Dómsúrslit skuldbinda aðilja sem dómur alment. Ákvæði dóms um vinnukjör skulu þó aldrei skuldbinda aðilja lengur en 2 ár, frá dómsuppsögn talið.

Þóknun til dómenda og skipaðs talsmanns aðilja og annar kostnaður af dómi greiðist úr ríkissjóði. Þóknun dómenda og talsmanns skal ákveðin í dómi.

Fullnægjufrestur dóms, þar sem fjárgreiðsla er mælt, skal vera 15 dagar.

9. gr.

Rjett er hvorum aðilja að krefjast endurtöku máls og breytingar á dómi, þó ekki fyr en 6 mánuðum eftir dómsuppsögn, ef verulegar breytingar hafa orðið síðan dómur var upp kveðinn, svo sem veruleg hækkun eða lækkun á verði lífsnauðsynja, breytingar á rekstrarkostnaði eða verði afurða þeirrar atvinnugreinar, o. s. frv., skal aðili þá snúa sjer til sáttasemjara, en hann beinir málinu síðan til atvinnumálaráðherra, jafnskjótt sem hann hefir reynt sáttaumleitun, en ráðherra vísar því til dóms, eins og áður segir.

10. gr.

Aldrei má gera verkbann eða verkfall áður en deilumál þau, er í lögum þessum segir, koma til aðgerða sáttasemjara. Svo er og bannað að gera verkbann eða verkfall, meðan sáttatilraunir sáttasemjara eða dómsmeðferð samkvæmt lögum þessum stendur yfir.

Brot á ákvæðum greinar þessarar varða sektum í ríkissjóð, 500—10000 kr., og auk þess skaðabótum eftir almennum reglum.

Sektir má innheimta með aðför í eignum hinna seku.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verkföll og verkbönn eru nú á dögum ein með mestu landplágum. Löggjafarvaldinu virðist því skylt að gera þær ráðstafanir, sem hægt og skynsamlegt er að gera, til þess að afstýra verkföllum og verkbönnum. Þau ráð, sem hjer hafa verið hingað til reynd, hafa ekki komið að tilætluðum notum. Það hefir ekki verið reynt hjer enn að hafa lögmæta dómsúrlausn á vinnudeilum, er báðir aðiljar sjeu lögbundnir til að hlýða. Það virðist rjett að reyna þessa leið, og því er frumvarp þetta fram komið.

Nd. 34. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar, með það fyrir augum:

1. á hvern hátt unt sje að gera rekstur togaraútgerðarinnar ódýrari og hagkvæmari og tryggja fjárhagsafkomu hennar.
2. á hvern hátt best verði fyrir komið stjórn og eignarumráðum þessara útgerðarfyrirtækja, með tilliti til hagsmuna starfsfólksins alls og þjóðarheildarinnar.
3. á hvern hátt sje hægt að tryggja verkafólkinu, sem að útgerðinni starfar á sjó og landi, lífvænleg kjör.

Nefndin hefir vald til þess að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum eða fjelögum, samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Togaraútgerðin er nú orðin svo stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að segja má, að afkoma þjóðarheildarinnar sje að allmiklu leyti undir henni komin. Stórmikill hluti af veltufje landsmanna er bundinn í henni og þúsundir fólks eiga þar allar sínar atvinnu- og bjargarvonir. Megn óánægja er meðal starfsfólksins yfir fyrirkomulagi útgerðarinnar og launakjörum þeim, er verkafólkið nýtur, en útgerðarmenn eru einir til frásagnar um hag og gjaldþol útgerðarfyrirtækjanna. Verður ekki sjeð, að Alþingi geti lengur látið þessi mál afskiftalaus.

Nánara í framsögu.

Sþ. **35. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Erlingur Friðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 77, 14. nóv. 1917, til þess að taka í sínar hendur einkasölu á allri steinolíu, sem til landsins flyst, hvort heldur er bensín, ljósaolía, venjuleg mótorolía eða hráolía.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nær samhljóða tillögu til þingsályktunar, sem flutt var á síðasta Alþingi, en eigi fjekst afgreidd þá. Breytingin er sú ein, að hjer er nánar tilgreint, að heimildin skuli ná til allra tegunda af steinolíu, hvort sem þær eru mikið eða lítið hreinsaðar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi tillögunni í fyrra, og framsöguræðu þá.

Ed. **36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Flutnm.: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. málslið 1. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní ár hvert.

Í stað orðanna í 3. málslið sömu greinar »86 stundir á viku . . . . á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslið komi nýr málsliður svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangarveiði.

2. gr.

a. Aftan við 1. málsgrein 2. greinar laganna bætist: Um á, er rennur í kvíslum, gildir hið sama.

b. Aðra málsgr. 2. gr. laganna skal orða svo: Nú vilja menn leggja net, setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni eða sjó, þar sem lax gengur, svo að för hans sje hindruð, og eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð, Ádráttarveiði má viðhafa í ám. Þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók, skoti eða sprengingu. Til vísindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum í 5. gr. laganna komi: 23,5 cm. Í stað »1½ þumlungur« í niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: sektum 300—1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« í 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

A eftir orðinu »fógeti« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« í 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sýslunefnd að banna kistuveiði í ám að viðlögðum sömu sektum og viðurlögum sem segir í 8. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp um breyting á lögum um friðun á laxi frá 1886 flutti jeg á þinginu í fyrra. Var frv. afgreitt í Ed. með litlum breytingum, en lagt fyrir hjá nefnd í Nd., að líkum vegna anna. Flyt jeg því frv. aftur nú að mestu samhljóða því, sem það fór frá Ed. með einróma atkvæðum á síðasta þingi.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir frv. í fyrra (þskj. 56).

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um verkamannabústaði.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessara laga styrkir ríkissjóður, með fjárframlagi og með ábyrgðum fyrir lánum, kaupstaði landsins til að koma upp húsnæði fyrir verkamenn sína.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^1/_{10}$ hluta kostnaðar sem styrk til íbúðarhúsbygginga með þessum skilyrðum:

a. að bæjarfjelagið komi upp byggingunum.
b. að húsin sjeu sambyggingar, gerðar úr varanlegu efni, með aðallega tveggja eða þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag byggingarinnar samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
c. að íbúðirnar sjeu falar verkafólki til kaups fyrir það verð, sem þær kosta uppkomnar, álagningarlaust, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum, gegn 15% útborgun, en eftirstöðvar kaupverðsins hvíli á eigninni með 1. veðrjetti og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
d. að byggingarnar sjeu reistar á leigulóðum, sem kaupstaðirnir eiga, og sje ársleigan metin á 5 ára fresti.

3. gr.

Fje það, sem bæjarfjelagið tekur til láns, til þess að standa straum af kostnaðinum við byggingarnar, ábyrgist ríkissjóður.

4. gr.

Hvert bæjarfjelag skal koma á fót byggingarsjóði, er myndaður sje á þennan hátt:

1. Bæjarfjelagið leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti árið 1930.
2. Í sjóðinn rennur andvirði seldra íbúða, vextir og afborganir, sem og leiga fyrir þær íbúðir, er bæjarfjelagið hefir ekki enn selt.

5. gr.

Úr byggingarsjóði greiðist afborgun og vextir af láni því, er bæjarfjelagið hefir tekið til að koma byggingunum upp, svo og einnig til að koma upp nýjum íbúðum, eftir því sem fjárhagur leyfir.

6. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fje í banka eða sparisjóði, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til bygginga samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Íbúðir í byggingum þessum má sá, er keypt hefir, ekki selja nema bæjarfjelagið hafi áður hafnað forkaupsrjetti, og ekki framleigja nema með leyfi bæjarstjórnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati. Sje um framleigu að ræða, ákveður bæjarstjórn, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

8. gr.

Um viðhald húsanna hefir bærinn eftirlit, og skulu um það settar sjerstakar reglur í reglugerð, sem staðfest er af atvinnumálaráðuneytinu. Kostnaður við viðhald húsanna hið ytra skal lagður á byggingunа í heild, en síðan jafna niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni. Viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera, en um sameiginleg tæki innanhúss, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því sem segir í reglugerð.

9. gr.

Nú ganga menn í samvinnufjelag til að koma upp slíkum byggingum, sem ræðir um í 2. gr. b., og leggja fram að minsta kosti 15% af kostnaðarverði, og fullnægja að öðru leyti nánari skilyrðum þeim, sem ríkisstjórnin setur fyrir viðurkenningu slíkra byggingarfjelaga, og veitist þá úr ríkissjóði sem styrkur 10% kostnaðar, og ábyrgist hann þá og lán það, er þarf til byggingannа, enda sje bæjarfjelagið lántakandinn og veiti lánið byggingarfjelaginu gegn 1. veðrjetti í byggingunum.

10. gr.

Um byggingar þær, sem um ræðir í 9. gr., gilda að öðru leyti öll ákvæði 2., 4., 5., 6. og 7. gr., eftir því sem við getur átt.

Ársreikningar byggingarfjelagsins skulu ætíð lagðir fyrir bæjarstjórn til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins, svo lengi sem nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingannа.

Sama rjett sem bæjarstjórnin hefir og landsstjórnin, svo fremi ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir láni.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram í neðri deild Alþingis í fyrra vetur, en varð ekki útrætt þá. Það er að mestu leyti óbreytt nú og vísast til greinargerðarinnar að fyrra frumvarpinu að öðru leyti en því, sem á eftir fer.

Mesta nauðsynjamálið fyrir verkalýðinn í bæjunum er að fá hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans, í stað hinna ljelegu og dýru húsakynna, sem alþýðan verður nú að hafast við í. Eins og efnum fjöldans er háttað, mun það seint takast og erfitt vera að koma skipulagi á þau mál, nema hið opinbera, ríki og bæjarfjelög, gangist fyrir því og veiti aðstoð sína, á svipaðan hátt og gert er víðast hvar annarsstaðar í menningarlöndum. Það er víðast viðurkend skylda bæjarfjelaganna að sjá um, að húsnæði í bænum sje sómasamlegt og hjálpa þeim stjettum, sem verst eru staddar, til þess að fá viðunandi húsakynni. En engu síður er þetta mikilsvert fyrir alt þjóðfjelagið í heild og taka ríkin því venjulega nokkurn hluta kostnaðarins á sig. Eftir að hið opinbera hefir lagt eins mikið í sölurnar fyrir viðreisn sveitanna, ræktun þeirra og nýbyggingar, eins og gert hefir verið á síðustu þingum og ætlast er til að gert verði á þessu þingi, verður erfitt að mæla í gegn hinni almennu kröfu alþýðunnar í bæjunum um opinbera aðstoð til þess að koma upp heilnæmum og ódýrum verkamannabústöðum. Kostnaður sá, sem ætlast er til að ríki og bæjarsjóðir hafi af þessum byggingum, er lítill í samanburði við þau feikna áhrif, sem þær mundu hafa á vellíðan og heilbrigði alþýðunnar.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir nýlega látið fram fara húsnæðisrannsókn í bænum. Endanlegar skýrslur eru enn ekki tilbúnar, en þó má sjá af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að húsnæði verkalýðsins er yfirleitt bæði ljelegt, óheilnæmt og dýrt og vantar flestöll þau þægindi, sem bærinn hafa veitt öðrum stjettum.

Samkvæmt upplýsingum, sem fengnar eru úr þessum skýrslum, skiftast íbúðirnar í bænum þannig:

	1 herbergi	2 herbergi	3 herbergi	4 herbergi og fleiri	Samtals
Án eldhúss	452	147	29	18	646
Með aðgangi að eldhúsi .	269	416	67	18	770
Með eldhúsi	369	855	860	1120	3204
Samtals	1090	1418	956	1156	4620

Af frekari upplýsingum um íbúðir þessar má geta, að af þeim eru:

Í kjallara	843
Undir súð	929
Á hæð	2848
Samtals	4620

Því miður eru skýrslur enn ekki tilbúnar um þjettbýlið í íbúðunum, en þar kemur fram, að yfirleitt er flest fólkið í minstu íbúðunum, og þær eru að öllu leyti verst úr garði gerðar. Af þessu litla yfirliti sjest þó, að af um 4600

íbúðum eru um 2500 minni en 3 herbergja, en í nágrannalöndunum þykja minni íbúðir en þriggja herbergja fyrir barnafjölskyldur vera með öllu óviðunandi. Af þessum 2500 íbúðum eru um 1300 eða rúmur helmingur, sem annaðhvort aðeins hafa aðgang að eldhúsi eða vantar algerlega eldhús. Af íbúðunum eru alls um 1800 í kjöllurum eða undir súð og munu þær flestallar vera með öllu óviðunandi, og mjög margar þeirra ætti að banna að hafa fyrir íbúðir samkvæmt heilbrigðissamþyktinni. Þessar fáu tölur munu sýna nokkuð nauðsynina á nýjum og betri íbúðum fyrir verkamenn í Reykjavík, en svipað þessu mun ástandið vera í ýmsum öðrum kaupstöðum.

Um breytingarnar á frumvarpinu frá því í fyrravetur er þetta að segja:

Um 2. gr.

Hjer er gert ráð fyrir 2—3 herbergja íbúðum, og mundi þó vera æskilegast, að sem flestar íbúðirnar væru 3 herbergja.

Lánskjör og endurgreiðslur eru látnar vera hinar sömu sem úr Landnámssjóði til nýrra húsabygginga á gömlum jörðum, 5% p. a. samtals, á 47 árum.

Um 4. gr.

Hverju bæjarfjelagi er gert að skyldu að leggja í byggingarsjóð fyrir verkamannabústaði 2 kr. á hvern íbúa og það í fyrsta sinn 1930. Húsnæðisástandið í bæjunum er svo, að ekki veitir af slíkum sjóði um langt árabil.

Um 6. gr.

Ný grein. Enda þótt ganga megi út frá því, að bæjarfjelögin noti sjer yfirleitt þessi lög til að byggja verkamannabústaði, kann þó að koma fyrir, að sumstaðar verði ekki hafist handa þegar í stað. Er þá rjett að ákveða, að byggingarsjóðurinn skuli vera í handbæru fje, sem ávalt sje hægt að grípa til, þegar ákveðið verður að byggja, svo girt verði fyrir það, að bæjarfjelögin láni sjóðinn til annara þarfa sinna og hafi það ekki tiltækilegt, þegar á liggur, eins og oft vill verða.

Um 9. gr.

Rjett þykir, að ríkisstjórnin setji nánari skilyrði og reglur fyrir byggingarfjelögum þessum, um minstu fjelagatölu og annað, sem nauðsynlegt kann að þykja.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Sveinn Ólafsson, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur einstaklinga, sem ekki nemur 72 kr., skal undanþeginn þessum viðauka við tekjuskattinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Greinargerð.

Lögin hafa verið skýrð svo, að undanþáguna beri að miða við brúttótekjur. Þetta nær ekki átt. Með því lagst sjerstaklega á framleiðendur og barnamenn. Þetta ber að leiðrjetta.

Ed. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþjettum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Síldareinkasalan tekur við allri þeirri síld ferskri, sem ætluð er til útflutnings, enda sje hún verkunarhæf að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórn einkasölunnar sjer um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsnefnd ræður framkvæmdarstjóra einkasölunnar, og sjeu þeir jafnir að völdum. Tala þeirra skal vera 1—3, eftir nánari ákvæðum útflutningsnefndar. Þeir skulu hafa skrifstofu á Siglufirði opna um síldveiðatímann og lengur eftir þörfum. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi, í umboði útflutningsnefndar, alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði. Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar at-

vinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

3. gr.

2. og 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sjer til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.

3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sje óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld alt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfyltir.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að taka fje að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir rjettum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánsstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar, alt að 18 kr. fyrir hverja tunnu af allri útflutningssíld það ár, enda skal þá lánið endurgreitt að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum, án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem ætla sjer að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hygst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi trygt sjer skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd, hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna $^3/_4$% af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síldveiði og síldaratvinna bregst. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

Ríkissjóður greiðir $^2/_3$ af núgildandi útflutningsgjaldi síldar í varasjóð einkasölunnar. En skyldi einkasalan verða lögð niður, rennur allur varasjóður hennar til ríkissjóðs.

7. gr.

Aftan við 12. grein bætist:

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

8. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd.

9. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga um einkasölu á síld frá síðasta Alþingi og starfrækslu Síldareinkasölunnar síðastliðið sumar hefir það komið í ljós, að breytingar þær, er þetta frv. fer fram á, eru nauðsynlegar til þess, að Síldareinkasalan geti að fullu leyst það hlutverk, sem henni var ætlað að inna af hendi.

Frumvarpið er samið af meiri hluta útflutningsnefndar Síldareinkasölunnar og í samráði við alla framkvæmdarstjóra hennar.

Verður nánari grein gerð fyrir frv. og einstökum greinum þess við framsögu.

Ed. **40. Frumvarp**

til laga um veðlánasjóð fiskimanna.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera mönnum, sem fiskiveiðar stunda á vjelbátum og árabátum, sem arðsamastan afla sinn með því að gera þeim mögulegt að verka hann sjálfir. Fje sjóðsins skal lánað fiskimönnum gegn veði í fengnum afla, eftir reglum, sem síðar segir.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er Fiskiveiðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum 10. nóv. 1905, og 2 milj. króna, sem ríkissjóður leggur fram sem lán til sjóðsauka, og skal lán þetta vera vaxta- og afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum á 35 árum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er Reykjavík. Sjóðurinn skiftist í deildir,

og er aðaldeild hans í Reykjavík, en sjerstakar deildir skulu stofnaðar í verstöðvum landsins, svo mörgum sem fjármagn sjóðsins hrekkur til. Deildir geta þó fyrst um sinn eigi orðið fleiri en 25.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra kveður á um það, eftir tillögum stjórnar sjóðsins, í hvaða verstöðvum deildir skuli settar, hve mikið fje af sjóðnum hver einstök deild fær til umráða og hve háa vexti deildirnar greiði af fjenu.

5. gr.

Lánsdeild í verstöð verður því aðeins sett á stofn, að beiðni hafi komið um það til stjórnar sjóðsins samkv. ályktun á almennum sveitarfundi, eða samkvæmt ályktun bæjarstjórnar í kaupstað.

Á hverjum stað, er lánsdeild verður sett á stofn, skal hreppsfundur kjósa 3 menn í stjórnarnefnd deildarinnar, og skulu þeir starfa kauplaust. Stjórnarnefndin ræður mann gegn þóknun til að hafa afgreiðslu og reikningshald deildarinnar, er skal opin til útlána eigi sjaldnar en einu sinni í viku, 2 tíma í senn, en annars fer það eftir ákvörðun stjórnarnefndar deildarinnar, hve oft og lengi deild skuli opin til afgreiðslu á hverjum stað.

6. gr.

Lán veitist aðeins út á afla, sem ætlaður er til verkunar sem þurrkaður saltfiskur til útflutnings.

Sá einn getur fengið lán, sem ráðinn er upp á hlut af afla.

Þá er bátur er gerður út af samlagsfjelagi þeirra, er á honum eru, ganga þeir fyrir um lán, sem fæsta hafa hlutina.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður til 6 mánaða í senn, í byrjun janúar og byrjun júlí, verðlag á fiski, er við skal miða lán út á fiskinn. Við ákvörðun þessa verðlags hefir stjórn sjóðsins til hliðsjónar útreikning, er Hagstofa Íslands skal gera í lok hvers missiris, um meðalverð saltaðs útflutningsfisks undanfarið missiri.

8. gr.

Lánbeiðni hverri fylgi yfirlýsing lánbeiðanda um fiskeign sína, að viðlögðum drengskap, vottuð af hlutaðeigandi formanni, en útgerðarstjóra báts, ef formaður á í hlut. Nánari ákvæði má setja í reglugerð um sannanir fyrir því, að uppgefið veð sje fyrir hendi.

9. gr.

Lána má alt að $^2/_3$ af andvirði afla, samkv. 7. gr., og má lánstíminn ekki vera lengri en 9 mánuðir. Fyrir láninu, sem lántakandi ábyrgist persónulega, gefur hann út skuldabrjef með sjálfsvörsluveði í fengnum afla sínum. Veðskuldabrjef þessi skulu þinglesin í heimilisþinghá útgerðarinnar, og eigi

annarsstaðar, en að öðru leyti gilda um veðsetningu þessa ákvæði laga 4. nóv. 1887, um sjálfsvörsluveð í lausafje. Þinglestrargjald af veðskuldabrjefum þessum ákveður fjármálaráðherra, og má gjaldið ekki hærra vera en 25% af venjulegu gjaldi.

10. gr.

Lán skal veitt í þeirri deild, þar sem útgerðarstjórn báts á heima. Nú hefir bátur stöð til bráðabirgða í útveri, innan umdæmis annarar deildar, og eiga bátverjar þó sókn til þeirrar deildar, er fyr segir.

11. gr.

Stjórn deildar metur, hvort lánsskilyrði eru fyrir hendi, hver lán skuli veitt og upphæð lána. Í lánbeiðni skal skýrt frá, hvar veðið sje, nafni báts og formanns, þar sem lánbeiðandi hefir eða hafði skiprúm, er fiskurinn var veiddur, hvar hann verði verkaður og hvort lántakandi ætlar að vinna að því sjálfur eða fjölskylda hans.

12. gr.

Vextir af lánum greiðist um leið og lán er tekið, en við endurgreiðslu lánsins greiði lántakandi ennfremur 1% af andvirði þess afla, sem lánið var veitt út á, og renni sú fjárhæð í varasjóð hlutaðeigandi deildar.

13. gr.

Veðsettan afla má ekki flytja af staðnum nema með leyfi viðkomandi deildarstjórnar. Nú er veðsettur afli fluttur burt eða seldur án vitundar deildarstjórnar, áður en lánið er greitt, og er lánið þá þegar kræft og kaupandi fiskjarins skyldur að standa skil á láninu. Vottorð um, hvort fiskur er veðsettur hjá deild, gefur stjórn deildarinnar.

14. gr.

Hver deild ber kostnað við rekstur sinn, er greiðist úr varasjóði deildarinnar.

15. gr.

Í stjórn veðlánasjóðs fiskimanna eiga sæti 3 menn, einn framkvæmdarstjóri og 2 gæslustjórar, er atvinnumálaráðherra skipar, og ákveður hann þóknun þeirra. Skulu gæslustjórarnir skipaðir til 4 ára og hafa sjerþekkingu á öllu því, er lýtur að hag bátaútvegsins.

Ráðherra getur vikið stjórnanda frá um stundarsakir, þegar honum þykir nauðsyn bera til, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, og geri sjávarútvegsnefndum Alþingis grein fyrir gerðum sínum í þessu efni.

16. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins. Reikninga hans skulu 2 menn endurskoða, er ráðherra skipar til þess, og úrskurðar hann ársreikningana, er birtir skulu í B-deild Stjórnartíðindanna.

Um störf endurskoðanda og þóknun þeirra skipar ráðherra fyrir með reglugerð.

17. gr.

Alt handbært fje sjóðsins skal, eftir því sem við verður komið, geymt í Landsbankanum og útibúum hans, en annars skal nánara kveðið á um það í reglugerð, hversu deildir skuli geyma og ávaxta handbært fje sitt, um endurskoðun og um reikningsskil deildanna til aðaldeildar, fjármiðlun milli deilda, eftir því sem árstími og atvinnuhættir krefjast, og önnur ákvæði um rekstrarháttu sjóðsins, þar á meðal um stærð umdæmis hverrar deildar um sig, og alt annað, er lýtur að greiðu skipulagi og tryggilegum rekstri sjóðsins.

18. gr.

Veðlánasjóður fiskimanna er undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis og sveitarfjelaga.

19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 2 milj. króna, til að fullnægja ákvæði 2. gr. laga þessara.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, lög nr. 61, 10. nóv. 1913, um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907, og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1929.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og vísast til þeirrar greinargerðar, er þá fylgdi frv.

Nd. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Flutningsmenn: Hjeðinn Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að sjá um, að haldið verði úti á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, nú í ár og síðan ár hvert, sjerstökum gæslubát, til þess að vernda og líta eftir landhelginni við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Greinargerð.

Á síðari árum er að rísa upp í Reykjavík útgerð lítilla vjelbáta, sem virðist eiga góð þroskaskilyrði fyrir höndum, ef að henni er hlynt. Bátaeigendur og sjómenn kvarta mjög yfir yfirgangi innlendra og útlendra togara á grunnfiskimiðum þeim, sem næst liggja Reykjavík. Hafa þeir beðið flutningsmenn að koma máli þessu á framfæri, og fært ástæður til í sjerstöku fylgiskjali, undirrituðu af 38 formönnum og 3 öðrum bátaeigendum, sem eru í Bátafjelagi Reykjavíkur. Krafa þeirra er í alla staði sanngjörn, og getur það skorið úr um þroska smáútgerðarinnar í Reykjavík, hvernig tekið er í málið.

Fylgiskja[1].

Á fundi, sem haldinn var í Bátafjelagi Reykjavíkur hinn 13. janúar s. l., var eftir áskorun margra manna, innan og utan fjelagsins, tekið fyrir til umræðu verndun bátafiskimiða í grend við Reykjavík. Mál þetta hefir mikið verið rætt meðal sjómanna á opnum vjelbátum og árabátum, og allir verið á einu máli um það, að brýna nauðsyn bæri til að hefjast þegar handa til varnar yfirgangi innlendra og útlendra togara á grunnfiskimiðum þeim, sem liggja næst Reykjavík, og allir slíkir bátar hafa aðallega sótt afla sinn á. Virðist oss, sem að þessu erindi stöndum, að yfirgangur togaranna sje svo mikill á þessum grunnmiðum, að smábátaútgerðin verði dauðadæmd innan skamms, ef þetta ástand helst áfram óbreytt.

Fiskimið þau, sem smábátarnir aðallega stunda veiðar sínar á, eru innanvert við Seltirningamið, og hagar svo til á því svæði, að fiskimiðin liggja að nokkru leyti innan og öðru leyti utan landhelginnar, og stunda togararnir þar einnig veiðar, og eiga mjög hægt með að skjótast inn fyrir landhelgi, þar sem þeir sjá til allra báta og allra skipa á alla vegu. Hafa togararnir einnig notað sjer það óspart, og munu mörg dæmi til þess, að þeir fylgi smábátunum eftir, þegar þeir eru á landleið, þannig, að þegar síðustu bátarnir eru komnir að landi, heldur fyrsti togarinn inn fyrir línuna. Að nóttu til, þegar dimmast er, toga botnvörpungarnir alla leið inn að Akureyjarbauju, og munu þess einnig dæmi, að þeir togi alveg upp að landi undan Kjalarnesi.

Af þessu öllu má berlega sjá, hversu smábátaútgerðarmenn eiga mikið í hættu, þegar þeir leggja þorskanet eða önnur dýr veiðarfæri í námunda við eða fyrir innan landhelgislínuna á þessu svæði. Þetta hefir og orðið til þess, að smábátaeigendur hafa alls ekki viljað eiga það á hættu að tapa öllum veiðarfærum sínum á einni nóttu, með því að leggja þau í sjó á þessum slóðum, jafnvel þó að þeir viti fyrir víst, að þar væri gnægð fiskjar að fá, ef veiðarfærin hjeldust þar í friði hæfilegan tíma.

Hjeðan frá Reykjavík ganga til veiða að staðaldri um 40 vjelbátar (opnir), þegar árabátum er slept, og mun óhætt að fullyrða, að bátar þessir með veiðarfærum sjeu að verðmæti um kr. 200000.00. Þegar bátafjöldi þessi, verðmæti þeirra

og veiðarfæranna, eru borin saman við fjölda þeirra báta, verðmæti þeirra og veiðarfæra, sem stunda fiskiveiðar úr Garðinum á Reykjanesi, þar sem höfð er sjerstök landhelgisgæsla á kostnað ríkisjóðs vissan tíma hvers árs, þá virðist það aðeins sjálfsögð sanngirniskrafa, að komið verði á af ríkinu sjerstökum landhelgisvörnum hjer við innanverðan Faxaflóa, til hagsmuna fyrir smábátaeigendur hjer í bænum.

Vjer teljum ekki ástæðu til þess að færa mikil frekari rök fyrir þeim auðsæju sannindum, að það myndi stórlega efla hag og öryggja atvinnu smábátaeiganda hjer í bænum, ef takast mætti að friða fullkomlega grunnmiðin í nánd við Reykjavík fyrir ágengni togaranna, bæði hjerlendra og erlendra. Þegar atvikin hafa hagað því þannig til á einstökum tímum undanfarinna ára, að togararnir hafa lítið sótt upp á þessi grunnmið, hefir afli smábátanna hjeðan úr bænum orðið stórum mun meiri og afkoma þeirra betri og öruggari. En á síðustu tímum hefir ágengni togaranna á þessum grunnmiðum farið í vöxt og gert smábátaeigendum þungar búsifjar. Þannig hafa erlendir togarar fengið íslenska leiðsögumenn, sem leiðbeint hafa þeim á grunnmiðunum, og segja má einnig, að það sje orðið orðtæki meðal sjómanna á togurunum íslensku, að hvergi við Ísland sje jafnörugt að veiða í landhelgi eins og í nánd við Reykjavík. Afleiðingar þess munu og vera að koma í ljós á þann háskalega hátt, að fiskiþurð fer vaxandi hjer í Faxaflóa, eins og bent hefir verið á af fiskifræðingnum próf. Smith.

Við svo búið má því ekki standa til lengdar, þegar í veði er afkoma smáútgerðarinnar hjer í bænum, og grunnfiskimiðin í yfirvofandi hættu stödd fyrir bráðri eyðileggingu af völdum togaranna.

Á fundi þeim, sem fyr um getur og haldinn var í Bátafjelagi Reykjavíkur, voru allir á einu máli um það, að leita þyrfti verndar fjárveitingarvaldsins til úrlausnar þessu máli.

Vjer, sem undir þetta skjal skrifum, leyfum oss því hjer með að snúa oss til háttvirts Alþingis með beiðni um það, að það veiti styrk til þess, að haldið verði úti sjerstökum gæslubát á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv. ár hvert, til þess að vernda og líta eftir landhelginni hjer við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Treystum vjer hinu háa Alþingi til alls hins besta í þessu efni og vonum, að þessari sanngjörnu málaleitun vorri verði vel tekið.

Reykjavík, í febrúarmánuði 1929.

Virðingarfylst.

Stjórn Bátafjelags Reykjavíkur.
Albert Þorvarðarson, formaður. Haraldur Jónsson, ritari.
Ásmundur Einarsson, meðstjórnandi.

Albert Guðjónsson, Árni Jónsson, Jón Benediktsson, Kristinn Símonarson, Ólafur Ólafsson, Pjetur E. Þórðarson, Lárus Jónsson, Einar Sigurðsson, Sigurður Þorsteinsson, Guðm. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Helgi Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigvaldi Sveinbjörnsson, Jón Þorkelsson, Vilhjálmur Jónsson, Guðmundur Jónsson, Steingr. Steingrímsson, Hafliði Hafliðason, Jón Í. Jónsson,

Jón V. Guðvarðarson, Sigurður Ásgeirsson, Jón Á. Jónsson, Sigurður V. Sigurðsson, Jón O. Jónsson, Ólafur Einarsson, Kristinn Ottason, Þórður Pjetursson, Magnús Þórarinsson, Þórður G. Sigurðsson, Símon Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Önundur Jósepsson, Guðjón Bjarnason, Árni Jónsson, Jón Jónsson, Eiríkur Torfason, Guðmundur Helgason.

Til Alþingis

Nd. **42. Þingsályktun**

um útvarp.

(Afgreidd frá Nd. 25. febr.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að útvarpsrekstur verði tekinn upp hið allra fyrsta, samkvæmt gildandi heimildarlögum um útvarp.

Nd. **43. Frumvarp**

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Hákon Kristófersson, Pjetur Ottesen, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að efla sjávarútveg landsmanna.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Eign sjóðsins í peningum og skuldabrjefum eins og hún verður, er lög þessi öðlast gildi.
2. Tillag úr ríkissjóði, 100000 kr. á ári næstu 5 ár.

3. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef. Skulu það vera skuldabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirrita brjefin.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur ferfaldri upphæð höfuðstóls Fiskiveiðasjóðsins.

Nánari ákvæði um brjef þessi setur fjármálaráðherra í reglugerð.

4. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3^1/_2$% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóður er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess, að varasjóðurinn haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Fiskiveiðasjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Fiskiveiðasjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Fiskiveiðasjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Fiskiveiðasjóður fær frá lántakendum.
2. Varasjóður Fiskiveiðasjóðs.
3. Höfuðstóll Fiskiveiðasjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

7. gr.

Fje Fiskiveiðasjóðs má eingöngu lána til:

1. Skipakaupa, alt að 60 smálesta.
2. Stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar eða til eflingar þeim, þar á meðal til verksmiðjuiðnaðar á fiskiafurðum og fiskiúrgangi.

Skipakaupalán mega ekki nema meiru en helmingi virðingarverðs skipsins, þó ekki yfir 30000 kr., og önnur lán ekki yfir þriðjung stofnkostnaðar fyrirtækisins, þó ekki yfir 50000 kr.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli ekki veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti Fiskiveiðasjóðs.
b. Gegn 1. veðrjetti í skipi, alt að helmingi virðingarverðs, enda sje virðingin framkvæmd eftir reglum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Veðrjettur

sjóðsins gengur fyrir sjerhverjum veðrjetti í skipinu, að opinberum gjöldum einum undanskildum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins.

10. gr.

Lán úr Fiskiveiðasjóði má veita:

a. Skipakaupalán til alt að 10 ára.
b. Lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja til alt að 20 ára, enda sje fasteignaveð fyrir.

Lánin mega vera afborgunarlaus 1—3 ár, en endurgreiðast að öðru leyti með jöfnum afborgunum.

11. gr.

Lán þau, er Fiskiveiðasjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Fiskiveiðasjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga, svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Fiskiveiðasjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

12. gr.

Lánum þeim, er Fiskiveiðasjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum eignum, sem að veði eru og taldar eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Fiskiveiðasjóðs, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Fiskiveiðasjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar Fiskiveiðasjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$%

á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 5½% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%.

14. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Fiskiveiðasjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Fiskiveiðasjóðsins. Sjóðurinn má og innleysa vaxtabrjef í stærri stil.

15. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

16. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Fiskiveiðasjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

17. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Fiskiveiðasjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Fiskiveiðasjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

18. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Fiskiveiðasjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í

afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskiveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Fiskiveiðasjóði það út til eignar, ef þörf er á. Fiskiveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málskoti.

Fiskiveiðasjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskiveiðasjóðurinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Í stjórn Fiskiveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Framkvæmdarstjóri Ræktunarsjóðsins skal einnig vera framkvæmdarstjóri Fiskiveiðasjóðs. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á sjávarútvegi.

Um þóknun til framkvæmdarstjóra og gæslustjóra fer eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

22. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Fiskiveiðasjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

23. gr.

Reikningar Fiskiveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Fiskiveiðasjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

24. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskiveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

25. gr.

Ríkissjóður kaupir vaxtabrjef sjóðsins fyrir alt að hálfri miljón króna, þegar stjórn Fiskiveiðasjóðs óskar þess. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán handa ríkissjóði í þessu skyni, ef hún telur þess þörf.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóvember 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóvember 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1929.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frumvarpi um þetta efni, sem flutt var á síðasta þingi. Vísast því til greinargerðar, er fylgdi því frumvarpi, sjá A-deild Alþt. 1928, bls. 426.

Ed. **44. Frumvarp**

til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa, utan kaupstaða.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Ingibjörg H. Bjarnason, Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Sýslufjelög, hreppsfjelög og orkuveitufjelög samkvæmt XI. kafla vatnalaganna skulu, þá er þau vilja koma upp raforkuveitu til almenningsþarfa í umdæmi sínu, njóta til þess aðstoðar og hlunninda samkvæmt þessum lögum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd, hreppsnefnd eða frumkvöðlar fjelagsstofnunar, samkvæmt 101. gr. vatnalaga, æskja þess, skal ríkisstjórnin láta hæfan kunnáttumann framkvæma rannsókn á því, á hvern hátt sje hagkvæmast að fullnægja þörf

umdæmisins á raforku til almenningsnota, þar á meðal til lýsingar, heimilisiðju, matreiðslu og híbýlahitunar. Lítist kunnáttumanni tiltækilegt að fullnægja þörfinni með vatnsorku eða jarðhitaorku, skal hann gera um það frumdrætti og kostnaðaráætlanir og leiðbeina aðiljum á allan hátt um undirbúning framkvæmda í málinu. Hlutaðeigendur greiða kunnáttumanni ferðakostnað innanhjeraðs og dvalarkostnað þar, svo og allan kostnað við aðstoð til mælinga þar á staðnum, en að öðru leyti skal greiða kostnaðinn úr ríkissjóði.

3. gr.

Í kostnaðaráætlun kunnáttumanns um raforkuveitu til almenningsnota skulu fullkomlega aðgreindir þessir 3 liðir stofnkostnaðar:

a. Orkuver með öllu tilheyrandi, þar með spennutæki orkuvers. Nú á aðili kost á að kaupa raforku frá áður gerðu eða fyrirhuguðu orkuveri, án þess að honum sje ætlað að leggja fram stofnkostnað þess, og skal þá í stað áætlunar um stofnkostnaðinn koma greinargerð og áætlun um kaupverð orkunnar.
b. Veitutaugar um orkuveitusvæðið, frá orkuveri að spennistöðvum notenda í sveitum, en að takmörkum verslunarlóða, ef verslunarstaðir eru innan veitusvæðisins.
c. Heimtaugar og innanbæjartaugar. Á sveitabýlum og í smáþorpum með einni spennistöð telst hjer undir spennistöðin sjálf og taugar frá henni til notanda eða notenda en í verslunarstöðum og stærri þorpum, þar sem spennistöðvar eru fleiri en ein, teljast hjer til spennistöðvarnar sjálfar, allar lágspennutaugar frá þeim til notenda, og þær háspennutaugar, sem liggja milli spennistöðvanna eða innan takmarka verslunarlóðar.

4. gr.

Fjárútvegun fyrir raforkuveitur til almenningsþarfa, sem gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skal venjulega bygð á því, að orkuver, ef það er eigi fyrir hendi, og veitutaugar, svo sem segir í 3. gr. a- og b-lið, verði eign sýslufjelags, hreppsfjelags eða orkuveitufjelags. Hinsvegar skulu eigendur fasteigna í umdæminu leggja sjálfir fram kostnað við heimtaugar og innanbæjartaugar samkvæmt 3. gr. c., og skulu þeir eiga kost á lánum til þessa á sama hátt og með sömu kjörum og lán verða veitt til að koma upp raforkustöðvum fyrir einstök býli.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, eftir tillögum kunnáttumanns, að leyfa tilbrigði frá ákvæðum þessarar greinar, ef forráðamenn hlutaðeigandi orkuveitu óska þess.

5. gr.

Nú verður ákveðið eftir undangengna raunsókn samkvæmt 2. gr. og eftir tillögum kunnáttumanns að ráðast í orkuveitu til almenningsþarfa fyrir svæði, sem tekur yfir heilan hrepp hið minsta, og leggur ríkissjóður þá sem styrk til fyrirtækisins alt að þeirri upphæð, er aðkeypt efni til veitutauga samkvæmt 3. gr. b. kostar flutt á land hjer. Innan þessara takmarka ákveður ráðherra framlagið eftir tillögum kunnáttumanns á þeim grundvelli, að notendur orkuveitunnar

í sveitum þess umdæmis fái ekki erfiðari aðstöðu um heildarkostnað fyrir orkunotin en þeir mundu fá, ef hver fyrir sig ætti kost á meðallagi hagkvæmri vatnsorku heima fyrir og virkjuðu hana til heimilisþarfa.

6. gr.

Skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. skulu vera þessi:

1. Að eigi sje gerður neinn mismunur á verði orkunnar til notenda vegna mismunandi fjarlægðar þeirra frá orkuverinu.
2. Að flutningskostnaður frá næstu höfn á efni til orkuvers og veitutauga (sbr. 3. gr. a. og b.) sje lagður fram af hlutaðeigendum, án þess að hann þurfi að hvíla á fyrirtækinu sem skuld.
3. Að um framkvæmd verksins, viðhald þess og starfrækslu sje farið eftir þeim reglum, sem ráðherra setur eftir tillögum kunnáttumanns.

7. gr.

Eftir sömu reglum, sem segir í 2. gr., leggur ríkisstjórnin til kunnáttumenn til þess að gera fullnaðardrætti, annast útboð og hafa á hendi forstöðu framkvæmda og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem unnar verða í samningsvinnu, alt þetta að því er snertir raforkuveitur, sem gerðar verða samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Meðan vegamálastjóri er verkfræðilegur ráðunautur atvinnumálaráðherra um vatnamál samkvæmt vatnalögum, skulu kunnáttumenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, vera vegamálastjóri og verkfróðir aðstoðarmenn hans.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum er vaknaður mikill áhugi í ýmsum hjeruðum í þá átt að koma upp raforkustöðvum til heimilisnota í sveitum. Eru slíkar stöðvar sem stendur komnar upp á eitthvað 30 til 40 býlum á að giska, og fer nú óðum fjölgandi, síðan unt varð að fá lán til þess að koma þeim upp með þolanlegum kjörum (úr Ræktunarsjóði). Orkuver þessi eru venjulega 3 til 5 kílóvött að stærð, eða nokkuð þar yfir, og nægja heimilinu til ljósa, matreiðslu og nauðsynlegustu herbergjahitunar. Finna menn mjög til þess, hve miklu þægilegri lífskjörin verða á þeim heimilum, sem geta komið sjer upp slíkum stöðvum, einkanlega að því er snertir innivinnu kvenna, en þar við bætist beinn hagnaður og auknir ræktunarmöguleikar, af því að áburðarins er ekki lengur þörf til eldsneytis.

En nú er það fullvíst, að almenn úrlausn þessa máls getur ekki orðið sú, að sjerhvert býli á landinu komi sjer upp orkuveri til eigin nota. Þessu til sönnunar nægir að benda á það, að efalaust er það ekki nema minnihluti núverandi býla í landinu, sem á kost á nokkurn veginn nýtilegu fallvatni heima

fyrir til slíkrar heimilisvirkjunar. Má benda á það, að í víðáttumestu lágsveitunum eru ekki nema örfá býli, sem hafa aðstöðu til heimavirkjunar. Hinsvegar hefir gangur þessara mála víða erlendis orðið sá, að menn hafa byrjað á því að koma upp smástöðvum fyrir einstök heimili, eða fá saman, en síðan breytt til, komið upp stórum orkuverum og orkuveitum út frá þeim um víðlend svæði, og þá hafa smástöðvarnar verið lagðar niður, af því að eigendum þeirra hefir þótt betra að komast í samband við stóru orkuveituna og kaupa raforku af henni en að halda smástöðinni við áfram og reka hana.

Milliþinganefndin í vatnamálum hafði rannsakað þetta mál talsvert og gerði ráð fyrir, að orkuveitur til almenningsþarfa mundu komast hjer á, og hafa vatnalögin að geyma ýms þau lagaákvæði, sem til þess eru nauðsynleg. Af fjárhagsástæðum hefir þó ekkert slíkt komist í framkvæmd ennþá, en oss flutningsmönnum virðist ekki rjett, að það dragist lengur að koma skriði á undirbúning og framkvæmdir. Í þeim hjeruðum, þar sem það vegna staðhátta getur ekki orðið almennt, að hvert einstakt býli komi upp stöð handa sjer, er óheppilegt, að fjelagsframkvæmdir bíði, þangað til nokkuð margar smástöðvar eru komnar upp, því að við það missast fyrst um sinn þátttakendur frá fjelagsfyrirtækinu, og þótt það í sjálfu sjer muni í flestum tilfellum verða hagkvæmara fyrir þá að skifta við orkuveituna, þá munu þeir eiga erfitt með það vegna áhvílandi skulda heimilisstöðvarinnar.

Frumvarpið er bygt á grundvelli vatnalaganna, og hefir ekki þótt þörf að taka upp í það nein þau ákvæði hjer að lútandi, sem þegar eru til í vatnalögunum, sjá einkum 58. til 64. gr. þeirra laga.

Fyrsta nýmæli frv. er það, að ríkið leggi til ókeypis verkfræðilega aðstoð við undirbúning og framkvæmdir á þessu sviði. Meiri hluti milliþinganefndarinnar í vatnamálum lagði til, að skipuð yrði sjerstök vatnamálastjórn (sem ef til vill væri þó rjettara að nefna orkumálastjórn), en það þótti þá ekki tímabært, og heyra þessi mál því eins og stendur undir atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóra, samkvæmt 151. gr. vatnalaganna. Höfum við ekki viljað stinga upp á breytingu á þessu að svo stöddu.

Þá höfum vjer (í 4. og 5. gr.) stungið upp á tiltekinni tilhögun um fjárreiður slíkra fyrirtækja, með það fyrir augum, að kostnaðurinn geti skiftst á sem flestar hendur og fyrirtækin orðið sem viðráðanlegust. Hvort sem oss hefir tekist að hitta hjer hina heppilegustu úrlausn, eða önnur betri verður fundin, þá er þetta eitt hið allra þýðingarmesta atriði málsins, af því að í rauninni innifelur fjárhagsatriðið í sjer alla erfiðleika þessa máls. Takist mönnum að ráða þrautalaust fram úr fjárhagshliðinni, þá er hitt alt auðvelt. Uppástunga vor fer í þá átt, að einstaklingarnir (notendurnir) beri sjálfir kostnað þeirra mannvirkja, sem eðlilegt má telja, að verði sjereign hvers býlis eða hverfis, og njóti til þess sömu aðstöðu um lán og annað eins og þeir njóta nú, sem koma upp heimilisvirkjunum, en að sjálfsögðu verður þessi kostnaður (spennistöð og heimtaug) miklu lægri á hvert býli en allur virkjunarkostnaður heimilisstöðvar. Þar næst er lagt til, að fjelagið (sýsla, hreppur eða orkuveitufjelag) eignist orkuver og háspennutaugakerfi, en ríkissjóður leggi hjer til nokkurt framlag, og sje því varið eingöngu til þess að jafna aðstöðumuninn, sem fjarlægðirnar frá orkuverinu valda,

með þátttöku í kostnaðinum við háspennutaugarnar. Loks er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigendur annist flutninga á efni til veitutauga og orkuvers, til þess að skuld sú, sem stofnuð er vegna fyrirtækisins, geti orðið sem minst. Oss er þó ljóst, að í einstökum tilfellum gæti orðið hentugra að haga skiftingu kostnaðar á annan veg, og stingum því upp á, að ráðherra verði heimilað að veita tilbrigði frá þessari skiftingu, ef hlutaðeigendur óska þess og kunnáttumaður mælir með því.

Að endingu skal þess getið, að svo getur staðið á, að hjerað eigi kost á raforku án þess að byggja til þess orkuver. Höfum vjer í því efni það sjerstaklega í huga, að bæjarstjórn Reykjavíkur er nú að athuga virkjun efra fallvatnsins í Soginu, til bæjarþarfa aðallega. Verði úr þeirri framkvæmd, gerum vjer ráð fyrir, að æskilegt væri að leita samvinnu við bæinn um kaup á raforku þaðan til almenningsþarfa í nærsveitum Sogsins og nærsveitum Reykjavíkur, ef menn vildu koma upp orkuveitum á þeim svæðum.

Oss er það ljóst, að frv. þetta er aðeins byrjun til löggjafar á þessu sviði, en ef það gæti orðið til þess að hrinda af stað undirbúningi og framkvæmdum í þessu mikla framfaramáli, þá er tilgangi vorum náð, og ávalt unt seinna meir að umbæta löggjöfina og auka við hana, eftir þeim þörfum, sem reynslan leiðir í ljós.

Nd. **45. Tillaga**

til þingsályktunar um innflutning á lifandi dýrum.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila ríkisstjórninni að leyfa innflutning á refum, loðkanínum og sauðnautum.

Greinargerð.

Þingsál.till. þessi er aðallega fram komin til þess, að heimilaður verði innflutningur til landsins á silfurrefum. Norðmenn hafa nú síðustu árin flutt inn allmikið af silfurrefum til Noregs frá Canada, og hefir það orðið landbúnaði landsmanna til stórmikilla hagsbóta. Það virðist einsætt, að á Íslandi sjeu að minsta kosti eins góð skilyrði fyrir silfurrefa-uppeldi.

Þá hefir og loðkanínuræktun verið stunduð allmikið í Danmörku með góðum árangri. Sauðnaut virðast eftir hnattstöðu landsins og veðráttufari munu geta þrifist hjer og tímgast, og má til stuðnings þessu tilfæra álit Vilhjálms Stefánssonar í þessu efni.

Það, sem í fljótu bili virðist mæla á móti innflutningi lifandi dýra, er smithætta, og þá sjerstaklega hætta á munn- og klaufasmitun. Sjálfsagt er, að þetta sje aðeins gert með ráði dýralæknis og undir ströngu eftirliti hans, en þess er vert að geta, að það er alment viðurkent, að betra er að gæta smithættu við

innflutning dýra og að þar er hægara að koma við eftirliti en við innflutning á vörum og mannflutningum. Betra er og að hafa eftirlit með dýrum þeim, sem hjer ræðir um, sökum þess, að þau verða að vera í vönduðum girðingum. Þangað til á síðasta ári var eingöngu hugsað um bann á innflutningi dýra, en litlar skorður settar við innflutningi á vörum og mannflutningi. Auk þess hefir stöðugt verið leyfður innflutningur á alifuglum og enda hundum.

Hjer í grend við Reykjavík eru og slöngur og birnir; einhverntíma virðist innflutningur þeirra hafa verið leyfður. Innflutningur á dýrum er því ekki nýr, og þar sem hjer er að ræða um nytjadýr, sem auðvelt er að hafa dýralæknis-eftirlit með, virðist einsætt að leyfa innflutning þeirra.

Ed. 46. Nefndarálit

um frumv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er öll á einu máli um, að frumv. þetta geti mjög greitt fyrir fiskirækt í vötnum hjer á landi, ef að lögum verði, og þar sem bæði erlend og innlend reynsla sýnir, að með fiskirækt má stórauka fiskimagn vatnanna, getur frumv. orðið landbúnaðinum að miklu gagni.

Frumv. er því sem næst eins og það var afgreitt frá Nd. á síðasta þingi (þskj. 551), að öðru en því, að gert er ráð fyrir, að fiskiræktarfjelögin megi gera takmarkaðar ráðstafanir til að friða fisk og útrýma sel, en með því að höfundur frumv., sem er manna fróðastur um þessi efni, telur þetta ákvæði nauðsynlegt til að fiskiræktin nái tilgangi sínum, og hinsvegar er skýrt tekið fram í 10. gr. frumv., að starfsemi þessi megi ekki koma í bága við lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, virðist ekki áhorfsmál að halda þessu ákvæði.

Yfirleitt virðist frumv. vel úr garði gert og leggur því nefndin til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðanna í 2. gr. »eða hefir stunduð verið« komi: eða gæti verið stunduð.

Alþingi, 27. febrúar 1929.

Jón Jónsson, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Jónas Kristjánsson.

Ed. **47. Frumvarp**

til laga um einkasíma í sveitum.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Einar Árnason, Guðmundur Ólafsson.

I. Samþyktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþyktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþyktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþyktar. Fallist fundurinn með $^2/_3$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, eða ganga of nærri efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveðið:

a. um legu einkasímans og gerð,
b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
c. um starfrækslu símastöðva,
d. um símafjelag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sje jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir efnum og ástæðum, lausafjáreign, eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir aðstöðu til einkasímans og að þeir greiði sjerstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverslun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafjelagi að taka lán til greiðslu lagningarkostnaðar einkasíma, er allir fjelagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og afborgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fult samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einkasímalínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fje.

9. gr.

Í einstaka tilfelli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, á rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, enda sje að öllu vandlega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykt fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 5 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fje er fyrir hendi, $^{3}/_{5}$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipshlið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

a. að ekki sje notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssímastjóri tekur gild.
b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einkasímans eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um,
d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sje að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Greinargerð.

Frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er ætlað að greiða fyrir því, að einkasímar komist á í sveitum landsins. Ýmsum mönnum í öllum sýslum, norðanlands að minsta kosti, er mjög hugleikið að koma á slíkum símalínum, og þess eru jafnvel dæmi, að það hafi þegar verið gert með frjálsum samtökum.

Við slík samtök vilja oftast einhverjir skerast úr leik, sem samtakanna hafa þó fylstu not, og til að koma í veg fyrir það eru heimildarlög, sem hjer eru ráðgerð, nauðsynleg, enda virðast þau ekki viðsjárverð fremur en önnur lög, er heimila samþyktir, t. d. lög nr. 38, 28. nóv. 1919, og lög nr. 42, s. d., og lög nr. 65 og 66, 22. nóv. 1913.

Vitanlega þarf að tryggja vel, að ekki sje gengið of nærri rjetti manna nje efnahag, enda virðist svo vera gert með fyrstu málsgr. 4. gr. og 7.—10. gr.

Jafnframt og heimildarlög eru sett um þetta efni virðist rjett að tryggja einkasímum aðstöðu með því að tengigjaldið sje ekki of hátt og með því að ákveða framlag frá landssímanum til þeirra til greiðslu stofnkostnaðar með nánari skilyrðum.

Álitamál getur altaf verið um hve hátt framlag landssímans skuli vera, en þar sem gert er ráð fyrir, að hann sje laus við rekstur einkasíma og viðhald þeirra, virðist það síst of hátt ákveðið hjer, enda mun landssíminn í flestum tilfellum fá framlag sitt ríflega uppborið í auknum símanotum.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið krafin með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, er ákveðið er í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrningu.

2. gr.

Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

1. Kröfur út af:
   a. leigu á fasteign eða lausafje,
   b. veru, viðurgerningi eða aðhlynningu,
   c. flutningi á mönnum eða munum,
   d. vinnu og hverskonar starfa, sem í tje er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald á meðan það er samfelt áfram í sömu sveit.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr.:

Á einu ári fyrnast:

Kröfur út af sölu eða afhending á vörum eða lausafje, sem ekki er afhent sem fylgifje með fasteign.

4. gr.

Fjórða grein laganna verður 5. grein og 5. grein laganna verður 6. grein.

5. gr.

Sjötta grein laganna fellur niður.

6. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar. Þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1931.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu.

Breytingar þær, er frv. fer fram á, eru fólgnar í eftirtöldum þremur atriðum:

1. Að kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafje, sem ekki er afhent sem fylgifje með fasteign, fyrnist á einu ári, í stað þess sem þær nú fyrnast á 4 árum.

2. Að það hefir ekki áhrif á fyrningu nefndra skulda, hvort viðskifti halda áfram á milli skuldunauts og skuldareiganda.
3. Að viðurkenning á skuld slítur ekki fyrningu hennar, nema skuldin fyrir viðurkenninguna falli undir önnur fyrningarákvæði að lögum (t. d. víxill eða skuldabrjef). Gildir það jafnt um allar skuldir.

Breytingar þessar eru hugsaðar til þess að vinna á móti hinum illræmdu verslunarskuldum, með því að gera það varhugaverðara, bæði fyrir lánveitendur og lánþiggjendur, að stofna til slíkra skulda, án þess þó að ganga svo nærri rjettarvernd slíkra skulda, að lánveitendur hafi ekki nægan tíma til að fá þær viðurkendar, innheimta þær eða slíta fyrningu þeirra með stefnu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. í fyrra, og til umræðna þá og meðferðar málsins.

Nd. 49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Halldór Stefánsson, Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna »hinn 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí er sunnudagur, er kosið næsta virkan dag á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á ýmsum undanförnum þingum hefir verið farið fram á breytingu á kjördeginum, þannig, að kosið verði um mánaðamótin júní—júlí. Um ástæðurnar fyrir þessu má vísa til greinargerðanna fyrir frumvörpum þessum og umræðna þeirra, sem fram hafa farið í sambandi við þau frv.

Nd. 50. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Eftir A. 1. í 2. gr. laganna komi:

2. Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði að vegamótum vegarins til Almannaskarðs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt áskorun sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu og einróma óskum þingmálafunda í kjördæminu.

Vegarkafli sá, er um ræðir, er um 5 kílómetrar og liggur frá Hafnarkauptúni á þjóðveginn eftir endilangri sýslunni. Þetta er fjölfarnasti vegur í sýslunni, er hann að öllu leyti sambærilegur við ýmsa þá vegarkafla, sem nú eru í tölu þjóðvega, t. d. Eyrarbakkabraut, Hvammstangabraut, Sauðárkróksbraut o. s. frv.

Nd. **51. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um almannatryggingar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að semja og undirbúa frumvarp til laga um almannatryggingar. Frumvarp þetta nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa-, mæðra- eða framfærslutryggingar, svo og atvinnuleysistryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt rannsaka og gera tillögur um ráðstafanir ríkis og bæjarfjelaga til varnar gegn atvinnuleysi og skilyrði til þess að setja á stofn skrifstofur, kostaðar af almannafje, er hafi með höndum vinnuávísanir. Einnig skal nefndin rannsaka, hvort veita skuli hinum almennu ríkistryggingum einkarjett til þess að annast frjálsar líftryggingar hjer á landi.

Nefnd þessi hafi lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og frumvarp hennar eða tillögur þá lagðar fyrir.

Kostnaður við nefnd þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tryggingarlöggjöf hjer á landi er harla ófullkomin og fábreytt. Að vísu er slysatrygging komin í sæmilegt skipulag eftir lögum nr. 73 frá 1928, þótt bætur sjeu enn of lágar og tryggingin ekki nógu víðtæk. En þar með er næstum upptalið það, sem löggjafarvaldið hefir stutt að tryggingarmálum. Ellitrygging er hjer engin, því ekki er hægt að telja til tryggingarlöggjafar lög nr. 17, frá 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, og breytingar á þeim lögum, nr. 33 frá 1917. Samkvæmt ellistyrktarlögum þessum er aðeins úthlutað smávægilegum styrkjum til örfárra ellihrumra manna og kvenna, og mun sá styrkur að meðaltali nema um 30—40 kr. á hvern styrkþega ár og ár. Er þar því aðeins um glaðningu til gamalla manna

að ræða, en annað ekki. Framfærslueyrir getur það ekki talist. Auk þess er fjárins til ellistyrkja þessara að mestu leyti aflað með nefskatti, er þyngst kemur niður á fátæku fólki.

Lögboðin sjúkratrygging er hjer engin. Í stað þess hefir verið valin sú leið, að styrkja frjálsar sjúkratryggingar í landinu. Var það upprunalega gert með lögum nr. 39, frá 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög. Þeim lögum hefir verið breytt nokkuð, bæði með lögum nr. 35 frá 1915, nr. 32 frá 1917 og nr. 80 frá 1919, og þá gefin út ný lög, nr. 81 frá 1919, og gilda þau nú með breytingum á lögum nr. 42 frá 1924. En reynslan af sjúkrasamlögunum hefir ekki orðið ákjósanleg. Þátttaka almennings í sjúkrasamlögunum hefir orðið mjög lítil, nema helst í Reykjavík. Hinn 1. jan. 1928 voru skráð sjúkrasamlög á öllu landinu aðeins 9, og tala hluttækra meðlima tæp 3300, þar af þó í Reykjavík í 2 sjúkrasamlögum 2478 meðlimir. Síðan mun nokkuð hafa fjölgað í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Eru því aðeins 13% af Reykjavíkurbúum yfir 15 ára aldur í sjúkrasamlögum, og aðeins tæp 2% af öllum landsbúum á sama aldri. Þetta frjálsa sjúkratryggingaskipulag hefir því að litlu liði komið og engan veginn náð tilgangi sínum.

Örorkutrygging er engin hjer á landi, nema að því litla leyti, sem slysatryggingarlögin ná til. Um mæðra- eða framfærslutryggingu eru engin ákvæði. Sama er að segja um atvinnuleysistryggingu.

Það má því með sanni segja, að íslensk tryggingalöggjöf sje ærið slitrótt og ófullkomin. Sjerstaklega kemur það vel í ljós, ef tekin eru önnur nálæg menningarríki til samanburðar. Þar hafa víðast um langt skeið gilt margþætt tryggingalög. Þó er íslenskri alþýðu sannarlega fullkomin þörf á tryggingarlöggjöf, eigi síður en öðrum þjóðum. Slysahætta og sjúkdóma er hjer mikil. Ellihrumir verkamenn og fjölskyldur þeirra hafa sjaldan neitt fyrir sig að leggja, þegar vinnuaflið er þrotið. Atvinnuleysi er hjer oft og víða mikið og alvarlegt. Mæður, sem fyrir börnum eiga að sjá, en engrar fyrirvinnu njóta, hafa eigi á aðrar náðir að leita en sveitarsjóðina, og taka oft heldur þann kost að líða neyð með börnum sínum heldur en að missa mannrjettindi sín. Sveitarþyngsli fara ískyggilega í vöxt, og er það oft þungur baggi á bæjar- og sveitarfjelögum. En sá baggi mun þyngjast með hverju ári, ef eigi verður eitthvað aðgert í tryggingamálum.

Með víðtækri tryggingalöggjöf mætti áreiðanlega því sem næst losna við sveitarþyngslin, því að aðeins hverfandi hluti þeirra stafar af framfæri slæpingja, vandræðamanna og annara þeirra, sem almannatryggingin ekki mundi ná til.

Eins og fyr getur hafa mörg menningarríki komið á hjá sjer fullkomnum tryggingarkerfum. Stendur þýska ríkið þar einna fremst. Á árunum 1883—1889 voru í Þýskalandi samþykt lög um sjúkra-, slysa-, örorku- og ellitryggingar. Alt voru það skyldutryggingar, sem aðallega náðu til verkamanna við iðnað og samgöngur. Nokkru síðar var atvinnuleysistryggingu bætt inn í kerfið. Forganga þýska ríkisins í þessu efni vakti athygli um alla álfuna, og þegar það kom á daginn, að þýsku skyldutryggingarnar íþyngdu ekki þjóðinni, heldur þvert á móti uku framleiðslumátt hennar, fóru margar þjóðir að dæmi þýska ríkisins. Og þegar Bretar bættust í hópinn, árið 1911, og lögfestu skyldutryggingu gegn sjúkdómum, örorku og atvinnuleysi, þá mátti svo að orði kveða, að tryggingarlöggjöfin hefði náð fót-

festu í flestum menningarríkjum álfunnar. Eitt af nýjustu tryggingakerfunum var lögleitt í Frakklandi árið 1928. Samkvæmt því eru verkamenn alment skyldutrygðir gegn sjúkdómum, slysum, örorku, ellilasleik og atvinnuleysi.

Mæðra- eða framfærslutrygging barna er og víða í lög leidd. Í Danmörku gilda hin svokölluðu ekkjulög (Enkelov). Eftir þeim njóta ekkjur og börn þeirra styrks af opinberu fje, og telst það ekki sveitarstyrkur. Í Frakklandi og Tjekkóslóvakíu gilda lög, er tryggja mæðrum með börn á ómagaaldri viðunandi afkomu. Árið 1925 voru í Englandi samþykt lög um opinberan styrk til ekkna og barna þeirra. Þykja þau lög einna fullkomnust á því sviði.

Yfirleitt má svo að orði kveða, að öll ríki hjer í álfu, að Íslandi undanteknu, hafi komið á meira eða minna fullkominni tryggingarlöggjöf. Víðast eru þessi lög sett í eitt kerfi, og tryggingarmálin öll undir eina sameiginlega stjórn. Er það bæði ódýrara skipulag og nær um leið betur tilgangi sínum. Er þess vegna gert ráð fyrir í tillögu þessari, að þetta sje sameinað, helst í einum lögum um almannatryggingar.

Ekki þykir ástæða til að ræða um það, hvernig iðgjaldagreiðslu skuli fyrir komið. En að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðsla slysatryggingaanna hvíli eftir sem áður á atvinnurekendum. Einnig mætti gera ráð fyrir, að með svipuðum hætti að nokkru leyti yrði iðgjaldagreiðsla til örorku-, sjúkra-, mæðra- og atvinnuleysistryggingar. Auk þess sem fje væri varið úr opinberum sjóðum (ríkis-, bæjar- og sveitarsjóðum) til þessara trygginga. Einnig mætti vel hugsa sjer, að sameinað yrði að nokkru tryggingar- og styrktarskipulagið, eins og t. d. í ellitryggingarlöggjöf Dana, þar sem bæjar- og sveitarsjóðir greiða $^{7}/_{12}$ og ríkissjóður $^{5}/_{12}$ alls kostnaðar.

Alt þetta ber hinni væntanlegu milliþinganefnd að athuga og ráða fram úr, og þá einnig, eins og segir í niðurlagi tillögunnar, hvaða ráðstafanir sje hægt að gera af hálfu bæja og ríkis til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi (opinber starfræksla eða framkvæmdir). Mætti og hugsa sjer, að heppilegt væri að setja á stofn skrifstofu, kostaða af bæjum og ríki, er hafi með höndum vinnuávísanir. Hefir það víða verið gert erlendis, t. d. í mjög stórum stíl í Svíþjóð, og þótt koma að góðu gagni.

Rjettast þykir og, að nefnd þessi athugi, hvort rjett væri að veita væntanlegri tryggingarstofnun ríkisins einkarjett til líftrygginga. Er ekki ósennilegt, að vel mætti samrýma þá starfsemi almannatryggingunum. En Íslendingar greiða nú árlega ógrynni fjár í iðgjöld til erlendra lífsábyrgðarfjelaga.

Ed. **52. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nær samhljóða frv. var afgreitt frá efri deild á síðasta Alþingi, og hafði landbúnaðarnefnd málið einnig þá til meðferðar. Meiri hluti nefndarinnar (Jón J.

og J. Bald.) leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, en einn nefndarmanna (J. Kr.) vísar til afstöðu sinnar til málsins í fyrra.

Alþingi, 28. febr. 1929.

Jón Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, með fyrirvara.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.

Ed. **53. Frumvarp**

til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir í landi kaupstaðarins, sem eru eign Neskirkju.

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóðnum 340 álnir í landi kaupstaðarins, sem er eign ríkissjóðs.

3. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á umliðnum árum hefir það ávalt verið að koma betur og betur í ljós, hversu brýn nauðsyn bæjarfjelaginu hjer er að eiga og hafa umráð yfir bæjarlandinu. Það mun alment talið, að Norðfjörður sje einn óskipulegast bygði bær á öllu landinu og meginástæðan fyrir því er sú, að umráð landsins — bæði byggingarlóða og óræktaðs lands — hefir verið og er enn í höndum einstakra manna, sem vitanlega hafa frekar hugsað um að hagnýta sjer jörðina til tekna fyrir sjálfa sig en um skipulag hins uppvaxandi bæjar.

Þó á síðustu árum hafi verið reynt að bæta úr þessu með byggingarsamþykt og skipulagsuppdrætti, hafa þær tilraunir aðeins sýnt enn betur en áður var vitað, hversu nauðsynlegt er, að bærinn eignist landið.

Eins og nú er ástatt, eru eigendur að Neseigninni 17 að tölu og er landið óskift sameign þeirra allra. Sá eigandinn, sem mest á, er Neskirkja, hún á 7 hundruð (840 álnir) í jörðinni og ríkissjóður 3 hundr. tæp (340 álnir). Alls er jörðin talin vera 3540 álnir eða 30 hundruð. Bærinn á nú 2 hundr. (236 álnir), sem hann á síðustu árum hefir keypt við eigendaskifti. Er þannig í höndum hins opinbera $^2/_5$ — tveir fimtu — hlutar jarðeignarinnar. Hinn hlutinn er skiftur í örsmáa parta, $^1/_2$, 1 og 2 hundruð — hæst 4 hundruð — hjá hverjum einstakling. Hlutar þessir ganga oft kaupum og sölum, lenda við erfðir til manna í fjarlægum sveitum, er gjarnan vilja selja þá, fáist viðunandi verð fyrir, og þannig ætlast bæjarstjórn til, að bærinn með tíð og tíma geti eignast allt landið, er bærinn stendur á og umhverfi hans.

Víðast hvar á landinu er það nú orðið svo, að bæir og kauptún eiga lóðirnar í bænum og umhverfi hans. Það fyrirkomulag tryggir, betur en einstaklingseign á lóðum, að rjettlæti sje í lóðargjöldunum og dregur úr lóðabraski, nema þar sem bæirnir hafa tekið upp þá óheillastefnu að selja lóðirnar í stað þess að leigja þær. Á Norðfirði hafa lóðir enn ekki verið seldar, heldur aðeins leigðar, og hefir þar til kjörin nefnd af hálfu landeiganda allra haft með höndum að leigja út landið og innheimta lóðargjöldin.

Af þessu er augljóst, að margvíslegur árekstur hlýtur að verða milli umboðsmanna landeigenda annarsvegar og bæjarfjelagsins hinsvegar, þegar til þess kemur að framkvæma skipulagsuppdráttinn, auk þess, sem þeir, er besta aðstöðu öðlast samkvæmt honum, geta á ýmsan hátt orðið þess valdandi, að miklu dýrara verði að framkvæma skipulagið en annars yrði, ef bærinn ætti landið.

Þar sem nú stendur svo á, að eign kirkjunnar hefir losnað úr ábúð, telur bæjarstjórnin rjett að fara fram á það við hið háa Alþingi, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja bænum hlut kirkjunnar, jafnframt því, sem bæjarstjórnin nú æskir kaupa á þeim hluta, er ríkissjóður á.

Meðaltalsafgjald af hluta kirkjunnar í Neslandi undanfarin 10 ár hefir verið kr. 703,66 á ári. Hæst er afgjaldið fyrir 1928, kr. 979,00.

Sjerstaklega er vert að benda á það, að einmitt nú er laust úr ábúð það svæði í bænum, sem skipulagsnefndin leggur til að fyrst verði bygt, samkvæmt hinu nýja skipulagi, það er tún það, er fylgdi ábúð sóknarprestsins.

Fengi bæjarstjórn nú keyptan hluta kirkjunnar, mundi hún jafnframt fá umráð hins nefnda túns og geta látið byggja þar, eins og uppdrátturinn gerir ráð fyrir.

Önnur mikilvæg ástæða fyrir nauðsyn bæjarins að eignast landið er sú, að sjórinn brýtur árlega upp og eyðileggur eyri þá, sem skýlir höfninni, en eigendur landsins hafa reynst ófáanlegir til þess að hafast nokkuð að því til varnar. Verður bærinn fyr eða síðar að ráða bót á þessu, en sú umbót hlýtur að auka verðgildi landsins talsvert, og að henni lokinni yrði því jörðin mun dýrari en vænta má, að hún yrði nú, áður en í þær framkvæmdir er ráðist. Bæjarstjórnin telur, að ekki geti orðið önnur lok þess máls, hver eigandi verður að bæjarlandinu, en þau, að bærinn eignist það. Væntir hún þess því fastlega, að hið háa Alþingi sjái einnig nauðsyn málsins og geti öðrum núverandi eigendum fordæmi í því að stuðla til þess, að svo geti orðið sem allra fyrst. Bæjarstjórnin telur víst, fengist nú þegar keyptur hluti ríkis og kirkju, að ýmsir af núverandi

eigendum mundu einnig bráðlega vilja selja bænum sín hundruð í jörðinni, og væri þá náð því, sem bæjarstjórn telur mesta þörfina, en það er, að meiri hluti eignarinnar komist í hendur bæjarfjelagsins og þar með úrslitaatkvæðin um byggingarráðstafanir í bænum. Margt fleira gæti bæjarstjórn bent á því til stuðnings, hver nauðsyn bænum er á að eignast landið, en þar sem báðir þingmenn kjördæmisins eru máli þessu mjög kunnugir, væntir bæjarstjórnin þess, að þeir láti Alþingi og stjórnarvöldunum í tje frekari upplýsingar um málið, ef þess verður talin þörf.

Fylgiskjal.

ÚTSKRIFT

úr gerðabók Neskaupstaðar.

Ár 1929, föstudaginn 8. febr., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á Norðfirði. ... ...

... ...

Þá var tekið fyrir:

... ...

3. Þriðja mál á dagskrá: Kaup á eign ríkissjóðs og kirkjunnar í landi bæjarins. Bæjarstjórnin ræddi málið ítarlega og að lokum var borin upp og samþykt með öllum atkvæðum svo hljóðandi tillaga:

»Bæjarstjórn samþykkir að fara fram á við ríkisstjórn kaup á hluta ríkissjóðs í landi kaupstaðarins. Ennfremur ákveður hún að fela þingmönnum kjördæmisins að bera fram á þessu þingi lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja bæjarsjóði hluta Neskirkju í landi bæjarins«.

... ...

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundarbók upplesin og samþykt.

Fundi slitið.

Kristinn Ólafsson.
Jónas Guðmundsson, Gísli Kristjánsson,
Guðjón Hjörleifsson, Jón Sveinsson,
Stefán J. Guðmundsson.

Rjetta útskrift staðfestir

Bæjarstjórinn á Norðfirði, 9. febr. 1929.

Kristinn Ólafsson.

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Sig. Eggerz, Bernharð Stefánsson, Bjarni Ásgeirsson, Hákon Kristófersson, Hjeðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á 3 undanförnum þingum hafa legið fyrir frumvörp um launabót yfirsetukvenna. Frumvörp þessi urðu að vísu ekki að lögum, en höfðu þó allmikið fylgi í þinginu. Þetta mál er nú enn á ný borið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að ráða bót á því misrjetti, sem hefir átt sjer stað á launakjörum yfirsetukvenna í samanburði við launakjör annara starfsmanna ríkisins.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Einar Jónsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna »annan helming útsvara 15. júlí« í 27. gr. laganna komi: annan helming útsvara 15. júní.

2. gr.

Aftan við 28. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsbændur bera ábyrgð á útsvörum þeirra, sem hjá þeim eiga lögheimili.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Víðast mun haga svo til, að 15. júní er engu óhentugri gjalddagi til greiðslu sveitarútsvara en 15. júlí, en hreppsfjelögum, sem ber að greiða æðiháar upphæðir á manntalsþingum í júnímánuði, er erfitt að bíða eftir greiddum útsvörum til 15. júlí. Er því farið fram á, að þessu verði breytt.

Að húsbændur bæru ábyrgð á útsvörum sinna heimilismanna, yrði hreppsnefndaroddvitum til ljettis í innheimtu sveitarútsvara. Frá útsvarsálagningu til gjalddaga flytja menn einatt til fjarlægra staða, og reynist oft erfitt að ná til þeirra. Hjer er því og nauðsyn á ferð.

Ed. **56. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita og sjómerki o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin felst á, að ákvæði gildandi laga um, að hafnarsjóðir greiði aðeins 300 krónur af kostnaði við að nema burtu farartálma á höfnum inni sjeu eigi rjettlát í þeim tilfellum þegar í hlut eiga sjóðir, sem hafa allmiklar tekjur af hafnargjöldum. En hinsvegar þykir nefndinni of langt gengið í frumv., þar sem ekki er ætlast til, að ríkissjóður taki þátt í slíkum kostnaði fyr en hafnarsjóður hefir lagt fram helming allra sinna eigna, þeirra, er arð gefa, til burtnáms farartálma.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað 5. málsgr. frvgr. komi svo hljóðandi málsgrein:

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burtu farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi hálfum árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem framyfir er.

Alþingi, 28. febr. 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson.

Nd. **57. Nefndarálit**

um frv. til laga um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um það, að frv. þetta nái fram að ganga. Hún felst á það, að þörf sje á því, að sjerstök löggjöf tryggi það, að þeir einir megi fást við tannlækningar, er sjerþekkingu hafa, og leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   Fyrir orðið »Stjórnarráðið« í 2. málsgr. kemur: Dómsmálaráðuneytið.
2. Við 4. gr.
   Í stað orðanna »munnsetja gerfitennur og tanngarða« komi: setja gervitennur og tanngarða í menn.
3. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:
   Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.
4. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
   Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. Við 11. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 1. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari Magnús Torfason.

Magnús Guðmundsson. H. J. Kristófersson.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um dýrtíðaruppbót á launum embættis- og starfsmanna ríkisins.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1929 skal greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins dýrtíðaruppbót á launum þeirra, reiknaða eftir reglum þeim, sem settar eru í 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, en þó þannig, að hún greiðist af allri launaupphæðinni, án allra takmarkana. Dýtíðaruppbót fyrir árið 1929 er þannig 51% af allri launaupphæðinni.

2. gr.

Ákvæði þessi ná til allrar dýrtíðaruppbótar, sem greidd er úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Dýrtíðarvísitalan, sem nú gildir, er 51%, og er farið fram á, að embættis- og starfsmenn ríkisins njóti hennar óskorað, í stað þess, að nú eru aðeins greiddir ⅔ hennar, eða 34%. Þá er og farið fram á, að takmarkanir við ákveðna launaupphæð, sem uppbót er greidd af, svo og hámark launa, að viðbættri dýrtíðaruppbót, verði afnumdar.

Rök fyrir þessum tillögum koma skýrt fram í brjefi frá framkvæmdanefnd Sambands starfsmanna ríkisins, svo og áliti um launamálið, sem fylgdi því brjefi. Eru þessi skjöl birt hjer sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

SAMBAND STARFSMANNA RÍKISINS.

Reykjavík, 25. febrúar 1929.

Eins og háttvirtum alþingismönnum er kunnugt, hafa embættismenn og starfsmenn ríkisins hvað eftir annað neyðst til þess á undanförnum árum að bera sig upp við Alþingi út af þeim launakjörum, sem þeir eiga við að búa. Uppbót sú, sem þeim hefir verið ákveðin, hefir hvergi nærri hrokkið til að bæta þeim upp þá gífurlegu hækkun á öllum lífsnauðsynjum, sem orðið hefir. Og við síðustu áramót lækkaði þessi uppbót enn, enda þótt svo megi heita, að dýrtíðin sje óbreytt, en þetta stafar af því, hve ónákvæmar og villandi þær reglur eru, sem ráða útreikningi dýrtíðaruppbótarinnar.

Út af þessum auknu erfiðleikum hefir Samband starfsmanna ríkisins ráðist í það að láta rannsaka launamálið, eftir því sem föng hafa verið á, og leyfir sjer nú virðingarfylst að senda hinu háa Alþingi álit það, 54 vjelritaðar blaðsíður að stærð, sem á þeirri rannsókn er bygt. Er þar sýnt fram á það:

1. að embættismenn og starfsmenn ríkisins í Reykjavík þurfa og nota til heimilisþarfa raunverulega miklu meira en laun þeirra, að dýrtíðaruppbót viðbættri, nema.
2. að dýrtíðaruppbót sú, sem nú er veitt, er fjarri því að bæta launin svo, sem rýrnunin á kaupmætti peninganna krefst. Á bls. 32—33 í álitinu er sýnt fram á, að þetta stafar að nokkru leyti af hreinni tilviljun og var á móti tilgangi og vilja þings þess, sem launalögin setti. Ætlaðist það til, að uppbót væri veitt á öll launin; en þá ætti hún nú að vera 51% í stað 34%, á þeim, raunar alrangláta, matvörugrundvelli, sem bygt hefir verið á.
3. Álitið leiðir ennfremur í ljós, að nú er fundinn nokkurnveginn heilbrigður og sæmilega prófaður grundvöllur til þess að byggja dýrtíðaruppbótina á, þar sem er búreikningsvísitala Hagstofunnar. En sú vísitala var síðast (í okt. 1928) 126%. Ef frá er dregið fyrir hækkun launanna alment 1919, sem reyndar er ekki sanngjarnt, því að þeirrar hækkunar var orðin full þörf án tillits til þeirrar verðhækkunar, sem af ófriðnum leiddi, — þá kemur út vísitalan 93%, sem því ætti að vera dýrtíðaruppbót sú, er fullnægði þörfunum.
4. Reynsla undanfarinna ára sýnir og, að þegar um verulegar vanda- og ábyrgðarstöður hefir verið að ræða, hefir ekki þótt of mikið að gjalda kaup, sem numið hefir frá 10.000—18.000 króna og jafnvel þar yfir, til þess að fá menn í stöðurnar.
5. Loks sýnir álitið, að kjör embættismanna hjer eru, jafnvel eftir hæstu tillögum vorum, talsvert lægri en í Danmörku, og þykja þó embættislaun sist of há þar.

Því hefir oftsinnis verið barið við hjer, að launafúlgan hjer á landi væri orðin svo há, að ríkissjóður risi ekki undir henni lengur. En þetta sýnir sig nú að vera algjört mishermi. Hæstvirtur fjármálaráðherra hefir í fjárlagaræðu sinni á Alþingi birt útreikning Hagstofunnar á þessu atriði og kemur þá í ljós, að launafúlgan 1880 var 48,4% af útgjöldum ríkisins, 1890 44,6,% en árið 1927 ekki nema 19,2%. Þessari mótbáru verður því ekki haldið fram gegn umbótum á kjörum vorum.

Vjer leyfum oss því nú enn einu sinni að fara fram á það, að hið háa Alþingi taki launamálið til alvarlegrar athugunar og láti ekki hjá líða að bæta nú þegar úr kjörum embættismanna og starfsmanna ríkisins með því t. d. að veita 51% uppbót á öllum laununum. Þetta mundi nema um *300.000 kr.*, og ekki meiru, jafnvel þótt alþýðukennarar fengju líka uppbót þessa (sbr. niðurlag álitsins).

Vjer vitum að vísu, að næsta Alþingi á að taka ákvörðun í launamálinu, en það er nú svo komið, að málið þolir enga bið. Vjer hljótum því að vænta þess fastlega, að ef þetta Alþingi sjer sjer ekki fært að gera fullnaðarráðstafanir í málinu, þá geri það nú einhverjar verulegar bráðabirgðaráðstafanir og feli svo milliþinganefnd málið til ítarlegrar rannsóknar. Vill framkvæmdarnefnd Sambands starfsmanna ríkisins enn beina athygli manna að því, að það mundi affarasælt fyrir alla aðilja, að embættismenn og starfsmenn ríkisins ættu fulltrúa, einn eða fleiri, í nefnd þessari, til þess að tryggja það enn betur, að starf nefndarinnar leiddi til farsælla og varanlegra lykta.

Framkvæmdarnefndin leyfir sjer því að stinga upp á:

I. Að Alþingi skipi 5 manna nefnd til þess að athuga milli þinga og gera tillögur um laun embættismanna og starfsmanna ríkisins. Nefndin verði þannig skipuð, að 3 menn sjeu kosnir hlutbundnum kosningum af sameinuðu Alþingi, einn mann skipi framkvæmdarnefnd Sambands starfsmanna ríkisins, en einn skipi forsætisráðherra og sje hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti svo tímanlega, að ríkisstjórnin geti lagt málið fyrir næsta Alþingi.

II. Alþingi feli ríkisstjórninni að greiða embættismönnum og starfsmönnum ríkisins, svo og öðrum þeim, er nú njóta dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði, 51% dýrtíðaruppbót í stað 34%, án nokkurra takmarkana, frá áramótum 1928—29.

Allra virðingarfylst.

Í framkvæmdarnefnd starfsmanna ríkisins.

Ágúst H. Bjarnason p. t. formaður. F. Hallgrímsson skrifari. Guðm. Bergsson fjehirðir,
Gunnar Viðar. Andrjes G. Þormar.

Til

Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÁLIT UM LAUNAMÁLIÐ.

Inngangur.

Þegar launalögin 1919 voru sett, var óöld mikil um allan heim í peningamálum þjóðanna. Afleiðingar ófriðarins voru þá upp á það versta; ólgan og óvissan gerði alla framtíðarskipun ómögulega. Ófriðurinn mikli hafði líka þjappað svo að mönnum, jafnvel hlutlausu þjóðunum, að það var vel frambærileg ástæða eins og þá stóð á, að allir yrðu að taka á sig nokkuð af neyð þeirri, sem gekk yfir. Þetta var og notað óspart á embættismenn, þegar tekjur þeirra voru ákveðnar lægra en *sannanlegt var* að þeir þurftu til venjulegs viðurværis. Og þetta mun þó hafa komið lakar niður á starfsmönnum ríkisins en öðrum, því að þeir voru látnir „taka þátt í erfiðleikunum“ bæði með því að fá ófullnægjandi laun og með því að bera að sínum hluta þá þungu skatta, sem á varð að leggja. Meira að segja lentu sumir skattarnir, eins og t. d. tekjuskatturinn, tiltölulega mjög þungt á þeim, eins og öðrum þeim, sem föst laun höfðu og þau á miðlungs stigi.

Með þessum sömu rökum hefir svo verið haldið áfram að fresta umbótum á kjörum starfsmanna ríkisins. Hefir þó alls ekki verið til að dreifa neinni óáran eða sjerstökum erfiðleikum. En eina afsökun hafa þó stjórnir og þing haft undanfarin ár, en það er óvissan um gengi íslenskrar krónu. Gjaldeyririnn var lengi vel á nokkru hviki, og enda þótt hann stöðvaðist, var ekki endanlega búið að festa hann.

En nú er einnig þessi ástæða burtu fallin. Gengi krónunnar hefir nú staðið kyrt í full 3 ár (síðan seint á ári 1925) og má því eiga víst, að verðlag alt hefir fullkomlega lagað sig eftir þessu gengi, enda verið að tala um að lögfesta nú gengið. Og um erfiðleikatíma verður ekki talað nú um nokkur ár fram yfir það, sem verða mun jafnan og hefir verið. Með öðrum orðum, nú eru komnir alveg „normalir“, venjulegir tímar, og tjáir því ekki lengur að hefta lausn launamálsins með þeim rökum, sem notuð hafa verið um hríð. Nú er kominn tími til þess að skipa þessu máli til frambúðar, og alveg nauðsynlegt að koma því sem allra fyrst í lag.

Nú um skeið hefir verið fylgt þeirri reglu, að miða launin meira og minna við það, sem var 1914, og verið leitað að rjettri launahæð með því að reikna út vísitölur dýrtíðarinnar frá 1914. Þetta er auðvitað mjög ófullkomin aðferð. Launin, sem ákveðin voru 1919, geta ekki heldur verið neinn verulegur mælikvarði. Þau voru miðuð við það, að alt kæmist nokkurn veginn í samt lag, þegar frá liði. Þó má auðvitað hafa þau laun til samanburðar um hlutfallið milli einstakra launaflokka.

Ef ráða á þessu máli til lykta, virðist liggja langnæst að skamta

nú launin eftir því, sem rjett virðist og sanngjarnt. Það á ekki að vera svo erfitt, ef aðeins er hægt að fá þær skýrslur og upplýsingar, sem þarf.

Milliþinganefndin í launamálunum, sem starfaði 1915—16, setti fram þær reglur, sem fara verður eftir, þegar laun eru ákveðin, og eru þær reglur rjettar og heilbrigðar, þó að nefndinni sjálfri tækist miður að fara eftir þeim. Hún setur fram þessi atriði (bls. 188):

„*að* embættismaðurinn geti lifað sómasamlega af launum.
„*að* embættismaðurinn fái endurgoldinn þann kostnað, sem ætla má, að hann jafnaðarlega hafi orðið að leggja fram til að búa sig undir embættið.
„*að* embættismaðurinn geti trygt sjer nokkurn lífeyri sjer til styrktar, ef hann þarf að sleppa embætti fyrir elli sakir eða vanheilsu.
„*að* tekið sje í launum hæfilegt tillit til þeirrar ábyrgðar og vanda, sem embættinu fylgir".

Auk þess hefir nefndin tekið það rjettilega fram áður (bls. 180), að taka verði tillit til þess, hver eru „atvinnukjör manna í öðrum stjettum þjóðfjelagsins, og þá eigi síst þeirra, er vinna í annara þjónustu". Þessi síðasta viðbót er þó vafasöm, því að auðvitað er sjálfstæður atvinnurekstur jafnmikill keppinautur eins og atvinna hjá öðrum, og ríkið verður auðvitað að sækjast eftir þeim mönnum, sem ella myndi verða sjálfstæðir atvinnurekendur, og ekki síst eftir þeim. Þá má og enn bæta því við, að það er ekki nema eðlilegt, að höfð sje hliðsjón á kjörum sambærilegra embættismanna nágrannaþjóða.

Rannsóknin þarf þá að snúast um þessi sex atriði, og loks er svo rjett að bera þetta saman við það, sem verða myndi ofan á, ef launin 1919 (eða 1914) væri lögð til grundvallar og bætt upp í samræmi við vöruverð, eða með öðrum orðum þannig, að launin hafi sama kaupmátt eins og þá.

Þess er þó að gæta, að embættismenn eru nú orðnir svo illu vanir, að þeir myndi sennilega þykjast góðu bættir, ef laun þeirra væri ákveðin eftir fyrsta lið einum („að embættismaðurinn geti lifað sómasamlega af launum"), *ef það er gert rjett og án þess að sýna fyrst, hvað er rjett, og draga svo frá því einhvern hluta aftur.* Með öðrum orðum, það væri þakklætisvert, ef embættismenn fengi „þurftarlaun", þó þeim væri að engu bættur námskostnaður, ekkert skeytt um ábyrgð embættisins og ekkert tillit tekið til atvinnukjara annara nje til hliðstæðra embættismanna í öðrum löndum. Nú sem stendur mun varla nokkur embættismaður hafa einföldustu þurftarlaun.

Samkvæmt þessu verður lögð hjer aðaláherslan á það, að finna, hver eru raunveruleg þurftarlaun. Verður þá að hafa Reykjavík í hug, því að hjer er ekki kostur á öðrum skýrslum, enda skiftir það mestu máli. Síðan verða hin atriðin athuguð í styttra máli.

ÞURFTARLAUN.

Hver eru þurftarlaun?

Þessu má leitast við að svara með tvennum hætti:

1. með því að reyna að finna út þörfina.
2. með því að taka launin 1914 (og 1919) og reikna út frá þeim.

1. Laun reiknuð út eftir þörf 1929.

Öllum hlýtur að koma saman um, að það væri langeðlilegast að ákveða launin eftir því, sem raunveruleg þörf krefst. Til lengdar getur ómögulega verið um annað að ræða, því að ef starfsmenn ríkisins fá ekki þau laun, að þau hrökkvi fyrir hóflegri eyðslu, neyðast þeir út í eitt af þrennu:

1. Að hlaða sig störfum utan embættis, en það er mjög háskalegt fyrir ríkið, því að svo fer að jafnaði, að aukastarfið tekur mestan tímann, en embættið fær aðeins afgang.
2. Að safna skuldum og verða á þann hátt bæði ósjálfstæðir og kúgaðir af áhyggjum.
3. Að yfirgefa embættin og leita annarar atvinnu, og sjá allir í hverju það lendir, því að það verða að sjálfsögðu færustu mennirnir, sem ríkið á þennan hátt missir.

Fjórða leiðin, sem hugsanleg væri, og oft er bent á, er sú, að embættismenn breyti alveg um lifnaðarhætti. Er þá bent á það, sem rjett er, að ýmsir, t. d. sjómenn og verkamenn o. fl. verði hjer að lifa á lægri tekjum, og geri það. En þó að þessháttar megi slá fram til þess að spyrna móti kröfunum, þá verður þegar augljóst, að þessi rök eru firra ein. *Fyrst* og fremst afsannar *reynslan* þetta. Hún sýnir, að yfirleitt lenda menn nú á einhverri þeirra þriggja leiða, sem áður voru nefndar, nema þá rjett um stundarsakir. *Í öðru lagi* eru menn, sem búið er að halda við dýran og vandasaman undirbúning fjórða part af meðal mannsæfi, alls ekki sambærilegir við þá, sem ganga svo að segja beint frá fermingu inn í starf sitt. Þessi langi undirbúningur hlýtur og á að fá eitthvert endurgjald. Og auk þess fá menn við það allan annan brag á sig og geta ekki komist hjá því að gera aðrar kröfur til lífsins eftir en áður, hvort sem hægt er að segja, að það sje betra líf en hitt. Það er dýrara.

Í þriðja lagi eru gerðar aðrar kröfur til embættismanna. Flestir þurfa þeir vinnustofur; það er heimtað af þeim, að þeir sjeu vel mentaðir og haldi mentun sinni við. Það er heimtað af þeim, að þeir gangi þannig til fara, að miklum kostnaði veldur. Margir hafa talsverða risnu o. s. frv.

Og loks má nefna *í fjórða lagi það*, að samkepnin frá öðrum æfi-

störfum kemur algerlega í veg fyrir þetta. Menn, sem hafa varið svo afar miklum tíma til þess að menta sig, eiga sjer svo marga möguleika, að þeir láta ekki kúgast til annara lifnaðarhátta en þeirra, sem þeir hafa vanist og geta átt kost á í öðrum stöðum, enda svo fjarri því, að þeir lifnaðarhættir, sem embættismenn búa við, einkennist af nokkru óhófi. Að minsta kosti er ekki í skýrslunum hjer á eftir gengið út frá neinu slíku. — Þessi samkepni frá öðrum æfistörfum er eitt alvarlegasta íhugunarefni ríkisvaldsins, vegna þess að hún *sviftir ríkið fyrst bestu mönnunum.* Í Finnlandi t. d. kváðu embættislaun vera ekki ósvipuð og hjer, enda flykkjast röskustu mennirnir þar úr embættum yfir í kaupsýslustörfin, svo að horfir til annars. Hjer er aðeins tímaspursmál, hvenær þetta útfall hefst.

Það er því ekki til nokkurs að bera fram þessa ástæðu, heldur verður að ganga úr frá þeirri eyðslu, sem reynslan sýnir, þegar frá er skilið alt óhóf. Alstaðar er reynt að hækka heldur kröfur (the standard of living) en lækka, og kröfurnar eru áreiðanlega ekki háar hjá ísl. embættismönnum, í samanburði við stjettarbræður þeirra í öðrum löndum.

Í Árbók Háskólans 1917—18 er birt tilraun til að sýna, hve miklu embættismanns fjölskylda eyddi 1918. Þessi skýrsla var miður við neyðarástand og er auk þess mjög ófullkomin að ýmsu leyti. Hún er samt birt hjer með viðbót, að því er snertir árið 1929, og athugasemdum.

Heimili sbr. Árbók Háskólans 1917—18. 6 manns í heimili.

	1918 eftir skýrslunni	1929 áætlun	hækkun
1. Ábyrgðargjöld, ekkju og sjálfstrygging, brunabótagjöld	389.40		
2. Blöð, 1 dagblað, 1 vikublað, 1 mánaðarblað 1 myndablað	35.00	104	69
3. Bækur, tímarit, bókband	125.00		
4. Bæjargjöld, útsvar	120.00	250	130
5. Eldiv., kol, mór, uppkveikja, suðugas	720.00	618	÷ 102
6. Fatnaður. Húsbóndi: 1 fatn. + hluti yfirhafna (vetrar-, sumar- og regnfrakka), nærfatnaður, 2 pör sokkar, vetlingar, 6 flibbar, 3 handlín, 2 hálsbönd, 1 hattur = 260. Húsmóðir: 1 fatn., 1 yfirhöfn, hattur, nærföt, sokkaplögg, vetlingar = 175. Börn: fatnaður 1 + 1 ½ + 1½, yfirhafnir og regnföt 1 + 1 + 1, sokkar, nærföt, vetlingar, höfuðföt = 375	810.00	1623	813
7. Ferðalög	25.00	100	75
8. Fjelög	25.00	75	50
9. Gjafir og guðsþakkir	70.00	150	80
10. Hjú (gert ráð fyrir 1 vinnukonu og aukahjálp við vorhreinsun)	200.00	420	220
11. Húshald (fæði, sjá meðfylgjandi fylgiskjal)	3654.59	3000	÷ 654.59
12. Húsaleiga	1000.00	2000	1000
13. Landskattar, tekjuskattur af 4000 kr.	45.00	90	45
14. Ljósmeti, steinolía eingöngu	130.00	240	110
15. Læknir og lyf	75.00	150	75
16. Prests og kirkjugjald	12.00		
17. Skemtanir, leikhús, samsöngur o. s. frv.	30.00	60	30
18. Skófatnaður. Handa hvoru hjónanna 1 stígvjel, 2 sólanir og 1 skóhlífar. Handa hverju barni 2 stígvjel, 3 sólanir	252.00	300.00	48
19. Tóbak, reyktóbak og vindlar	112.00		
20. Ýmislegt. Í þessum lið er talinn skólakostnaður, sápa og annað til þvotta, rakstur, klippingar, böð, sími, burðargjald, skósverta og ofnsverta, viðhald og viðgerðir húsa og húsgagna o. m. fl.	400.00	1000.00	600
Eyðsla 1918:	8229.99		2588.41
Eyðsla alls 1929:	*10818.40*		
eða	*1803.07 á mann.*		

Aths.

Ad. 2. Í skýrslu Hásk. er þetta talið 35 kr. og er það óskiljanlegt. Eftir forsendum myndi þetta nema nú:

1 dagbl., t. d. Morgunblaðið	kr. 24	
1 vikublað	— 10	
1 mánaðarblað (útlent)	— 18	
1 myndablað (t. d. Fam. Journal)	— 24	= 76 kr.
Hjer má bæta við öðru dagbl. (t. d. Vísi)	— 18	
Öðru vikublaði	— 10	= 28 = kr. 104.00

Minna en þetta munu fáir kaupa og margir talsvert meira.

Ad. 5. Nú er ekkert notað nema kol og suðugas — einstaka stað rafmagn. Þar sem miðstöðvar eru þarf um 8 smál. kol. Aðrir nota um 4 smál., meðaltal er 6 smál., á um 43 kr. eða kr. 258, auk þess gas um 30 kr. á mánuði, kr. 360, alls 618 kr.

Ad. 6. Þessi áætlun fjarstæð, enda miðuð við neyðarástand og auk þess alveg mislukkuð. Hin áætlunin sundurliðast h. u. b. þannig:

Húsbóndi: 1 föt 200, ⅕ vetrarfr. 40, ⅕ sumarfr. 30, ⅓ regnfr. 40. Sokkar 15, vetlingar 12, flibbar 8, nærföt og línskyrta 30, hálsbindi 6, hattur 12	393
Húsmóðir: 2 kjólar 160, ½ vetrarkápa 80, ½ sumarkápa 50, regnhlíf 20, vetrarhattur 30, sumarhattur 25, sokkar og nærföt 50, vetlingar 15	430
Börn: Barn 15—16 ára þarf h. u. b. eins og fullorðinn	400
Yngri börn t. d. 250 + 150	400
Alls:	1623

Hjer er gert ráð fyrir sæmilegum klæðnaði og ekkert fram yfir. T. d. er ekkert tillit tekið til viðhafnarklæðnaðar handa hjónum eða börnum, en fæstir embættismenn komast þó hjá því. Sjerstaklega er áætlun Hásk. fjarstæð um klæðnað húsmóður og barna.

Ad. 7. Þessum lið mætti eins vel sleppa eins og áætla hann 25 krónur fyrir heila fjölskyldu. Hið minsta er 100 krónur.

Ad. 8. Ýmsir embættismenn eru í fjelögum, sem kosta talsvert, t. d. oddfellow eða frímúrarafjelagi, en hjer er ekki gert ráð fyrir því. En fæstir munu sleppa með minna en 75 kr. í kostnað við fjelög.

Ad. 9. Áætlun Hásk. lækkar þennan lið úr 90 kr. 1914 í 70 kr. 1918 og mun það miðað við neyðarástand. En varla mun nokkur embættismaður í Reykjavík komast af með 150 kr. til smágjafa (einkum barna við ýms tækifæri). Liðurinn er þó ekki settur hærra en þetta.

Ad. 10. Hjer er gert ráð fyrir 35 kr. á mánuði. Það er stúlka yfir vetrartíma og vor og ungl. að sumri.

Ad. 11. Flestar matvörur hafa lækkað. En bæði er hjer of lítið í ýmislegt lagt, og svo hafa sumir stærstu liðirnir hækkað, svo sem kjöt, nýtt

og saltað, nýr fiskur, kaffi o. fl., svo að það er áreiðanlega ekki fært að færa þennan lið lengra niður en hjer er gert.

Ad. 12. Síðari áætlunin er bygð á reynslu.

Ad. 13. Nú mun mega miða við bæði hærri meðallaun (laun + dýrtíðaruppbót) og mikið hærri skattstiga. Þessar 90 kr. eru nokkuð af handahófi. En t. d. 6000 kr. laun, með frádrætti fyrir hjón og 2 börn verða 4000 kr. skattskyldar. Skattur 72 kr. + 25% viðauka 18 kr. = 90 kr.

Ad. 14. Nú miðað við rafmagn eingöngu @ 55 a. kwt., til jafnaðar 20 kr. á mán., sem er ekki ofan við meðaltal.

Ad. 15. Það má vera mikið lán yfir þeim, sem sleppa með minna. Er auðvitað mjög misjafnt en jafnar sig aldrei upp með minna en 150 kr.

Ad. 17. Þetta er einn sá liður, sem áætl. Hásk. *lækkaði* frá 1914 (þá talinn 50 kr.). Þeir sem eiga uppkomin börn komast ekki hjá því að kosta talsverðu til skemtana fyrir þau, jafnvel þótt foreldrar eyði sama sem engu í þessháttar, eins og mun vera um marga embættismenn.

Ad. 18. Skófatnaður hefir hækkað í verði, en skónotkun er miklu meiri en hjer er gert ráð fyrir. Má sjá það á búreikningum, að skókostnaður er miklu meiri en þetta. Börn þurfa oft sólanir nálega mánaðarlega og komast alls ekki af með tvenna skó nýja. Þau þurfa auk þess hlífðarfatnað, annaðhvort skóhlífar eða vatnsstígvjel. Fylgiskjal sýnir eyðslu á þessum lið.

Ad. 20. Á þessum lið skeikar mjög miklu, enda var hann látinn halda sjer nálega óbreyttur frá 1914, enda þótt margt hvað af því, sem þar er talið, hefði hækkað hvað mest, t. d. hverskonar vinna. Hjer er heldur ekki neitt áætlað fyrir nýjum hlutum, sem keyptir kunna að vera, og er það miðað við bráðabirgðarástand, er nær engri átt til frambúðar. Þá er hjer ekkert gert fyrir því, sem er þungt á mörgum, en það er að standa straum af skuldum, en þær eru afleiðingar ónógra launa. Ekkert er heldur ætlað fyrir því, sem ávalt kemur fyrir við og við, svo sem allur kostnaður við barnsfæðing, eða sjerstaka læknishjálp, t. d. spítalavist, ekkert fyrir tyllidaga, sem varla er hægt að meina embættismönnum nokkrum sinnum á æfinni, t. d. við fermingu eða giftingu barna o. s. frv. Þessi liður má ekki vera undir 1000 krónum að jafnaði og verður þó of lágur í flestum tilfellum til jafnaðar.

Reikningur frá einni skóverslun 1927.

Jan.	2 pör reimar 0.70; sól. telpusk. 6.00;	6,70
Febr.	Gert við kvensk. 6.00; gert við skóhl. 0.50; gert við telpusk. 1.50	8.00
Mars.	1 par kv.sk. 18.00; 1 p. barnask. 8.50; sól. telpuskór 6.00;	32.50
	gert við skó 0.50; sól. kvensk. 6.00; gert við skó 1.50	8.00
Apr.	Sól. telpuskó 5.50; Telpusk. 5.50; Telpusk. 5.50; sóla telpuskó 6.00	22.50

Maí.	Reimar 0.50; gert við skó 1.75; sól. skó 3.50, sól. kvensk. 6.50	12.25
Júní.	Gert við skó 1.50; sól. skór 4.50; 1 par kvenskór 17.50;	23.50
	sól. karlm.skó 8.75; gert við skó 0.75; sól. telpuskór 6.00 ..	15.50
Júlí.	1 par ljereftsskór 7.85, gert við skó 0.75; gert við skó 1.50	10.00
Ágúst.	Sól. skór 6.50; sól. skór 8.50	15.00
Sept.	Gert við skó 1.50; 1 par telpusk. 15.75; reimar 0.25; sól skór 3.40	20.85
Okt.	1 par strigask. 5.25; sól. skór 6.50; sól. skór 4.00; 1 p. kv.sk. 24.00	39.75
	1 par barnaskór 2.50	2.50
Nóv.	Reimar 0.30; sól. skór 7.50; sól. skór 4.50; sól. skór 6.00 viðg. 0.25	18.55
Des.	Skóhl. 8.75; snjósk. 9.50; gert við 0.75; reimar 0.35	19.35
		255.05
	Auk þess keypt fyrir peninga annarsstaðar fyrir	138.00
		Alls kr. 393.05

1928:	Janúar	kr.	37.25
	Febrúar	—	1.50
	Mars	—	40.25
	Apríl	—	15.65
	Maí	—	77.50
	Júní	—	13.00
	Júlí	—	12.75
	Ágúst	—	65.65
	September	—	11.00
	Október	—	48.00
	Nóvember	—	30.55
	Desember	—	48.75
			401.35
	Auk þess keypt annarsstaðar fyrir	kr.	118.00
		Alls kr.	519.35

Hjer hefir verið um áætlun að ræða, en það er einkenni áætlana, að þær eru nálega altaf of lágar. Og þegar um er að ræða áætlun um eyðslu heimilis, er mjög hætt við að eitthvað gleymist. Auk þess er það svo, að ávalt geta komið fyrir atvik, sem færa fram kostnaðinn á einhverjum lið svo verulegu nemur, en aftur á móti er varla um að ræða stóran, óvæntan sparnað á neinu. Að rjettu lagi ætti því að ætla einhverja ákveðna upphæð fyrir slíkum óvæntum gjöldum.

Til samanburðar við þessa áætlun eru svo settir hjer raunverulegir búreikningar. Heimilin eru valin alveg af handahófi vegna þess, hve fáir halda nokkra búreikninga. Nöfn skýrslugjafa verða ekki gefin upp, en heimilin mega teljast mjög nærri meðallagi, ekkert eyðsluheimili.

1. Árseyðsla 1927—28.

Embættismannsfjölskylda í Reykjavík, hjón, tvær dætur, um fermingu, tvö börn ung, 3—4 og á 1. og 2. ári. Vinnustúlka (sjá aths.). 7 manns í heimili. Íbúð 5 herbergi og eldhús, stúlkuherbergi og baðklefi. Laun og dýrtíðaruppbót samanlagt að meðaltali kr. 6617.00.

Skýrslan er þannig gerð, að útgjöldin voru skrifuð jafnóðum án sundurliðunar í flokka. Sundurliðunin er gerð eftir á og er ekki nákvæm í einstökum atriðum, en það haggar ekki aðal-niðurstöðunni.

		1927	1928	Meðalt.
1. Húsnæði, 250 kr. á mánuði	kr.	3000	3000	3000
2. Matvörur	—	2233	2310	2272
3. Vefnaðarvörur og fatnaður	—	1110	920	1015
4. „Hús“ (sjá aths.)	—	2474	2375	2425
5. Skófatnaður	—	393	519	456
6. Hiti og ljós	—	886	892	889
7. Fjelög	—	126	169	148
8. Bækur, tímarit og blöð	—	182	210	196
9. Sími og símanotkun	—	146	148	147
10. Opinber gjöld	—	575	524	549
11. Skólagjöld og skólakostnaður	—	199	220	209
12. Vátrygging og lífsábyrgð	—	506	514	510
13. Kaupgjald	—	435	420	427
14. Læknishjálp	—	728	148	438
15. Strauning og smávinna keypt	—	49	58	54
16. Tóbaksvörur	—	236	264	250
17. Skemtanir	—	98	86	92
18. Ýmislegt keypt eða gert við	—	361	405	383
19. Gjafir	—	256	295	276
20. Vextir og forvextir af skuldum	—	228	292	260
21. Ýmislegt	—	368	349	358
	kr.	14589	14118	14354

Ef dregnar eru frá 200 kr. vegna þess að læknishjálp 1927 er alveg óvenjuleg verður meðal eyðslan þessi tvö ár kr. *14154.00.*

Eyðsla liðlega 2000 kr. á mann.

Aths.

Við 4: Undir þessum lið er talið alt, sem húsmóðirin borgaði daglega. Þar er mjög mikið af mjólk, fiski og öðru, sem keypt er á degi hverjum. Af því eru einnig ýmsir reikningar greiddir, og þessi fjárhæð skiftist því á ýmsa aðra liði, en mest á 2. og 3. lið.

— 13: Fullkomin stúlka vetur og vor. Unglingur yfir sumarmánuði.

Við 19: Mest í smágjöfum, afmælisgjafir, fermingargj. eða brúðargj. Það, sem gefið er innan heimilis, er hjer og talið, en það eru oftast einhverjir þarflegir hlutir, sem hvort eð er hefðu verið keyptir.
— 21: Í þessum lið eru stærstar aðgerðir á húsi.

Skýrslugjafi ábyrgist, að viðlögðum drengskap, að útgjöld hans hafi ekki numið minni upphæð en hjer er talin. Telur hins vegar líklegt, að eitthvað smávegis hafi gleymst.

Þrátt fyrir þessa miklu eyðslu, er hjer engu eytt í ferðalög til hressingar, litlu sem engu í fjelagslíf (gestaboð og þessháttar) eða annað það, sem líklega á að telja óhóf, þegar embættismenn eiga í hlut.

2. Árseyðsla 1928.

Embættismannsfjölskylda í Reykjavík, hjón, tveir piltar í mentaskóla, 19 og 17 ára og ein dóttir 11 ára. 1 vinnustúlka. 6 manns. Tvö börn, sem kostuð eru erlendis, eru ekki reiknuð með, nema að því leyti, að þau dvöldu 2 sumarmánuði heima. Embættislaun, að meðtaldri dýrtíðaruppbót, kr. 6800.

1. Fatnaður	kr.	1500
2. Húshald (fæðutegundir)	—	3600
3. Húsaleiga (vextir af skuldum, gjöldum o. s. frv.)	—	1800
4. Hiti og ljós	—	700
5. Lækningar og meðul	—	500
6. Kaupgjald	—	644
7. Fjelög, blöð, tímarit og bækur	—	390
8. Opinber gjöld	—	771
9. Keyptir munir, viðhald o. fl.	—	900
10. Skemtanir, ferðalög o. fl.	—	400
11. Símagjöld o. fl.	—	300
12. Óþarfavörur, tóbak, vindlar, vín o. fl.	—	500
13. Skólagjöld og skólabækur	—	400
14. Lögboðin iðgjöld	—	337
Samtals	kr.	12741

Eyðsla á mann liðlega kr. 2120.

A t h s. Hjer er þess að gæta, að þessi embættismaður býr, eftir skýrslunni að dæma, við óvenjulega lága húsaleigu. Mun það nema um 1000 kr., sem hann sparar við það.

3. Árseyðsla 1927—'28.

Embættismannsfjölskylda í Reykjavík, hjón, 4 börn og vinnustúlka fyrra árið, en 3 börn síðara árið. 6½ manns í heimili. Framfæri tveggja

barna í útlöndum er ekki reiknað með. Embættislaun að viðbættri dýrtíðaruppbót kr. 7880.

Eyðsla þessa heimilis er ekki sundurliðuð, en nam

árið 1927	.....	kr. 12763
— 1928	.....	— 11677
Að meðaltali hvort ár	.....	kr. 12220

Eyðsla á mann kr. 1880.

Aths. við báðar þessar skýrslur (nr. 2 og 3):

Hvorugur þessi embættismaður reiknar með kostnaði við búrekstur sinn það, sem þeir verða að kosta til barna sinna erlendis. Þetta nær engri átt. Ef embættismönnum á að vera óleyfilegt eða ókleift að manna börn sín erlendis, ætti að sjálfsögðu að reikna það, sem kosta myndi að hafa þau heima hjá sjer. Þessir tveir embættismenn hafa því í raun rjettri um 4000 krónum hærri útgjöld hvor en skýrslan sýnir.

4. Útgjöld yfir árið 1928.

Símamaður, sem hefir í laun og dýrtíðaruppbót samtals kr. 3920. Heimilið: Hjón, 3 börn, 6, 4 og 1 árs gömul. Auk þess gömul kona (móðir húsbónda) í 5 mánuði, og vinnustúlka í 8 mánuði.

Skýrslan er eftir sundurliðuðum búreikningum.

1. Matvörur og hreinlætisvörur	kr.	716.37
2. Fiskur, nýr og saltaður	—	148.00
3. Kjötmatur	—	263.31
4. Mjólk	—	477.15
5. Brauð	—	284.40
6. Rafmagn	—	75.91
7. Gas	—	58.26
8. Kol	—	194.00
9. Vinnulaun við innanhússtörf	—	241.00
10. Fatnaður	—	578.00
11. Læknishjálp og meðul	—	90.70
12. Sjúkratrygging (húsbóndans eins)	—	43.00
13. Kirkju- og kirkjugarðsgjald	—	18.00
14. Útsvar	—	140.00
15. Viðhald á búsáhöldum	—	46.00
16. Skófatnaður	—	196.70
17. Húsaleiga	—	1560.00
Samtals	kr.	5130.79

Hjer er ótalið dagblöð, tímarit, bækur, tóbak, leikföng og fleira, sem ekki getur talist bráðnauðsynlegt.

Aths.

Hjer er auðsjáanlega svo spart á haldið, sem frekast er unt, og næstum ótrúlegt um suma eyðsluliðina.

En hjer vantar margt, eins og skýrslugjafi bendir á. Auk þess vantar fleira. T. d. er ekkert reiknuð persónutrygging, eldsvoðaábyrgð, fjelagsgjöld, tekjuskattur, ekkert ætlað fyrir gjöfum, ekkert fyrir skemtunum eða öðru slíku, sem ef til vill má telja utan lífsnauðsynja, en enginn getur þó lifað alveg án. Þá er ekkert reiknað hjer fyrir síma af því að símamenn munu þar hafa sjerstöðu (ókeypis síma) og ekkert er reiknað fyrir skólakostnaði, af því að svo hittist hjer á, að börn þessa manns hafa ekki náð skólaskyldualdri. Loks er ekkert gert ráð fyrir kaupum á neinum munum, en það nær auðvitað engri átt nema í svip. Þegar þetta alt er tekið til greina, getur eyðsla þessa afar sparsama heimilis ekki orðið mikið undir 6000 krónum eða nálægt *1000 kr. á mann,*
og jafnvel með þessari ýtrustu sparsemi vantar þá þennan mann h. u. b. 2000 krónur til þess að komast af með laun þau, sem honum eru skömtuð.

Hvernig ákveða skal launin.

Af áætlunum og skýrslum þessum má sjá, að þarfir embættis- og starfsmannaheimila eru frá 1000 krónum til nokkuð yfir 2000 krónur á hvern heimilismann. Eftir þessu mætti svo ákveða launin.

Í lægst launuðu störfunum mætti ganga út frá 1000 krónum á mann. Aldursuppbót ætti svo að miða við það, að heimilin stækki, t. d. frá 3 í heimili til 7. Þó er þess að gæta, að fámenna heimilið verður hlutfallslega dýrara. Ýms útgjöld eru nærri því jöfn, eins og t. d. húsaleiga. Munar ef til vill ekki nema einu herbergi. Önnur útgjöld eru jafnvel hærri fyrir fámenna heimilið en það fjölmenna, að öðru jöfnu, eins og t. d. beinir skattar til hins opinbera. Á hinn bóginn er ekki þörf á aldurshækkunum til fulls, því að flestir þeir, sem vel duga í stöðu sinni, eiga kost á hækkun í betri stöðu áður en mjög langt líður. Mætti því líklega ganga hjer út frá 4000—6000 kr. launum.

Í hæst launuðu stöðunum ætti svo að ganga út frá 2000 krónum eða þar yfir. Að rjettu lagi ætti þar lágmark að miðast við stærra heimili, því að menn komast sjaldan í þær stöður fyr en nokkuð seint, og aldurshækkanir eiga að vera því örari og færri sem ofar kemur í embættisstigann, af þessum ástæðum. Gætu þessi embætti miðast við t. d. 6000—10000 kr., 7000—12000 og 10000—14000 krónur. Loks ættu örfá embætti að vera án launahækkunar, svo sem landlæknisembætti, biskupsembætti og hæstarjettardómaraembætti. Í þessi embætti veljast ekki aðrir menn en þeir, sem eru fullreyndir í öðrum embættum og venjulega rosknir menn. Nær engri átt að láta

þá byrja á „byrjunarlaunum“. Þeir hafa fyrir löngu fengið sín byrjunarlaun og smá hækkað í öðrum embættum. Um þetta segir danska launanefndin: „Það skal viðurkent, að gildar ástæður mæla með því, að láta launin í lægstu launaflokkum hækka smámsaman. Þau ár, sem starfsmennirnir eru í þessum stöðum, er venjulega sá partur æfinnar, þar sem þarfirnar fara smá vaxandi, því að þá stofna menn heimili og það vex. Aftur er minni ástæða til þess að láta laupin hækka oft í hærri stöðunum, því að menn komast yfirleitt ekki í þær stöður fyr en þeir fara nokkuð að eldast. En engin minsta ástæða er til þess að láta launin hækka í þeim stöðum, sem telja verður loka-stöður. Í þeim embættum, sem menn komast ekki í fyr en þeir eru orðnir rosknir, og valdir í þær sakir sjerstakra yfirburða, á náttúrlega þegar í stað að gjalda þau laun, sem stöðunni og vandanum þykja hæfa. Nefndin hefir því í tillögum sínum um launin reynt, eftir því sem því verður við komið, að fylgja þeirri reglu, að veita 3—4 aldurshækkanir í lægri embættum, 1—2 aldurshækkanir í hærri embættum, en ákveðin föst laun, án aldurshækkana, í efstu embættunum“. (Lönningskommissionen af 1917, 1. Bind, Betænkning bls. 10).

Þetta verður að telja alveg heilbrigða reglu. Má sjá nokkuð, hve langt er gengið í þessa átt í Danmörku, af dæmum þeim, sem nefnd eru hjer síðar (í kaflanum um laun embættismanna í Danmörku).

Hjer á landi ættu þessi laun efstu embættanna ekki að vera undir 15000 krónum.

Eitt atriði, sem nokkrum ágreiningi getur valdið, þegar laun eru ákveðin, er það, *hve mikinn mun á að gera á embættunum*. Hjer hafa ýmsar óeðlilegar ráðstafanir verið gerðar til þess að jafna launin sem mest, einkum hámarksákvæði dýrtíðaruppbótarinnar. Er talað nánar um það síðar. — Þetta má ef til vill verja, ef gengið er út frá sjerstöku neyðarástandi, þegar alt verður að stefna að því einu, að halda lífinu í öllum. En hitt er jafnvíst, að þessi jöfnuður er mjög óhentugur ríkinu upp á það, að fá góða menn, röska og stórhuga, í sína þjónustu. Enda má sjá þetta við það að athuga launalög annara þjóða. Þetta stafar af því, að utan ríkisembættanna er munurinn miklu meiri. Þar verða að vísu margir herfilega útundan, og verða að búa við smærri kjör en starfsmenn ríkisins, en á hinn bóginn eru þar tækifærin fyrir menn til þess að fá miklu meiri tekjur en ríkið nokkuru sinni getur borgað, 40—50—100 þúsund krónur. Auðvitað kemur ekki til neinna mála, að ríkið bjóði upp á slíka möguleika, enda hefir ríkið annað að bjóða í staðinn, en það er öryggi stöðunnar o. fl. En það er þó augljóst, að ríkið verður að búa svo um, að í hverri starfsgrein þess sjeu til stöður, sem framgjarnir menn og stórhuga geti óskað eftir að fá, og lifað í án þess að hafa fjárhagslegar áhyggjur.

2. Laun reiknuð eftir hlutfalli við 1914.

Frá því er Alþingi fjekk fjárveitingavald, hefir það haft launamálið

til meðferðar. Fyrstu launalögin íslensku eru frá 15. október 1875. Embættislaunin voru þá ákveðin all ríflega, og mun vera í eina skiftið, sem þau voru svipuð og í öðrum siðuðum löndum og miðuð við það, að í embættin þyrfti að vera kostur bestu manna og þá ættu þeir skilið að bera svipað úr býtum eins og duglegustu menn í öðrum stöðum. — En menn áttuðu sig fljótt á því, að þetta myndi ekki vera viðeigandi, og breyttu flestum launum árið 1889. Hjer eru nokkur dæmi:

	1875.	1889.
Biskup	kr. 7000	kr. 5000
Amtmenn	— 6000	— 5000
Forstjóri landsyfirdómsins	— 5800	— 4800
Aðrir yfirdómarar	— 4000	— 3500
Landfógeti (auk 1000 kr. í skrifstofukostnað)	— 4000	— 3500
Forstöðumaður prestaskólans	— 4600	— 4000
1. kennari	— 2400	— 2800
2. kennari	— 2000	— 2400
Landlæknir (síðar ákv.)	— 4800	
Rektor lærða skólans, auk bústaðar	— 4600	— 3600

Eins og sjá má af þessu gengu lögin 1889 út á það að jafna launin.

Síðan voru ekki almenn launalög sett um langan tíma. Það stóð við lögin frá 1889 með ýmsum breytingum og viðaukum.

Þar sem þingið hefir nú haft þessi mál svo lengi með höndum og til er löng reynsla í þessu máli er ekki nema eðlilegt, að höfð sje hliðsjón á þeim launum, sem verið hafa, þegar ný eru ákveðin. En þá verður að taka reynsluna til greina. Það er ekki nóg að segja: Svona voru launin og svona eiga þau því að vera, heldur verður að gæta að, hvort launin voru hæfileg eða ekki. Og þar sem löngum hefir verið miðað við launaástandið 1914, verður hjer að athuga það nokkru nánar. Sýnir sú athugun, að launin 1914 voru einmitt orðin óþolandi lág. Peningar höfðu stöðugt verið að falla í verði. Það fór að vísu hægt í samanburði við það, sem síðar varð, og skýrslur liggja ekki fyrir, er sýna nákvæmlega, hve miklu þetta nam. En árið 1908 eru þó gerðar tvær tilraunir til þess að sýna það, og þær fara vafalaust báðar mjög nærri rjettu. Indriði Einarsson reiknaði þetta út og birti árangur í greininni „Peningaverðið á Íslandi" í Skírni 1908. Telur hann peninga á landinu yfirleitt hafa fallið á árunum 1901—1907 um 25%. Hina tilraunina gerði Sighvatur Bjarnason, að því er snerti Reykjavík sjerstaklega. Bygði hann á vöruverði fyr og nú og er reikningur hans áreiðanlega mjög nærri rjettu. Niðurstaða hans er þessi:

„Það má óhætt fullyrða, að nú sje 50% dýrara að lifa hjer í Reykjavík — fyrir þá sem eingöngu eiga að lifa á peningum — heldur en 1875. Hækkunina — verðfall á peningum — mun mega telja 10—15% frá árinu 1875—1889, en 35—40% frá 1889—1908". (Alþt. 1909, A, bls. 188—89).

Þó hjeldu peningarnir áfram að falla frá 1908 til 1914. Indriði Ein-

arsson taldi verðfallið 1889—1914 43% á landinu alment (sbr. tilvitn. L. H. B. í Skírni 1917, bls. 6), er mun eiga að skilja svo, að 100 kr. 1889 giltu jafnt og 143 kr. 1914. Má sýna með töflu nokkur dæmi:

1889	1914 verður þetta að kaupmagni	1914 ættu launin að vera til að hafa sama kaupmagn
5000	3500	7150
4000	2800	5720
3000	2100	4290
2000	1400	2860

Þetta kom líka fram í því, að embættismenn í Reykjavík voru alveg hættir að komast af með laun sín, nema ef til vill örfáir þeir, sem best voru launaðir og höfðu einhver hlunnindi eða höpp við að styðjast, t. d. ódýra íbúð í eigin húsi eða aðra eign.

Þessi rammskökku og alls óviðunandi laun eru það þá, sem miðað er við og talið sem óskeikult dæmi upp á rjett laun embættismanna.

Sum, og reyndar allmörg embættislaun 1914, voru þó yngri en frá 1889, en þó að þau laun væru eitthvað skárri, þá varð þó að ákveða þau svo mikið í samræmi við eldri launin, að þau náðu engri átt heldur. — Ef laun hafa verið rjett 1889, og þau munu þó varla hafa verið of há, því að það þing lækkaði þau, þá hefði 1914 átt að veita 43% uppbót á þau.

Þetta ástand var orðið svo alvarlegt 1913, að stjórnin sá sjer ekki annað fært en leggja fyrir það þing frumvarp um laun margra embættismanna í Reykjavík. Þetta frumvarp náði að vísu ekki samþykki, því að báturinn þessi mun löngum hafa verið í andviðri á Alþingi, en þó sá þingið sjer ekki fært að standa alveg á móti þeim röddum, sem heimtuðu breyting á ástandinu. Á Alþingi 1914 var skipuð milliþinganefnd í launamálum.

Ófriðurinn mikli keyrði hjer alt um þvert bak, eins og víðar. Lækkun peninganna, sem hafði verið jöfn og þjett um langan tíma, varð nú að hruni. Þingið var mjög ófúst í umbótum á kjörum embættismanna, enda hefir efnahagur þeirra flestra farið gersamlega út um þúfur. Þó var verið að smáhreyfa við málinu og skal hjer til fróðleiks birta stutt yfirlit yfir þær aðgerðir.

Með lögum frá 3. nóvember 1915 var tekin upp sú aðferð, að skifta embættismönnum í tvo flokka eftir því, hvort þeir voru fjölskyldumenn eða ekki. Þeir *fjölskyldumenn*, sem höfðu undir 500 krónum, áttu að fá 30% uppbót; þeir sem höfðu 500—1000 kr. fengu 20% uppbót; þeir sem höfðu 1000—1500 kr. fengu 15% uppbót og þeir sem höfðu 1500—2000 krónur

fengu 10% uppbót. Auk þess fengu þeir 10 — tíu — krónur fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, sem var á framfæri þeirra.

Einhleypir menn fengu: Undir 500 kr. laun 20%; 500—1000 kr. launum 10%; 1000—1500 kr. launum 5%. Auk þess var ákveðin fúlga tekin til uppbótar símamönnum, og fengu þeir, sem höfðu undir 1800 kr. laun 16% uppbót.

Árið 1917 var þessu breytt. Eftir þeim lögum átti að bæta upp 1500 króna laun eða minna með 40%; 2300 króna laun og minna með 30%; 3100 króna laun og minna með 20% og 3900 króna laun og minna með 10%. Laun yfir 4700 kr. fyrir fjölskyldumenn og 2500 kr. fyrir einhleypa menn voru ekki bætt upp.

Þessu var strax breytt 1918. Nú átti að bæta upp laun þannig, að af fyrstu 1000 krónum eða minna yrði uppbótin 60%. Af því sem þar er fram yfir upp í 2000 kr., fá þeir, sem hafa undir 4500 kr. laun 30%, en þeir sem hafa 4500—4800 króna laun, fá uppbót af öðru þúsundinu þannig, að laun og uppbót verði til samans 5400 krónur. Einhleypir menn fá enga uppbót, ef þeir hafa 3000 krónur eða meira í laun, annars fá þeir ⅔ uppbótar o.s.frv.

Það þarf að hafa þessi flóknu og ófullnægjandi ákvæði í huga til þess að skilja það, hve furðanlega menn undu dýrtíðaruppbótinni, sem ákveðin var 1919 og enn gildir nálega óbreytt.

Gallar dýrtíðaruppbótarinnar.

Hjer hefir nú verið sýnt, hvernig grundvöllur launin 1914 voru að byggja á. En þegar fara átti að bæta launin upp, var samt langt frá því, að embættismönnum væri unt þessara launa, þannig, að þeir fengi sem svaraði kaupmætti þeirra. Skal þetta nú sýnt:

1. Í útreikningi dýrtíðarvísitölunnar er ekki lagt til grundvallar verðlag það, sem var hjer áður en ófriðurinn hófst, heldur er lagt til grundvallar verðlagið, sem var nokkurum mánuðum síðar, samkvæmt útreikningi hagstofunnar nam þessi hækkun (frá júlí til október 1914) 11%. Hjer er því um verulegan frádrátt að ræða.

2. Verðlagið 1914 (sem samkv. áðursögðu er 11% hærra en fyrir ófrið) er svo hækkað um 25%. Er þetta varið með því, að það eigi að mæta hækkun þeirri á stofnlaununum, sem gerð var 1919. Þetta er rjett, *ef* ekki á að bæta upp annað en þau laun, sem viðurkent er að væru orðin of lág. En með sjálfri launalagasetningunni var það viðurkent. Og því ætti auðvitað að reikna dýrtíðaruppbótina af launum 1919 *án* þess að setja þau ákvæði, er drægi þau laun niður í það, sem þeim var ætlað að ráða bót á.

3. Þá er dýrtíðaruppbótin ekki reiknuð af öllum launum, heldur aðeins ⅔ þeirra. Með þessu ákvæði var alls ekki ætlast til þess af löggjafanum, að draga neitt af embættismönnum, þó að svo hafi orðið í reynd. En þegar leitað var að hentugri aðferð til að reikna vísitöluna, voru tvær aðferðir reyndar. Önnur var sú, að taka sem flest atriði með, og kom þá út

verðstuðullinn *2.57*. Hin var sú, að taka aðeins matvörur, og kom þá út verðstuðullinn *3.17*. Þessi síðari verðstuðull var því h. u. b. þriðjungi hærri, eins og verðlagi var háttað 1919. Það var því h. u. b. sama, *hvort* launin voru bætt upp eftir fyrri vísitölunni og bætt upp öll, *eða* þau voru bætt upp að ⅔ eftir síðari vísitölunni. Sú aðferð var tekin, af því að það þótti hægara í útreikningi. En síðan haggaðist þetta alveg, svo að vísitala matvæla hefir jafnvel orðið lægri en almenna vísitalan, og þetta, sem átti upphaflega aðeins að vera *hægari aðferð* við útreikninginn, hefir orðið til þess að *svifta* starfsmenn ríkisins að minsta kosti ⅓ *allrar dýrtíðaruppbótarinnar*. Þetta sýnist svo augljós vansmíð, að það, að þetta hefir ekki verið lagað, hlýtur að stafa af því, að menn hafi ekki viljað standa við tilgang þingsins 1919. Þá var ekki ætlast til þess, að þessi frádráttur yrði gerður. Nóg var dregið af samt.

4. Loks koma tvennar takmarkanir á dýrtíðaruppbótinni, sem ekki byggjast á neinu, nema því að svifta starfsmenn ríkisins nokkru af því, sem þeim ber. Önnur þessi takmörkun er sú, að dýrtíðaruppbótin nær aldrei nema til 3000 króna af launanum, hvort sem þau eru há eða lág.

5. Hin þessi takmörkun er sú, að laun og dýrtíðaruppbót mega ekki nema samtals yfir 9500 krónum, nema í örfáum undantekningartilfellum, og þar þó líka sett takmörk. M. ö. o., ef dýrtíðin vex verulega, fá ekki allir einu sinni uppbót af 3000 krónum. Afleiðingar þessarar dæmalausu firru komu mjög átakanlega í ljós árið 1920, þegar dýrtíðaruppbótin komst hæst, því að þá hafði megin þorri embættismanna, í skárri launaflokkunum, sömu laun.

Hverju nema nú þessar takmarkanir? Það fer auðvitað mjög eftir því, hve mikil dýrtíðin er. Því meiri, sem hún verður, því meira er haft af embættismönnum í hærri launaflokknum. Sjest þetta skýrt af töflu þeirri, sem hjer er birt:

Ár.	Launa-upphæð.	Greidd dýrtíðaruppbót %	Greidd dýrtíðaruppbót krónutal.	Dýrtíðaruppbót samkv. búreikn. %	Dýrtíðaruppbót samkv. búreikn. krónutal.	Greidd uppb. % af búreikn. uppb.	Kaupmáttur launa + dýrt. uppb. móts við laun 1914 %
1921 (dýrt.uppb. hæst)	3000	137	4120	183	5490	75	84
	4000	137	5493	183	7320	75	84
	5000	90	4500	183	9150	49	67
	6000	58	3500	183	10980	32	56
	7000	36	2500	183	12810	20	48
1929	3000	34	1020	93	2790	37	69
	4000	34	1360	93	3720	37	69
	5000	31	1530	93	4650	33	68
	6000	25	1530	93	5580	27	65
	7000	22	1530	93	6510	24	63

Tafla þessi sýnir æði skýrt, hvernig starfsmenn ríkisins hafa verið leiknir í launamálinu. Árið 1921 er skárra að því leyti, að sjálf dýrtíðaruppbótin, óskert, er þar nær rjettu, og kemur það af því, sem áður er sagt, að

matvörur voru þá svo háar í verði hlutfallslega. Aftur á móti eyðileggja hámarksákvæðin alveg alla sannsýni, þegar til hærri launaflokkanna kemur. Dýrtíðaruppbótin er *kölluð* 137%, en kemst raunverulega alla leið niður í 36% á hæstu launum.

En það, sem sjerstaklega þarf að líta á, er það, hvernig þessi uppbót verður nú. Hún er nú kölluð 34%, en kemst niður í 22% á hæstu launum.

Í dálknum, sem kallaður er: dýrtíðaruppbót samkvæmt búreikningsvísitölu, er sýnt, hver dýrtíðaruppbótin ætti að vera, eftir því sem næst verður komist. Er það búreikningsvísitala Hagstofunnar lækkuð sem því svarar, að verðlag 1914 hækki um 17%. Þetta er gert til þess að koma móti hækkun launanna 1919. Hún hefir verið talin 25% (Alþt. 1919, A, bls. 271, ástæður fyrir launalagafrv.), en frá því má aftur draga um 8% fyrir því, að eftirlaunarjettur var þá aftekinn. Með þessu móti verður þessi vísitala 183 (231) fyrir 1921 og 93 (126) fyrir 1929. *Það er þá sú tala, sem ráða ætti dýrtíðaruppbótinni. Launin ættu að bætast upp með 93%* nú, til þess að samsvara verðlagi 1914. En í stað þess sýnir taflan, að ekki er greidd uppbót nema sem svarar 24—37% af þessari upphæð, og að launin öll, stofnlaun og dýrtíðaruppbót eru ekki að raunverulegu verðmæti nema 63—69%, eða um ⅔ af því, sem þau ættu að vera.

Ef þetta er borið saman við það, sem áætlanir og búreikningar sýndu, ber hvorttveggja mjög að sama brunni. Lægstu launin verða þrátt fyrir það mjög lág, en hærri launin komast upp í 10—14 þúsund krónur í hámarki. T. d. yrðu laun prófessora 8685—11580, en frá því dragast svo lögboðin tryggingargjöld.

Aths. Það mun fullmikið, að ætla 8% fyrir lífeyrissjóðsgjaldi og ekkjutrygging, og lægi nær að áætla það milli 6% og 7%. Kemur þá út vísitalan 90. Þetta haggar mjög lítið útreikningunum. — En svo er á það að líta, að það er í raun og veru ófullnægjandi, að reikna lífeyrissjóðsgjaldið þegar meta skal það, hvers embættismenn mistu, er eftirlaun voru aftekin, því að þau voru, að minsta kosti í ýmsum tilfellum, talsvert ríflegri en styrkur sá, sem embættismönnum er nú ætlaður úr lífeyrissjóði. Það mun því ekkert of í lagt, að reikna með vísitölunni 93.

Önnur atriði sem koma til greina við útreikning launa.

Hjer hefir nú ekki verið tekið tillit til annars en þess, hvað embættismenn þurfa raunverulega til þess að komast af, og eru þá eftir þau önnur atriði, sem talin voru af launamálanefndinni. En eins og áður var sagt, mundu starfsmenn ríkisins sennilega hætta að kvarta, ef laun þeirra væru ákveðin þannig, þótt ekkert tillit væri tekið til þeirra atriða.

1. *Námskostnaður* embættismannaefna hefir verið áætlaður um 10000 krónur árið 1917, og er þá bæði reiknaður kostnaður og atvinnu-

tap. Ef þessi kostnaður á að endurgreiðast embættismanninum á 30 árum með 6% í vexti, verða það á ári kr. 726.00. Sjálfsagt mætti fá nokkurnveginn nákvæmar skýrslur um námskostnað nú, ef í það væri gengið. En það mun óhætt að segja, að námskostnaður er ekki minni en þetta, þó að frá sje dreginn sá litli styrkur, sem námsmenn fá til uppjafnaðar.

2. *Lífeyrir* embættismanna er reiknaður með hjer að framan og þarf því ekki að ræða frekar um þann lið. En þó má óhætt fullyrða, að sá lífeyrir dugar engum manni neitt nálægt því. Menn verða að leggja fram allmikla peninga árlega í aukatrygging, og bætist það þá við þau laun, sem embættinu ber að fá eftir áliti nefndarinnar.

3. Tillitið til ábyrgðar og vanda embættisins er nokkuð óákveðið hugtak. Ýms af embættum ríkisins eru með ábyrgðar- og vandamestu stöðum í hverju landi, og ættu launin fyrir þau störf að vera með þeim hæstu í landinu. Að tala um slíkt mun vera kallað draumórar, og í raun og veru hugsar enginn hærra en það, að hann hafi í þær þarfir, sem að honum kalla.

4. Loks er samanburðurinn við kjör manna í öðrum atvinnugreinum. Þessi samanburður er mjög mikilvægt atriði í launamálinu og það svo, að telja má hliðstætt því, sem hjer hefir verið lögð aðaláhersla á: að ákveða þurftarlaunin. Því að hvaða laun, sem embættismönnum eru ákveðin, þá er það víst, að ríkið verður að keppa um mennina „á frjálsum markaði", ef svo mætti að orði kveða.

Þessi sannleikur virðist flestum vera augljós nema ríkinu. Þar sem um veruleg vanda- og ábyrgðarstörf er að ræða, sýnir reynslan, að hátt kaup er eina leiðin til þess að fá góða menn í þær stöður. Hátt kaup er að vísu ekki einhlítt ráð, en það er óhjákvæmilegt.

Það sem villir mönnum sýn í þessu efni, að því er til embættismanna kemur, er það, að mönnum virðist ekki ljóst, hve bág kjör embættismenn búa við. Það er frá fornu fari einhver lotningarhula yfir „embættunum", og það er búið að raula svo lengi þetta lag, að embættismenn sitji í einhverjum sælureit, að þessi skoðun er nokkra stund að hverfa. Annað mun og valda, en það er sú staðreynd, að sakir hins afar langa og erfiða undirbúnings, verða menn að byrja á honum ungir. Og þá er það oft, að menn vita lítið hvað þeir eru að ganga út í. Fávísir foreldrar halda, að hjer sje um eitthvað mikið að ræða. Auk þess teygir það marga út á þessa braut, að þá langar til að mentast, en hugsa lítt eða ekki um, hvað fyrir þeim liggur að loknu námi. En þó að þetta verki seint, þá verkar það áreiðanlega alveg örugt er fram í sækir: Í embætti ríkisins fást ekki *góðir menn*, nema stöðurnar sje eins lífvænlegar að öllu samtöldu eins og það, sem menn geta vonast eftir með því að ganga inn á aðrar brautir.

Hjer verða nú taldar nokkrar stöður og laun þau, sem fyrir þau störf eru greidd. Sumar þessar stöður eru mjög hliðstæðar embættum um vanda og ábyrgð, sem þeim fylgir, en fullyrða má, að í engar þeirra er meiri þörf góðra manna en sum embætti ríkisins.

Landsverslanirnar (Ríkisgjaldanál.).

Forstjóri áfengisverslunar	kr.	18000.00
Skrifstofustjóri	—	8400.00
Fjehirðir og einn skrifstofumaður	—	7200.00
3 menn	—	5400.00
1 afgreiðslumaður	—	4800.00
1 stúlka	—	4200.00
Forstjóri landsverslunar	—	12000.00
Útbússtjóri á Akureyri	—	13912.00
Bókari	—	8400.00
Fjehirðir	—	7200.00
1 afgreiðslumaður	—	6600.00
o. s. frv.		

Síldareinkasalan.

1 forstjóri, að því er sagt er	—	15000.00
2 forstjórar	—	12000.00

Yfirmenn á milliferðaskipum (ríkisgjaldanál.).

5 skipstjórar á milliferðaskipum hafa	—	112000.00
(Togaraskipstjórar hafa eftir tekjuskatti þeirra að dæma talsvert hærri tekjur).		
2 skipstjórar á varðskipum hafa 6500—8000 kr. auk dýrtíðaruppbótar.		
Fyrstu stýrimenn um	—	7500.00
Aðrir stýrimenn	—	6000.00
Fyrstu vjelstjórar tæpl.	—	10000.00
Aðrir vjelstjórar 7400	—	8000.00

Forstjóri Eimskipafjelags Ísl. (Ríkisgjaldanál.) — 16800.00
(auk þess ókeypis húsnæði).

Landsbankinn.

3 bankastjórar 15000.00 kr. að viðbættri dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni alt að 24000 kr. Aðalbókari og aðalfjehirðir höfðu að lögum kr. 5000—6500 og fjehirðir 4500—6000 kr. og fjehirðar að auki mistalningarfje, samt. 5000 kr. Af þessu var svo greidd dýrtíðaruppbót bankans, sem var ⅓ hærri en starfsmanna ríkisins. Nú eru laun þeirra, eins og annara starfsmanna bankans, ákveðin af bankaráði.

Starfsmenn bankanna munu nú hafa svipuð laun eins og embættismenn. Þeir best launuðu svipað og betri embættin og þeir lægst launuðu líkt og prestar. Auk þess ⅓ hærri dýrtíðaruppbót.

Íslandsbankastjórar.

Ríkisgjaldanefnd hefir það „eftir ómótmæltum sögnum", að laun þeirra hafi verið 1926:

1 bankastjóri	kr.	40000.00
2 bankastjórar (stjórnskipaðir)	—	24000.00

Síðan er sagt að laun þessi hafi verið talsvert lækkuð, en munu samt vera langt fyrir ofan öll embættislaun.

Bankaeftirlitsmaður hefir 10000 kr. auk dýrtíðaruppb. af öllum launum.

Reykjavíkurbær.

Bærinn borgar dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og ríkið, en hefir nú haldið sömu uppbót og í fyrra, 40%. Borgarstjóri hefir uppbót á öllum sínum launum (12000).

Borgarstjóri	—	16800.00
Bæjargjaldkeri	—	7800.00
Skrifstofustjóri	—	6160.00
Bæjarverkfræðingur	—	9000.00
Byggingarfulltrúi	—	6800.00
2 bókhaldarar tæpl.	—	5000.00
Lóðamælingamaður	—	6000.00

Laun við allar þessar stöður hafa verið ákveðin nýlega, með núverandi ástæður fyrir augum. Það er því engin ástæða til þess að efast um, að þau sjeu mjög hæfileg, miðuð við það eitt, að hægt sje að fá góða menn í vandasamar stöður og ábyrgðarmikil störf, og að þeim sje gert mögulegt að gefa sig óskerta að þessum störfum, eftir því sem þau útheimta. Enda eru launin í þessum stöðum mjög í samræmi við það, sem hjer hefir að framan verið sýnt, að menn þurfa til þess að komast af við sæmilega lífnaðarháttu.

Þess má geta, að mönnum þeim, sem vinna í bönkum eða skrifstofum, er yfirleitt miklu opnari leið út í ýmsar aðrar lífsstöður og til sjálfstæðs atvinnurekstrar en algengt er um embættismenn. Störf þeirra eru svo skyld. En aftur á móti eru störf flestra embættismanna mjög óskyld venjulegum störfum atvinnurekenda. Þess vegna verður mörgum fyrirtækjum gott til manna, jafnvel þótt kaup sje ekki sjerlega hátt, því að þeir taka störfin þá að sjer til bráðabirgða og loka að minsta kosti ekki fyrir sjer neinum möguleikum til frekari frama og betri launa með því að vinna um stund að þeim, heldur oft þvert á móti.

Flestar þær stöður, sem hjer hafa verið taldar, mega teljast h. u. b. eins vissar og öruggar eins og embætti. Reynslan sýnir, að allir geta mist stöður sínar, embættismenn eins og aðrir, án saka, við það að breytt er lögum eða skipulagi.

Samanburður þessi sýnir, að *enn ber að sama brunni um það, hve há launin þurfa að vera* til þess að hæfilegt sje. Ef lagt er til jafns:

að embættin mega teljast enn öruggari (ef menn vilja halda því fast fram) og

að embættin á hinn bóginn krefjast lengri og dýrari undirbúnings, og eru óaðgengilegri sakir þess, hve ver menn standa að vígi að afla sjer annarar stöðu, ef þau bregðast,

þá ættu þessi laun að sýna, hvaða laun eru hæfileg í ábyrgðarmestu embættum landsins. *Það er með þeim viðurkent á síðari árum, að 10—18000 krónur og jafnvel hærra þurfi að borga til þess að geta valið hæfa menn í slíkar stöður.*

Um kaupgreiðslu við önnur einkafyrirtæki en þau, sem hjer hafa verið nefnd, er ekki hægt að ræða hjer verulega. Nokkur fyrirtæki hafa samt góðfúslega gefið upplýsingar um þetta, og sýna þær yfirleitt, að þar er *gerður meiri munur* á launununum. Þar er víða greitt lágt fyrir vandaminni störf, enda það oft störf, sem menn ganga inn í svo að segja af götunni. En fyrir stjórn fyrirtækja og veruleg ábyrgðarstörf er borgað talsvert ríflegra kaup en þekkist meðal embættismanna. Og þó una flestir færustu mennirnir ekki í þessum stöðum, heldur gerast sjálfir atvinnurekendur, og margir þeirra hafa mjög góða aðstöðu til þess að afla sjer tekna án þess að vanrækja starf sitt eða skaða húsbónda sinn að neinu leyti.

Loks má geta þess, *að starfsmenn ríkisins eru líklega einu mennirnir, sem urðu allir að taka móti verulegri launalækkun um síðustu áramót,* þrátt fyrir sín ljelegu laun.

Reykjavíkurbær, sem hefir annars fylgt ríkinu um launaákvarðanir og dýrtíðaruppbætur, sá sjer ekki fært að láta þessa launalækkun bitna á starfsmönnum sínum, og hjelt dýrtíðaruppbótinni kyrri (40%). Stofnanir, sem hafa þessa launagreiðsluaðferð (laun og dýrtíðaruppbót) hafa ýmist látið hana standa kyrra, eða þá yfirleitt hækkað stofnlaun, svo að aðalupphæðin hefir haldist eða hækkað. Kaup sumra hefir hækkað, t. d. prentara. Það hækkaði um síðustu áramót um 10½%. Prentarar hafa dýrtíðaruppbót eftir *óskertri* búreikningsvísitölu Hagstofunnar, og *þó hækkaðri* fyrir því, að í búreikningsvísitölu Hagstofunnar er húsaleiga reiknuð eftir áætluðum byggingarkostnaði, en því hefir verið haldið fram, og mun vera rjett, að húsaleiga sje hærri en sem því svarar. Prentarar fá því *uppbót nú sem svarar vísitölu 238,* en búreikningsvísitalan er 226 (okt. 28). *Uppbót þeirra er því nú 138%.* Hásetar og kyndarar á Eimskipafjelagsskipunum hafa nú nýlega, meðal annars fyrir atbeina stjórnarinnar, fengið hækkun á kaupi, sem mun nema um 15%. Enn er óafgert um kaup háseta á togurum, en bersýnilegt er orðið, að þar verður um hækkun að ræða, en aðeins óafgert, hve há hún verður. Þetta sýnir alt, hve mikið öfugstreymi er í því, að embættismenn, sem að sumu leyti eru lakast settir, verða einir að sætta sig við *lækkun.* Verkamannakaup (Dagsbrúnartaxti) hefir hækkað síðan fyrir stríð úr 35 a. um tímann, og eitthvað lítið hærra í eftirvinnu, upp í kr. 1,20

um tímann fyrir dagvinnu kl. 6—6, kr. 2,00 um tímann fyrir eftirvinnu kl. 6—10 og kr. 2,50 fyrir næturvinnu og helgidagavinnu. Hjer hefir ef til vill verið mest þörf hækkunar, en hún mun líka vera hjer lang mest, og jafnar sig líklega með h. u. b. 300%.

Laun embættismanna í Danmörku.

Til samanburðar launum hjer og tillögunum hjer að framan er best að athuga launakjör í Danmörku.

Laun embættismanna í Danmörku þykja ekki há. Þó er svo mikill munur á þeim og embættislaunum á Íslandi, að nema myndi alt að helmingi.

Samkv. l. nr. 126, 27. júní 1927 er veitt þrennskonar uppbót á embættislaunum í Danmörku: 1) Stedtillæg, sem er kr. 495 fyrir Kaupmannahöfn, því næst 450 fyrir nokkra bæi og lækkandi þannig. 2) Dyrtidstillæg, jafnt á öll laun, kr. 702 fyrir kvænta menn. 3) Konjunkturtillæg, sem hækkar með launaupphæðinni. Það er t. d. á 1500 kr. 531 kr., á 4000 kr. 651 kr., en verður hæst 1113 kr. á 10400 króna laun og þar yfir.

Í töflunni hjer á eftir eru tilgreind laun nokkurra embættismanna af handahófi, sem helst má telja nokkurn veginn sambærilega við íslenska embættismenn.

Kunnugir segja, að munurinn á dýrtíð hjer og í Danmörku sje meiri en gengismunur myntanna og mætti því telja laun danskra embættismanna hærri í samanburði við íslenskra en hjer er gert.

Auk þess hafa þeir talsvert aðgengilegri eftirlaunakjör. Þeir borga að vísu í ríkissjóð eftirlaunagjald, en þar er ekki um neinn lífeyrissjóð að ræða, heldur beinlínis eftirlaun, sem nema miklu meiru en gjaldið hrekkur fyrir.

Embætti:	Stofnlaun d. kr.	Laun + uppb. d. kr.	Reiknuð í íslenskum kr.
Deildarstjórar (stjórnard.) ..	11400	13710	16700
Skrifstofustj. stjórnarr.	7800	9855	12000
Fulltrúar, bókarar, gjaldk. ..	4800—5700	6664—7629	8000—9000
Ritarar í stjórnarr.	3120—4200	4923—6048	6000—7300
Generaldirektör póstmála ...	12600	14910	18000
Deildarstj. við póst (2)	11400	13710	16700
Deildarstj. við síma (3)	10500	12810	15600
Póstmeistari í Khöfn ..... Símastjóri í Khöfn	8700	10851	13000
Póstritarar	3120—4200	4923—6048	6000—7300
Form. heilbrigðismála (má ekki praktisera, og fær því 2100 kr. uppbót)	11400+2100 = 13500	15810	19000
Forseti hæstarjettar	15000	17310	21000
Hæstarjettard. o. fl. dómarar	11400	13710	16700
Ríkisskjalavörður ..... Ríkisbókavörður ..... Háskólabókavörður	9600	11751	14000
Skjala og bókaverðir	5100—6900	7000—8874	8500—10800
Undir skjala- og bókaverðir	3130—5280	4923—7179	6000— 8700
Prófessorar	7800—9600	9855—11751	12000—14000
Dócentar	4500—6300	6368—8229	7700—10000
Veðurstofustjórar	8700	10851	13000
Rektorar (33)	7800—9000	9855—11151	12000—13600
Aðjunktar	3480—5640	5313— 7569	6400—9200
Sjálandsbiskup (risna 1800)	12600(+1800)	14910	18000(+2180)
Aðrir biskupar (risna 1200)	11400(+1200)	13610	16600(+1460)

Tillögur.

1. *Aðaltillaga:* Launalögin sje endurskoðuð og laun starfsmanna ríkisins ákveðin þannig, að þau sje sem næst hækkuð um 93%, en dýrtíðaruppuppbót falli niður. Þó mætti hafa ákvæði um hækkun eða lækkun launa, ef dýrtíðarvísitala hreyfist til muna.
2. *Varatillaga:* Dýrtíðaruppbótin verði ákveðin 51% frá áramótum 1928—29. Þessi upphæð greiðist af allri launahæðinni án allra takmarkana.
3. *Þrautavaratillaga:* Nefnd verði skipuð til þess að rannsaka launamálið milli þinga og gera um það tillögur. Þessa tillögu mætti og setja í samband við varatillöguna.

Greinagerð.

Aðaltillagan er miðuð við ástæður þær, sem færðar hafa verið fram hjer að ofan. Eftir því sem næst verður komist, á að bæta launin upp með 93% til þess að þau geti heitið lífvænleg. Af því að varla þarf að gera ráð fyrir neinum verulegum breytingum í verðlagi, er rjettast að hætta dýrtíðaruppbótinni og ákveða launin öll sem stofnlaun.

Ef menn eru hræddir við þetta, er auðvelt að setja ákvæði um breytingar eftir sömu búreikningsvísitölu, sem hækka eða lækka launin, ef sú vísitala hreyfist t. d. um 5% eða meira.

Auðvitað mætti líka jafnframt setja ákvæði um staðaruppbót, en það þarf mikinn undirbúning, sem ekki hefir enn farið fram.

Varatillagan er miðuð við það, að haldið sje sama útreikningi dýrtíðaruppbótarinnar eins og nú er gert, en takmarkanirnar afnumdar. Greiðist uppbótin þá óskert af allri launahæðinni í stað ⅔, svo að verðstuðullinn 51% fær að haldast. Auk þess eru afnumdar þær hömlur, að ekki megi greiða dýrtíðaruppbót af hærri upphæð en 3000 (4500) krónum, og að laun og dýrtíðaruppbót samanlagt megi ekki samtals nema meiru en ákveðinni upphæð (í flestum tilfellum 9500 krónur).

1. Þetta er sjálfsagt, þegar hætt er að miða við sjerstakt neyðarástand. Hlutfallið milli launanna í launalögunum er yfirleitt mjög sannsýnilegt og hóflegt, og nær engri átt að rugla það hlutfall eins hroðalega og gert er með hámarksákvæðunum, nema þá í svipinn sem hallærisráðstöfun.

2. Hámarksákvæði þessi voru afsakanleg, þegar alt var í lausu lofti um verðlag. Dýrtíðaruppbótin gat komist upp í 200—300% eða hærra, það gat enginn sagt um, og þingið varð því að setja einhverjar ákveðnar hömlur. Nú er þessu alls ekki lengur til að dreifa. Nú má annaðhvort ákveða launin föst eða dýrtíðaruppbótina, og jafnvel þótt dýrtíðaruppbótin væri látin vera hreyfanleg, er það á allra vitorði, að engar líkur eru til verulegra verðbreytinga, fremur en á venjulegum tímum.

Þá er að athuga, hverju þessar hækkanir muni nema. Er hjer birt skrá yfir alla þá, sem laun tóku eftir launalögunum árið 1928, svo og barnakennara.

Laun embættismanna 1928.

	Föst laun.	Dýrtíðaruppbót.
Stjr. (21)	92400.00	28800.00
Ríkisfjeh. (1)	4500.00	1800.00
Hagst. (2)	9800.00	3320.00
Hæstirjettur (3)	26000.00	5400.00
Sýslum. og bæjarf. (19) .	97100.00	34080.00
Fangav. (1)	2800.00	1120.00

	Föst laun.	Dýrtíðaruppbót.
Læknar (50)	182100.00	71840.00
Forst.m. spítala (3)	15000.00	5400.00
Póstmenn (24)	67800.00	26080.00
Ritsíminn (125)	221100.00	88340.00
Vegamál (2)	10100.00	3440.00
Vitam. (8)	15100.00	5440.00
Biskup (1)	7000.00	1800.00
Háskólinn (14)	72000.00	23000.00
Mentask. (13)	55500.00	20960.00
Gagnfr.sk. Ak. (5)	18200.00	7280.00
Kennarask. (4)	14000.00	5600.00
Stýrim.sk. (3)	10000.00	4000.00
Vjelstjórask. (2)	6400.00	2560.00
Hólask. (3)	7200.00	2880.00
Hvanneyrarsk. (3)	6600.00	2640.00
Eiðask. (3)	7600.00	3040.00
Málleysingjask. (2)	3500.00	1400.00
Fræðslumálastj. (1)	4000.00	1600.00
Landsbókasafn (5)	14500.00	5200.00
Ríkisskjalasafn (1)	4800.00	1800.00
Þjóðminjasafn (1)	5500.00	1800.00
Skógrækt (3)	6800.00	2720.00
Dýralæknar (3)	10850.00	4340.00
Húsameistari (1)	5600.00	1800.00
Fiskimatsm. (5)	12000.00	4800.00
Prestar (109)	297700.00	118280.00
Samtals kr.	1313550.00	kr. 492560.00

Ríkissjóðshluti af kennaralaunum (½ laun, aldursuppbót og dýrtíðaruppbót)

½ laun	Aldursuppbót	Dýrtíðaruppb.
113089.13	55000	132554.71.

Við þessar upphæðir má svo bæta h. u. b. 200.00 krónum, sem dýrtíðaruppbót er greidd af utan launalaga, embættislaun, þingfararkaup, styrkir, sem uppbót er greidd af, hreppstjóra- og ljósmæðralaun og gjöld samkv. 18. gr. fjárlaganna. Má þá sjá aukann af þessari töflu:

	1928	áætl. 1929	93%	51%
Dýrtíðaruppbót skv. launal.	492560	433472	1221602	669911
Dýrtíðaruppbót af öðrum greiðslum	80000	68000	186000	100200
Samtals	572560	501472	1407602	770111

Hækkunin nemur því:
Með 93%: miðað við 1928 kr. 835042. Miðað við 1929 kr. 906130
— 51%: — — — — — 197551. — — — — 268639

Um barnakennara gilda, eins og kunnugt er, aðrar reglur en starfsmenn ríkisins alment. Byrjunarlaun þeirra greiðast aðeins að ½ úr ríkissjóði, en aldursviðbót öll og dýrtíðaruppbót. Væri því launalögunum breytt þannig, að dýrtíðaruppbót fjelli niður, en stofnlaun væru hækkuð, er ómögulegt að segja með vissu, hvað tilsvarandi hækkun sem þessi myndi nema fyrir ríkissjóð. En ef sömu reglur gilda og nú, og dýrtíðaruppbótin er hækkuð í 51%, nemur sú hækkun, miðað við 1929, h. u. b. *48000* krónum.

Nd. 59. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., felst á efni þess og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. mars 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. og frsm. Ólafur Thors, með fyrirvara.
Jóhann Þ. Jósefsson. Magnús Torfason.

Nd. 60. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 1. mars 1929.

Þorleifur Jónsson, form. Ingólfur Bjarnarson, skrifari og frsm. Pjetur Ottesen.
Jón Ólafsson. Jón Sigurðsson. Bjarni Ásgeirsson. H. Guðmundsson.

Nd. **61. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Ólafi Thors.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Aftan við A. 6 komi:
Vegurinn frá Keflavík um Útskála til Sandgerðis.

Nd. **62. Tillaga**

til þingsályktunar um útflutning hrossa.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við skipafjelögin, sjerstaklega Eimskipafjelag Íslands, um lækkun á flutningsgjaldi á útfluttum hrossum, og ennfremur að beita sjer fyrir því, að Þjóðverjar lækki toll á smáhestum (ponies).

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir verð á íslenskum hrossum lækkað mjög mikið á erlendum markaði nú síðustu árin. Útflutningskostnaðurinn er hinsvegar svo hár, að hann nemur alt að þriðjungi söluverðs erlendis, og það sem verra er, að skipafjelögin neita stundum að flytja hross út þegar verst gegnir, seinni hluta sumars. Þar sem það mun alment viðurkent, að fækka beri hrossum í flestöllum sveitum landsins, er afarnauðsynlegt, að ekki taki fyrir útflutning, en að því getur rekið, ef útflutningsgjaldið lækkar ekki.

Þar sem nú Eimskipafjelags Íslands er allmjög upp á stjórn og þing komið, virðist einsætt, að komast mætti að samningum við það um lækkun flutningsgjalds, einkanlega þegar lítið er um annan flutning, eins og alltítt mun, einkum um miðsumarið.

Árið 1927 var jeg nokkurn tíma í Þýskalandi og kynti mjer sölumöguleika á smáhestum, sendi síðan sýnishorn, sem seldist mjög sæmilega. Á smáhestum er þar allhár tollur, en ýmsir Þjóðverjar, er jeg talaði við og kunnir voru hestaverslun, töldu líklegt, að lækkun mundi fást á tollinum. Jeg mintist á málið við sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, og tók hann vel og vinsamlega í að leita samninga um þetta, en síðan hefi jeg ekki heyrt um það mál. Fengist veruleg lækkun á tolli, vona jeg fastlega, að selja mætti eitthvað af hrossum í Þýskalandi.

Nánar í framsögu.

Ed. **63. Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða gæti verið stunduð í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.

7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **64. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júlí 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frv. Meiri hlutinn (M. T., Gunn. S. og H. V.), álitur frv. til góðra bóta frá því, sem nú er, og fellst á það með lítilsháttar breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu, en minni hlutinn (M. J. og H. K.) mun vera á móti því og kemur með sjerstakt nefndarálit.

Það er tillaga meiri hlutans, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. Á eftir orðinu »vorhreppaskilaþingi« komi: Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á.
2. Við 13. gr. Fyrsta málsgrein 13. gr. orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt er tala þeirra hrekkur.

Alþingi, 28. febr. 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Magnús Torfason.

Nd. **65. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 29. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og greinargerð frv. ber með sjer, leggur stjórnin frv. þetta fyrir þingið til staðfestingar samhljóða bráðabirgðalögum, er út voru gefin 19. júlí síðastliðinn.

Ástæðan til þess, að bráðabirgðalögin voru út gefin, var sú, að ákvæði eldri laga þóttu tvíræð, svo að eigi hafði verið fult samræmi í framkvæmd þeirra.

Nefndin hefir fallist á að mæla með, að frv. þetta verði samþykt, en þó hafa einstakir nefndarmenn áskilið sjer rjett til þess að bera fram breytingartillögur.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 1. mars 1929.

Halldór Stefánsson, form. Hannes Jónsson, fundaskr. Ásgeir Ásgeirsson.

Jón A. Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson. Ólafur Thors, frsm. Sig. Eggerz.

Nd. **66. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Sigurði Eggerz.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Aftan við 2. gr. B. 4 kemur nýr töluliður:

Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Borðeyri.

Nd. **67. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Fyrirsögnin á II. kafla laganna: »Um framfærslusveit« breytist í: Um framfærslurjett.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Ríkið alt er sameiginlegt framfærslufjelag, og á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í dvalarsveit sinni.

3. gr.

21. gr., 22. gr., 23. og 24. gr. falli burtu.

4. gr.

Á eftir 20. gr. komi ný gr.:

Danskir ríkisborgarar, heimilsfastir hjer á landi, eiga sama framfærslurjett sem íslenskir ríkisborgarar, meðan þeir dvelja hjer. Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurjett hjer á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararjett.

5. gr.

25. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr. og 30. gr. falli burt.

6. gr.

31. gr. orðist svo:

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslurjett í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

7. gr.

32. gr. orðist svo:

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu íslensks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komist hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

8. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það

er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

9. gr.

43. gr. orðist svo:

Styrkur úr sveitarsjóði skal ekki afturkræfur af styrkþega, ef ástæðurnar til styrkveitingar eru: Elli eða ómegð styrkþega, heilsuleysi eða slys hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða atvinnuleysi hans.

Styrkur skal talinn veittur:

a. Vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára að aldri.
b. Vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, er karlmaður á í hlut, en 1 barn skal talið ómegð, er kona á í hlut.
c. Vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar með vottorði læknis eða tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða heilsuleysi hafi gert hann, eða fleiri en einn, sem hann hefir á skylduframfæri, ófæran til vinnu 3 mánuði í senn.
d. Vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki vísað styrkþega á vinnu, sem hann geti haft sjer og sínum til lífsviðurværis.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um sveitarstyrk, sem áður hefir verið veittur.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, hvenær sem er.

10. gr.

Fyrirsögnin á V. kafla: »Viðskifti sveitarstjórna« breytist í: Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

11. gr.

52. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit hans.

12. gr.

Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. febrúar næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að þriðjungii eftir íbúatölu, að þriðjung eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitum í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkvæmt þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

13. gr.

53. gr. breytist svo:

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Áður en sveitarstyrkur er veittur, skal — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrsla um þessi atriði.

b. 1. liður orðist þannig:

Nafn, fæðingarstað og aldur þurfamannsins.

c. 2. liður falli burt.

14. gr.

54. gr., 55. gr., 56. gr., 57. gr., 58. gr., 59. gr., 60. gr., 61. gr., 62. gr., 63. gr. og 64. gr. falli burt.

Greinargerð.

Endurskoðun sú, sem fram fór á fátækralögunum árið 1927, sneið ekki af þeim verstu gallana. Enn er það komið undir ályktun meiri hluta pólitiskra bæjar- og sveitarstjórna, hvort menn, sem af ýmsum þeim óviðráðanlegum ástæðum hafa orðið að þiggja sveitarstyrk, hafi kosningarrjett. Enn eru þeir, sem orðið hafa að þiggja sveitarstyrk, oftsinnis hraktir landshornanna á milli á sveitarflutningi, og enn eru sveitarþyngslin svo mismunandi í sveitum og bæjum, að sumstaðar liggur við, að þau sligi sveitirnar, en annarsstaðar eru þau nær engin. Það mun vera viðurkent af flestum, að fátækralögin sjeu, eins og þau nú eru, mjög ranglát gagnvart þeim, sem hjálpa á, og einnig kemur mikið misrjetti fram milli sveitanna innbyrðis. Frv. þetta er fram komið til þess að ráða bót á helstu göllunum.

Rjettlátasta fyrirkomulagið er að gera alt landið að einu framfærsluumdæmi. Ekki virðist nauðsynlegt að gera svo mikið rask á skipan þessara mála nú í bili, að taka allan fátækrastyrk úr ríkissjóði og láta stjórnarvöld ríkisins úthluta honum. Sveitarstjórnir og bæja geta eftir sem áður sjeð um þessi mál og fátækrastyrkur verið tekinn úr bæjar- og sveitarsjóðum, ef svo er um búið, að hver maður geti styrk fengið, þar sem hann dvelur. Dvalarsveit verði framfærslusveit, en af því leiðir, að fátækraflutningur hverfur, og hinsvegar, að fátækrastyrknum verði jafnað niður, svo að einstök sveitarfjelög verði ekki svo illa úti sem nú getur orðið.

Um 1.—8. gr.

Þessar breytingar stafa allar af því að dvalarsveit er gerð að framfærslusveit.

Um 9. gr.

Hjer er svo ákveðið, að þeir, er af sveit þiggja vegna elli, ómegðar,

slysa, heilsuleysis eða atvinnuleysis, sjeu ekki skyldir til að endurgreiða styrkinn, og eru svo greinileg ákvæði um þetta, að ekki þarf að leggja það undir dóm sveitarstjórnar, sem oft getur verið litaður af pólitiskum flokkum.

Þá er og sveitarstjórn heimilað að gefa upp þeginn sveitarstyrk, hvenær sem er, en áður þurfi ekki að hafa liðið 2 ár, enda virðist sú tímatakmörkun aðeins hafa verið gerð til þess að draga úr möguleikum þeirra, er af sveit hafa þegið, að fá atkvæðisrjett.

Um 10.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Hjer er kveðið svo á, að atvinnumálaráðuneytið athugi fátækrakostnað í hverri sveit og jafni niður þeim kostnaði, sem er umfram meðaltal, á þær sveitir, sem hafa minna en meðaltal fátækrakostnaðar, eftir efnum og ástæðum, og virðist muni vera rjett að dæma um það eftir fasteignamati samanlögðu, skuldlausum eignum og íbúatölu í hverri sveit. Er auðvelt að reikna þetta út og koma þannig sæmilegu rjettlæti á.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Fátækraflutningur legst niður af sjálfu sjer, ef frumvarpið verður samþykt, og falla því þær greinar niður úr fátækralögunum, sem fjalla um hann og reiptog hreppanna um framfærslusveit.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Í Vestmannaeyjum skal vera ungmennaskóli, þar sem þeim, sem lokið hafa fullnaðarprófi barna, er gefinn kostur á að fá frekari kenslu í bóklegum og verklegum efnum.

2. gr.

Skólanefnd Vestmannaeyja hefir yfirstjórn skólans, en bæjarstjórn fjárreiður hans. Skólanefnd semur reglugerð um tilhögun kenslunnar, sem síðan skal lögð fyrir yfirstjórn fræðslumálanna til samþyktar.

3. gr.

Stofnkostnað skólans greiðir ríkið að tveim fimtu hlutum, en bæjarfjelagið að þrem fimtu. Í skólahúsi skal, auk venjulegra kenslustofa fyrir 40—50 nemendur, vera vinnustofa og kennaraíbúð. Teikningu af skólahúsi skal bera undir yfirstjórn fræðslumála til samþyktar.

4. gr.

Árlegur ríkissjóðsstyrkur til skólans skal vera:

1. 75% af launum skólastjóra og tveggja kennara, þó eigi af hærri launum en ákveðin eru í lögum um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919, 26. grein.

2. 50% af andvirði keyptra kensluáhalda og bóka handa skólanum.

Að öðru leyti greiðir bæjarsjóður skólakostnaðinn.

5. gr.

Í skólanum skal kenna almennar hagnýtar námsgreinar, og skal sjerstakt tillit tekið til atvinnuhátta skólahjeraðsins að minsta kosti í einni deild skólans. Áhersla skal lögð á verklega kenslu og yfirleitt alt það, sem ætla má, að unglingunum komi að gagni síðar.

Nánar skal ákveða í reglugerð skólans um kenslugreinar og þann tilgang, sem ætlast er til að náð sje í hverri grein.

Kensla skal í hvívetna miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd.

6. gr.

Námstiminn skal vera 3 ár.

Árlegur kenslutími skal vera að minsta kosti 6 mánuðir.

7. gr.

Um próf skal ákveða í reglugerð.

8. gr.

Rjett til upptöku í skólann hafa allir þeir, sem staðist hafa fullnaðarpróf barna, hafa óspilt siðferði, en engan næman sjúkdóm, sem orðið gæti öðrum nemendum skaðvænn.

9. gr.

Hjeraðslæknir skal líta eftir heilsufari nemenda og kennara og öllum hollustuháttum skólans.

10. gr.

Hafa má kvöldskóla í sambandi við skólann, sem sje miðaður við það, að vinnandi fólk geti haft not af honum.

11. gr.

Yfirstjórn fræðslumálanna ákveður, hversu há skólagjöld megi vera, að fengnum tillögum skólanefndar og bæjarstjórnar.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú hin síðari ár, eða síðan 1920, hefir verið haldið uppi kenslu í Vestmannaeyjum fyrir þá, sem að loknu barnaskólanámi hafa óskað eftir frekara námi. Fyrstu 3 árin hjelt skólastjóri herra Páll Bjarnason uppi þessum vísi til unglingaskóla með aðstoð hinna kennaranna við barnaskólann. Bærinn ljeði skólahúsið, að öðru leyti var enginn styrkur veittur, og skólagjöld hrukku lítt fyrir kostnaði.

Haustið 1923 tók bæjarfjelagið skólann að sjer, fjekk hann þá reglugerð staðfesta af stjórnarráðinu. Síðan hefir skólinn verið rekinn með svipuðu sniði og áður. Hefir einn fastur kennari verið til hans ráðinn, en að öðru leyti verið bjargast við tímakenslu.

Framan af fór kenslan aðeins fram að haustinu til og hætti um jól, en skólatíminn var lengdur í fyrra til marsmánaðarloka.

Aðsókn að skólanum hefir verið nokkuð breytileg, en þó með besta móti síðastliðið haust.

Þeir, sem kunnugleika hafa bestan, telja, að það sje sýnt, að gera þurfi skólann miklu betur úr garði en nú er, bæði með húsnæði og kenslukrafta, til þess að hann fullnægi kröfum þeirra, er vilja afla sjer hagnýtrar framhaldsmentunar að loknu barnaskólanámi, án þess að ganga í hina æðri skóla.

Til þess nægir ekki minni skóli en farið er hjer fram á.

Með tilliti til fólksfjölda í Eyjum má ekki minna vera en rúm sje fyrir alt að 50 nemendur.

Upptalningu á námsgreinum þótti ekki þörf að setja í frv., en gert er ráð fyrir, að ákvæði um námsgreinar o. fl. sjeu síðar sett með reglugerð, ef frv. þetta nær fram að ganga.

Á það skal bent, að taka verður fult tillit til staðhátta, bæði að því er námsgreinar snertir og ýmislegt annað skóla þessum viðvíkjandi, því ekki er við því að búast, að hann sæki aðrir en þeir, sem heima eiga í Eyjunum. Er þess því sjerstök þörf, að við val námsgreina og tilhögun kenslu, einkum verklegrar, sje fult tillit tekið til atvinnulífsins á staðnum og áhersla lögð á kenslu þeirra fræða og þá verklegu kenslu, sem geti komið unglingum á þessum stað að sem mestu gagni í lífinu.

Nd. **69. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Halldóri Stefánssyni og Sveini Ólafssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Á eftir D 4 í 2. gr. laganna komi nýr tölul.:
Unaósvegur, frá Eyvindarárbrú út Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá, um Eiða og Hjaltastað, að Óshöfn.

Ad. **70. Frumvarp**

til laga um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að kallast tannlæknir og fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi, eða á annan hátt aflað sjer álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla sig tannlækna nje starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi tannlækningar, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem talið er gilt af heilbrigðisstjórn.

Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækningaleyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að kalla sig tannlækni og fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar og kalla sig tannlækna, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

Nd. **71. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda.

Frá allsherjarnefnd.

Tilgangur frv. þessa mun vera sá, að sporna við eyðslu, er fylgir greiðum aðgangi að lánum, svo og að draga úr skaðsemi lánsverslunar. Þótt nú nefndin álíti tilgang frv. góðan, þá telur hún mjög varhugavert að samþykkja frv. þetta, sjerstaklega sakir þess, hve ógreiðan aðgang almenningur hefir að lánsstofnunum yfir höfuð, og yrði því ákvæði frv. skaðlegur hemill á lánstraust manna. Benda má einnig á það, að það er óeðlilegt, að um fyrningu skulda gildi frábrugðnar reglur þeim, er gilda í löndum, er næst liggja og þjóðin hefir mest viðskifti við, og mundi valda lánstraustsspjöllum fyrir landsmenn. Þá telur nefndin, að óviðurkvæmilegt sje, að viðurkenning á skuld slíti ekki fyrningu hennar, og enda ósamrýmanlegt grundvallarreglum laga. Af framanskráðum ástæðum leggur nefndin til, að frv. verði felt.

Alþingi, 4. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Torfason.
Magnús Guðmundsson. Hákon Kristófersson.

Nd. **72. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Bernh. Stefánssyni, Bjarna Ásgeirssyni og Pjetri Ottesen.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

a. Við B 2 í 2. gr. laganna bætist: og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.

b. Aftan við C 3 í 2. gr. laganna komi:
4. Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.

Ed. **73. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 56 (Vitar, sjómerki o. fl.).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Aftan við breytingartillöguna bætist:
enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ed. **74. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur það til bóta. Hefir nefndin ekkert að athuga við frv. sjálft, en fyrirsögn þess er ekki í samræmi við nafn þeirra laga, sem breyta á. Þau heita lög um skráning skipa. Leggur nefndin til að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

Alþingi, 5. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrif. og frsm.	H. Steinsson.

Nd. **75. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júlí 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og frá er skýrt í áliti meiri hlutans (þskj. 64), gat nefndin ekki orðið samferða í þessu máli. Minni hlutinn telur ýmsar þeirra breytinga, sem frv. ráðgerir, til hins verra og sumar óþarfar. Fyrir þessu verður gerð nánari

grein í framsögu um hvert einstakt atriði. Hjer skal aðeins á það bent, að minni hl. vill ekki leggjast á móti 1. gr. frv., jafnvel þótt að minsta kosti önnur breytingin, sem sú gr. gerir á núgildandi löggjöf, geti ekki talist til bóta.

Þá getur og minni hl. fallist á, að rjett sje að lagfæra það ósamræmi, sem á þinginu 1926 komst inn í lög þau, sem hjer á að breyta, en minni hl. vill þar fara aðra leið en ráðgerð er í frv. og telur vandkvæðalaust að fela stjórninni að ráða fram úr þessu þann stutta tíma, sem hjer er um að ræða.

Í samræmi við þetta leggur minni hl. til, að mestur hluti frv. verði feldur burt og mun, eins og tekið er fram, skýra þetta nánar í umræðunum. Þó þykir rjett að benda á það hjer, að minni hlutinn fær ekki skilið, hvernig hægt er að fullnægja því ákvæði 17. gr. frv., að bæjarstjórar (borgarstjórar) verði kosnir í öllum kaupstöðum landsins í byrjun næsta árs, nema þeir kaupstaðir, sem ráðið hafa starfsmenn þessa til lengri tíma, verði skaðabótaskyldir gagnvart hinum ráðnu mönnum, ef þeir verða ekki endurkosnir, en verði þeir endurkosnir, er ákvæðið þýðingarlaust. Undir öllum kringumstæðum er það gersamlega rangt af löggjafarvaldinu að gefa bæjarstjórnunum undir fótinn um að rjúfa gerða samninga, enda getur þetta í engu rýrt bótarjett þeirra manna, sem ráðnir hafa verið til starfsins.

Minni hl. leggur því til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. 2.—18. gr. falli burt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Atvinnumálaráðherra setur þær reglur um bæjarstjórnarkosningar, er með þarf, til þess að það skipulag komist á eins fljótt og auðið er, sem ráðgert er í 5. gr. laga nr. 43, 15. júní 1926.
3. 19. gr., sem verður 3. gr., orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

Alþingi, 5. mars 1929.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Nd. **76. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á ástæður þær, sem fram eru færðar í greinargerð með frv. þessu, og leggur til, að frv. verði samþykt. Einn nefndar-

manna (Ólafur Thors) hefir nokkra sjerstöðu og ritar því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 5. mars 1929.

Halldór Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, fundaskrif. og frsm.	Jón A. Jónsson.
Ásgeir Ásgeirsson.	Sig. Eggerz.	Ólafur Thors, með fyrirvara.

Ed. **77. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi 1928, en varð þá ekki útrætt. Nú hefir allsherjarnefnd athugað frv. allítarlega og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá umráða- og hagnýtingarrjetturinn vera sameign þeirra.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill einn eða fleiri hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en aðrir ekki, og getur þá hinn eða hinir fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans eða þeirra landi. Hinn eða hinir síðari eiga engar bætur fyrir orkuna, en hann eða þeir geta hvenær sem er síðar leyst inn sinn eða sína hluti, til þess að hagnýta þá sjálfir.

Óheimilt er hvera- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúandi á við burtför sína af jörðinni rjett á endurgjaldi fyrir kostnaði sínum, eftir sömu reglum og gilda um aðrar jarðabætur.

3. Við 10. gr.

Orðið »úttektarmanna« í síðara hluta greinarinnar falli burt.

Alþingi, 5. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk eiganda Breiðavíkur. Löggilding á þessum stað telur hann hafi allmikla þýðingu fyrir vermenn, er þangað sækja, og mundi hún auka verðmæti jarðarinnar. Auk þess mundi löggildingin tryggja betur en ella er hægt skipaviðkomur, sem nú hafa ekki átt sjer stað þangað í nokkur undanfarin ár.

Nd. **79. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meira hluta nefndarinnar um þetta frumvarp. Ef hægt er að lækka skattana á þessu ári eða næsta, er meiri þörf að lækka ýmsa tollana heldur en 25% viðaukann við tekjuskatt þeirra manna, er hafa yfir 4000 kr. árstekjur. Legg jeg því til, að frumvarp þetta verði felt.

Alþingi, 6. mars 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **80. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á einu máli um frv. þetta. Meiri hl., M. T., Gunn. S., M. G. og H. K., telja þær umbætur, sem frv. gerir ráð fyrir, til bóta, og leggur því til, að háttv. deild samþykki það. Að vísu hefir einn nefndarmanna (M. G.) sjerstöðu og skrifar því undir með fyrirvara. Mun hann gera grein fyrir sjerstöðu sinni undir umræðum um málið í deildinni.

Einn nefndarmanna (Hjeðinn Valdimarsson) hefir tjáð sig algerlega á móti frv.

Alþingi, 5. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.
Hákon Kristófersson, frsm.
Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
Magnús Torfason.

Ed. **81. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje krðfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er,

og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi hálfum árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem fram yfir er, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Ed. **82. Frumvarp**

til laga um vigt á síld.

Flutningsmaður: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinslu, skal hjer eftir vegin.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minsta kosti innihald eins mælikers síldar ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld.

2. gr.

Þar, sem síld er vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, sjeu löggiltar og skoðaðar árlega áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50 kr. til 5000 kr.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. mars 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú óregla hefir gilt að undanförnu, að verksmiðjur þær, sem síld kaupa til vinslu, hafa notað vigt og mælingu á síld sitt á hvað við kaup á henni, og hefir það eingöngu farið eftir geðþótta verksmiðjanna, hver aðferðin hefir verið notuð. Hafa og þau mæliker, sem notuð hafa verið af hinum ýmsu verksmiðjum, reynst mismunandi stór, svo allmikið hefir borið á milli um stærð þeirra, þó hafi átt að tákna eitt og sama, eina og hálfa strokktunnu, eða eitt síldarmál, eins og það er jafnaðarlega nefnt í daglegu tali.

Þá er og kunnugt, að þær verksmiðjur, sem vega síld sem þær kaupa, telja ekki allar sama þunga í einu mælikeri, sem þó er lagt til grundvallar við útreikning á verði síldarinnar.

Með það fyrir augum, að einhverju verði slegið föstu í þessum efnum, er þetta frv. fram komið, og mun láta nærri, að $1^1/_2$ strokktunna af nýrri síld vegi um 135 kg., og er því farið fram á í frv., að sú þyngd verði ákveðin í einu mælikeri.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Skal atvinnumálaráðuneytið greiða bæturnar af hendi úr ríkissjóði og hafa sent sýslumanni til ráðstöfunar fyrir 1. júlí ár hvert, en helming bótanna skulu þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, endurgreiða ríkissjóði, að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta ár á undan, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni skulu bætur til hans greiddar að fullu úr ríkissjóði án endurgjaldsrjettar að helmingi frá laxveiðieigendum.

4. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram 1928 á þskj. 346 og eru feldar inn í það breytingar nefndar á þskj. 432.

Nd. **84. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna 31. maí 1927.

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir »2 ár« komi: 1 ár.

Nd. **85. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Jóni Sigurðssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina komi:
Aftan við C 3 í 2. gr. laganna komi:
4. Hofsósbraut frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar.

Ed. **86. Frumvarp**

til laga um einkasölu á lyfjum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1930 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af lyfjum, umbúðum og þeim hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfsöluskránni, og sker ríkisstjórnin sjálf úr því, ef ágreiningur rís, hvaða vörur heyri hjer undir og hverjar ekki.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, ef eigi er, að áliti lögreglustjóra, um meira að ræða en svo, að það sje hæfilegur forði handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir vörurnar, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja þær hjer á land.

2. gr.

Vörur þær, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, en eigi öðrum. Um sölu á þessum vörum setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin felur forstöðumanni áfengisverslunar, eða þeim, er stýrir lyfjaversluninni, sbr. 4. gr. laga nr. 69, 7. maí 1928, forstöðu lyfjaeinkasölunnar, og skal hún rekin í sambandi við áfengisverslun ríkisins, en skal þó hafa aðskilið bókhald. Ríkisstjórnin setur reglur um reikningsskil.

5. gr.

Endurskoðendur reikninga áfengisverslunar ríkisins skulu einnig endurskoða reikninga lyfjaeinkasölunnar.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. grein, kveður landsstjórnin á um, hvernig fara skuli um þær birgðir af lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, sem fyrir hendi kunna að vera hjer á landi, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á innkaupsverð lyfja og hjúkrunargagna skal leggja hæfilegt hundraðsálag til að standast kostnað allan við lyfjaverslunina, þar á meðal tolla og innflutningsgjöld, og auk þess alt að 2% af ársveltu, er renni í veltu- og varasjóð.

8. gr.

Jafnan skal lyfjaeinkasalan hafa nægan forða af lyfjum og hjúkrunargögnum í Reykjavík. Kostnað af sendingu vara innanlands greiða viðskiftamenn verslunarinnar. Panlaðar vörur getur einkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

9. gr.

Ríkisstjórnin setur útsöluverð á vörur þær, er um ræðir í lögum þessum.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 10000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í varasjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi 1921 frumvarp til laga um einkasölu á lyfjum, og var það frv. komið frá landlækni og fylgdi því allítarleg greinargerð. Vísast til hennar hjer, en frv. þetta er sniðið eftir frumvarpinu frá 1921. Þó er hjer sá munur á, að nú er gert ráð fyrir, að einkasalan selji lyf og hjúkrunargögn með kostnaðarverði, að viðbættu lítilsháttar álagi til varasjóðs, en eftir frv. 1921 mátti leggja á innkaupsverð, án tolls, alt að 50 af hundraði.

Það þykir rjett að leggja einkasöluna undir stjórn áfengisverslunar ríkisins. Verður rekstur hennar með því móti einfaldari og ódýrari.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Að fengnu samþykki sóknarprests skal ríkisstjórninni heimilt að selja

Eskifjarðarhreppi þann hluta Hólmalands, sem liggur norðan við Hólmaháls, ásamt Hólmanesi og öllu því landi, sem liggur austan túns á Hólmum, milli fjalls og fjöru, þó að undanteknu varplandi staðarins, og lætur ríkisstjórnin ákveða landamerki milli prestssetursins og hins selda lands.

2. gr.

Um mat á því, sem selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir farið þess á leit að fá keypt prestssetrið Hólma í Reyðarfjarðarhreppi, eða að minsta kosti nokkurn hluta þess, til landnáms, ræktar og beitar fyrir íbúa kauptúnsins.

Landsnytjar í Eskifjarðarhreppi eru mjög takmarkaðar. Land hreppsins tekur yfir 2 fornar, litlar og landkostarýrar hjáleigur frá jörðinni Eskifirði, Bleiksá og Lambeyri, og stendur þó nokkur hluti kauptúnsins í landi Svínaskála, sem liggur undir Helgustaðahrepp. Land til ræktar og beitar er löngu þrotið á fyrnefndum hjáleigum, og verða íbúar kauptúnsins því að sækja flestar landsnytjar til nágrannajarðanna, sem liggja í Helgustaða- og Reyðarfjarðarhreppum, þar sem þó er af litlu að miðla.

Gegnt Eskifjarðarkauptúni liggur Hólmaströnd og Hólmanes, þar sem bæði er mikið land til ræktunar fallið og stórt beitarsvæði.

Land þetta liggur undir prestssetrið Hólma, en virðist nytjalítið orðið fyrir ábúanda Hólma síðan hætt var sauðrækt og fráfærum. Er eigi sjáanlegt, að Hólmaprestar missi mikils í, þótt land það verði selt, sem frv. þetta ræðir um. Hinsvegar er engin opinber landareign til þarna nærlendis önnur en Hólmar, sem hægt er að selja eða leigja Eskifjarðarhreppi, en eigendur næstu jarða við kauptúnið eru ófúsir til að selja lönd sín.

Nd. 88. Þingsályktun

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 8. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við skipafjelögin, sjerstaklega Eimskipafjelag Íslands, um lækkun á flutningsgjaldi á útfluttum hrossum, og ennfremur að beita sjer fyrir því, að Þjóðverjar lækki toll á smáhestum (ponies).

Ed. **89. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heiðist, ber að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.
2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skirteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson og Jón Ólafsson.

1. gr.

Seltjarnarneshreppur skal lagður undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá 1. janúar 1930.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar þar.

3. gr.

Á sama tíma skulu fram fara fjárskifti með Reykjavíkurbæ og Kjósarsýslu, vegna stækkunar umdæmis Reykjavíkur, en náist ekki samkomulag, sker atvinnumálaráðuneytið úr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu. Sumir flutningsmanna hafa nokkra sjerstöðu í málinu, sem einnig verður skýrð í framsögu.

Ed. **91. Frumvarp**

til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá umráða- og hagnýtingarrjetturinn vera sameign þeirra.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill einn eða fleiri hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en aðrir ekki, og getur þá hinn eða hinir fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans eða þeirra landi. Hinn eða hinir síðari eiga engar bætur fyrir orkuna, en hann eða þeir geta hvenær sem er síðar leyst inn sinn eða sína hluti, til þess að hagnýta þá sjálfir.

Óheimilt er hvera- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

3. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitarjettindi, nema með sjerstöku leyfi ráðherra. Kaup á slíkum rjettindum eru landkaup.

4. gr.

Landeiganda er rjett að hagnýta sjer hveri og laugar, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir best henta, sbr. þó 2. gr. Hann hefir rjett til að stífla frárensli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sjerstök hætta stafar af.

5. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu, fyr en það hefir verið álitið af úttektarmönnum og þeir talið það rjettmætt.

Ábúandi á við burtför sína af jörðinni rjett á endurgjaldi fyrir kostnaði sínum, eftir sömu reglum og gilda um aðrar jarðabætur.

7. gr.

Ef hjeraðsstjórn telur rjett að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í hjeraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rjett til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðeiganda einum og hjeraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rjett til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rjett til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hjer. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemdum við rannsóknina, eða biði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í tje við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vjelum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður bora eftir jarðhita, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbrjefi skal tiltekið, á hvern hátt rannsókninni skuli hagað og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholunum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbrjefi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi.

Sá, er borunarleyfi fær, öðlast einkarjett á leyfissvæðinu til jarðhitarannsókna og forgöngurjett til virkjunar þeim jarðhita, er hann finnur, enda

greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því sem nánar verður tiltekið í leyfisbrjefinu. Fyrir leyfisbrjef skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning, er landeigandi kann að verða fyrir, og þau óþægindi, er hann kann að baka öðrum með rannsóknum sínum, eða með hagnýtingu jarðhitans. — Ef ágreiningur verður um endurgjaldið, skal úr því skorið með mati.

13. gr.

Leyfisbrjef til borunar eða forgangsrjett til borunar má ekki framselja nema með leyfi ráðherra.

14. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið, og skal þá byrjað á hagnýting jarðhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbrjefinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur forgangsrjettur leyfishafa til virkjunar jarðhita niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi, ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn hjeraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

15. gr.

Til virkjunar jarðhita, sem borað hefir verið fyrir, þarf leyfi ráðherra, ef meir en 500 hestöfl (hreyfiafl) eru, og fara að öllu leyti með sem vatnsafl væri, eftir vatnalögum. Hitaveitur, sem fá jarðhita, er borað hefir verið fyrir, skulu háðar sama eftirliti og vjelar og eimkatlar á landi.

16. gr.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til virkjunar, af því hjeraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rjett til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir rjettindamissi.

Nd. **92. Breytingartillögur**

við frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá Benedikt Sveinssyni.

1. **Við 1. gr. Greinina skal orða svo:**
   Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasljettu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.
2. **Við 2. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:**
   Löggilding hvors þess verslunarstaðar, er um ræðir í 1. gr., skal koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið o. s. frv.
3. **Fyrirsögnina skal orða svo: Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.**

Nd. **93. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um frumvarp þetta. Álít jeg annarsvegar, að ganga eigi lengra í þá átt að stytta sveitfestitímann, með því að láta dvalarsveitina verða framfærslusveit, en hinsvegar álít jeg styttingu sveitfestitímans varhugaverða, ef ekki er jafnframt sjeð um rjettláta skiftingu framfærslukostnaðarins meðal hinna ýmsu hreppa. Þar sem einnig er mikil þörf á fleiri breytingum á fátækralögunum og jeg hefi ásamt tveim öðrum þingmönnum flutt frv. til laga um breyting á fátækralögunum yfirleitt, en ekki einungis á þessari grein, legg jeg til, að frumvarp til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna 31. maí 1927 eingöngu verði felt.

Alþingi, 9. mars 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um hlutafjelög, nr. 77, 27. júní 1921.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

11. gr. laganna hljóði svo:

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelagsins er, sbr. 13. gr. Hlutafjelag skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá), þar sem allar upplýsingar sjást um fjelagið, þær sem tilkynna skal, og hefir almenningur heimild til að skoða þá skrá í skrifstofu lögreglustjóra. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

2. gr.

Á eftir 14. tölulið 12. gr. laganna komi nýr töluliður:

Ef hlutabrjef hljóða á nafn eða samþykki fjelagsstjórnar þarf til eigendaskifta, skal tilkynt, hverjir hluthafar sjeu og hversu mikil sje hlutaeign hvers þeirra.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein:

Hlutafjelögum skal skylt að senda rekstrar- og efnahagsreikning hvers

fjelags til lögreglustjóra, í síðasta lagi í apríl ár hvert, og skulu reikningarnir undirritaðir af framkvæmdarstjóra og endurskoðendum fjelagsins.

Greinargerð.

Hlutafjelög eru rekin með takmarkaðri ábyrgð, og flest þeirra eru umsvifamikil í framleiðslu og viðskiftum. Virðist því sjálfsagt, að almenningur eigi tiltölulega greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um þau og hag þeirra. Vafasamt er, hvort menn hafa eftir gildandi lögum rjett til þess að athuga hlut hafaskrárnar, og þar að auki eru þær ófullkomnar. Er með frv. þessu reynt að ráða bót á þessu.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1929.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti sjeu ekki notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfjelags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hjer við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í tje lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis. Það telst dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti venjulegt mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa sjerstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum. Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sje ætlað til að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskifti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu loftskeytastöðvar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda dómsmálaráðuneytinu frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Skulu bækur þessar síðan lagðar fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot á 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot á 3. gr., og varðar það þá 8—30 þúsund króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna, en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í 2 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarrjettindi fyrir fult og alt.

Verði einhver annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgrein., brotlegur gegn 4. gr., sæti hann sektum frá 1000—12000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr. Sjávarútvegsnefndir Alþingis gera tillögur um, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart aðilja hverjum.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

»Frv. um sama efni var að tilhlutun stjórnarinnar borið fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt í það sinn. En umræður þær, er þá urðu um málið, gerðu innihald þess kunnugt öllum landsmönnum.

Það er sannað með framburði skilríkra manna á Alþingi og utan þings, að sumir íslensku togararnir eru hættulegir landhelgibrjótar og að þeir leiða heila hópa af erlendum skipum í landhelgina með sjer. Það er ennfremur kunnugt, að þessi landhelgibrot Íslendinga varpa skugga á löggæslu og jafnvel dómstóla landsins í augum erlendra manna, og eru því sannarleg þjóðarsmán og hættuleg sjálfstæði landsins.

En þessum landhelgibrotum er beinlínis stjórnað úr landi, eins og einn hinn merkasti útgerðarmaður, sem nú lifir hjer á landi, hefir beinlínis lýst á sjálfu Alþingi. Útgerðarstjórar eða þjónar þeirra senda skipunum skeyti um hreyfingar varðskipanna, eftir því sem til vitnast, svo sem þegar þau koma í höfn, og þá um leið eru fleiri eða færri togarar komnir í landhelgina.

Loftskeytin eru skipunum nauðsynleg, bæði vegna almennrar viðskiftastarfsemi og til að minka slysahættu fyrir skipverja. Þess vegna verður að krefjast þess, að hver íslenskur togari hafi loftskeyti, en jafnframt að svo sje um búið, að loftskeytin verði ekki notuð til að halda uppi landhelgiveiðum togara, til ómetanlegs skaða og minkunar fyrir þjóðina.

Næsta vor má vænta þess, að þjóðin eigi tvö nýtísku-strandgæsluskip. Rekstur þeirra hlýtur að verða þung byrði fyrir ríkissjóð, er ríkið leggur á sig þennan mikla kostnað til að verja landhelgina og tryggja þannig framtíðarskilyrði sjávarútvegs á Íslandi. Það væri fráleitur afkáraskapur, ef hið sama þing, sem hefir látið byggja tvö dýr skip til strandgæslunnar og veitir fje sem nemur hundruðum þúsunda til árlegs rekstrar þeirra, væri svo þróttlaust, að það treystist ekki til að stöðva hina glæpsamlegu notkun loftskeyta hjer við land móti strandgæslunni, aðeins af því að einhverjir af lögbrjótunum hafa aðstöðu til að beita ofurkappi í þessu máli í stjórnmálalífi landsins«.

Nd. **96. Frumvarp**

til myntlaga.

Flutningsm: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Gull er sá verðmælir, sem íslenskur gjaldeyrir miðast við. Eining gjaldeyrisins nefnist króna. Krónan skiftist í eitt hundrað aura.

2. gr.

Eitt kílógramm af skíru, ómyntuðu gulli skal jafngilda 3037 krónum.

3. gr.

Landsbankanum og Íslandsbanka er skylt að innleysa seðla þá, er bankarnir hvor um sig hafa gefið út, með gulli, ef þess er krafist, þegar fjármálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans.

4. gr.

Landsbankanum er skylt að kaupa gull með því verði, sem ákveðið er í 2. gr., að frádregnum ½%, frá þeim tíma, er gullinnlausn gengur í gildi samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Innflutningur og útflutningur gulls er öllum frjáls.

6. gr.

Um gullmynt, er ríkisstjórnin lætur slá, skal ákveða í reglugerð, er fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans. Þar skal ákveða um stærð gullmyntar, blöndunarhlutföll og um slitna mynt og skaddaða. Gullmynt sú, sem ríkisstjórnin lætur slá, skal vera löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin peningalög frá 23. maí 1873 og lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim, og þau önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu fylgir svo látandi greinargerð frá tveim gengisnefndarmönnum, þeim Tryggva Þórhallssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni:

Við leggjum til, að íslenska krónan verði verðfest með lögum í því gildi, sem hún nú hefir. Það er nú svo langt um liðið frá því hinar miklu verðbreytingar gjaldeyrisins gagnvart vörum og vinnu hófust, að mestalt núverandi sparifje landsmanna hefir safnast á tímum með hærra verðlagi og minni kaupmætti krónunnar. Sama er um mestallar núgildandi skuldbindingar að segja. Þá hefir og gengi krónunnar staðið óbreytt á fjórða ár fyrir tilhlutun Alþingis. Við erum því þeirrar skoðunar, að mestu rjettlæti meðal þegna þjóðfjelagsins verði til leiðar komið með því að láta núverandi gildi krónunnar verða varanlegt, auk þess sem það er nauðsynlegur grundvöllur fyrir viðskifta- og atvinnulíf framtíðarinnar og á engan hátt hættulegt fyrir álit þjóðarinnar hjá erlendum viðskiftaþjóðum.

Verðbreytingar gjaldeyrisins gagnvart vöru og vinnu er það höfuðatriði, sem almenning varðar í þessum efnum. Við þann tilgang að halda kaupmætti gjaldeyrisins sem stöðugustum ber þjóðfjelaginu að miða sín afskifti. Aðalráðið,

sem þjóðirnar hafa haft til að halda kaupmætti gjaldeyrisins föstum, er að miða gjaldeyrinn við gullið. Gullið hefir í því efni ýmsa kosti fram yfir aðrar vörur. En gullið er þar þó aðeins milliliður, meðal, sem notað er í öðrum tilgangi en þeim, að tryggja fjáreigendum gull í stað seðla. Um langt skeið fyrir ófriðinn mikla hafði gullið þjónað allvel þessum tilgangi, að halda stöðugum kaupmætti gjaldauranna. En í ófriðnum fór þetta út um þúfur, sumpart vegna hafta, sem sett voru á gullflutninga milli landa, og sumpart vegna þess, að gullinnlausn seðla var upphafin í flestum löndum og seðlaútgáfan varð óhófleg. Svo fór og hjá oss. 7. ág. 1914 var Íslandsbanka veitt undanþága frá gullinnlausn, og hefir verðgildi gjaldeyris vors síðan verið tiltölulega óháð verðbreytingum gullsins, og verður ekki um það sakast, að svo miklu leyti sem gullið um tíma misti eiginleika sinn til að hafa stöðvandi áhrif á kaupmátt gjaldaura yfirleitt. En nú hafa flestar þjóðir aftur tekið upp gullfót, enda hafa stórveldin gert ráðstafanir til að halda föstu verði gullsins, svo það geti aftur veitt kaupmætti pappírspeninga þá festu, sem til er ætlast. Það er því nú orðið hin öruggasta leið til að skapa seðlum fast verð, að miða gildi þeirra við gull. Um það mun ekki vera ágreiningur, að við Íslendingar sem aðrir eigum að taka aftur upp gullgildan gjaldeyri, en um hitt er deilt, hvort staðar skuli numið þar, sem nú er komið, eða kept að hinu gamla gullgildi, sem krónan hafði fyrir ófriðinn.

Ef hækka skal krónuna upp í hið gamla gullgildi, þá þarf um leið að auka kaupmátt hennar, eða með öðrum orðum lækka verðlag á vörum og vinnu að sama skapi. En hvorttveggja stritar á móti, einkum þó verðlag á vinnu og innlendri vöru. Örðugleikarnir á því að lækka verðlagið alment sjást skýrast á því, að eftir að gengið hefir nú staðið fast á fjórða ár, er hinn innlendi kaupmáttur krónunnar ekki enn kominn upp á móts við hinn erlenda kaupmátt, eða hið skráða gengi. Eftir genginu ætti verðlagsvísitalan að vera um eða undir 200, en var um síðustu áramót 217. Það er því enn eftir að framkvæma nokkurn hluta þeirrar hækkunar, sem gerð var að gengisskráningunni haustið 1925. Örðugleikarnir á því að hækka raunverulega gjaldeyrinn eru tilfinnanlegir í mörg ár. Verðlagið lætur ekki undan nema fyrir skorti á kaupgetu, atvinnuleysi og almennri kreppu. Lækkandi verðlagi fylgir deyfð í atvinnulífinu, kyrstaða, sem gerir þjóðina fátækari en hún hefði getað orðið, ef hún hefði átt við að búa verðfastan gjaldeyri og þar af leiðandi fjör í framleiðslu.

Afleiðingarnar af lækkandi verðlagi, sem fylgir hækkun krónunnar, hverfa raunar á löngum tíma, þó þungbærar sjeu meðan yfir stendur. En krónuhækkunin skilur þó eftir sig óafmáanlegt ranglæti, þar sem er aukin skuldabyrði alls atvinnulífsins. Atvinnurekendur hafa beðið mikinn hnekki af þeirri hækkun, sem orðin er. Sumir hafa þegar gefist upp. Af því stafa að miklu leyti töp bankanna. Aðrir berjast í bökkum með þungar skuldabyrðir, þyngri miklu en þegar lánin voru tekin. Ef enn ætti að hækka krónuna um rúmlega 20% frá því, sem nú er, mundu skuldatöp bankanna aukast stórlega. Og þeir, sem stæðust hækkunina, yrðu að bera fimtungs álag á skuldir sínar. Meginið af núgildandi skuldbindingum er frá þeim tímum, þegar krónan hefir haft líkan eða minni kaupmátt en núna. Skuldunautum yrði því íþyngt óhæfilega og mjög ranglátlega með aukinni krónuhækkun. Það væri því meiri óhæfa, þar sem ríkisvaldið hefir á síðari árum

og mun, eftir því sem á horfist, enn gera ráðstafanir til að hvetja menn til framtakssemi með því að skapa lánsmöguleika til langs tíma, einkum fyrir landbúnaðinn. Allar slíkar ráðstafanir skylda ríkisvaldið til að láta sitja við það verðgildi, sem gjaldeyririnn nú hefir. Ef ríkisvaldið ætlar sjer ekki að sjá um, að almenningur þurfi ekki að greiða meira en tekið var að láni, þá ber því að minsta kosti skylda til að stuðla að kyrstöðu meðan hækkunin fer fram.

Við hækkun krónunnar eykst gullþungi hverrar einstakrar krónu, en nafnverð allra skulda helst óbreytt. Sú skuldaaukning kemur til góða þeim, sem kröfurnar eiga, en það eru að því er snertir innlent starfsfje atvinnuveganna sparifjáreigendurnir. Nú væri ekkert við því að segja, þó þeirra hlutur yrði stærri, ef því fylgdi ekkert misrjetti. En í þessum efnum verður engum gefið án þess að það sje frá öðrum tekið, og verða því afskifti þjóðfjelagsins hjer sem annarsstaðar að miðast við það, að skapa sem mest rjettlæti fyrir sem flesta. Nú mun nærri liggja, að sparifje landsmanna hafi 1914, þegar verðbyltingarnar hófust og gullinnlausnin var upphafin, verið um $9^1/_2$ miljón króna. Nú mun það vera um $46^1/_2$ miljón. Má telja víst, að hreyft hafi verið á rúmum 14 árum svo mikið af hinum eldri $9^1/_2$ miljónum, að nú muni vera eftir óhreyfðar frá 1914 í þessum $46^1/_2$ miljónum minna en 1 miljón króna. Það, sem hreyft hefir verið, hefir breyst í vörur, fasteignir o. fl., og þó nokkuð af því hafi komið aftur, þá hefir það mist rjett sinn til hækkunar við að verða hluttakandi í hinum miklu verðlagsbreytingum. Annað en það fje, sem óhreyft hefir staðið, hefir ekki rjett til hækkunar upp í hið gamla gullgildi. Sá, sem dregur saman fje, safnar kaupgetu til síðari tíma, eignast rjett til jafnmikilla lífsgæða síðar, þegar hann þarf á að halda, og hann hefir neitað sjer um, þegar hann lagði fjeð til hliðar. Þjóðfjelaginu ber skylda til að varðveita rjett hans, að svo miklu leyti sem hægt er, en ekki til að auka hann á kostnað annara. Framkvæmdamaðurinn tekur fje sparandans til ávöxtunar og þjóðfjelaginu ber sama skylda til að reyna að vernda hann frá því að þurfa að greiða meira en hann fjekk að láni. Eftir því, sem áður var sagt, hefir fyrir innan 1 miljón af sparifjenu rjett til hækkunar, en hinar $45^1/_2$ miljónirnar eru dregnar saman á tímum, þegar krónan hafði minni kaupgetu en hún nú hefir. Til þeirra $45^1/_2$ miljóna svara skuldunautar, sem fá mest mögulegt rjettlæti, úr því sem komið er, með festingu krónunnar í núverandi gildi hennar. Það er sjaldgæft í þjóðfjelagsmálum, að það sje jafnótvírætt, hvað ríkisvaldinu beri að gera til að gera rjettlátlega um mál þegnanna.

Tíminn, sem líður, er stórt atriði í gjaldeyrismálunum. Þegar gengistruflanir hafa staðið skamma stund, er sjálfsagt að reyna að kippa verðgildi peninganna í gamla horfið, en því lengri tími sem líður frá verðlags- og gengistruflunum, því meir dregur úr hækkunarrjetti hins eldri tíma og að sama skapi vex rjettur hins nýja tíma til að festa það verðlag og verðgildi peninganna, sem orðið er varanlegt. Alþingi hefir frá því síðustu gengisbreytingar urðu 1925 stöðugt gert ráðstafanir til að gengið hjeldist óbreytt, með þeim góða árangri, að svo hefir orðið í framkvæmdinni. Slíkar ráðstafanir er ekki hægt að gera án þess að þær skuldbindi til, að verðgildi krónunnar verði fyr eða síðar fest í því gengi, sem orðið er varanlegt.

Þar sem frá var vikið um sparifjárinnstæður má að vísu segja, að full-

nægja megi öllu rjettlæti með því að greiða þeim, sem ósnerta fjeð eiga, uppbót, sem nemur munninum á hinu gamla og núverandi gullgildi krónunnar. Ef farið er inn á þá braut, þá er og sama ástæða til að bæta þeim, sem þegar hafa tekið út fje sitt og eytt því, þegar peningarnir höfðu minni kaupmátt en þeir nú hafa, og sem enga leiðrjetting fá sinna mála, þó krónan yrði hækkuð upp í sitt gamla gullgildi, nema sjerstakar ráðstafanir yrðu gerðar. Sama rjett hafa og þeir, sem tekið hafa fje að láni, þegar krónan hafði minni kaupmátt, og nú eiga að greiða skuldir sínar með stærri krónum en þeir tóku að láni. En okkur líst ekki á, að hægt sje að skima inn í hvern kima eftir þeim, sem orðið hafa fyrir misrjetti af völdum lausgengisins. Það er vart ráðlegt að taka sjer fyrir hendur að snúa hjóli tímans aftur á bak. Það, sem enn er hægt að gera og ber að gera, er að forðast alt nýtt ranglæti með því að festa krónuna í því gildi, sem hún nú hefir. Þó skal það fúslega játað, að því betur er farið, því meira misrjetti, sem hægt er að koma í veg fyrir. Þær kröfur, sem hjer um ræðir, eru samar og jafnar að því er snertir þá eldri sparifjáreigendur, sem þegar hafa eytt fje sínu, og aukast að því er snertir skuldunauta, sem lán hafa tekið á lággengistímum, ef krónan er hækkuð upp í gamla gullgildið. En þessar kröfur og fullnæging þeirra er mál út af fyrir sig, og hvernig svo sem menn kunna að líta á þær, þá hefir það ekki áhrif á rjettmæti þeirrar almennu lausnar gengismálsins, að festa beri krónuna í hinu núverandi gildi hennar.

Sú ráðstöfun, að festa núverandi gildi íslenskrar krónu með lögum, snertir að mjög litlu leyti aðra en Íslendinga sjálfa. Næstum allar skuldbindingar gagnvart öðrum löndum eru miðaðar við erlenda mynt. Aðalundantekningin frá því eru bankavaxtabrjef 1.—4. flokks veðdeildar Landsbankans, sem seld voru dönskum kaupendum fyrir ófriðarbyrjun. Brjef þessi, sem nú munu ekki nema meiru en rúmum 800 þús. krónum, hafa verið innleyst, og vaxtamiðar þeirra, í dönskum krónum frá því að íslensk og dönsk króna urðu viðskila. Urðu ýmsir undrandi, þegar sá viðskilnaður gjaldauranna varð, enda höfðu víst fæstir áður gert sjer grein fyrir, að slíkt gæti komið fyrir, og ýmsar ráðstafanir verið gerðar án þess að hugkvæmst hafi sá möguleiki. Má til dæmis nefna líftryggingar Íslendinga í dönskum fjelögum, og var sá vandi leystur með því að leyfa hinum líftrygðu að velja á milli þess, við hvorn gjaldeyrinn líftryggingarnar skyldu miðast, enda skyldu þá iðgjöld greiðast framvegis í þeirri krónu, sem kosin var. Slíkur ruglingur á hinum fyrstu tímum íslenskrar gengisskráningar kemur ekki úrlausn gengismálsins við, enda hefði eins mátt ákveða, að veðdeildarbrjefin og vaxtamiðar þeirra skyldu innleyst í íslenskum krónum, og er dómur fyrir því í slíkum viðskiftum Dana og Svía, að það hefði staðist. Ríkisábyrgð, sem tekin var á síðasta þingi á veðdeild Landsbankans, nær ekki nema til nafnverðs veðdeildarbrjefa, enda nær ábyrgð einstaklinga og ríkja á lánum aldrei nema til nafnverðs skuldanna, eins og kunnugt er. Eftir þeirri reglu hafa öll skuldaskifti farið í öllum löndum í hinum miklu gengisbyltingum síðasta áratugs.

Gengismálið er auðveldara viðfangs vegna þess, að erlendar skuldir eru að mestöllu leyti miðaðar við erlenda gjaldaura, því ekki þarf þaðan að óttast háværar kvartanir þeirra, sem ef til vill teldu á sinn rjett gengið með verðfestingunni. Hafa slíkir kröfuhafar stundum reynt til að spilla erlendu láns-

rausti þeirra ríkja, sem fest hafa gjaldeyri sinn í lægra gildi en hann hafði fyrir ófriðinn, en munu þó yfirleitt litlu hafa áorkað á peningamarkaðinum. Lán eru veitt ríkjum eins og einstaklingum eftir möguleikum þeirra til að endurgreiða og ávaxta lánin og með þeim vaxtakjörum, sem svara til hins raunverulega fjárhagsástands. Á peningamarkaðinum er eftir engu öðru farið. Um þetta efni vísast að öðru leyti til álits Ad. av Jochnick forseta bankastjórnar ríkisbankans sænska o. fl. Marcus Wallenberg, sem er einn af þeim, sem standa bak við þá umsögn, mun nú vera einn þektasti fjármálamaður Norðurlanda og manna kunnugastur þeim reglum, sem gilda á peningamarkaði stórveldanna.

Festing krónunnar í núverandi gildi er í því fólgin, að Alþingi setji ný myntlög, þar sem ákveðið sje, að krónan skuli framvegis hafa þá gullþyngd, sem svarar til núverandi gengis. Reiknað eftir dollargengi eiga þá kr. 3037 íslenskar að jafngilda 1 kg. af skíru, ómyntuðu gulli. Það kunna einhverjir að sjá eftir hinu gamla myntsambandi við Norðurlönd, sem þó hefir ekki verið raunverulegt undanfarið vegna mismunandi gengis Norðurlandakrónanna, að íslensku krónunni meðtaldri, og raunar var fram að 1918 í því fólgið, að við höfðum enga eigin mynt þrátt fyrir eigin seðlaútgáfu, heldur dönsku krónuna. En slík myntsambönd eins og Norðurlandasambandið er lítils virði og getur jafnvel skapað hættur, sem sjálfstæð mynt er ekki háð. Um það skal að öðru leyti vitnað til þess, sem prof. G. Cassel segir í áliti sínu. Það eina myntsamband, sem oss varðar nokkru að vera í, er »myntsamband« þeirra þjóða allra, sem gullfót hafa, og þeirra trygginga og þæginda í gjaldeyrismálum þurfum vjer sem fyrst að verða aðnjótandi.

Það mætti að vísu, um leið og gjaldeyririnn er festur í núverandi gildi, taka upp einhverja aðra gjaldeyriseiningu en nú gildir, t. d. gömlu norrænu krónuna, og láta þá núgildandi myntlög standa óhreyfð, en lögákveða, að allur núverandi gjaldeyrir, sem er í umferð, skuli innleystur í hinum nýja gjaldeyri, og innieignir, skuldir og verðlag á vöru og vinnu umreiknað yfir í þá mynt á sama hátt og þegar ríkisdalnum var breytt í krónu og álnum í metra. Slíkt er í eðli sínu nákvæmlega hið sama og hjer er stungið upp á, að gert sje með myntlagabreytingu, en mundi þó valda óþægindum og misskilningi, sem auðvelt er að sneiða hjá með myntlagabreytingu, og hefir að okkar dómi ekki þá kosti, sem ástæða sje til að gangast fyrir. Auk þess er ekki ástæðulaust að óttast, að slík breyting á gjaldeyriseiningunni hafi nokkur áhrif til hækkunar á verðlag alment, en verðlagið er fullhátt fyrir, eins og bent hefir verið á, og ber að forðast alt, sem aukið getur þau vandkvæði, sem þar af leiða fyrir festingu núverandi gengis. Beinasta leiðin er að festa þá krónu, sem nú gildir. Það breytir engu, heldur segir einungis: núverandi ástand skal haldast!

Það virðist ekki ástæða til að taka ný erlend lán í tilefni af festingu krónunnar í núverandi gildi, fremur en til að halda henni í sama gildi, ef halda ætti áfram hækkunum síðar. Það er hin sama þrekraun, svo að engu munar um skyldur Landsbankans, hvort heldur nú á að festa til frambúðar eða halda föstu genginu vegna síðari hækkunar. Alt veltur það á því, að Landsbankinn hafi nægilegan erlendan gjaldeyri til umráða til að svara eftirspurninni. En rjett mun, að Landsbankinn haldi enn um skeið þeirri lánsheimild, sem hann hefir í New-

York, ef til hennar skyldi þurfa að grípa í svip, en ef nauðsyn yrði lengri lána, sem ekki er útlit fyrir að svo stöddu, þá veitir sú lánsheimild nægilegan frest til slíkra útvegana.

Að öðru leyti vísast til álitsskjala þeirra erlendu sjerfræðinga, sem leitað hefir verið til, N. Ryggs bankastjóra Noregsbanka, Ad. av Jochnick, forseta bankastjórnar ríkisbankans sænska — en bak við hans álit standa einnig þeir Marcus Wallenberg einkabankastjóri, V. Moll ríkisbankastjóri og F. von Krusenstjerna bankaeftirlitsmaður — og umsagnar próf. Gustavs Cassel um gengismál Íslands, en hann var beðinn að láta í tje svo ítarlega umsögn sem hann teldi þurfa til úrlausnar.

Fylgiskjal I.

Umsögn próf. Gustavs Cassel um gengismál Íslands

Frekari dráttur á því að verðfesta gjaldeyri Íslands virðist ekki eiga að koma til mála, því að nú er svo komið, að svo að segja öll meiri háttar ríki hafa komið gjaldeyri sínum, sem vegna ófriðarins komst á ringulreið, á fastan gullfót. Pappírsgjaldeyrir, sem ekki hefir fast verð, getur ekki með neinu móti til lengdar verið grundvöllur atvinnu- og viðskiftalífsins. Festing á kaupmætti pappírsgjaldeyrisins gagnvart vörum væri að vísu frá vísindalegu sjónarmiði ágæt úrlausn. En það kemur vart til álita, að Ísland geti eitt út af fyrir sig farið þá leiðina. Það verður að álítast mjög þýðingarmikið, að gjaldeyri landsins sje haldið þann veg í horfinu, að hægt sje að halda föstu gengi hans gagnvart gjaldaurum annara landa, sem það helst hefir viðskifti við, — að ógleymdum þeim smábreytingum, sem aldrei er unt að komast alveg hjá. Og þar sem nú allir þessir gjaldaurar eru miðaðir við gull, þá er fyrir Ísland ekki um annað að ræða en að gera slíkt hið sama.

Sú staðreynd, að Ísland hefir nú í nærfelt þrjú ár haldið gjaldeyri sínum í föstu gengi gagnvart gullgjaldaurum, er jafnframt öflug ástæða fyrir því, að halda beri föstu þessu gengi og festa það með lögum og hinu, að þessi ráðstöfun verði gerð nú þegar. Frá sjónarmiði þess, hvaða hlutverk peningarnir hafa, er festing gjaldeyrisins höfuðatriði. Sjálft það gildi, sem peningaeiningu landsins er gefið, er algert aukaatriði. Sje þessi meginregla heimfærð til ástandsins á Íslandi, þá kemur vart til mála, að þar verði í framtíðinni kept eftir að ná annari myntein ingu en þeirri, sem nú raunverulega gildir.

Sá áhugi, sem í ýmsum löndum hefir komið í ljós á því að ná aftur áður gildandi hærra verðgildi á gjaldeyrinum, styðst við önnur rök en hin hreint »peningalegu« (monetära). Menn hafa látið tillitið til kröfuhafa og skuldunauta og afstöðu þeirra hvers til annars ráða og krafist hækkunar á verðgildi myntein ingarinnar — ekki vegna þess, að það væri nytsamlegt með tilliti til gjaldeyrisins sjálfs, — heldur eingöngu í þeim tilgangi að gæta með því hagsmuna eldri

kröfuhafa. Á þessa hagsmuni hefir samt oft verið lögð mjög einhliða áhersla. Þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að þær skuldbindingar, sem menn hafa tekist á hendur meðan gengið var lágt, verðskulda og að tillit sje tekið til þeirra. Öll hækkun á verðgildi mynteiningarinnar hlýtur að auka skuldabyrðina og íþyngja þessum skuldunautum að óverðskulduðu. Ástæðurnar á móti slíku framferði fara þersýnilega vaxandi þegar tímar líða og hinar nýju skuldbindingar verða yfirgnæfandi. Hafi gjaldeyririnn hækkað og mynteiningin þannig skrúfast nokkuð upp fyrir lágmarkið, þá hefir að vísu nokkuð rjettlæti fallið í skaut eldri kröfuhafa, sem eiga enn hærri kröfur frá því fyrir ófriðinn, en jafnframt hefir nýtt ranglæti verið bakað skuldunautum seinni tíma. Það er bersýnilegt, að með þessu móti verða engin reikningsskil gerð þegnum þjóðarinnar. Þar sem nú engu »rjettlæti» er hægt að ná á þennan hátt, þá verða hinir yfirgnæfandi hagsmunir þjóðfjelagsins af því að leysa gengismálið á þann hátt, sem hagfeldastur er fyrir viðreisn atvinnu- og viðskiftalífsins, að ráða úrslitum. Um atvinnu- og viðskiftalíf verður stjórnmálastefnan jafnan að vita mót framtíðinni, í þeim tilgangi að skapa framleiðslunni svo góð skilyrði sem unt er, og auka þannig velmegun þjóðarinnar. Og þegar um er að ræða skipun gjaldeyrismálanna, er í þessu sambandi ekkert betra hægt að gera en að festa gjaldeyrinn. Áframhaldandi hækkun á verðgildi gjaldeyrisins og lækkun á vöruverði, sem þar með fylgir, hlýtur að lama framtakssemi, þrýsta framleiðslunni niður fyrir það, sem gæti verið, og gera þjóðina í heild sinni þar með fátækari en hún þyrfti að vera. Þetta er sú ástæða, sem úrslitum á að ráða um að festa þegar gjaldeyrinn í því verði, sem hann nú hefir.

Þessi röksemdaleiðsla á sjerstaklega vel við um núverandi ástand á Íslandi. Gengið hefir raunverulega staðið óbreytt svo lengi, að þjóðarbúskapurinn hlýtur að miklu leyti að hafa lagað sig eftir núgildandi mynteiningu. Hækkun á þessari mynteiningu mundi því augljóslega valda miklu tjóni. Rjettlát jöfnun milli kröfuhafa og skuldunauta mundi vissulega ekki nást með slíkri hækkun, því skuldbindingar, sem myndast hafa hvað af öðru við lægra gengi, hljóta að vera orðnar yfirgnæfandi. Sú gengishækkun, sem átt hefir sjer stað frá því gengið stóð lægst, hefir þegar íþyngt skuldunautum síðari ára svo, að það virðist alveg óverjandi að halda áfram á þessari braut, eingöngu til hagsmuna fyrir vissa eldri kröfuhafa.

Svo er fyrir að þakka, að fara má með þetta skuldamál sem algert innanríkismál Íslands. Erlendar skuldir landsins eru svo gott sem allar miðaðar við erlenda gjaldaura, og kemur verðfesting íslensks gjaldeyris þeim því ekki við. Þessar ástæður gera vitanlega ljettara fyrir um festinguna, því erlendis geta menn ekki sagt, að Ísland hafi þar með fært niður skuldbindingar sínar út á við á einræðislegan hátt. Auk þess hefir gjaldeyrir verið verðfestur í svo mörgum mikilsháttar löndum, að óhugsandi er, að álit Íslands meðal annara þjóða biði hnekki við, að fylgt sje því eftirdæmi.

Ef ráðist væri í að hækka gildi hinnar íslensku krónu, þá mundi það vitanlega vera gert til að endurreisa krónuna til jafngildis við krónur Norðurlanda. Svo mikil hækkun á peningagildinu mundi óefað valda þungbærum fjárhagslegum truflunum, svo maður ekki segi alvarlegri kreppu. Því hefir oft verið haldið fram, að komast megi hjá slíkum erfiðleikum, ef hækkunin er framkvæmd á löngum tíma og gjaldeyririnn fengi þannig sitt gamla gildi, án þess að veru-

lega yrði vart við. En þetta er rangt. Reynslan hefir sýnt, að það er ekki mögulegt að framkvæma hækkun á þennan hátt. Ef ríki hefir á annað borð afráðið að hækka peningagildið, og njóti stjórn ríkisins yfirleitt nokkurs trausts, þá lendir gjaldeyrir þess þegar í klóm alþjóðlegs gengisbrasks, sem fljótlega setur gjaldeyrinn í hið fyrirhugaða gildi og tekur til sín allan ágóðann af hækkuninni á kostnað þess ríkis, sem þannig hefir mist tökin á sínum eigin gjaldeyri. Það er því vissara, að þessi yrði niðurstaðan, þegar um er að ræða lítið ríki, því gjaldeyrir þess mundi verða leiksoppur í hendi spákaupmanna. Ef því verður að falla frá umhugsuninni um langvarandi hækkun og velja verður á milli skjótrar hækkunar á gjaldeyrinum til þess gildis, sem var fyrir ófrið, og festingar á núverandi verðgildi gjaldeyrisins, sem fast hefir staðið um nokkur ár, þá virðist síðari möguleikinn vera hið eina, sem í alvöru getur komið til mála.

Spurningin um það gengi, sem gjaldeyrinn á að festa í, er þó nokkuð flóknari þar fyrir, að hinn innri kaupmáttur íslensku krónunnar, eins og hann birtist í verðlagi og launum, er enn þá bersýnilega mun lægri en hinn ytri kaupmáttur hennar, gengið. Ef kosið er að verðfesta gjaldeyrinn í því gildi, sem gengið segir til um, þá er þó nauðsynlegt að hækka smátt og smátt hinn innri kaupmátt krónunnar til jafns við hinn ytri kaupmátt. Sú staðreynd er bersýnilega jafnframt öflug ástæða fyrir því, að það beri að minsta kosti að sætta sig við núverandi gengi og ekki sje reynt að þvinga það frekar upp. Sá, sem heldur að ekki sje erfiðleikum bundið að koma genginu úr 80% upp í 100% af verðgildi krónunnar fyrir ófriðinn, ætti að íhuga það erfiði, sem það enn kostar að koma innri kaupmætti krónunnar upp í 80%.

Hvað þetta síðasta snertir, þá er slík hækkun á hinum innra kaupmætti krónunnar auðvitað óhjákvæmileg, ef ekki er ákveðið að lækka það gengi íslensku krónunnar, sem nú í nokkur ár hefir staðið stöðugt. Hækkun á hinum innra kaupmætti verður því aðeins, að magn seðlaumferðar sje haft af skornum skamti. Ráðið til þess er, að bankavöxtum sje haldið á efri takmörkum þess, sem vextir peningamarkaðsins segja til um, svo að almenningur telji sjer hagkvæmast að greiða að nokkru leyti skuldir sínar til þjóðbankans, og þannig dragi úr seðlamagni og öðrum gjaldeyri í umferð. Svo verður vissulega og að fara að á Íslandi.

Hreyfing í þessa átt virðist á síðari árum raunverulega hafa átt sjer stað. Það er að vísu rjett, að ekki er sjáanleg nein ákveðin minkun á umferðaseðlum. En líklegt er, að það megi skýra að nokkru leyti með aukinni velmegun, og að öðru leyti með því, að peninganotkun fari vaxandi í íslensku atvinnulífi. En hvað sem því líður, þá hefir seðlamagnið verið svo takmarkað móts við vaxandi gjaldeyrisþörf, að verðlagið hefir smátt og smátt þrýstst niður.

Það er vart mögulegt að segja til um það fyrirfram, hversu langt eigi að ganga í þessu efni. Í landi eins og Íslandi geta verðvísitölur ekki gefið fyllilega nákvæma hugmynd um breytingarnar á hinum innri kaupmætti gjaldeyrisins. En niðurfærslan á hinu almenna verðlagi verður að komast það langt, að verðlagið innanlands standi ekki lengur í vegi fyrir, að verslunin við útlönd nái eðlilegu jafnvægi. Nafnverð vinnulauna verður auðvitað að fylgja með í hækkuninni, að svo miklu leyti sem batnandi fjárhagsástæður ekki leyfa hækkun raunverulegra launa.

Með þessum almennu athugasemdum mun skýr grein hafa verið gerð fyrir megindráttum hins íslenska gengismáls. Það, sem meira er að segja, snertir fremur einstök framkvæmdaratriði. Um það, hvaða gengi beri að festa, þá mun tæpast ástæða til að víkja frá því gengi, sem gilt hefir síðari árin. Það er stundum talað um, að æskilegt sje að miða gjaldeyrinn við gjaldeyri einhvers annars ríkis, að minsta kosti svo, að hlutfallið milli gjaldauranna sje sljett tala. Reynslan eftir ófriðinn og byltingar á verðgildi allra gjaldaura sýnir þó, að slíkt samband getur haft í för með sjer ýms óþægindi og hættur. Og undir öllum kringumstæðum mun vart vera ástæða til að offra nokkru, sem raunverulegt gildi hefir fyrir þjóðarbúskapinn, fyrir fánýt stærðfræðileg þægindi eða láta slíkt á nokkurn hátt tefja eða íþyngja því höfuðviðfangsefni, sem nauðsynlegt er að leysa, en það er festing gjaldeyrisins.

Það mun því vera skynsamlegt að festa gengið þannig, að til 100 íslenskra króna svari hjerumbil 81,50 sænskar, eða kr. 22,15 íslenskar fyrir hvert sterlingspund. Í lögum ber þó að festa hina íslensku mynteiningu þannig, að til hverrar mynteiningar svari ákveðinn gullþungi. Það verður einfaldast með þeim hætti, að ákveðið sje, að eitt kílógram af gulli skuli vera tiltekinn fjöldi íslenskra króna. Raunverulegt verð á einu kílógrammi af gulli verður síðarmeir að vera nálægt þessu jafngengi innan þröngra takmarka. Þetta er látið í ljós á þann veg, að þjóðbankanum er í lögunum gert að skyldu að kaupa og selja gull með því verði, sem ekki víkur nema fáa, segjum tvo til þrjá þúsundustu hluta frá jafngenginu. Stærð þeirrar frávikningar, sem má líðast, er komin undir kostnaði þjóðbankans við slík gullviðskifti.

Frá hagnýtu sjónarmiði er hitt þó enn mikilsverðara, að þjóðbankanum sje gert að skyldu að kaupa og selja helstu erlendu gullgjaldaura við gengi, sem ekki víkur meir en t. d. hálfan af hundraði frá jafngenginu. Auðvitað er því aðeins hægt að fara eftir slíku ákvæði, að viðkomandi erlendir gjaldaurar haldist í fullu gullgildi. Þjóðbankinn á því ætíð að vera laus við þessa skuldbindingu svo lengi sem hann er reiðubúinn til að kaupa og selja gull samkvæmt fyrnefndum ákvæðum.

Ef slík ákvæði eru sett um varðveislu jafngengisins, virðist ekki nauðsynlegt að móta nokkra íslenska gullmynt. En með því fyrirkomulagi, sem gert hefir verið ráð fyrir, gerir það ekki til. Ef síðar bryddi á almennri löngun til að fá sjerstaka gullmynt íslenska, þá er auðvitað hægt að fullnægja þeirri ósk. Ástæðurnar gegn því að hafa gullmynt í umferð í stóru löndunum og tillitið til nauðsynarinnar á því að fara sparlega með gulleign heimsins eru þýðingarlausar, þegar um lítil lönd eins og Ísland er að ræða.

Hin venjulegu ákvæði um tiltekna gulltryggingu fyrir seðlum þjóðbankans eru mjög þýðingarlítil. Ef mótuð verður sjerstök íslensk gullmynt, og verði þjóðbankinn því skyldaður til að innleysa seðla sína með gullmynt, þá verður auðvitað að hafa til taks hæfilegar birgðir af myntuðu gulli. En þær birgðir má þó miða eingöngu við innanlandsþarfir. Með tilliti til þarfa verslunarinnar við útlönd er það hin mesta nauðsyn, að þjóðbankinn eigi hæfilegar innieignir í London og New York og öðrum löndum, sem Ísland hefir viðskifti við. Það er álitamál, hvort í lögum þurfi að ákveða nokkuð um stærð innieignanna. En það er brýn

nauðsyn að skylda bankann til að hafa slíkar innstæður í svo ríkum mæli, að það tryggi alveg, að hægt sje að breyta íslenskum gjaldeyri óðara í helstu erlenda gjaldaura. Óhæfileg lækkun á innstæðunum má ekki leyfast.

Sjálf upptaka hinna nýju peninga veldur engum breytingum frá því, sem nú er og almenningur verði var við. Samkvæmt þeim tillögum, sem hjer hafa verið gerðar, er um það eitt að ræða, að festa íslenskan gjaldeyri í því gildi, sem hann hefir þegar haft í nokkur ár. Sú verðfesting er framkvæmd á þann einfalda hátt að leggja vissar skuldbindingar á herðar þjóðbankans. Hugsanlegt er, að hann þurfi að leita stuðnings erlendra banka til að tryggja verðfestinguna. Hvort nauðsynlegt sje að taka sjerstök erlend lán í þeim tilgangi, fer eftir því, hversu miklu fje hann hefir yfir að ráða, þegar breytingin er gerð.

Það er auðvitað mjög æskilegt vegna framkvæmdarinnar á verðfestingunni, að öll seðlaútgáfa einkastofnana hverfi úr sögunni og að öll ábyrgðin á seðlamagninu færist yfir á virkilegan þjóðbanka. Þessa umbót ætti að gera nú þegar, því það er hin mesta nauðsyn, að verðfesting íslenskrar krónu dragist ekki lengur úr hömlu. Vitanlega ber þá og að veita þjóðbankanum þann styrk, og einkum það »likviditet«, sem krefjast verður af seðlabanka landsins.

Leksand, í ágúst 1928.

Gustav Cassel.

Fylgiskjal II.

Brjef frá Adolf av Jochnick, forseta bankastjórnar ríkisbankans sænska, dags. Stokkhólmi 19. júlí 1928, til Ásgeirs Ásgeirssonar.

Þjer hafið lagt fyrir mig eftirfarandi spurningar:

1. Mun það teljast óráðlegt, að ríki með þeim fjárhagsástæðum, sem Ísland nú hefir og nánar er gerð grein fyrir í hjálagðri bók, sem samin er af hagstofustjóra Íslands, festi með lögum gjaldeyri sinn sem næst núverandi gengi?
2. Ef gjaldeyrir Íslands er lögfestur í því verði, sem hann nú hefir, getur þá talist hætta á því, að erfiðara verði að fá erlend lán og að vaxtakjör verði lakari en sem samsvarar raunverulegum fjárhagsástæðum landsins, — og má búast við því, að verðfestingin komi yfirleitt til að hafa teljandi áhrif á viðskifti Íslands við aðrar þjóðir?
3. Ef myntsamband Norðurlanda yrði aftur upp tekið og hugur Íslendinga skyldi beinast í þá átt að taka aftur upp gömlu Norðurlandakrónuna, mundi þá haganlegast að gera þá breytingu um leið og verðfestingin fer fram, eða t. d. eftir fimm ár, eða þá með því að hafa tvenskonar mynt næstu fimm árin?

Þessum spurningum vil jeg svara á þessa leið:

1. Þar sem gjaldeyrir landsins hefir undanfarið um alllangan tíma raunverulega verið verðfestur í hjer um bil 80% af nafnverði, þá tel jeg rjett, að sem fyrst verði gerðar ráðstafanir til að festa gengi hans lögformlega sem næst því gildi, sem hann nú hefir.
2. Um lánskjör landsins og vaxtakjör, þá skiftir það ekki máli, hvort gjaldeyririnn er festur í því gildi, sem hann nú hefir, eða öðru hærra gildi. Möguleikar ríkja til að fá lán og lánskjörin munu eingöngu fara eftir því, hvaða skilyrði ríkin hafa til að ávaxta og endurgreiða lánið.
3. Þessi spurning snertir innanríkismál, sem erfitt er að gefa ákveðið svar við. Ef það af einhverjum ástæðum þætti æskilegt að taka upp nýja mynt, þá mælir það *með því*, að breytingin sje gerð þegar, að þá fer sú breyting fram jafnhliða verðfestingunni, og að þá þarf ekki framar að gera ráð fyrir fleirum myntbreytingum, sem altaf hafa nokkur óþægindi í för með sjer. En *á móti* skjótri aðgerð mælir það, að þá vinst tími til að athuga, hvort kostir slíkrar ráðstöfunar sjeu svo miklir, að ástæða sje til að gera svo umfangsmikla breytingu.

Að endingu vil jeg geta þess, að jeg hefi ráðgast um ofangreindar spurningar við V. Moll ríkisbankastjóra, F. von Krusenstjerna bankaeftirlitsmann og M. Wallenberg vara-hjeraðshöfðingja, og kom það fram, að þeir eru mjer sammála um þær almennu ástæður, sem jeg hefi bygt svör mín á.

Með mikilli virðingu

Adolf av Jochnick.

Fylgiskjal III.

Brjef N. Rygg, bankastjóra ríkisbankans norska, dags. Oslo 13. sept. 1928, til Ásgeirs Ásgeirssonar.

Þjer hafið, hr. fræðslumálastjóri, sem formaður gengisnefndarinnar, sem ætlar að semja frumvarp um verðfesting íslensku krónunnar, beðið um álit mitt um:

1. Hvort það megi teljast ráðlegt nú, þegar gengið hefir í 3 ár haldist stöðugt í 80—82% af gamla gullgildinu, að festa það þar með lögum.
2. Hvort óttast þurfi, að þetta mundi verða til að hnekkja áliti landsins.

Um 1. spurningu:

Jeg hefi reynt að gera mjer grein fyrir breytingum þeim, sem orðið hafa á gengi íslenskrar krónu. Meðal annars gefur Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri

skýrslu um það í bók sinni »Island under og efter Verdenskrigen«, sem kom út á þessu ári. Hjer sje jeg, að 12. mars 1924 hefir gullgildi íslensku krónunnar verið komið niður í 47%, að fall hennar hafi verið talin ógæfa og að neyta bæri allrar orku til að hækka verðgildi hennar aftur. Til þess að koma þessu fram var gripið til flestra þeirra ráða, sem annarsstaðar höfðu verið reynd eða ráðlögð, t. d. lántöku, innflutningshafta, tollhækkana og niðurskurðar á gjöldum ríkissjóðs. Af ýmsum ástæðum, og þó einkum vegna óvenjulega hagstæðs viðskiftaástands og mikillar verðhækkunar á útflutningsvörum, hækkaði gullgildi krónunnar á þremur síðari ársfjórðungum ársins 1924 frá 47% upp í 63%, eða rúmlega um 1/3 hluta. Það er og upplýst, að menn reyndu að hafa hemil á þessari hækkun með því að auka seðlaumferðina um haustið. Menn fóru þá að finna til agnúanna á gengishækkuninni og stjórnin »gaf þessvegna út seðla á vegum Landsbankans, ekki einungis í stað þeirra, sem inn komu, heldur og talsvert framyfir . . . « (sjá bls. 44). Það má sjá, að krónan hjelt áfram að stíga, þótt ekki væri eins ört, þangað til hún nam staðar í lok október 1925. Jafngiltu þá kr. 22,15 einu sterlingspundi, og hefir þetta gengi haldist óbreytt síðan. Er krónan þannig hafði hækkað hjer um bil 30% á þremur ársfjórðungum, eða um 3/4 á hálfu öðru ári, var hún komin upp í hjer um bil 81½% af gullgildinu.

»Það gat ekki hjá því farið, að örðugleikarnir, sem stöfuðu af þessari miklu hækkun, yrðu mjög tilfinnanlegir fyrir atvinnulíf landsins« — segir í bók Þorsteins — »og það því fremur sem hagsveiflan var fallandi og á eftir komu mjög erfiðir tímar með lágu verði á helstu útflutningsvörum landsins«. — »Kaupmáttur krónunnar varð miklu lægri innanlands en utan . . . . . « og það er talið vafasamt, hvort smásöluverðið hafi ennþá náð að laga sig eftir erlendum kaupmætti krónunnar.

Um ástandið að öðru leyti sje jeg, að fram að árinu 1924 voru menn sammála um það, að eigi bæri einungis að reyna að vinna á móti frekara falli krónunnar, heldur einnig að því að hækka verðgildi hennar. Hin mikla hækkun 1924 varð of mörgum altof þung í skauti, og á Alþingi 1925 var lögð áhersla á, að hækkun krónunnar yrði að vera hægfara. Framhaldandi hækkun vakti nú enn óánægju atvinnurekenda, og á Alþingi 1926 komu fram tillögur um ráðstafanir til þess, að gullgildi krónunnar yrði endanlega stýft.

Þetta náði ekki samþykki, en ákveðið var til bráðabirgða að reyna eftir megni að halda genginu óbreyttu, þar sem komið var. Það hefir og heppnast fullkomlega.

Eftir viðtali við forsætisráðherra Íslands Tr. Þórhallsson í »Politiken« í Kaupmannahöfn 1. maí 1928 að dæma, virðist framtíð íslensku krónunnar í raun og veru afráðin. Þar segir hann meðal annars:

»Jeg álít, að íslenska krónan muni ekki komast í gamla gullgildið og eigi ekki að gera það. Síðan haustið 1925 hefir hún staðið stöðug í 80—82 af gamla gullgildinu, og eftir skoðun minni og flokks míns á að verðfesta hana þar. Við gengum til kosninga upp á þetta í haust (sic) er leið, en ihaldsmenn og jafnaðarmenn voru yfirleitt fylgjandi hækkunarstefnunni. En skoðun okkar varð sigursælli. Alþingi hefir skipað gengisnefnd, sem á að rannsaka, hvernig Ísland getur fest krónu sína þar sem hún stendur nú«.

Í sama viðtali er skýrt frá, að Ísland hafi engar erlendar ríkisskuldir í (ísl.) krónum.

Með tilliti til þessara ákveðnu ummæla, sem benda á, að málinu sje í raun og veru þegar ráðið til lykta, þá skal jeg ekki fara nánar inn á það, hvort rjett sje að lögfesta krónugildið í 80—82% af gullverði. Um þetta atriði eru það fyrst og fremst Íslendingar sjálfir, sem verða að fella dóminn, enda hefi jeg ekki í höndum þau gögn um það, hvernig til hagar á Íslandi, að álit mitt um þetta efni verði svo sjerlega mikilvægt. Um þetta tvent, sem um er að ræða, vil jeg því láta mjer nægja að segja, að því lengur sem pappírsmynt stendur föst í nýju verðgildi, sem hún hefir náð, því líklegra er, að allar aðstæður lagi sig eftir þessu nýja gengi, og því erfiðara verður að ná gamla gullgildinu aftur. Þegar þannig er komið niður á nýtt og lægra gullgildi, vinnur sjálfur tíminn að því að gera þennan grundvöll varanlegan, að minsta kosti að því leyti, að gullgildið hækkar ekki. Sje það nú talið ókleift að ná aftur gamla gullgildinu og heil þrjú ár eru liðin með föstu gengi, þá er rjett að tryggja sjer, að gjaldeyririnn fari ekki út af sporinu aftur, og það gerist best með lögfestingu gengisins. Að draga á langinn lagalega verðfestingu gengisins 80—82%, er því að mínu áliti óráðlegt, ef hætt er við þá hugsun að ná gamla gullgenginu.

Með þessum forsendum hlýt jeg því að svara fyrri spurningunni, sem til mín var beint, játandi.

Um 2. spurningu.

Svarið við því, hvort telja megi, að stýfing krónunnar geti hnekt áliti Íslands, er háð ýmsum aðstæðum, sem jeg ekki get farið að reyna að lýsa nákvæmlega. Að því er snertir útlönd, þá virðist mjer spurningin fyrst og fremst verða sú, hvort önnur lönd bíða tjón við stýfingu, og í öðru lagi, hvort Ísland í raun og veru eigi kost á öðru úrræði. Nú hefir Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra skýrt frá því, að Ísland hafi engar ríkisskuldir í (ísl.) krónum, og aðrar útlendar skuldir, sem um væri að gera, eru væntanlega einnig mest í útlendum gjaldeyri. Frá þessu sjónarmiði snertir stýfingin yfirleitt ekki útlenda hagsmuni, og getur þá af þeirri ástæðu ekki leitt af sjer neinn álitshnekki. — Viðvíkjandi hinu atriðinu, hvort annars sje kostur, þá vil jeg leggja áherslu á, að til þess að ná núverandi gildi, hefir verðmæti íslenskrar krónu verið hækkað að mun. Og þar sem nú um langan tíma hefir orðið að láta staðar numið við 80—82% og menn nú vilja tryggja þetta gengi með lagalegri verðfestingu, í staðinn fyrir að hafa áfram óbundinn gjaldeyri (í von um að hann kunni að hækka enn meir, en með þeirri áhættu, að hann falli á ný) — þá á jeg bágt með að trúa því, að þetta valdi nokkrum álitsspjöllum til lengdar.

Virðingarfylst

N. Rygg.

Nd. **97. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði alt að 333000 — þrjú hundruð þrjátíu og þrjú þúsund — krónur, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Hafnarfjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 667 þús. króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og utan bæjarstjórnar.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, en hafnargjaldkeri annast fjármál hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Hafnarfjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, og farmi þeirra:

1) Lestagjald.
2) Vitagjald.
3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
4) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar semur og stjórnarráð Íslands

staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Hafnarfjarðar innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4 % af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæslumaður landssjóðs, og fær hann 2 % í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem lætur fylgja því svo hljóðandi álitsskjal:

„Stutt lýsing á höfn og fyrirhuguðum hafnarmannvirkjum í Hafnarfirði.

Hafnarfjarðarhöfn hefir löngum verið talin í röð betri hafna á landinu, og ber margt til þess; en þó aðallega það, að þar er skjól og ró í norðan-, austan- og sunnanáttum. Í útsynningi og yfirleitt í öllum vestlægum áttum er höfnin aftur á móti opin og óvarin fyrir stórum öldum utan úr flóanum. Á meðan útgerð var hjeðan aðeins í smáum stíl sakaði þetta ekki svo mikið, þá var bara beðið eftir að lygndi. En síðan útgerðin hefir vaxið og öll afgreiðsla skipanna hefir orðið að gerast eins fljótt og mögulegt hefir verið, hefir þetta orðið mjög tilfinnanlegt. Á þessari vertíð leggja hjer upp afla sinn 10 línugufuskip, 6 innlendir togarar og sennilega 6 enskir togarar, fyrir utan mótorbáta. Þessi skip öll, svo og öll »fragt«-skip, sem hingað koma, eiga að fá afgreiðslu við eina og sömu bryggjuna, og þykist jeg vita að ekki megi mikið út af bera til þess að þau geti öll fengið fljóta afgreiðslu. Komi nú vestanstormur, verður að reka skipin frá bryggjunni, til þess að þau hvorki skaði hana nje sjálf sig. — Þetta hafa menn hjer fundið að ekki gat gengið til lengdar, og því var fenginn hingað verkfræðingur til að mæla upp höfnina og annar (N. Monberg) til að gera tillögur og kostnaðaráætlanir um hafnargerð. Það var árið 1923 að Monberg lagði fram sínar tillögur, og gengu þær út á að byggja ca. 700 metra langan garð yfir þvera höfnina, frá suðurlandinu, þar sem heitir Skiphóll. Þessi garður á að hans áliti að geta skapað hina nauðsynlegu ró í höfninni, og það er þessi garður, sem nú er meiningin að byggja. Um gerð garðsins og fyrirkomulag við vinnuna vísast að öðru leyti til brjefs Monbergs, dags. 23. ág. 1923, sem fylgir hjer með í afriti. Þess má geta í þessu sambandi, að vitamálastjóri, herra Th. Krabbe, var máli þessu mjög fylgjandi og mælti eindregið með tillögum Monbergs.

Kostnaðaráætlun sú, er »projektinu« fylgdi, var mjög lausleg, eins og sjá má á meðfylgjandi brjefi. Hann áætlar garðinn »lauslega eitthvað yfir 1,25 milj. kr.« —

Árið 1923 var ákaflega erfitt að gera kostnaðaráætlun eins og þessa, þar

sem verðlag alt var þá á svo miklu reiki. Nú hefir verðlag alt lækkað mikið síðan og orðið fastara, þannig að hafi garðurinn kostað kringum 1,25 milj. þá, ætti hann ekki að fara yfir 1 milj. nú. Annars verður sjálfsagt, undir eins og ákveðið hefir verið að byrja á verkinu, gerð nákvæm kostnaðaráætlun, um leið og hinar endanlegu mælingar og teikningar verða gerðar, en til fjárveitingar og til þess að hægt sje að taka afstöðu til málsins, ætti áætlun Monbergs að duga, ásamt með þeim mælingum og teikningum, sem þegar hafa verið gerðar.

Að lokum skal jeg leyfa mjer að nefna tvær ástæður, sem sjerstaklega tala fyrir því að undinn verði bráður bugur að því að byggja garð þennan:

1. Útgerð hefir aldrei verið meiri hjeðan úr bænum en nú, og virðist altaf vera að aukast. Bryggjuplássið er svo lítið, að engin stund má missast, vegna þess að ómögulegt sje að afgreiða skipin vegna ókyrðar við bryggjuna.
2. Á síðari árum hefir höfnin grynkað allverulega, þannig að uppmokstur er óumflýjanlegur í nánustu framtíð. Þó að hægt væri nú að framkvæma þennan uppmokstur án skjólgarðs, væri að öllu leyti heppilegra, að hann væri kominn áður. Svo er einnig um önnur mannvirki, sem gera þarf í höfninni, fleiri bryggjur og bólverk etc. Garðurinn er nauðsynlegur undanfari og undirstaða undir því öllu.

Hafnarfirði, 14. febr. 1929.
Emil Jónsson.«

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum.

Flutningsm.: Einar Jónsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfjelagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfjelags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi gegn ókeypis húsvist og kenslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næstan vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

2. gr.

Nú líst meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef meiri hluti allra kosningarbærra manna samþykkir starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfjelaginu útheimtir, bygt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallist á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfjelag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi umsemjist milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sje hverjum nemanda heimilt að leita sjer atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamenskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rjett sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en 1 vetur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af sýslunefnd Rangárvallasýslu og flutt samkvæmt áskorun aukasýslufundar 24. nóv. 1928 með svo látandi athugasemdum:

»Lög þessi hafa það markmið að heimila leið til aukinnar og almennrar lýðmentunar í landinu yfirleitt.

Að vísu hafa lögin eingöngu karlmenn fyrir augum, en það er af því, að hugmyndin er óþekt og er hugsuð sem tilraun með skóla fyrir pilta, en reyndust skólar með þessu fyrirkomulagi vinsælir og þættu gefa von um góðan árangur, væri rjett að heimila samskonar skóla fyrir stúlkur, en eðlilega þyrfti þó vinnan og verklega kenslan á þeim skólum að vera nokkuð frábrugðin vinnu og verklegri kenslu á skólum piltanna.

Hugsanlegt væri og í byrjun að sameina við karla-skóla námskeið fyrir ungar stúlkur í hússtjórn og matreiðslu án vinnuskyldu.

Að öðru leyti er markmiðið með vinnuskólahugmyndinni að ná í *alla* þroskaða unglinga til dvalar á skóla.

Sá galli virðist vera á núverandi lýðmenning, að það er aðeins lítið brot af mönnum, sem verða aðnjótandi meiri skólamentunar en þeirrar, er barnaskólar (oft harla ljelegir) láta í tje.

Þetta getur leitt til ósamræmis í hugsun og hegðun; þeir skólagengnu eiga ekki samleið með hinum í lífinu.

Núverandi menningarástand getur leitt til þess að búa til »uppskafninga«, en það virðist útilokað, er allir fara á sama skólann eða samskonar skóla.

Verklegt nám til ýmsra starfa, er iðka mætti í tómstundum, virðist og öllum jafnnauðsynlegt. Almenn mentun og almennur kosningarrjettur ætti og að sjálfsögðu að fylgjast að.

Núverandi unglinga- og gagnfræðakensla á sennilega höfuðþáttinn í hinu vaxandi aðstreymi til æðri mentastofnana. Það er eins og áður er tekið fram, hinir skólagengnu eiga ekki *samleið* með hinum og reyna þess vegna til að fjarlægjast þá sem mest.

Aukin mentun allra þroskaðra unglinga myndi verka í gagnstæða átt og minka aðstreymi til hinna æðri mentastofnana.

Vegna vinnunnar ættu og skólar þessir öðrum skólum fremur að hafa skilyrði til þess að fjölga þeim einstaklingum skólagengnum bæði í bæjum og sveitum, sem vildu leggja fyrir sig líkamleg störf í lífinu.

Að þessu takmarki, meiri og almennari mentun þroskaðra ungmenna, eru ekki nema tvær leiðir, skólaskylda, eða skylduvinna með skólarjettindum, sem stefnt er að með ofanrituðu lagafrumvarpi.

Vjer ætlum, að á þessum tveimur leiðum sje þó meira en lítill munur.

Almennri skólaskyldu, þótt ekki væri til nema vetrarnáms, mundi fylgja óbærilegur kostnaður.

Ríkið þyrfti þá að sjálfsögðu bæði að byggja skólana og starfrækja þá.

Útgjöldin við þetta dyttu yfir þjóðina öll í einu eins og holskefla, en með hinni aðferðinni kæmu útgjöldin yfir smám saman þegar hvert sýslufjelag væri tilbúið, og það sem mestu munaði, starfræksla yrði að öllu leyti hjá nemendum sjálfum og sýslu- og bæjarsjóðum, eftir því er þörf krefði.

Frá fjárhagslegu sjónarmiði sjeð yrði því leiðin með skólavinnufyrirkomulaginu til aukinnar almennrar lýðmentunar fær, þar sem skólaskylduleiðin mætti teljast ófær.

En þá er spurningin, orkar skólaskylduvinnan svo mikla hluti, að hún þrýsti unglingunum að skólaborðinu líkt og bein skólaskylda?

Oss virðist að líkurnar sjeu miklar fyrir því.

Hugmyndin er, að kennarar skólans, minsta kosti annar kennari og skólasmiðurinn, sjá »Um skólamál Rangárvallasýslu«, hafi þá undirbúningsmentun, að þeir verði færir um að stjórna skólavinnunni.

Nemendur kynnast þannig kennurum sínum þegar í vinnunni 7 vikna tíma og nemendur hverjir öðrum, hafandi sameiginlegt mötuneyti þennan tíma og búandi saman í tjöldum, meðan vorsólin lýsir og vermir. Síðasta daginn verða þeir svo spurðir að því, hvort þeir komi á skólann, vitandi það, að borgun fyrir vinnuna utan fæðis fá þeir ekki aðra en ókeypis húsvist og ókeypis kenslu 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir.

Oss virðist, að kynningin af jafnöldrum og kennurum þennan tíma og eigin hagsmunir þeirra sjálfra og samþykt fólksins á bakvið og svo sjálf skólabyggingin hljóti að gefa játandi svar frá flestum, ef ekki öllum.

Hið játandi svar hefir þá aukið gildi skylduvinnunnar á einu þýðingarmiklu atriði.

Vinnan hefir skapað eða vakið þekkingarþrána. Hinn ungi kemur á skólann óruggur og ákveðinn til þess að hafa gagn og gaman af náminu.

Hann finnur með sjálfum sjer, er hann lítur yfir unnið verk, að hann hefir drýgt dáð, og hann gleðst með sjálfum sjer og hlakkar til launanna á skólanum. Og þegar hann hefir lokið náminu, þá skilur hann, að hið sanna líf er og á að vera eins og skáldið kvað, starf til þarfa og þörf til starfa, og hann skilur, að hann hefir notið ávaxtanna af eigin starfi, og að hver er sinnar gæfu smiður.

Sje aftur á móti tekin til samanburðar við skylduvinnu með skólarjettindum skólaskylda með nemendagjöldum í peningum, t. d. skólagjald jafnhátt og vinnan mundi gefa, þá gæti þó það fyrirkomulag engan veginn haft þau áhrif á hugsunarhátt nemendanna, sem þegar hefir verið lýst.

Í öðru lagi má líkja vinnu til samgöngubóta á landi og sömuleiðis allri vinnu til jarðræktar sem nokkurskonar útsæði, er mundi gefa nemendunum sjálfum og komandi kynslóðum ríkulega ávexti.

Það verður ekki sagt um skólagjald í peningum. Þeir peningar gætu verið misjafnlega fengnir, t. d. fengnir fyrir rányrkju eða fiskþvott í útveri.

Í þriðja lagi: Ungir menn 18 ára hafa sjaldnast ráð á peningum, en hafi þeir heilbrigðar hendur og hraustan líkama, þá dugar þeim það eitt til námsins.

En ríkið, sýslan eða einstakir menn eða fjelög, t. d. búnaðarfjelög, leggja fram peningana fyrir vinnuna. Þar frá gengur svo nokkuð fyrir fæði meðan unnið er, en afgangurinn fer til skólans.

Aftur á móti verða nemendur að fæða sig sjálfir á skólanum. Eiga þeir að geta unnið fyrir því sjálfir, annaðhvort hjá aðstandendum eða óviðkomandi mönnum, frá lokinni vorvinnu til hausts.

Heima í sinni eigin sýslu eða bæjarfjelagi væri hægt um hönd fyrir aðstandendur nemenda að leggja í matarfjelag nemenda neytsluvörur í staðinn fyrir peninga.

Markaðsverð þyrfti þar eigi að koma til greina, heldur aðeins sá skaðtur, er þurfa þætti.

Á móti vinnunni sem skólagjaldi hafa heyrst raddir um það, að hún væri hár skattur á þá, sem ekki gengju í skólann, en hjer má hver kenna sjálfum sjer um, þegar það er eigi þegið, sem í boði er.

Og er það ekki svo í voru þjóðfjelagi, að fjölda fólks er gert að greiða fje til opinberra þarfa, er ekki verður bent á að nokkuð sjerstakt komi á móti, t. d. um allar konur og karla á aldrinum 16—25 ára, sem allflestir greiða skatt bæði til sveitar og ríkis og hafa ekki einu sinni kosningarrjett í þokkabót.

Hjer er því ólíku saman að jafna. Annars er hjer um uppeldisaðferð að ræða, en ekki neina skattálagningu, því sjálf vinnan verður í framkvæmdinni verklegur skóli fyrir nemendur.

Þá hafa sumir komið með þá grýlu, að foreldrar mundu láta börn sín eiga heima í öðru sýslu- eða bæjarfjelagi skólaárið, til þess að komast hjá skylduvinnu og skólavera það árið.

Þetta er raunalegur hugsunarháttur, en þar að auki felst í honum hugsunarvilla, því skólafyrirkomulagið kemst ekki á, nema meiri hluti kjósenda innan sýslu eða bæjarfjelags hafi áður samþykt fyrirkomulagið.

Skal svo vikið að fyrirsögninni og hverri sjerstakri grein fyrir sig með nokkrum orðum:

Um fyrirsögnina.

Hún sýnir það, að aðalmarkmið laganna er lýðmenning. Skylduvinnan er skólagjald, er einnig þeir, sem engin fjárráð hafa eða fje eiga, geta int af hendi.

Þegnskylduvinnan er annars eðlis. Hún er skattur eða kvöð, sem lögð er á mann líkt og herskyldan til að þjóna hagsmunum ríkisins, en skylduvinnan er lögð á nemendur aðallega vegna þeirra sjálfra.

Skylduvinnan með skólarjettindum er ætlast til að komi fyrir beina skólaskyldu, en jafnframt er vinnan sjálf aðferð til þess að útvega það fje, sem kenslan kostar að meiru leyti, og samtímis einnig leið til að koma þeim verkum árlega í framkvæmd, sem þjóðfjelag og einstaklingar mega ei án vera, svo sem á sjer stað með allar samgöngubætur og viðhald samgöngubóta á landi, og hverskonar jarðræktarstörf yfir höfuð.

Með vaxandi ræktun landsins, sem allir vona, má búast við fjölgun býla, þannig að einyrkjabúskapur fari í vöxt; mætti þá koma sjer vel fyrir hvert sýslufjelag að eiga árlega vísan flokk ungra manna til að leysa þau störf af hendi, er sýslufjelagið þarfnast og einyrkinn hefir eigi tíma til.

Um 1. gr.

Aldurstakmarkið »18 ára« rökstyðst við það, að þá er hver unglingur á þeim aldri orðinn fullfær til allrar líkamlegrar vinnu sem andlegrar, þá eru menn og orðnir það þroskaðir andlega, að þeir eru látnir bera fulla ábyrgð á gerðum sínum.

Er þá ekki líka einmitt hinn rjetti tími kominn fyrir þjóðfjelagið til þess að gefa ungum mönnum svolítið veganesti undir lífið í skóla, ekki fáeinum einstaklingum, heldur öllum, sem til verður náð með góðu móti?

Um 2. gr.

Eigi þykir rjett að gefa heimildina sýslunefndum og bæjarstjórnum einum. Tryggara fyrir góðar framkvæmdir í málinu, að allir kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar hafi atkvæðisrjett um málið, og meiri hlutinn ráði, þó ekki aðeins meiri hluti þeirra, er kjósa, heldur meiri hluti þeirra, er kosningarrjett eiga, og er þar gengið skrefi lengra en alment gerist. Með þessu móti er öllum foreldrum gefinn kostur á að greiða atkvæði um skipulagið, enda tilhlýðilegt og sjálfsagt að svo sje, þar sem markmiðið með fyrirkomulaginu er eigi síður uppeldi en fræðsla.

Um 3. gr.

Greinin ákveður, að skólahúsin eigi að byggjast fyrir ríkissjóðsfje, þegar fullur helmingur sýslu- eða bæjarbúa hefir samþykt fyrirkomulagið. Má vera, að sumum virðist að hjer sje verið að taka fullan hnefann og að þetta verði óbærilegur baggi fyrir ríkissjóðinn. En það er eitthvað annað en svo sje. Því má ekki gleyma, að sýslu- og bæjarfjelögum er ætlað að starfrækja skólana að öllu leyti. Sjá fyrirsögnina, 2., 3. og 4. grein frumvarpsins. Sem stendur eru unglingaskólar bygðir að miklu leyti fyrir ríkisfje og styrktir árlega með þúsundum króna af ríkissjóði.

Það mætti með meiri sanni segja, að lagafrumvarpið stefni að því að losa ríkissjóðinn við marga bagga, sem nú hvíla á honum eða á hann verða lagðir til lýðmenningar í landinu, samkvæmt ríkjandi stefnu í skólamálum.

Fyrir árlegt rekstursfje Eiðaskólans t. d. mætti sennilega byggja eitt mjög fullkomið skólahús fyrir 50 nemendur á hverjum 4 árum. Ólíkara að hugmynd þessi ætti þeim vinsældum að fagna, að bygging skólanna gengi örara yfir.

Segjum, að vandað skólahús ætti að endast í 100 ár (sennilega mikið lengur) og vera menningarstofnun sýslufjelags eða bæjarfjelags allan þennan tíma, ríkissjóði að kostnaðarlausu. Einar áttatíu þúsundir fyrir hundrað ár; það gæti með engu móti talist þungur baggi.

Hvað stærð hvers skóla snertir, þá mundi hún eðlilega miðast við árlegt áætlað nemendatal í hverri sýslu eða bæ.

Í sýslu, sem hefir 3800 íbúa, mun láta nærri, að árgangur unglinga sje 40 til 50 tals. (Sjá: Um skólamál Rangárvallasýslu). Þar má og lesa um áætlaðar tekjur og gjöld við árlegan rekstur slíkra skóla, bæði beinar og óbeinar tekjur, sem hjer skiftir ekki máli.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar ber að skoða sem varnagla gagnvart þeirri ástæðulitlu hræðslu, að sýslu- eða bæjarfjelag skyldi gera sjer leik að því að samþykkja fyrirkomulagið í þeim tilgangi að eignast skólahús fyrir ríkissjóðsfje, og nota síðan húsið í öðru augnamiði eða á annan hátt en til var stofnað.

Um 5. gr.

Fyrir höfundi frumvarpsins hefir vakað, að skólar þessir ættu að hafa fjóra aðalstarfsmenn, skólastjóra með heimspekisprófi, annan kennara með landbúnaðarprófi, skólasmið með sjerþekkingu í smíðum ýmiskonar, og forstöðukonu með sjerþekkingu í hússtjórn og matreiðslu. Það er og hugmynd höfundarins, að annar kennari og smiðurinn hafi góð skilyrði til þess að stjórna vinnunni að vorlagi. Það er ennfremur hugmynd höfundarins, að nemendum skuli frjálst sumarið milli vinnunnar og skólanámsins að innvinna sjer kaup fyrir vetrarfæði hvar sem best býðst, án þess að leysa lausamenskuleyfi.

Að öðru leyti þykir ótímabært að fjölyrða frekar um þessa grein frumvarpsins.

Eftirmáli.

Vjer vitum öll eða eigum að vita, að Ísland er víðáttumikið og strjálbygt land og að það er ómögulegt að flytja bygðirnar saman.

En þá vitum vjer líka, að ef vjer eigum að verða sterk og sjálfstæð þjóð, að við verðum að rækta landið jafnt fyrir sunnan og norðan, austan og vestan, og það verk vinnst sennilega seint, nema vjer fyrst og fremst ræktum hvern einstakling kynslóð eftir kynslóð. Með skólahugmynd vorri gerum vjer þetta tvent í einu.

Vjer viljum með skólahugmynd vorri skapa samfeldar fylkingar innan hvers sýslufjelags, sem hafa unnið að markinu: ræktun lýðs og lands.

Skólarnir eiga að vera miðstöð menningar í hverri sýslu, þeir eiga að vera svo settir, að utan um þá myndist þorp. Þá hættir útstreymið úr sýslunni, innstreymið byrjar.

Bæjarbúi vanur þægindum bæjarlífsins flytur ekki heim á gamla býlið einangraða, en í nýja þorpinu vildi hann fremur vera.

Sýsluskólarnir með vinnuskólafyrirkomulagi ætti að vera öflugasti þátturinn til ræktunar landsins og aukins manndóms kynslóðanna.«

Þannig samþykt á aukafundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 24. nóv. 1928.

Meðmælendur utan sýslunefndar:

1. Sjera Sveinbjörn Högnason, Breiðabólsstað.
2. Sjera Erlendur Þórðarson, Odda.
3. Sjera Jón Skagan, Bergþórshvoli.
4. Helgi Jónasson, hjeraðslæknir.
5. Sigfús Sigurðsson kennari, Þórunúpi.
6. Guðmundur Árnason, hreppstjóri í Múla (með fyrirvara).
7. Guðjón Jónsson hreppstjóri, Hallgeirsey.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um háskólakennara.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu rjettindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt umsókn frá dócentum við háskólann. Segir svo í brjefi þeirra:

»Vjer undirritaðir dócentar við Háskóla Íslands leyfum oss hjer með að fara fram á það, að háskólaráðið vildi beita sjer fyrir þeirri breyting, að dócentar verði prófessorar að sjálfsögðu, þegar þeir hafa starfað í embætti sínu full 6 ár. Er sá tími miðaður við það, að eftir 6 ára starf hafa dócentar náð sömu launum sem prófessorar hafa í byrjun.

Kenslustörf dócenta eru í raun og veru alveg þau sömu og prófessoranna, og það virðist því nóg að láta þá vera við lægri launin þann tíma, sem þeir samkvæmt launalögum eru að komast upp í lágmarkslaun prófessora. Hitt virðist mjög ósanngjarnt, að láta þá svo bíða á þeim launum, annaðhvort æfilangt eða þar til prófessorsembætti losnar«.

Háskólaráðið mælti einróma með þessari ósk dócentanna og sendi Alþingi hana til fyrirgreiðslu.

Þessi ósk dócentanna virðist vera svo sanngjörn, að rjett væri að gera lagabreyting þá, sem þeir fara fram á. Kostnaðarauki verður þetta að vísu nokkur, en þó verður hann oftast fremur lítill, því að jafnaði koma menn ekki mjög ungir í háskólakennaraembætti.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Auk þeirra vara, er greinir í 1. gr. laga nr. 47, 15. júní 1926, skulu eftirtaldar vörur vera undanþegnar verðtolli:

Kjólaefni kvenna og barna úr baðmull. Tvisttau. Sirs. Slitfataefni, svo sem blússuefni, molskin og nankin. Boldang. Sængurdúkur. Fóðurefni, svo sem nankin og shirting. Ljereft. Tilbúinn karlmannafatnaður (ytri) úr ull og slitfataefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Síðasta Alþingi hækkaði verðtoll á þessum vörum og ýmsum fleiri úr 10% upp í 15% af innkaupsverði til ársloka 1930. Var þá borið við fjárþörf ríkissjóðsins.

Nú hefir, samkv. skýrslu forsætisráðherra, orðið um 1½ miljónar króna tekjuafgangur síðastliðið ár. Virðist því sjálfsagt að ljetta af einhverjum þeim sköttum, sem ranglátastir eru, en það eru tollar þeir, sem hvíla á nauðsynjum almennings.

Meðalinnflutningur vörutegunda þeirra, sem í frv. er ætlast til að verði undanþegnar verðtolli, mun vera um 2700—2800 þús. krónur á ári. Tekjumissir ríkissjóðs, ef frv. þetta yrði að lögum, myndi því nema um 400—420 þús. krónum á ári að meðaltali, en þó miklu minna á þessu ári, vegna þess, hve liðið verður á árið, þegar lögin öðlast gildi.

Auk verðtollsins, 15%, er nú lagður á þessar vörur vörutollur, 18 aurar pr. kg. að umbúðum meðtöldum. Til uppjafnaðar lætur nærri, að hann nemi um 2% af innkaupsverði þeirra, en miklu meira af þeim, sem eru mjög þungar í sjer eða fluttar eru inn í þungum umbúðum.

Ed. **101. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, verði ekki samkomulag.
2. Við 12. gr. Í stað »forgöngurjett« í 3. málsgrein komi: rjett.

Nd. **102. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Frá Magnúsi Torfasyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina komi:
Á eftir A. 4. í 2. gr. laganna komi nýr tölul.:
Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasljettu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Löggilding hvors þess verslunarstaðar, er um ræðir í 1. gr., skal koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ed. **104. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Orðin »innan þinglýstra takmarka« falli burt.
2. Við 1. gr. Orðið »(jarðhita)« falli burt.
3. Við 12. gr. Aftan við 3. málsgrein bætist: Árgjald til ríkissjóðs má falla burt, ef virkjað er til almenningsþarfa eingöngu.
4. Við 14. gr. Fyrir »forgangsrjettur« komi: rjettur.
5. Við 15. gr. Fyrir »Til virkjunar« í upphafi gr. komi: Til orkunýtingar.
6. Við 16. gr. Fyrir »virkjunar« komi: orkunýtingar.

Nd. **105. Frumvarp**

til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Af hverjum kassa (48 dósum) niðursoðinnar mjólkur, sem til landsins er flutt, skal greiða gjald í ríkissjóð, er nemur kr. 4.50.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er þar að lýtur, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Á meðan lög þessi eru í gildi, er atvinnumálaráðherra heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda dósamjólk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt niður vörutollur sá, sem nú er á niðursoðinni mjólk.

Greinargerð.

Mjólkurniðursuða er, eins og kunnugt er, fyrir nokkru hafin hjer innanlands, en hefir átt nokkuð örðugt uppdráttar, eins og oft vill verða um ný fyrirtæki, sem keppa þurfa við önnur eldri og öflugri; en hjer er eingöngu um að ræða erlenda keppinauta.

Nú er starfsemi þessi það vel á veg komin, að hún hefir náð föstum tökum á framleiðslu vandaðrar vöru; hefir áhöld til að framleiða nægilega dósamjólk eftir þörfum landsmanna, miðað við neyslu síðari ára, og gnægð mjólkur er í því hjeraði, sem verksmiðjan hefir aðsetur sitt. Það, sem aðallega vantar, er tryggur markaður, og tilgangur þessa frumvarps er að veita hinu innlenda fyrirtæki forrjettindi að þeim markaði, sem til er í landinu, án þess að íþyngja neytendum með hærra verði.

Nánar í framsögu.

Ed. **106. Nefndarálit**

um frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp sama efnis sem þetta var flutt á síðasta þingi af hv. þm. Austur-Húnvetninga. Var það afgreitt á þann hátt, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari rannsóknar. Nú hefir ríkisstjórnin látið rannsaka hafnarstæðið að nýju og gera nýja áætlun um kostnað við hafnargerð á þessum stað. Áætlunin sýnir, að mannvirki þetta muni kosta um 700 þús. krónur.

Nefndin lítur svo á, að hafnargerð á þessum stað sje mjög nauðsynleg fyrir sveitir þær, sem þar að liggja, sem og vegna fiskiflota landsmanna, þó einkum síldveiðiskipa. Vill hún því mæla með hafnargerðinni. Hinsvegar getur hún ekki fallist á fyrirmæli frv. um skiftingu fjárframlaga til verksins milli ríkissjóðs og viðkomandi hjeraðs. Hingað til hefir það verið aðalreglan, þegar slík lög sem þessi hafa verið afgreidd frá Alþingi, að ákveða ríkissjóðstillag $^1/_4$ byggingarkostnaðar, en viðkomandi hjerað legði fram $^3/_4$, en frv. þetta gerir ráð fyrir ríkissjóðstillagi að $^1/_2$. Vill nefndin ekki ganga inn á þá

braut, að ríkissjóður leggi fram 1/2 kostnað við byggingu slíkra mannvirkja, en getur eftir atvikum fallist á, að um þessa hafnargerð verði þó vikið frá venjunni og ríkissjóður leggi fram 1/3 kostnaðarins, án þess að það beri að skoða sem fordæmi fyrir fjárframlögum til slíkra mannvirkja síðar.

Þá vill nefndin heldur ekki ganga inn á fyrirmæli 2. gr. frv. um að heimila viðlagasjóðslán til hafnarsjóðs Skagastrandar á þeim hluta kostnaðarins, sem honum eða viðkomandi hjeruðum ber að leggja fram, en leyfir sjer að leggja til, að ríkisstjórninni verði heimilað, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast alt að 470 þús. króna lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, að tilskilinni ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein 1. gr. orðist þannig:
   Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði 1/3 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 235000 — tvö hundruð þrjátíu og fimm þúsund krónur — gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 470000 — fjögur hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

Alþingi, 13. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.	H. Steinsson.

Ed. **107. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykt um það, að áskilja bæjarfjelagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja,

og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjelaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjelagi forkaupsrjett á.

2. gr.

Samþyktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaupsrjett á. Samþykt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþyktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1927, og var því þá vísað til ríkisstjórnarinnar. Vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv.

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 3, með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

13. gr. hljóðar svo:

1. og 2. málsgr. 12. gr. orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Nd. **109. Nefndarálit**

um frv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, var frv. um þetta efni flutt á Alþingi í fyrra og afgreitt af neðri deild þá.

Þetta frv. er að heita má eins.

Nefndin telur nú sem fyr, að þetta mál sje mikilsvert og að það eigi fram að ganga. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með lítilsháttar breytingum. Er önnur breytingin sú, að leigulíða sje boðið á stofnfund, ef

telja má, að eigandi mæti ekki. Hið sama gildir og, ef í ráði er síðar á fundi í fjelaginu að taka leiguliða í fjelagið. Síðari málsgrein 6. gr., um endurgreiðslu fyrir veiðiaukningu, þykir nefndinni ekki nógu greinilega orðuð og flytur breytingartillögu um það atriði.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir fyrsta málslið komi: Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr.
2. Við 6. gr. Á eftir 1. málslið komi: Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn.
3. Við 6. gr. Síðari málsgrein skal orða þannig:

   Skylt er landsdrotni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr.

   Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

Alþingi, 13. mars 1929.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari og frsm. Jón Sigurðsson.
Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **110. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. Á undan 1. gr. frv. komi 4 nýjar gr., sem verða 1.—4. gr., svo hljóðandi:
   a. Á eftir fyrstu málsgr. 8. gr. laganna bætist inn í: enda hafi hann dvalið þar minst 3 mánuði.

      Aftan við b.-lið sömu greinar komi nýr stafliður, sem verður c.-liður, svo hljóðandi: Ef hann á jörð eða jarðarhluta í annari sveit. Þar má þó aðeins leggja á eign hans í jörðinni og tekjur af henni í hlutfalli við það, sem lagt er á innsveitismenn, enda má þá ekki leggja á þessa álagsstofna í heimilissveit hans.

      Stafliðirnir breytast samkv. þessu.

b. 12. gr. laganna skal orða svo:

Ef skifta þarf útsvari milli sveita, skal við skiftinguna farið eftir tímalengd þeirri, er gjaldþegn hefir dvalið í hvorri eða hverri sveit á því ári, sem útsvar er miðað við. Þá skulu atvinnutekjur svo reiknaðar, að $^1/_3$ þeirra komi á mánuðina nóvember—mars, að báðum meðtöldum, en $^2/_3$ á aðra mánuði ársins.

c. Í stað orðanna »febrúar—maí« í upphafi 21. gr. laganna komi: febrúar—apríl.

d. 26. gr. laganna skal orða svo:

Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.

2. Fyrsta grein frv. verði 5. gr.

3. Önnur grein frv. verði 6. gr.

4. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi:

Í stað orðanna í 30. gr. laganna »áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga« komi: á gjalddaga.

Ed. **III. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhendingu á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fisksins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fisksins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fisksins í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fisksins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þús. krónum, og renna þær í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1930.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið borið fram á mörgum undanfarandi þingum. Vísast til greinargerða, sem áður hafa fylgt frv., og umræðna um það á fyrri þingum.

Ed. **112. Nefndarálit**

um frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir nú íhugað frumv. þetta á allmörgum fundum, en hefir ekki getað orðið algerlega á eitt mál sátt. Allir nefndarmenn eru þó sammála um, að rannsóknir, sem frumv. gerir ráð fyrir, sjeu mjög nauðsynlegar. Eins og kunnugt er, gera sjúkdómar þeir, sem ræðir um í 1. lið 2. gr., stórtjón á búfje landsmanna árlega. Er skemst á að minnast, að alt að fjórði hluti sauðfjár í heilum hjeruðum fjell af völdum lungnaormaveiki eða af vöntun vissra fóðurefna þrátt fyrir kappnóg hey.

Þegar svona standa sakir, virðist ekki áhorfsmál, að talsverðu sje fórnandi, ef unt væri að finna orsakir sjúkdómanna og aðferðir til að lækna þá eða afstýra þeim. Meiri hluta nefndarinnar virðist því rjett að veita stjórninni heimild þá, sem frumv. fer fram á, til að koma á stað rannsóknum í þeim efnum, er 2. gr. ræðir um.

Að vísu er meiri hlutanum það fyllilega ljóst, að þessu hlýtur að fylgja allmikill kostnaður fyrir ríkissjóð. Úr kostnaðinum virðist þó æðimikið mega draga með því að nota svo sem unt er í þágu þessa starfs krafta þá, sem fyrir eru, eins og 3. gr. gerir ráð fyrir.

Húsnæði handa stofnuninni til bráðabirgða hyggur meiri hl., að Búnaðarfjelag Íslands geti lagt til, og getur það einnig dregið allmjög úr kostnaðinum, í byrjun að minsta kosti.

Meiri hlutinn telur rjett, að leitað sje samvinnu við læknadeild háskólans, áður en í fyrirtækið er ráðist, og yfirleitt að það sje undirbúið sem best. Sömuleiðis gerir meiri hl. ráð fyrir, að leitað sje til fjárveitingavaldsins áður en ráðist er í kostnaðarsama húsagerð handa stofnuninni.

Auk þess verkefnis, sem talið er í 2. gr., virðist rjett, að stofnuninni sje heimiluð, eftir því sem ástæður leyfa, rannsókn á matvælum, er til landsins flytjast, og rannsóknir fyrir einstaka menn og stofnanir, en beinar tillögur verða þó ekki gerðar um það.

Af því, sem nú hefir verið sagt, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 14. mars 1929.

Jón Jónsson.	Jón Baldvinsson,
form. og frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **113. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykt.

Alþingi, 14. mars 1929.

Jón Jónsson,	Páll Hermannsson,	
form.	skrifari og frsm.	
Ingibjörg H. Bjarnason.	Jóh. Jóhannesson.	Erlingur Friðjónsson.

Ed. **114. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með þessari einu

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna »kallast tannlæknir« í upphafi greinarinnar komi: kalla sig tannlækni.

Alþingi, 13. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. **115. Frumvarp**

til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum, sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá umráða- og hagnýtingarrjetturinn vera sameign þeirra.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill einn eða fleiri hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en aðrir ekki, og getur þá hinn eða hinir fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans eða þeirra landi. Hinn eða hinir síðari eiga engar bætur fyrir orkuna, en hann eða þeir geta hvenær sem er síðar leyst inn sinn eða sína hluti, til þess að hagnýta þá sjálfir.

Óheimilt er hvera- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

3. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitarjettindi, nema með sjerstöku leyfi ráðherra. Kaup á slíkum rjettindum eru landkaup.

4. gr.

Landeiganda er rjett að hagnýta sjer hveri og laugar, eða ráðstafa þeim eins og honum þykir best henta, sbr. þó 2. gr. Hann hefir rjett til að stífla frárensli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sjerstök hætta stafar af.

5. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, verði ekki samkomulag.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu, fyr en það hefir verið álitið af úttektarmönnum og þeir talið það rjettmætt.

Ábúandi á við burtför sína af jörðinni rjett á endurgjaldi fyrir kostnaði sínum, eftir sömu reglum og gilda um aðrar jarðabætur.

7. gr.

Ef hjeraðsstjórn telur rjett að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í hjeraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rjett til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðeiganda einum og hjeraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rjett til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rjett til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hjer. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemdum við rannsóknina, eða biði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í tje við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vjelum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður bora eftir jarðhita, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbrjefi skal tiltekið, á hvern hátt rannsókninni skuli hagað og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholunum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbrjefi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi.

Sá, er borunarleyfi fær, öðlast einkarjett á leyfissvæðinu til jarðhitarannsókna og rjett til virkjunar þeim jarðhita, er hann finnur, enda greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því sem nánar verður tiltekið í leyfisbrjefinu. Fyrir leyfisbrjef skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð. Árgjald til ríkissjóðs má falla burt, ef virkjað er til almenningsþarfa eingöngu.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning, er landeigandi kann að verða fyrir, og þau óþægindi, er hann kann að baka öðrum með rann-

sóknum sínum, eða með hagnýtingu jarðhitans. — Ef ágreiningur verður um endurgjaldið, skal úr því skorið með mati.

13. gr.

Leyfisbrjef til borunar eða forgangsrjett til borunar má ekki framselja nema með leyfi ráðherra.

14. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið, og skal þá byrjað á hagnýting jarðhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbrjefinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur rjettur leyfishafa til virkjunar jarðhita niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi, ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn hjeraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

15. gr.

Til orkunýtingar jarðhita, sem borað hefir verið fyrir, þarf leyfi ráðherra, ef meir en 500 hestöfl (hreyfiafl) eru, og fara að öllu leyti með sem vatnsafl væri, eftir vatnalögum. Hitaveitur, sem fá jarðhita, er borað hefir verið fyrir, skulu háðar sama eftirliti og vjelar og eimkatlar á landi.

16. gr.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til orkunýtingar, af því hjeraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rjett til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir rjettindamissi.

Nd. 116. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Á eftir 17. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

32. gr. hljóði svo:

Kosningar í nefndir og til annara starfa, er bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar (sýslunefndarmenn), er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar (oddvita sýslunefndar), þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaðurinn (oddvitinn) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á

honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir (sýslunefndarmennirnir) þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sje ekki stungið upp á fleiri mönnum en kjósa á, lýsir formaður (oddviti) þá rjett kjörna án atkvæðagreiðslu.

Nd. 117. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Á undan 1. gr. frv. komi 2 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. Í stað orðanna »4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum« í 21. gr. laganna komi: 4 vikur í hreppum og 4 vikur í kaupstöðum.
b. Í stað »2 vikur í kaupstöðum« í 1. málsgr. 23. gr. laganna komi: 4 vikur.

Sþ. 118. Skýrslur

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" frá 1. janúar 1927 til 31. desember 1928.

Tekjur:

		Kr. a.
1. Eign í árslok 1926:		
a. Bankavaxtabrjef	kr. 5100.00	
b. Veðskuldabrjef	— 3600.00	
c. Í Landsbankanum	— 12551.31	
		21251.31

2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	429.75	
b. — veðskuldabrjefum	—	360.00	
c. — fje í Landsbankanum	—	1113.06	
			1902.81
			23154.12

Gjöld:

			Kr. a.
1. Verðlaun greidd:			
a. Helga P. Briem	kr.	500.00	
b. Bókmentafjelaginu	—	1200.00	
			1700.00
2. Auglýsingakostnaður			160.28
3. Eign í árslok 1928:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	4000.00	
b. Veðskuldabrjef	—	3600.00	
c. Í Landsbankanum	—	13693.84	
			21293.84
			23154.12

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. janúar 1929.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 7. janúar 1928 gaf nefnd sú, er kosin var á Alþingi 1927 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram fyrir lok desembermánaðar 1928.

Á hinum setta fresti bárust nefndinni þessar 3 ritgerðir:

1. »Jón Sigurðsson 1811—1851«.
2. »Um stjórnhætti og löggjöf«.
3. »Saga bankanna á Íslandi«.

Nefndin samþykti að sæma ritgerðina nr. 1 1000 kr. verðlaunum. Höfundur hennar reyndist að vera próf. dr. phil. Páll E. Ólason.

Ritgerðina nr. 3 samþykti nefndin að sæma 350 kr. verðlaunum. Höfundur hennar reyndist að vera guðfræðiprófessor Magnús Jónsson.

Ritgerðina nr. 2 taldi nefndin eigi geta komið til álita til verðlauna, með

því að hún eigi geti talist reist á vísindalegum rannsóknum, enda þótt hún sje vel rituð og efni hennar athyglisvert.

Í stað Ólafs Lárussonar, er eigi taldi sjer rjett að dæma um ritgerðina nr. 3, tók Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson sæti í nefndinni við dóm þeirrar ritgerðar.

Með því að meiri verðlaunum var eigi útbýtt á þessu ári, samþykti nefndin, samkv. heimild í 2. gr. í Reglum frá 16. okt. 1912, að veita hinu íslenska fornritafjelagi 500 kr. af vöxtum sjóðsins til útgáfu íslenskra fornrita.

Þetta leyfum vjer oss að tilkynna hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 14. mars 1929.

Hannes Þorsteinsson. Ólafur Lárusson. Sigurður Nordal.

Til Alþingis.

Ed. **119. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfelda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómur eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að áður en lög nr. 13 frá 1925 tóku gildi, voru sektir afplánaðar í fangelsi við vatn og brauð.

Þetta þótti á margan hátt óhentugt, enda óviðeigandi og úrelt. Fyrirkomulagið, sem var tekið upp með fyrnefndum lögum, að láta menn afplána sektir í einföldu fangelsi, er að vísu mannúðlegra en gamla aðferðin, en er alls

ekki hentugt. Sjerstaklega getur þetta fyrirkomulag orðið mjög óhentugt núna, eftir að byrjað er að láta fanga afplána refsingu við venjulegt fangaviðurværi á vinnuhælinu á Litla Hrauni. Ef maður hefir verið dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og auk þess til sektar, sem er mjög algengt að gert sje í sama dómnum, þá verður dómfeldur að þola fangelsi við venjulegt fangaviðurværi á Litla Hrauni, en þegar því er lokið, getur hann lagt hendur í skaut, hætt að vinna, heimtað sig fluttan í fangelsi í Reykjavík, því samkvæmt lögum nr. 13 frá 1925 eiga sektirnar að afplánast í einföldu fangelsi, og það eiga dómfeldir að þola í fangelsinu hjer í bænum, án nokkurrar vinnuskyldu.

Pegar litið er á eðli sektarrefsingarinnar, er það og á allan hátt mjög eðlilegt, að afplánuninni fylgi vinnuskylda. Með afplánun í einföldu fangelsi, þar sem sökudólgurinn liggur iðjulaus og ríkið elur hann á sinn kostnað, er tilgangi sektarrefsingarinnar alls ekki náð. Með því að láta þá, sem dæmdir eru í sektir eða hafa gengist inn á þær, afplána sektirnar þannig, að láta þá vinna ríkinu tiltekinn dagafjölda, er tilgangi sektanna hinsvegar stórum betur náð.

Sjerhverjum heilbrigðum manni — því aðrir en heilbrigðir menn verða ekki látnir stunda vinnuna — er það hollara og eðlilegra að vinna heilnæma vinnu en að liggja í algerðu iðjuleysi.

Bæði ríkinu og einstaklingnum, sem afplánar refsinguna, er því þessi afplánunaraðferð í alla staði hentugri.

Það þykir að ýmsu leyti heppilegra, að valdsmaðurinn, sem annast afplánun sektardóma eða sætta, ákveði, eftir því sem hentast þykir í sjerhverju falli, hvorri afplánunaraðferðinni skuli beitt. Það er auðveldara að sjá, hvor afplánunaraðferðin er hentugri á þeim tíma, þegar byrja á að afplána sektina, heldur en þegar dómurinn er upp kveðinn eða sættin gerð, því oft getur liðið talsverður tími frá [því að dómurinn er kveðinn upp eða gengist inn á sektina og til þess tíma að byrjað er að afplána hana, og getur margt breyst um hagi og heilsu dómfelds á þeim tíma. En svo er þó um þetta búið, að dómfeldur sje jafnvel settur, því ef hann afplánar sektina með vinnu við venjulegt fangaviðurværi, styttist tíminn um helming.

120. Frumvarp

til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins, án endurgjalds, nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar.

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sjer kirkjugarðsmálefni bæjarins að

öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram til að flýta ákvörðun um nýjan kirkjugarð fyrir höfuðstaðinn. Mistök í þessu efni hafa orðið landinu dýr. Fyrir nokkrum árum keypti landið mel hjá gamla kirkjugarðinum fyrir rúm 20 þús. kr., og hefir látið flytja þangað mold til að gera staðinn að grafreit. Sú umbót hefir kostað ríkissjóð 80 þús. kr.

121. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.

Greinargerð.

1. Jens Severin Lange, málari í Reykjavík, sem er fæddur í Lime í Danmörku 6. nóvember 1872, kom hingað til lands 1895 og hefir átt heimili hjer síðan.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, sem er fæddur í Lögsted í Danmörku 7. júní 1896, kom hingað til lands 1921 og hefir átt hjer heimili síðan.

Nd. **122. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 3. gr.

Í stað orðanna »þeim, er setið hafa . . . . . síðast sæti« komi:

Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

Nd. **123. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn færslu kjördagsins yfirleitt, einn nefndarmanna (M. T.) vildi ganga að færslu kjördagsins til seinni hluta septembermánaðar, en hinir þrír nefndarmennirnir hafa komið sjer saman um að leggja til, að kjördagur verði 1. laugardagur í júlí og bera fram brtt. í þá átt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna »hinn 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn fyrsti laugardagur í júlímánuði.

Alþingi, 15. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Nd. **124. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Við 17. grein.

a. Aftan við fyrstu málsgrein greinarinnar komi:

Nú er bæjarstjóri (borgarstjóri) einnig bæjarfulltrúi, og er hann þá sjálfkjörinn í fastar nefndir og formaður þeirra. Sje bæjarstjóri (borgarstjóri) ekki bæjarfulltrúi, á hann samt sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og er formaður þeirra, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

b. Aftan við 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Gildir kosning þeirra um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.

Nd. **125. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað. Leggur minni hl. til, að frv. verði samþykt óbreytt, en meiri hl. mun ráða til, að frv. verði felt. Frv. þetta hefir verið þrisvar sinnum áður fyrir háttv. deild. Árið sem leið fjell frv. fyrir óhapp, vegna þess að vitanlegir stuðningsmenn þess voru fjarverandi.

Nálega allir munu viðurkenna, að laun yfirsetukvenna sjeu of lág, en sú aðalástæða hefir verið færð gegn frv., að ekki mætti taka þetta mál sjerstaklega til meðferðar fyr en öll launalögin væru endurskoðuð. En bæði er nú það, að jafnvel á síðasta þingi var ein stjett manna, prestarnir, tekin út úr og laun hennar bætt nokkuð og þessi regla rofin, enda á það að líta, að hjer er sjerstök ástæða til að bæta þegar í stað launakjör yfirsetukvenna, sem ekki gildir um neinn af hinum öðrum launaflokkum, nefnilega sú, að yfirsetukonuvöntun er hin mesta í landinu. Þannig er talið, að lærðar yfirsetukonur vanti í eitthvað um 30 yfirsetukonuumdæmi. Enginn vafi er á því, að hin ósæmilega lágu launakjör eru þessa valdandi. En þar sem yfirsetukonur vantar sjerstaklega í hin afskektari hjeruð, þar sem oft er mjög örðugt að ná í lækni vegna símaleysis og örðugra samgangna, þá virðist óverjandi, að ekki sje bætt úr þessu þegar í stað.

Í ljelegustu yfirsetukonuhjeruðunum eru launin 200 krónur, að viðbættri dýrtíðaruppbót, sem þó er ekki lögákveðin. Sjá allir, þegar á það er litið, að kostnaður við nám yfirsetukvenna er aldrei minni en 600—800 kr., að hjer er um óhæfilega lág laun að ræða. Samkvæmt þessu frv. eru lágu launin hækkuð hlutfallslega meira en háu launin, eins og sjálfsagt er. Laun þeirra lægst launuðu geta hækkað úr 200 kr. upp í 500 kr., og er það 150% hækkun, en hæstu launin geta hækkað frá 1000 kr. upp í 1500 kr., eða um 50%. Það virðist óverjandi að draga lengur að bæta kjör þessarar þörfu stjettar í þjóðfjelaginu. Það eru ekki aðeins yfirsetukonurnar, sem eiga kröfu á því, að kjör þeirra verði bætt — hitt vegur ennþá meira, að af heilbrigðisástæðum og af mannúðarástæðum verður ekki hjá því komist, að yfirsetukonurnar fái svo góð laun, að takast megi að fá yfirsetukonur í hin afskektari hjeruð. Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1929.

Sig. Eggerz, frsm. Hjeðinn Valdimarsson. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Hannes Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Halldór Stefánsson.

Efnismálsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ósa, Hindisvík, Tjörn, Illugastaði, Sauðadalsá, Ánastaði að Hvammstanga, með hliðarlínu frá Lækjamóti að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Hnausum um Hnjúk og Eyjólfsstaði að Ási í Vatnsdal. Lína frá Efra-Hvoli um Hof og Kirkjubæ að Geldingalæk. Lína frá Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína frá Ljósavatni fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Sámsstaði, Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarálmu frá Bjarnastöðum að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal. Lína frá Langárfossi um Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Selnesi að Skaga. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Sandnesi að Drangsnesi. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Mosfelli að Laugarvatni í Laugardal. Lína frá Fossvöllum að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hjer er farið fram á, eru:

a. Á Vatnsneslínunni, að í staðinn fyrir að línan er nú ákveðin frá Ósum að Tjörn, er farið fram á, að hún verði lögð frá Ósum um Hindisvík að Tjörn og bætt við línuna frá Illugastöðum að Hvammstanga. Fyrri breytingin er mjög smávægileg, en til talsverðra bóta, því nú er risin upp verslun í Hindisvík, sem sótt er inn eftir nesinu báðumegin. Ennfremur er línan á þennan hátt betur varin fyrir ísingu og snjóþyngslum og liggur ekki eins þvert fyrir norðanveðrum. Síðari breytingin er aðallega gerð fyrir Vatnsnesið. Að vestan eru þar mjög örðugar samgöngur á landi, en nauðsynlegt vegna útræðis að hafa sem best samband við Hvammstanga.

b. Á Miðfjarðarlínunni: Sett er ein stöð á línunni milli Melstaðar og Núpdalstungu og bætt við hliðarlínu frá Núpdalstungu að Skeggjastöðum. Fyrri breytingin er aðeins sú, að bætt er við einni stöð, og er það til stórbóta fyrir marga bæi, sem eiga örðugt að sækja á endastöðvar. Síðari breytingin er viðbót og til þess að koma afskektasta dalnum í fram-Miðfirði í símasamband. Línan er ekki löng, en talsvert margir bæir, sem gætu haft hennar not.

c. Breytingin á Hálsasveitar- og Hvítársíðulínunni er í því fólgin, að í stað þess að áður var ákveðið, að línan að Stóra-Ási og Bjarnastöðum lægi frá Reyk-

holti um Hálsasveit, er hjer farið fram á, að hún liggi frá Síðumúla um Hvítársíðu, en um leið lengd að Gilsbakka og bætt við einni stöð, Sámsstöðum. Leiðir þessar eru álíka langar, en sá munur á, að leiðin frá Reykholti að Stóra-Ási, þar sem línan að líkum yrði lögð, mundi liggja allfjarri bæjum, en lína frá Síðumúla að Bjarnastöðum lægi með bygðum í Hvítársíðu, og því hentugt að koma einkasímum í samband við hana.

d. Nýrri línu er bætt hjer inn frá Langárfossi um Smiðjuhól, Hofsstaði að Laxárholti á Mýrum. Hjer er um að ræða stórt hjerað, sem til þessa hefir verið símasambandslaust, en nauðsyn fyrir síma er mikil, sökum örðugra samgangna. Lína þessi mundi bæta hjer töluvert um, þó að full þörf væri á henni lengri.

e. Símalína frá Fossvöllum að Skjöldólfsstöðum tengir Út-Jökuldalinn við símakerfið. Jökuldalurinn er mjög erfiðlega settur með tilliti til allra samgangna og viðskiftasambanda, meðal annars gagnvart læknishjálp. Símasamband bætti mjög úr um þessa örðugu aðstöðu.

Nánar í framsögu.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Þar, sem svo hagar til, að siglingateppa getur átt sjer stað einhvern hluta árs vegna hafíss eða annara hindrana, er bæjarfjelögum og sýslufjelögum heimilt að taka í sínar hendur allan innflutning og sölu á nauðsynjavörum, til tryggingar því, að ekki verði skortur á þessum vörum til almenningsþarfa innan takmarka bæjarins og sýslunnar.

2. gr.

Bæjarstjórn og sýslunefnd, hvor í sínu lagi eða á sameiginlegum fundi, þar sem bæjarfjelag og sýslufjelag eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, skulu árlega með samþykt ákveða, hvort sú heimild verði notuð eða ekki, sem um getur í 1. gr., og hve langan tíma úr árinu. Skal innflutningur miðaður við, að nægilegt sje fyrirliggjandi af nauðsynjavörum þann tíma árs, sem samþyktin er í gildi.

Bæjarstjórn og sýslunefnd ákveða, hvað teljast nauðsynjavörur samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um innflutning og sölu nauðsynjavara

samkv. lögum þessum, lætur bæjarstjórn og sýslunefnd fram fara rannsókn hjá kaupfjelögum, kaupmönnum, heildsölum og brauðgerðarhúsum á birgðum þeirra vara, sem einkasöluheimildin nær yfir.

Nú reynast, að dómi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, nægar birgðir fyrirliggjandi til þess að tryggilegt sje, að þær endist til sölu yfir þann tíma árs, sem siglingateppa getur átt sjer stað. Getur þá bæjarstjórn eða sýslunefnd látið niður falla innflutning og sölu þeirra vara í það skifti.

4. gr.

Þegar bæjarstjórn eða sýslunefnd hefir með samþykt ákveðið að annast innflutning og sölu nauðsynjavara, er öllum öðrum bannaður innflutningur á þeim vörum til bæjarins eða sýslunnar meðan samþyktin er í gildi.

5. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða sýslunefnd fela öðrum innflutning og sölu á vörum þeim, sem um getur í 1. gr., sbr. 2. gr., og getur þá bæjarstjórn eða sýslunefnd samið um innflutning og sölu þeirra við kaupfjelög, kaupmenn, heildsala og brauðgerðarhús, sem hafa aðallega haft innflutning á þeim vörum áður, þó því aðeins, að trygging sje fyrir, að nægilegar birgðir verði ætíð fyrirliggjandi þann tíma árs, sem hætt er við siglingateppu. Getur bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveðið, hvað hver innflytjandi megi flytja inn af vörum þessum, enda skiftist innflutningurinn hlutfallslega milli þeirra, sem innflutning annast, miðað við innflutning þeirra á sömu vörum næsta ár á undan.

Til tryggingar því, að verð þeirra vara, sem inn eru fluttar á þennan hátt, verði ekki sett óeðlilega hátt, getur bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveðið hámarksverð á vörum þessum, og skal þá miðað við, að hæfilegur verslunarhagnaður fáist af sölu varanna.

6. gr.

Brot gegn 4. gr. varða sektum, frá 200 til 2000 kr., og skal bæjarstjórn eða sýslunefnd leggja sölubann á vörur þær, sem inn hafa verið fluttar, er gildi þangað til innflutningsbann er útrunnið í það sinn.

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga varða sektum, frá 500 til 5000 kr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þær raddir hafa verið uppi, bæði í ræðu og riti, að full nauðsyn væri á að framkvæma ráðstafanir til tryggingar því, að siglingateppa vegna hafíss eða annara orsaka valdi ekki hallæri í þeim hluta landsins, sem veðrátta er hörðust og hafíshættan er mest. Hafa um það mál ritað ýmsir merkir menn, og síðast þeir Torfi Bjarnason skólastjóri og Guðmundur Björnsson landlæknir. Á þinginu

1921 flutti og Pjetur Jónsson ráðherra frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum, með það fyrir augum, að landið yrði birgt að kornvörum til tryggingar fyrir fólk og búpening.

Með frv. þessu, ef það verður að lögum, er bæjarfjelögum og sýslufjelögum gefin heimild til að tryggja sig gegn íshættunni, með innflutningi og söluráðstöfunum á nauðsynjavörum, þó á þann hátt, að lítilli eða engri truflun á verslun þeirra myndi valda, ef þær verslanir, sem hafa mesta sölu nauðsynjavara með höndum, vildu taka á sig þá kvöð, sem ráð er fyrir gert í 5. gr. frv. Það verður ekki burt skafið, að sú hætta, sem vofir yfir af völdum siglingateppu, fer vaxandi með ári hverju, eftir því sem meir er bygt á auknum siglingum, sem með einum hríðarbyl geta orðið stöðvaðar um hálfs árs tíma eða lengur á stórum hluta landsins. Fyrir þessa hættu er auðvelt að byggja með því að flytja inn nægilega snemma vetrar, í miðjum nóvember eða fyr, hæfilegan forða af nauðsynjavörum til þess að bjargast á fram á næsta vor, og virðist ekki óeðlilegt, að hlutaðeigandi bæjar- og sýslufjelög önnuðust slíkan innflutning, eða sæju um, að hann yrði framkvæmdur.

Ed. **128. Tillaga**

til þingsályktunar um vatnsveitu á Hvammstanga.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu á Hvammstanga.

Greinargerð.

Í brjefi að norðan til flutningsmanns segir svo um vatnsbólin á Hvammstanga:

»Til notkunar hefir Hvammstangi ekki annað vatn en þverársprænu og örfáa innibrunna með dálitlu vatni, ef ekki eru þurkar, og eru þeir hreinustu gróðrarstíur fyrir hverskonar sóttkveikjur«.

Hafa nokkrir kauptúnsbúar reynt að fá því til vegar komið, að kauptúninu yrði sjeð fyrir heilnæmu neytsluvatni, en framkvæmdir hafa engar orðið í þessa átt, enda eru íbúar kauptúnsins tæpur helmingur hreppsbúa. Er þó mikil nauðsyn á því, að kauptúninu sje trygt holt neytsluvatn, því taugaveiki hefir talsvert gert vart við sig þarna og það kent neytsluvatninu.

Er með þingsályktunartillögunni farið fram á það, að ríkisstjórnin láti rannsaka, á hvern hátt Hvammstangabúum verði sjeð fyrir hollu neytsluvatni; ætti sú rannsókn að geta farið fram á sumri komanda, svo að framkvæmdir í þessu máli geti orðið sem fyrst.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til að fleyta vikri niður Jökulsá á Fjöllum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Sveinbirni Jónssyni, byggingarmeistara á Knararbergi við Akureyri, sjerleyfi til:

1. Að fleyta vikri ofan af öræfum niður Jökulsá á Fjöllum og niður að Axarfirði, og taka hann þar í land eða báta og flytja að Kópaskeri til útskipunar og frekari flutnings.
2. Að setja fljótandi stíflur í þær kvíslar árinnar, sem ekki vita að lendingarstað vikursins, enda komi þær stíflur ekki á bága við umferð um ána eða aðra notkun hennar.
3. Að gera vegi og annan flutningsútbúnað milli vikurlaganna og árinnar og lendingarstaðs vikursins og hafnar, svo og bryggju eða annan útskipunarútbúnað í höfn, ef með þarf.
4. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögnum, svo og að leggja kvaðir á netlögn eða land, ef með þarf og að því leyti, sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtæki þessu í framkvæmd, sem í 1.—3. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfistíminn má vera alt að 10 árum.

3. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á framkvæmd fyrirtækisins innan eins árs frá dagsetningu sjerleyfisins og komið rekstri á það innan tveggja ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að einu ári hvorn.

4. gr.

Nú er heimild þessi ekki notuð innan ársloka 1931, og falla þá lögin úr gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur umsækjanda um sjerleyfi þetta að reyna að ná vikri uppi á Öræfum (Ódáðahrauni, Hólsfjallaöræfum og víðar meðfram Jökulsá), fleyta honum niður eftir ánni, taka hann þar í land eða upp í bát, flytja hann út að Kópaskeri, taka hann þar í skip og flytja út um land og nota í steinsteypuhús, annaðhvort beinlínis í staðinn fyrir möl, eða þá að steypa úr honum þunnar plötur, er síðan sjeu festar innan á húsveggi til hitavarnar. Hefir hitavarnarhæfileiki slíkra vikursteina verið rannsakaður bæði hjer og í

Noregi og reynst til hálfs á við kork, svo að vikurplöturnar þyrftu að vera helmingi þykkri en korkur til jafngóðrar einangrunar, en gætu þó verið heldur ódýrari.

Umsækjandi, sem er fátækur maður, hefir þegar gert nokkrar tilraunir með þetta og lagt talsvert í kostnað. Einnig er óhjákvæmilegt, að talsverður kostnaður og fyrirhöfn verði við að útbúa stíflur í árkvíslarnar, flutningatæki á fjöllunum og niður við sjóinn o. fl., og þar sem markaður er ennþá óunninn fyrir efni þetta, og þess vegna óvíst um söluna, mundi það varla verða mögulegt fyrir umsækjanda að fá lán til framkvæmda verksins eða standa straum af því, ef hann ætti að mæta samkepni í stórum stíl meðan fyrirtækið er að komast á fót. Virðist því sanngjarnt, að hann fái sjerleyfi til þess að nota ána í þessum tilgangi um nokkurra ára skeið, einkum þar sem þessi notkun hennar virðist ekki þurfa að koma í bága við neina aðra notkun árinnar, nema ef vera kynni netalagnir nálægt landtökustað vikursins þann tíma, sem að því er unnið að ná honum upp.

Hjer er um að ræða það lofsverða tilraun til að nota innlent efni til bygginga, að rjett virðist að reyna að greiða götu hennar, eftir því sem með þarf, og gæti jafnvel komið til mála að styrkja fyrirtækið eða tilraunina í byrjun af opinberu fje. Fáist ekki nægur markaður fyrir efnið innanlands, mætti reyna að flytja það út.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringar við. Þó skal þess getið um 4. lið fyrstu greinar, að umsækjandi hefir þegar fengið leyfi landeigenda, sem til greina koma, og það er ekki vitanlegt, að neinar netalagnir verði á þeirri leið, er vikurinn fer um. Þó þykir ekki rjett að eiga það á hættu, að fyrirtækið verði stöðvað vegna ósamkomulags um netstað nálægt vikurleiðinni, land undir veg eða annað í óbygðum eða annarsstaðar í óræktuðu landi.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði $^1/_3$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 235000 — tvö hundruð þrjátíu og fimm þúsund krónur — gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 470000 — fjögur hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar

Austur-Húnavatnssýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi og 1/4 hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð 1/4 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vör-

ur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **131. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Lína frá Breiðumýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðumýri að Grenjaðarstað. Lína frá Laxamýri að Hveravöllum. Lína frá Ytri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum.

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um bann gegn líkamlegum refsingum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Foreldrum, fjárhaldsmönnum, húsbændum, kennurum, lærimeisturum og öðrum, sem yfir börnum og unglingum hafa að ráða, er með öllu bannað að beita hýðingum, höggum, barsmíði, klípingum eða öðrum líkamlegum refsingum, hverju nafni sem nefnast, við börn og unglinga.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða hegningu sem hjer segir, nema þyngri hegning liggi við að lögum: 1. brot varðar sektum frá 20 til 200 kr., 2. brot varðar sektum frá 200 til 1000 kr., 3. brot varðar — auk sekta, 200 til 1000 kr. — foreldra missi foreldravalds, fjárhaldsmenn missi fjárhalds, húsbændur vistarslitum þeirra, er verknaðurinn kemur fram við, kennara embættismissi, lærimeistara ógilding námssamnings, og alla aðra umráðum þeim, er þeir hafa yfir börnum og unglingum.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

Greinargerð.

Með vaxandi þekkingu á uppeldismálum og sálarlífi barna og unglinga hafa augu manna opnast fyrir því, að líkamlegar refsingar gera meira ógagn en

gagn, enda mun nú svo komið, að þær eru víða lagðar niður með öllu. Þó er þeim enn beitt sumstaðar, en alstaðar mælast þær illa fyrir. Tómlæti löggjafanna mun valda mestu um, að þær hafa eigi enn verið bannaðar með lögum.

Nd. **133. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, rennur í landhelgissjóð. Jafnan skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins til sölu á upptækum afla og veiðarfærum. Ekki má selja upptæk veiðarfæri fyr en liðnir eru 14 dagar frá því þau voru upptæk gerð og aldrei hinum seka eða umboðsmanni hans. Öllum er bannað að afhenda eða selja sekum erlendum veiðiskipum eða umboðsmönnum þeirra veiðarfæri í sömu veiðiför og þau hafa gerst brotleg við lög þessi. Brot gegn þessu varða sektum frá 500—5000 krónum. Hafi veiðarfæri verið gerð upptæk á íslensku skipi, skal lögreglustjóri kyrsetja skipið í 10 daga frá dómsuppsögn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þess eru ófá dæmi, að erlend botnvörpuskip, sem dæmd hafa verið fyrir veiðar í landhelgi og veiðarfæri hafa verið gerð upptæk hjá, hafa farið út á veiðar aftur nokkrum klukkustundum eftir að dómur var fallinn með sömu veiðarfæri.

Uppboð á afla og veiðarfærum eru oft haldin strax og dómur er fallinn og veiðarfærin þar þrásinnis seld fyrir sáralítið verð mönnum, sem svo óðara afhenda þau sökudólgunum.

Tilgangur frv. er að hnekkja þessari ósvinnu.

Nd. **134. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar samkvæmt tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sje hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrjetti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps.

Í Ytri-Akraneshreppi eru nú um 1200 íbúar.

Akraneskauptún er því langsamlega fólksflesta kauptúnið, sem er hreppur út af fyrir sig, og mun fólksfleira en sum kauptúnin, sem nú hafa fengið kaupstaðarrjettindi.

Það ræður af líkum, að allóhægt sje um allar opinberar innheimtur og lögreglustjórn í jafnfjölmennu kauptúni. Þess er engin von, að hreppstjóri, sem eðlilega er fullhlaðinn störfum fyrir, geti, fyrir svo nauðalitla borgun sem þar er um að ræða, framkvæmt svo sem vera þyrfti öll þau margþættu og umsvifamiklu störf, sem honum ber að inna af hendi í umboði sýslumanns. Hið sama er að segja um oddvitastarfið. Það er orðið miklu umfangsmeira en svo á þessum stað, að viðhlítandi sje, að það sje algert aukastarf.

Örðugleikarnir á framkvæmd lögreglustjórnar og sveitamála eru orðnir svo miklir í þessu kauptúni, að ekki verður hjá því komist, að þar sje bót á ráðin.

Kemur þá til álita, hvernig þessu verði heppilegast fyrir komið.

Venjan hefir verið sú hjer undanfarið að láta þau kauptún, sem svipað hefir verið ástatt um, fá kaupstaðarrjettindi.

Reynslan hefir sýnt, að slík skipun á málefnum kauptúnanna er dýru verði keypt, bæði fyrir viðkomandi bæjarfjelag og ríkissjóðinn.

Þess vegna er það, að nú í seinni tíð hafa fram komið tillögur um það að fara aðra og kostnaðarminni leið til þess að leysa þennan vanda, sem sje þá, að taka nokkurskonar millistig, þannig að einum og sama manni sjeu falin störf hreppstjóra og oddvita og að sá maður hafi jafnframt á hendi allar opinberar innheimtur fyrir ríkissjóð á staðnum.

Með frumvarpinu er farið inn á þessa braut, og allar líkur virðast benda til þess, að einmitt á þennan hátt megi án mjög mikils kostnaðar, svo að við megi una, bæta úr þeim vandkvæðum, sem hjer hefir verið lýst.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að sá maður, sem þessi störf verða falin, sje lögfræðingur, og þykir því rjett að láta hann hafa heimild til að kveða upp dóma í lögreglumálum.

Nánar í framsögu.

Ed. **135. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands. Nú hefir vjelstjóri staðist próf samkvæmt framanrituðu og reynst fær um að stjórna 50 hestafla mótorvjel og gegnt þeim starfa sem yfirvjelstjóri að minsta kosti 12 mánuði, og öðlast hann þá rjett til þess að stjórna 50 til 100 hestafla mótorvjel.

Sá, er verið hefir fyrsti vjelstjóri við 50 til 100 hestafla mótorvjel í 12 mánuði eða lengur, öðlast rjett til stjórnar á 100 til 150 hestafla mótorvjel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er ekki gert ráð fyrir, að vjelgæslumenn vinni sjer rjett til að stjórna stærri mótorvjelum en þeim, sem próf þeirra við mótorskóla eða námsskeið veitir þeim í fyrstu, þó að sjálfsögðu verði sú þekkingin best í þessum efnum, sem fæst með reynslu við meðferð á mótorvjelum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að vjelgæslumenn geti með æfingu orðið færir um að taka að sjer stjórn á 50—100 hestafla mótorvjel, þegar þeir hafa um 12 mánaða tíma stjórnað 50 hestafla vjel, og geti á sama hátt tekið við stjórn á 100—150 hestafla mótorvjel, þegar þeir hafa stjórnað 50—100 hestafla vjel í 12 mánuði eða lengur.

Þetta frumvarp er flutt eftir ósk vjelfróðra manna, og að þeirra dómi er það mjög eðlilegt, að vjelstjórar vinni sjer rjettindi til stjórnar á stærri vjelum á þann hátt, sem farið er fram á í frv.

Ed. **136. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin viðurkennir grundvallarástæðu þá, sem framkoma þessa frv. byggist á, að kaupstaðir (og kauptún) þurfi nauðsynlega að eiga land það, er þeir standa á, ásamt hæfilegu landi til ræktunar og hagbeitar til afnota kaupstaðabúa. Vill því nefndin mæla með, að frv. verði samþykt.

Umsagnar biskups hefir nefndin leitað um sölu þess hluta landsins, sem er eign kirkjunnar, og þó biskup leggi á móti sölunni, getur nefndin ekki fallist á, að þau rök, er hann færir fyrir því, sjeu nægilega sterk, þar sem sýnt er, að kaupstaðurinn þarfnast mjög landsins í nánustu framtíð undir byggingar samkvæmt skipulagsuppdrætti, er nú hefir verið samþyktur, þar á meðal kirkju, sjúkrahús o. fl. Hinsvegar getur nefndin fallist á, að undanskilin sje sölu hæfileg lóð fyrir íbúðarhús það ásamt geymsluhúsi, er ekkja fyrverandi prests á nú á landinu, ef það opinbera teldi ástæðu til að kaupa það fyrir íbúð handa presti, eða til annarar notkunar, t. d. fyrir síma og póst.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Að undanskilinni hæfilegri lóð undir og kringum íbúðarhús og geymsluhús dánarbús Jóns prófasts Guðmundssonar.

2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og laga nr. 31 frá 20. okt. 1925, um sölu þjóðjarða.

Alþingi, 18. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.
Jóh. Jóhannesson.

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Reykhólahreppur og Geiradalshreppur í Barðastrandarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Berufirði og Króksfjarðarnesi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Geiradalshrepps, sem skift var úr Reykhólahreppi um 1880, en hrepparnir hafa til þessa haft sameiginlega dómþinghá. Bakar þessi tilhögun íbúum Geiradalshrepps óþæginda, og virðist einsætt að verða við óskum þeirra um breyting í þessu efni.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu jörðina Laugaland í Reykhólahreppi.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk þriggja fulltrúa frá ofangreindum hreppum, er til þess hafa verið kjörnir að semja við eigendur Reykhóla um af-

hending lands undir læknissetur á Reykhólum. Hefir svo um samist milli þessara aðilja, að læknishjeraðið fái ákveðinn landskika í Reykhólalandi, sem aðiljar eru ásáttir um, gegn því, að eigendur Reykhóla eignist þar á móti jörðina Laugaland. En sú jörð er kirkjujörð, og þarf lagaheimild til þessarar sölu. Samkomulag er um, að farið verði eftir dómkvaddra manna mati um verð á hvorutveggja, landinu undir læknisbústaðinn og á jörðinni, ef til kemur. Jörðin Laugaland er smájörð, 1200 kr. að dýrleika með húsum samkv. síðasta jarðamati, og liggur undir Stað á Reykjanesi. Eftirgjaldið er 2 fjórðungar af smjöri og 1 ær með lambi.

Ed. 139. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasíma í sveitum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt með litlum breytingum,

Í 10. gr. frv. er svo ákveðið, að hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, eigi rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðal-einkalínunni án aukins gjalds til hennar. Nefndin lítur svo á, að ef þessi rjettur væri ótakmarkaður, gæti svo farið, að einkalínan yrði ofhlaðin og not fjelagsmanna af símanum því að meira eða minna leyti skert. Þess vegna vill nefndin binda þennan rjett þeim skilyrðum, að í hverju slíku tilfelli sje farið eftir tillögum landssímastjóra, sem hlýtur að vera þessum málum kunnugastur. Þá þykir nefndinni of lágt ákveðið árlegt tengigjald til landssímans af talfærum á línunni, þar sem landssíminn á að annast alla afgreiðslu á miðstöðinni, notendum að kostnaðarlausu. Það gjald er síst of hátt ákveðið með 10 krónum, ef miðað er við það tengigjald, sem menn almennt á landinu verða að greiða landssímanum af talfærum sínum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr. Á eftir orðunum »aukins gjalds til hennar« í annari línu komi: ef það þykir fært að dómi landssímastjóra.
2. Við 13. gr. Í stað »5 krónur« komi: 10 krónur.

Alþingi, 16. mars 1929.

Páll Hermannsson, form. — H. Steinsson, fundaskr. og frsm.

Ingvar Pálmason.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að setja á stofn hvalveiðastöð.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að setja á stofn verksmiðju til hagnýtingar á hval og hvalafurðum, eða flotstöð innan landhelgi í sama skyni, svo og til að kaupa eða leigja 3 hvalveiðaskip.

2. gr.

Fje til að koma á fót slíku fyrirtæki, alt að 1 miljón króna, er stjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefir stjórn fyrirtækisins. Skal hún kosin til þriggja ára; kýs sameinað Alþingi 1, Alþýðusamband Íslands 1 og starfsfólk fyrirtækisins hinn þriðja. Í fyrsta sinn tilnefnir ríkisstjórnin þriðja manninn.

4. gr.

Nemi ársarður fyrirtækisins 15% eða minna af stofnkostnaði þess, skal honum öllum varið til afborgana og söfnunar tryggingarsjóða. Verði arðurinn meiri, skiftist hann milli fyrirtækisins, ríkisins og starfsfólksins, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Öllum nánari fyrirmælum viðvíkjandi starfrækslu þeirri, er um ræðir í lögum þessum, skal skipað með reglugerð.

5. gr.

Um leið og ríkisstjórnin ákveður að nota heimild þessa, falla úr gildi ákvæði laga nr. 72, 7. maí 1928, 2. gr., er heimila ríkisstjórn að veita einstaklingum eða fjelögum sjerleyfi til hvalvinslu, og önnur ákvæði þeirra laga, er brjóta í bág við þessi lög.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar, gekk Alþingi inn á þá braut að leyfa hvaladráp hjer við land, en þeir höfðu þá um langt skeið verið friðaðir. Í sömu lögum er gert ráð fyrir því, að sjerleyfi skuli veitt einum eða fleirum íslenskum ríkisborgurum, eða öðrum þeim, er sama rjett hafa að lögum. Það er ljóst, að sjerleyfi þessi verði mjög eftirsótt, einkum af erlendum mönnum, er nægilegt fjármagn hafa og vænta sjer mikils gróða af slíkum rekstri.

Enda þótt slíkir menn geti eigi fengið sjerleyfi sjer til handa samkvæmt lögunum, þá er erfitt að varna því, að þeir geti fengið íslenska menn til að lána nöfn sín og farið þannig í kringum lögin. Ennfremur má minnast þess, að

Danir, sem nú eru farnir að gefa hvalveiðunum gaum, hafa sama rjett og innlendir menn til sjerleyfis í þessu skyni. Litlar líkur eru til, eins og sakir standa; að nokkur einn innlendur maður geti komið af stað svo fjárfrekri starfrækslu án þess að nota erlent fjármagn.

Væri sú leið farin að veita sjerleyfi tveimur eða fleirum, mundi afleiðingin verða sú, að hvölunum fækkaði skjótlega kringum landið samkvæmt áður fenginni reynslu.

Eina leiðin til þess að tryggja Íslendingum arðinn af þessum veiðiskap, ekki aðeins í bili, heldur og til frambúðar, er sú, að ríkið hafi þetta sjálft með höndum. Með því væri loku skotið fyrir allar sjerleyfisbeiðnir og það fjárbrask, er þeim fylgir. Á þann hátt væri einnig tekið fyrir áleitni og þátttöku erlendra stórgróðamanna í veiðunum, bæði beint og óbeint.

Fylgjendur hvalveiðanna halda því fram, að þær sjeu mjög arðsöm atvinnugrein og mjög lítil fjárhagsleg áhætta fylgi slíkum rekstri. Í því efni er oftast vitnað til gróða Norðmanna af hvalveiðunum í suðurhöfum síðustu ár. Ennfremur er vitnað til hvalveiðastöðva, sem hafa aðsetur á Færeyjum og sýnt hafa góðan árangur. Því er ennfremur haldið fram, að hvalagengd sje nú orðin svo mikil kringum strendur landsins, að góðs árangurs megi vænta af veiði þeirra. Sjeu þessar staðhæfingar rjettar, virðist ekki um mikla áhættu að ræða fyrir ríkissjóð að stofna til slíkrar starfsemi.

Nd. **141. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Stjórnarfrumvarp þetta lýtur að þrem aðalbreytingum á nefndum lögum frá 1922:

1. Að skerpa eftirlit um skoðun skipa og báta.
2. Að lögfesta skipaskoðunarstjóra eða fastan ráðunaut stjórnarinnar við eftirlitið og ákveða verksvið hans og launakjör.
3. Að afla fjár til að standast kostnað við eftirlitið.

Aðrar breytingar eru að mestu afleiðingar þessara aðalbreytinga.

Nefndin fellst í aðalatriðum á efni frv., en telur þó rjett að breyta að nokkru 3. og 5. gr.

Breyting 3. gr. lýtur að því að endimarka skýrar verksvið og launakjör skipaskoðunarstjóra, en breyting 5. gr. að niðurfærslu stimpilgjaldsins fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis.

Mikla fjárðflun vegna kostnaðar við eftirlitið telur nefndin ekki aðkallandi. Árlega hefir hann undanfarið verið 8000 kr. og eykst ekki að verulegum mun við fyrirhugaða lagabreytingu.

Stimpilgjald haffærisskírteina eftir 5. gr. frv. virðist hlutfallslega hærra

en ýmsra annara stimpilskyldra skjala, og mundi það koma hart niður á verðlitlum smáfleytum, sem fyrirfram eru hlaðnar opinberum gjöldum í ýmsum myndum. Má í því sambandi nefna slysatryggingu eftir l. nr. 44 1925 og, gjald fyrir skipaskoðun eftir gjaldskrá í reglugerð 7. nóv. 1923, þar sem 30 kr. skoðunargjald er lagt á þiljubáta og skip upp að 50 rúmlesta stærð. Vill nefndin gera ráð fyrir alt að helmings lækkun á því skoðunargjaldi fyrir 12 rúmlesta báta og minni við væntanlega endurskoðun gjaldskrárinnar.

Fyrir útgáfu haffærisskírteina hefir undanfarið ekkert gjald verið greitt, en eftir ákvæðum 5. gr. frv. mundi stimpilgjald af þeim nema um 9000 kr., ef miðað er við skipastól þann, sem nú er. Eftir tillögum nefndarinnar má ætla, að gjaldið nemi alt að 4000 kr.

Nefndin leggur til eftir framansögðu, að frv. verði samþykt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.
   b. 4. málsgr. 3. gr. orðist þannig:
      Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar- og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 10. gr. laganna bætist:
   Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:
   Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.
   Fyrir skip frá 30 til 100 rúmlesta 5 kr.
   Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

Alþingi, 16. mars 1929.

Sv. Ólafsson, form. og frsm. Ólafur Thors. Magnús Torfason.

Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurjón Á Ólafsson, fundaskrifari (með fyrirvara).

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson.

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hreppa-, búnaðar- eða jarðræktarfjelögum og miðast við:

1. Áburðarmagn (þyngd) tilbúins áburðar, sem notaður hefir verið í fjelaginu á árinu.
2. Flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til viðkomandi búnaðarfjelags.

Við útreikning á flutningskostnaðinum skal þó ekki reiknað nákvæmara en svo, að öllum fjelögunum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sendingu.

Til þess að verða styrksins aðnjótandi, skal stjórn viðkomandi hreppsfjelags, búnaðarfjelags eða jarðræktarfjelags senda Búnaðarfjelagi Íslands fyrir hver áramót skýrslu um, hve mikið hafi verið keypt og notað af tilbúnum áburði í fjelaginu á því ári. Skýrslunni fylgi vottorð eða reikningur frá þeim, er seldi vöruna, og greini hún nafn kaupanda, vörutegund og þunga. Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan hreppa hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn er notaður, og þyngd áburðarins.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um úthlutun styrksins og annað, er þurfa þykir.

Greinargerð.

Á þennan hátt fæst rjettlátari grundvöllur undir skiftingu á styrknum, sem veittur er til flutnings á tilbúnum áburði samkv. gildandi lögum.

Ed. **143. Þingsályktun**

um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu.

(Afgreidd frá Ed. 18. mars).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs áhöld til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu. Verði áhöldin þvínæst lánuð sveitar- og bæjarstjórnum, atvinnufyrirtækjum og öðrum þeim, er vilja framkvæma slíkar boranir.

Ed.

144. Frumvarp

til laga um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að kalla sig tannlækni og fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi, eða á annan hátt aflað sjer álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla sig tannlækna nje starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi tannlækningar, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem talið er gilt af heilbrigðisstjórn.

Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækningaleyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að kalla sig tannlækni og fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar og kalla sig tannlækna, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

Nd. **145. Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða gæti verið stunduð í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem

líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrotni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr.

Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju

fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **146. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason, Halldór Steinsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 kr. á ári, en kvenmaður 2 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930, og skal innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1930.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um hreyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Greinargerð.

Til þess að verulegt gagn geti orðið að styrkveitingum úr ellistyrktarsjóðum kaupstaða og hreppa er mjög æskilegt, að Alþingi fallist á hækkun þá á skyldugjöldum og ríkissjóðstillagi, er felst í breytingum þeim, sem bornar eru fram í frv. þessu.

Samkvæmt reikningum ellistyrktarsjóðs Reykjavíkur fyrir árin 1925—1927, sem prentaðir eru í bæjarreikningunum og sem sjerstaklega hafa verið hafðir til hliðsjónar, sjest það, að tillag ríkissjóðs hefir numið 9323 kr. 1925, 10658 kr. 1926 og 11282 kr. 1927. Til úthlutunar hefir komið þessi ár: 1925 16520 kr., 1926 18500 kr. og 1927 19590 kr.

Þegar nú þess er gætt, að umsóknir um styrkinn árlega þessi ár hafa verið: 1925 468, 1926 560 og 1927 565, þá er það augljóst, að hver umsækjandi hefir ekki getað fengið mikið, þar sem óhjákvæmilegt er að gera sem flestum úrlausn.

Lægsti styrkur öll þessi ár hefir verið 25 kr., en hæst hefir verið veitt 100 kr., og má óhætt segja, að þetta hefir ekki verið sú hjálp, sem til hefir verið ætlast með lögunum, þar sem einmitt er gert ráð fyrir, að hæsti styrkur nemi 200 kr.

Þar sem hin gildandi lög um þetta efni eru frá 1917, verður það ljóst, að með núverandi dýrtíð samgilda 200 kr. þá alls ekki sömu styrkupphæð nú.

Þær breytingartillögur, sem hjer liggja fyrir, miða að því að koma lögunum í betra samræmi við nútíðina, þannig að styrkveitingar úr sjóðum þessum geti orðið veruleg hjálp fyrir örvasa fátæklinga, sem berjast áfram án þess að þiggja af sveit, þannig að styrkurinn geti orðið þeim veruleg stoð til sjálfsbjargar.

Eins og kaupgjald er orðið nú, virðist engan fullvinnandi mann, karl eða konu, á gjaldskyldualdri muna um að greiða 4 og 2 kr. á ári í sjóð þennan, en það mundi þó auka tekjur hans að miklum mun, og má ganga að því vísu, að þessi hækkun mælist hvergi illa fyrir, enda nemur hækkunin alls ekki þeirri kauphækkun, er orðið hefir frá því 1917, er gjaldið var hækkað upp í 2 kr. og 1 kr., og er því ekki gengið lengra en sanngirni mælir með.

Samkvæmt fjárlögum frá 1928 var ríkissjóðstillagið til ellistyrktarsjóðanna áætlað 45000 kr. og sama upphæð stendur í fjárlögum 1929, og með þeirri hækkun, sem hjer er farið fram á, mundi tillagið nema um 90000 kr. á ári. En þegar þess er gætt, að einungis hálfu ríkissjóðstillaginu er úthlutað, en hinn helmingurinn er lagður við sjóðinn árlega, og að auk þess legst einnig $^1/_3$ hluti gjaldskyldra tillaga við sjóðinn og $^1/_2$ vextirnir, þá aukast sjóðirnir um meira en $^1/_3$ hluta ársteknanna á hverju ári. Ef litið er á reikninga sjóðsins í Reykjavík árin 1925, 1926 og 1927, þá sjest, að sjóðurinn hefir vaxið um 10886 kr. árið 1925, um 11405 kr. árið 1926 og um 13106 kr. árið 1927, þannig að sjóðurinn vex árlega um hærri upphæð en alt tillag ríkissjóðs.

Má því segja, að tillag ríkissjóðs fari í raun og veru ekki til styrk-

veitinga, heldur myndast af því geymdur sjóður, er síðar kemur að fullum notum, þegar komið verður endanlegu skipulagi á um þessi tryggingarmál.

Ef ellistyrktarsjóðunum er komið í það horf, að unt sje að veita verulegan styrk til örvasa fátæklinga, þá mundi það halda fleirum frá sveit en ella.

Flestir reyna í lengstu lög að komast hjá sveitarstyrk, bæði af því að þeim þykir slíkt vansæmd og einnig til þess að halda óskertum mannrjettindum, en það mun almenn reynsla, að þeir, sem einu sinni fara að þiggja af sveit, halda því áfram.

Með því að auka framlögin til ellistyrktarsjóðanna verða styrkveitingar úr þeim svo veruleg hjálp, að þær geta haldið mörgum frá sveit, en það sparar bæjar- og sveitarfjelögum mikil útgjöld árlega, og vonandi er, að fátækramálin komist í það horf, áður en lýkur, að ellistyrktarsjóðirnir geti orðið svo öflugir, að sem fæstir þurfi að þiggja sveitarstyrk.

Breytingar þær, sem hjer er farið fram á á gildandi lögum um almennan ellistyrk, miða að því að stíga spor í áttina í þessu efni.

Nd. **147. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Benedikt Sveinssyni.

Aftan við frv.-greinina bætist: Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur.

Ed. **148. Breytingartillögur**

við frv. til laga um tannlækningar.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Orðin »að kalla sig tannlækni og« í upphafi greinarinnar falli burt.
2. Við 2. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar skal orða svo:
   Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi þær, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem heilbrigðisstjórn metur gilt.
3. Við 9. gr. Orðin »kalla sig tannlækni og« falli burt.
4. Við 10. gr. Orðin »og kalla sig tannlækna« falli burt.

Nd. **149. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Hannesi Jónssyni.

I. Á eftir 15. grein komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. 20. gr. laganna hljóði svo:

Hreppsnefndarmenn skal kjósa leynilega. Hver kjósandi kýs svo marga menn sem kjósa skal, og fer kosningin fram með þeim hætti, sem segir í eftirfarandi greinum.

2. 21. gr. laganna falli niður.

3. 22. gr. laganna hljóði svo:

Kjörstjórn skal hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír, þannig:

Nr. á kjörskrá

_____

_____

_____

_____

_____

_____

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

4. 29. gr. laganna hljóði svo:

Oddviti sýslunefndar ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá $^1/_5$ kjósenda. Kosningar fara þá með þeim hætti, sem segir í 10.—18. gr. laga þessara.

II. Á eftir 17. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

33. gr. laganna hljóði svo:

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann á manntalsþingi til 6 ára, og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Kosningu skal haga eins og segir í 21.—27. gr.

Kæra má kosning skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

150. Frumvarp

til laga um breyting á siglingalögum nr. 56, 30. nóvember 1914.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

32. gr. laganna orðist þannig:

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

2. gr.

Tilvitnanirnar til 52., 108. og 50. gr. í 4. málsgr. 42. gr. laganna falli niður.

3. gr.

176. gr. laganna orðist þannig:

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipinu.

Ákvæði 54. og 61. gr. sjómannalaganna taka og til þeirra.

4. gr.

Fyrri málsgrein 254. gr. laganna orðist þannig:

Ef skipstjóri hefir ekki á skipinu eitt eintak af lögum þeim, reglugerðum og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 króna sektum.

5. gr.

255. gr. laganna orðist þannig:

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr. laga þessara, sbr. 45.—48. gr. sjómannalaganna, um skráning í leiðarbók, dagbók eða vjelarbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10—500 króna sektum.

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vjelstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, dagbók eða vjelarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

264. gr. laganna orðist þannig:

Hafi skipstjóri orðið sekur um brot gegn síðari málsgr. 255. gr., eða gegn niðurlagsákvæði 259. gr., eða 1. málsgr. 260 gr. eða gegn 261. gr., má ákveða í refsidóminum, að dómfeldi ennfremur skuli sviftur rjetti til skipstjórnar, um ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt taka fram í dómn-

um, hvort dómfeldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rjetti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dómnum, svo og skipstjóraskírteini dómfelda. Ef dómurinn heimilar dómfelda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í tje stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn, og sjerstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfelda aftur rjett til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dómnum, eigi sje liðinn.

7. gr.

279. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 258. gr. og í upphafsákvæði 259. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema sá krefjist þess, er misgert var við.

Mál út af brotum gegn niðurlagsákvæði 259. gr. eða gegn 260., 261. eða 262. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sje um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta er komið frá nefnd þeirri, er skipuð var til að endurskoða siglingalögin, og fylgdi því svofeld

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felast nokkrar breytingar á siglingalögunum, sem nauðsynlega leiða af setningu sjómannalaganna. Um einstakar gr. þess skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Breytingin er hjer sú ein, að sjómannalögunum er bætt við í tölu þeirra laga, er skipstjóri á að hafa á skipi.

Um 2. gr.

52, 108. og 50. gr. sigll. eru feldar úr gildi með sjómannalögunum. Því er rjett að fella tilvísunina til þeirra niður hjer, en ekki breytir það efni gr.

Um 3. gr.

52. gr. sigll. tekur einnig til farþega. Hún er feld niður með sjómannalögunum. Sama er að segja um 86. gr., sem vísað er til í 176. gr. sigll. Er gr. hjer breytt í samræmi við þetta.

Um 4. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 5. gr.

84. og 85. gr. sigll., sem vitnað er til í 1. mgr. 255. gr. sigll., eru feldar niður með sjómannalögunum og 45.—48. gr. þeirra komnar í staðinn. Hjer er tilvitnuninni breytt skv. þessu.

Í 2. mgr. 255. gr. sigll. er vjelarbók eigi nefnd. Hjer er henni bætt við, enda eiga að gilda um hana sömu reglur að þessu leyti, sem um leiðarbók og dagbók.

Um 6. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við 74. gr. sjómannalaganna.

Um 7. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við 88. gr. sjómannalaganna.

151. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Hver landeigandi er skyldur að leyfa stjórn landssímans að leggja nauðsynlegar vírleiðslur fyrir hraðskeytatæki um land sitt, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að vírar þessir sjeu lagðir yfir þau, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Verði því við komið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir, að vírleiðslurnar sjeu lagðar, þar sem þær snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við leiðslurnar í för með sjer.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að starfa að þessum leiðslum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því aðeins að það sje óþægindalaust fyrir íbúana.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú vilja einstakir menn, bæjarfjelög eða sveitarfjelög leggja leiðslur fyrir hraðskeytasamband eða rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. í nánd við þá staði, þar sem eru fyrir leiðslur eða hraðskeytatæki, sem landssíminn hefir sett upp, þá skal hinum nýju leiðslum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á leiðslum eða tækjum þeim, sem fyrir voru. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker atvinnumálaráðherra úr. Ef einstakir menn, bæjar- eða sveitarfjelög hafa einhverskonar tæki eða leiðslur, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun hraðskeytatækja, skal stjórn landssímans heimilt að gera á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi tækjum þessum eða leiðslum, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir baga þann, er af þeim getur hlotist.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessa starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 1. gr.

Landssíminn verður að hafa skýlausan rjett til þess að koma fyrir vírleiðslum og loftnetum sínum á húsum eða yfir þau, þar sem haganlegast er og ekki verður á annan hátt fyrir komið.

Við 2. gr.

Reynslan hefir sýnt, að rafmagnsmótorar og ýms önnur rafmagnstæki trufla mjög móttöku útvarpssendinga, sjerstaklega í bæjunum. Verður því landssíminn að hafa heimild að lögum til nauðsynlegra ráðstafana í þessu efni.

Nd. **152. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Pjetri Ottesen.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist: Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína úr Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal.

Ed. **153. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Við 1. gr.

1. Á eftir 5. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuheilum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.
2. Við 6. málsgrein:
   Á eftir orðunum »hreppsnefnd eða bæjarstjórn« komi á báðum stöðum í málsgreininni: og skattanefnd.
3. Á eftir 6. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   3. Rjett er, að stjórnarráðið nefni til sjerstaka lækna, einn eða fleiri í hverjum landsfjórðungi, til þess að meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Skal til þess starfa velja þá lækna, sem ætla má, að hafi besta þekkingu í þeim efnum og best tæki til slíkra rannsókna.
   Stjórnarráðið skal og kveða á um það, hverjar ljóslækningastofnanir taki til meðferðar þá sjúklinga, er ljóslækninga þurfa og styrks njóta úr ríkissjóði. Það skal og semja fyrirfram, fyrir hálft eða heilt ár í senn, við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar og samið að tilhlutun hennar. Fylgdi því eftirfarandi skýrsla:

»Kostnaðurinn við berklavarnirnar vex mönnum mjög í augum, sem vonlegt er, einkum fyrir þá sök, að hann fer sívaxandi.

Árið *1925* var greitt af almannafje til berklavarna . . .		kr. 745366,21
af því greitt úr ríkissjóði	kr. 533496,42	
Árið *1926*		— 824085,50
af því úr ríkissjóði og Vífilsst.sjóðum	kr. 533308,69	
Árið *1927*		— 951411,19
af því greitt úr ríkissjóði	kr. 860778,20	

Samkvæmt þessu hafa árleg útgjöld til berklavarna vaxið um h. u. b. 100 þúsund krónur á ári á þessum þremur árum. Reikningur fyrir árið 1928 er

ósaminn enn, og skal engu um það spáð, hvort berklakostnaður þess árs verði meiri eða minni en að undanförnu.

En hver hefir svo orðið árangurinn af öllum þessum kostnaði?

Eftir heilbrigðisskýrslum að dæma, þá var tala berklaveikra (öll berklaveiki) sem hjer segir:

	1921	*1922*	*1923*	*1924*	*1925*	*1926*
Sjúklingar við árslok . . .	526	573	536	610	861	798
Dánir úr berklaveiki . . .	182	172	163	197	215	183

Sá galli er að vísu á skýrslum þessum, að þær eru bersýnilega rangar í verulegum atriðum. T. d. vantar alveg skýrslur fyrir öll árin úr stærsta hjeraði landsins (Reykjavík); þar virðist ekki vera haldin nein berklabók, sem þó er fyrirskipað. En að því er ráðið verður af tölum þessum, fer berklaveiki sívaxandi í landinu, þrátt fyrir alt, sem gert er til að stemma stigu hennar, og alt það fje, sem til þess er varið.

En þótt þessu sje nú þannig varið, þá er enginn vafi á því, að berklavarnalögin hafa gert mikið gagn og að miklu af þeim kostnaði, sem af þeim hefir leitt, hefir verið vel varið. Fyrst og fremst er það mjög sennilegt, að mun meira væri um berklaveiki hjer á landi, ef litlar varnir hefðu verið við henni settar og fje til þeirra veitt af skornum skamti. Í öðru lagi verður því ekki neitað, að margir efnalitlir menn hafa þeirra vegna fengið mikla heilsubót, og auk þess hljóta þau að hafa ljett mikilli byrði af sveitarsjóðunum. Það dugir því ekki að kippa mjög að sjer hendinni með fjárframlög til berklavarna meðan svona standa sakir. Það, sem að ber að stefna, er að spara alt, sem unt er að spara til framfærslu sjúklinganna, án þess að þeir missi neins í við það, og reyna að koma í veg fyrir, að berklavarnirnar verði einstökum mönnum að fjeþúfu.

Að þessu stefnir frumvarp þetta, einkum með því að hvetja ríkisstjórnina til að hafa sem best eftirlit með rekstri sjúkrahúsa og heilsuhæla og gera við þau fyrirfram samninga um borgun fyrir sjúklinga og með því að setja sjerstaka lækna til að meta styrkhæfi sjúklinga. Annars mun fremur þörf á auknu eftirliti en stórfeldum lagabreytingum til þess að draga eitthvað úr kostnaðinum við framkvæmd berklavarnanna«.

Ed. **154. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Jóni Jónssyni og Guðm. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 285000 — tvö hundruð

áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $^{3}/_{5}$ kostnaðarins.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna »kr. 470000 — fjögur hundruð og sjötíu þúsund króna« komi: kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna —.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað »$^{1}/_{4}$« á tveim stöðum í 2. lið komi: alt að $^{1}/_{3}$.
   b. Aftan við staflið e. 3. töluliðar komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Alt að $^{1}/_{3}$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að $^{1}/_{4}$ hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Nd. **155. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jóni Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

Í stað orðanna »Lína frá Selnesi að Skaga« komi: Lína frá Sauðárkróki um Veðramót, Hvamm í Laxárdal, Skefilsstaði, Selnes, Ketu og að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Mælifell, Lýtingsstaði og að Goðdölum. Lína frá Bjettarholti um Hjaltastaði, Frostastaði og Hofdali að Vatnsleysu.

Nd. **156. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning til útrýmingar fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fjárkláðamálið fyrir Alþingi 1931, með því að leita upplýsinga, láta rannsaka og gera tilraunir með baðlyf, hlutast til um, að nægilega margar sundþrær til sauðfjárbaðana verði bygðar í hverjum hreppi, safna skýrslum um útbreiðslu kláðans og endurskoða núgildandi kláðalöggjöf.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkv. áskorun nýafstaðins búnaðarþings og er að mestu samhljóða tillögu, er það samþykti. Nefnd sú, er hafði mál þetta til meðferðar á búnaðarþingi, segir svo í áliti sínu um málið:

»Búfjárræktarnefnd lítur svo á, að þrátt fyrir lögskipaðar þrifabaðanir

og stórfje, sem varið hefir verið úr ríkissjóði frá sveitarfjelögum og einstökum mönnum til fjárkláðalækninga, sje kláðinn enn svo útbreiddur um landið, að stærri eða minni kláðafaraldur geti brotist út hvenær sem er og valdið miklu tjóni, auk hinna miklu óþæginda, sem eru samfara endurteknum kláðaböðunum (tvíböðin) á fárra ára millibili, að ógleymdu mörgu öðru tjóni, beinu og óbeinu, sem af kláðanum hlýst. Hinsvegar sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að róttækar ráðstafanir sjeu gerðar nú í bili til þess að útrýma kláðanum; telur hún, að undirbúning skorti til þess að jafnkostnaðarsamar ráðstafanir geti komið að tilætluðu gagni«.

— — — — —

»Með því að Alþingi feli ríkisstjórninni þenna nauðsynlega undirbúning á málinu og veiti henni aðstöðu til þess að geta framkvæmt hann, er stigið hið fyrsta og óhjákvæmlega spor til þess að undirbúa það, að þrifaböðanir og kláðaböðanir sjeu framkvæmanlegar og geti komið að verulegu gagni.

Ef skýrslur um útbreiðslu kláðans sýndu, að kláðinn væri útbreiddur yfir mestan hluta landsins, væri og væntanlega fengin aðstaða til þess að lögbjóða kláðaböðun í eitt skifti fyrir öll, og jafnframt þyrftu í þeirri löggjöf að vera fyrirmæli, sem ákveða um það, á hvern hátt að mæta ætti hverju kláðatilfelli, sem kynni að koma fram eftir kláðaböðunina«.

Nd. 157. Nefndarálit

um tillögu til þál. um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að hlynna beri svo sem unt er að þeim efnilega vísi til smábátaútvegs, sem hin síðustu ár hefir verið að myndast hjer í Reykjavík og nágrenni hennar.

Er þessa því fremur þörf nú, þegar allar horfur eru á því, að markaður fyrir nýjan fisk aukist að miklum mun þegar hið nýja frystihús tekur til starfa.

Þess má því vænta, að útvegur þessi geti staðið straum af mörgu fólki, og telur nefndin því rjett, að honum sje veitt sú vernd, sem unt er, með gæslu fiskimiðanna, sem honum eru hentust.

Þá er ennfremur líklegt, að gæslubátur gæti oft orðið að liði hinum minni vjelbátum, sjerstaklega opnu bátunum, sem stunda veiðar hjer í flóanum, og yrði hjer því samfara björgunarstarfsemi og landhelgisgæsla, sem bátunum væri mikill styrkur að.

Nefndinni þykir þó ekki nauðsynlegt að einskorða svo gæsluna sem gert er í tillögunni, hvorki að því er gæslusvæði nje gæslutímabil snertir, en vill þó geta þess að því er hið síðara snertir, að hún telur, að eftir því sem

nú er ástatt sje mest þörf á gæslu á því svæði, er hjer um ræðir, frá miðjum júlí til loka nóvember ár hvert.

Nú er það vitað, að sjerstök landhelgisgæsla hefir átt sjer stað undanfarin ár í Faxaflóa utanverðum, og vill nefndin taka það fram, að þótt hún fallist á að heimila ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, er með þarf til þess að verja smábátamiðin í innanverðum flóanum fyrir ágangi togara, telur hún, að þær ráðstafanir megi ekki verða til þess að draga úr þeirri sjerstöku landhelgisvörn, sem hingað til hefir verið haldið uppi við sunnanverðan Faxaflóa.

Samkvæmt framansögðu vill nefndin leggja það til, að tillagan verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að auka landhelgisgæsluna við innanverðan Faxaflóa á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir í sunnanverðum flóanum.

Alþingi, 19. mars 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Magnús Torfason. Jóhann Þ. Jósefsson. frsm.

Nd. 158. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Fyrir orðin »enda hafi þeir leyst« í 52. gr. laganna komi: enda leysi þeir.

Orðin »innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa« í niðurlagi sömu greinar laganna falli burt.

Greinargerð.

Þegar hæstirjettur var stofnaður samkv. ofangreindum lögum, voru nokkrir málaflutningsmenn, sem höfðu fengið leyfi stjórnarráðsins til að flytja mál fyrir yfirrjetti. Þeir af þeim, sem höfðu II. einkunn við lagapróf, mistu rjettindin til að flytja mál fyrir hæstarjetti, ef þeir ekki höfðu gengið undir prófraun þá, sem ræðir um í fyrgreindum lögum, innan 3 ára. Þetta ákvæði

hefir ávalt verið bæði ranglátt og tilgangslaust. Þeir eru sviftir þeim rjettindum að flytja mál fyrir yfirrjetti, og er því einsætt, að þeir eiga að njóta þeirra rjettinda að flytja mál fyrir hæstarjetti, hvenær sem þeir standast þá prófraun, sem gert er ráð fyrir í fyrnefndum lögum. Það virðist t. d. hart, að þeir missi rjettindin, ef þeir hafa verið við störf í ríkisins þjónustu á þessu 3 ára tímabili við lögfræðistörf, eins og á sjer stað um 2 þessara manna.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum þessara tveggja manna, er rjettindin hafa mist.

Það eru nú aðeins 3 menn í bænum, er þessi rjettindi hafa mist, og óvíst, að þeir noti allir þennan rjett. Það virðist því sjálfsagt að veita mönnum þessum sinn sjálfsagða rjett og samþykkja þessa lagabreyting.

Nánar í framsögu.

Nd. **159. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júlí 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 10. gr.

a. Upphafsmálsgrein greinarinnar orðist svo:
9. gr. laganna verður 10. gr. og orðist svo.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

Nd. **160. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Í frumvarpsgreinina bætist á eftir orðunum »í Laugardal«:

Lína frá Ölfusá um Alviðru að Úlfljótsvatni, með hliðarálmu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarálmu um Gaulverjabæ, að Villingaholti.

Nd. **161. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Aftan við 10. grein bætist: og annara laxveiðilaga, er sett kunna að verða.

Nd. **162. Breytingartillaga**

við frv. til laga á þskj. 108 [Kosningar í sveitamálum og kaupstaða].

Frá Sigurði Eggerz.

Á eftir 19. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir:

Kosning bæjarstjóra (borgarstjóra) samkvæmt lögum þessum kemur ekki til framkvæmda fyr en útrunninn er kjörtími núverandi bæjarstjóra (borgarstjóra), nema staðan verði fyr laus af öðrum ástæðum.

Ed. **163. Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er

stunduð eða gæti verið stunduð í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrotni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr.

Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til

eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886, og annara laxveiðilaga, er sett kunna að verða.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um tannlækningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi, eða á annan hátt aflað sjer álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi þær, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem heilbrigðisstjórn metur gilt.

Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækningaleyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

Nd. **165. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. hljóðar um það að veita þeim Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku, og Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, ríkisborgararjett. Báðir eru þessir menn giftir íslenskum konum og hafa verið hjer á landi í langan tíma, sá fyrnefndi síðan árið 1895, en sá síðarnefndi síðan árið 1921. Þá hefir nefndinni borist erindi frá Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði. Hann er giftur íslenskri konu fyrir 5 árum, og fylgja meðmæli frá bæjarstjórn Seyðisfjarðar um, að Alþingi veiti honum ríkisborgararjett.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með svo hljóðandi

VIÐAUKATILLÖGU:

Aftan við frumvarpsgreinina bætist nýr tölul.:
Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.

Alþingi, 20. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr. Magnús Guðmundsson.
Hákon Kristófersson. Magnús Torfason.

Ed. **166. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. A eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað land kirkjujarðarinnar Hvanneyrar, að undanskildum nauðsynlegum lóðum handa prestssetrinu og öðrum opinberum byggingum.
   Greinatalan breytist samkv. þessu.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um sölu á jarðeignum ríkissjóðs og kirkjujarðasjóðs til Neskaupstaðar og Siglufjarðarkaupstaðar.

Ed. **167. Frumvarp**

til laga um einkasíma í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Samþyktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþyktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþyktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþyktar. Fallist fundurinn með $^2/_3$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, eða ganga of nærri efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveðið:

a. um legu einkasímans og gerð,
b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
c. um starfrækslu símastöðva,
d. um símafjelag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sje jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir efnum og ástæðum, lausafjáreign, eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir aðstöðu til einkasímans og að þeir greiði sjerstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverslun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafjelagi að taka lán til greiðslu lagningarkostnaðar einkasíma, er allir fjelagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og afborgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fult samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einkasímalínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fje.

9. gr.

Í einstaka tilfelli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, á rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, ef það þykir fært að dómi landssímastjóra, enda sje að öllu vandlega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykt fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 10 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fje er fyrir hendi, $^{3}/_{5}$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipshlið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

a. að ekki sje notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssímastjóri tekur gild.
b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einkasímans eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um,
d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sje að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Ed. 168. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkasíma í sveitum.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 13. gr. Á eftir orðunum »alla afgreiðslu á miðstöðinni« í 3. línu komi: í stöðvartímanum.

Nd. 169. Frumvarp

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Útskriftir þær úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, sem hjer fara á eftir, sýna, hver þörf er enn endurbóta á hafnarmannvirkjum þeim, er hjer um ræðir. Að öðru leyti mun frekari grein gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.

Fylgiskjal I.

ÚTSKRIFT

úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1929, föstudaginn 15. mars var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru nefndarmennirnir Þorbjörn Guðjónsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson og settur bæjarstjóri. Ennfremur Geir Guðmundsson hafnarvörður.

Fyrir tekið:

... ...

2. Hafnarmannvirkin.

Vegna þess að ekki verður hægt að framkvæma fyrri en í sumar þær botnrannsóknir, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sje að gera fyrirhugaðan uppfyllingarvegg frá bæjarbryggju í Básasker, hefir nefndin orðið sammála um, að fresta beri framkvæmd þess verks, þar til nauðsynlegar rannsóknir hafa farið fram.

Hinsvegar telur nefndin óumflýjanlegt, að á komandi sumri verði unnið að endurbótum á Hringskersgarðinum. Að haldið verði áfram styrkingu garðhaussins, sem ekki varð lokið við síðastliðið sumar, og bættar verði skemdir þær, sem urðu á garðinum í janúar s. l. Fyrri en endurbótum þessum er lokið að fullu, getur garðhausinn eigi talist öruggur.

Enn er eftir að byggja upp hausinn á Hörgeyrargarði, ofan á undirstöðu þá, sem lögð var síðastliðið sumar. Er mjög nauðsynlegt, að því verki verði lokið næsta sumar, og að settur verði viti á garðhausinn.

Í siglingaleiðinni hefir verið mjög mikið af grjóti, sem bagað hefir umferðina. Síðastliðin tvö sumur hefir grjót þetta verið tekið upp eftir föngum, en þó er enn þá mikið eftir. Innan við Hringskersgarðinn er enn stór grjóteyri, sem þrengir innsiglinguna og er til trafala umferðinni. Úr henni berast líka oft steinar út í siglingaleiðina.

Þetta grjót verður alt að hreinsast burtu og þolir það verk enga bið, ef innsiglingin á að verða greið og góð.

Til þess að standast kostnaðinn við framkvæmd nefndra endurbóta, sem er meiri en hafnarsjóður einn geti staðist straum af, þá leggur hafnarnefndin til, að farið sje fram á það við yfirstandandi Alþingi, að ríkissjóður greiði þriðjung þess, sem endurbæturnar koma til með að kosta

Nefndin vill benda á, að það er ekki síður hagsmunamál fyrir ríkissjóð, — landeigandann, — heldur en Eyjarnar sjálfar, að mannvirkjum þessum verði komið í viðunandi horf.

Má í þessu sambandi minna á, hversu tekjur ríkissjóðs hjeðan eru orðnar miklar, um ½ miljón árlega.

Með tilliti til þessa alls, telur nefndin fylstu sanngirniskröfu, að Vestmannaeyingar fái ríflegan styrk úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda sinna.

... ...

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

Þorst. Jónsson, Geir Guðmundsson, Ólafur Auðunsson,
Ársæll Sveinsson, Þ. Guðjónsson.

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 16. mars 1929.

... ...

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 17. mars 1929.

Jóh. Gunnar Ólafsson,
settur.

Fylgiskjal II.

ÚTSKRIFT
úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1929, föstudaginn 15. mars var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru nefndarmennirnir Þorbjörn Guðjónsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson og settur bæjarstjóri. Ennfremur Geir Guðmundsson hafnarvörður.

Fyrir tekið:

... ...

3. Bryggja á Básaskeri.

Vjelbátaflotinn er orðinn svo stór, að til hinna mestu vandræða horfir vegna þrengsla og skorts á afgreiðsluplássi yfir vertíðina. Í vetur ganga hjeðan um eitt hundrað vjelbátar, og eru mikil líkindi til að þeim fjölgi enn næstu vertíð. Þessi skortur á plássi fyrir bátana til að afgreiða

sig við, er orðinn svo tilfinnanlegur og til svo mikils tjóns, að eigi verður lengur dregið að bæta úr því á einhvern hátt.

Heppilegustu lausnina á þessu máli telur nefndin, að bygð verði bryggja á Básaskeri. Þyrfti hún að vera ca. 70 m. löng og ca. 10—12 m. breið. Hefir vitamálastjóri áætlað, að bryggja af þessari stærð, á þessum stað, mundi kosta 40 þúsund krónur.

Leggur nefndin til að á næsta sumri verði bryggja þessi bygð, og verði verkinu lokið fyrir næstu vertíð.

Nefndin leggur til, að farið verði fram á sömu styrkveitingu úr ríkissjóði til þessa mannvirkis og farið hefir verið fram á til annara hafnarmannvirkja hjer.

... ...

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson,

Þorst. Jónsson, Geir Guðmundsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson, Þ. Guðjónsson.

... ...

Þannig samþykt á fundi bæjarstjórnar 16. mars 1929.

... ...

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 17. mars 1929.

Jóh. Gunnar Ólafsson,
settur.

Ed. **170. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rjett til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rjett við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: »borgarstjóra (bæjarstjóra)« falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa, eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa kjörstjórn, skipaða 3 mönnum. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

11. gr.

10. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur

maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið, eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er

kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rjett til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rjett til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

17. gr.

31. gr. laganna, sem er ný grein, hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sjerstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar

bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrjett í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sje einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurjett í bæjarstjórn og nefndum hennar. Nú er bæjarstjóri (borgarstjóri) einnig bæjarfulltrúi, og er hann þá sjálfkjörinn í fastar nefndir og formaður þeirra. Sje bæjarstjóri (borgarstjóri) ekki bæjarfulltrúi, á hann samt sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og er formaður þeirra, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufje, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Gildir kosning þeirra um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykt ákveðið að setja sjerstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

VI. kafli.
Niðurlagsákvæði.

18. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr. og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning bæjarstjóra (borgarstjóra) samkvæmt lögum þessum kemur ekki til framkvæmda fyr en útrunninn er kjörtími núverandi bæjarstjóra (borgarstjóra), nema staðan verði fyr laus af öðrum ástæðum.

Nd. **171. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Sveini Ólafssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist: Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi inn Berufjarðarströnd að Berufirði.

Nd. **172. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist: Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Ísafirði til Arnardals, frá Stað í Grunnavík að höfða í Grunnavíkurhreppi.

Ed. **173. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. gr.

1. Á eftir fyrri málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með minst $^2/_3$ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.
2. Síðari málsliður verður sjerstök málsgrein.

Nd. **174. Frumvarp**

til laga um heimild til að reka lyfjaverslun á Íslandi.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er að veita bæjar- eða sveitarfjelagi, samvinnufjelagi eða einstökum mönnum leyfi til að reka lyfjaverslun á Íslandi.

2. gr.

Hverri lyfjabúð skal jafnan veitt forstaða af sjerfróðum manni, er lokið hefir þeirri þekkingarraun í lyfjafræði, sem heilbrigðisstjórnin krefst á hverjum tíma.

3. gr.

Nú kemur í ljós, að lyfjaverslun er rekin án þess að sjerfræðingur, er uppfyllir skilyrði 2. gr., veiti henni forstöðu, og skal þá heilbrigðisstjórnin tafarlaust láta loka þeirri lyfjabúð, uns úr er bætt.

Greinargerð.

Fyrirmælin um lyfjaverslun eru orðin mjög gömul og voru gefin þegar lífsskilyrði á Íslandi voru mjög ólík því, sem nú gerist. Fram á síðustu tíma hefir lyfjaverslunin, og heildsalan öllu meir en smásalan, verið í höndum útlendinga, og enn er íslenska þjóðin ósjálfstæðari í lyfjaverslun sinni en nokkurri annari viðskiftagrein.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun ástandið í þessum efnum fljótt breytast. Í sumum helstu mentalöndum álfunnar er mjög algengt, að bæjarfjelög reka lyfjaverslun, og enn algengara er þó, að hlutafjelög eða samvinnufjelög reki slíka verslun. Með því móti er auðveldara að tryggja lyfjaversluninni fjármagn, og undir sumum kringumstæðum neytendunum betri og ódýrari vöru heldur en með eldra laginu, þar sem sami maður átti að hafa nægilegt fjármagn og næga sjerþekkingu.

Sú staðreynd, að lyfsalar hafa sumstaðar á Íslandi safnað á skömmum tíma stórauði, sem stóð í fullkomnu ósamræmi við efnaleysi flestra, sem mest skifti hafa haft við lyfjabúðirnar, er ef til vill öflugasta röksemdin fyrir því, að bæta mætti þessa verslun með frjálslegra fyrirkomulagi.

Nd. **175. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get ekki talið hentugt að hafa kosningar um háannatíma landsmanna. Hinsvegar geta veður bagað 1. vetrardag, enda kosningar áður ákveðnar í september.

Bændur eiga örðugast með að sækja kjörfundi, og þar sem einyrkjabúskapur verður almennari með ári hverju, eiga þeir margir ekki heimangengt virka daga. Mundi því rjettast að hafa kosningar á sunnudegi. Samkvæmt þessu ber jeg fram svofelda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna »hinn 1 júlí — á undan« komi: hinn 3. sunnudag í septembermánuði.

Alþingi, 21. mars 1929.

Magnús Torfason.

Nd. **176. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaga 31. maí 1927.

Frá Hannesi Jónssyni.

Aftan við 1. gr. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef maður hefir þegið sveitarstyrk, en vinnur sjer sveit síðar í öðrum hreppi eða kaupstað og þiggur þar einnig styrk, þá fellur niður endurgjaldskrafa þess sveitarfjelags, sem fyr veitti styrkinn.

Á sama hátt fer, þótt hann þiggi ekki styrk í hinni nýju framfærslusveit sinni, ef efnahag hans er þannig háttað, að áliti lögreglustjóra þar sem hann er búsettur, að hann geti ekki endurgreitt styrk sinn án þess að verða styrksþurfi.

Nd. **177. Nefndarálit**

um frv. til laga um hjeraðsskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er í öllum aðalatriðum samþykk frv. Það má ekki dragast öllu lengur, að sett sjeu lög um unglingafræðsluna, og er þá ekki óeðlilegt, að sjerstök lög sjeu um heimavistarskóla í sveitum.

Breytingartillögur nefndarinnar eru flestar minni háttar. Rjettara mun að varðveita betur rjett stofnenda skólanna en gert er í frv., og verður það best gert með því að skilja að fjelög stofnenda og gamalla nemenda. Þá er og rjett að hafa ýmist þriggja eða fimm manna skólanefndir, eftir því, hvernig á stendur. Þar, sem fleiri sýslur og ýms fjelög standa að stofnun hjeraðsskóla, er hægara að koma fyrir skólanefndarkosningu, ef fimm eru í nefndinni. Aðalbreytingartillaga nefndarinnar er um hækkun á hinu árlega stofntillagi ríkissjóðs úr 5000 kr. upp í 6000 kr. Veldur það ekki miklum mun fyrir ríkissjóð, þar sem um fáa skóla er að ræða, en er hinsvegar nauðsynlegt fyrir skólana. Þá leggur nefndin til, að tillög vegna nemenda sjeu hækkuð fyrir hina fyrstu nemendur, en lækki þegar kemur fram yfir 40 nemendur. Er það rjettlátt, þar sem kostnaður við skólahald verður tiltölulega minni, því fleiri sem nemendurnir eru. Að því er námskeiðin snertir, þá er rjett að styrkja öll námskeið, þó skemur standi en sex vikur.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »eru og verða« í annari málsgrein komi: skulu vera.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna »Í yngri deild . . . stunda sjálfsnám« í annari málsgrein komi: skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms.
3. Við 4. gr. Aftan við fyrstu málsgrein komi: eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um fjelög stofn-

enda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera í fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 175 kr. úr því.

7. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Nú eru haldin námskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

8. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði, eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, en þó ekki hærri en sem nemur meðaltali síðustu þriggja ára. Eigi gildir undanþága þessi lengur en 2 ár.

Alþingi, 22. mars 1929.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Bernharð Stefánsson.

Magnús Jónsson, fundaskrifari. Jón Ólafsson.

Nd. **178. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er öll sammála um, að breyting sú á lögunum, er í frumvarpinu felst, sje til bóta, og mælir því eindregið með, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna í 4 málsgr. »ber að afhenda honum« komi: á að afhenda honum.

Alþingi, 20. mars 1929.

Sv. Ólafsson, form. | Sigurjón Á Ólafsson, fundaskr. og frsm.
Magnús Torfason. | Jóhann Þ. Jósefsson. | Ólafur Thors.

Nd. **179. Frumvarp**

til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sje fengið söfnuði hennar í hendur.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í hendur umsjón og fjárhald dómkirkjunnar með þessum kjörum:

1. að kirkjunni fylgi 250000 krónur í álag.
2. að skuld kirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður og
3. að söfnuðurinn heimili ríkisstjórninni afnot kirkjunnar við prestsvígslur, alþingissetningar og þess háttar tækifæri, gegn 600 króna gjaldi úr ríkissjóði árlega.

Greinargerð.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu sjást ljóslega af brjefi því, sem hjer er birt.

»Á fundi Dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 13. desember síðastliðinn var samþykt með samhljóða atkvæðum fundarmanna svofeld ályktun:

»Að gefnu tilefni lýsir Dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík því yfir, að sje það ósk eiganda Dómkirkjunnar, ríkissjóðs, að afhenda söfnuðinum kirkjuna, þá er söfnuðurinn fús til, fyrir sitt leyti, að taka alveg við fjármálum hennar gegn því:

a. að ríkissjóður greiði í safnaðarins hendur 250000 krónur til að reisa söfnuðinum nýja kirkju til viðbótar Dómkirkjunni, eða hálfan byggingarkostnað nýrrar kirkju.
b. að ríkissjóður greiði til Dómkirkjunnar í Reykjavík, sem árlegt tillag, 600 krónur gegn því að ríkisstjórnin hafi umráðarjett yfir kirkjunni þegar stjórnarvöld sjerstaklega þurfa, eins og við Alþingissetningu, prestastefnur og prestvígslur.

c. að skuld Dómkirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður.
d. að fjármál kirkjugarðsins í Reykjavík verði aðgreind frá fjármálum kirkjunnar með sjerstökum lögum«.

Jafnframt því er vjer leyfum oss að tilkynna hæstvirtu Alþingi ákvörðun þessa, leyfum vjer oss að gera nokkru nánar grein fyrir þessu máli.

Hvað eftir annað hafa þeir, sem farið hafa með stjórn þessa lands, óskað þess að Dómkirkjusöfnuðurinn tæki alveg við fjármálum Dómkirkjunnar, en það strandað á, að ekki hefir náðst samkomulag um fjárhæð þá, er kirkjunni skyldi fylgja frá ríkinu.

Nú er Dómkirkjan alt of lítil fyrir söfnuðinn, en erfitt eða ófært að stækka hana að mun svo vel fari, og því áhugi vaknaður á að reisa til viðbótar aðra kirkju, að líkindum á Skólavörðuhæðinni, stærri og veglegri en gamla Dómkirkjan er. Því kvaddi söfnuður og sóknarnefnd fyrir 2 árum 8 menn til að taka sæti í kirkjubyggingarnefnd til að athuga hvernig best yrði ráðið fram úr þessu máli.

Safnaðarfundir þeir, sem rætt hafa málið undanfarið, eru sammála þeirr nefnd um, að samkvæmt landslögum beri kirkjueiganda að sjá viðkomandi söfnuði fyrir hæfilegri kirkju, en þó muni hjer hagkvæmara báðum aðilum, ríkinu og Dómkirkjusöfnuðinum, að báðir hjálpist að um fjárframlög til nýrrar kirkjubyggingar í Reykjavík, safnaðarfólkið verði miklu fúsara til þess, fyrir sitt leyti, ef kirkjurnar báðar verða safnaðareign, og ríkið þá laust við að leggja síðar fje til kirkna Reykjavíkur.

Er þegar stofnað til fjársöfnunar innan safnaðarins í þessu skyni, annast hana um 90 sjálfboðaliðar.

Óskin um að fjármál kirkjugarðsins í Reykjavík sjeu aðgreind frá fjármálum Dómkirkjunnar með sjerstökum lögum er aðallega af því sprottin, að þar sem hjer í bæ eru þúsundir utanþjóðkirkjumanna, og líkindi til að þegar fram líða stundir, skiftist Dómkirkjusöfnuðurinn í m. k. 2 söfnuði, hvor með sína kirkju, þá virðist óeðlilegt að nokkur einn söfnuður hafi allan veg og vanda af þeim kirkjugarði, sem ætlaður er öllum bæjarbúum.

Þar sem Dómkirkjan er ríkiseign er það hlutverk hins háa Alþingis að skera úr, hvort það vill semja við Dómkirkjusöfnuðinn um þessi mál á framangreindum eða öðrum svipuðum grundvelli. Vjer leyfum oss að mælast til þess, fyrir safnaðarins hönd, og erum að sjálfsögðu fúsir til að senda fulltrúa á fund þeirrar þingnefndar, er málið verður falið, ef þess verður óskað.

Reykjavík, 7. mars 1929.

Í sóknarnefnd og kirkjubyggingarnefnd:
Sigurbjörn Á. Gíslason. Bjarni Jónsson. F. Hallgrímsson. Jón Halldórsson. Jón Gunnarsson. Pjetur Halldórsson. Sveinn Jónsson. Sigurbjörn Þorkelsson. Matthías Þórðarson. Ólafur Lárusson. Magnús Blöndahl.

Til Alþingis 1929«.

Erindi þetta var sent háttv. fjárveitinganefnd. Sendi hún biskupi erindið til umsagnar, og ritaði hann fróðlegt brjef um þetta kirknamál Reykjavíkur. Í því brjefi segir biskup svo:

»Dómkirkjan í Reykjavík hefir sjerstöðu meðal allra kirkna landsins sem dómkirkja, og er þar af leiðandi í alveg sjerstökum skilningi ríkiseign og hefir verið það frá fyrstu. Til eru nokkrar kirkjur aðrar, sem teljast ríkiseign (t. a. m. Langholts- og Þykkvabæjarklausturskirkjur, Hvanneyrar-, Staðarfells-, Hóla- og Eiðakirkjur), en á þeim kirkjum stendur öðruvísi en dómkirkjunni, þar sem þær sumpart hafa sem klaustraeignir *orðið* eign ríkisins, eða verið keyptar af ríkinu eða loks gefnar því (eins og Staðarfellskirkja). Nú er það tvímælalaust skylda hvers kirkjueiganda að sjá söfnuði hlutaðeigandi kirkju fyrir viðunanlegu guðsþjónustuhúsi. Og sama skylda hvílir á hinu opinbera að því er dómkirkjusöfnuðinn snertir, þegar kirkja sú, sem honum er ætluð, er orðin langsamlega of lítil fyrir söfnuðinn. Kirkja þessi var að stofninum til reist á árunum 1787—92, 35 áln. á lengd og 20 áln. á breidd. Þótti hún, sem gefur að skilja, veglegt hús á þeim tímum, enda var söfnuðurinn allur lítið á 4. hundrað manns. En þegar leið að miðbiki 19. aldar og bærinn tók að vaxa, þótti kirkjan orðin of lítil og var þá ný hæð sett ofan á hana, forkirkja framan við og kór aftur úr. Þetta gerðist á árunum 1845—47. Þá munu hafa verið í sókninni allri um 1200 manns, en kirkjan þannig endurbætt rúmaði í sætum 8—900 manns. Nú er tala safnaðarlima orðin rúm 16 þúsund manns, en kirkjan hin sama og var fyrir 80 árum. Verður því ekki sagt, að ofmælt sje að dómkirkjan sje nú orðin lítt viðunandi guðsþjónustuhús fyrir söfnuðinn, sem þangað á sókn. Hinsvegar er dómkirkjan sjóðlaus með öllu, því að tekjur hennar hafa ár hvert gengið til þurðar, sumpart til venjulegra árlegra útgjalda, en sumpart til greiðslu vaxta og afborgana af því fje, sem ríkissjóður hefir talið kirkjuna skulda sjer. »Skuld« kirkjunnar við ríkissjóð var í ársbyrjun 1928 talin: kr. 10185,13. Með þessum hætti hafa á hverju ári etist upp allar árstekjur dómkirkjunnar og ekkert getað safnast í sjóð. Samkvæmt síðasta reikningi urðu allar tekjur kirkjunnar 11160,22 kr., en útgjöldin (að meðtalinni nýnefndri greiðslu vaxta og afborgana) 11201,05«.

Ennfremur segir í brjefi biskups:

»Það má nú vitanlega ávalt segja, að jafnfjölmennum söfnuði ætti ekki að vera ókleift af eigin efnum að koma sjer upp viðunanlegu kirkjuhúsi handa söfnuðinum styrktarlaust, þótt það kynni að kosta alt að 500 þús. kr. En jeg geri ráð fyrir að söfnuðurinn haldi því fram sem skýlausum rjetti sínum, að kirkjueigandi leggi fram að sínum hluta að minsta kosti eitthvað af kostnaðinum, og get jeg fyrir mitt leyti ekki láð honum það, svo mikið sem hann ár hvert leggur á sig af gjöldum vegna kirkju sinnar. Safnaðargjöldin sem greidd eru af dómkirkjusöfnuðinum nema nú c. 50 þús. krónum á ári (árið 1927 voru þau:

Prestgjald	14510.50	
Kirkjugjald	12008.75	
Sönggjald	12000.00	
Kirkjugarðsgjald	10000.00	48519.25),

svo að það verður ekki ósanngjarnt talið, þótt söfnuðurinn sje ófús að taka við kirkju sinni

slyppri og snauðri, vitandi, að hann um leið tekur á sig þá skyldu að byggja þegar í stað nýja kirkju, sem fullnægi kröfum safnaðarins. Einnig má líta á það, að þessi söfnuður hefir á hverju ári um allmörg ár borgað að minsta kosti tvöfalt gjald til Prestlaunasjóðs við það sem honum bar, miðað við tölu þjónandi presta sinna. Og loks er á það að líta, að söfnuðurinn gerir *ekkert* tilkall til þeirra jarðeigna, sem dómkirkjunni hafa fylgt sem hennar eign, en flestar hafa verið seldar til tekna fyrir ríkissjóð. Þessar jarðir voru til skamms tíma: Neðri-Háls í Kjós, Breiðholt í Mosfellssveit, Bygggarður og Bakki á Seltjarnarnesi, Forsæti í Landeyjum, með hjáleigunni Hraukur, og Sigluvík í Landeyjum með hjáleigunum Klauf og Glæsistöðum. Eru þær nú metnar í fasteignamatinu frá 1922 á samtals 40500 kr. (húsalausar), en af þeim eru nú aðeins tvær óseldar, sem sje Bygggarður og Bakki á Seltjarnarnesi. Þegar á alt þetta er litið og þess ennfremur gætt, að kirkja sú, sem hjer er í ráði að reisa, á að vera höfuðkirkja landsins, verður það ekki talið nema sanngjarnt í alla staði, að ríkissjóður leggi það fram, sem farið er fram á, gegn því hjeðan í frá að losna við alla ábyrgð af kirkju þessari«.

Með þessu mun mál þetta liggja svo ljóst fyrir sem þörf er á. Þó að 250000 krónur sje að vísu töluverð upphæð, þá er þess að gæta, að í þessu prestakalli býr nú um 1/4 allra landsmanna. Hjer er líka um beinan fjárhagsljetti að ræða fyrir ríkið, því að það kemst aldrei til lengdar undan því að greiða úr kirknamáli Reykjavíkur, úr því að svo stendur á, að það er kirkjueigandi hjer.

Búast má við því, að ný kirkja hjer verði afardýr. Sumir hafa nefnt 500000 krónur, en það er alt of lágt. Mun tæplega verða mikið undir 1 miljón króna, og er þá ríkissjóðshlutinn ekki hár. Ennfremur er það á valdi ríkisstjórnarinnar að semja þannig um greiðsluna, að ekki komi há upphæð á hvert ár.

Nd. **180. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, sje óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sjerstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með brjefi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skips-

ins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hjer á landi, svo og til allra vjelbáta og róðrarbáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hjer við land eina vertíð á ári eða lengur, og til allra vjelbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samviskusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sje kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða

reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sje fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sje á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna »og skal það ávalt sýnt bæði við tollafgreiðslu« í 3. málsgr. 10. gr. laganna komi: og skal það ávalt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sje þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsgr. 18. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum en að framan segir skoðun skips, enda sjeu þeir nægilega sjerfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu »Lögreglustjóri« í upphafi 21. gr. laganna komi: Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað »100 kr.« í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi: 50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19. júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Nd. **181. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $^3/_5$ kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með

minst $^2/_3$ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og

gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi og alt að $^1/_2$ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð alt að $^1/_2$ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Alt að $^1/_2$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að $^1/_4$ hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 182. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn getur ekki fallist á, að rjett sje að samþykkja frv., og vísar hann í því efni til álits minni hluta fjárhagsnefndar á Alþ. 1927, sbr. Alþt. 1927, A.-deild, bls. 489, þskj. 313.

Það hefir verið fært sem ástæða fyrir frv. þessu, að yfirsetukonur vanti í 30 umdæmi. Aldrei hafa þó verið færð nein rök fyrir því, að þessi staðhæfing sje rjett. Aftur á móti er fylsta ástæða til að ætla, að hún sje að mestu röng. Samkv. skýrslu úr gerðabók ríkisgjaldanefndarinnar, bls. 45—54, er ekki annað sjáanlegt en að yfirsetukonur hafi verið þjónandi 1926 í nær öllum yfirsetukonuumdæmum landsins. Að vísu þjóna sumar yfirsetukonur í tveimur umdæmum, eða tvær skifta milli sín þriðja umdæminu, en þar sem engar kvartanir hafa komið frá hjeruðunum um þetta, virðist mega ætla, að þau telji það fyrirkomulag fullnægjandi. Með þessu móti fá yfirsetukonur í þessum umdæmum hærri laun, og er engan veginn víst, að fyrirkomulagið breytist, þó að launin hækkuðu. Þess má geta, að landlæknir hefir gefið þær upplýsingar, að hann hafi ekki fengið kvartanir neinstaðar að undanfarin ár um, að yfirsetukonu vanti í nokkurt umdæmi.

Þá er og færð sú ástæða fyrir þessari launahækkun, að breyting hafi verið gerð á síðasta þingi á launakjörum presta. En sú breyting á launakjörum prestanna er aðeins í samræmi við þá breytingu á launakjörum yfirsetukvenna frá 1926, að dýrtíðaruppbót er reiknuð af launum. Það er því síður en svo, að neitt mæli með því að breyting verði gerð á launum yfirsetukvenna fremur — eða fyr — en á launum embættismanna ríkisins.

Ennfremur hefir sú ástæða verið færð fyrir frv., að nauðsyn beri til að færa meira til samræmis launakjör hinna lægst launuðu yfirsetukvenna við launakjör hinna hæst launuðu. Til þess að sýna, að með þessu frv. er að mestu skotið yfir þetta mark, eru hjer birt laun yfirsetukvenna í mismunandi fjölmennum umdæmum samkv. gildandi lögum og samkv. frv., og hækkunin sýnd í %. Dýrtíðaruppbótin er ekki reiknuð með.

íbúar	Byrjunarlaun skv. l. kr.	skv. frv. kr.	hækkun %	Hámarkslaun skv. l. kr.	skv. frv. kr.	hækkun %
300	200	300	50	275	500	82
400	220	300	36	295	500	70
500	240	300	25	315	500	59
600	260	300	15	335	500	49
700	280	300	7	355	500	50
800	300	300	0	375	500	33
900	320	300	− 6	395	500	27
1000	340	300	−12	415	500	20
1500	440	450	2	575	650	26
2000	540	600	11	615	800	30
2500	640	750	17	715	950	33
3000	740	900	22	815	1100	35
3500	840	1050	25	915	1250	37
4000	940	1200	28	1000	1400	40
4500	1000	1350	35	1000	1500	50
5000	1000	1500	50	1000	1500	50

Af þessu yfirliti sjest, að hækkun byrjunarlauna hinna lægst launuðu yfirsetukvenna er hlutfallslega nákvæmlega sú sama og launahækkun þeirra, sem hæst eru launaðar, eða 50%. Hækkun hámarkslauna er að vísu nokkru hærri hlutfallslega hjá þeim lægst launuðu, eða 82% móti 50% hjá þeim, sem best eru launaðar. En við þetta er það að athuga, að lægst launuðu yfirsetukonurnar eru 12 ár að ná hámarkslaunum, en hinar fá þau þegar á fyrsta ári, svo munurinn minkar frá því, sem út lítur fyrir. Það er því langt frá því, að með frv. sje sjerstaklega verið að vinna fyrir lægst launuðu yfirsetukonurnar, eða tryggja fámennustu umdæmunum yfirsetukonu.

Ef frv. yrði að lögum, mundi útgjaldaaukinn, sem af þeim leiddi fyrir ríkissjóð, hjeruð og kaupstaði, nema fullum 50 þús. kr., auk dýrtíðaruppbótar af launahækkuninni. Og þar sem nú liggur fyrir þinginu tillaga og frv. um hækkun dýrtíðaruppbótarinnar, virðist með öllu ógerlegt, að svo stöddu, að hækka þessi laun svo freklega, sem farið er fram á.

Af framanrituðum ástæðum leggur meiri hlutinn til, að frv. verði felt.

Alþingi, 21. mars 1929.

Halldór Stefánsson, formaður. Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm. Jón A. Jónsson.

Ólafur Thors, m. fyrirv.

Ed. **183. Þingsályktun**

um vatnsveitu á Hvammstanga.

(Afgreidd frá Ed. 21. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu á Hvammstanga.

Ed. **184. Nefndarálit**

um frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þetta frv., þar sem meiri hlutinn vill víkja því frá á þann hátt, að vísa því til stjórnarinnar. Sú höfuðástæða hefir verið fram borin í nefndinni fyrir þessari aðstöðu meiri hlutans, að eigi sje unt að sjá fyrir, hve mikil útgjöld ríkissjóðs muni verða við það, að koma á raforkuveitum um alt land.

Minni hlutinn viðurkennir að vísu, að vitneskja um þetta er eigi fyrir hendi, en telur þetta ekki vera rjettmæta ástæðu gegn framgangi frv. Þegar vegalögin voru fyrst sett, var engin vitneskja fyrir hendi um það, hve mikið mundi kosta að koma akvegi heim að hverjum bæ. Samt voru vegalögin sett, og síðan hefir verið unnið að vegagerðum í nálægt 40 ár, með góðum árangri, á þeim grundvelli, að framkvæmdir ríkisins miðast á hverjum tíma við getu ríkissjóðs og þær þarfir ganga fyrir, sem brýnastar eru og gerlegt þykir að fullnægja. Vitneskja um heildarkostnað við vegagerðir um alt land er ekki ennþá fyrir hendi, og enginn maður mun í alvöru krefjast slíkrar vitneskju eða vilja gera hana að skilyrði fyrir framhaldandi löggjöf og framkvæmdum á sviði vegamálanna. Alveg sama má segja um símalöggjöfina og framkvæmd símalagninga. Á sama grundvelli telur minni hlutinn, að löggjöf og framkvæmdir um raforkuveitur til almenningsþarfa eigi að byggjast. Framkvæmdir munu að eðlilegum hætti verða fyrstar þar, sem áhugi hlutaðeiganda er mestur og aðstaða best til þess að fyrirtækin beri sig.

Nefndin leitaði upplýsinga um málið hjá rafmagnsstjóra Reykjavíkur, hr. verkfr. Steingrími Jónssyni, og er álit hans prentað sem fylgiskjal hjer með. Samkvæmt áliti hans má búast við, að þar sem raforkuveitur liggja um sveitir eingöngu, án þess að ná til þorpa, kauptúna eða kaupstaða, þurfi að leggja sem styrk eða framlag $^2/_5$ til $^3/_5$ af kostnaði við taugakerfið um hvern hrepp, til þess að orkuveitan geti á eftir orðið fjárhagslega trygt fyrirtæki. Í einstökum föllum geti orðið allmikill mismunur, það muni vera til staðir, sem geti borið sínar veitur alveg, einkum í námunda við kauptúnin.

Öll ummæli rafmagnsstjórans staðfesta það álit okkar, að ekki sje rjett að draga þetta mál á langinn. En við teljum rjett að skipa þessum málum styrkari framkvæmdastjórn en nú er og frv. fer fram á, og leggjum því til, að 8. gr. frv. verði breytt og frv. samþykt með svolátandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi stjórn raforkumála ríkisins, undir atvinnumálaráðuneytinu. Í nefndinni eiga sæti: Einn lögfræðingur, sem ráðherra tilnefnir, forstjóri rafmagnsveitu Reykjavíkur, ef hann vill taka sæti í nefndinni, en annars rafmagnsverkfræðingur, sem ráðherra tilnefnir, og vegamálastjóri. Nefnd þessi nefnist orkumálastjórn. Ráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Orkumálastjórnin tekur við starfi því, sem vegamálastjóra er ætlað samkvæmt 151. gr. vatnalaga, að því er snertir orkunýtingu fallvatna, og við tilsvarandi störfum að því er snertir hagnýtingu jarðhita. Hún skal svo fljótt sem við verður komið gera tillögur um heildarskipulag á raforkuveitum til almenningsþarfa fyrir land alt. Hún skal með samþykki ráðherra ráðstafa ríkisfje því, sem veitt verður til þess að koma upp raforkuveitum samkvæmt þessum lögum, og hafa gát á því, að ekki njóti aðrar veitur styrks af því fje en þær, sem samrýmst geta hentugu heildarskipulagi þeirra mála. Hún skal hafa eftirlit með byggingu og rekstri raforkuvera.

Kunnáttumenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, skulu vera orkumálastjórnin og verkfróðir aðstoðarmenn í þjónustu hennar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf orkumálastjórnar.

Alþingi, 21. mars 1929.

Jón Þorláksson. Björn Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. mars 1929.

Samkvæmt umtali leyfi jeg mjer hjer með að koma fram með eftirfarandi ummæli um frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Tilkostnaði við að veita raforku til almennings í sveitum og kauptúnum má í því tilliti, sem hjer um ræðir, skifta í þrent:

1. Orkuverið.
2. Meginlínurnar frá orkuveri til hentugra staða á orkuveitusvæðinu.
3. Hreppalínur eða hreppataugakerfi, er liggja heim undir hvern bæ og fá orkuna úr meginlínum (eða beint frá orkuveri, ef meginlínu vantar).

Þegar veita á rafmagni um tiltekið veitusvæði, er hreppakerfið nokkurnveginn ákveðið við legu býlanna og verður þar litlu umþokað að því er tilkostnað snertir. Má telja, að vegalengd kerfisins sje 1—1.5 km. til jafnaðar á hvern bæ, eða stofnkostnaður um 3000 kr. á bæ, þar í innifalinn tilkostnaður allur af efni, vinnu við uppsetningu og flutning. Oftast mun og þurfa eina spennistöð við hvern bæ, til þess að lækka spennu hreppalínanna niður í nothæfa spennu. Spennistöðin með heimtaugum mun líklega kosta um 1000 kr. á bæ, kostar þá t. d. hreppakerfi fyrir 200 bæi með 1400—1500 íbúum 800000 kr., eða yfir 500 kr. á mann, ef það hvergi nær til kauptúna.

Um hina liðina, orkuver og meginlínur, er ekki hægt að ákveða neitt fyrir fram, annað en það, að oftast verður ódýrara að hafa eitt orkuver fyrir sem stærst veitusvæði og heldur leggja meginlínur frá orkuverinu til fjarlægra hreppakerfa en að hafa mörg smá orkuver, sitt fyrir hvert hreppskerfi. Hvar takmörkin liggja hjer á milli, er ekki unt að segja, nema með því að gera samanburðarútreikning í hvert skifti. En til þess að nefna dæmi má óhætt fullyrða, að óviturlegt væri að virkja bæði Tungufoss í Eystri-Rangá og Árbæjarfoss í Ytri-Rangá, hinn fyrri fyrir Fljótshlíð og Hvolhrepp, hinn síðari fyrir Holt og Land. Á milli kerfanna yrðu aðeins 10 km., svo auðvelt er að spara annað orkuverið, með því að tengja kerfin saman, auk þess sem þessi sambandslína liggur um miðja Rangárvellina og getur tekið bæi á leiðinni.

Ef hugsað væri til þess að veita raforku um stóra landshluta, er því nauðsynlegt, að fyrirfram sje rannsakað, hvar orkuverin eigi helst að vera og í hvaða röð þau eigi að koma upp, m. ö. o., það þarf að vera til ákveðið skipulag á þessu sviði. Það þarf einnig að vera gerð grein fyrir, hver eigi að eiga og reka orkuverið. En sjeu þessi atriði ákveðin, hefir það án efa ýmsa kosti að láta hreppafjelög eða stærri eða minni heildir ganga saman um lagningu hreppataugakerfisins.

Eins og áður er sagt, kostar slíkt hreppataugakerfi liðlega 500 kr. á mann. Sje nú giskað á, að í einu slíku hreppataugakerfi sjeu keypt frá orkuveri 0.5 kw. rafmagns á mann á 60 kr. á ári hvert kw., þ. e. 30 kr. árgjald á mann fyrir innkaup á rafmagni, ofan á þetta gjald á að leggja rekstur, viðhald, vexti og fyrningu á hreppataugakerfinu, sje það alt reiknað 10% af stofnkostnaði, verður það 50 kr. á mann á ári. Væri enginn styrkur veittur til hreppakerfisins, yrði því árgjaldið 80 kr. á mann á ári, en það gjald er án efa fullhátt, það mundu í hæsta lagi fást 50—60 kr. tekjur, eða styrkurinn þyrfti að vera $^3/_5$—$^3/_5$ af hreppataugakerfinu. Sú hugsun, sem liggur á bak við frumvarpið, að nauðsynlegt sje að styrkja þessar orkuveitur, ef þær á eftir eiga að geta orðið fjárhagslega trygg fyrirtæki, er því augsýnilega rjett, og upphæðin, að ríkissjóður styrki línur alt að $^1/_3$, en notendurnir að $^1/_4$ (leggi fram spennistöðvar og heimtaugar), er í stórum dráttum nærri vegi, svo að þegar sú upphæð er afskrifuð af fyrirtækinu, á það að geta svarað sjer á eftir.

En í einstökum föllum getur orðið allmikill mismunur. Það munu vera til hjer þeir staðir, sem geta borið sínar veitur alveg. Á það sjer einkum stað í námunda við kauptúnin. Það er oft skilyrði til þess að sveitarafveita geti komist á, að orkuverið sje í sambandi við kaupstaðarrafveitu (þjettbýli). Þetta mál verður

ekki leyst fyrir stóra landshluta, nema með altof miklum fjárútlátum, ef ekki er reynt að jafna tilkostnaði niður þannig, að hinir betur settu staðir hjálpi hinum ver settu. Ef einhver bóndi yst í hrepp þarf að greiða miklu meira fyrir að fá rafmagn til sín en aðrir í hreppnum, verður það oftast til þess, að hann verður án rafmagns.

Á sama hátt fer um margar sveitir, ef þær eru aðskildar frá kauptúnunum. T. d. er það án efa skilyrði fyrir því, að Grafningur, Mosfellssveit og Álftanes fái rafmagn, að Sogið verði virkjað handa Reykjavík og Hafnarfirði, og þegar það væri virkjað, mundu margir fleiri hreppar og heilar sýslur geta fengið þaðan rafmagn fljótlega, sem lítt hugsanlegt væri á annan hátt. Þetta kemur oftast nær til af því, að þátttakan um orkuverið og meginlínurnar verður svo ljett, að ekki er eiginlega um annað að ræða en hreppakerfið sjálft.

Ef ríkið hefir forgönguna og rekur öll orkuverin, leysast öll vafaatriði í þessu máli í einu, en annars þarf skipulag um virkjun fallvatnanna sjálfra og þarf það að ná yfir stóra landshluta, þá er bæði hægt að sjá, hvernig ódýrast verður að virkja raforku um landið og hve skjótt það getur orðið.

Virðingarfylst.

Steingr. Jónsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 185. Nefndarálit

um frumv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Jeg undirritaður gat ekki orðið meðnefndarmönnum mínum samferða um að leggja til, að frumv. þetta næði samþykki háttv. efri deildar.

Með frv. þessu vill ríkisstjórnin koma á fót rannsóknarstofu, er hafi á hendi allar þær rannsóknir, sem taldar eru í 2. gr. frv., 1.—5. lið. Eru störf þessi afarólíks eðlis, svo sem:

1. Efnafræðislegar rannsóknir.
2. Gerla- og sýklarannsókn.
3. Fjörvirannsóknir.
4. Jurtasjúkdómar.
5. Rannsóknir, sem heyra undir allar þessar tegundir.

Ekki verður af frumv. þessu sjeð, hve víðtæk þessi rannsóknarstofa eigi að verða, hve mörgum starfsmönnum hún eigi að hafa á að skipa, eða hve mikil eða margskonar tæki, hvort stofan eigi að einhverju leyti að hafa á hendi efnafræðis- eða sýklarannsóknir. Að vísu á efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu

háskólans að vera skylt að inna þau störf af hendi, er þessar rannsóknarstofur hafa tæki til, en hin ekki, en ekki nánar ákveðið um störf þeirra.

Nú er það svo, að mikill meiri hluti eða mestur hluti þeirra starfa, er hinni væntanlegu rannsóknarstofu eru ætluð, fellur undir þessar tvær rannsóknarstofur, ríkisins og háskólans. Það vill líka svo vel til, að forstaða þessara tveggja stofnana er skipuð vel mentum sjerfræðingum, hverjum í sinni grein. En sá er þó hængur á, að báðar þessar rannsóknarstofur hafa átt við fjárhagslega erfiðleika að stríða, og þar sem þær hafa báðar haft miklum og mörgum störfum að gegna, en hafa ónógt húsrúm og ónóga aðstoð, er ósennilegt, að þær geti bætt við sig nýjum og vandasömum störfum, nema þeim sje veittur allríflegur styrkur til bætts og aukins húsrúms og til aukinnar aðstoðar.

Rannsóknarstofa háskólans hefir að mjög litlu leyti verið kostuð af ríkisfje, en að mestu leyti af sáttmálasjóði. Þessi rannsóknarstofa hefir sjerstaklega haft við erfiðan fjárhag að stríða og vantar meira og betra húsrúm og meiri aðstoð, ekki síst ef á hana bætast ný störf. Eins og nú er, er ekki hægt að skylda hana til að inna ný störf af hendi fyrir hina væntanlegu rannsóknarstofu.

Í frumv. er ekki hin minsta tilraun gerð til þess að áætla um stofnkostnað eða árlegan rekstur hinnar væntanlegu rannsóknarstofu. Er það eitt ærið til þess að gleypa ekki við því umhugsunarlaust. Í frumv. er aðeins tekið fram, að allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skuli greiddur úr ríkissjóði, og í fjárlögum ákveðið nægilegt fje til stofnkostnaðar og rekstrar. Ríkisstjórnin ræður stofunni forstöðumann með nægilega vísindalega mentun. Tæplega mun nokkur maður vera vel mentur sjerfræðingur á öllum þeim sviðum, sem frumv. telur upp. Um laun forstöðumanns og aðstoðarmanna er ekkert getið, hver verða skuli.

Að öllu athuguðu virðist frumv. þetta svo ljelega undirbúið, að við það er ekki unandi.

Samt sem áður telur minni hluti nefndarinnar bráða nauðsyn bera til þess, að rannsakaðir sjeu sem allra fyrst að tök eru á ýmsir búfjársjúkdómar, og vil jeg þar fyrst til telja þann kvilla, sem veldur miklum dauða unglamba á vorin, sjerstaklega þegar seint grær, og orsakar feikna tjón í mörgum sveitum þessa lands.

Jeg mun, er fjárlagafrumv. kemur hjer til meðferðar, gera tillögu um, að fje verði veitt stjórninni til umráða til rannsóknar á búfjársjúkdómum.

Minni hlutinn álítur málið mjög þarft, og einmitt þess vegna eigi að búa það svo vel undir sem frekast eru föng á. Slíkur undirbúningur er ekki enn gerður og ekki unt að framkvæma hann á þingtímanum. Þess vegna telur minni hlutinn ekki annað fært en að vísa málinu til stjórnarinnar, og leggur til, að það sje gert með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur málið mikilsvert, en ekki nægilega undirbúið, ályktar hún að vísa því til stjórnarinnar til frekari undirbúnings og væntir þess,

að honum verði lokið svo snemma, að stjórnin geti lagt fyrir næsta þing frumv. um þetta efni.

Alþingi, 21. mars 1929.

Jónas Kristjánsson.

Ed. **186. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm. Jóh. Jóhannesson.

Nd. **187. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn $^2/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa,

að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Alt að $^1/_2$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að $^1/_4$ hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir einróma áskorun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og beiðni hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

Á síðastliðnu sumri fór fram rannsók til undirbúnings kostnaðaráætlunar af hafnargerð þessari. Hefir vitamálastjóri nú gert áætlun um kostnaðinn, og er

hann áætlaður kr. 622600,00. Áætlun þessi og teikningar vitamálastjóra munu verða lagðar fyrir nefnd þá, sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar.

Þess má geta, að Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókshreppur hafa með lítilsháttar styrk úr ríkissjóði látið gera um 60 metra langan garð fram af svonefndri Eyri, norðan við kauptúnið, og kemur sá garður að fullum notum við hafnargerðina.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um einkasíma í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. Samþyktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþyktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþyktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþyktar. Fallist fundurinn með $^2/_3$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, eða ganga of nærri efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveðið:

a. um legu einkasímans og gerð,
b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
c. um starfrækslu símastöðva,
d. um símafjelag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sje jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir efnum og ástæðum, lausafjáreign, eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir aðstöðu til einkasímans og að þeir greiði sjerstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverslun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafjelagi að taka lán til greiðslu lagningarkostnaðar einkasíma, er allir fjelagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og afborgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fult samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einkasímalínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fje.

9. gr.

Í einstaka tilfelli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, á rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, ef það þykir fært að dómi landssímastjóra, enda sje að öllu vandlega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykt fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 10 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni í stöðvartímanum, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fje er fyrir hendi, $^{3}/_{5}$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipshlið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

a. að ekki sje notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssímastjóri tekur gild.
b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einkasímans eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um,
d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sje að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Ed. 189. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við undirritaðir teljum að breyting sú, sem frv. fer fram á að lögleiða, dragi mjög skamt til að bæta úr því ranglæti laganna nr. 53 1928, að heimila ríkisstjórninni að innheimta tekju- og eignarskatt af sumum gjaldendum eftir öðrum og hærri skattstiga en hinum lögákveðna. Teldum við æskilegast, að landsstjórnin sæi sjer fært að nota ekki þessa heimild næsta ár, eins og hún hefir ákveðið að nota hana ekki á þessu ári, en okkur sýnist, að frv. þetta mundi frekar ýta undir það, að heimildin verði notuð, ef það yrði að lögum, og leggjum við til, að frv. verði felt.

Alþingi, 21. mars 1929.

Jón Þorláksson, frsm. Björn Kristjánsson.

Ed. **190. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 29. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Svo sem greinargerð frumv. sýnir, leggur stjórnin frumvarp þetta fyrir þingið til staðfestingar samhljóða bráðabirgðalögum, er út voru gefin 19. júlí síðastl.

Ástæðan til þess, að bráðabirgðalögin voru gefin út, var sú, að ákvæði eldri laga þóttu tvíræð og hafði þess vegna eigi ávalt orðið fult samræmi í framkvæmd þeirra.

Frumvarpið hefir óbreytt hlotið samþykki Nd.

Nefndin hefir fallist á að mæla með því, að frumv. þetta verði samþykt, en einstakir nefndarmenn áskilja sjer þó rjett til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 22. mars 1929.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. Jón Þorláksson.
Björn Kristjánsson. Páll Hermannsson, frsm.

Ed. **191. Fyrirspurn**

til dómsmálaráðherra um landsspítalann.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason, Halldóri Steinssyni og Jóni Þorlákssyni.

Ætlar ríkisstjórnin að ljúka við byggingu landsspítalans ásamt starfsmannabústað, svo að spítalinn verði tekinn til afnota haustið 1930?

Nd. **192. Tillaga**

til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að auka landhelgigæsluna við innanverðan Faxaflóa á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim

hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir í sunnanverðum flóanum.

Ed. 193. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir nú íhugað þetta frumvarp, en ekki getað orðið á eitt mál sátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, þeir Erlingur Friðjónsson og Ingvar Pálmason, telur breytingar þær á lögum síldareinkasölunnar, sem felast í frumvarpi þessu, til mikilla bóta, ef það næði samþykki þingsins, og vill því ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið. Minni hlutinn, Halldór Steinsson, er mótfallinn frv. og mun því skila sjerstöku nefndaráliti.

Af því, sem að ofan er sagt, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm. meiri hl.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nd. 194. Tillaga

til þingsályktunar um rýmkun landhelginnar.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að fá því framgengt, að landhelgi Íslands verði rýmkuð, svo að innan hennar sjeu allir firðir og flóar og helstu bátamið.

Ed. **195. Frumvarp**

til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá meiri hluta samgöngumálaneíndar.

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.

Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir umsjón með rekstri póststarfanna. Laun hans eru hin sömu sem aðalpóstmeistara eru ákveðin í launalögum.

Landssímastjóri stjórnar framkvæmdum símamálanna og annara hraðskeytamála og hefir umsjón með rekstri þar að lútandi starfa.

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og eru því til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Til aðstoðar póstmálastjóra skipar ráðherra póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, en til aðstoðar landssímastjóra símaverkfræðing, fulltrúa í aðalskrifstofu landssímans og aðra nauðsynlega aðstoðarmenn.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sjerstakur forstöðumaður fyrir póststofunni og sjerstakur stöðvarstjóri fyrir landssímastöðina.

Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafgreiðsla og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafgreiðslumaður, og stendur hann að því leyti beint undir póstmálastjóra, ef hann hefir sjálfstæða reikningsfærslu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því, að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum póstmálastjóra, forstöðumann fyrir póststofunni í Reykjavík og, að fengnum tillögum landssímastjóra, stöðvarstjórann í Reykjavík, með sömu launum og póstmeistari og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa nú samkvæmt launalögum. Ennfremur skipar hann, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, alla þá stöðvarstjóra, sem jafnframt eru póstafgreiðslumenn. Stöðvarstjóraembættin í Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðis-

firði má ekki veita öðrum en þeim, sem færa sönnur á, að þeir hafi lært símritun og, að undanteknu stöðvarstjóraembættinu í Reykjavík, að þeir hafi einnig aflað sjer þekkingar á póstmálum.

Stöðvarstjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði skulu hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr. Stöðvarstjórarnir á Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna. Auk launanna hafa stöðvarstjórar þessir ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðherra ákveður þeim árlega hæfilega upphæð úr póstsjóði til aðstoðar við póstafgreiðsluna, að fengnum tillögum póstmálastjóra, en starfræksla símastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ennfremur ákveður ráðherra, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, laun og aðstoðarfje annara þeirra stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanna, sem ræðir um í 3. gr.

Ráðuneytið ákveður að öðru leyti tölu starfsmanna við póst og síma, eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Nú er forstaða póst- og símastöðva sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, sem hann áður gegndi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaga, nr. 5, 7. maí 1921, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, sem í þeim felst, sem fyrst komið á um land alt, og falla þá jafnframt niður póstmeistaraembætti þau og póstafgreiðslumannastöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af póst- og símamálanefndinni, sem skipuð var 16. okt. f. á., og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

»Það hefir á undanförnum árum verið talsvert um það rætt, hvort rjett væri að sameina rekstur síma og pósts í landinu, og þá að hve miklu

leyti. Hefir jafnvel verið talað um að sameina símamálin og póstmálin undir einni yfirstjórn og stöðvarnar úti um landið, eftir því sem best þætti henta. Nefndin hefir rætt það mál mikið, hvort ekki mundi tiltækilegt að sameina yfirstjórn símamála og póstmála, og borið það undir aðalpóstmeistara og landssímastjóra. Taldi aðalpóstmeistari þetta mundu fært, en landssímastjóri hefir talið það lítt fært og lagt eindregið á móti því, að þetta yrði gert.

Nefndin er á þeirri skoðun, að það mundi gera reikningsfærslu og brjefaviðskifti að ýmsu leyti ljettari fyrir sameinaðar síma- og póststöðvar úti um land, að yfirstjórn pósts og síma væri á einum og sama stað. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að síma- og póstmálastjóri þyrfti meiri aðstoð á aðalskrifstofu síma- og póststjórnar, ef yfirstjórnin væri sameinuð, en nú er, og að sparnaður yrði því ekki mikill að sameiningunni.

Þó nefndin sje engan veginn á þeirri skoðun, að fráleitt sje að sameina embætti aðalpóstmeistara og landssímastjóra, telur hún sig ekki störfum þessara embættismanna svo kunnuga, að hún geti gert svo eindregna tillögu um þessa sameiningu, að leggja hana til í frumvarpsformi að svo stöddu, enda landssímastjóraembættið nýveitt og aðalpóstmeistaraembættið einnig skipað. Hinsvegar hefir þótt líklegt, að nokkuð mætti spara við það að sameina ýmsar símastöðvar og póstafgreiðslur úti um landið, og sömuleiðis þótt hentugt fyrir almenning, að afgreiðslan á pósti og síma væri á sama stað, með því að oft þyrfti sami maður í senn að koma af sjer ábyrgðarsendingu eða sækja hana á póststöðina og að ná sambandi í síma. Er því með frumvarpi þessu ætlast til, að allvíðtæk sameining fari fram á pósti og síma, eigi aðeins á þeim stöðum, sem upp eru taldir í 4. gr., heldur mundi sjálfsagt hentugt, að þar, sem símastöð er á sveitabæ, væri líka brjefhirðing, ef bærinn er á póstleið. Annars skal um einstakar greinar frumvarpsins tekið fram það, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Með lögum nr. 64, 28. nóv. 1919, var gerð nokkur breyting á yfirstjórn póstmálanna. Var það talið nauðsynlegt vegna stöðu landsins sem fullvalda ríkis að gera þá breytingu á póststjórninni, sem þá var gerð. Var hún í því fólgin, að póstmálunum skyldi stjórnað af aðalpóstmeistara, sem stæði beint undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða. Var þetta talið mest í samræmi við það, sem venja væri í Danmörku og öðrum fullvalda ríkjum. Aftur var þá engin breyting gerð á lögum nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, sem þó virðist að sama ástæða hefði verið til að breyta á sama hátt, ef ástæða var til að breyta póstlögunum svo sem gert var að þessu leyti.

Það verður ekki sjeð, hvers vegna aðalpóstmeistari ætti að hafa aðra aðstöðu en landssímastjóri gagnvart ráðuneytinu, og fyrir fullveldi landsins hefir þetta enga þýðingu. Virðist rjett að samrýma betur embætti þessi, og sjer nefndin ekki neina þörf á því, að aðalpóstmeistari, sem nefndur er í frumvarpi þessu póstmálastjóri, standi beint undir atvinnumálaráðherra fremur en landssímastjóri. Að sjálfsögðu ætlast hún ekki til, að hann beri hvert smámál undir ráðuneytið, fremur en landssímastjóri, og brjefaviðskifti innan-

lands og utan er sjálfsagt að fari fram yfirleitt eins og hingað til án þess að ráðuneytið sje þar milliliður. En það virðist rjett, að atvinnumálaráðuneytið skipi menn í hinar æðri póststöður og samþykki yfirleitt ráðningu fastra starfsmanna, svo sem nú á sjer stað um starfsfólk við símann, sem og að ráðuneytið taki ákvarðanir um þau meiri háttar póstmál, sem ráðherra kann að telja rjett, að ráðuneytið fjalli um. Verður það enn nauðsynlegra, að ráðuneytið hafi yfirstjórn hvorratveggja málaflokkanna, símamála og póstmála, eftir því sem stjórn þeirra er meira sameinuð að lögum, án þess þó, að sameinað sje póstmálastjóra- og landssímastjóraembættið. Á þetta, eins og að framan segir, einkum við um skipun starfsmanna. Þar sem forstjóri símastöðvar og póstafgreiðslu er hinn sami, gæti sitt sýnst hvorum, póstmálastjóra og landssímastjóra, um það, hvern af umsækjendum ætti að skipa í stöðurnar, og er þá rjett, að ráðuneytið ráði fram úr slíku.

Nefndin verður eftir atvikum að telja rjett að gera þá breytingu, sem í greininni felst á yfirstjórn póstmálanna, en gerir þó hinsvegar ekki ráð fyrir neinni breytingu á almennri afgreiðslu í póstmálaskrifstofunni, og yfirleitt ekki fyrir mikilli raunverulegri breytingu á póstmálastjórninni frá því, sem nú er.

Um 2. gr.

Gerir enga teljandi breytingu frá því, sem nú er.

Um. 3. gr.

Það þykir, eins og nú er, ekki fært að sameina stöðvarstjóraembættið og forstöðumannsembættið fyrir póststofunni í Reykjavík, þar sem afgreiðsla pósts og síma getur ekki verið í sama húsi, en heppilegast mun reynast, að forstöðumaður stöðvarinnar sje viðstaddur á stöðinni sem mest af afgreiðslutímanum. Aftur virðist þetta tiltækilegt víðast annarstaðar á landinu, og er gert ráð fyrir því, að unnið verði að því að koma þeirri sameiningu sem fyrst á, eftir því sem stöður losna eða núverandi samningar við sveitarstjórnir um rekstur símastöðva renna út. Víða hagar svo til, að þetta mun reynast erfitt, og verður því ráðherra að geta gert undanþágu frá sameiningu þar, sem t. d. ekki fæst neinn til að taka bæði störfin, eða sameiningin af öðrum ástæðum álíst óframkvæmanleg eða óheppileg eða verður til muna dýrari en starfræksla stöðvanna hvorrar í sínu lagi.

Um 4. gr.

Hjer er gert ráð fyrir, að ráðherra skipi alla forstjóra meiri háttar póst- og símastöðva, og er ætlast til, að laun stöðvarstjóra á 7 hinna helstu símastöðva hækki nokkuð frá því, sem nú er, þar sem sameinuð verður afgreiðsla pósts og síma og störf hans og ábyrgð hljóti að vaxa til muna. Þó virðist mega gera ráð fyrir nokkrum sparnaði við sameininguna, einkum á þessum stöðvum. Á hinum minni stöðvum verður sparnaðurinn yfirleitt minni, vegna þess hversu lítið nú er yfirleitt greitt fyrir störfin, og því varla hægt að búast við að fá menn til að taka þau að sjer fyrir lægra gjald, þó sameinuð sjeu.

Um 5. gr.

Gera má ráð fyrir, að alstaðar á þeim stöðum, sem hjer ræðir um, verði annarhvor hinna fyrri embættismanna skipaður í hið sameinaða embætti, og þykir þá rjett, að embættisaldur hans sje talinn svo sem í greininni segir.

Um 6. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 7. gr.

Nefndin gerir ekki ráð fyrir, að hægt sje þegar í stað að koma sameiningu pósts og síma á um land alt, heldur verði um það að fara eftir hentugleikum. Eftir því sem nefndinni hefir verið tjáð, eru líkur til, að núverandi póstmeistari á Ísafirði láti af embætti á næstunni, til þess að taka við annari stöðu, og ætti þá sameining stöðvanna þar þegar að geta komist á. Ennfremur er laust póstmeistaraembættið í Reykjavík, og yrði öðrumhvorum póstmeistaranna á Akureyri eða Seyðisfirði veitt það embætti, eða annað embætti, sem kynni að losna við póstinn eftir veitingu þessa embættis, væri aðeins einn póstmeistari eftir í embætti utan Reykjavíkur, en sameining ætti þá að geta komist á alveg á næstunni á Akureyri eða Seyðisfirði. Á öðrum stöðum er póstafgreiðslustarfið víðast aukastarf, sem menn hafa í hjáverkum, og virðist að hægt mundi á mörgum stöðum að koma sameiningunni á þegar í stað, ef stöðvarstjóri álíst fær til að taka að sjer póstafgreiðsluna. Annars mun það geta tafið sameininguna nokkuð, að 5 ára samningar eru víða við sveitarstjórnir um rekstur símastöðva, og mun þar geta verið erfiðleikum bundið að koma sameiningu á meðan samningurinn er í gildi«.

Fylgiskjal I.

Á Alþingi 1923 flutti núverandi dómsmálaráðherra Jónas Jónsson svo hljóðandi þingsályktunartillögu í efri deild:

»Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að rannsaka og gera kostnaðaráætlun fyrir næsta þing um skipulagsbreytingu á póstflutningi hjer á landi, þar sem hringferðir landpóstanna legðust niður, en í þess stað yrði póstur fluttur á hálfsmánaðar fresti frá aðalhöfnunum um næstu bygðir«.

Í greinargerð flutningsmanns tillögunnar segir svo:

»Hinar seinfæru póstgöngur hjer á landi eru eitt af meiri háttar meinum þjóðfjelagsins. Nú á síðustu árum hefir landið eignast allmikinn skipastól, þannig að samgöngur á sjó með ströndum fram eru orðnar betri og vissari en nokkurn tíma áður. Er þá eðlilegt, að hringferðir landpóstanna leggist niður, en í þess stað verði pósturinn fluttur með skipum milli aðalhafna og síðan um nærliggjandi bygðir. Ætti þetta að vera í einu ódýrara og hentugra.

Þegar stutt á að flytja, mætti leggja niður hin þungu trjekoffort og flytja póstinn í töskum og seglpokum, eins og nú er lítillega byrjað á sumstaðar. Væri að því mikill sparnaður fyrir landssjóð. Full vissa er og fengin fyrir því, að með útboði um póstflutninginn annað og þriðja hvert ár má þrýsta mikið niður kostnaðinum við landflutninginn. — —«

Tillaga þessi var samþykt óbreytt á þinginu og afgreidd til ríkisstjórnarinnar.

Með brjefi, dags. 24. júlí 1923, sendi síðan stjórnin aðalpóstmeistara tjeða þingsályktun og beiddist umsagnar hans um hana og tillagna út af henni. Aðalpóstmeistari leitaði þá álits póstmeistara og póstafgreiðslumanna víðsvegar af landinu um það, hvaða póstar þyrftu að ganga frá aðalhöfnunum, ef aðalpóstar legðust niður, og hvað þeir mundu kosta. Fjekk aðalpóstmeistari svör frá mörgum þeirra og samdi, með stuðningi við þau svör, ítarlega áætlun um kostnað við hálfsmánaðarferðir frá aðalhöfnum um næstu bygðir, er hann svo sendi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með brjefi, dags. 28. janúar 1924. Samkvæmt þessari kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir, að þegar ekki væri tekið tillit til biða eða aukaflutnings, yrði kostnaðurinn við hið nýja fyrirkomulag á landpóstunum rúmar 110000 krónur á ári, en kostnaðurinn við þáverandi fyrirkomulag á póstferðunum, án tillits til biða og aukaflutnings fram yfir 60 kg. hjá aðalpóstum og 20 kg. hjá aukapóstum, var um 83000 krónur á ári. Var þannig áætlað, að kostnaður við hið nýja fyrirkomulag yrði um 27000 krónum meiri árlega en við hið eldra, og var það að vonum, þar sem ferðum var svo mjög fjölgað. Þó var þar ekki innifalinn aukinn kostnaður af hraðari strandferðum, en sem sjálfsagt hefði orðið meiri en hinn aukni kostnaður við landpóstferðirnar. Þessi kostnaðaráætlun mun hafa legið fyrir samgöngumálanefndum þingsins 1924, en þá ekki þótt tiltækilegt að gera þær breytingar á póstgöngum í landinu, sem í henni felast. Var þá ekki gert frekar í málinu að sinni, en póstgöngum hefir síðan verið haldið í líku sniði og áður.

Núverandi stjórn var það ljóst, að póstgöngur eru orðnar nokkuð úreltar í því sniði, sem þær eru nú, og verða það því frekar sem samgöngur batna á sjó og landi. Með lögum nr. 66, 7. maí 1928, var stjórninni heimilað að láta smíða gufuskip til strandferða. Ef þessi heimild verður notuð, hlýtur strandferðum að fjölga til mjög mikilla muna, hvort sem þeim yrði þannig fyrir komið, að skipin yrðu látin ganga samtímis frá Reykjavík og mætast t. d. á Akureyri, eða annað skipið yrði hraðferðaskip, sem færi hringferðir um landið og kæmi aðeins við á fáum höfnum, en hitt væri látið fara inn á allar hafnir, sem skip annars koma á. Stjórnin sá, að nauðsyn yrði á að breyta póstgöngunum í samræmi við hinar breyttu strandferðir, og tók því upp að nýju póstgangnamál það, sem frá var horfið 1924. Skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðherrann 16. okt. f. á. 5 manna nefnd til þess að leysa af hendi eftirgreint verkefni:

»1. að athuga, hversu póstgöngum um landið verði hagað á sem ódýrastan og þó fullnægjandi hátt, og sje út frá því gengið, að ríkið starfræki tvö strandferðaskip.

2. að athuga, hversu megi á sem víðtækastan hátt sameina starfrækslu síma og pósts víðsvegar um landið, og
3. að *bera* fram tillögur um breyttar póstgöngur, síma- og póststöðvar á grundvelli þessarar athugunar.«

Þessir voru skipaðir í nefndina:

Björn Hallsson, hreppstjóri á Rangá,
Ingólfur Þorsteinsson, bóndi í Langholti,
Jón Sigurðsson, bóndi á Ystafelli,
Ólafur Kvaran, stöðvarstjóri í Reykjavík, og
Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri s. st.

Vigfús Einarsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hjelt fyrsta fund sinn 6. desember 1928, og var Björn Hallsson kosinn fundaskrifari.

Var fyrst tekið til athugunar:

I. Strandferðamálið.

Eins og að framan segir, var það lagt fyrir nefndina, er hún var skipuð, að byggja á því, að ríkið starfrækti tvö strandferðaskip. Það er alkunnugt, að menn hafa krafist þess, að strandferðaskip ríkissjóðs, sem nú er, kæmi sem oftast við á öllum þeim höfnum, sem skip annars koma nokkurntíma á, og hefir verið mjög erfitt að fullnægja þeim kröfum, svo að menn hafi talið viðunandi. Ef fjölga ætti ferðum strandferðaskipsins svo, að það fari eina ferð umhverfis landið á hverjum hálfum mánuði, eða 26 ferðir á ári, yrði ókleift að láta það koma á allar þær hafnir, sem það kemur nú á. En þar sem nú er ákveðið, að strandferðaskipin verði tvö, er þessa heldur ekki lengur þörf. Hefir nefndin talið heppilegast, að annað skipið fari hálfsmánaðarferðir umhverfis landið, komi við á alls 25 höfnum, og sjeu landpóstaferðir miðaðar við ferðir þess, en að hitt skipið fari færri ferðir og komi við á öllum höfnum, sem þörf þykir að láta það koma á. Yrði þá hið síðarnefnda skip aðallega notað til að fullnægja flutningaþörf hinna afskektari og strjálbýlli landshluta, er að sjó liggja, en hitt skipið, sem væntanlega mundi verða núverandi strandferðaskip ríkissjóðs, Esja, yrði notað til reglulegra póstferða, jafnframt því sem það yrði notað til mannflutninga og vöruflutninga milli hinna stærri verslunarstaða í landinu.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefir nefndin ekki tekið neitt tillit til ferða hins nýja strandferðaskips við samning póstferðaáætlana sinna. Hið nýja skip á að vera með kælirúmi, og verða ferðir þess meðal annars sjálfsagt miðaðar við flutning á ýmsum afurðum landsmanna á markað. Það má því óefað búast við, að ferðir þess verði mun óreglulegri en ferðir Esju ættu að þurfa að vera, og er varla hægt að byggja aðrar póstferðir á því en eftir atvikum milli hafna þeirra, sem það fer um.

Í nefndinni var enginn, sem náin kynni hafði af útgerð skipa. Varð nefndin því að leita sjer sjerfróðrar aðstoðar um það, hve ört mætti ætla Esju

að ganga kringum landið. Hæfustu mennirnir til þess að veita þá aðstoð voru, að dómi nefndarinnar, framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins og skipstjórinn á Esju, sem báðir eru alvanir siglingum hjer við land. Eigi varð náð tali af skipstjóranum, nema lauslega um jólaleytið. En eftir upplýsingum frá honum virtist nefndinni, að tiltækilegt mundi, að Esja færi 31 ferð á ári kringum landið með mjög skammri dvöl á hverri höfn. Bygði nefndin á svo hröðum ferðum í upphafi starfs.

Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins var í útlöndum allan fyrri hluta árs af starfstíma nefndarinnar, og gat nefndin því ekki leitað ráða hans fyr en í janúar. Bar hún málið undir hann á fundi jafnskjótt sem hún gat náð tali af honum, en hann taldi með öllu útilokað, að hægt væri að láta Esju fara 31 ferð á ári, eða nálægt því. Þorði nefndin eigi annað en að ferðum væri fækkað, svo að örugt þætti, að unt væri að fullnægja áætluninni. Samdi þá framkvæmdarstjóri ferðaáætlun þá, sem fylgir nefndarálitinu, þar sem gert er ráð fyrir, að Esja fari 26 ferðir kringum landið.

Það skal tekið fram, að ef svo reynist, að Esja geti siglt mun hraðara en ferðaáætlunin gerir ráð fyrir, gæti komið til mála að fjölga ferðum hennar og þá jafnframt landpóstaferðunum í samræmi við það. Og efalaust er útgerð skipsins langhagkvæmast, að skipið sje sem stystan tíma í hverri ferð. Farþegar hafa meðfram fælst frá Esju vegna þess, hve lengi hún er á leiðinni, t. d. frá Akureyri til Reykjavíkur, enda hefir á þeirri leið jafnan verið völ á greiðum ferðum með betri og fullkomnari skipum. Það verður að leggja alt kapp á, að viðstaðan sje sem styst á hverri höfn og skipið þurfi aldrei að fara sjer hægt, til þess að lenda ekki á undan áætlun, eins og oft hefir komið fyrir að undanförnu. Áætlun skipsins verður að vera allnaum, en þá að gera ráð fyrir lengri bið í Reykjavík milli ferða, ef veður seinka ekki göngu skipsins. Nefndinni er þó ljóst, að jafnvel þó að ferðum Esju yrði hraðað sem mest, mundi hún þó aldrei ná nema litlum farþegaflutningi frá þeim skipum, sem við hana keppa á langleiðum, svo sem frá Akureyri til Reykjavíkur, því óhjákvæmilegt er, að hún verði altaf lengur á leiðinni en skip, sem skemstu leið fara og engar tafir þurfa að hafa.

Nefndin athugaði gaumgæfilega, hvort heppilegra mundi, að skipin gengju stöðugt sömu leið, eða til skiftis frá Reykjavík austur um land eða vestur um. Enginn vafi er á því, að vegna póstflutnings er heppilegra, að skipin gangi altaf sömu leiðina. Þá yrði altaf jafnlangt milli þess, sem skipið kæmi á hvern stað, og póstgöngur gætu orðið reglubundnari. En vegna farþega og vöruflutnings er þetta fyrirkomulag ótækt. Varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja til, að skipin færu á víxl austur og vestur um, þó að póstgöngur eftir skipakomur verði við það nokkuð óreglulegri. En þá er við það að athuga, að oft fá ýmsar hafnir póst með öðrum skipum en Esju, og virðist mega veita póststjórninni leyfi til þess að binda eigi landpóstaferðir upp um sveitirnar við Esjuferðir einar, heldur við þær 26 skipakomur á hvern stað, sem henni virðist hagkvæmast.

II. Landpóstar.

Sjálfsagt virðist, að notuð sjeu til póstflutninga hin hraðskreiðustu og ódýrustu tæki til þungavöruflutninga. Verður að haga sjer með flutning á pósti eins og hverri annari þungavöru, sem send er milli hinna ýmsu landshluta, ef póstflutningur á að verða ódýr. Senda póstinn með strandferðaskipum á hafnirnar, dreifa honum þaðan með bifreiðum, það sem akbrautir ná, en síðan með hestapóstum þegar akvegir þrjóta.

Nefndin hefir samið yfirlit um það, hvernig hentast myndi að haga ferðum þessum. Eins og yfirlit þetta ber með sjer, eru allar póstferðir um Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu miðaðar við tvo aðalbifreiðarpósta, er gangi vikulega, meðan fært er bifreiðum, frá Reykjavík austur um Hellisheiði. Gangi annar þessi póstur í uppsveitir Árnessýslu, en hinn að Garðsauka. Að vetrinum til, þegar ekki er hægt að búast við, að vegir sjeu færir bifreiðum, leggur nefndin til, að póstur sje fluttur á hestum tvisvar í mánuði.

Í Borgarfjarðarhjeraði og á Snæfellsnesi sunnan fjalls hugsar nefndin sjer að miða póstferðir við komu Faxaflóabátsins að Akranesi og Borgarnesi einu sinni í viku, og bifreiðarferðir frá þessum stöðum þó aðeins aðrahverja viku á vetrum.

Annarstaðar á landinu hugsar nefndin sjer, að pósturinn dreifist út frá hafnarstöðunum eftir komu Esju, og verði hann fluttur á bifreiðum eða flóabátum, þar sem auðið er, en annars á hestum.

Það gefur að skilja, að fyrir bifreiðar þær, sem póstinn flytja, verða tekjurnar af póstflutningi óverulegt aukaatriði. Það borgar sig hvergi á landinu að senda bifreið, er flytji póst og ekkert annað. Aðaltekjur bifreiðanna í hverri ferð verða af öðrum flutningi eða farþegum. En samt eru líkur til, að bifreiðar sækist eftir póstflutningi fyrir lágt gjald. Almenningur veit ætíð um ferðir póstbifreiðanna og að því á að mega treysta, að póstbifreiðunum stjórni ætíð vel hæfir menn. Nú er mikil samkepni um flutninga alstaðar þar, sem farið er að nota bifreiðar að nokku ráði. Má þess vegna vænta þess, að eigendur bifreiða sækist eftir að fá handa þeim fastar áætlunarferðir með póst, því að þá eru ferðir þeirra betur auglýstar en unt væri á annan hátt. Nefndin hefir þess vegna þorað að áætla mjög lágt flutningsgjald póstsins með bifreiðum. Á suðurláglendinu og í Borgarfirði hefir hún við föst tilboð að styðjast, sem hún býst við, að hlutaðeigendur standi við þegar til kæmi. Í Eyjafirði munu mjólkurbifreiðar, sem ganga daglega til Akureyrar, geta flutt póstinn fyrir mjög lítið gjald. Annarstaðar hefir nefndin orðið að byggja á kunnugleik sínum, eða þá ákveða sama gjald fyrir jafna vegalengd og tekið yrði þar, sem hún þekti best til.

Ganga má að því vísu, að suma vetur teppist bifreiðaferðir víða um land vegna snjóa. Hefir nefndin gert ráð fyrir, að svo kunni að fara og tekið tillit til þess í kostnaðaráætlun, að stundum myndi þurfa að flytja póst á hestum á veturna á öllum leiðum.

Póstferðir eiga að verða ódýrari og koma að betri notum vegna þess,

að þrædd eru vegakerfi sveitanna og meira farið eftir bygðum en áður var. Leggur nefndin til, að lagðar verði niður fastar póstferðir yfir þessa fjallvegi:

1. Milli Svínadals og Skorradals.
2. Yfir Holtavörðuheiði.
3. Um Bröttubrekku.
4. Milli Staðarstaðar og Stykkishólms.
5. Yfir Fróðárheiði á Snæfellsnesi.
6. — Tröllatunguheiði.
7. — Kollafjarðarheiði.
8. — Þingmannaheiði.
9. Milli Arnarfjarðar og Barðastrandar.
10. — Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.
11. — Arnarfjarðar og Tálknafjarðar.
12. — Dýrafjarðar og Önundarfjarðar.
13. — Önundarfjarðar og Ísafjarðar.
14. — Súgandafjarðar og Ísafjarðar.
15. Yfir Steingrímsfjarðarheiði.
16. — Bitruháls.
17. Yfir Hrútafjarðarháls.
18. — Vatnsskarð.
19. — Öxnadalsheiði.
20. — Siglufjarðarskarð.
21. — Flateyjardalsheiði.
22. — Tunguheiði á Tjörnesi.
23. — Axarfjarðarheiði.
24. — Brekknaheiði á Langanesi.
25. — Húsavíkurheiði eystra.
26. — Breiðdalsheiði.
27. — Króardalsheiði.
28. Milli Norðfjarðar og Eskifjarðar.
29. — Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur.
30. — Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Um einstakar póstleiðir skal það tekið fram, sem hjer fer á eftir:

1. Garðsaukapóstur og Grímsnespóstur eru bifreiðarpóstar, sem gangi eins og nú er.

2. Sjálfsagt virðist að flytja brjefhirðinguna í Ölfusi frá Kotströnd að mjólkurbúinu, sem stofnað verður að Reykjum. Verða þaðan daglegar ferðir um alt Ölfus. Er þá og eðlilegt, að póstur í Selvog gangi þaðan.

3. Vegna skólans og nýs vegakerfis þykir nefndinni rjett, að endastöð pósts í Laugardal verði á Laugarvatni í stað Laugardalshóla.

4. Vegna íþróttaskólans og ferðamannastraums að Geysi þykir rjett, að póstur gangi að Haukadal, og sje þar brjefhirðing. Ástæða er til, að póstur gangi vikulega einnig að vetrinum, meðan bifreiðar ganga, á þessa tvo skólastaði. En sökum þess, að ekki er hægt að treysta á bifreiðar á vetrum, verður ekki hægt að setja vikulegar ferðir á áætlun þangað.

5. Nefndin leggur til, að póstafgreiðslan flytjist frá Hraungerði að Selfossi. Er nú sá staður að verða æ meiri miðstöð allra samgangna í Árnessýslu, og verður það enn frekar þegar þar kemur mjólkurbú í nánd. Gerir nefndin ráð fyrir, að öll heimili í Flóa láti mjólkurpósta taka póstinn á mjólkurbúinu hjá Selfossi, nema að póstur verði sendur með bifreiðum til Eyrarbakka og Stokkseyrar.

6. Þegar beinum og reglulegum áætlunarferðum bifreiða er haldið uppi milli Reykjavíkur og Sandlækjar, er efalaust rjettast að afgreiða póst í Hreppa og á Skeið með bifreiðum þessum beint til Húsatófta og Sandlækjar, en annars verður að senda þangað póst frá Selfossi.

7. Pósturinn upp í Landssveit ætti einnig að vera afgreiddur beint frá Reykjavík, ef föstum ferðum verður haldið uppi milli Reykjavíkur og Fells-

múla. En annars virðist rjettast, að pósturinn fylgi »Lands«-veginum, og er þá hentast, að hann gangi frá Þjótanda.

8. Rjettast virðist, að Þykkvabæjarmenn fái póst eftir hinum góða vegi sínum, frá Ægissíðu, og mundi oftast hægt að senda hann með bifreið.

9. Aðrir póstar í Rangárvallasýslu ætlast nefndin til, að gangi að mestu svo sem nú er.

10. Nefndin leggur til, að póstar mætist í Vík í Mýrdal. Er auðsjeð, að mjög verður það meiri þungi, sem póstur flytur til Víkur frá Garðsauka, heldur en fluttur verður frá Vík austur á Síðu, og verður þá hinn eystri póstur með færri hesta. Oft mundi póstur líklega fluttur í bifreið frá Markarfljóti til Víkur, og ef til vill einnig yfir Mýrdalssand. Póstflutningur minkar allur á þessari leið sökum þess, að gert er ráð fyrir, að Austur-Skaftafellssýsla fái póst sinn frá Djúpavogi.

11. Rjett virðist að láta aukapósta ganga í hin þjettu hverfi í Mýrdalnum, Dyrhólahverfi og Reynishverfi.

12. Nefndinni virðist sjálfsagt, að aðalpóststöðin á Síðunni yrði í Kirkjubæjarklaustri, svo sem var í fyrstu. Prestsbakki er úr alfaraleið, en Kirkjubæjarklaustur í þjóðbraut. Þar er loftskeytastöð og þingstaður og þar verður símastöð. Verður og langtum styttri leið aukapóstanna að ganga frá Kirkjubæjarklaustri að Holti og niður í Landbrot heldur en áður var frá Prestsbakka.

13. Nefndin var í miklum vafa um, hversu haga skyldi póstferðum um Meðalland og Álftaver. Virðist það vera óhóflega dýrt að senda pósta niður beggja megin Kúðafljóts, þegar fljótið er fært. En vera má, að fljótið verði stundum ófært með öllu. Þegar það kemur fyrir, verða póstar að ganga niður með fljótinu báðumegin. Sennilega verður heppilegt, að Hlíð verði viðkomustaður í stað Ása, ef brýr koma á vötnin á »efri leið«, og að póstur gangi þá niður austan Kúðafljóts frá Hlíð og ofan í Meðalland og sje sendur þaðan út í Álftaverið.

14. Ætlast er til, að endastöð þessarar póstlínu, sem bundin er við bifreiðaferðir frá Reykjavík til Garðsauka, sje á Kálfafelli í Fljótshverfi. Verði póstur fluttur þangað frá Kirkjubæjarklaustri eftir komu pósts úr Vík. Það skal tekið fram, að nefndinni þótti rjettmætt, að Suðurlandsundirlendið fengi nokkuð betra póstsamband en aðrir landshlutar yfir sumarið, sökum þess að það nýtur ekki strandferða. Má ætla, að áður en langt um líður verði flestar póstferðir farnar á bifreiðum á sumrin, jafnvel einnig í Skaftafellssýslu, og koma þá hinar föstu áætlunarferðir póstbifreiða vikulega í stað strandferða annara landshluta.

15. Ætlast er til, að póstur gangi 13 sinnum á ári yfir Skeiðarársand frá Kálfafelli til Öræfa, til þess að ekki verði algerlega slitið beint póstsamband milli Skaftafellssýslnanna. En aðalpóst sinn fá Öræfingar að austan og helmingi oftar.

16. Ekki virðist ástæða til að breyta póstferðum um Kjalarnesþing frá því, sem nú er. Hefir póstferðum verið breytt þar nýlega samkvæmt kröfum tímans.

17. Póstferðir um hjeruðin norðan Faxaflóa eru miðaðar við vikulegar

ferðir Faxaflóabátsins til Akraness og Borgarness. Það er eðlilegast, að ferðir þessar sjeu að jafnaði fast ákveðnar sömu vikudaga. Þó getur orðið lítilfjörleg óregla á ferðum bátsins vegna ferða, er hann fer til Breiðafjarðar, sem nauðsyn er á, að farnar sjeu, þegar ferðir Esju verða óhentugastar fyrir póstferðir um Vesturland. Annars er ætlast til, að vikulegar ferðir verði um öll þessi hjeruð alt sumarið, og sje farið á bifreiðum svo vítt sem vegir ná. Ætti póstur að vera afgreiddur í Reykjavík á allar bifreiðastöðvarnar í Borgarfjarðarhjeraði, svo að bifreiðarpóstar geti farið þegar eftir komu skipsins í Borgarnes með póstvörur og farþega upp í sveitir og komið aftur áður en skipið fer til baka til Reykjavíkur. Þetta er mjög mikilsvert hagræði öllum, sem koma frá skipi og til skips og fá vörur eða senda með skipinu. Verður póstflutningur ódýrastur, ef bifreiðar ganga á þennan hátt. Er slíkt fyrirkomulag tiltækilegt, vegna þess að skip þurfa að sæta flóði á höfnina og fara sjaldnast á sama flæðinu inn og út. En fullkomin nauðsyn er, að póstur komi afgreiddur frá Reykjavík, svo að eigi þurfi annað en að snara pokunum, sem með skipinu koma, óopnuðum á bílana. Svo er snjóljett í Borgarfirði, að eigi telja hjeraðsmenn, að bifreiðar þurfi að stöðvast þar á vetrum vegna snjóþyngsla. Hefir nefndin miðað nokkuð við þetta og leggur til, að póstferðum sje mjög breytt þar, og gangi póstar svo sem vegir liggja og breytist svo eftir því, sem vegakerfinu þar miðar áfram.

18. Póstferðir um Hnappadalssýslu og Snæfellsnessýslu sunnan- og vestanverða taldi nefndin rjett að miða við Borgarnes. Sveitir þessar eru hafnlausar, svo talið er ógerlegt að fastbinda komu strandferðaskips á nokkra staði þar. Miðar vegi hratt áfram vestur Hnappadalssýslu, en þegar kemur í Staðarsveit, er sjálfgerður bifreiðavegur, sem lítt festir snjó á. Þarf aðeins að brúa nokkra ósa á Ölduhrygg. Kringum Jökul alt að Sandi er mjög snjóljett. Þar er alstaðar hraun, sem vatn sígur niður í, og mundi ruddur bílvegur ekki blotna til muna og sjaldan verða ófær sökum snjóa. Má víst segja, að hvergi á landinu liggi betur við að leggja ódýra bifreiðavegi. Tillaga nefndarinnar er, að póstur verði fluttur frá Borgarnesi með bifreiðum svo langt vèstur, sem vegur nær á hverjum tíma, og mæti hann þá hestpósti frá Ólafsvík. Hyggur nefndin, að svo brýn þörf sje á akvegi hjer, að líkur sjeu til, að landið og sýslan verði búin að leggja bifreiðaveg að Staðarstað 1930. Annars er sanngjarnt, að sveitir þessar fái 26 póstferðir og að auki 8—10 ferðir með Faxaflóabátnum, og sje jafnan afgreiddur póstur með skipinu á alla viðkomustaði.

19. Póstur frá Ólafsvík og Stykkishólmi gangi að Kviabryggju, og verður Fróðársveitarpóstur að miða ferðir sínar við það, að hann hitti þar jafnan Grundarfjarðarpóst. Verður sambandi innan sýslu á þann veg haldið uppi um sveitirnar kringum alt Snæfellsnes, og mega þá allar póstleiðir leggjast niður þvert yfir fjallgarðinn, nema 5 ferðir yfir Kerlingarskarð, til að flytja póst frá Reykjavík um Borgarnes til Stykkishólms, þá er vantar Suðurlandsferð á milli Esjuferða. Nefndin álítur, að ekki komi til mála að treysta á bifreiðaferðir með póst annarsstaðar en þar, sem lagðir eru upphlaðnir og vel malbornir akvegir, og mundi ófært um Kerlingarskarð fyrir bifreiðar oft og tíðum sumar

og vetur. Því gerir nefndin ekki ráð fyrir föstum landpóstferðum milli Stykkishólms og Borgarness.

20. Svo skamt líður á milli ferða Esju að norðan og norður aftur, að hentugra virðist að miða póstgöngur út frá Stykkishólmi aðeins við Esjuferðir norður um land, 8 Faxaflóabátsferðir mitt á milli Esjuferða og þá ferðir yfir Kerlingarskarð. En best hefði verið, að ferðum Faxaflóabátsins til Breiðafjarðar fjölgaði upp í 13 og yrðu altaf mitt á milli Esjuferða norður um land.

21. Póststöð fyrir Skógarströnd sýnist best sett á Dröngum. Þangað fá bændur flutning sinn á mótorbáti, þangað eiga Eyjamenn ljettasta sókn og þar er þingstaður. En nú er símastöð á Breiðabólsstað, en eigi á Dröngum. Sýnist nefndinni rjett, að símastöð yrði sett á Dröngum og flytjist þá pósturinn þangað frá Breiðabólsstað.

22. Nefndin varði miklum tíma í að rannsaka og yfirvega, hversu hagkvæmast væri að koma pósti um Dalasýslu. Því er varlega treystandi, að póstur verði fluttur á sjó frá Stykkishólmi á vetrum, vegna ísalaga um Hvammsfjörð og Gilsfjörð. Atvinnumálaráðherra benti nefndinni á það, að ódýrast mundi verða að koma vegakerfi sýslunnar í samband við góða og örugga höfn með því móti að leggja bifreiðaveg um Laxárdalsheiði og Laxárdal frá Borðeyri að Búðardal, og myndi sú vegabót einna fyrst verða framkvæmd. Síðar mundi koma vegur yfir Rauðamelsheiði eða Bröttubrekku, er setti sýsluna í samband við Borgarnes. Sýnist því nefndinni rjettast, að póstur yrði fyrst um sinn fluttur frá Borðeyri að Búðardal og þaðan um sveitir þær, er þangað sækja verslun. Aftur á móti hugði nefndin, að öðrum sveitum sýslunnar hentaði best að fá póst frá Stykkishólmi um Dagverðarnes. Er verslun þeirra að nokkru eða öllu leyti bundin við Stykkishólm. Verður og með Fellsstrandarpósti fult samhengi í öllu póstkerfi sýslunnar. Verði eigi hægt að flytja póst frá Stykkishólmi að Dagverðarnesi sökum ísalaga, ætlast nefndin til, að póstur gangi frá Stykkishólmi um Skógarströnd til Búðardals og dreifist út þaðan.

23. Póstar eftir endilangri Barðastrandarsýslu væru afardýrir, ef þeir ættu að ganga 26 ferðir á ári. Nefndin leggur til, að allur póstur í vesturhluta sýslunnar sje settur á land í Bíldudal fyrir umhverfi Arnarfjarðar og á Patreksfirði fyrir umhverfi Patreksfjarðar, Tálknafjörð, Barðaströnd og Rauðasand. Jafnframt gangi póstur frá Stykkishólmi um Breiðafjarðareyjar að Brjánslæk og þaðan að Skálmarnesmúla. Frá Skálmarnesmúla gangi póstur austur að Króksfjarðarnesi og mæti þar pósti frá Borðeyri. Allur póstur frá Reykjavík í austurhluta sýslunnar sje því settur á land á Borðeyri. Allur póstur frá Reykjavík á Barðaströndina sje sendur um Stykkishólm með bát til Brjánslækjar, en í umhverfi Patreksfjarðar á Patreksfjörð. Það vinst við þessa breytingu, að hvergi þarf að flytja þungapóst um fjallvegi og ófærur og að ekki þarf að senda póst um Þingmannaheiði, og er þó hvergi rofið beint póstsamband milli sveita sýslunnar.

24. Póstar eiga eftir tillögum nefndarinnar að ganga að mestu eins og áður var um Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð, nema ferðir eru fleiri og

fjallpóstar allir lagðir niður. Virðist það ekki munu saka, þar sem skip ganga svo ört milli hafnanna.

25. Djúpbátnum er ætlað að ganga svo ört sem þörf þykir og tími leyfir um alla þá staði, sem nefndir eru á póstáætlun við Ísafjarðardjúp, Jökulfirði og Súgandafjörð. Rjettast virðist, að áætlun hans sje samin af hlutaðeigandi hjeraðsstjórnum og útgerðarmönnum bátsins, og staðfest af atvinnumálaráðuneytinu. Nefndin telur rjett að losa bátinn við ferðir til allra hafna sunnan við Súgandafjörð, vegna aukinna strandferða ríkissjóðsskipanna þangað, en hann komi þá oftar á þá staði, sem nefndir eru á póstáætlun í kringum Djúpið, er Esja sneiðir framhjá.

26. Póstleiðir um Strandasýslu verða að mestu hinar sömu og nú, nema hvað bætt er við nokkrum aukapóstum. Þó þykir óþarft, að póstur gangi yfir Bitruháls, þar sem póstsambandi milli hinna syðri og nyrðri hreppa sýslunnar er haldið uppi af strandferðaskipi sömu daga og póstar ganga. Það skal tekið fram, að óþarfi virðist, að póstarnir bíði í marga daga á leiðarenda, eða fari tvær ferðir, aðra til að sækja póst en hina til að flytja póst, eins og pósturinn frá Hólmavík að Árnesi hefir tjáð nefndinni, að hann hafi orðið að gera að undanförnu.

27. Ef póstur er sendur með bifreið frá Borgarnesi yfir Holtavörðuheiði til Borðeyrar, virðist rjettast, að póstur sá sje skilinn eftir á Gilsstöðum og fluttur þaðan á bát að Borðeyri, sem ætið mun mjög auðvelt á þeim tíma árs, þegar fært er bifreiðum um Holtavörðuheiði.

28. Aðalpóstur um Miðfjörð og Miðfjarðardali er ætlast til, að sje hringpóstur, ríðandi fyrst um sinn, en þegar vegir lengjast, má væntanlega ætla, að fastar bifreiðarferðir hefjist suður í dalina.

29. Sje sendur bifreiðarpóstur frá Borgarnesi um Holtavörðuheiði til Hvammstanga, virðist rjettast að skilja hann eftir á Melstað og senda hann þaðan til Hvammstanga.

30. Ferðir eru alltíðar með bifreiðum á sumrum milli Hvammstanga og Blönduóss, og mundi rjett að styrkja fastar póstbifreiðarferðir þar á milli meðan vegir eru færir.

31. Þegar bifreiðarvegur er kominn alla leið út í Vesturhóp frá Hvammstanga, er rjett, að póstur sje sendur beint þangað með bifreiðum, en eigi um Lækjamót.

32. Póstur í Vatnsdal sje afgreiddur beint frá Blönduósi þegar áreiðanlegar bifreiðarferðir falla þaðan alla leið að Ási. Eðlilegra virðist, að póststöð og símastöð fylgist að og sje á Hnausum, nema ný símastöð komi á Sveinsstöðum.

33. Búist er við föstum áætlunarferðum með bifreiðum frá Blönduósi að Æsustöðum og Stóradal og síðan hestpóstum út frá þessum póstlínum. Í Blöndudal austanverðan verður póstur ekki fluttur, þegar Svartá er ófær hjá Æsustöðum.

34. Sjálfsagt virðist að láta póst ganga eftir Laxárdal endilöngum, með bæjum frá Höskuldsstöðum að Ketilsstöðum, en eigi um þvera bygðina frá Holtastöðum, svo sem nú er.

35. Auðsætt virðist, að nóg muni flutningsmagn um Skagafjarðarhjerað til þess að föstum bifreiðarferðum verði haldið uppi frá Sauðárkróki eftir þjóðvegi um Reykjarhól yfir nýju brúna á Hjeraðsvötnum að Miklabæ, og ætti póstflutningur þangað lítið að kosta. En illfært mun talið með bifreið heim að Víðimýri. Má því vel vera, að hentara væri að hafa heldur brjefhirðingu í Húsey í stað Víðimýrar, og ætti það að athugast nánar, ef til kemur. Heppilegast væri brjefhirðing ásamt símastöð sett hjá Reykjarhóli á vegamótum, ef reist yrði þar nýbýli, svo sem komið hefir til orða.

36. Þegar strandferðum sjölgar, virðist óþarft að Eyjafjarðarbáturinn haldi uppi strandferðum austur til Þórshafnar, Raufarhafnar, Kópaskers og Fjallahafnar. En aftur á móti ætti bátur sá að halda uppi mjög tíðum ferðum um Eyjafjörð. Væri heppilegt, að báturinn færi aðra ferðina um Grímsey, Flatey og Húsavík frá Siglufirði, en hina um hafnarstaðina við Skagafjörð austanverðan til Sauðárkróks. Væri æskilegt, að hver staður við Eyjafjörð fengi eina viðkomu á viku, en aðrir staðir á ferðaáætlun bátsins ekki færri viðkomur en tvær á mánuði. Sjerstaklega mundi austurströnd Skagafjarðar hafa mikil not af góðu sambandi við Siglufjörð. Hefir Siglufjörður mikla þörf fyrir landbúnaðarafurðir, en á hinn bóginn gott fyrir Skagfirðinga að geta sem oftast sent vörur með bátnum á Siglufjarðarmarkaðinn.

37. Sá hluti hjeraðanna kringum Eyjafjörð, sem ekki fær póst með póstbátnum, fær að mestu leyti póst sinn með mjólkurbifreiðum frá Akureyri, og auðvitað miklu oftar en ferðaáætlun landpóstanna sýnir. Eru þá ekki nema fáir póstar og mjög stuttar vegalengdir, sem póstur verður ekki fluttur á bifreiðum og bátum. Munu þær vegalengdir og styttast árlega.

38. Fnjóskadalur hefir öll sín viðskiftasambönd við Eyjafjörð, og áleit nefndin því rjett að láta sveitina fá póst frá Akureyri. Skógar eru þingstaður hreppsins og skólastaður og fast hjá Fnjóskárbrúnni. Taldi nefndin því rjett, að póstur dreifðist þaðan um dalinn. Hinsvegar er mikilsvert að slíta eigi sambandi milli Akureyrar og Húsavíkur. Er því Fnjóskadalspósti ætlað að ganga alla leið austur að Skjálfandafljóti og mæta þar pósti, er gengur frá Einarsstöðum fram Bárðardal og að Einarsstöðum aftur.

39. Nefndin ætlast ekki til, að póstur gangi út yfir Flateyjardalsheiði, en telur Flateyingum best henta auknar samgöngur á sjó, sbr. ath. 36.

40. Gert er ráð fyrir stöðugum bifreiðaferðum frá Húsavík suður að Breiðumýri. Hyggur nefndin, að heppilegast væri að bjóða út styrk til fastra áætlanaferða, er farnar væru einu sinni í viku þessa leið. Má þá ætla, að nógur flutningur mundi fást, er almenningur vissi af ferðinni fyrirfram, og sá bifreiðareigandi yrði betur settur en aðrir í samkepni, er póstinn hefði, þótt styrkurinn yrði lágur. Semja þyrfti og við einhvern — helst sama mann og hefði bifreiðarpóstferðirnar — að flytja póst á sleða, ef ófært verður bifreiðum, og mundi þá væntanlega fást meiri flutningur á sleðann en pósturinn. Nauðsynlegt virðist að hafa læstan póstkassa á vegunum hjá Fjalli, Garði og Laxamýri. Tæki bifreiðin þar póst og skilaði, en færi ekki heim á bæina.

41. Pósturinn um Bárðardal yrði oft bifreiðarpóstur og færi þá austan fljótsins. En rjett er, að póstur sje ferjaður yfir fljótið frá Arndísarstöðum

að Hvarfi, Sandvík og Stóruvöllum. Þegar póstur fer ríðandi og fljótið er fært, virðist rjett, að hann fari út vestan fljótsins. Póstur þessi þarf að sammælast í síma við póstinn frá Akureyri, svo að þeir hittist jafnan í Holtakoti eða við Goðafoss, ef þar kæmi býli, sem talið er líklegt að geti orðið á næstunni.

42. Pósturinn um Köldukinn gangi út frá Holtakoti eða Goðafossi, þegar þar væri komið býli, eftir komu Bárðardalspósts og Fnjóskadalspósts þangað. Nauðsynlegt er, að póstur þessi hraði ferð sinni og verði þegar unt er kominn með brjef í veg fyrir Bárðardalspóst til Einarsstaða. Ætti það ætíð að verða, þegar Bárðardalspóstur er ekki bifreiðarpóstur. En sje Fljótsheiði fær bifreiðum, mundu sennilega fást nógar ferðir með Kinnarpóst í Einarsstaði. Þegar brú væri komin á Skjálfandafljót norðan við Kinnarfell, ætti bifreiðarpóstur að ganga þá leið beint frá Húsavík um Köldukinn. En meðan fljótið er óbrúað, virðist ekki byggilegt að leggja póstleið þannig.

43. Pósturinn til Mývatnssveitar gangi þegar eftir komu Bárðdælapósts, til þess að brjef og blöð sjeu komin úr báðum áttum. Verði önnurhver áætlunarferð bifreiðanna til Einarsstaða, sem um getur í ath. 42, farin þegar eftir komu Esju til Húsavíkur, en hin viku síðar, og mundu þá vera komin brjef úr öllum sveitunum til Einarsstaða eða annara póststaða við akbrautina.

44. Nefndin vill benda á það, að eðlilegt væri, að þjóðvegur lægi með ströndinni á Tjörnesi, en ekki yfir Tunguheiði. Mun vegurinn kringum nesið varla verða dýrari í lagningu, en langtum lengur nothæfur, jafnvel oftast fær bifreiðum allan veturinn. Gerir og nefndin ráð fyrir, að póstur gangi kringum nesið og hitti Kópaskerspóst á Fjöllum. Verða póstar þessir að sammælast svo í síma, að hvorugur þurfi að bíða hins. Mjög mikið hagræði verður það almenningi, þegar bifreiðarvegur kæmi kringum Tjörnes, svo að bifreiðar mættust á Fjöllum.

45. Póstkerfið um Norður-Þingeyjarsýslu virðist svo einfalt, að varla þurfi skýringar við.

46. Nefndin var í miklum vafa um það, hvort hentara mundi Skeggjastaðahreppi að fá póst frá Þórshöfn eða Vopnafirði. Virtist eðlilegra að halda póstsambandi innan sýslu. En þessu má breyta til eftir óskum hreppsbúa. Virðist það ekki skifta miklu, því að Esja gengur ætíð um líkt leyti og póstur milli Þórshafnar og Vopnafjarðar.

47. Ekki sá nefndin fært að fella niður beint póstsamband milli Vopnafjarðar og Hjeraðs, þótt þar sje um illan fjallveg að ræða, sem er Hellisheiði. En ekki er til ætlast, að annar póstur en sendibrjef sje sendur um heiðina, heldur fari allur þungapóstur með strandferðaskipum milli Reyðarfjarðar og Vopnafjarðar. Nefndin taldi rjettara, að póstur þessi gengi frá Vopnafirði að Fossvöllum, vegna þess, að með því móti kemst hann í veg fyrir Jökuldalspóst í bakaleið hans til Egilsstaða.

48. Eðlilegra virðist, að Möðrudalur og aðrir bæir á Jökuldalsheiði fái póstsamband frá Skjöldólfsstöðum en Grímsstöðum, þar sem með því fá þessir bæir póstsamband innan hrepps og sýslu. Hjer er aðeins um lausríðandi póst að ræða að sumarlagi og gangandi mann á vetrum, og kemur því varla að sök, þótt Möðrudalsheiði sje oft snjóþung.

49. Gert er ráð fyrir því, samkvæmt samtali, er vegamálastjóri átti við nefndina, að Hróarstunguvegur verði framlengdur að Fossvöllum 1930. Eftir þann tíma ætti að vera hægt að nota bifreiðar fyrir póst að sumarlagi frá Egilsstöðum að Fossvöllum. Gæti Jökuldalspóstur þá gengið frá Fossvöllum þá mánuði sumarsins, sem vegurinn er fær bifreiðum.

50. Póstur, sem gengur frá Egilsstöðum að Arnaldsstöðum í Skriðdal, verður bifreiðarpóstur að sumarlagi meðan Fagradalsbrautin er akfær.

51. Reyðarfjarðarpósti er ætlað að fara með bifreið 11 ferðir frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar og til baka. Vegna snjóþyngsla á Fagradal taldi nefndin ekki gerlegt að áætla fleiri bifreiðarpóstferðir árlega. Er ætlast til, að allur þungapóstflutningur fari frá Reyðarfirði til Hjeraðs vegna brautarinnar, en aðeins brjefapóstur frá Seyðisfirði að Egilsstöðum.

52. Nefndin var í vafa um það, hvort Borgarfjarðarpóstur ætti að fara frá Seyðisfirði um Loðmundarfjörð eða frá Reyðarfirði um Egilsstaði. En vegna þess, að illir eru fjallvegir milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar, rjeð nefndin af að láta Borgarfjarðarpóst ganga frá Egilsstöðum, niður Hjerað um Njarðvík til Borgarfjarðar. Styðst þessi ganga póstsins einnig við þá hugsun, að braut komi bráðlega niður Hjerað í Unaós, og má þegar hafa hennar not fyrir póst á sumrin að Eiðum.

53. Þar sem póstskipið á að koma við í öllum ferðum sínum á Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, virðist engin þörf landpósta milli þessara fjarða.

54. Vegna útgerðar á Vattarnesi er nauðsynlegt að láta póst ganga þangað.

Eigi virðist nefndinni tiltækilegt að byggja á viðkomu strandferðaskips á Hornafirði. Er þá greiðasta og ódýrasta leið til póstflutnings um Austur-Skaftafellssýslu, að póstur sje settur á land á Djúpavogi og fluttur þaðan á hestum til Hornafjarðar. Af því leiðir, að það verður að halda Lónsheiði sem póstleið, þótt oft sje mjög ill yfirferðar.

Nefndinni virðist heppilegt, að póstar mætist jafnan í Höfn í Hornafirði. Verður Öræfapósturinn að sammælast við póstinn frá Djúpavogi í síma. Með þessari breytingu vinst það, að enginn póstur verður að óþörfu fluttur yfir hina illfæru sanda og jökulár beggja megin Öræfanna, en þó fá Öræfingar betra póstsamband en nú er. Er talið rjett, að menn úr Öræfum annist þessar ferðir.

Póstskipið mun oft geta skilað pósti á Hornafjörð án mikillar tafar. Væri því rjett, að Hornafjarðar- og Öræfapóstur úr Reykjavík væri jafnan merktur sjerstaklega, svo hægt væri að setja hann upp í Hornafirði, þegar tækifæri er til þess.

III. Bifreiðarferðir og flugferðir milli landsfjórðunga.

Síðastliðið sumar voru farnar nokkrar bifreiðarferðir um Holtavörðuheiði úr Borgarnesi að Blönduósi og örfáar til Akureyrar. Sumarið var óvenju

þurviðrasamt. Eins og vegirnir eru enn, yrðu þessar ferðir ómögulegar í votviðrum. Nefndin hefir því ekki getað miðað póstferðir við bifreiðarferðir á illum vegum. Síðastliðið sumar var önnur sú nýlunda í samgöngum, að flugvjel fór nokkrar ferðir frá Reykjavík og út um land. Dr. Alexander Jóhannesson og Walter flugmaður komu á einn fund nefndarinnar. Kváðust þeir mundu bjóða stjórninni stórum auknar flugferðir á næstu árum, og flytja póst um landið á sumrum, einkum til Austfjarða, Akureyrar, Ísafjarðar, Stykkishólms og Vestmannaeyja, fyrir sama gjald og skipin, gegn ríflegum ríkissjóðsstyrk.

Hvorki mun hægt að nota bifreið um fjallvegu nje flugvjelar til póstflutninga nema um hásumarið, þegar skipagöngur eru örastar. En þessi farartæki ættu að koma pósti á miklu skemri tíma milli Reykjavíkur og nokkurra staða úti um land yfir sumartímann. Verða það endurbættar póstgöngur fyrir mikinn hluta þjóðarinnar. Það virðist alveg sjálfsagt, að póststjórnin noti þessar hröðu ferðir eins og unt er, og noti yfirleitt á hverjum tíma þau tæki, sem best og ódýrust eru til póstflutnings.

IV. Kostnaðaráætlun landpósta.

Eins og sjá má af póstferðaáætlunum á fylgiskjali nr. 2, fara margir landpóstarnir nokkuð aðrar leiðir heldur en póstar fara nú. Sumir póstarnir fara skemra, aðrir lengra, en margir alt aðra vegi. Ef ljóst átti að verða, hve mikið hið nýja fyrirkomulag póstmálanna myndi kosta, varð að gera nýja kostnaðaráætlun yfir borgun til allra póstferða á landi. Víðast hvar þar sem ætlast er til, að póstar fari sömu leiðir og nú, lætur nefndin þá borgun standa á áætlun, sem nú er greidd. Þá eru og nokkrir aðalpóstar hjer í grend við Reykjavík, þar sem nefndinni bárust yfirlýsingar frá áreiðanlegum mönnum um, að þeir mundu vilja taka að sjer póstferðirnar bæði sumar og vetur fyrir ákveðið ársgjald, og hefir nefndin bygt áætlun sína á því. Nefndin leitaði sjer upplýsinga um vegalengdir hinna nýju póstleiða hjá vegamálastjóra og landssímastjóra, en þar sem þeir ekki gátu gefið upplýsingar, mældi nefndin vegalengdir eftir uppdráttum herforingjaráðsins, þar sem þeir ná til. En auk þess hafði hún fyrir sjer aðra uppdrætti af landinu, sem til eru. Eftir að nefndin hafði gert sjer grein fyrir, hve langan tíma hver póstferð tekur og hve mikinn þunga hver póstur megi hafa að flytja, hefir hún ætlað hverjum pósti það kaup á dag, sem að hennar áliti mundi þykja ríflegt í hverju bygðarlagi fyrir menn og hesta.

V. Brjefhirðingar og þóknun til brjefhirðingamanna.

Nefndin leggur til, að brjefhirðingar sjeu flestar þær sömu og nú eru. Þó hefir nefndin lagt til, að nokkrar brjefhirðingar verði lagðar niður og aðrar teknar upp í þeirra stað, sem betur eru í samræmi við hið nýja póstkerfi, eða betur í sveit settar.

Þá endurskoðaði nefndin borgun þá, sem brjefhirðingamenn hafa fengið að undanförnu, og bar saman borgunina við störfin, eftir skýrslum frá aðalpóstmeistara. Virðist vera hið mesta ósamræmi milli borgunar víða um land og í litlu hlutfalli við störfin. Ástæðan til þessa ósamræmis er sú, að oft hefir orðið að sæta þeim kostum, sem menn hafa sett um það að taka að sjer brjefhirðingu, af því að ekki hefir verið í annað hús að venda, og því orðið að sætta sig við að taka því eina boði, sem um var að ræða. Nefndin áleit, að jafna bæri þóknun brjefhirðingamanna svo, að lík þóknun fylgdi alstaðar líku starfi, og gerði nefndin það á þann hátt, að bæta ýmist upp þóknunina eða lækka, svo að fengist meðaltalsþóknun á hverja brjefhirðingu af svipaðri stærð. Skifti nefndin brjefhirðingum í flokka eftir stærð og miðaði við, að flokkur hinna smærri brjefhirðinga hefði átt að hafa eftir gömlu reglunum meðaltalsþóknun sem hjer segir: 30 kr., 40 kr., 60 kr., 100 kr. o. s. frv. Kom þá í ljós, að brjefhirðingalaun yrðu í heild sinni lægri en áður var. Taldi nefndin rjett, að þóknun til brjefhirðingamanna færi fremur hækkandi en lækkandi, og hækkaði flokkana svo að þeir yrðu: 35 kr., 45 kr., 70 kr. 115 kr. o. s. frv. Nokkrar brjefhirðingar hafa lækkað óvenju mikið, t. d. Svignaskarð úr 400 kr. í 45 kr., Vikingavatn úr 500 kr. í 70 kr., vegna breyttra póstgangna. En þó nefndin þannig hafi áætlað ákveðin laun handa hverjum brjefhirðingamanni, er ekki þar með sagt, að þetta verði svo í reyndinni, því búast má við ýmsum óbilgjörnum kröfum, þar sem ekki er völ á samkepni um störfin og því ekki í annað hús að venda fyrir póststjórnina.

Þá leggur nefndin til, að þessar póstafgreiðslur skuli lagðar niður:

1. Grenjaðarstaður,
2. Hraungerði,
3. Prestsbakki,
4. Staður í Hrútafirði og
5. Víðimýri.

Í stað Hraungerðis og Prestsbakka ætlast nefndin aftur til, að póstafgreiðslur verði settar á Selfossi og Kirkjubæjarklaustri. Það er nokkuð örðugt að gera glögga skilgreining á því, hvar sje þörf brjefhirðinga og hvar póstafgreiðslu. Aðalreglan fyrir nefndinni er sú, að póstafgreiðslur sjeu settar þar, sem póstur kemur sjóleið frá Reykjavík eða útlöndum, og dreifist síðan út um næstu bygðir. Svo er um alla hafnarstaði, sem eru og hafa verið póstafgreiðslur, og sama er um póstafgreiðslur á aðalpóstleiðum austur um sveitir frá Reykjavík. Póstafgreiðslurnar í Hraungerði og á Prestsbakka eiga aðeins að flytjast til á hentugri staði. Þá fanst nefndinni sjálfsagt að hafa póstafgreiðslu á Einarsstöðum í Þingeyjarsýslu, því þaðan kvíslast póstur út um fjóra hreppa, og þar verður oft endastöð bifreiðapósta, þangað verður sent mjög mikið af bögglum og ábyrgðarsendingum, er eigendur munu vitja þangað. Hið sama gildir um póstafgreiðsluna á Egilsstöðum á Hjeraði.

Þá skal gerð grein fyrir, hvers vegna nefndin álítur, að leggja beri niður framangreindar fimm póstafgreiðslur. Póstafgreiðslan í Hraungerði er lögð niður og í hennar stað sett póstafgreiðsla á Selfossi, sem nú er eflaust miðdepill allra samgangna í Árnessýslu. Póstafgreiðslan á Grenjaðarstað er nú

flutt að Einarsstöðum samkvæmt margendurteknum óskum hjeraðsbúa, og er því nú þegar lögð niður. Póstafgreiðslan á Prestsbakka er ætlast til, að verði flutt til Kirkjubæjarklausturs, vegna þess, að Prestsbakki er úr alfaravegi og við þann krók lengjast þrjár póstleiðir. Póstafgreiðslurnar á Stað og Víðimýri missa alveg þýðingu sína, þegar langferðapóstar hætta að ganga.

VI. Flóabátar.

Póstferðaáætlun nefndarinnar er bygð á göngu fjögurra flóabáta, er nú ganga. Gerir nefndin ráð fyrir, að Faxaflóabáturinn gangi eins og nú er og þurfi ekki hækkaðan styrk. Báturinn, sem gengur frá Stykkishólmi norður um eyjar og Barðaströnd, ætti að fara fleiri ferðir og hafa nokkru fleiri viðkomustaði en nú eru, og má búast við eitthvað hækkuðum styrk til hans þess vegna. Ef Breiðfirðingar óska frekar eftir því, ætti báturinn að ganga frá Flatey til Stykkishólms og þaðan til Barðastrandar. Nefndin leggur til, að Djúpbáturinn leggi niður ferðir til Önundarfjarðar og annara fjarða þar fyrir sunnan, vegna þess að ekki sýnist þörf á þeim þegar strandferðum fjölgar. En að sama skapi ætti ferðum að fjölga til Suðureyrar og allra viðkomustaða við Ísafjarðardjúp og Jökulfirði. Telur nefndin ólíklegt, að styrkur þurfi að hækka til muna við þessa breytingu.

Nefndin leggur til, að Eyjafjarðarbáturinn felli framvegis niður af áætlun sinni allar viðkomur austan Húsavíkur. En æskilegt væri, að báturinn kæmi við í hverri ferð á allar hafnir við Eyjafjörð og á Siglufjörð, en fari síðan í annarihverri ferð til Grímseyjar, Flateyjar og Húsavíkur, en í hinni ferðinni um Skagafjörð austanverðan til Sauðárkróks. Efasamt er, að styrkur til Eyjafjarðarbátsins þurfi nokkuð að hækka við þessa breytingu.

Styrkur til báta þessara er nú greiddur beint úr ríkissjóði, nema að litlu leyti til Breiðafjarðarbátsins, sem póstsjóður styrkir. Aðalstarf allra þessara báta er að flytja vörur og farþega. Nú virðist óeðlilegt að greiða ekki öllum bátunum allan styrk á sama hátt, og telur því nefndin rjett að greiða bátunum styrkinn beint úr ríkissjóði og tekur því ekki flóabátana upp í kostnaðaráætlun sína yfir landpóstflutning.

VII. Kostnaður við strandferðir.

Nefndin fjekk álit framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands um það, hvað miklu meira hinar hraðari ferðir Esju mundu kosta en ferðir þær, sem nú eru farnar. Áleit framkvæmdarstjóri, að 26 ferðir Esju mundu eigi verða nema 28000 kr. dýrari í heild en þær 15 ferðir, sem nú eru farnar, ef þeim væri hagað svo sem ráð er fyrir gert í áætlunaruppkastinu á fylgiskjali nr. 1. Kostnaðurinn við hverja ferð verður eftir því minni, sem ferðin tekur styttri tíma. Nú er enginn efi á því, að ef Esja sæi ein um strandferðirnar, mundi tekjuhalli hennar stórum minka við hraðari ferðir, því að fargjöld hennar

mundu sennilega vaxa eitthvað. En þegar annað strandferðaskip kemur, sem einkum er ætlað til vöruflutninga, virðist mega gera ráð fyrir, að það taki nokkuð af farmgjöldum frá Esju, nokkuð frá öðrum skipum, en fái auk þess einhverjar tekjur af farmgjöldum, sem ekkert skip hefir áður haft, sökum þess að flutningar vaxa við bættar samgöngur.

Engu er hægt að spá um það, hversu mikill verður reksturshalli tveggja strandferðaskipa. Það má gera ráð fyrir, að hann verði nokkuð meiri en nú af Esju einni. En það er ómögulegt að gera áætlun um, hversu miklar verða tekjur eða gjöld skips, sem enn er óbygt og óráðið er, hversu bygt verður.

En nefndin vill benda á það, að til þess að tekjuhallinn verði sem minstur, virðist henni nauðsynlegt: *að* bæði skipin sjeu sem ganghröðust, *að* annað skipið sje sem best búið til farþegaflutninga og hafi eins hraðar ferðir og unt er og *að* hitt skipið sje mestmegnis miðað við vöruflutninga, en sem minstu, kostað til farþegarúms.

VIII. Tekjur og gjöld póstsjóðs.

Nefndin hefir gert yfirlit yfir tekjur og gjöld póstsjóðs síðustu 5 árin. Á þessum árum hefir ríkið haft hagnað af póstrekstrinum, og svo var einnig oftast nær fyrir styrjöldina, þó hitt kæmi fyrir, að tekjuhalli væri á rekstrinum. En stríðsárin öll var tap á rekstrinum. Ef ætti að spá, hvernig framtíðin mundi verða að öllu óbreyttu, liggur næst að leggja aðeins síðustu 5 árin til grundvallar. Það skal tekið fram, að á síðustu árum hefir póstsjóður verið látinn bera öll gjöld til skipa fyrir póstflutning, nema með Esju og að litlu leyti með flóabátum. Hjer eru tekin með öll laun, sem borguð eru fyrir störf, sem unnin eru í þágu póstmálanna. Fer hjer á eftir yfirlit um tekjur og gjöld póstsjóðs síðustu 5 árin.

Ár	Tekjur	Gjöld	Tekjuafg.
1924.....	424694	398755	25939
1925.....	561993	455282	106711
1926.....	581538	484649	96889
1927.....	500474	462141	38333
1928.....	491000	484000	7000
Samtals	2559699	2284827	274872
Meðalt.	*511939*	*456965*	*54974*

Eins og sjest hjer að framan, er tiltölulega lítill munur á gjöldunum frá ári til árs. Aftur á móti eru tekjurnar talsvert mismunandi. Stafar þetta þó ekki af því, að burðargjöld eða notkun pósts sje ekki nokkuð jöfn. Gengismunur var til nokkurs gróða á árunum 1925 og 1926. En mest hækkar það þó tekjurnar, að gefin voru út ný frímerki. Þessi frímerki voru keypt í stórum stíl af frímerkjakaupmönnum, er hugðust að græða á því að selja þau erlendum frímerkjasöfnurum. Síðan hefir sala ekki tekist til útlanda, nema

að einhverju leyti. Frímerki þessara frímerkjakaupmanna hafa svo verið að koma til burðargjaldsnotkunar 1927—1928, og hefir þá minkað frímerkjasala póstsjóðs. Er auðsætt, að þetta veldur miklu um misskiftingu teknanna, en ætti ekki að raska því, að á meðaltalstölum mætti byggja, og því líklegt, að tekjuafgangur verði ekki minni næstu 5 ár að meðaltali. Einkum hlýtur 1930 að verða mikið tekjuár fyrir póstsjóð, vegna þess að frímerkjasafnarar munu sækjast mjög eftir minningarfrímerkjum ársins, sem í ráði er að gefa út, og einnig vegna þess að þá verði mikið sent með pósti.

Ef áætla skal framtíðartekjuafgang póstsjóðs eftir kerfi nefndarinnar, verður að leggja til grundvallar tekjuafgang síðustu 5 ára og athuga, hvað nefndin gerir til að auka eða rýra tekjuafganginn. Það virðist mega ætla, að notkun pósta aukist allmikið og póstsjóður hljóti að fá meiri tekjur í burðargjöldum þegar póstferðum er fjölgað. Virðist ekki óvarlegt að gera ráð fyrir, að meðaltekjur næstu 5 ára verði að minsta kosti það hærri en meðalárstekjur síðustu 5 ára, að ætla megi, að tekjuafgangur af póstrekstrinum geti orðið alt að 10% hærri en nú er.

IX. Sameining pósts og síma.

Eins og að framan er sagt, var það eitt af því, sem nefndinni var falið, að athuga, hvernig megi á sem víðtækastan hátt sameina starfrækslu síma og pósts víðsvegar um landið og bera fram tillögur byggðar á þeim athugunum.

Í nefndinni er aðeins einn maður, sem nokkra reynslu hefir í því, hversu mikið verk afgreiðsla á póst- og símastöð er, og hefir því nefndin mjög orðið að styðjast við þekkingu hans á þessum málum. En auk þess hefir hún haft tal af ýmsum mönnum, sem hún taldi geta gefið leiðbeiningar í þessu efni, og þá fyrst og fremst aðalpóstmeistara og landssímastjóra. Nefndin kynti sjer svo rækilega sem föng voru á, hve mikil störf voru að inna af höndum á öllum póstafgreiðslum og hinum stærri símastöðvum í landinu, og hve miklu fje væri varið úr ríkissjóði og sveitarsjóðum til þessarar starfrækslu víðsvegar um land. Jafnframt reyndi nefndin að gera sjer ljóst, hversu miklu fje mundi þurfa að verja til þessarar starfrækslu, ef rekstur þeirra væri sameinaður. Setti nefndin þessar athuganir upp í skýrsluformi, sem fylgir hjer með á fylgiskj. nr. 6. Skal skýrsla þessi skýrð nokkuð hjer á eftir.

Í fyrsta til þriðja dálki eru tölur, sem gefa bendingar um störfin á póststofunum. Í fyrsta dálki eru póstvísitölur, sem sýna í hundruðum tölu póstsendinga, þannig þó, að almenn brjef og blöð eru talin sem einn, en tala skráðra sendinga margfölduð með 10. Telur aðalpóstmeistari, að eigi verði á annan hátt komist nær um störfin á póststöðunum. Í 4.—7. dálki eru tölur, sem sýna borgun fyrir póststörf. Í 8.—9. dálki eru tölur, sem gefa bendingar um störfin á símastöðvunum. Hefir nefndin ekki getað fengið aðrar tölur á byggilegri en símatekjurnar á hverjum stað og tímabilið á degi hverjum, sem stöðvarnar eru opnar. En það skal tekið fram, að þarna kemur fleira til

greina, sem eykur störfin. En á hinum stærri stöðum eru laun starfsfólks þess, sem ríkið borgar sjerstaklega, ekki talin með.

Í 10. dálki eru talin laun stöðvarstjóra nú og í 11. dálki samtals greiðslur fyrir póst og síma á hverjum stað. Í 13. dálki eru laun símastöðvarstjóra eins og þau eru nú, og að því er snertir Akureyri, Siglufjörð, Borðeyri, Ísafjörð, Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar og Seyðisfjörð eins og þáu verða samkvæmt lagafrumvarpi því, sem nefndin hefir samið og fylgir hjer með á fylgiskj. nr. 7, ef það yrði að lögum, en í 12. dálki er talin uppbót, sem nefndin ætlar stöðvarstjóranum fyrir afgreiðslu á pósti, auk launa hans sem símastöðvarstjóra. Þó ber ekki að líta svo á, að nefndin skoði þessar upphæðir fyrir póstafgreiðsluna sem nákvæmlega það, sem fyrir hana ætti að greiða út af fyrir sig, heldur þannig, að í sambandi við núverandi stöðvarstjóralaun, sem að nokkru eru greidd úr sveitarsjóði, og verða væntanlega eins framvegis, sjeu þær hæfilegar. Í 14. dálki er talin sú upphæð, sem nefndinni þykir hæfilegt, að stöðvarstjóra sje greidd samtals sem stöðvarstjóralaun og fyrir afgreiðslu á pósti. Hvernig þeim upphæðum yrði framvegis, þegar næst yrði samið um störfin, skift niður til útgjalda á reikning síma og pósts, sjer nefndin ekki ástæðu til að fara frekar inn á, enda er hjer aðeins um leiðbeinandi upphæðir að ræða til athugunar, þegar launin verða ákveðin eða um þau samið.

Þó er á fyrgreindum 7 stöðum fastákveðin síma- og póststöðvarstjóralaun, og ætlast nefndin til, að sú upphæð, sem á hverjum stað er talin í 12. dálki, sje þar hæfileg viðbót við launin fyrir afgreiðslu á pósti.

Skulu nú gerðar athugasemdir við hina einstöku staði, þar sem helst virðist þörf skýringa:

Akranes, Haganesvík, Hofsós, Kópasker, Sandur, Skagaströnd, Vík, Vopnafjörður.

Á öllum þessum stöðum hefir nefndin ekki álitið fært að leggja til, að launin verði lækkuð frá því, sem þau nú eru samanlögð. Ástæðan til þess að nefndin leggur samt sem áður til, að sameinað verði á þessum stöðum, er sú, að hún álítur það þægilegra almenningi og stöðurnar lífvænlegri.

Akureyri. Á Akureyri er stærsta símastöð og pósthús utan Reykjavíkur, og var nefndin nokkuð í vafa um, hvort leggja skyldi til, að þar yrði sameinað. Nefndin leit hinsvegar svo á, að nokkurt fje mundi sparast við sameininguna og kjör stöðvarstjórans yrðu þó mjög sómasamleg, og áleit því rjett að leggja til, að þar yrði sameinað eins og annarsstaðar.

Ísafjörður. Póstsjóður hefir nýlega keypt hús á Ísafirði, sem er nægilega stórt fyrir póst- og símaafgreiðslu, ásamt íbúð fyrir stöðvarstjórann, en landssíminn á símahúsið þar. Nefndin ætlast til, að símaafgreiðslan yrði flutt í hið nýkeypta hús og að gamla húsið verði selt. Þess utan mun sparast allveruleg upphæð á rekstri pósts og síma undir einni stjórn, þó stöðvarstjóra sje ætlað ríflegt aðstoðarfje vegna póstafgreiðslunnar. Nefndinni er að vísu ljóst, að flutningur stöðvarinnar mun hafa nokkurn kostnað í för með sjer, en þó yrði það ekki nema lítið brot af þeirri upphæð, er símastöðvarhúsið mundi seljast fyrir.

Siglufjörður. Þar er sameinað nú, og virðist ekki ástæða til að gera neina breytingu á launakjörum stöðvarstjórans.

Seyðisfjörður. Ríkissjóður á tvö hús á Seyðisfirði, símastöðvarhús og íbúðarhús rjett hjá stöðvarhúsinu. Þetta íbúðarhús er landssímanum óþarft, en ekki hefir tekist að selja það og jafnvel ekki leigja, og er því síður en svo, að það sje arðberandi eign fyrir ríkissjóð. Virðist sjálfsagt, að síma- og póstafgreiðsla verði í gamla stöðvarhúsinu, en íbúð stöðvarstjórans í hinu. Nefndin hefir ætlað stöðvarstjóranum á Seyðisfirði hærri laun en á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði vegna sæsímastöðvarinnar. Nefndin lítur svo á, að stöðvarstjórinn myndi ekki ver settur en áður hvað launakjör snertir, en allverulegur sparnaður yrði þó árlega á rekstri pósts og síma undir sömu stjórn. Nefndin hefir gengið út frá, að póststörf á Seyðisfirði muni minka, þegar hið nýja póstsamgangnakerfi kemur til framkvæmda.

Vestmannaeyjar. Í Vestmannaeyjum mun vera nægilega mikið húsrúm fyrir póst og síma í stöðvarhúsinu, og virðist sjálfsagt að sameina þessi störf þar eins og annarsstaðar, enda sparast mjög veruleg upphæð við sameininguna, þó forstöðumanni sjeu ætluð ríflег laun.

Hafnarfjörður. Þar mundi sparast nokkurt fje við sameininguna og launakjör forstöðumannsins þó batna frá því, sem nú er.

Á 1. fl. b. og 2. fl. símastöðvum er ástandið nú víða þannig, að stöðvarstjóri hefir ýmist eina eða tvær stúlkur við símaafgreiðsluna fyrir mjög lága borgun, en sjálfur vinnur stöðvarstjórinn oft að öðru algerlega óskyldu starfi.

Símalaunin hafa verið svo lág, að stöðvarstjórinn hefir ekki getað lifað af þeim eingöngu, og þá lítið unnið að símaafgreiðslunni sjálfur. Nú eru 1. fl. b.-stöðvarnar opnar í 10 tíma á dag, og er það of langur vinnutími fyrir eina stúlku. Nefndin hefir nú gengið út frá, að stöðvarstjóri hefði eina stúlku sjer til aðstoðar við símaafgreiðsluna, sem ynni 7 tíma á dag, og gerir einnig ráð fyrir, að póstafgreiðslustarfið á þessum stöðum muni ekki vera meira en það, að stöðvarstjórinn muni jafnframt geta unnið nokkuð við símaafgreiðsluna. Nefndin hefir gengið út frá þessu við ákvörðun launa á Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Reyðarfirði, Patreksfirði, Bíldudal, Eyrarbakka, Flateyri, Keflavík o. s. frv.

Í Borgarnesi, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði og Stykkishólmi hefir nefndin áætlað nokkuð hærri laun, enda eru störfin þar meiri en á fyrgreindum stöðum. Á Eskifirði og Fáskrúðsfirði er nú sameinað; gerir nefndin litla breytingu á launakjörum forstöðumanna þar. Í Stykkishólmi er einnig sameinað, og virðist nefndinni, að laun stöðvarstjórans þar sjeu að vísu nokkuð há, borið saman við aðra, en með tilliti til þess, að þar er gæslustöð og stöðin lengur opin til afgreiðslu en aðrar 1. fl. B.-stöðvar, álítur nefndin eigi rjett að leggja til, að launin verði lækkuð frá því, sem nú er.

Í Borgarnesi virðist mega spara allverulega upphæð við sameininguna.

Að öðru leyti sjer nefndin ekki ástæðu til að skýra skýrsluna nánar.

Eins og sjest á framanskráðu, hyggur nefndin, að allverulega megi spara við sameinaðan rekstur pósts og síma úti um land. En þess ber að gæta, að hjer er aðeins um áætlun að ræða, og nefndin hefir ekki alstaðar nægan

kunnugleik, og kann vel að vera, að sparnaðurinn verði eitthvað minni sumstaðar, þegar á að fara að semja um stöðurnar. En þótt svo reynist, þá telur nefndin samt, að unt muni að spara mjög verulega upphæð á sameiningunni. Annað, sem mjög mikið mælir með sameiningu þessari, er að allverulega batna kjör fjölda margra manna úti um land, sem áður hafa unnið fyrir mjög lítilfjörlegum launum. Í þriðja lagi er mjög mikið hagræði fyrir almenning að geta gegnt erindum sínum við póst og síma á sama stað. Á þessum forsendum er frumvarp það bygt, sem nefndin hefir samið og fylgir hjer með á fylgiskjali nr. 7. Virðist ekki þurfa að skýra það frumvarp frekar en gert er í greinargerð, sem því fylgir.

Það skal tekið fram, að venja hefir verið á öllum fyrsta flokks B og annars flokks símastöðvum, að hreppparnir leggja nokkuð til reksturs símastöðvanna. Hefir verið samið til 5 ára í senn um þessar greiðslur frá hreppunum. Nefndin hefir ekkert við þetta fyrirkomulag að athuga og virðist rjett, að það skipulag haldist, án þess að nokkuð sje um það fyrirskipað í lögum, þar sem þess gerist ekki þörf.

X. Niðurlag.

Nefndin hefir í I. og VII. kafla hjer að framan gert nokkra grein fyrir því, hvernig henni virðist rjettast, að strandferðum sje hagað, ef strandferðaskipin eru tvö, svo sem gert er ráð fyrir, sbr. áætlanir skipanna á fylgiskj. nr. 1 og 2 með nefndaráliti þessu. Eins og að líkindum ræður, er þess ekki að vænta, að ekki verði meiri halli á rekstri tveggja strandferðaskipa en eins, því varla þarf að búast við svo stórum aukinni flutningaþörf, að aukinn flutningur á fólki eða vörum borgi hallann tiltölulega betur en nú. Frumvarp kom fram um það á síðasta Alþingi að leggja nokkurt gjald á farseðla allra skipa, sem sigla hjer með ströndum fram, og jafnvel líka þeirra, er sigla milli landa, en náði þá ekki fram að ganga. Nefndinni þykir líklegt, að frumvarp komi fram aftur, sem gangi í þessa átt, og má vera, að það verði að lögum í einhverju formi. Virðist þá sjálfsagt, að það fje, sem á þann hátt fæst, verði notað til þess að jafna halla strandferðaskipanna, eða til að halda niðri fargjöldum þeirra og farmgjöldum þannig, að þau gjöld þurfi ekki að hækka svo sem gjaldinu nemur.

Ferðaáætlanir þær, sem nefndin hefir samið fyrir landpóstferðir og póstferðir með flóabátum og sem taldar eru í fylgiskjali nr. 3, hyggur nefndin best í samræmi við strandferðirnar, eins og hún hugsar sjer þær samkvæmt framansögðu. En jafnframt gengur hún að því vísu, að póststjórnin breyti þeim í samræmi við breyttar og bættar samgöngur og samgöngutæki.

Nefndin hefir í tillögum sínum ekki tekið tillit til þess möguleika, sem jafnan er fyrir því, að hafís geti hindrað skipaferðir meðfram Norðurlandi síðari hluta vetrar og að vorinu til. Er í kostnaðaráætlun nefndarinnar um landpóstferðir, á fylgiskjali nr. 4, ekki gert ráð fyrir íshindrunum. Ef gera ætti ráð fyrir þesshättar hindrunum við samning landpóstferðaáætlunar, yrðu

þær að vera í líkingu við það, sem nú er um allan póstflutning norðan Reyðarfjarðar og að Ísafjarðardjúpi, eða jafnvel eitthvað suður fyrir það, því stundum rekur mikinn ís þar inn. En sem betur fer er það sjaldgæft og hefir ekki komið fyrir nú í mjög mörg ár, að ís hafi tept skipagöngur fyrir Norður- og Austurlandi, og er því varla rjett að miða reglulegar póstáætlanir við slíkt óvenjulegt ástand. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að það muni valda miklum erfiðleikum að koma pósti um Norður- og Austurland í ísaárum, þar sem póstsamband slitnar víða um fjallgarða á Norður- og Austurlandi samkvæmt tillögum hennar. Yrði í ísaárum ekki um annað að gera en að fækka póstferðum meðan ís hindrar skipaferðir og senda Norðurlandspóstinn landleiðis frá Borgarnesi norður yfir Holtavörðuheiði til hinna vestari hjeraða á Norðurlandi, en frá Reyðarfirði um Austfjörðu og austurhluta Norðurlands. Yrði í slíkum tilfellum að fela póstafgreiðslumönnum að semja um flutning á póstinum yfir fjallgarðana á Norður- og Austurlandi til næstu póstafgreiðslu.

Nefndinni þykir rjett, að landpóstferðir sjeu boðnar út, ekki sjaldnar en fimta hvert ár, og í fyrsta sinn þegar tillögur hennar kynnu að koma til framkvæmda. Að sjálfsögðu yrði þess jafnan gætt að veita ekki öðrum en áreiðanlegum og reglusömum mönnum póstastöður, og þar, sem póstar yrðu fluttir með bifreiðum, ekki öðrum en vel færum, æfðum og áreiðanlegum bifreiðarstjórum.

Brjefhirðingar telur nefndin best settar á þeim stöðum, sem upp eru taldir á fylgiskj. 3 og 5. En nefndinni er það ljóst, að komið getur fyrir, að ekki sje hæfur maður á einhverjum þessara brjefhirðingastaða, eða að ekki semji um þóknun fyrir starfið, og yrði þá að færa brjefhirðinguna á annan stað í grend, þar sem best hentaði, eða leggja hana niður um tíma. Væntir nefndin þess, að póststjórnin mundi jafnan, þegar svo stendur á, leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar um málið.

Það er mönnum auðvitað mjög óhentugt að geta ekki fengið bögglapóst sinn fluttan út um sveitirnar nema fyrir hið afarháa gjald, sem slíkum flutningi fylgir. En um slíkt er ekki að ræða. Aftur hugsaði nefndin sjer þann möguleika, að bögglapóstur fengist fluttur áfram með bifreiðum til endastöðva þeirra fyrir sama gjald og sjóveg. Ræddi hún það mál við aðalpóstmeistara, en hann taldi á þessu mikil vandkvæði og færði full rök fyrir máli sínu. Kvaðst hann hafa hugsað þetta mál, en ekki talið fært að koma slíkri breytingu á. Telur nefndin sig því ekki geta gert ákveðnar tillögur um þetta, en þætti vel farið, ef póststjórnin sæi einhvern veg til að koma þessu á, þó ekki væri nema um stutta bifreiðavegi, því sveitafólki væri að því mikið hagræði. Mundi sjálfsagt ekki þykja ósanngjarnt, þó bögglapóstgjöld yrðu lítið eitt hækkuð yfirleitt, ef þessi fríðindi kæmu á móti.

Eins og að framan segir, býst nefndin við, að heldur muni aukast tekjuafgangur póstsjóðs við auknar samgöngur og póstferðir. Virðist nefndinni, að tekjuafgangi póstsjóðs væri best varið til þess að greiða með honum tekjuhalla strandferðanna, og yrði það tillag póstsjóðs til þeirra. Líklega má búast við, að eitthvað verði ódýrari landpóstferðir en nú eru, og ennfremur talsverður sparnaður að því að sameina póst og síma, eins og nefndin hefir lagt til,

þannig að útkoman á rekstri strandferða og pósts verði í heild ekki eins slæm eins og ef strandferðirnar eru teknar út af fyrir sig.

Það er erfitt að segja, hvernig almenningi kann að falla fyrirkomulag það, sem nefndin hefir lagt til að upp verði tekið. Má einkum búast við, að mönnum þyki ilt, að feldar eru niður ferðir um illa fjallvegu og að ferðamenn geta því ekki lengur haft not af samfylgd með pósti. Það mundi þó of dýrt að halda uppi slíkum ferðum eingöngu þess vegna, og getur því nefndin ekki lagt það til. Hinsvegar ætti það að geta orðið talsvert hagræði fyrir almenning, að síma- og póstafgreiðsla sjeu á sama stað sem víðast, og virðist nefndinni bera að því að stefna.

Reykjavík, 3. mars 1929.

Vigfús Einarsson. Jón Sigurðsson. Björn Hallsson.
Ingólfur Þorsteinsson. Ól. Kvaran.

Fylgiskjal II. Skrá um kostnað við starfrækslu sameina

Nr.	Póst- og símastöð	Tala sendinga í hundruðum	Tala undirliggjandi póststöðva	Tala aukapósta	Laun kr.	Húsaleigustyrkur kr.	Skrifstofufje kr.	Laun samtals kr.
1	Akranes	576	6	7	1400	200	200	1800
2	Akureyri	6999	17	10	4556	»	4000	8556
3	Bíldudalur	535	2	4	1400	300	300	2000
4	Blönduós	1336	7	6	2900	500	400	3800
5	Bolungarvík	256	»	»	1200	300	100	1600
6	Borðeyri	359	»	»	1000	»	»	1000
7	Borgarfjörður	176	»	»	700	»	»	700
8	Borgarnes	1610	12	8	3600	500	400	4500
9	Búðardalur	651	9	3	1500	200	200	1900
10	Dalvík	102	»	»	500	»	»	500
11	Djúpivogur	397	»	1	1400	300	100	1800
12	Egilsstaðir	780	10	3	1500	300	100	1900
13	Eskifjörður	1160	»	2	2000	500	750	3250
14	Eyrarbakki	330	3	3	1600	300	100	2000
15	Fáskrúðsfjörður	767	2	»	1600	350	500	2450
16	Flateyri	400	4	3	1500	200	200	1900
17	Hafnarfjörður	1004	2	1	3000	500	400	3900
18	Haganesvík	102	2	2	500	»	»	500
19	Hofsós	310	3	2	900	»	100	1000
20	Hólmavík	738	5	3	1400	200	200	1800
21	Húsavík	1320	6	3	2800	500	800	4100
22	Hvammstangi	585	»	1	1500	200	300	2000
23	Höfn í Hornafirði	232	3	»	1100	250	250	1600
24	Ísafjörður	4282	16	14	5092	»	3900	8992
25	Keflavík	268	3	1	1200	200	200	1600
26	Kópasker	308	2	1	1000	»	»	1000
27	Króksfjarðarnes	317	8	4	900	»	100	1000
28	Norðfjörður	600	»	»	2200	700	400	3300
29	Ólafsfjörður	60	»	»	400	»	»	400
30	Ólafsvík	359	5	5	1400	200	»	1600
31	Raufarhöfn	53	»	»	400	»	»	400
32	Reyðarfjörður	968	»	»	1800	500	400	2700
33	Sandur	269	»	»	1000	»	»	1000
34	Sauðárkrókur	1139	6	7	3000	400	400	3800
35	Seyðisfjörður	2574	2	2	4020	1500	3000	8520
36	Siglufjörður	1893	»	»	3000	350	850	4200
37	Skagaströnd	142	»	»	600	»	»	600
38	Stykkishólmur	1337	»	»	3000	600	700	4300
39	Patreksfjörður	809	»	»	2000	400	100	2500
40	Vestmannaeyjar	2249	»	»	3700	1800	2350	7850
41	Vík	913	»	»	1400	300	300	2000
42	Vopnafjörður	444	»	»	1400	200	100	1700
43	Þingeyri	452	»	»	1900	300	»	2200
44	Þórshöfn	433	»	»	1200	200	300	1700
	Samtals				80168	13250	22500	115918

astöðva og póstafgreiðslustöðva.

matekjur kr.	Flokkur stöðva	Símalaun kr.	Póst- og símalaun samtals kr.	Áætluð aðstoð kr.	Áætluð laun kr.	Laun samtals kr.	Áætlaður sparnaður kr.	Nr.
8858.05	1 B	2000	3800	1800	2000	3800	»	1
01987.58	1 A	4556	13112	5000	6030	11030	2082	2
4214 00	1 B	2500	4500	1300	2500	3800	700	3
7801.00	1 B	3000	6800	2000	3000	5000	1800	4
3511.00	1 B	2250	3850	1250	2250	3500	350	5
3304.00	1 A	3484	4484	500	4020	4520	+36	6
2254 00	2	1200	1900	500	1200	1700	200	7
11164 00	1 B	5000	9500	1500	5000	6500	3000	8
2078.00	2	1200	3100	1800	1200	3000	100	9
2082.00	2	900	1400	500	900	1400	»	10
2765.35	2	1750	3550	1250	1750	3000	550	11
1864.65	2	2700	4600	1300	2700	4000	600	12
20024.00	1 B	4200	7450	2800	4200	7000	450	13
8220 60	1 B	2650	4650	1350	2650	4000	650	14
10150.95	1 B	3800	6250	2200	3800	6000	250	15
7582.30	1 B	2500	4400	1300	2500	3800	600	16
58675 25	1 A	3484	7384	1000	5092	6092	1292	17
705.00	3	»	500	500	»	500	»	18
1952.70	2	800	1800	1000	800	1800	»	19
3462.05	2	1300	3100	1700	1300	3000	100	20
8673.35	1 B	3125	7225	1875	3125	5000	2225	21
4034.30	2 og 1 B	1750	3750	1750	1750	3500	250	22
3589.25	2 og 1 B	2000	3600	1200	2000	3200	400	23
61225.36	1 A	4824	13816	5000	5360	10360	3456	24
11856.39	1 B	3000	4600	1000	3000	4000	600	25
1624 45	2	600	1600	1000	600	1600	»	26
1038 60	2	150	1150	500	150	650	500	27
18453.00	1 B	4200	7500	2300	4200	6500	1000	28
2872 20	2	900	1300	400	900	1300	»	29
3268.90	2	1800	3400	1600	1800	3400	»	30
2081.00	2	1050	1450	400	1050	1450	»	31
6976.55	1 B	3000	5700	2000	3000	5000	700	32
4131 60	2	1800	2800	1000	1800	2800	»	33
11654.65	1 B	3000	6800	2500	3000	5500	1300	34
41531.14	1 A	4824	13344	3000	6030	9030	4314	35
79487.00	1 A	3752	7952	2640	5360	8000	+48	36
1533.25	2	810	1410	600	810	1410	»	37
12640.30	1 B	4200	8500	4300	4200	8500	»	38
7956.10	1 B	4000	6500	1500	4000	5500	1000	39
59583.00	1 A	4824	12674	2640	5360	8000	4674	40
5508.00	1 B	2250	4250	2000	2250	4250	»	41
2892.00	2	1200	2900	1000	1200	2200	700	42
6214.50	1 B	3000	5200	1000	3000	4000	1200	43
2895.90	2	1200	2900	1000	1200	2200	700	44
		110533	226451	72755	118037	190792	35743 ÷ 84	

Nd. **196. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Einari Jónssyni og Gunnari Sigurðssyni.

1. Framan við frv.greinina komi:
   Í stað orðsins »Landeyjar« í 2. gr. A. 1. komi: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Hlíðarenda, yfir Þverá og Aurana austur yfir Markarfljót, um . . .
2. Aftan við frv.greinina bætast 2 nýir töluliðir:
   a. Landbraut. Af þjóðveginum hjá Meiritungu í Holtum upp Land um Fellsmúla að Galtalæk.
   b. Árbaugsvegur. Frá þjóðveginum hjá Ægissíðu um Bjóluhverfi niður í Þykkvabæ.

Nd. **197. Nefndarálit**

um frumv. til laga um dóm í vinnudeilum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Undirritaður minni hluti telur rjett, að frumv. um þetta nái fram að ganga. Vinnudeilur eru svo djúpstætt mein þjóðfjelaganna, að það virðist ekki forsvaranlegt annað en leita ráða til að afstýra þeim. Hver ráð sjeu best í þessu efni, má deila um, en það sýnist eðlilegt að grípa til sama ráðs um vinnudeilur sem um aðrar deilur manna. Það má telja næsta undarlegt, ef þjóðfjelaginu er ekki rjett að verja sig með neinum ráðum gegn hinu ægilega böli, sem verkföll og verkbönn eru meðal þjóðanna. Allar deilur milli einstakra þegna innbyrðis eru settar niður með hjálp dómstóla. Þjóðirnar setja upp dómstóla eða gerðardóma til þess að skera úr deilum þeirra á milli. Hví skyldi það þá vera óeðlilegt eða rangt að reyna að nota sama ráðið um vinnudeilur? Dómstólar gera um mál manna, hversu mikið sem um er deilt af hálfu aðilja. Dómstólar geta dæmt menn af lífi víða um hinn mentaða heim, og frelsi geta þeir svift þegnana, jafnvel æfilangt. Svo mikið er lagt í vald dómstóla, og hví má þá ekki einnig fela þeim úrskurðarvald í vinnudeilum?

Að athuguðu þessu telur minni hlutinn rangt að reyna ekki þá leið, sem frumv. ráðgerir, og mælir því með, að frumv. nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. liður fellur burt og 3. liður verður 2. liður.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu »hæstarjetti« í niðurlagi gr. komi: og forseta vinnudóms.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hjeraðsdómari í einkamálum þar, er dómur skal starfa (3. gr.), er forseti dómsins. Aðilar vinnudeilu nefna í dóm 3 menn hvor, þá er þekking hafa á atvinnugrein eða atvinnugreinum þeim, er máli skifta, og vinnukjörum í þeim. Ryður fyrsta sinni, er dómur er háður, tveim mönnum hvor aðili, en þeir 2, sem eftir verða, skipa dóminn með forseta. Nú ryður aðili ekki dóm, og skal þá forseti gera það í stað hans.

Nú missir dómara við eftir ruðningu, og nefnir sá aðili, er þann dómara nefndi til, 3 meðdómendur í hans stað. Skal síðan ryðja 2 með sama hætti og fyr segir.

Ef aðilar, annarhvor eða báðir, nefna ekki menn í dóm, áður en 3 dagar eru liðnir frá því þeir fengu skriflega beiðni um það frá forseta dómsins, tilnefnir hann mann eða menn í dóminn í þeirra stað.

Í dóminn tilnefnir hæstirjettur ennfremur 2 menn og 2 til vara, og verður því dómur jafnan skipaður 5 mönnum.

Enginn getur skorast undan að taka sæti í vinnudómi.

Áður en meðdómandi tekur til starfa í dóminum, skal hann vinna og undirrita í þingbókina heit um, að hann skuli rækja starfann eftir bestu vitund.

4. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Sólarhring eftir að hjeraðsdómari og hæstirjettur hafa fengið tilkynningu atvinnumálaráðherra (2. gr.), skal hæstirjettur nefna menn í dóminn og hjeraðsdómari skora á aðila að gera hið sama. Tilnefning skal þegar í stað tilkynna dómsforseta. Síðan tilkynnir hann dómendum tafarlaust o. s. frv.

5. Við 10. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: eða undirbúningur undir dómsmeðferð.

Alþingi, 22. mars 1929.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Ed. **198. Frumvarp**

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1930 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur

forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verslunarinnar skal vera »Tóbakseinkasala ríkisins«.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1930, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. sept. 1929 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sjerstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. sept. 1929, og getur ríkisstjórnin þá krafist tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem tolllög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af sendingu tóbaksins innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Umbúðir allra tóbakstegunda, sem tóbakseinkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skulu vera merktar með álímdum miðum, er á sje letrað »Tóbakseinkasala ríkisins«.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Þegar lögin um einkasölu á tóbaki voru numin úr gildi á þinginu 1925, var tollurinn á tóbaki, eins og kunnugt er, hækkaður úr 10 upp í 16 krónur á vindlum og vindlingum, en úr 5 upp í 6 krónur á munntóbaki, neftóbaki og reyktóbaki. Tollhækkun þessari, sem nam 60% á vindlum og vindlingum, en 20% á öðru tóbaki, mun hafa verið ætlað að bæta ríkissjóði tekjumissi þann, verslunarhagnaðinn af tóbakseinkasölunni, er ríkissjóður varð fyrir við afnám einkasölunnar, en sá verslunarhagnaður nam árið 1925 kr. 490268,24, auk kr. 32215,41, er fór til greiðslu útsvara. Tóbakseinkasalan greiddi 1925 í ríkissjóð í toll kr. 647792,00, svo að tekjur ríkissjóðs urðu það ár af tóbaki samtals *kr. 1138061.14.* Formælendur einkasölunnar töldu, að jafnvel þessi mikla tollhækkun mundi ekki nægja til að bæta ríkissjóði tekjumissinn. Máske yrðu tekjurnar af tollhækkuninni jafnmiklar hagnaðinum á einkasölunni á fyrsta ári (1926), en strax að því loknu

myndi það sýna sig, að ríkissjóður myndi tapa alt að 1/4 miljón króna árlega á afnámi einkasölunnar. Árið 1926 varð innborgaður tóbakstollur svo 1135000 kr., eða nálega sama og allar tekjur ríkissjóðs af tóbaki 1925, en 1927 er innborgaður tollur af tóbaki nál. 200 þús. kr. minni, eða um 950000 kr. Þess ber þó að gæta, að árið 1927 var fremur hagstætt verslunarár. Árið 1928 lítur út fyrir, að innborgaður tollur muni nema ca. 1050 þús. kr., eða nál. 100 þús. kr. minna en 1926, en innflutningurinn 1928 mun vera óvenjumikill sökum góðæris. Það virðist því mega ganga út frá því með vissu, að tekjur ríkissjóðs sjeu um 200 þús. kr. minni nú árlega en þær hefðu orðið, ef einkasalan hefði staðið.

Nú skal nánar athugað, hvernig einkasala mundi bera sig, ef gengið er út frá innflutningi tóbaks árin 1926, 1927 og 1928, *núverandi verðlagi á tóbaki í heildsölu* og rekstrarkostnaði eftir núverandi verðlagi.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar hefir innflutningur tóbaks árin 1922—1927 verið:

1922	Þungi	Verð
Neftóbak	32290 kg.	kr. 450247
Reyktóbak	3547 —	— 45666
Munntóbak	16186 —	— 232227
Vindlar	2608 —	— 83260
Vindlingar	10443 —	— 168099
Samtals tóbak	52023 kg.	kr. 728140
Samtals vindlar og vindlingar	13051 —	— 251359
		kr. 979499

1923		
Neftóbak	43463 kg.	kr. 501390
Reyktóbak	6573 —	— 73986
Munntóbak	24558 —	— 308370
Vindlar	2850 —	— 100398
Vindlingar	13171 —	— 211062
Samtals tóbak	74594 kg.	kr. 883746
Samtals vindlar og vindlingar	16021 —	— 311460
		kr. 1195206

1924		
Neftóbak	41339 kg.	kr. 475560
Reyktóbak	10505 --	— 110555
Munntóbak	21534 —	— 267198
Vindlar	4000 —	— 121015
Vindlingar	13860 —	— 193423
Samtals tóbak	73378 kg.	kr. 853313
Samtals vindlar og vindlingar	17860 —	— 314438
		kr. 1167751

1925			
Neftóbak	40047 kg.	kr.	436420
Reyktóbak	10506 —	—	81737
Munntóbak	22955 —	—	265783
Vindlar	4902 —	—	139717
Vindlingar	24168 —	—	254456
Samtals tóbak	73508 kg.	kr.	783940
Samtals vindlar og vindlingar ...	29070 --	—	394173
		kr.	1178113
1926			
Neftóbak	49570 kg.	kr.	478636
Reyktóbak	22702 —	—	176920
Munntóbak	29023 —	—	303758
Vindlar	9716 —	—	297591
Vindlingar	32378 —	—	307044
Samtals tóbak	101295 kg.	kr.	959314
Samtals vindlar og vindlingar ...	42094 —	—	604635
		kr.	1563949
1927			
Neftóbak	35214 kg.	kr.	355429
Reyktóbak	12416 --	--	86478
Munntóbak	21480 —	—	233253
Vindlar	5675 —	—	155278
Vindlingar	25768 —	—	222460
Samtals tóbak	69110 kg.	kr.	675160
Samtals vindlar og vindlingar ...	31443 —	--	377738
		kr.	1052898

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins var innborgaður tollur 3 fyrstu fjórðunga ársins 1928 orðinn 788454 kr., sem er ca. 10% hærri upphæð en $^3/_4$ hlutar innborgaðs tolls 1927. Virðist því mega ganga út frá því, að innflutningur tóbaks sje ca. 10% meiri 1928 en 1927, eða sje 10% bætt við þunga og innkaupsverð innflutts tóbaks 1927, verður tóbaksinnflutningurinn 1928 þannig:

Tóbak	76548 kg.	kr.	742676
Vindlar og vindlingar	34587 —	—	415571
		kr.	1158187

Verðmæti innflutts tóbaks árin 1926—1928 er þá samtals 3775034 kr., eða 1258345 kr. að meðaltali á ári. Allur innflutningstollur af tóbaki nemur samtals þessi 3 ár 3214402 kr., eða 1070467 kr. að meðaltali á ári. Innborgaður tollur þessi 3 ár nemur samtals 3135000 kr., eða 1045000 kr. á ári. Af tóbaki því, er var innflutt árið 1926, lá um áramót 1926-27 í tollgeymslum vörumagn, er greiða skyldi af 146000 kr. í toll. Verðmæti innflutts tóbaks samtals þessi 3 ár plús

tolli, er skyldi greiða af því, nemur samtals 6989436 kr., en þar sem gera má ráð fyrir, að ca. 300—400 þús. króna birgðir sjeu til í landinu umfram birgðirnar um áramót 1925 26, verður meðaltal verðmætis innflutnings plús tolli ca. 2200000 kr. árlega, ef aðeins hefðu legið jafnmiklar birgðir í landinu á hverjum tíma og voru til 1. jan. 1926, en varla er ástæða til að álíta, að einkasala hefði þurft að liggja með mikið meiri birgðir, Birgðir einkasölunnar, er hún hætti, munu hafa verið ca. 200000 kr., og voru þær mestmegnis seldar 3 síðustu daga ársins 1925. Það virðist því mega gera ráð fyrir því, að innflutningur tóbaks næstu árin verði (innkaupsverð tóbaks komið í hús plús tolli) ca. 2200000 kr. að meðaltali, en á fyrsta ári eftir að einkasala tæki aftur við mætti ganga út frá, að hann yrði ca. 300000 kr. minni vegna of mikilla fyrirliggjandi birgða, en strax á næsta ári þar á eftir ætti hann að ná sjer upp í 2200000 kr., þetta alt að því tilskildu, að innkaupsverð á tóbaki hækki ekki og að mismunur verði ekki á innflutningi einstakra tegunda tóbaks. Undanfarið hefir innflutningur neftóbaks farið minkandi, en innflutningur vindlinga (og vindla að nokkru leyti) farið vaxandi. Haldi sú breyting áfram að eiga sjer stað, hækkar tollurinn að miklum mun, og þess ber í því sambandi að gæta, að álagning á vindlinga er mun meiri en á neftóbak, og ætti því innkaupsverð og tollur samanlagt, plús heildsöluálagningu væntanlegrar einkasölu, að hækka er frá líði, án þess að verðlag einkasölunnar hækkaði frá því, sem nú er.

Álagning einkasölu.

Miðað við þá álagningu, sem nú á sjer stað hjá heildverslunum, er með tóbak versla, má ganga út frá því, að einkasalan muni geta lagt ca. 12% á innkaupsverð vörunnar (kominnar í hús), plús tolli, eða ef um væri að ræða kr. 2200000 upphæð, sem lagt væri á, þá yrði bruttóhagnaður einkasölunnar:

12% af kr. 2200000.00 kr. 264000.00

Rekstrarkostnaður tóbakseinkasölu ætti, eftir því sem reynsla er fengin fyrir, ekki að fara fram úr 100 þús. kr. á ári.

Sje gengið út frá 264000 kr. bruttóhagnaði, verður nettóhagnaðurinn kr. 164500.00. Ef innkaupsverð og tollur næmu til samans aðeins ca. 1900 þús. kr. á fyrsta ári einkasölunnar, yrði hagnaðurinn kr. 36000.00 minni, eða kr. 128500.00. Við útreikninginn á bruttóhagnaði hjer að framan er tekið tillit til mögulegrar rýrnunar á birgðum.

Merking á tóbakinu.

Að sjálfsögðu yrði sama nauðsyn og áður á því að merkja alt það tóbak, sem einkasalan flytur inn. Þá merkingu mun vera auðvelt að fá framkvæmda af verksmiðjunum erlendis án nokkurs kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Kostnaður ríkissjóðs við tollmerkingu þá, sem nú fer fram, var:

Árið 1926:	Í Reykjavík	kr.	25122.90
	Annarsstaðar á Íslandi		? ?
	Tollmiðarnir er ókunnugt hvað kostuðu.		
Árið 1927:	Í Reykjavík	kr.	24129.54
	Annarsstaðar á landinu	—	986.00
		kr.	25115.54

Tollmiðarnir er ókunnugt hvað kostuðu.

Án þess að hægt sje að segja með vissu, hvað tollmiðarnir kosta árlega, þá verður sá kostnaður varla minni en kr. 5000.00 árlega. Við upptöku einkasölu sparast ríkissjóði auk þessa frá því, sem nú er:

1. Kaup gæslumanns tóbakstollgeymslanna í Reykjavík ca. 3000 kr.
2. 1/3 kaup eins starfsmanns í skrifstofu tollstjóra í Reykjavík, er varla má ætla lægra en 2400 kr.

Þessi sparnaður verður því varla minni árlega en:

Kr. 25100.00	spöruð tollálíming.
— 5000.00	ca. sparaðir tollmiðar.
— 5400.00	vinnusparnaður í skrifstofu tollstjóra.
Kr. 35500.00	alls.

Beinn hagnaður ríkissjóðs af upptöku einkasölunnar ætti þá fyrsta árið að geta orðið:

Kr. 128500.00	verslunararður.
— 35500.00	sparaður kostnaður.
Kr. 164000.00	

Og síðan á ári:

Kr. 164500.00	verslunararður.
— 35500.00	sparaður kostnaður.
Kr. 200000.00	

Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir, að innkaupsverð tóbaks plús tolli yrði eitthvert árið eigi meira en t. d. 1500 þús. kr., þá yrði nettóarður einkasölunnar þó aldrei minni en ca. 85 þús. kr. Þar sem frekar er varlega áætlaður arðurinn hjer að framan, má jafnvel vænta þess, að nettóarðurinn gæti farið upp í 1/4 milj. kr. á ári. Hefir reynslan sannað það, sem formælendur einkasölu á tóbaki hjeldu fram, er lögin voru afnumin 1925, að það er alt að 1/4 milj. kr. tap árlega fyrir ríkissjóð að hafa ekki einkasölu á tóbaki, enda þótt haldið sje nákvæmlega sama heildsöluverði á tóbaki undir einkasölu og það hefir verið í frjálsri samkepni síðastliðin 3 ár. Er sanni næst, að af afnámi einkasölunnar 1925 stafi 600—800 þús. kr. tekjumissir fyrir ríkissjóð á árunum 1926—1929.

Obeinn hagnaður.

Auk þess má telja ýmsan óbeinan hagnað fyrir ríkið að einkasölu, svo sem:

1. Minna af veltufje landsmanna bundið í þarflitlum verslunarrekstri.
2. Betri og hagkvæmari innkaup.
3. Minna vinnuafl bundið í landinu við þarflítinn verslunarrekstur.

Tollheimta undir einkasölufyrirkomulagi.

Það mætti segja, að einfaldast væri, að einkasalan skilaði sjálf tollinum beint í ríkissjóð. En ef Alþingi þykir eðlilegra, að tollheimta fari öll fram gegnum núverandi tollstjóra, virðist mega á sama standa, þótt tollurinn sje gerður upp við viðkomandi tollstjóra. Nær því allur tollurinn var undir síðustu einkasölu greiddur í Reykjavík. Það, sem greiða þarf úti á landi, er venjulega algerlega vandalaust að reikna út, en öll vinnan, sem ætla mætti að gengi í útreikning og greiðslu á tollinum í Reykjavík, tekur varla meira en 3—4 tíma á mánuði fyrir einn mann í tollstjóraskrifstofunni. Engin bein ástæða virðist vera til að breyta undirstöðu tollsins eða tollinum pr. kg., meðan Alþingi ætlast til, að ríkissjóður hafi hlutfallslega sömu tekjur af tóbakstollinum og áður.

Skipulag einkasölunnar.

Meðan ekki hefir verið sett á stofn sjerstök landsverslun undir sjálfstæðri stjórn, er kosin væri af Alþingi, eða jafnvel fulltrúum atvinnuveganna, og sem tóbakseinkasala gæti orðið ein grein af, virðist einfaldast, að tóbakseinkasalan heyri beint undir ríkisstjórnina (væntanlega fjármálaráðuneytið), og skipi hún forstöðumann einkasölunnar. Hvort rjett er, að ríkisstjórnin skipi einnig endurskoðendur eða að þeir sjeu kosnir af Alþingi til einhvers ákveðins tíma, getur verið álitamál.

Rekstrarfje.

Varla ætti einkasalan að þurfa mikils rekstrarfjár við, þar sem auðvelt mun að fá tóbakið lánað erlendis frá 3—6 mánuði, og hinsvegar ólíklegt, að ráðlegt þætti að fara inn á þá braut að veita innlendum kaupendum tóbaksins langan gjaldfrest á því. Nokkra upphæð mun þó þurfa í byrjun, sem ætti fljótt að vera hægt að endurgreiða. Væri heppilegt að leggja fyrstu árin vissan hluta arðsins í varasjóð, sem gæti svo verið rekstrarfje einkasölunnar. En ólíklegt, að rekstrarfje það, er þyrfti að leggja einkasölunni til á fyrsta ári, myndi á nokkrum tíma þurfa að fara fram úr 250 þús. kr.

Ed

199. Nefndarálit

um frumv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frv. þetta.

Eins og kunnugt er, er engin löggjöf til hjer á landi um kvikmyndahús nje starfsemi þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar telur því rjettmætt að setja löggjöf um þessi efni, þar sem þessi starfsemi er orðin allvíðtæk. Einkum virðist nauðsynlegt að tryggja eftirlitið sem best með því, að ekki sjeu sýndar kvikmyndir, sem geti haft spillandi áhrif á æskulýðinn.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, mun vera í aðalatriðum samið eftir löggjöf Dana um þessi efni, og felst meiri hlutinn á það í megindráttum, en telur þó sumpart rjettmætt og að öðru leyti nauðsynlegt að gera á því ýmsar breytingar.

Rjettmætt telur meiri hl., að bæjar- og sveitarfjelög hafi rjett til að taka að sjer einkarekstur kvikmyndahúsa í bænum eða sveitinni, þegar rjettur annara rennur út, en sjeu þó auðvitað bundin ákvæðum laganna eins og einstaklingar. Annar meirihl.manna, E. F., vildi þó ganga nokkru lengra um rjett bæjar- og sveitarfjelaga til einkarekstrar.

Þá virðist vera nauðsynlegt að lengja leyfistímann, til þess að meiri trygging sje fyrir því, að leyfishafar hlífist ekki við að leggja í kostnað, bæði við húsnæði og annað.

Sömuleiðis virðist rjettmætt, að gjald það, sem kvikmyndahúsunum sje gert að greiða, sje að einhverju leyti miðað við aðsóknina. Einnig þykir viðurhlutamikið að setja gjaldið eins hátt og frumv. gerir svona til að byrja með, enda nokkuð í óvissu um, hversu kvikmyndahúsin bera sig nú, þó að orð leiki á, að þau sjeu hjer í Reykjavík stórgróðafyrirtæki.

Rjett virðist og að ívilna um skatt, ef sýndar eru myndir með íslenskum teksta eða sjerlega fræðandi.

Loks virðist rjett að láta lög þessi ekki gripa inn í samninga einstakra bæjarfjelaga við kvikmyndahús, er þar starfa nú.

Meiri hluti mentamálanefndar leggur því til, að frv. sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjar- eða sveitarfjelögum að taka einkarekstur á kvikmyndasýningum í umdæmi sínu, þegar leyfi fellur niður, svo framarlega að ríkið sjálft taki ekki sýningarnar að einhverju eða öllu leyti í sínar hendur.

Nú hafa þau skilyrði verið sett fyrir veittum sýningaleyfum áður en

lög þessi öðluðust staðfestingu, sem tryggja bæjar- eða sveitarfjelagi rjett til að taka kvikmyndasýningar í sínar hendur, og skulu þau þá haldast óbreytt.

2. Við 3. gr. Í stað »5 ára« komi: 10 ár.

3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir leyfi til að reka kvikmyndahús skal greiða árlegt gjald, sem renni að $^2/_3$ í ríkissjóð og að $^1/_3$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt eftir á fyrir einn ársfjórðung í senn og greiðist einnig af þeim kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga, er lög þessi öðlast gildi. Árgjald þetta greiðist í heilum aurum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsinu eftir formúlunni:

$$30 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d} \cdot \frac{e}{f}$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga á viku, b meðalverð sæta í kvikmyndahúsinu, talið í heilum aurum, c íbúatöluna í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað, e meðaltal seldra sæta að sýningu yfir árið og f sætafjölda í hlutaðeigandi kvikmyndahúsi. Í meðalverði sæta í kvikmyndahúsi (b) er innifalinn skemtanaskattur, fatageymslugjald og önnur gjöld, er kann að þurfa að greiða til að fá aðgang að sýningunni.

Skatturinn innheimtist af tollstjóra í Reykjavík, en lögreglustjóra utan Reykjavíkur, og ákveðst samkvæmt formúlunni af honum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum á þeim stöðum, sem kvikmyndahús eru ekki fyrir, undanþágu frá gjaldi um alt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

Sömuleiðis má dómsmálaráðherra veita kvikmyndahúsum ívilnun um gjald eða felt það niður með öllu fyrir sýningu þeirra mynda, sem eru með íslenskum teksta eða eru sjerstaklega fræðandi, svo sem náttúrufræðimyndir o. fl.

Alþingi, 23. mars 1929.

Jón Jónsson,	Erlingur Friðjónsson,
form., frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **200. Lög**

um fiskiræktarfjelög.

(Afgreidd frá Ed. 23. mars).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða gæti verið stunduð í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra

manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrotni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr.

Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.

8. Hvernig samþykt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886, og annara laxveiðilaga, er sett kunna að verða.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **201. Lög**

um tannlækningar.

(Afgreidd frá Nd. 23. mars).

A. Skilgrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi, eða á annan hátt aflað sjer álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi þær, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem heilbrigðisstjórn metur gilt.

Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með

talið allskonar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækningaleyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

Nd. **202. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndinni hefir borist brjef frá sjera Stefáni Björnssyni á Hólmum, dags. 8. febr. 1929. Í brjefinu er allítarleg greinargerð á því, hve hlunnindi jarðarinnar af æðarvarpi og síldveiði hafi rýrnað tilfinnanlega á seinni tímum; einnig lýsir hann örðugleikunum á því, að sóknarpresturinn reki þar bú við hæfi jarðarinnar, sakir fólkseklu og annara örðugleika, og telur, að það sje síður en svo hagsmunamál fyrir prest yfir höfuð að tala að sitja á Hólmum. Hinsvegar telur hann til stórhagnaðar fyrir Eskifjarðarkaupstað að fá land til ræktunar í landi staðarins. Prestur hefir gert Eskifjarðarkaupstað tilboð um kaup á húsum þeim og mannvirkjum, sem eru hans eign á staðnum.

Meiri hluti allsherjarnefndar felst á röksemdaleiðslu prestsins og telur, að það sje hverju kauptúni nauðsynlegt að hafa sem greiðastan aðgang að landi til ræktunar. Þar sem nú heimildin fyrir sölu umrædds hluta úr Hólmalandi, sem fullyrða má, að til meiri nytja yrði fyrir Eskfirðinga en Hólmaprest, er bundin því skilyrði, að sóknarprestur samþykki kaupin, þá telur meiri hluti nefndarinnar rjett að leggja til, að frv. verði samþykt breytingalaust.

Þess skal getið, að nefndin hefir leitað álits biskups um frv., og er hann því mótfallinn.

Alþingi, 23. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson.	Magnús Torfason.

Nd. **203. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:
   a. Að auka landhelgisgæsluna við innanverðan Faxaflóa og að sunnanverðu á Breiðafirði á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir á sunnanverðum Faxaflóa.

b. Að haldið sje úti sjerstökum mótorbáti til landhelgisgæslu á svæðinu frá Hornbjargi að Straumnesi við Patreksfjörð yfir mánuðina maí—október, nema vissa sje fyrir því, að hin stærri landhelgisgæsluskip ríkisins geti annast það svo vel sje.

2. Fyrirspurnin verður:

Tillaga til þingsályktunar um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa og á sunnanverðum Breiðafirði.

Ed. **204. Frumvarp**

til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir í landi kaupstaðarins, sem eru eign Neskirkju, að undanskilinni hæfilegri lóð undir og kringum íbúðarhús og geymsluhús dánarbús Jóns prófasts Guðmundssonar.

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóðnum 340 álnir í landi kaupstaðarins, sem eru eign ríkissjóðs.

3. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og laga nr. 31, frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.
3. Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.

Nd. **206. Breytingartillaga**

við till. til þál. um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrirsögnina skal orða svo:

Tillaga til þingsályktunar um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa.

Ed. **207. Frumvarp**

til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Erlingur Friðjónsson.

I.

MENTASKÓLINN Í REYKJAVÍK.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera mentaskóli með fjórum ársdeildum og átta bekkjum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna mentun, svo að þeir verði hæfir til að stunda nám við háskóla og aðrar mentastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Skifta skal bekkjum Mentaskólans í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Mentaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, ensku, Norðurlandamál, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, fjelagsfræði, bókmentafræði og listasögu, náttúrusögu og náttúrufræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kenslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef meiri hluti skólaráðs og skólameistari mæla með breytingunni.

6. gr.

Íslensk tunga og íslensk fræði skal vera höfuðnámsgrein í skólanum.

Eigi má byrja á nema einu erlendu máli í neinum bekk. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfa eða heila daga, til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfimikennari sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari í samráði við skólaráð.

Við árspróf skipar skólameistari prófdómendur í hverri grein, en kenslumálaráðuneytið við stúdentspróf. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

9. gr.

Ljúka má námi við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, sjeu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kenslumálaráðuneytið veitt sjerlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir sjeu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sje óspilt.

12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum

bókmentum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í Norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning, fjelagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7) Í landafræði: Hafa glögga yfirlitsþekkingu um lögun jarðar, beltaskipun, höf og álfur, hafstrauma, meginfjallgarða, sljettur, stórár, menningarborgir, kynþætti, þjóðir og ríki, helstu atvinnuhætti og stjórnarfar hinna merkari landa. Vera leikinn í að nota landabrjef.

13. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kensla stendur til mailoka, en árspróf og lokapróf eru í júní.

15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til þrettánda, að báðum þeim dögum meðtöldum; 2) Öskudagur; 3) Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti; 6) Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember; 7) Sumarleyfi frá því prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

16. gr.

Kennarar skólans skulu vera 8, og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess vegna 2000 kr. í risnufje.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans, sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fje er veitt til í fjárlögum.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa kynt sjer allítarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum, og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kenslu sýnt í verki, að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Skólameistari útnefnir meðal kennara skólans forstöðumenn bekkja. Skulu þeir hafa nána viðkynningu við nemendur í bekk sínum, eftirlit með háttum þeirra og leitast í hvívetna við að verða þeim til hjálpar. Forstöðumenn skulu að jafnaði fylgja hinum sama bekk frá því að nemendur komu í skóla, þar til þeir taka burtfararpróf.

20. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stýrir þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrjett.

21. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

22. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. En sjer til aðstoðar hefir það 12 manna skólaráð. Í skólaráði eiga sæti 5 fulltrúar útskrifaðra nemenda, 2, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í senn, 3, sem Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í einu, 1, sem háskólaráðið tilnefnir til eins árs, og fræðslumálastjóri landsins, sem er sjálfkjörinn formaður. Enginn er hlutgengur í skólaráðið nema hann hafi tekið stúdentspróf úr skólanum. Skilyrði fyrir kosningarrjetti til skólaráðs er að hafa tekið stúdentspróf úr latínuskólanum eða mentaskólanum og að hafa greitt að minsta kosti 10 kr. árgjald í skólasjóð. Í reglugerð skal ákveða nánar um framkvæmd kosninga til skólaráðs.

Nú verða forföll í skólaráðinu við andlát, burtflutning eða að einhver aðili óskar ekki að kjósa mann eða menn í skólaráðið, og skal þá kenslumálastjórnin tilnefna úr hópi gamalla nemenda skólans í Reykjavík eða nágrenninu varamenn, eftir því sem með þarf. Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr skólasjóði. Það heldur fundi sína í húsi mentaskólans. Ákvæðin um skólaráð koma í gildi 1. október 1930.

23. gr.

Kenslumálaráðuneytið skal leita umsagnar skólaráðs um öll mál, er skólann varða og undir ráðuneytið falla, skipun prófdómenda, tilhögun prófa, skipun kennara og skólameistara, staðfestingu reglugerðar, um meðferð skólasjóðs, um meðferð á lóðum og leikvöllum skólans og um nýbyggingar í skólans þágu. Skólaráð skal og hafa með höndum eftirlit með skólanum og önnur störf skólans vegna, sem ákveðin kunna að vera í reglugerð.

24. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð, og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

25. gr.

Þegar heimavist kemur við skólann, skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

II.

GAGNFRÆÐASKÓLINN Í REYKJAVÍK.

26. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli, sem nefnist Gagnfræðaskólinn í Reykjavík. — Skólinn starfar í þremur ársdeildum.

27. gr.

Markmið skólans er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, frekari almenna, hagnýta fræðslu, bóklega og verklega.

28. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

Námstiminn á hverju ári er 7—7½ mánuður og kenslustundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

29. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk skólans eru þessi: 1) að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar; 2) að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi; 3) að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

30. gr.

Til þess að utanskólanemandi verði tekinn í annan eða þriðja bekk, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

31. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmálsfræði og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, dráttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í 3. bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, fjelagsfræði, hagfræði og þau atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir þá því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

32. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi, og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða, að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

33. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

34. gr.

Við Gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kenslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar þess skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

35. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans á hendi. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenslumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefnd-

arinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrír, tilnefndir á sama hátt og af sömu aðiljum til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

36. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður aukakennara og stundakennara og skiftir verkum með þeim.

37. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

38. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1929—1930 og 1931 reisa hús handa Gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur Reykjavíkurbær til ókeypis lóð, sem kenslumálaráðuneytið tekur gilda, og ennfremur ókeypis vatn úr hitaveitu bæjarins, ef heita vatnið reynist meira en þarf til að hita þær opinberu byggingar landsins og bæjarins, sem nú er verið að reisa og ráðgert er að hita á þann hátt. Ríkissjóður leggur fram $^2/_5$ hluta byggingarkostnaðar og Reykjavíkurbær $^3/_5$ hluta. Úr ríkissjóði má verja í þessu skyni alt að 20 þús. kr. á ári þau þrjú ár, sem verið er að reisa skólahúsið.

39. gr.

Fyrir hvern reglulegan nemanda greiðast í skólasjóð 80 kr. úr ríkissjóði fyrir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á hvern bekk skólans til jafnaðar. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Reykjavíkur 120 krónur fyrir hvern nemanda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk.

40. gr.

Kenslugjald utanbæjarnemenda skal vera 60 kr. yfir skólaárið. Innanbæjarnemendur greiða ekki kenslugjald.

41. gr.

Nú eru haldin námsskeið við skólann í bóklegum og verklegum fræðum eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Reykjavíkur 9 krónur fyrir mánaðarkenslu hvers slíks nemanda. Utanbæjarnemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við námstímann, eftir ákvörðun skólanefndar.

42. gr.

Ríkisstyrk og kenslugjaldinu má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

III.

GAGNFRÆÐASKÓLINN Á AKUREYRI.

43. gr.

Á Akureyri skal vera skóli, er nefnist Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

44. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum.

45. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

46. gr.

Skólinn skiftist í tvær aðaldeildir. Í gagnfræðadeild eru þrír bekkir. Próf þaðan eftir tveggja ára nám heitir gagnfræðapróf, en lokapróf gagnfræðapróf hið meira. Í síðari deildinni, sem heitir mentadeild og býr nemendur undir háskólanám, eru fjórir bekkir. Eftir tvo vetur í mentadeild ljúka nemendur fyrri hluta stúdentsprófs, en eftir fjóra vetur lokaprófi stúdenta.

47. gr.

Í mentadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, ensku, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, fjelagsfræði, bókmentafræði og listasögu, náttúrufræði og náttúrusögu, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

48. gr.

Íslensk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfa eða heila daga til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfimiskennarinn sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

49. gr.

Í fyrsta og þriðja bekk mentadeildar skal halda árspróf. Stúdentsprófi er lokið úr öðrum og fjórða bekk.

Við árspróf skipar skólameistari prófdómendur í hverri grein, en kenslumálaráðuneytið við stúdentspróf.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

50. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, en aðaleinkunnir skulu vera: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn og önnur einkunn betri og lakari. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

51. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum mentadeildar. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum deildarinnar, hafa leyfi til að setjast í skólann eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó, með samþykki meiri hluta skólanefndar, bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar að hann sje gæddur frábærlega góðum gáfum.

52. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í mentadeild: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði a. m. k. 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Aldurstakmark þeirra sem setjast í aðra bekki svarar til inntökualdurs; 2) að þeir sjeu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sje óspilt.

53. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk mentadeildar verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum bókmentum, bæði á þjóðveldistímunum og síðan um 1800; 2) Í Norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýsku: Hafa lesið ekki minna en 100 bls. af venjulegu kenslubókamáli og hafa numið undirstöðuatriði þýskrar málfræði. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði og þekkja að minsta kosti 50 tegundir íslenskra blómjurta og 25 tegundir íslenskra fugla. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa glögga yfirlitsþekkingu um lögun jarðar, beltaskipun, höf og álfur, hafstrauma, kynþætti, þjóðir og riki, meginfjallgarða, sljettur, stórár og menningarborgir, helstu atvinnuhætti og stjórnarfar hinna merkari landa. Vera leikinn í að nota landabrjef.

54. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk, bæði í mentadeild og gagnfræðadeild,

skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

Skólameistari útnefnir í báðum deildum skólans forstöðumenn bekkja. Skulu þeir hafa nána kynningu við nemendur í bekk sínum og leitast í hvívetna við að greiða götu þeirra við námið.

55. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30 september. Kenslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

56. gr.

Fastir kennarar skulu vera 6 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fje er veitt til í fjárlögum og í gagnfræðadeild eftir því sem ástæður skólasjóðs leyfa.

57. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

58. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa kynt sjer allítarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kenslu hafa sýnt að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

59. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stjórnar þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrjett. Í reglugerð skal ákveða um valdsvið kennarafunda.

60. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

61. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. En að því er snertir mentadeildina hefir það sjer til aðstoðar 12 manna skólaráð. Í skólaráði eiga sæti 5 fulltrúar útskrifaðra nemenda úr Möðruvallaskóla og lærisveinar, sem lokið hafa gagnfræðaprófi á Akureyri eigi síðar en 1930. Eftir þann tíma verða þeir einir til viðbótar hlutgengir sem kjósendur og fulltrúar í skólaráðið, sem lokið hafa stúdentsprófi í skólanum. Þá kýs bæjarstjórn Akureyrar 3 fulltrúa með hlutfallskosningu til 4 ára í senn, og Alþingi 3, sömuleiðis með hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Háskólinn útnefnir 1 fulltrúa í skólaráðið til eins árs í senn. Skólaráðið kýs sjer sjálft formann til 4 ára. Um kjörgengi fulltrúa í skólaráðið fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar, Alþingis og Háskólans gilda sömu reglur og um þá, sem kosnir eru af fjelagi gamalla nemenda. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera minna en 10 kr. á fjelaga, og rennur það í skólasjóð. Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um kosningu til skólaráðs.

Nú verða forföll í skólaráðinu við andlát, burtflutning eða að einhver aðili, sem á rjett að kjósa einn eða fleiri fulltrúa í skólaráðið, notar ekki þennan rjett sinn, og skal þá kenslumálastjórnin tilnefna úr hópi gamalla nemenda, búsettra á Akureyri eða í nágrenninu, varamenn eftir því sem með þarf. Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við brjefaskifti og símaafnot goldin úr ríkissjóði. Skólaráðið heldur fundi sína í húsi skólans. Ákvæðin um skólaráð koma í gildi 1. júní 1930.

62. gr.

Kenslumálaráðuneytið skal leita umsagnar skólaráðs um öll mál, er skólann varða og undir ráðuneytið falla, svo sem skipun prófdómenda, tilhögun prófa, skipun kennara og skólameistara, staðfestingu reglugerðar og meðferð skólasjóðs, um meðferð á löndum skólans og nýbyggingar í skólans þágu. Skólaráðið skal og hafa eftirlit með skólanum og önnur störf skólans vegna, sem ákveðin kunna að verða í reglugerð.

63. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði mentadeildar má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

64. gr.

Í heimavist skólans skulu þeim nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr mentadeild skulu hafa rjett til ⅔ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til ⅓ hluta.— Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

65. gr.

Inntökuskilyrði í fyrsta bekk gagnfræðadeildar eru þessi: 1) Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2) Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi. 3) Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólameistari veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

66. gr.

Til þess að utanskólanemandi verið tekinn í annan eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu, þroska og aldur, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

67. gr.

Í gagnfræðadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu flatarmáls- og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, dráttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í þriðja bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, fjelagsfræði, hagfræði og þau atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum, bæði í menta- og gagnfræðadeild, í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

68. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

69. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefni við prófin.

70. gr.

Meðan gagnfræðabekkirnir þrír eru óskiftir, leggur ríkið þeim til ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ennfremur kostar ríkið kensluna í 2. og 3. bekk óskiftum. En að því er snertir kostnað við kenslu fyrsta bekkjar, skulu um

hana gilda sömu almenn ákvæði og um Gagnfræðaskólann í Reykjavík. Sama gildir og, ef skifta þarf vegna mikillar aðsóknar öðrum eða þriðja bekk gagnfræðadeildar og um námsskeið eða sjernám í sambandi við gagnfræðadeildina. Þá skal kostnaðurinn við þá kenslustarfsemi, og við húsabætur vegna hennar, skiftast milli ríkissjóðs og Akureyrarbæjar eftir sömu hlutföllum og við Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

71. gr.

Þegar reisa þarf ný hús vegna aukinnar aðsóknar að gagnfræðadeild, skal reisa þau, eftir fyrirmælum kenslumálastjórnarinnar, á því landi, sem Akureyrarbær gaf ríkissjóði vegna Gagnfræðaskólans á Akureyri veturinn 1928—29. Ríkissjóður leggur fram í stofnkostnað þeirra húsa ⅖ hluta, eftir því, sem fje er heimilað í því skyni í fjárlögum eða sjerstökum lögum, en Akureyrarkaupstaður ⅗ hluta. Hafi Akureyrarbær ráð á jarðhitavatni, meiru en þarf til að hita þær opinberar byggingar, sem bærinn er nú að reisa, skal hann skyldur til að leggja heitt vatn fram endurgjaldslaust til að hita nauðsynlegar viðbótarbyggingar gagnfræðadeildar.

72. gr.

Þegar Akureyrarkaupstaður hefir tekið að sjer samkvæmt lögum þessum. hlutfallslegan kostnað við rekstur tveggja eða fleiri bekkja í gagnfræðadeild skólans, þá skal þriggja manna skólanefnd kosin til samstarfs við skólameistara um yfirumsjón gagnfræðadeildar. Bæjarstjórn Akureyrar kýs í nefndina með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenslumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrír, tilnefndir af sömu aðiljum, á sama hátt til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

73. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir gagnfræðadeildina um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal með skólameistara ráða um bóka- og áhaldakaup og annað, er lýtur að fjárstjórn gagnfræðadeildar, og ráðstöfun skólasjóðs.

74. gr.

Námstíminn á ári hverju er 7—7½ mánuður í gagnfræðadeild, og kenslustundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

Í þeim bekkjum gagnfræðadeildar, þar sem ríkissjóður og Akureyrarbær kosta kensluna í fjelagi, skal greiða í skólasjóð 80 kr. úr ríkissjóði fyrir hvern reglulegan nemanda yfir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á bekk til jafnaðar. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Akureyrar 120 kr. fyrir hvern nemanda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk. Kenslugjald utanbæjarnemenda skal vera 60 kr. yfir skólaárið og rennur í skólasjóð. Innanbæjarnemendur í gagnfræðadeild greiða ekki kenslugjald eftir að Akureyrarbær hefir byrjað að greiða ⅗ af rekstrarkostnaði eins eða fleiri af bekkjum gagnfræðadeildar.

75. gr.

Nú eru haldin námsskeið í bóklegum eða verklegum fræðum við gagnfræðadeild eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Akureyrar 9 krónur fyrir mánaðarkenslu hvers slíks nemanda. Utanbæjarnemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við námstíma, eftir ákvörðun skólanefndar.

76. gr.

Ríkisstyrk og kenslugjaldinu má ekki verja til annars en útgjaldanna við rekstur þeirra bekkja gagnfræðadeildar, sem ríkið og bæjarsjóður Akureyrar kosta í sameiningu.

77. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, og lög nr. 68, 7. maí 1928, um bráðabirgðaungmennafræðslu í Reykjavík, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum kenslumálaráðherra. Fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Svo sem kunnugt er, hefir, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, ekki tekist að fá Alþingi til að samþykkja aðra löggjöf um Mentaskólann heldur en launalögin og fjárlagaákvæðin um rekstrarstyrk til skólans. Fyrirkomulag skólans hvílir á tilskipunum, sem stjórnir landsins hafa gert á ýmsum tímum, og sum mikilsverð atriði, svo sem ráðning margra af starfmönnum skólans með launakjörum fastra kennara, hafa verið framkvæmd án þess að samþykki löggjafarvaldsins kæmi til. Má fullyrða, að tómlæti Alþingis um hag skólans hefir orðið honum til mikils ógagns á margan hátt.

Fyrir nálega fimmtíu árum var Möðruvallaskólinn stofnaður, fyrir atbeina áhugasamra Norðlendinga. Þótti þeim, er þjóðin hafði fengið nokkurt frelsi og fjárforráð, sem vel færi á að bæta Norðurlandi það tjón, sem útlend stjórn hafði valdið, er hún um aldamótin 1800 svifti Norðurland mentaskólanum á Hólum, þeirri stofnun, sem frá því á dögum Jóns biskups Ögmundssonar hafði verið önnur líftaug hinnar andlegu heimastjórnar í landinu. Norðlendingar ætluðu frá upphafi, að Möðruvallaskólinn skyldi verða arfþegi hins forna Hólaskóla. Þetta er nú að rætast. Smátt og smátt hefir stofnun þessari vaxið fiskur um hrygg, uns nú er svo komið, að skólinn er í einu stór alþýðuskóli og mentaskóli. En með þessari þróun hefir skólinn vaxið langt út yfir þau takmörk, sem gömul löggjöf hafði markað honum. Fyrir Gagnfræðaskólann á Akureyri er ný löggjöf mjög eftirsóknarverð, engu síður en fyrir Mentaskólann. Meðal annars er full þörf að koma á nokkurri verkaskiftingu milli hinna endurfæddu mentaskóla biskupssetranna sunnanlands og norðan.

Í þriðja lagi hefir Reykjavík, höfuðstaður landsins, stækkað hröðum skrefum hin síðustu ár, þannig að nú mun láta nærri, að fjórði hluti æskumanna í landinu vaxi þar upp. En mitt í hinum öra vexti hafa leiðtogar bæjarins að mestu látið hjá líða að skifta sjer af mentaskilyrðum unglinganna í bænum. Margir sjerskólar hafa risið upp í bænum, flestir fyrir forgöngu Alþingis, en hvergi á landinu hefir hin almenna ungmennamentun verið svo herfilega vanrækt eins og einmitt í höfuðstaðnum. Þessi vanræksla var orðin svo mikil, að af henni var farin að stafa landshætta. Þetta var ástæðan til þess, að stjórnin hófst handa í vetur sem leið með nokkrar umbótatilraunir í þessu efni og lagði fyrir þingið tillögu um Gagnfræðaskóla í Reykjavík. Efri deild tók vel í málið, og samkomulag varð fyrirhafnarlítið milli manna úr öllum flokkum um eitt atriði, að ríkið skyldi ekki leggja fram nema ⅖ af stofnkostnaði unglingaskóla í kaupstöðum, þó að það legði fram helming til að byggja hjeraðsskólana, þar sem þurfa að vera heimavistir fyrir nemendur. Sömuleiðis þótti vel fara á að láta ungmennaskóla kaupstaðanna heita gagnfræðaskóla. Neðri deild tók og vel í málið. Hún viðurkendi fyllilega nauðsyn betri alþýðufræðslu í Reykjavík og leit á frv. um gagnfræðaskólann eins og þrep í þróun fræðslumála kaupstaðanna. En svo sem til að undirstrika nauðsyn málsins og hvetja til meiri framkvæmda, vildi neðri deild ekki kalla hinn húsalausa skóla fullu nafni og ljet skólabyrjun þessa vera svo að segja heitislausa fyrsta árið.

Málunum er þess vegna nú komið svo, að hin mesta þörf er að koma skipulagi á form mentaskólanna beggja, og um leið á hina almennu ungmennafræðslu í Reykjavík og Akureyri sjerstaklega. Fyrir þetta þing var lagt frv. um hjeraðsskólana fjóra, sem nú eru til, en því nafni nefna menn nú gagnfræðaskóla sveitanna. Næsta stigið er að koma jafnföstu og glöggu skipulagi á ungmennafræðslu kaupstaðanna, þ. e. gagnfræðaskólana, og um leið að marka hreinlega afstöðu alþýðuskólanna bæði í sveitum og kaupstöðum til stúdentafræðslunnar.

Með frv. þessu er leitast við að leysa þennan vanda, eftir því sem nú má við koma, með því að leggja til, að Alþingi samþykki stofnlög beggja mentaskólanna, og um leið að koma svo fyrir gagnfræðanáminu í Reykjavík og Akureyri, að þeir skólar yrðu, eftir því sem við má koma, eðlilegir liðir í hinu almenna skólakerfi kaupstaðanna, sem ef til vill verður hægt að fullmóta á Alþingi 1930.

Síðastliðið sumar fól kenslumálastjórnin tveim skólafróðum mönnum að marka frumdrætti að nýrri löggjöf um mentaskólana. Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri skyldi sjerstaklega undirbúa frv. um Mentaskólann og Sigurður Guðmundsson skólameistari á Akureyri samskonar frv. um norðlenska skólann. Fræðslumálastjóri var utan nokkuð síðastliðið sumar, meðfram vegna þessa máls, og kynti sjer einkum fyrirkomulag mentaskóla í Svíþjóð og Englandi. Hann gerði síðan uppkast að sameiginlegu frv. fyrir báða mentaskólana. Sigurður Guðmundsson heimsótti aftur á móti mentaskóla í Noregi og Danmörku fyrri hluta yfirstandandi vetrar og kom úr þeirri ferð til Reykjavíkur skömmu fyrir þing. Unnu þeir fræðslumálastjóri og skólameistari þá nokkuð saman, þannig að inn í hið eldra frv. var bætt ýms-

um atriðum, sjerstaklega vegna skólans á Akureyri. Frumvarp þetta var nú sent til álita rektor og kennurum Mentaskólans. Gengu þeir inn á aðalgrundvöllinn eins og hann hafði verið lagður, en gerðu til landsstjórnarinnar tillögur um breytingar á talsvert mörgum einstökum atriðum.

Samhliða þessum undirbúningi hafði kenslumálaráðherra undirbúið málið fyrir sitt leyti, m. a. heimsótt nokkru fyrir þing allmarga af hinum elstu og þektustu mentaskólum í Englandi og Skotlandi. Hvergi er jafnmikið af gömlum óháðum sjálfseignarskólastofnunum eins og í Englandi, og mátti fyrirfram vænta nokkurs árangurs af að kynna sjer skipulag og reynslu slíkra stofnana, þegar festa skyldi um stund fyrirkomulag hinna almennu æskumannaskóla á Íslandi.

Fyrir aðstandendur mentaskólanna skiftir lausnin á máli þeirra sjálfra auðvitað mestu máli. En fyrir landsstjórnina horfði málið öðruvísi við. Umbót og efling mentaskólanna var aðeins einn liður í hinni almennu þróun mentamálanna, þar sem varð að taka tillit til allra landsmanna, sem eiga að njóta gagnsins af skólunum og líka að bera byrðarnar.

Við undirbúning málsins kom í ljós, að hinir tveir mentaskólar geta ekki, nema sjer til skaða, látið sníða sjer algerlega samskonar klæði. Báðir hafa alllanga sögu að baki. Skilyrðin í Reykjavík og á Akureyri eru talsvert ólík. Stjórnin afrjeð þess vegna að hafa að vísu sama frv. um báða skólana, en þó alveg aðgreinda kafla. Með því móti var m. a. hægt að taka meira tillit til reynslu og óska forráðamanna skólanna beggja.

Í annan stað var einskonar alþýðuskóli í föstu sambandi við mentaskólana báða. Aðrir kaupstaðir, svo sem Hafnarfjörður, Ísafjörður og Vestmannaeyjar. hafa líka ungmennaskóla, sem að líkindum gera smátt og smátt samanburðarkröfur við hliðstæða skóla, sem ríkið kann að reka.

Hjer var því úr vöndu að ráða. Á Akureyri og í Reykjavík hafa nú um alllangt skeið verið þriggja vetra alþýðuskólar, sem ríkið hefir kostað eingöngu. Úr báðum þessum skólum lá opinn vegur inn í lærdómsdeildina í Reykjavík, og nú síðast inn í hina ungu lærdómsdeild á Akureyri. Það var ekki hægt að taka af Reykjavík og Akureyri þau hlunnindi til alþýðumentunar, sem þessir kaupstaðir höfðu fengið. En það mátti búa svo um hnútana, að þessir kaupstaðir fengju ekki ný hlunnindi um alþýðufræðslu, sem öðrum kauptúnum og sveitum landsins yrði neitað um.

Hjer er þess vegna farin sú leið, að losa gagnfræðakensluna bæði í Reykjavík og á Akureyri úr öllu beinu sambandi við mentaskólafræðsluna á þessum stöðum. Mentaskólanám verður að vísu jafnt sem áður í Reykjavík og á Akureyri. En nemendur úr hjeraðsskólum landsins og úr gagnfræðaskólum kaupstaðanna eiga allir þangað jafngreiða og jafnerfiða göngu. Með því fyrirkomulagi, sem hjer er lagt til, prófa ungmenni landsins gáfur sínar og námslöngun í hjeraðsskólum sveitanna og gagnfræðaskólum kaupstaðanna. Flestir láta sjer nægja þá skólagöngu, er þeir fá þar. En nokkrir finna til löngunar til að halda áfram. Þeir vita, að með ofurlitilli viðbót geta þeir kept um inngöngu í fyrsta bekk af fjórum í öðrumhvorum mentaskólanum, eftir að hafa verið tvo vetur í ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði,

Reykjavík, Laugarvatni, Hvítárbakka, Núpi, Ísafirði, Akureyri, Laugum og Eiðum.

Hugsanlegt er um aðstandendur mentaskólanna, að þeir vildu helst óska, að skólarnir væru óskiftir 6 vetra skólar, að 12 ára börn gætu gengið þar inn og 18 ára stúdentar flogið þaðan á brott. En hver sannar, að þjóðinni sje það fyrir bestu, að þeir einir verði embættismenn og fræðimenn í landinu, sem geta ákveðið að hefja 10—12 ára nám þegar þeir eru 12—13 ára að aldri? Er ekki hitt miklu fremur reynslan, að margir af bestu og nýtustu mönnum landsins hafa byrjað slíkt nám seint, stundum ekki fyr en um tvítugt? Fyrir slíka menn er veran í ungmennaskólunum víðsvegar um landið beinlínis tilefni þess, að þeir finna, hvað í þeim býr, og fá áræði til að leggja út í langt nám, án vissu um, hvað við tekur. En fyrir þjóðfjelagið er mjög oft mestra átaka að vænta frá slíkum mönnum.

Stjórnin hefir þess vegna bygt frv. þetta í öllum aðalatriðum um fyrirkomulag kenslunnar og efnisval á tillögum fræðslumálastjóra, Sigurðar skólameistara og kennara Mentaskólans. Um Mentaskólann tekið sjer í lagi tillit til álits fræðslumálastjóra og kennaranna, en um Akureyrarskólann til forstöðumannsins þar. En nýbreytnin frá tillögum þessara aðstandenda skólanna liggur í því, að gera gagnfræðadeildir beggja skólanna alveg óháðar mentadeildunum og alveg hliðstæðar öðrum ungmennaskólum í landinu. Í öðru lagi er tekin upp eftir mjög gamalli og affarasælli reynslu í Englandi sú tilhögun að gefa gömlum nemendum skólanna allmikið vald um tilhögun þeirra. Takist að fá gamla nemendur Reykjavíkur- og Akureyrarskólans til að slá verndarhring um heimili æskuáranna, getur það orðið til ómetanlegs gagns fyrir nemendurna, skólana og þjóðina alla.

Um aldamótin síðustu var Akureyrarskólinn tveggja vetra alþýðuskóli, sem hafði haft óvenjulega mikil áhrif á fjelagsmenningu Norðlendinga og Austfirðinga. Mentaskólinn var enn í sínum gamla ham. Fornmálin aðalatriði, kenslan þunglamaleg, en nokkuð traust. Fremur illa búið að skólanum og sambúð nemenda og kennara erfið. Veðrabrigði lágu í loftinu. Unga kynslóðin heimtaði framfarir, ekki kyrstöðu. Baráttan var háð um fornmálin annarsvegar og nýju málin og náttúrufræðina hinsvegar. Átökin urðu hörð innan skólans og utan. Leikslokin urðu þau, að gríska var gerð útlæg og latína lömuð. Enska og náttúrufræði settust í hið auða sæti griskunnar og latínunnar, sem minkuð var til hálfs.

En um leið varð önnur breyting hið innra í skólanum. Sumir kennararnir höfðu átt í allmiklum útistöðum við pilta og ýmsum veitt betur. Nemendur skólans, jafnvel í neðri bekkjunum, voru þá, eins og jafnan hafði verið, sumir nálega fullþroskaðir menn og mjög sjálfstæðir í hugsun. Þeir gátu verið óvinsælum og seinheppilegum kennurum erfiðir í skauti. Í stað þess að laga lífið í skólanum eftir þörfum þjóðarinnar og þróttmikilla nemenda, var það ráð tekið, að fórna hagsmunum þjóðarinnar fyrir sjerhagsmuni kennara, sem ekki gátu búið að ungum mönnum. Þá var tekið upp það mikla óhapparáð, að bola þroskuðum mönnum burtu frá skólanum, aðeins til þess

að kennarar, sem ekki voru vaxnir lífsstarfi sínu, þyrftu ekki að etja kappi við ofjarla sína.

Um leið og gríska var send í útlegð, var þrem neðri bekkjum skólans vendilega lokað fyrir þroskuðum nemendum. Barnungir urðu nemendurnir að vera til þess að komast inn í fyrsta bekk. Og í annan og þriðja bekk fjekk enginn að fara, sem ekki hafði sem barn komist inn í fyrsta bekk. Ennfremur voru fimti og sjötti bekkir harðlæstir fyrir nýjum mönnum, en lítilli smugu haldið opinni inn í fjórða bekk.

Stefán Stefánsson var um þessar mundir áhrifamesti skólamaður á Norðurlandi og átti sæti á Alþingi. Hann tók nú upp þráðinn, þar sem Arnljótur Ólafsson og aðrir af stofnendum Möðruvallaskólans höfðu frá horfið. Stefán Stefánsson átti mikinn þátt í, að hús skólans á Akureyri varð svo mikið og veglegt sem raun ber vitni um, og í annan stað var það nálega eingöngu hans verk að koma Gagnfræðaskólanum á Akureyri í beint samband við lærdómsdeildina í Reykjavík. Með þessari tilhögun voru 3 neðstu bekkir Mentaskólans í orði kveðnu gerðir að alþýðuskóla fyrir Suðurland, eins og Akureyrarskólinn var eini alþýðuskóli norðanlands. En jafnframt nutu þessir tveir alþýðuskólar þeirrar sjerstöðu, að nemendur þaðan gátu gengið beint inn í lærdómsdeildina í Reykjavík, sem nú var ekki nema þriggja vetra skóli.

Fyrirkomulag þetta var í einu bæði framför og afturför. Fyrir þá Norðlendinga, sem vildu þoka kenslu Möðruvallaskólans í þá átt, að skólinn yrði arftaki Hólaskóla, var breytingin mikill sigur. En fyrir alþýðufræðsluna á Norðurlandi var breytingin ekki til bóta. Þar sem beint samband varð milli lærdómsdeildar í Reykjavík og gagnfræðakenslunnar á Akureyri, var óhjákvæmilegt að miða kenslu allra, sem luku námi á Akureyri, við þarfir þeirra, sem hjeldu áfram í Reykjavík, en ekki við þarfir skólans sjálfs sem alþýðuskóla. Þannig eyddu ungar stúlkur, sem ekki ætluðu að halda áfram lengra námi, oft sjer til angurs og skaða miklum tíma og orku í gagnslaust stærðfræðinám, í stað þess að geta sjer til varanlegs gagns og ánægju sint íslenskum bókmentum. Og hagnýtt var námið ekki, svo sem þurft hefði að vera. Efnismenn með háu prófi kunnu ekki að gera einfaldan vinnusamning eða lítinn viðskiftareikning, eftir því sem merkir vinir skólans, er til þektu, hafa játað. Þessi missmíði voru alveg eðlileg afleiðing þess, að hið almenna nám Akureyrarskólans hafði verið sett í of náið samband við undirbúningsnám háskólans. Hinsvegar hafa altaf haldist margir eftirsóknarverðir kostir við skólalífið á Akureyri. Sambúð kennara og nemenda hefir yfirleitt verið í besta lagi. Skólalífið hefir verið fjörugt og mjög að skapi æskumanna. Að því leyti hafa áhrif skólans altaf verið heilbrigð og sterk. Í Reykjavík varð þróun gagnfræðadeildarinnar með öðrum hætti. Hún varð aldrei almennur alþýðuskóli, varla einu sinni fyrir Reykjavík. Þó voru nemendurnir langflestir þaðan, því að hið lága aldurstakmark í fyrsta bekk og lokun 2. og 3. bekkjar útilokaði aðkomumenn að mestu. Auk þess litu flestir svo á, að gagnfræðadeildin væri ekki skóli út af fyrir sig, heldur aðeins forstofa og inngangur og lærdómsdeild og háskóla. Í raun og veru var Reykjavík og Suðurland jafnt án eiginlegs gagnfræðaskóla, þrátt fyrir kensluna í þrem neðstu bekkj-

um Mentaskólans. En vitaskuld leiddi þessi vöntun til þess, að Mentaskólinn óx úr hófi fram, og vegna vöntunar á hagnýtri alþýðufræðslu bárust margir með straumnum áleiðis að háskólanámi, án þess eiginlega að óska þess sjálfir, eða að þjóðinni væri nokkur ávinningur að löngu námi þeirra.

Að einu leyti hafði skifting Latínuskólans í tvær deildir í sama húsi, gagnfræða- og lærdómsdeild, miður heppileg áhrif. Áður var skólinn ein heild. Nú brotnaði hann sundur í tvo hluta. Hinir barnungu nemendur í gagnfræðadeild áttu ekki samleið við eldri deild. Skólafjelögin urðu tvö, fundir og samkomur aðskildar fyrir deildirnar. Hinn geysilegi vöxtur skólans gerði hjer ilt verra, svo og þrengsli og margskonar erfiðleikar, sem stöfuðu af offyllingu skólans. Nemendur þektust miklu minna en skyldi milli bekkja og deilda og fjelagslíf skólans, þegar tekið var tillit til allra bekkja, varð alt of lítið. Að vísu hafði tekist að brjóta fullkomlega niður þann sjálfstæðisanda pilta, sem mjög hafði borið á síðustu árin sem gríska og latína voru aðalgreinar skólans. En ef þar var um sigur að ræða, þá fylgdi þar með sá ókostur, að neðri deildinni hafði í raun og veru verið með aldurstakmarkinu vendilega lokað fyrir öðrum en barnungu fólki úr Reykjavík, sem sökum æsku gat varla haft mikið sjálfstæði til eins eða annars í sambandi við fjelagslíf nemenda.

Meðan fornmálin voru aðalkenslugreinar í skólanum höfðu nemendur oftast verið um 80—100. Þá var mjög rúmt um skólafólkið og kennarana, og ef húsrúm skólans hefði verið notað skynsamlega, þá gat ytri aðbúnaður nemenda verið alveg prýðilegur. En að því er virðist hafa forráðamenn skólans aldrei fyllilega kunnað að notfæra sjer aðstöðuna í því efni. Meðan heimavist var í skólanum, var hún herfilega illa útbúin fyrir nemendur. Og hið mikla og góða bókasafnshús hefir til þessa dags verið einskonar fangelsi fyrir bækur. Það er og hefir verið svo að segja harðlokað fyrir nemendum. Það er alls ekki hægt að hita það, og á meðan hlýtur húsið að vera sem næst gagnslaust fyrir skólann. Á hinn bóginn myndi það vera nemendum, ekki síst í jafnyfirfyltum skóla og Mentaskólinn hefir verið nú um stund, alveg ómetanlegt hagræði að hafa vistlegan lestrarsal með handhægu bókasafni til daglegra afnota.

Eftir 1910 tók skólinn að gerast afarfjölsóttur. En hvorki Alþingi nje landsstjórnin virðist hafa veitt því eftirtekt, að skóli, sem í liðuga hálfa öld hafði haft 50—100 nemendur, var nú að lokum á góðum vegi með að fá 300 nemendur, án þess að nokkuð væri gert, nema að fjölga bekkjum og bæta við kennurum, án þess eiginlega að málið væri nokkurntíma tekið til meðferðar á Alþingi. Að nokkuð þyrfti að gera sjerstaklega til þess að bjarga við fjelagslífi nemenda í þessum geysistóra, yfirfylta skóla, virðist engum hafa komið til hugar. Hið eina jákvæða úrræði var það, er stjórnin beitti sjer fyrir á þingi 1927, að koma upp heimavist fyrir nokkuð af nemendum. En sú framkvæmd var meir borin uppi af löngun til að bæla niður kröfuna um framhaldsnám á Akureyri heldur en af skilningi á þörf Mentaskólans, eins og glögt sjest á meðferð málsins, enda hafa þeir, sem stóðu að þessu heimavistarmáli á Alþingi í það sinn, síðan gleymt bæði þeirri og öðrum umbótaþörfum skólans. Málið hafði verið svo lítið undirbúið, að það kom flatt upp á for-

göngumennina á Alþingi, er þeim var bent á, að slíkt hús yrði ekki bygt á lóð skólans sjálfs; til þess væri hún of lítil. Eins og þá stóð, hefði orðið að hola heimavistinni niður einhversstaðar í útjöðrum bæjarins.

Þegar stjórnarskiftin urðu seint um sumarið 1927, var að því er virðist í fyrsta sinn í æfi skólans farið að athuga ástand skólans af kenslumálastjórninni. Þáverandi rektor, Geir T. Zoëga, lýsti yfir, að það væri í fyrsta sinn sem kenslumálaráðherra heimsækti skólann. Við fyrstu athugun var auðsæ vanræksla þjóðfjelagsins gagnvart þessari stofnun. Bærinn hafði látið byggja hús svo að segja fast að bakhlið skólans og þar hafði jafnvel árum saman verið höfð steinolíugeymsla. Nemendur höfðu nálega engan blett til útileika, nema ef telja skyldi örmjóa rönd bak við húsið. Húsið var vanhirt að utan. Þakið ekki verið málað í 7—8 ár. Hver krá í skólahúsinu var full af skólaborðum. Kennararnir höfðu mist kennaraherbergið gamla og höfðu nú til sinna afnota lítið og vanhirt herbergi, þar sem vantaði nálega öll þægindi og þar sem hinn fjölmenni kennarahópur gat naumast staðið undir þaki milli tíma. Fyrir áhöld skólans, svo sem landabrjef, var engin geymsla til, og varð að geyma nokkuð af þeim hlutum í sjálfri kennarastofunni. Á efsta lofti hússins hafði fyrrum verið spítali og geymsla, meðan heimavist var. Nú var alt þetta gert að bekkjum, en með sem minstri fyrirhöfn og svo illa um búið sem mest mátti vera. Í fjósi rektors bak við húsið hafði verið gerð kenslustofa fyrir eðlis- og efnafræði, og var það hið óvistlegasta hús. Ekki einu sinni haft fyrir að setja þar loftrás út, fyr en í sumar sem leið. Fyrir heilsu nemenda var ekki mikið gert. Alt húsrúm í skólanum, sem mögulegt var að taka, var orðið að bekkjarúmi. Þrengslin voru svo mikil, að hvergi var rúm til að hengja vosklæði nemenda, nema inni í bekkjunum sjálfum, á veggina eða inn í skápa, sem voru aðeins í loftsambandi inn í kenslustofurnar. Salerni fyrir meginþorra nemenda voru ekki nema þrjú og lítt útbúin, veggir á flestum skólaherbergjum skjöldóttir, gólfin mjög ósljett og hnútótt, og ekki dúklögð fyr en á neðstu hæð síðastliðið sumar. Leikvellir voru engir. Leikfimi í miður vel viðhöfðu húsi aðeins tvisvar í viku eins og fyrir tveimur mannsöldrum síðan. Allir bekkir voru fyltir á haustin, svo sem framast mátti verða, og farið að hafa útibú niðri í bæ, alveg laust við aðalskólann. Þessi vanræksla hafði svo gegnsýrt marga menn, sem helst höfðu kynni af skólanum, að það þótti nálega óhæfa, er sett var loftdæla í skólann snemma vetrar 1927—28 og hreinu loft dælt inn í hinar yfirfullu skólastofur. Svo sem vænta mátti, var heilsufar ekki sem best í skólanum, og bar einkanlega mikið á berklaveiki. Var sumum kennurum skólans þetta mikið áhyggjuefni, þó að þeir gætu ekki að gert. Óttuðust þeir, að offylling skólaherbergjanna og hin gömlu, lítt viðgerðu herbergi, sem nemendur áttu nú langdvalir í, væru að ekki litlu leyti orsök vaxandi krankleika.

Eftir að kenslumálastjórnin hafði kynt sjer alla aðstöðu skólans, var byrjað á umbótum til að vinna móti mestu ágöllunum. Loftrás var sett í skólann. Vorið 1928 voru ekki teknir fleiri nýir nemendur í skólann en unt var að þrengja í herbergi hans sjálfs, og lagðist þá niður útibúið niðri í bæ. Sumarið 1928 var gerð höfuðviðgerð á neðstu hæð. Gólfin sljettuð og dúk-

lögð, veggir fóðraðir og málaðir, salernum fjölgað, svo að fullnægt væri venjulegum heilbrigðis- og þrifnaðarkröfum. Ein kenslustofa var tekin til vosklæðageymslu fyrir allan skólann. Á þriðju hæð var náttúrugripasafnið, sem áður var ónothæft nema til geymslu, gert að góðum bekk fyrir náttúrufræðiskenslu, jafnframt því að þar fer betur en áður um náttúrugripi skólans. Í framhaldi af þessum aðgerðum hefir stjórnin búið undir, að lokið yrði viðgerð hússins utan og innan nú í sumar. Ennfremur að salur skólabókasafnsins verði gerður nothæfur til daglegrar vinnu fyrir nemendur skólans.

Nú hefir verið lýst nokkuð mörgum þeim erfiðleikum, sem Mentaskólinn hefir átt við að stríða á undanförnum árum. Afleiðingarnar hafa augljóslega komið fram í fremur daufu og tilbreytingarlitlu skólalífi, og að aðbúðin hefir ekki getað gert skólann að kæru viðbótarheimili fyrir nemendur yfirleitt. Á hinn bóginn hafa kennarar skólans unnið með mikilli elju og ástundun að starfi sínu, og munu stúdentar frá Mentaskólanum í bókþekkingu í flestum greinum standa fullkomlega jafnfætis stallbræðrum sínum í nágrannalöndunum.

Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stefnt að því, í sambandi við bættan húsakost fyrir mentaskólanám og gagnfræðakenslu í Reykjavík og á Akureyri, að koma við skipulagsbreytingu á skólunum sjálfum, í samræmi við þá reynslu, sem þjóðin hefir fengið á undangengnum aldarfjórðungi.

Í fyrsta lagi á hjer að lögfesta það skipulag, sem hófst á lýðveldisöldinni og hjelst fram á hnignunartímann um 1800, að mentaskólanám megi stunda á tveim stöðum í landinu, öðrum á Suðurlandi en hinum nyrðra. Í öðru lagi á að gerbreyta því gagnfræðaskipulagi, sem hófst í Reykjavík og á Akureyri um leið og fornmálin viku úr æðsta sessi í Mentaskólanum. Í stað þeirrar bókfræðikendu gagnfræði, sem í raun og veru var aðeins inngangur að ennþá lengri bókfræðaiðkunum, á að koma raunveruleg gagnfræði, sem býr ungu kynslóðina undir athafnalíf við lífskjör almennings á Íslandi.

Í þriðja lagi á að gera Mentaskólann einskiftan, og um leið ljetta af þeim margháttuðu óþægindum bæði fyrir nemendur og kennara, sem stafað hafa af ofþrengslum þar.

Í fjórða lagi á að haga svo inntökuskilyrðum í Mentaskólann í Reykjavík og mentadeild Akureyrarskólans, að efnilegir unglingar og þroskaðir menn, sem lokið hafa námi í hjeraðsskólum sveitanna og gagnfræðaskólum kaupstaðanna, eða aflað sjer almennrar mentunar á annan hátt, geti kept um inntöku í þessa skóla og haldið áfram undirbúningi fyrir háskólagöngu. Á þann hátt geta námsmenn hvar sem er á landinu og á hvaða aldri sem er, með því að afla sjer almennrar mentunar, prófað mátt sinn í því skyni að halda áfram lengra námi. Á hinn bóginn vita menn nú af reynslunni, hjá hvaða skerjum ber að sneiða um form og fyrirkomulag hinna almennu ungmennaskóla í kaupstöðum og sveitum. Þeir hafa sitt eigið takmark, að búa æskuna undir starfslífið í landinu. Hitt er aukaatriði, að lítill minni hluti

af nemendum þessara skóla notar ungmennafræðslu sína sem þrep inn í aðra skóla.

1.—4. gr.

Eftir að latínan hætti að vera aðalnámsgrein, var skólinn kallaður Hinn almenni mentaskóli. En brátt fundu menn, að heitið væri óþarflega langt, en aðalnafnið gott. Er því hjer lagt til, að skólinn heiti framvegis Mentaskólinn í Reykjavík, að ársdeildir sjeu fjórar, en bekkir átta. Sjeu hliðstæðar máladeild og stærðfræðideild.

5 gr.

Námsgreinar í skólanum eru nálega hinar sömu og nú, en kennarar skólans hafa lagt til, að gera megi, án samþykkis Alþingis, minniháttar breytingar á kenslugreinum, ef yfirstjórn skólans álítur breytinguna til bóta. Bókfærsla er tekin upp sem skyldunámsgrein, og ber margt til þess. Margir embættismenn hafa fram að þessu oft haft mikið ógagn af að hafa ekki numið bókfærslu í æsku. Nemendur finna þetta sjálfir, og nú í vetur hafa um 90 af nemendum í lærdómsdeild sent kenslumálastjórninni ósk um að láta framvegis kenna bókfærslu í máladeildinni, en minka þar almenna stærðfræði. Rökstyðja nemendur þetta þannig, að úr því að engin latína sje nú kend í stærðfræðideild, megi stærðfræðin gjarnan minka til muna í máladeild, þar sem latína eigi að vera ein af höfuðnámsgreinum. Auk þess er hjer gert ráð fyrir vinnubragðakenslu, og er þá einkum átt við ýmiskonar smíðar, steinsteypu, járnsmíði og trjesmíði. Sökum þrengsla við skólann myndi þó fyrst um sinn erfitt að koma fyrir kenslu í vinnubrögðum, sem jafnast getur á við það, sem gerist í því efni í sumum erlendum fyrirmyndarskólum.

6. gr.

Að sjálfsögðu á íslensk tunga að skipa æðsta sess í skólanum. Hentugt þykir að byrja ekki nema á einu erlendu máli í sama bekk. Með því að skólinn hefir fram að þessu verið mjög einhliða bókfræðaskóli, og lítill vafi á, að hin andlega áreynsla hefir stundum verið of mikil og of einhliða, hefir þótt hlýða að vara við þeirri hættu. Auknar íþróttir, útivist, ferðalög og líkamleg vinna eiga vitaskuld fyrst og fremst að efla fjör og hreysti líkamans.

7.—9. gr.

Hjer er tekin upp sú nýbreytni, eftir tillögum kennara skólans, að stytta megi próf milli bekkja og leyfa nemendum, sem hafa góða einkunn, að komast próflaust milli bekkja. Þykir kennurum skólans, sem óþarflega mikill tími fari stundum í bekkjarprófin, og telja þeim tíma betur varið til náms. Þá er það og nýbreytni, að ljúka megi fullnaðarprófi í einstöku námsgreinum bæði í öðrum og þriðja bekk, og er það gert til að ljetta af nemendum óþarfri byrði með því að láta þá hafa allar námsgreinar til stúdentsprófs.

10. gr.

Það er og nýbreytni og mjög til bóta að leyfa utanskólanemendum að taka árspróf við skólann, og ef fleiri ná prófi heldur en húsrúm leyfir, þá ráði prófeinkunn. Með þessum hætti á úrvalið af þeim, sem keppa, jafnan aðgang að skólasetu, meðan húsrúm endist. En á hinn bóginn er mönnum, sem lesa utanskóla, veitt sú björg, að þeir geta lokið ársprófum við skólann um leið og hinir föstu nemendur og haft af því margskonar ljetti við námið. Að því er snertir takmörkun á inngöngu nemenda í skólann, þá er hún sjálfsögð, nema ríkið vilji beinlínis taka að sjer þá skyldu, að kosta kenslu allra þeirra unglinga, sem vilja verða stúdentar. Ef svo ætti til að haga, gæti svo farið, að í Reykjavík einni saman yrði að reisa annan skóla, jafnan að stærð húsi Mentaskólans, til að mæta eftirspurninni. En meðan ríkið hefir ekki nema takmarkað húsrúm til kenslunnar, verður að raða umsækjendum eftir fastri reglu, og er þá varla á öðru að byggja en námshæfileikum og þekkingu nemenda. Mun varla þurfa að óttast, að ekki verði hægt að sinna sanngjörnum kröfum þjóðarinnar um stúdentsmentun, ef fullskipaðir eru í Reykjavík tveir bekkir í hverri ársdeild og einn á Akureyri. Erlendis reka einstakir menn, og einkum bæjarfjelög, oft mentaskóla, sem ríkið styrkir eða styrkir ekki, eftir því sem til hagar á hverjum stað. Hugsanlegt er, að seinna meir vildi einhver kaupstaður, og þá væntanlega helst Reykjavík, gera fleiri að stúdentum heldur en rúmast geta í landsskólunum, og er þá hægur leikur fyrir stórt og efnað bæjarfjelag að starfrækja sinn eiginn mentaskóla, til viðbótar ríkisskólunum.

11.—12. gr.

Hjer eru talin inntökuskilyrði í fyrsta bekk Mentaskólans. Gert er ráð fyrir, að lágmarksaldurstakmark sje 15 ár, nema sjerstaklega standi á. Til að geta staðist inntökupróf þarf efnilegur nemandi að hafa numið a. m. k. sem svarar tveim vetrum eftir að barnafræðslu lauk. Mjög margir nemendur, sem kæmu úr gagnfræðaskólum kaupstaðanna, og einkum þó úr hjeraðsskólum sveitanna, yrðu alveg fullorðnir menn, eins og tíðkaðist áður en hið lága aldurstakmark útilokaði slíka menn úr gagnfræðadeild Mentaskólans. Ef meiri hluti nemenda í Mentaskólanum yrðu hálffullorðnir eða fullorðnir menn, væri bæði erfitt vegna kenslunnar og óþægilegt á margan hátt, að barnungir nemendur væru líka í skólanum.

Þá má ennfremur leiða rök að því, frá sjónarmiði uppeldisfræðinga, að það er alt að því háskalegt að láta börn og unglinga fara eins og í lokuðum vagni úr einum bekk og einum skóla í annan. Með því móti er hætt við, að nemendur verði lærðar vjelar öllu fremur en alhliða og þroskaðir menn. Æskan þarf umfram alt að fá að njóta mikils frelsis og sjálfræðis, ef þroskalínan á að haldast óslitin. Ef til vill hefir ekkert haldið betur við þjóðmenningu Íslendinga heldur en frelsi og heimalestur hins óskólagengna hluta þjóðarinnar.

Áður eru leidd rök að því, að gagnfræðakenslan á Akureyri og í neðri bekkjum Mentaskólans hafi beðið mikið tjón við að vera fastbundin við inntökukröfur lærdómsdeildar. Nú á að bæta úr þessu með fullkominni skipulagsbreytingu. Gagnfræðakenslan í Reykjavík er flutt úr húsi Mentaskólans og í sjerstaka byggingu annarsstaðar í bænum. Á Akureyri er gert ráð fyrir, að gagnfræðadeildin verði fyrst um sinn í sama húsi og mentadeildin. En það er aðeins sparnaðarráðstöfun, til að geta meðan kostur er notað nokkuð af húsi og áhöldum skólans í þágu ungmennaskóla bæjarins og hjeraðsins. En að öðru leyti er gert ráð fyrir, að gagnfræðadeildirnar í Reykjavík og á Akureyri standi í engu beinu sambandi við mentadeildirnar í þessum tveim kaupstöðum. Það á að vera nákvæmlega sama aðstaða fyrir unglinga, sem ganga gegnum hjeraðsskóla sveitanna eða gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Ísafirði og Norðfirði, að komast inn í fyrsta bekk í mentadeild eins og fyrir þau ungmenni, sem numið hafa í gagnfræðadeild í höfuðstaðnum eða á Akureyri.

Kröfur þær, sem hjer eru gerðar til inngöngu í mentadeild, eru í aðalatriðum þær, sem gerðar eru til manna, sem telja má, að hafi fengið sómasamlega almenna mentun. Þessa mentun eiga hjeraðsskólar og gagnfræðaskólar að geta veitt, án þess að seilast í nokkru verulegu út fyrir takmörk sín. Þó er gert ráð fyrir, að nemendur í alþýðuskólunum muni yfirleitt verða að fá sjer nokkra aukatilsögn hjá kennurum sínum eða öðrum, til að geta uppfylt inntökuskilyrðin. En sú fræðsla væri þá fengin í þeim námsgreinum, sem beinlínis teljast til almennrar mentunar í landinu. Nemendur úr ungmennaskólum kaupstaða og sveita eru þess vegna ekki lokkaðir út á tálbrautir, þó að þeir eyði einhverjum tíma í að búa sig undir inntöku í mentadeild, án þess að geta náð því takmarki.

Fram af þessu hafa tveir svokallaðir alþýðuskólar, í Reykjavík og á Akureyri, verið í beinu sambandi við mentadeildirnar. En þetta samband hefir verið of einhliða bundið við þarfir mentadeildanna, svo að þessir tveir undirbúningsskólar hafa hætt að vera sjálfstæðir alþýðuskólar. Eitt meginatriði þessa frv. er að slíta þetta band, sem nú er orðið til skaða fyrir þjóðina, en ekki til gagns. Í stað þess fá allir landshlutar nú jafnrjetti í þessum efnum. Hinir mörgu nýju ungmennaskólar, sem þörf þjóðarinnar er að mynda bæði í sveitum og bæjum, eru og hljóta jafnan að verða miðaðir við þarfir almennings í landinu. Þeir eiga að veita þeim mönnum, sem vinna að frumframleiðslunni á sjó og landi, þá almennu mentun, sem samtíðin telur nauðsynlega. En jafnframt þessu eiga námshneigðir unglingar úr 10—12 skólum víðsvegar á landinu að standa allvel að vígi, með litlum aukatilkostnaði og áreynslu, að keppa með góðum árangri um inntöku í mentadeild á Akureyri eða í Reykjavík. Fram að þessu hefir efnahagur og heimilisfang foreldra í landinu oft ráðið mestu um, hvort unglingur hlaut stúdents- og háskólamentun. Með því skipulagi, sem í nálega aldarfjórðung hefir verið á Mentaskólanum í Reykjavík, er eins og forráðamenn skólans hafi ætlað að tryggja vissri stjett í landinu, og einkum þó í bænum, úrvalsaðstöðu við skólann. Með frv. þessu er öllum stjettum og öllum landshlutum gert jafnhátt

undir höfði um aðgang að mentaskólanámi, að því leyti sem lögbundið skipulag getur jafnað aðstöðumun í því efni yfirleitt.

13.—15. gr.

Með því að ákveða hámark kenslustundafjölda á að tryggja það, að bekkjarsetur verði ekki úr hófi langar. Eftir enskum sið er tekin upp sú nýbreytni að kenna ekki eftir hádegi á laugardögum. Eitt af því, sem veldur mun á skólunum í Reykjavík og á Akureyri, er lengd kenslutímans ár hvert. Í Reykjavík er gömul venja, að skólinn starfi í júní. Á Akureyri er líka gömul venja, að nemendur hafi lokið prófum síðasta dag maímánaðar. Með því að gera ráð fyrir, að nemendur í Reykjavík verði yfirleitt yngri en á Akureyri, og með því að hafa inntökupróf nokkru þyngra á Akureyri, eins og hjer er gert ráð fyrir, á þessi munur, sem venjan hefir skapað á báðum stöðunum, ekki að verða til skaða, heldur auka heilbrigðan sjerkennileika beggja skólanna.

16 gr.

Þessi grein er nálega orðrjett tekin úr launalögum þeim, sem nú gilda. Aðeins bætt því við, að ákveða tölu fastra kennara jafna tölu bekkja. Ennfremur að skólameistari hafi 2000 kr. í risnufje, ef hann hefir aðalumsjón með heimavist, en því má vel fyrir koma, ef skólanum tekst að auka lóð sína, eins og nú er unnið að. Með því að hafa heimavist við skólann undir eftirliti skólameistara, getur tekist að mynda í skólanum heimilislíf, sem nú vantar mjög tilfinnanlega. Með því að ákveða tölu fastra kennara við skólann, er skorið á þá meinsemd, sem myndaðist á stríðsárunum og fyrst á eftir, þegar landsstjórnirnar bættu við kennurum með launakjörum fastra kennara án þess að Alþingi væri um spurt. Með því að kostnaður við skólann greiðist annaðhvort samkvæmt stofnlögum skólans eða tilteknum heimildum fjárlaga, hverfur sá glundroði úr fjármálum skólans, sem ríkt hefir um stund, til skaða landi og lýð.

17.—18. gr.

Hjer er byrjað á þeirri nýbreytni, að ljetta megi að nokkru stundafjölda kennara og skólameistara, sem vinna til muna aukastörf vegna kenslunnar og skólans. Er það alkunna, að tungumálakennarar í stórum skólum hafa jafnan erfiða og þreytandi heimavinnu við stílaleiðrjettingar, og hefir þeim lítil sanngirni verið sýnd í þeim efnum fyr en nú.

Þá þykir rjett að gera það að aðalreglu við skólann, að kennarar og skólameistari hafi lokið prófi við háskóla. Þó má sú regla ekki vera undantekningarlaus, og má í því efni benda á, að við skólann starfa nú nokkrir mikilhæfir menn, sem ekki hafa lokið háskólaprófi, og mun geta komið fyrir á ókomnum árum, að slíkir menn þyki eftirsóknarverðir. Þá er þess krafist, að kennarar við skólann hafi kynt sjer mentaskólakenslu við nokkra sambærilega skóla. Þetta er nýbreytni, sem ætti að geta haft nokkra þýðingu. Mjög oft hafa kennarar Mentaskólans verið algerlega ókunnugir kenslu, kensluaðferðum og skólastjórn í öðrum skólum en þeim eina, þar sem þeir

höfðu sjálfir stundað nám. Um tvo hina merkustu skólastjóra hjer á landi á 19. öld, þá Bjarna rektor við Latínuskólann og Jón Hjaltalín skólastjóra á Möðruvöllum, er það vitanlegt, að þeir stóðu um margt framar sínum samtíðarmönnum í skólamensku, og að annar bygði þar á nokkuð víðtækri skólakynningu í Danmörku, en hinn frá Englandi.

19.—22. gr.

Það er nýjung, tekin eftir reynslu nábúaþjóðanna, að fela ákveðnum kennara eftirlit með nemendum í tilteknum bekk. Sá kennari á að verða hollvinur og trúnaðarmaður þeirra nemenda, sem eru í umsjá hans. Þetta úrræði á að geta verið til mikils gagns. Einhver helsta vöntun í hverjum mannmörgum skóla eru ókynni kennara og nemenda, og þessa ágalla hefir að sjálfsögðu gætt nokkuð mikið í Mentaskólanum, sem bæði er orðinn mjög fjölmennur, vantar heimavist og hefir tilfinnanlega skort húsrúm og landrými.

Kennarar Mentaskólans lögðu til, að nemendur í hverjum bekk kysu sjálfir þann kennara, sem vera skyldi forsjármaður þeirra. Þó að það skipulag sje að vísu frjálsmannlegt, þykir varla á það hættandi að leggja út á þá braut undirbúningslaust. Kennarar við alla skóla njóta að sjálfsögðu trausts og hylli nemenda á nokkuð misjafnan hátt, og ekki víst, að það myndaði heppilegan grundvöll fyrir samstarfið, ef margir bekkir hyltu fyrst og fremst 1—2 kennara, sem vel gæti komið fyrir, þó að margir aðrir stæðu vel í stöðu sinni. Á hinn bóginn getur vel svo farið, að skyldurækinn kennari verði mjög vinsæll í bekk þeim, sem honum er sjerstaklega trúað fyrir, þegar hann fær tækifæri til að kynnast tilteknum hópi nemenda betur en orðið getur með bekkjarstarfinu einu saman.

22.—23. gr.

Um yfirstjórn skólans, auk ríkisstjórnarinnar, hafa komið fram þrjár mismunandi tillögur. Kennarar skólans lögðu til, að í stjórnarráðinu væri sjerstakur skrifstofumaður, sem hefði umsjón þeirra mála með ráðherra. Fræðslumálastjóri lagði til að hafa fámenna nefnd skólafróðra manna. Og að lokum er hjer lagt til að hafa 12 manna ráð, þar sem eigi fast sæti nokkrir fulltrúar gamalla nemenda, frá bæjarstjórn Reykjavíkur, frá Alþingi og Háskólanum. Fræðslumálastjóri sje sjálfkjörinn formaður. Skólaráðið yrði væntanlega að koma saman nokkrum sinnum á ári og gera tillögur um flest mál viðvíkjandi stjórn skólans, þau sem ríkisstjórnin verður að ráða fram úr.

Því er ekki haldið fram, að slíkt skólaráð myndi uppgötva margar nýungar í skólamálum. Sennilega mun ekkert skólaráð gera það, og geta slíkar stofnanir þó verið mjög nauðsynlegar. En tólf manna skólaráðið á að vera skjaldborg um skólann. Það á að tengja gamla nemendur, stjórn bæjarmálanna, þar sem skólinn starfar, og Alþingi með kynningar- og hagsmunaböndum við skólann. Skólaráðið á í stuttu máli að tengja skólann við líf þjóðarinnar.

Margir menn, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, hafa sterka ótrú á ríkisrekstri vandasamra fyrirtækja. „Þjóðnýtingin“ á ekki upp á pallborðið

hjá slíkum mönnum. Og því verður ekki neitað, að andstæðingar þjóðnýtingar geta í öllum löndum, og líka á Íslandi, fundið í starfrækslu opinberra fyrirtækja mörg átakanleg dæmi um sleifarlag á framkvæmdum þjóðfjelagsins. En ef til vill er ekki auðvelt að finna hjer á landi öllu meira af röksemdum gegn ríkisrekstri heldur en árangurinn af stjórn þjóðfjelagsins á Mentaskólanum. Eru áður leidd rök að því, hversu skólinn hefir elst í algerðu umsjár- og eftirlitsleysi ríkisins, sem átti skólann, og bæjarfjelagsins, sem sendi þangað flesta lærisveina. Fram að árinu í fyrra hafði enginn maður úr stjórn landsins komið í skólahúsið til að líta eftir ástandinu. Fram að vetrinum í vetur mun aldrei hafa viljað til, að hópur þingmanna kæmi til að vita, hvernig fjölmennasta og dýrasta mentastofnun landsins liti út. Og fram til þessarar stundar munu fulltrúar Reykjavíkurbæjar ekki hafa gert mikið annað fyrir skólann en að króa hann inni í óþægilegu þjettbýli, sem hindrar fjörugt æskumannalíf í skólanum meir en margan grunar.

Gamlir nemendur hafa lítið gert fyrir skólann, en þó hefir þar helst verið nokkur lífsvottur. Í hátíðasalnum eru nokkur málverk af fyrverandi kennurum og skólameisturum, sem gamlir nemendur hafa gefið. Auk þess hafa gamlir nemendur hin síðari ár, á hátíðlegum afmælisdögum náms þeirra í skólanum, gefið mjög sómasamlegar upphæðir í styrktarsjóð nemenda.

Með skólaráðinu á að skapa hring velviljaðra stuðningsmanna um skólann til að bæta úr deyfð hinnar almennu þjóðnýtingar, sem nú hefir verið lýst. Erlendis hefir tekist að fá gamla nemendur merkra mentaskóla til að hlúa að skóla sínum löngu eftir að þeir eru þaðan farnir. Þeir gefa dánargjafir, listaverk, sjaldgæfar bækur eða dýra muni, lönd eða áhöld, sem skólann vantar, sjóði, sem gera skólalífið fjölbreyttara og meir að skapi ungra manna.

Eina röksemdin, sem enn hefir verið borin fram gegn þessari tillögu, er sú, að kuldinn í nánd við skólann sje svo voldugur, að þessi skjólgarðsmyndun sje óframkvæmanleg. Sje það satt, sannar það einungis nauðsyn umbótarinnar. En sem betur fer mun þessi ástæða ekki vera þung á metunum. Þjóðin hefir aldrei fyr en nú fundið annmarkana á þjóðnýtingu skólans. Og þegar þess er gætt, að nú í vetur hefir tekist að fá um 20 listaverk og dýra gripi gefna ungum og vinfáum hjeraðsskóla frá vandalausum mönnum, svo að sú stofnun á nú fleiri listaverk en nokkur önnur mentastofnun í landinu, þá þarf síst að efa, að mjög auðvelt myndi vera að afla Mentaskólanum örlátra vina og stuðningsmanna, ef að því ráði væri horfið.

24. gr.

Kenslugjöld í Mentaskólanum hafa jafnan þótt nokkuð há og koma illa við efnalitla foreldra í Reykjavík. Nú er gert ráð fyrir, að skólaráðið ákveði hámark skólagjalda, enda renni þau í sjóð, sem skólaráðið ræður yfir og notar til prýði skólanum og gagns nemendum. Er það hentugt, að skólaráðið hafi nokkur fjárráð, óháð framlögum Alþingis. Að vísu hætta skólagjöldin að renna í ríkissjóð. En þau hafa jafnan verið vafasamur al-

mennur skattstofn, og sje meira um eftirlit með rekstrarkostnaði skólans heldur en verið hefir hingað til, mun þessi tekjurýrnun ekki verða tilfinnanleg. Hinsvegar má telja víst, að margskonar sjóðstofnanir, skólanum til eflingar, hlaðist utan á skólasjóðinn undir yfirumsjón skólaráðs.

25. gr.

Eins og kunnugt er, voru heimavistirnar í skólanum jafnan mjög fátæklega útbúnar, svo sem lesa má um í endurminningum gamalla mentamanna. Þær lögðust niður af því, að forráðamenn skólans skildu ekki gildi þeirra og höfðu ekki framsýni eða þor til að umbæta þær. Auk þess gerði sá hluti höfuðstaðarbúa, sem mest notaði skólann fyrir börn sín, ekki sjerlega mikið úr nauðsyn aðkomumanna til að hafa ódýra dvöl við skólann. Þegar fátækum aðkomumönnum var með aldurstakmarkinu svo að segja harðbannað að koma til náms í þrjá neðstu bekki skólans, var vitaskuld tilgangslaust að hugsa um heimavist handa utanbæjarnemendum, sem hvort sem var átti að útiloka frá skólanum.

Þörfin fyrir heimavist við Mentaskólann var alveg framandi forráðamönnum skólans, þar til krafan um fullkominn mentaskóla á Norðurlandi var orðin svo hávær, að nærri lá, að óskin um endurreisn Hólaskóla yrði að veruleika. Þá var byrjað að tala um heimavist við skólann af höfuðandstæðingum norðlenska skólans. Það var herbragð í þeirri deilu. Meðan skólamálið nyrðra var óleyst, hlutu stuðningsmenn þess máls að vera á móti þeirri umbót Mentaskólans, sem ekki var fyrst og fremst miðuð við gagn hans, heldur til að spilla fyrir öðru nauðsynjamáli.

En um leið og mentaskólamálið á Norðurlandi er leyst að fullu, og það má telja að svo sje, þegar frumvarp þetta hefir náð samþykki Alþingis og staðfestingu, þá munu þeir, sem vilja í alvöru bæta Mentaskólann, taka höndum saman við gömlu andstæðingana um að þoka því máli áleiðis. Nauðsynlegur undanfari heimavistarmálsins er að skólinn geti aukið byggingarlóð sína, og má vænta, að það megi takast í náinni framtíð. Fylgir frv. þessu fylgiskjal um málaleitanir til Reykjavíkurbæjar um það efni.

II.

26. gr.

Í Reykjavík hefir ekki fyr en nú í vetur verið til vísir að sjálfstæðum, almennum alþýðuskóla. Hin svokallaða gagnfræðadeild var aldrei annað en ákveðinn hluti af undirbúningi háskóla- og embættanáms. Auk þess var skólinn aldrei miðaður við þarfir alls þorrans af uppvaxandi borgurum bæjarins. Með því að brjóta nálega allar reglur um heilnæmi, loft og ljós í Mentaskólanum tókst að þrýsta inn í þá stofnun um 50 ungmennum úr Reykjavík í hverja ársdeild hins svonefnda gagnfræðaskóla. En jafnvel þessi tala,

sem var alt of mikil fyrir húsrúm Mentaskólans, var alt of lítil fyrir hina raunverulegu gagnfræðaþörf í höfuðstaðnum.

Þegar síðasta Alþingi stofnaði ungmennaskólann í Reykjavík, var það fyrsta sporið til að koma hinni almennu ungmennafræðslu í bænum á fastan grundvöll og í samræmi við aðgerðir í öðrum kaupstöðum. Ríkið lagði til tvo fasta starfsmenn við skóla þennan. Og þegar hættir hin svonefnda gagnfræðakensla í Mentaskólanum, eru þessir tveir föstu starfsmenn svo að segja fluttir frá því, sem átti að vera almenn ungmennafræðsla í Mentaskólanum, og yfir í hinn raunverulega gagnfræðaskóla bæjarins. Jafnframt því að Reykjavíkurbær tekur á sig móti ríkinu lögmæltan hluta af kostnaði við ungmennafræðsluna, eins og aðrir kaupstaðir í landinu, nýtur höfuðstaðurinn þess, eins og Akureyri, að á báðum þessum stöðum hefir verið almenn ungmennafræðsla, kostuð af ríkisfje. En þar sem ungmennafræðslan bæði í Reykjavík og á Akureyri hlýtur að vaxa hröðum fetum og krefjast nýrra og aukinna útgjalda, þá verður öll nýskipun í þeim kaupstöðum að fylgja almennum reglum, sem gilda um slíka skóla í landinu.

27.—30. gr.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðunum taka að sjálfsögðu við meginþorra nemenda litlu eftir að þeir ljúka námi í barnaskólanum. Nemendur í gagnfræðaskólunum verða þess vegna yfirleitt yngri en í hjeraðsskólunum. Að sjálfsögðu verða gagnfræðaskólarnir líka að taka á móti fullorðnum mönnum, eftir því sem aðsókn krefur.

31.—32. gr.

Kenslugreinar í gagnfræðaskólunum hljóta að vera margar og almenns efnis, bóklegar og verklegar. En á hinn bóginn er ætlast til, að nemendur hafi allmikið valfrelsi. Í fyrsta bekk gagnfræðaskólans verður að veita nemendum, eftir því sem við verður komið, nokkuð traustan þekkingargrundvöll. Fjöldi barna, sem tekið hefir próf úr barnaskólunum, kann ekkert í íslenskri málfræði og er alls ekki sendibrjefsfær. Úr slíkri undirstöðuvanþekkingu í móðurmálinu verður að bæta svo sem unt er, og hliðstætt í öðrum óhjákvæmilegum þekkingargreinum. Annan vetur verða nemendur að hafa meira valfrelsi, og kemur þá til greina verklegt nám fyrir karla og konur, samhliða bóknámi. Verklega námið verður nokkuð breytilegt, eftir staðháttum. Þannig leggur þingmaður Vestmannaeyinga til í frv. um þvílíkan skóla í kjördæmi hans, að piltar nemi þar vjelfræði, og á það vel við, þar sem allur þorri karlmanna stundar sjó á vjelbátum. Yfirleitt myndi alstaðar þykja hlýða, að ungar konur lærðu nokkuð til matreiðslu, sauma og vefnað, en karlmenn margskonar smíðar.

Eftir tvo vetur mun allur þorri nemenda ljúka burtfararprófi og annaðhvort búa sig undir sjernám eða ganga beint út í framleiðslubaráttuna. Í Reykjavík yrði skólinn að sjálfsögðu mjög stór, með mörgum hliðstæðum bekkjum. Í þeim mikla hópi myndu að sjálfsögðu verða allmargir, sem að

ioknu tveggja ára námi tækju inngönguþróf í fyrsta bekk Mentaskólans. En aðrir, og máske ekki svo fáir, bættu við þriðja vetri í skólanum. Í þeim bekk ætti sjerstaklega að búa ungu kynslóðina undir þátttöku í borgaralegu lífi, nema undirstöðuatriði í þeirri lögfræði, sem á reynir daglega, bókfærslu, hagfræði, vjelritun o. s. frv. Þriðji bekkur skólans væri lokabekkur fyrir þann hluta nemenda, sem ekki leitar sjernáms í öðrum skólum.

33.—37. gr.

Í þessum greinum eru tekin upp nokkur aðalatriði úr lögum þeim, sem síðasta Alþingi samþykti um ungmennafræðslu í Reykjavík.

38. gr.

Á Alþingi 1928 varð í efri deild samkomulag um hlutföllin í fjárveitingum frá ríkissjóði og bæjarsjóðum til byggingar ungmennaskóla í kaupstöðum, þannig að ríkið legði fram $\frac{2}{5}$ hluta og hlutaðeigandi bæjarsjóður $\frac{3}{5}$ hluta. Auk þess verður hlutaðeigandi bær að sjálfsögðu að leggja fram ókeypis lóð undir skólann, sem ríkisstjórnin tekur gilda, alveg eins og byggingarstyrkur til hjeraðsskóla hefir um mörg ár verið í fjárlögum háður því skilyrði, að ríkisstjórnin samþykti skólastaðina. Nú er skóli þessi byrjaður, og aðsóknin fyrsta vetur það mikil, að næsta vetur má búast við, að nemendur verði að minsta kosti 100, en líklega fleiri. Nú í vetur fær skólinn inni í tveim ónotuðum bekkjum í Stýrimannaskólanum, en búast má við, að sá skóli sjálfur þurfi annan þann bekk til eigin afnota næsta vetur. En jafnvel þó hægt væri að fá sama húsrúm næstu missiri eins og nú hefir verið bjargast við, er það bersýnilega alt of lítið fyrir hina geysimiklu og lengi vanræktu þörf Reykjavíkurbæjar.

Í fjárlagafrv. fyrir 1930 eru áætlaðar 20 þús. kr. til að reisa ungmennaskóla í kaupstöðum, gegn $\frac{3}{5}$ annarstaðar að. Reykjavík hefir langsamlega mesta þörf fyrir þennan styrk, eins og að framan greinir. Vöntun á hagnýtum alþýðuskóla í höfuðborginni er hvorki vansalaus nje hættulaus fyrir þjóðfjelagið. Þess vegna er hjer lagt til, að landið leggi fram á þrem árum 60 þús. kr. alls, og Reykjavíkurbær $\frac{3}{5}$ á móti til að byggja nýjan gagnfræðaskóla. Með því að byggja svo lítið á hverju ári verður miklu meira úr fjenu. Á Laugarvatni hefir nú í vetur fengist reynsla um, að nemendur í ungmennaskólum geta mjög unnið að því að byggja skólana yfir sig. Hafa um 20 piltar með hjálp tveggja kennara og eins manns, sem dró að efni, steypt steina í útveggi á húsi, með kjallara og tveimur hæðum, þar sem 300 manns geta rúmast í fundarsal á aðalhæð. Fyrir nemendur er slík vinnubragðakensla eitt hið nauðsynlegasta nám. Auk þess sem á þennan hátt tekst að lækka byggingarkostnað skólahúsa meira en áður eru dæmi til hjer á landi.

Eins og sjest af skýrslu, sem fylgir þessu frv. um árlegan rekstrarkostnað skóla í landinu, kostar hver bekkur í Mentaskólanum ríkissjóð árlega 8—9 þús. kr. Með frv. þessu hverfa úr Mentaskólanum tvær ársdeildir, sem fram að þessu hafa verið tviskiftar. Sparast þar árlega við það, sem verið

hefir fram að yfirstandandi vetri, 16—18 þús. kr. á hverri ársdeild, eða alls um 32—36 þús. kr., auk húsnæðis, sem landið hefir kostað eingöngu. Í stað þess verður kostnaður ríkissjóðs við hvern bekk í gagnfræðaskólanum ekki yfir 1600 kr., eða 4 bekkir, samsvarandi tveim neðstu ársdeildum Mentaskólans, alls 6400 kr. Hjer er þess vegna um fullkomna sparnaðarráðstöfun að ræða, auk þess sem full sanngirni mælir með að koma sem fyrst á laggir hagnýtum ungmennaskóla fyrir höfuðstaðinn.

39.—42. gr.

Um styrk til skóla, sem einstakir menn, fjelög eða bæjarfjelög hafa rekið, hefir fram að þessu ríkt hið megnasta ólag og ósamræmi, eins og sjá má af yfirlitsskýrslu, sem fylgir þessu frv. Í frv. um hjeraðsskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi, er freistað að koma föstu skipulagi á fjármál þeirra stofnana. Ríkissjóður greiðir vist, en fremur lágt tillag á hvern nemanda. Auk þess greiðir hver nemandi dálitið kenslugjald. Sýslufjelögin leggja ekki neitt fram í rekstrarkostnað, en þar á móti alt að helmingi stofnkostnaðar. Sýslufjelögin hafa ekki gjaldþol svo að fært þyki að leggja á þau árlegan kostnað við starfrækslu skóla. Auk þess er aðsókn að hverjum hjeraðsskóla ekki nema að nokkru bundin við það hjerað, þar sem skólinn starfar. Í bæjunum getur svo að segja hver unglingur, sem vill, stundað nám í ungmennaskóla í bænum. Auk þess hafa bæjarfjelögin mikil fjárráð og ber full skylda til að styðja uppeldisviðleitni heimilanna. Þess vegna er hjer leitast við að leggja rjettlátan grundvöll að framlögum til ungmennafræðslunnar í bæjunum, þannig að ríkið leggi fram 1600 kr. á hvern bekk, en bæjarfjelagið 2400 kr. Þar á móti koma þau hlunnindi fyrir gjaldþegna í bæjarfjelaginu, að þeir greiða ekki skólagjöld fyrir börn sín, þar sem það greiðist annars að því er bæjarfjelagið snertir í útsvörunum.

Mjög fljótlega, að líkindum eigi síðar en næsta ár, verður Alþingi að koma skipulagi á ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Ísafirði. Þá mun og væntanlega innan tíðar koma á fót einn slíkur skóli fyrir kauptúnin á Austurlandi. Með hinum almennu ákvæðum í þessu frv. er ætlast til, að fundinn sje sameiginlegur grundvöllur fyrir alla ungmennafræðslu í kaupstöðunum, og að sjálfsögðu engum nýjum hlunnindum bætt við nokkurn af kaupstöðum landsins.

Ákvæðið um, að ríkisstyrk til kenslu og kenslugjöldum megi ekki verja til annars en rekstrar skólans er í samræmi við frv. um hjeraðsskóla.

43.—46. gr.

Til mála gat komið að breyta nafni skólans á Akureyri, að nefna hann mentaskóla, til samræmis við skólann í Reykjavík. En aðstandendur norðlenska skólans, og ekki síst skólameistari, hafa lagt töluvert mikla áherslu á að breyta ekki nafninu. Auk þess er gert ráð fyrir, að tveir skólar sjeu í húsinu, og aðeins annar þeirra er mentaskóli, en hinn venjulegur alþýðuskóli, sem væntanlega verður mest sóttur af Akureyri og úr Eyjafjarðarsýslu. Aðrar

sýslur norðanlands annaðhvort hafa hjeraðsskóla eða eru að vinna að stofnun hans. Í húsi Gagnfræðaskólans má auðveldlega kenna sjö bekkjum, og ef til vill má að skaðlausu bæta hinum áttunda við. Mentadeildin þarf ekki nema fjögur af þessum kensluherbergjum, og eru þá 3—4 eftir handa ungmennadeildinni. Þar sem Akureyrarbær hefir gefið skólanum nú í vetur 12 dagsláttur af dýru landi, hefir bæjarstjórn kaupstaðarins fyrir sitt leyti sýnt skólanum þá velvild, að fullkomin ástæða er til að láta greiða koma móti greiða og láta bæjarfjelagið fá til afnota fyrir almennan ungmennaskóla, sem mjög yrði, eins og nú, sóttur úr bænum, það af þessari byggingu landsins, sem mentadeildin ekki þarf beinlínis til sinna nota. Það virðist því einsætt að halda nafninu, og er ekkert til fyrirstöðu, að stúdentar útskrifist úr gagnfræðaskóla, úr því Mentaskólinn í Reykjavík hefir í aldarfjórðung getað útskrifað gagnfræðinga úr mentaskóla.

Úr Gagnfræðaskólanum á Akureyri eiga að vera fjórar útgöngudyr fyrir nemendur. Eftir tvo vetur í gagnfræðadeild ljúka flestir nemendur fullnaðarprófi, alveg eins og í hliðstæðum skóla í Reykjavík, og væntanlega síðar í öðrum kaupstöðum. Fyrir allan þorra ungmenna í bæjunum og sveitunum mun tveggja vetra alment nám þykja hóflega langt. Ein röksemd fyrir því er sú, að langar skólasetur eiga þátt í að deyfa fjör og löngun manna til erfiðisvinnu. Nú eru hinsvegar til nemendur í þessum skólum, sem vilja bæta við einum vetri og hætta svo, og er framhaldsbekkurinn miðaður við þeirra þarfir, enda ætlast til, að hið sama skipulag verði við alla kaupstaðarskólana. En þetta áframhaldsnám er á engan hátt undirbúningur fyrir mentadeildina, heldur þvert á móti hrein og bein gagnfræði, miðuð við þarfir hins daglega lífs. Með því að hafa þessi tvö sjálfstæðu lokapróf út úr gagnfræðadeild er unnið á móti þeirri hneigð, sem mjög hefir gætt í Reykjavík og brytt á við Akureyrarskólann, að nemandi í ungmennadeildinni ljeti berast með straumnum inn í lærdómsdeild án þess að hafa til þess nokkra verulega löngun eða sjerstaka hæfileika. Það að hafa „hjeraðsskóla“ Akureyrar og Eyjafjarðar í sama húsi og mentadeildina er eingöngu fjársparnaðaratriði, með því að nemendur úr gagnfræðadeild skólans fá engan forgang til mentadeildar, þótt starfrækt sje í sama húsi, fram yfir nemendur frá Laugaskóla, Eiðum eða öðrum hliðstæðum ungmennaskólum í landinu.

Eftir tvö ár í mentadeild á Akureyri ljúka nemendur burtfararprófi í nokkrum námsgreinum. Er það, með ráði skólameistara, gert til þess að þeir nemendur, sem þess óska, geti þá hætt, ef þeir vilja, án þess að almenningsálitið áfelli þá fyrir að hafa strandað á miðri leið. Á þann hátt yrðu tveir fyrstu bekkir mentadeildar áframhald gagnfræðanáms fyrir allmarga nemendur, enda yrði náminu hagað þannig, að í tveim fyrstu bekkjum mentadeildar yrði lögð stund á þann hluta námsefnis, sem best hentaði þeim, sem ekki vildu fara lengra.

47.—48. gr.

Námsgreinaskrá mentadeildar á Akureyri er mjög lík í fljótu bragði verkefnaskrá Mentaskólans, en þó myndi í framkvæmdinni verða allmikil

verkefnaskifting milli skólanna. Í Reykjavík myndi latínan a. m. k. halda þeirri tímatölu, sem hún hefir nú, ef til vill vera aukin eitthvað. Á Akureyri leggur skólameistari, og með góðum rökum, til, að latína verði aðeins kend í síðasta bekk. Í Reykjavík leggja kennararnir mikla áherslu á að danska sje kend a. m. k. í bekkjum, sem svara til 3. og 4. bekk undir núverandi skipulagi. Á Akureyri myndu Norðurlandamálin lítið kend í mentadeild, en inntökuprófið þá að sjálfsögðu nokkuð þyngra. Þar sem í Reykjavík yrði eytt nokkuð meiri tíma í latínu og dönsku, myndi á Akureyri námið í frönsku og náttúrufræði geta fengið meiri tíma. Á Akureyri er talið, að móðurmálið og náttúrufræðin eigi að skipa öndvegissessinn. Í Reykjavík er kensla í eðlisfræði og efnafræði mikill hluti af námi í stærðfræðideild. Ef skólinn á Akureyri leggur mikla stund á lífræna náttúrufræði, þá er þar fengin mjög holl og nauðsynleg verkaskifting.

49.—55. gr.

Um einkunnagjöf er nokkur skoðanamunur milli kennara Mentaskólans og Gagnfræðaskólans á Akureyri, og þykir vel fara á, að báðir aðilar geti lifað eftir því, sem þeir álíta best fara. Að því er snertir inntöku utanskólamanna að afstöðnu prófi hefir skólameistarinn á Akureyri lagt töluverða áherslu á, að unt væri að taka tillit til manna með einhæfar gáfur. Er því lagt til, að á Akureyri megi skólameistari, með samþykki skólaráðs, taka í skólann nemendur með frábærlega góðum hæfileikum til að nema einstakar greinar, þó að prófeinkunn þeirra í sumum öðrum greinum sje fremur ljeleg. Hjer er um mjög gagnlega nýbreytni að ræða, því að það er hin mesta fásinna að loka vegum almennrar mentunar fyrir mönnum með einkennilegar sjergáfur. Aldurstakmarkið á Akureyri er sett nokkru hærra en í Reykjavík, með tilliti til þess, að sá skólinn verði yfirleitt meir sóttur af mönnum, sem ekki stunda slíkt nám fyr en þeir geta að miklu leyti unnið fyrir sjer sjálfir.

Meðal inntökuskilyrða á Akureyri er nokkur kunnátta í þýsku talin með, þó að þess sje ekki krafist í Reykjavík. Er það gert með tilliti til þess, að skólinn á Akureyri hættir nokkru fyr á vorin en Reykjavíkurskóli. Auk þess er þýskunám nú svo algengt í landinu og stundað með góðum árangri í sumum hjeraðsskólunum, t. d. á Hvítárbakka, sem nokkur hluti af almennri alþýðumentun, að sú krafa ætti ekki að vera skólanum til baga. Auk þess er krafist meiri þekkingar í náttúrufræði, en öllu minni í stærðfræði. Í Reykjavík þykir ástæða til, að nemendur hafi prófað gáfur sínar í því efni, til að geta auðveldlegar valið milli stærðfræði og máladeildar. Að því er snertir lengd námstímans leggur skólameistari á Akureyri mikla áherslu á að halda honum óbreyttum eins og hefir verið, því að það sje meðal annars undirstaða þess, að margir nemendur, sem enga eiga að, geti komist skuldlítilir gegnum skólann. Með hærra aldurstakmarki og harðara inntökuprófi en við Mentaskólann á engu síður að geta haldist jafnvægi í fræðslustarfsemi skólanna.

56. gr.

Fastir kennarar á Akureyri eiga samkvæmt þessu frv. að vera sex, eins og bekkir þeir, sem ríkið kostar að öllu leyti, og laun þeirra jöfn launum kennara við Mentaskólann. Að vísu er nokkru ódýrara að lifa á Akureyri en í Reykjavík, en á hinn bóginn geta kennarar við Akureyrarskólann ekki haft þar launuð aukastörf, svo að nokkru nemi. Er nú þegar fengin áreiðanleg vitneskja um, að erfitt er að fá jafngóða menn til andlegrar vinnu á Akureyri og í Reykjavík, nema með því að þeir sjeu a. m. k. jafnsettir með kaup. Eru dæmi til þess frá Noregi, að vísindastofnanir, t. d. í Bergen, borga fræðimönnum sínum hærra kaup heldur en tíðkast í Osló, til að vega á móti sterkara aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Kostnaður við fyrsta bekk skólans og annan og þriðja bekk, ef meira eru en einskiftir, kemur á ríkissjóð og Akureyrarbæ í sömu hlutföllum og kostnaður við Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

57.—59. gr.

Þessar greinar eru nálega samhljóða greinum um sama efni að því er snertir Mentaskólann.

60.—63. gr.

Um skólaráð við Akureyrarskólann gilda sömu röksemdir og áður eru fram færðar um skólaráð Mentaskólans. Skólinn á mjög mikil ítök í hugum gamalla nemenda, og er enginn vafi á, að auðvelt er að mynda stuðningsfjelag um hann í þeirra hópi. Á þann hátt myndi skapast heilsusamleg samkepni milli aðstandenda beggja mentaskólanna um að bæta og efla veg og gengi beggja. Akureyrarbær hefir sýnt, að hann kann að meta þýðingu skólans fyrir bæjarfjelagið, og er enginn vafi á, að skólaráðsmenn, kosnir af bæjarstjórn Akureyrar, myndu jafnan verða skólanum til styrktar. Þá hafa nú um langa stund allmargir þingmenn verið gamlir nemendur skólans og lagt gott til hans mála. Mun frá þeim væntanlega gæta velvildar og umhyggju eins og hingað til.

64. gr.

Með því að mentadeildin verður væntanlega til muna meir sótt af aðkomumönnum heldur en gagnfræðadeild, þykir sjálfsagt, að þeir nemendur eigi að ganga fyrir um alt að tveim þriðjungum heimavistar. Á hinn bóginn munu Eyfirðingar fyrst og fremst, og að sjálfsögðu allmargir aðrir utanbæjarmenn, sækja gagnfræðadeildina, og hafa þeir þá eins og hingað til góða aðstöðu í skólanum.

65.—69. gr.

Gagnfræðanámið á Akureyri er alveg hliðstætt gagnfræðakenslunni í Reykjavík og á að mynda grundvöll fyrir ungmennaskóla í öðrum kaupstöðum landsins að því er snertir öll almenn atriði. Kenslugreinar eru hinar sömu. Námið í þriðja bekk er síst af öllu undirbúningur til inntökuprófs í mentadeild, heldur sjálfstæður lokaþáttur í almennri fræðslu karla og kvenna, sem ekki ætla að halda lengra áfram almennu námi.

70. gr.

Meðan húsrúm endist í núverandi skólahúsi á Akureyri, þykir einsætt, að gagnfræðadeild bæjarins fái þar inni endurgjaldslaust, alveg eins og ríkið hefir nú í vetur lánað hinum unga gagnfræðaskóla Reykjavíkur kenslustofur í ríkisskóla án endurgjalds. Ennfremur þykir ekki hægt að taka af bænum þá ríkiskenslu í tveim bekkjum (að viðbættum þeim fjórum, sem ríkið kostar í mentadeild), sem áður hefir verið þar. En öll viðbót um bekkjarkenslu á Akureyri verður að koma undir hina almennu reglu kaupstaðaskólanna. Í Reykjavík hefir verið skóli með sex ársdeildum, en verða nú aðeins fjórar, um leið og gagnfræðakenslan flytst úr hús Mentaskólans. En til að Reykjavík missi heldur ekki þau hlunnindi, leggur landið fram til Gagnfræðaskólans í Reykjavík tvo fasta starfsmenn og launar þeim. Þessi tvennskonar hlunnindi verða þeir tveir kaupstaðir að hafa, í notum þess skólafyrirkomulags, sem áður hefir verið í þessum tveim bæjum.

71.—72. gr.

Innan skamms þarf á Akureyri að auka húsakost gagnfræðadeildar, einkum vegna verklegs náms karla og kvenna. Bærinn hefir lagt skólanum til, með mikilli og eftirbreytnisverðri rausn, nægilegt land til allra nauðsynlegra bygginga, og þykir einsætt, að kenslumálastjórnin geti bygt á því, og sje jafnvel í eðli sínu skuldbundin gagnvart Akureyrarbæ að nota það. Kostnaður við slíka viðbyggingu, þegar til kemur, greiðist eftir sömu reglu og til samskonar skóla í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Akureyrarbær ætlar nú í sumar að bora eftir heitu vatni á laugastað skamt frá bænum, leiða vatnið í sundlaug handa bænum og hita upp væntanlegan barnaskóla bæjarins, ef vatnið endist. Nú gæti svo farið á Akureyri, eins og í Reykjavík, að meira vatn fengist með borun heldur en við er búist fyrirfram, og þykir þá einsætt, að bærinn legði líka til jarðhitaveitu í skóla handa æskulýð bæjarins. Í sveitunum leggja hjeruðin fram heitt vatn til ungmennaskóla sinna, þar sem staðhættir leyfa.

Þegar Akureyrarbær fer að taka verulegan þátt í starfrækslu gagnfræðadeildar, fær hann að sjálfsögðu, eins og Reykjavík, meirihlutavald móti landsstjórninni í skólanefndinni, er með skólameistara hefir yfirumsjón þeirrar deildar.

73.—76. gr.

Greinar þessar eru að efni til hliðstæðar samskonar ákvæðum um Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

Fylgiskjal I.

3. sept. 1928.

Hr. skólameistari Sig. Guðmundsson, —

Jeg leyfi mjer að mælast til, að þú leggir eftirfarandi málefni, sem er mjög þýðingarmikið fyrir Akureyrarbæ og fyrir landið alt, undir úrskurð bæjarstjórnar á Akureyri við allra fyrsta tækifæri.

Svo sem kunnugt er, studdi núverandi stjórn að því í vetur sem leið, að Hólaskóli hinn forni var að nokkru endurreistur, þar sem Gagnfræðaskólinn á Akureyri fjekk leyfi til að útskrifa stúdenta. Nú í vetur verður af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir þingið frumvarp, sem gerir Gagnfræðaskólann að mentaskóla, alveg hliðstæðum hinum almenna Mentaskóla í Reykjavík. Skólinn hlýtur að sjálfsögðu að stækka eitthvað, og umbót þessi getur ekki annað en kostað landssjóð nokkuð, þó að eitthvað kunni um leið að sparast annarsstaðar á landinu við þessa breytingu. En eitt er víst: Breytingin hefir afarmikla jákvæða þýðingu fyrir Akureyrarbæ. Er það einsætt, að skólinn dregur nýja borgara að bænum, bæði starfsmenn við skólann og ýmsa, er hans vilja njóta. Efling skólans hefir bæði beina og óbeina fjárhagslega þýðingu fyrir bæinn. Foreldrar í bænum, sem annars hefðu orðið að senda börn sín í fjarlægan og dýran stað til mentaskólanáms, geta nú látið börnin búa heima hjá sjer, og sparast þannig stórmikið fje, meðan mentaskólanám er stundað. Um menningaráhrifin verður væntanlega ekki deilt. Með stofnun mentaskóla á Akureyri er viðurkent, að bærinn sje annar höfuðstaður landsins.

En Akureyri verður líka að skilja sinn vitjunartíma. Bærinn verður að sýna í verki, að sæmd hans og gagni sje ekki þröngvað upp á hann. Því að ef svo reynist, gæti auðveldlega komið fyrir, að lukkan yrði laushent í þessu efni. Segjum, að Akureyrarbær sýndi í engu, að hann virti tiltrú annara landsmanna, þings og stjórnar. Segjum að svo óheppilega vildi til, að hið mikla hús skólans brynni, eins og fyrirrennari þess á Möðruvöllum. Ef Akureyrarbær hefði ekki sýnt móðurhug, heldur stjúpulund við skólann, gæti vel svo farið, að hann yrði endurbygður við einhverja heita laug í Skagafirði, Eyjafirði eða Þingeyjarsýslu.

Akureyrarbær getur á einn hátt sýnt sjerstaklega, að hann skilji, hvert stefnir í þessu efni, að hann meti þýðingu skólans fyrir bæinn, að hann vilji láta skólann gróa fastan til frambúðar, þar sem hann er, og að bærinn vilji fyrir sitt leyti fórna nokkru til skólans, eins og landið alt fórnar miklu. Skólinn þarf að eignast land til muna meira en hann á nú. Jeg fer fram á, að þú mælir til við bæjarstjórn Akureyrar, að hún gefi Akureyrarskólanum til

ævarandi eignar, og til afnota fyrir framtíðar-byggingar skólans, leikvelli og skemtigarða, erfðafestulönd Júníusar Jónssonar, Jóns Björnssonar og Olgeirs Júlíussonar, er liggja milli Hrafnagilsstrætis að norðan, Þórunnarstrætis að vestan, Eyrarlandstúns að sunnan og Gagnfræðaskólalands og Eyrarlandsvegar að austan. Ennfremur eignarlóð Olgeirs Júlíussonar, milli Gagnfræðaskólans og Hrafnagilsstrætis. Fái skólinn þessi lönd, er framtíð hans trygð og bundin við Akureyri. Þá hefði hann aðstöðu, sem minti á hina heimsfrægu ensku mentaskóla, Eton og Rugby, er um langan aldur hafa þótt einna frægastir og bestir allra samskonar skóla. Með þessum landauka myndu smátt og smátt rísa upp nýjar byggingar á jöðrum þessa lands. Íþróttahús, vinnustofur fyrir karla og konur, kennarabústaðir, nýjar heimavistir og kenslustofur. Auk þessa myndi aldrei krept að skólanum meir en orðið er af óviðkomandi byggingum og nægilega sjeð fyrir leikvöllum og görðum.

Reykjavík skildi ekki sitt hlutverk, meðan tími var til. Stjórnendur höfuðstaðarins ljetu kreppa svo að Mentaskólanum alt um kring, að þar verður engu bætt við á lóð skólans, ekki einu sinni lítilli heimavist, enn síður leikvöllum, nýjum kenslustofum eða kennaraheimilum. Þessi mikla yfirsjón Reykjavíkur hefir átt mikinn þátt í, að stjórn og þing afrjeð að leysa mentaskólamálið með því að minka Mentaskólann hjer og stofna annan undir betri skilyrðum á Akureyri. Er þess nú vænst, að Akureyri skilji sinn vitjunartíma og tryggi framtíðargengi mentaskóla á Akureyri með áðurnefndri landgjöf.

Væntandi þess, að mál þetta verði leyst til sameiginlegs gagns fyrir skólann, bæinn og landið, fel jeg þjer mál þetta til fyrirgreiðslu til bæjarstjórnar Akureyrar.

Með kærri kveðju.

sign. Jónas Jónsson.

Fylgiskjal II.

JÓN SVEINSSON, bæjarstjóri á Akureyri,

Gjörir kunnugt: Bæjarstjórn Akureyrar hefir á fundi 9. október 1928, samþykt að gefa Ríkinu, til handa Gagnfræðaskólanum á Akureyri, lóðir þær og lendur, sem hjer greinir, og sem liggja norður fyrir og vestur og suðvestur fyrir Gagnfræðaskólann, og takmarkast þær þannig:

Að norðan af Hrafnagilsstræti, að vestan af Þórunnarstræti, að austan af eignarlóðum skólans, Eyrarlandsveg og Páls Briemsgötu, vestan við byggingarreit nr. 13, og að sunnan af Blómsturvallastræti. Hið gefna land er því

um 3,5 — þrír og hálfur — hektari að stærð. Þessar lóðir og lendur eru þó gefnar með eftirfarandi skilyrðum:

1) Að landið verði eingöngu notað í þarfir skólans, en ekki fengið í hendur einstökum mönnum, hvorki sem byggingarlóðir, ræktað land eða til annara afnota.
2) Að erfðafestuhafar fái að halda löndum sínum fyrst um sinn, og verði þau aðeins innleyst handa skólanum smátt og smátt, eftir því sem skólinn þarf á þeim að halda, enda samþykki bæjarstjórn áætlanir og tillögur skólans um notkun þeirra lóða, sem óskað er eftir að innleysa í hvert sinn. Meðan löndin eru í erfðafestu rennur erfðafestugjaldið í bæjarsjóð.
3) Bæjarstjórnin skuldbindur sig eigi til að kaupa upp húseign Jóns Björnssonar skipstjóra, við Hrafnagilsstræti (áður Bæjarstræti nr. 1).
4) Að bæjarstjórn megi óhindrað og endurgjaldslaust leggja götur og leiðslur um landareignina, eins og skipulag bæjarins útheimtir á hverjum tíma.
5) Að landareignin öll hverfi aftur til bæjarins, ef skólinn verður lagður niður á þessum stað, í því ástandi sem hún þá verður.

Að öðru leyti eru lóðirnar og löndin gefin kvaðalaust og að því sem bæjarstjórnin hefir eignarrjett yfir þeim.

Akureyri, 14. febr. 1929.

Jón Sveinsson
(L. S.)

Fylgiskjal III.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ,
Reykjavík, 14. mars 1929.

Með því að Mentaskólinn í Reykjavík er elsta mentastofnun bæjarins og hefir að sjálfsögðu ætíð haft og mun hafa alveg sjerstaka hagsmunaþýðingu fyrir Reykjavíkurbæ, þykir landsstjórninni sanngjarnt að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún fyrir sitt leyti sýni þessari mentastofnun nokkra þá sanngirni og velvild, sem mjög gæti bætt aðstöðu skólans til að inna af höndum sitt vandasama hlutverk.

Í fyrsta lagi er þess óskað, að Reykjavíkurbær gefi Mentaskólanum lóð þá, sem um nokkur ár hefir verið notuð til steinolíugeymslu, bak við skólann, og lóð og hús K. F. U. M. á sama stað, og sem fjelagið mun í náinni framtíð vilja selja. Þessi landaukning er skólanum nauðsynleg til þess að nemendur hafi olnbogarúm til útivistar við skólann.

Í öðru lagi er þess æskt að bæjarstjórn gefi skólanum hæfilega stóran blett fyrir íþróttavöll og trjágarð á sljettunni austan við þjóðveginn í Foss-

vogi. Ennfremur leyfi til að reisa hús fyrir kappróðrabáta, sem skólinn þarf að eignast, á hentugum stað við Fossvog.

Þess skal getið að bæjarstjórn Akureyrar hefir brugðist ágætlega við samskonar tilmælum frá landsstjórninni um nauðsynlegan landauka fyrir skólann þar. Samþykti bæjarstjórnin þar, mótatkvæðalaust, að kaupa aftur vegna skólans 12 dagsláttur af erfðafestulandi og byggingarlóðum, sem lá að landi skólans, svo að þar gætu verið rúmgóðir leikvellir fyrir nemendur, og nægilegt landrými fyrir allar hugsanlegar húsaviðbætur vegna skólans um langa framtíð. Sje tekið tillit til stærðarmunar Reykjavíkur og Akureyrar, mætti samskonar fríðindi til Mentaskólans frá höfuðstaðnum nema 250—300 þús. kr. virði.

Að síðustu skal eftirtekt bæjarstjórnar og skipulagsnefndar vakin á því, að þar eð nálega eingöngu timburhús, sem verða rifin í ekki mjög fjarlægri framtíð, hafa verið reist á lóðunum bak við Mentaskólann upp að Þingholtsstræti, þá færi vel á, að þetta svæði yrði sem allramest opið. Myndi það bæði verða skólanum og bænum til gagns og prýði.

Þess er sjerstaklega óskað að fá við fyrsta þóknanlegt tækifæri játandi eða neitandi svar við tveim fyrstu liðum þessa brjefs, með því að ýmsar umbætur viðvíkjandi skólanum, sem nú eru í undirbúningi, byggjast á því, að Reykjavíkurbær vilji sýna í verki að honum þyki nokkurs umvert að hafa slíka stofnun, sem Mentaskólinn er, í höfuðstað landsins.

Jónas Jónsson.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Fylgiskjal IV.

Samanburður á skólakostnaði.

A. Ríkisskólar.

Kostnaður á hvern bekk hefir numið:

	1926	1927	1928
1. Mentaskólinn í Reykjavík	9238 kr.	8837 kr.	8377 kr.
2. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	8975 —	9042 —	7490 —
3. Kennaraskólinn	8950 —	7785 —	8877 —
4. Stýrimannaskólinn	11775 —	10921 —	10130 —
5. Vjelstjóraskólinn	10575 —	9342 —	8820 —
6. Bændaskólinn á Hvanneyri	9270 —	9183 —	8545 —
7. Bændaskólinn á Hólum	11695 —	9400 —	13200 —
8. Alþýðuskólinn á Eiðum	10860 —	12317 —	11060 —

Tölurnar fyrir árin 1926 og 1927 eru teknar eftir LR. þeirra ára, en um árið 1928 er farið eftir áætlun fjárlaganna, með því að LR. þess árs er enn eigi gerður.

Til kostnaðar er hvergi talið annað en beinn reksturskostnaður. Er því slept námsstyrkjum, meiri háttar aðgerðum og endurbótum á húsum og öðru þess háttar.

B. Skólar styrktir af ríkisfje.

Yfirlit um styrk til nokkurra helstu skólanna.

	1926				1927				1928			
	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk
	kr.		kr.	kr.	kr.		kr.	kr.	kr.		kr.	kr.
1. Kvennaskólinn í Reykjavík	29000	97	299	7250	[1] 29000	[2] 97	299	7250	30000	97	309	7500
2. Kvennaskólinn á Blönduósi	17000	39	436	8500	[3] 17000	40	425	8500	16000	40	400	8000
3. Flensborgarskóli	14000	63	222	4667	17000	66	258	5667	16000	77	216	5333
4. Laugaskóli	10500	52	202	5250	13000	65	200	6500	12700	67	190	6350
5. Hvítárbakkaskóli	9100	36	253	4550	10000	40	250	5000	9750	46	212	4825
6. Núpsskóli	6000	14	428	—	7000	16	437	—	6700	22	305	—
7. Ísafjarðarskóli	2500	41	61	1250	4000	51	78	2000	4000	52	78	2000

1) Auk þess styrkur, 5000 kr., til endurnýjunar húsbúnaði og rúmfatnaði.
2) Ennfremur kvölddeild með 21 nemanda (3 st. kensla á dag).
3) Auk þess styrkur, 6000 kr., til miðstöðvarhitunar og raflýsingar.

Ed. **208. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 29. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura, af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum 200 aura, af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum 60 aura, af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura, af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu, 100 aura.

Ed. **209. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. þetta verði samþykt. Byggjum við þessa tillögu okkar meðal annars á því, að í umræðum um þetta mál í Nd. á síðasta þingi virðist okkur það koma berlega fram, að undanþágan frá þessum viðauka eigi að miðast við skattskyldar tekjur, enda er auðsætt, að sú aðferð er rjettlátari.

Alþingi, 23. mars 1929.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Páll Hermannsson.

Ed. **210. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og flutt á Alþingi eftir ósk hennar.

Ástæðan til þess, að það er borið fram, er aðallega sú, að svo miklar breytingar eru orðnar á bæjarstjórnarlögunum upphaflegu, nr. 75 frá 22. nóv.

1907, bæði beint vegna breytinga og viðauka við þau lög og óbeint vegna kosningalaganna og laganna um útsvör frá árinu 1926, sem gilda fyrir land alt, að þörf var efnisbreytinga á lögunum frá 1907, sjerstaklega um reikningshald, endurskoðun og skipun nýrra nefnda.

Eftir heimild í lögum nr. 13 frá 22. okt. 1912 og lögum nr. 14 frá 7. maí 1928 keypti Hafnarfjarðarkaupstaður land af Garðakirkju, og eru takmörk kaupstaðarsvæðisins í 1. gr. frv. þessa því önnur en í 1. gr. laganna frá 1907.

Úr 18. gr. frv., sem svarar til 28. gr. laganna frá 1907, hefir orðinu »atvinnuvegi« verið slept á eftir orðinu »skepnuhald«. Þykir nefndinni, sjerstaklega með hliðsjón af lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur, rjett, að þessu orði verði bætt inn í frv.greinina.

Þá hefir úr frv. verið slept 29. gr. laganna frá 1907, um eftirlit af ríkisstjórnarinnar hálfu með stjórn kaupstaðarins, en þar sem samsvarandi fyrirmæli gilda um alla hina kaupstaðina og öll sýslufjelög landsins, leggur nefndin til, að greinin verði tekin upp í frv. á eftir 18. gr. þess.

Annað en það, sem nú er talið, hefir nefndin ekki fundið að athuga við frv., sem hún hefir borið saman við gildandi lög um sama efni, og leyfir hún sjer því að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir orðinu »skepnuhald« í 18. gr. frv. komi: atvinnuvegi.
2. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

   Greinatalan breytist eftir þessu.

Alþingi, 25. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson, frsm.

Nd. **211. Tillaga**

til þingsál. um endurskoðun laga um fiskimat.

Flutningsm.: Ólafur Thors og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að endurskoða, með aðstoð sjerfróðra manna, lögin um fiskimat frá 1922 og leggja frumv. til laga um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

Ed. **212. Frumvarp**

til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og fasteignum í Eskifjarðarhreppi.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Eskifjarðarhreppi er heimilt að taka fasteignagjald af öllum fasteignum í hreppnum, og ákveðst það eins og hjer segir:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem er og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 1½‰ — eina krónu og fimmtíu aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist hreppurinn sótthreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og gegn eldsvoða.

b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem hreppsnefndin hefir ekki með sjerstakri samþykt ætlað til annara afnota en byggingarlóða, skal greiða 2‰ — tvær krónur af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

Hreppsnefndinni er heimilt að sleppa fasteignagjaldi af arðlausum eignum og þeim eignum, sem hún álítur, að ekki þoli að bera opinber gjöld.

2. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir Eskifjarðarhrepps og hafnarsjóðs Eskifjarðar.

3. gr.

Fasteignagjald skal greiða um leið og aukaútsvar.

4. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og má taka fasteignagjaldið í fyrsta sinn fyrir árið 1929.

Ástæður.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Eskifjarðarhreppi. Telur hún nauðsynlegt, að hreppsnefndin fái slíka heimild sem þá, er frv. fer fram á.

Ed. 213. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldþrotaskifti.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta hefir nú legið fyrir efri deild Alþingis bæði 1928 og í ár. Var málið athugað talsvert í allsherjarnefnd á síðasta þingi, en þó kom ekki um það nefndarálit.

Nú hefir allsherjarnefnd athugað frv. að nýju og borið það saman við gildandi lög um þessi efni. Lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að með frumvarpi þessu, ef samþykt yrði, fengjust allmiklar umbætur á gildandi löggjöf. Nefndin hefir leitað umsagnar lögmannsins og lögreglustjórans í Reykjavík um frv., og fylgja umsagnir þeirra með þessu áliti sem fylgiskjöl I. og II. Einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) hefir ekki getað orðið okkur undirrituðum sammála um afgreiðslu frv., og mun hann því skila sjerstöku áliti.

Í 27. gr. frv. er svo fyrir mælt, að kaupmálar skuli undantekningarlaust vera ógildir, ef þeir eru gerðir skemri tíma en tveim árum fyrir gjaldþrot. Þykir meiri hl. með þessu ákvæði of langt gengið í vissum tilfellum, og leggur því til, að kaupmáli haldi gildi, þó yngri sje en tveggja ára, þegar svo stendur á, að kaupmáli var gerður fyrir giftingu og nær aðeins til þeirra eigna, er sannanlega voru í eigu þess hjóna, þegar kaupmáli var gerður, sem sjereign fær samkvæmt kaupmálanum. Aðalbreytingin, sem nefndin vill gera við 37. gr., er tekin upp samkvæmt ósk bankaráðs Landsbanka Íslands.

Hinar aðrar breytingar, sem meiri hl. vill gera á frv., eru smávægilegar og er ekki ástæða til að gera sjerstaka grein fyrir þeim nema í framsögu.

Það er tillaga meiri hlutans, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum.
2. Við 27. gr. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemri tími sje liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem sjereign öðlast samkvæmt kaupmálanum.
3. Við 36. gr. Í stað orðanna »nema allir . . . . . samþykki« komi: nema lögmætur skiftafundur samþykki.
4. Við 37. gr. Á eftir 1. málsgrein komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   a. Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19, 4. júní 1924. Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánsstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánsstofnanir skyldar að

auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

b. Aftan við síðustu málsgrein bætist: Auglýsingakostnaður greiðist af almannafje.

Alþingi, 23. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.

Fylgiskjal I.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 17. mars 1929

Jeg hefi móttekið brjef hæstvirtrar allsherjarnefndar efri deildar, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er eftir, að jeg láti í ljósi álit mitt á frumvarpi til laga um gjaldþrotaskifti, sem nú liggur fyrir efri deild Alþingis, sjerstaklega er tekur til nýmæla þeirra, sem eru í frumvarpinu.

Jeg skal þegar taka það fram, að mikill hluti frumvarpsins liggur á því sviði lögfræðinnar, sem ekki getur talist sjergrein mín, og til þess að láta í ljósi álit, sem að jeg væri ánægður með og teldi vera eitthvert gagn í, þyrfti jeg talsvert lengri tíma en ætlast er til í brjefi nefndarinnar.

Jeg mun því aðallega takmarka mig við þann hluta af ákvæðum frumvarpsins, er viðkoma minni sjergrein og koma til að heyra undir það embætti, er jeg gegni.

Þau nýmæli eru sem sje í frumvarpinu, að alla þá, sem verða gjaldþrota, skuli leiða fyrir lögreglurjett og þar skulu gjaldþrot þeirra rannsökuð. Eftir því, sem jeg best veit, er þessari aðferð beitt í Englandi og hefir víst gefist vel — jeg álít hiklaust, að hún sje til bóta frá því sem nú er. Annars er það með þetta ákvæði eins og svo mörg önnur, það er ónýtt í höndum ljelegra manna, en beitt vopn í höndum þeirra rannsóknardómara, sem kunna að beita því; að vísu er nú svarskylda lögð á gjaldþrota í skiftarjetti, en það hefir ekki komið að verulegu gagni. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að það hlýtur að vera óþægileg tilhugsun fyrir gjaldþrota, sem býr yfir svikum, að eiga að mæta fyrir lögreglurjetti með það vald, sem honum er gefið í þessum lögum. Það er nú að verða öllum landsmönnum ljóst, og ekki síst hinum heiðarlegu mönnum innan viðskiftalífsins, hvílík nauðsyn það er fyrir okkur, að viðskiftalífið í landinu geti orðið heilbrigðara en það er nú. Jeg held, að rannsókn á gjaldþrotum fyrir lögreglurjetti sje spor í rjetta átt.

Þá vil jeg vekja athygli á því, að mið-málsgrein 27. gr. er að mínu áliti kannske dálítið varhugaverð.

Reglurnar, sem áður giltu um gildi kaupmála, voru þær, að kaupmálunum varð ekki hrundið, ef þeir voru gerðir fyrir hjónaband, og heldur eigi þeim, sem gerðir voru eftir hjónabandsstofnun, ef ekki var hægt að sanna, að sá, sem ljet fje af hendi með kaupmála, hefði ekki átt fyrir skuldum, er kaupmálinn tók gildi. Nú er reglan sú, að kaupmáli hefir einatt gildi, ef sá, sem eignast fjeð með kaupmála, hefir sjálfur flutt það inn í búið, og einnig ef makinn hefir fengið fjeð að gjöf með kaupmála, ef hinn makinn, sem gaf, sannar að hann hafi áreiðanlega átt nóg fyrir skuldum er kaupmálinn tók gildi.

Þessum reglum er nú kollvarpað með ákvæðinu í 27. grein frumvarpsins, svo að efnuð kona, sem giftist manni, er rekur áhættufyrirtæki, eða gagnkvæmt, getur á engan hátt með kaupmála forðað efnum sínum frá áhættu næstu tvö árin. Þetta er varla sanngjarnt; skuldareigendurnir eiga ekki að græða á því, þótt skuldari gifti sig. Þeir eiga aðeins heimtingu á því að vera jafnvel settir, og það eru þeir þótt kaupmálinn fái að halda gildi sínu. — *Um hina regluna, að kaupmáli haldi* gildi sínu ef sá, sem fje gaf með kaupmála, sannar að hann hafi átt fyrir skuldum er kaupmálinn tók gildi, má frekar deila. En það verða seint öll sund lokuð. — Það má því miður lengi komast í kringum lögin, þó ströng sjeu. Jeg tel engan efa á því, að ef þessi strönga ákvæði koma í gildi um kaupmála, sem að jeg eins og að framan segir tel að geti orðið dálítið ósanngjarnt, þá munu menn hiklaust nota sjer ákvæði 25. gr. og 27. gr. 1. málsgr. frumvarpsins í sama tilgangi og nú kaupmála, því þar helst gamla reglan, að gjöfin heldur gildi sínu, ef gjaldþroti sannar að hann hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum er gjöfin var gefin. Mín skoðun er því sú, að þetta ákvæði geti orðið dálítið ósanngjarnt, en til lítilla bóta. —

Mjer sýnist við fljótan yfirlestur, að mjög viðunanlega sje gengið frá frumvarpinu og tel aðalkosti þess rannsóknina á gjaldþrotunum fyrir lögreglurjetti. Vitanlega eykur þetta ákaflega mikið störfin hjer við embættið. En það, sem okkur hjer á landi hefir vantað til varnar sviksamlegum gjaldþrotum, er ekki aðallega ný lög og strangari, heldur að rannsaka gjaldþrotin og fylgja gildandi lögum eins og til er ætlast.

Vonandi geta þá þessi nýju lög og nýtt rannsóknarfyrirkomulag á gjaldþrotum skapað nýtt og betra tímabil á þessu sviði.

Hermann Jónasson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LÖGMAÐURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 18. mars 1929.

Háttvirt allsherjarnefnd Ed. Alþingis hefir með brjefi dags. 15. þ. m. beiðst álits míns um frv. til laga um gjaldþrotaskifti, sem nú liggur fyrir Alþingi, og beiðst þess álits fyrir daginn í dag.

Jeg skal strax taka það fram, að mjer hefir alls ekki unnist tími til að athuga svo nokkru nemi nýmæli frv. þessa, sem eru bæði mörg og merkileg. Jeg sje mjer því á engan hátt fært að láta uppi rökstutt álit mitt um þorra hinna einstöku nýmæla. Jeg vil þó geta þess, að ákvæði þau, sem í frv. felast um rannsókn á atvikum til gjaldþrota, eru þörf og nauðsynleg, sem og það, að slík rannsókn fari fram með þeim hætti, sem frv. mælir fyrir. Um 32. og 36. gr. skal jeg ennfremur leyfa mjer að taka þetta fram:

Aðalhugsun 32. gr. er jeg öldungis sammála, að ávaxta beri fje búa eftir því sem við verði komið. Hinsvegar verður og að setja því einhver takmörk, hvað skylda skiftaráðanda á að ná langt í þessu efni. Eftir því, sem greinin hljóðar nú, virðist mjer að meiningin sje, að skiftaráðandi eigi aldrei að hafa nokkurt fje í sjóði handbært og vaxtalaust, ef banki eða sparisjóður er við hönd. Þetta má að sjálfsögðu framkvæma, en þá þarf t. d. hjer í Reykjavík að hafa fastan mann til þess að ganga í bankann með fje til innlagningar; en hinsvegar ætti að greiða öll gjöld úr búum, hversu smá sem væru, með ávísunum. Þetta er flestum, sem móti smáum upphæðum taka, hvimleitt. Mjer lítst það ekki hagkvæmt að fylgja gegnum þykt og þunt þeirri reglu, að hvert bú hafi sjerstaka sparisjóðsbók; títt er um svo litlar upphæðir að ræða, að vextir eru hverfandi litlir, þar sem fjeð er greitt næstum samdægurs út aftur. Ábyrgð skiftaráðanda er og töluvert aukin með því, að hann á ekki aðeins að standa ábyrgð á innstæðu bús, heldur og því, að innstæðan beri vöxtu. En hann fær ekkert gjald fyrir þessa ábyrgð, því hann virðist eiga að standa skil á þeim vöxtum, sem innstæðan gæti borið í sparisjóði, sem sje sparisjóðsvöxtum frá þeim degi, er hann veitir upphæðinni móttöku.

Mjer virðist, að regla, sem lögbindur ávöxtun búafjár, eigi að vera svo sveigjanleg, að fyrirhöfn skiftaráðanda og starfsfólks hans sje ekki aukin að óþörfu, mönnum, sem fá eiga litlar upphæðir úr búi, sje ekki bakað óhagræði og ábyrgð skiftaráðanda ekki þyngd út yfir eðlileg takmörk. Nú verður að gera ráð fyrir þeim atvikum, sem oftast eiga sjer stað við búskifti, að búið eigi ekkert handbært fje þegar skifti byrja, en skiftaráðanda er þó nauðsynlegt að leggja út fje fyrir búið, bæði til skiftafundarhalda, innköllunar og við uppskrift og virðing. Fje til þessa verður að taka annarsstaðar frá til bráðabirgða, og er þá eðlilegast, að skiftaráðandi taki fjeð úr sameiginlegum sjóði, sem hann hefir fyrir öll bú. Ekki er vert að taka til þess lán, hvorki í ríkissjóðstekjum nje á annan hátt. Fyrir meginþorra búa er hagkvæmast að hafa sameiginlegan sjóð, sem stendur á vöxtum eftir því sem við verður komið. Þegar um verulegar fúlgur er að ræða, sem borgast inn í bú, sem ekki er svarað strax út aftur, er rjett að leggja þær inn á sjerstaka bók, en smáræðisupphæðir ekki, nema bú eigi bók fyrir. Vexti af smáupphæðum — tugum króna — ætti eigi að vera skylda að greiða, enda ætti skiftaráðanda að vera heimilt að hafa handbært fje til smágreiðslna fyrirliggjandi í sjóði. Ef bú hefir ekki sjerstaka bók, ætti skiftaráðanda ekki að vera skylt að svara nema hlaupareikningsvöxtum. Annars mætti ef til vill leiða það í lög sem meginreglu, að í skiftalok hvers bús skuli vottorð um það ritað í skiftabók, að skiftaráðandi hafi ávaxtað og varðveitt fje búsins tilhlýðilega á meðan á skiftum stóð.

Um 36. gr. skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að reglan um að búskifti megi aldrei dragast fram yfir 18 mánuði, verður að vera með undantekningum, t. d. þegar mál eru fyrir dómstólum, sem varða hag búsins, eða þegar ekki er unt að koma eignum búsins í peninga á venjulegum tíma. Jeg legg því til, að í stað orðanna »nema allir . . . samþykki« komi: nema samþykt sje á lögmætum skiftafundi. Þar með væri komið í veg fyrir það, að skiftaráðandi dragi búskifti að nauðsynjalausu.

Jeg verð tímans vegna að láta þessar athugasemdir nægja.

Björn Þórðarson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heiðist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.

2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Nd. 215. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Á þeim fundi nefndarinnar, sem hafði frv. þetta til úrslitameðferðar, voru ekki nema 3 af 5 nefndarmönnum, og voru þeir allir sammála um að mæla með frv. óbreyttu. Þeir nefndarmenn, sem ekki voru viðstaddir á fundinum, voru M. T. og H. V., og hafa þeir óbundin atkvæði um frv.

Alþingi, 25. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Hákon Kristófersson.

Nd. 216. Nefndarálit

um frv. til laga um sveitabanka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál allítarlega, eftir því sem hún hefir haft tóm og aðstöðu til.

Eins og kunnugt er, hafa bændur saknað þess mikið að eiga ekki kost á meiri fjármunum til atvinnurekstrar síns en tíðkast hefir lengstum hingað til. Bankar þeir og peningastofnanir, er hjer á landi hafa starfað, hafa lengstum litlu

miðlað af rekstrarfje til bænda. Veldur vafalaust þar miklu um fyrirkomulag peningastofnananna, en einnig eflaust fjárskortur þeirra. Er þó bændum hin mesta nauðsyn að eiga kost á, með ekki mjög erfiðu móti, að fá fjármuni í þessu skyni. Fyrir þessar sakir hafa viðskifti á marga lund verið þeim erfið og óhagstæð og hindrað þá í ýmsri framkvæmd í búnaðinum. Þetta hafa margir fundið og viðurkent, þó ekki hafi hjer til verið bót á því ráðin.

Á síðasta þingi var borið fram frv., er ætlað var að leysa þetta verkefni af hendi. Það náði ekki fram að ganga, eins og kunnugt er. Þetta frv. fjallar um sama efni, og er nú ætlast til þess, að það verði til að greiða götu bændastjettarinnar í þessum efnum. Er vonandi, að svo giftusamlega takist, að með samþykt þess verði bændum landsins ljettari fótur í búnaði en verið hefir um alllangt skeið.

Ekki er með öllu unt að meta þetta mál án þess að skoða í sambandi við það frv. það, er vísað var til landbúnaðarnefndarinnar um Landbúnaðarbanka Íslands. Eins og sjá má á þessu frumvarpi, er þessum sveitabönkum ætlað fyrst og fremst að sækja fjárstyrk sinn til Landbúnaðarbankans, en jafnframt er þeim að vísu ætlað að veita móttöku sparifje og reka einnig með því útlánsstarfsemi.

Í frumvarpi um Landbúnaðarbanka Íslands, 7. gr. 2. lið, er drepið á þær stofnanir, sem ætlast er til, að bankinn láni fje, til þess að þær geti lánað bændum út aftur eingöngu til árlegrar starfrækslu sinnar. Ein af þeim stofnunum, sem þar er ráð fyrir gert, að verði til þess að útvega bændum fjármuni í þessu skyni, eru þessi lánsfjelög, sem frv. þetta (frumvarp til laga um sveitabanka) fjallar um.

Nefndin er öll sammála um það, að rjett sje stefnt með því, að landbúnaðurinn fái út af fyrir sig sína sjerstöku peningastofnun. Hún telur í alla staði mjög hyggilegt, að annari starfsemi sje ekki blandað þar inn í. Landbúnaðurinn hefir algera sjerstöðu í atvinnulífi þjóðarinnar. Er hann að vissu leyti enn sjerstæðari hjá oss en nokkurri annari menningarþjóð. Veldur því að mestu aðstaða vor til þeirra þjóða, er landbúnaðarafurða vorra hafa þörf, en einnig það, hvað skamt vjer erum komnir í jarðrækt og verklegum búnaðarefnum. En ekki síst fyrir þessar sakir þurfum vjer verulegt fje til búrekstrarins, og þeir fjármunir verða að vera bundnir mikinn hluta ársins. Það er þess vegna ekki hægt, að svo vöxnu máli, að búast megi við því, að unt verði að velta oft á ári þeim krónum, sem til búrekstrarins eru veittar. En það dregur ekki úr nauðsyn þeirra, nema síður sje.

Aðrar atvinnugreinar landsmanna (en búnaðurinn) hafa átt fremur kost á fjármunum til sinna þarfa. Peningastofnunum hefir fremur litist að verja fjármunum sínum til annara þarfa, enda t. d. í sjávarútvegi miklu meiri hreyfing á peningunum en getur verið í landbúnaðinum eins og enn er ástatt með hann hjer hjá oss. Í þeim farvegi hafa líka peningar landsmanna mest runnið, og skal hjer ekki fjölyrt um það.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er því lagt inn á nýja braut, landbúnaðinum til handa. Eftir þessu er bændum nú ætlað að fá allverulegt fje til að starfrækja búskap sinn. Það má meira að segja telja það stórfje, þegar

litið er á það, að þeir hafa að mestu verið rekstrarfjárlausir hingað til. Vonandi verður bændum þetta til hins mesta gagns, eins og til er ætlast.

Nefndinni er það ljóst, að bændum eins og öðrum eykst vandi á höndum, þegar þeir fara að starfa með verulegum fjármunum. Og eins og hiklaust má telja, að það verði bændum til þroska og eflingar, ef þeir gæta þess vanda, sem í því felst að fá fjeð og fara með það, eins gæti það orðið til tjóns, ef ekki er gætt góðrar varfærni í meðferð þess. En einmitt sakir þeirrar varfærni, sem nefndin vill hafa í þessu máli, þar sem allur þorri bænda er enn sem komið er algerlega óvanur að starfa með nokkrum verulegum fjármunum, vill nefndin nokkuð rifa seglin, eftir því sem til er ætlast í frv., og leggur til, að þessir sveitabankar reki ekki sparisjóðsstarfsemi.

Ef það sýnir sig með vaxandi reynslu og þekkingu, að betur myndu þessar stofnanir rækja hlutverk sitt og ná tilgangi sínum með því móti að reka sparisjóðsstarfsemi, er hægurinn hjá að breyta lögunum í það horf. Þegar að því ráði verður horfið, hafa menn öðlast reynslu og þekkingu umfram það, sem nú er um meðferð peninga, og þá er síður ástæða til að óttast óvarkarni í meðferð fjárins.

Með þessu er því vafalaust ekki miklu slept, þó að þessu ráði sje horfið nú, en ef til vill meira unnið en virðast kann í fljótu bragði.

Nefndin vill enga dul á það draga, að hún vantreystir því fullkomlega, nú fyrst um sinn, að ef þessi peningastarfsemi, sem ráð er fyrir gert í frv., yrði rekin víðsvegar um land, að þá verði alstaðar gætt þeirrar varúðar, sem nauðsynleg er í slíkri starfsemi, svo ekki dragi það til ófarnaðar. Nefndinni er það að vísu ljóst, að yrði þessum sveitabönkum leyfð sparisjóðsstarfsemi, þá myndi meira fje veitt til búnaðarstarfrækslunnar. En ef svo færi, að það leiddi til ógætilegrar meðferðar á peningunum, svo til vanskila leiddi að einhverju verulegu leyti, þá telur nefndin, að með því væri ver á stað farið en heima setið. Af því gæti hlotist fjárskortur fyr en varir til árlegrar starfrækslu búskaparins, ótrú á öryggi hans og hagsæld.

Nefndin vill að sínu leyti stuðla að því, að til slíkra tíðinda þurfi ekki að draga. Og einmitt fyrir þessar sakir ber hún fram þá tillögu, að *e*-liður 4. gr. falli niður. En þar sem nú með þessu móti starfsemi þessara stofnana (sveitabanka) er þrengri stakkur skorinn en ráð er fyrir gert í frv., þykir nefndinni betur fara, að þau fjelög, er menn mynda til að afla sjer þessa fjár samkvæmt þessum lögum, verði kölluð lánsfjelög. Virðist nefndinni það eiga betur við eftir verkefni þessa fjelagsskapar.

Eins og vikið er að hjer að framan, þá telur nefndin rjett, að þessi stofnun eigi að vera fyrir landbúnaðinn eingöngu. En sú er þó ein grein starfsemi hjer á þessu landi, sem nefndin telur sjer ekki fært að útiloka frá því að fá rekstrarlán úr þessari stofnun, þó ekki sje það starf landbúnaðarstarf, og það er smábátaútvegurinn. Nefndin vill ekki með öllu útiloka þá menn, er hann stunda utan kaupstaða, frá því að geta fengið rekstrarlán til starfa sinna. Reyndar viðurkennir nefndin það, að hún hefði helst kosið, að hægt hefði verið að benda þessum mönnum á að afla sjer peninga til starfa síns annarsstaðar en í þessari stofnun, en eins og sakir standa, þá er engin sú peningastofnun nú til, sem telur sjer sjerstaklega skylt að sinna erindum þeirra.

Smábátaútvegurinn er líka stundaður mest af þeim mönnum, er meira og minna stunda landbúnað jafnframt. Þeir hafa útveginn sjer til styrktar og stunda hann mikið eftir því, hvernig í ári lætur með gæftir og fiskigöngur. Þessum mönnum flestum er því engu auðveldara að afla sjer rekstrarláns en þeim bændum, er landbúnað stunda eingöngu. En þeir þurfa auðvitað alveg eins fjármuna við til sinna starfa. Nú hefir smábátaútvegurinn oft og einatt verið landbúnaðinum til hins mesta gagns, og hann er því víða svo samfljettaður búnaðarstarfseminni, að þar verður ekki sundur greint. Margir bændur gætu því fengið sjer rekstrarlán, en notað það í þágu smábátaútvegsins. Fyrir þessa sök þykir nefndinni betur fara og mikið hreinna, að heimilað sje að lána fje í þessu skyni, en þess sje stranglega gætt, að ekki sje lánað nema 4 þús. kr. á hvern bát í mesta lagi, þó margir sjeu bátseigendur. Lánin veitist aðeins þeim, sem enga fiskverslun stunda, og eingöngu til þeirra báta, er hafnar leita úr hverjum róðri (ekki útilegubáta) og hiklaust teljast því smábátar.

Ef varfærni er gætt, eiga þessi lán að vera alveg hættulaus eins og önnur rekstrarlán. Og nefndin verður að vona, að bankinn gæti í þessu efni sem öðrum hinnar mestu varfærni. Tveir nefndarmanna (L. H. og B. St.) hafa þó óbundið atkvæði um þetta atriði. Þó að ekki sje ætlast til þess, að þeir, er útveg stunda á smábátum í kaupstöðunum, fái rekstrarlán úr þessari stofnun, þá getur nefndin ekki sjeð, að þeim eigi að verða nein skotaskuld úr því að afla sjer rekstrarlána í hinum bönkunum eða útibúum þeirra. Þeir hafa vafalaust til þess nóg ráð. Enda munu þeir oft selja fiskinn jafnóðum og hann veiðist, og á þann hátt fá nóg fje.

Þá vill nefndin, að sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans hafi heimild til að lána beint til lánsfjelaganna, án annara milliliða (banka, bankaútibúa, samvinnukaupfjelaga o. s. frv.), ef þannig semst þeirra á milli. Getur nefndin ekki sjeð, að neitt mæli því á móti.

Þar sem nefndin leggur til, að þessi fjelög stundi enga sparisjóðsstarfsemi, verður að breyta ákvæðum 7. gr. fyrir þá sök lítið eitt. Auk þess sýnist nefndinni þess engin þörf, að þessi lánsfjelög fari að binda fje til langs tíma. Það á að vera verkefni Landbúnaðarbankans að lána fje til slíks.

Þess vegna vill nefndin ekki fallast á 2. málsgr. 7. gr. og leggur til, að hún verði feld burt. Nefndin vill meira að segja leggja svo ríka áherslu á, að þetta fje verði ekki bundið, að hún flytur tillögu um, að hver einasti lánþegi greiði upp skuld sína að minsta kosti einu sinni á ári og verði skuldlaus á gjalddaga fjelagsins. En verði misbrestur á þessu, þá telur nefndin, að sá, er ekki heldur skuldbindingar sínar við fjelagið, verði að víkja úr því. Hið sama gildi og fyrir lansfjelag gagnvart Landbúnaðarbankanum, ef það stendur ekki í skilum við hann. Nefndin flytur því breytingartillögu um að orða 7. gr. upp.

Þá telur nefndin, að lánsfjelagi og fjelögum þess sje mikið hagræði í því, að sú stofnun, sem það skiftir við, annist vaxtareikning hvers einstaks fjelagsmanns og fjelagsins í heild, og flytur þess vegna breytingartillögu við 8. gr. um þetta efni. Með þessu móti getur hver einstakur fjelagsmaður fengið vitneskju um, hvað viðskiftum sínum við fjelagið líður, og verður að álíta það heppilegt.

Ekki getur nefndin fallist á, að bændur fari að veðsetja framleiðslutæki

sín (verkfæri og áhöld), sbr. 14. gr., eða jarðarafurðir, t. d. hey, garðávexti eða þesskonar.

Nefndin vonar, að þó að veðsetning sje ekki lögboðin, þá þurfi það ekki að verða neinum manni til hindrunar eða standi honum fyrir þrifum. Horfur eru á, að bændur geti veðsett jarðir sínar, hús og búpening allan (samkvæmt frv. um Landbúnaðarbanka, ef að lögum verður). Er þá nokkur goðgá, þó áhöld og bjargræði fólksins verði ekki hnept í veðfjötra? Þetta vill því nefndin fella úr frumvarpinu.

Þá flytur nefndin tillögu um að fella burt síðustu málsgrein 14. gr., þar sem ráðgert er að heimila lánsfjelögum lögtak fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Þó að nefndin hafi síst af öllu löngun til að gera fjelögunum erfiða innheimtuna, þá þykir henni óvarlegt að ganga inn á þessa braut með innheimtu slíkra gjalda. Er ekki sýnt, ef þessu væri óvægilega beitt, nema það gæti gert mönnum þungar búsifjar. Nefndin vill ekkert eiga á hættu með þetta og leggur til, að þetta verði felt úr frumvarpinu.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »landbúnaðarframleiðslu stunda« kemur: ennfremur til smábátaútvegs bænda utan kaupstaða.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna »sveitabanka, sem stofnaðir« kemur: lánsfjelaga, sem stofnuð.

      Alstaðar annarsstaðar í frumvarpinu, þar sem orðið »sveitabanki« stendur, kemur í viðeigandi falli: lánsfjelag.
   b. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.
3. Við 4. gr. E-liður fellur niður.
4. Við 5. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.
5. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

   Lán þau, er fjelögin veita fjelagsmönnum sínum, mega vera reikningslán eða víxillán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, og greiðist þá að fullu ásamt áföllnum vöxtum á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþyktum fjelagsins. Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að víxillinn sje greiddur að fullu á hinum ákveðna gjalddaga fjelagsins. Hver fjelagsmaður sje skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Fjelagsmaður, sem ekki stendur í skilum við fjelagið, skal víkja úr fjelaginu. Lánsfjelag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svifta rekstrarláni næsta ár eða lengur, ef miklar sakir eru til.
6. Við 8. gr. 2. málsgr. skal orða svo:

   Stofnun sú, sem veitir fjelaginu lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann

og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að greiða, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. Við 11. gr. Greinin fellur burt.
8. Við 14. gr.
   a. Orðin »framleiðslulækja eða jarðarafurða« í 1. málsgr. falla burt.
   b. Fyrir »bankann« í niðurlagi sömu málsgr. kemur: lánsfjelagið.
   c. Síðasta málsgr. fellur burt.
9. Á eftir 15. gr. kemur ný grein, er verður 16. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
10. Fyrirsögnina skal orða svo:
   Frumvarp til laga um lánsfjelög.

Alþingi, 25. mars 1929.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. og frsm. Einar Jónsson.
Bernh. Stefánsson. Jón Sigurðsson.

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað »14. maí« í 5. gr. laganna kemur: 20. apríl.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 11. gr. svo látandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nákvæm fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, sjerstaklega um kostnað við kynbæturnar og valdsvið kynbótanefnda.

Í reglugerð má ákveða, að brot gegn henni varði sektum, frá 50—500 kr., sem renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um kynbætur hesta, sem gengu í gildi 1. jan. 1927, hafa nú verið reynd í 2 ár; sú reynsla sýnir, að þar sem lögunum hefir verið hlýtt, hafa þau unnið mikið gagn, en einstök atriði þeirra virðast ekki vera svo skýr, að allir skilji þau á einn veg. Því er það, að atvinnumálaráðherra hefir farið fram á, að landbúnaðarnefndin flytti þennan viðauka og breytingu við lögin.

Nánar í framsögu.

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykt, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum, alt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Heimild veitist til að lána sýslusjóði Árnessýslu 80000 kr. úr viðlagasjóði til lendingarbóta, gegn því, að sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist greiðslu lánsins. Lánið veitist til 40 ára, með 5% vöxtum og jöfnum afborgunum, en sje vaxta- og afborgunarlaust þangað til lendingin er nothæf. Lánið er bundið því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sje falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, alt að 15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sjer.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, nje heldur halda þar út bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir nje taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, nje endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar alt að 6‰ af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er út til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um alt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með málum út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Á síðasta Fiskiþingi voru kosnir 2 menn til að athuga hafnargerð í Þorlákshöfn. Sýslunefnd Árnessýslu kaus 2 menn í þessa nefnd og landsstjórnin tilnefndi oddamann í nefndina. Nefnd þessi athugaði málið í vor og haust, og fer hjer á eftir útdráttur úr áliti hennar:

». . . . Lendingarstaðir eru tveir í Þorlákshöfn og mun svo hafa verið frá ómunatíð. Kallast varir þessar suður-vör og norður-vör. Að því er menn vita, hafa mest 29 skip verið gerð út á vetrarvertíð í Þorlákshöfn, og var þá svipuð skipatala í báðum vörum.

Til að ljetta sátur á skipunum, voru varirnar fyrrum stokklagðar, sumpart hvalbeinum, en aðallega trjám, og hefir viðhald á stokkunum verið sæmilegt til þessa. En nú er ástandið þannig að sama sem allir stokkar eru slitnir til agna, og verður því að setja skipin í möl og á berum klöppum. Þetta er erfitt verk og fer illa með skipin, enda ekki hættulaust þegar vont er í sjó. Á síðustu vetrarvertíð voru gerð út 5 skip í Þorlákshöfn, öll opin, en tvö með vjelum. Fjögur þessara skipa lentu í norður-vör, en aðeins eitt í suður-vör. Suður-vörin liggur meira móti allri sunnanátt, og mun því að öllum jafnaði vera brimasamara þar en í norður-vör, enda brattari setning og mikið verri aðstaða að gera þar sjóvarnargarð.

Vjer snerum oss því aðallega að norður-vör og við nána athugun þennan stutta tíma, sem vjer dvöldum þar, kom oss nefndarmönnunum saman um, að besta ráðið til að gera sæmilegan lendingarstað í Þorlákshöfn fyrir opna vjelbáta og minni þilfarsbáta væri, að ef bygður yrði öflugur steinsteypugarður fyrir sunnan norður-vör, í beinni línu frá hlöðunni (sem stendur norðan við bæjarhúsin) og út í Flatasker. Mældist oss þessi vegalengd um 100 metrar. Að sjálfsögðu verður jafnframt að breikka vörina, með því að sprengja úr syðri hlið klapparinnar, sem nú er venjulega lent við, og jafnframt verður að stokkleggja alla vörina vandlega.

Landið fyrir ofan vörina þarf að laga og jafna til, svo hægt sje að setja skipin jafnóðum og þau lenda, ef nauðsyn krefur.

Vjer gerum ráð fyrir, að á þetta svæði mætti setja um 40 skip og þar sem nauðsynlegt er að þau komist fljótt á land, ef brim er, teljum vjer sjálfsagt að nota handvindur eða vjelvindur við setninguna, svo margar er þurfa þykir eftir fjölda skipanna.

Ef öflugur sjóvarnargarður verður settur á þennan stað, er enginn vafi á því, að lending í Þorlákshöfn mundi verða örugg og mega teljast besta lending austan fjalls. Þess ber að gæta, að þenna garð mætti síðar lengja, eins og Jón

Þorláksson getur um í skýrslu sinni til Fiskifjelagsins 1914, er hann athugaði hafnarbætur í Þorlákshöfn.

Gerir hann ráð fyrir, að lengja megi garð þenna um 84 metra út á 4 metra dýpi og hafa innsiglinguna milli garðsendans og Langaskers. Mundi þá einnig fást skjól fyrir vjelbáta innan við garðinn og gætu þá stærri vjelbátar legið þar á floti. Að líkindum mundi svo eigi líða á löngu áður fullskipað yrði þar af vjelbátum á vetrarvertíð.

Þessi lendingarbót, sem hjer hefir verið lýst, með byggingu garðs út á Flatasker, er aðeins miðuð við minni vjelbáta, sem settir verða á land eftir hverja sjóferð.

Þar sem mjög er brimasamt í Þorlákshöfn, einkum á vetrum, leggjum vjer áherslu á, að væntanlegur garður verði gerður traustur og það hár, að eigi gangi sjór yfir hann um flæði. Þetta virðist líka auðvelt, því undirstaða er ágæt, fastar klappir alla leið út á Flatasker.

Frá því útræði hófst frá ströndum austan fjalls, hefir Þorlákshöfn verið talin jafn-besta og farsælasta veiðistöðin á svæðinu frá Þjórsá til Grindavíkur, og var þá um mikið útræði að gera, eins og síðar verður sagt, og í Þorlákshöfn hafa fram á síðustu ár jafnan stundað fleiri menn sjóróðra en úr nokkurri annari veiðistöð á umræddu svæði. Þó var þar ekki því fyrir að fara, sem talinn er kostur á veiðistöðvum yfirleitt, að skilyrði væru þar til búsetu fyrir sjómenn, þau hafa lítil þar verið, því lítið er um graslendi þar upp frá sjónum.

Aðrar ástæður lágu þar fyrir því, að aðsókn að Þorlákshöfn var ávalt meiri en annarsstaðar og voru þær einkum tvær. Önnur sú, að lending frá náttúrunnar hendi var þar betri en alstaðar annarsstaðar á svæðinu, og oftar því mögulegt að róa á nærliggjandi fiskimið, og urðu þá þar að jafnaði betri hlutir en í öðrum veiðistöðvum austan fjalls. Hin ástæðan var sú, að þar var lang öruggust lending og áhættuminst mönnum, skipum og afla. Þessi síðari ástæða mun hafa vegið meira í augum hygginna og duglegra manna en hin fyrri, og báðar vógu þær svo mikið, að þangað safnaðist jafnan mannval hið besta, sem fáanlegt var úr austursýslunum, Árnes- og Rangárvallasýslum, dálítið úr Vestur-Skaftafellssýslu, og um eitt skeið nokkuð vestan yfir fjall. Bændur keptust um að koma sjer og mönnum sínum í skiprúm í Þorlákshöfn.

Vergögn voru þar og ágæt, bæði til að herða fisk, meðan sú verkun var algeng, og enn betri til að þurka saltaðan fisk, þegar sú aðferð var alment tekin upp á verkun fiskjarins. Þar vildu mjög sjaldan slys til, hvorki úti á rúmsjó nje í lendingu, og var þó sjórinn jafnan mjög fast sóttur af úrvalsmönnum.

Af hinu framanskrifaða leiddi, að útgerðarkostnaður varð lítill, fólkið var ánægt með árangur starfsins og sótti mjög að veiðistöðinni, sem ávalt var talin happasælasta og aflahæsta veiðistöðin austan fjalls.

Enn er þó ótalið langþýðingarmesta gildi þessa staðar sem verstöðvar, sem var það, að þangað leituðu jafnan neyðarlendingar öll skip og bátar frá nærliggjandi veiðistöðvum, bæði að austan og vestan (Loftsstöðum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Selvogi, Herdísarvík og jafnvel austan úr Rangárvallasýslu). Þegar brimasundin, sem inn úr þurfti að fara til lendinga á þessum stöðum, lokuðust algerlega, sem oft skeður á örstuttum tíma, leituðu skipin til Þorlákshafnar og

var þeim nær undantekningarlaust bjargað þar með aðstoð þeirra sjómanna, er þá bygðu verstöðina, Eitt sinn, nokkru fyrir aldamótin síðustu, urðu um 60 róðrarbátar að leita neyðarlendingar í Þorlákshöfn og björguðust allir menn, um 400 til 500, heilir á húfi, mikið af aflanum og flest skipin óbrotin, en þá var ólendandi í öllum öðrum verstöðvum austan fjalls á áðurnefndu svæði.

Því nær á hverri vertíð komu fyrir svipuð atvik sem nú hefir verið lýst, þó ekki væri oftar um jafnmörg skip að ræða og þá.

Um og eftir aldamótin mun útgerð í verstöðvum milli Þjórsár og Ölfusár hafa numið yfir 100 róðrarbátum, þegar mest var, og er óhætt að fullyrða, að þessi útgerð bygðist mikið á meðvitund útgerðarmanna og sjómanna um öryggi Þorlákshafnar, því þó brim lokaði leiðum að öðrum verum, þá var altaf björgunarvon í Þorlákshöfn, og sannar þetta best rjettmæti hafnarbóta á þessum góða stað.

Aðalskilyrðin fyrir því, að hjer geti og þurfi að rísa upp aftur blómleg verstöð, eru ennþá óbreytt.

Ennþá gengur fiskurinn, einkum þorskurinn, í flestum árum mjög þjett á hin fornu mið Þorlákshafnar og Selvogs, sem liggja saman, og vjelbátar Eyrbekkinga og Stokkseyringa, sem eru yfir 20 talsins, sækja mest allan afla sinn á þessi mið, og *ennþá* er þörfin engu minni en áður var hún, að öryggi sje í Þorlákshöfn búið fiskiflotanum milli Þjórsár og Ölfusár, þegar sundin lokast fyrir honum í heimalendingunni.

Eins og högum er nú háttað í Þorlákshöfn með lendingu, geta vjelbátar ekki hætt á að hleypa þangað til neyðarlendingar og verða því annaðhvort að halda sjó, meðan unt er, eða reyna að ná Vestmannaeyjum, sem hvorttveggja er mjög hættulegt, en ef hvorttveggja þetta bregst, eru engin úrræði eftir til björgunar önnur en þau að hleypa vestur fyrir Reykjanes upp á líf og dauða.

Árið 1926 sýndist muna mjög litlu, að stórtjón yrði á Stokkseyri og Eyrarbakka af þeim orsökum, að bátarnir gátu ekki leitað neyðarlendingar í Þorlákshöfn, þar sem 7 þeirra urðu að hverfa frá ófærum sundunum í stórbrimi og ofsaveðri, og varð það þá fleirum skipshöfnum til bjargar að togarar voru kallaðir til hjálpar bátunum og brugðu mjög skjótt og drengilega við og björguðu skipshöfnum og bátum heilum til Reykjavíkur. (Einn báturinn slitnaði þó mannlaus aftan úr togara, rak á land og brotnaði í spón). En nokkuð af bátunum komst eftir langan tíma og illan leik til Vestmannaeyja.

Af því, sem nú hefir verið sagt um það atriði, sem snýr að björgunarmálum sjómanna austan fjalls, sjerstaklega vjelbátanna, er það ljóst, að hin mesta nauðsyn er að gera þær lendingarbætur í Þorlákshöfn, sem tryggi líf og eignir manna, þegar út af ber með heimalendingarnar, og vissulega mundi vjelbátunum stórum fjölga á umtöluðum stöðum, þegar þetta öryggi væri fengið og í Þorlákshöfn risi upp vjelbátaverstöð, sem stæði vel að vígi til sjósóknar.

Á undanförnum árum hefir verið mikið rætt um það meðal útvegsmanna og sýslubúa í Árnessýslu, að nauðsynlegt væri að bæta lendingar í Þorlákshöfn og hafa jafnvel komið fram óskir um það, að gera þar fullkomna stórskipahöfn.

Samkvæmt tilmælum sýslunefnda Árnes- og Rangárvallasýslna rannsakaði Th. Krabbe, þá landsverkfræðingur, árið 1909 hafnarstæði í Þorlákshöfn og

varð það hans tillaga, að gerðir yrðu tveir garðar, annar um 200 metra fyrir sunnan suður-vör og hinn fyrir norðan norður-vör, og í skjóli þessara garða áleit hann rúm fyrir 50 til 60 vjelbáta. Kostnað við byggingu þessara garða áleit hann (1909) um 600 þúsund krónur.

Árið 1913 veitti Alþingi Fiskifjelagi Íslands 1000 króna styrk til þess að láta rannsaka og áætla kostnað við byggingu vjelbátahafnar í Þorlákshöfn.

Fiskifjelagið fjekk þáverandi landsverkfræðing Jón Þorláksson til þess að sjá um framkvæmdir á þessu og fól hann Jóni Ísleifssyni verkfræðingi að gera nauðsynlegar mælingar því viðvíkjandi.

Jón Þorláksson gerði síðan tillögu um vjelbátastöð í Þorlákshöfn ásamt kostnaðaráætlun og fylgir álit hans með þessu nefndaráliti ásamt tveimur uppdráttum.

Árið 1919 athugaði N. P. Kirk hafnarstæði í Þorlákshöfn og gerði áætlun um fullkomna höfn á þessum stað. Hljóp sú áætlun alls rúmar 4 milj. króna.

Í skýrslu sinni til Stjórnarráðsins 1921, um hafnarrannsóknir framkvæmdar á árunum 1917 til 1921, segir Th. Krabbe verkfræðingur um þessa áætlun: »Kostnaðaráætlun þessi er miðuð við verðlag 1914, um 4 miljónir 214 þúsund krónur, en með því verðlagi, sem jeg miðaði við í þessari skýrslu, mundi það samsvara um 11 miljónir 750 þúsund krónur nú«. Þar sem hjer er um að ræða mikið mannvirki, er sýnilegt var að mundi kosta mikið fje, varð eigi neitt úr framkvæmdum á hafnargerðinni.

Á fundi nefndarinnar 17. desember f. á. var rætt um það, hvort tiltækilegt mundi vera að byggja fullkomna höfn í Þorlákshöfn. Eftir að nefndin hafði íhugað þessi atriði nánara kom öllum nefndarmönnum saman um, að flutningsþörf sýslnanna, eins og stendur, væri eigi svo mikil, að hún gæti borið uppi kostnað af slíku fyrirtæki og þó útgerð yrði þar talsverð með tímanum, þá mundi það heldur ekki verða nægilegt til að bera uppi slíkan reksturskostnað í náinni framtíð. Nefndin vill því eigi gera neinar tillögur í þá átt.

Að öllu þessu athuguðu áleit nefndin líklegast til framkvæmda minniháttar lendingarbætur í Þorlákshöfn. Sneri hún sjer til Jóns Þorlákssonar verkfræðings með ósk um að hann ljeti nefndinni í tje sundurliðaða áætlun samkv. tillögum hans 1914, með því að athuganir hans hafa farið mjög saman við þær athuganir, er nefndarmenn gerðu, er þeir komu til Þorlákshafnar.

Jón Þorláksson varð vel við þessum tilmælum nefndarinnar og afhenti henni áætlun yfir hafnarbæturnar, eins og hann telur að þær mundu kosta, miðað við verðlag nú, og nemur sú áætlun hans kr. 159 þúsund. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að útræði mundi verða örugt á þessum stað, ef þessar hafnarbætur yrðu framkvæmdar, og gerir ráð fyrir að um 40 báta af mismunandi stærðum mætti draga á land í norður-vör. Þá hefir nefndin einnig athugað möguleika til fiskverkunar á staðnum, og er það álit hennar, að á sjálfgerðum reitum, sem nú eru, megi verka 10 til 12 þúsund skippund af fiski og með tiltölulega litlum kostnaði mætti auka reitagerð þar um helming. Hjer er þó aðeins átt við að taka malarkampinn, en þar að auki er nokkurt land, sem taka mætti til reitagerðar og auðvelt er að gera, þar sem efni er rjett við hendina.

Þetta, sem hjer hefir verið sagt, á eingöngu við opna vjelbáta, ekki stærri

en svo að draga megi á land að lokinni veiðiför. Stærri þiljuðum vjelbátum er ómögulegt að lenda í Þorlákshöfn, eins og kringumstæður eru, en eins og áður var getið þá er nauðsynlegt að þeim verði búin þar neyðarlending sem allra fyrst.

Með því að nefndin hefir nú athugað eftir föngum það, sem henni var falið, leyfum vjer oss að koma fram með eftirfarandi tillögur:

1. Að Árnessýsla láti framkvæma hafnarbætur þær í Þorlákshöfn, er Jón Þorláksson hefir mælt með 1914 og nema munu kr. 159 þúsund samkv. síðustu kostnaðaráætlun hans.
2. Að ríkissjóður leggi fram tillag kr. 80 þúsund og veiti sýslunni lán úr Viðlagasjóði að upphæð kr. 79 þúsund.
3. Að land verði fengið hjá eigendum Þorlákshafnar, sem að áliti nefndarinnar má eigi minna vera en 14 til 15 þúsund fermetrar, til nauðsynlegra afnota vegna hafnarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa.

Nefndin telur mjög líklegt, að um 30 til 40 bátar verði gerðir út í Þorlákshöfn er stundir líða, ef lending og uppsátur verður örugt eins og hjer er farið fram á. Er því fullkomlega sjeð fyrir tekjum til þess að greiða vexti og viðhald af þessari lendingarbót.

Til stuðnings þessu áliti voru má geta þess, að í Grindavík eru nú gerð út um 30 opin skip með vjelum, og mun það vera nú full ásett í lendingarnar með þessum skipastól. Í Höfnum var útgerð opinna skipa nær útdauð fyrir nokkrum árum, en á næstkomandi vertíð er ákveðið að þaðan gangi 10 opin vjelskip.

Þetta er besta sönnun þess hverju áliti útgerð vjelbátanna hefir náð í þessum veiðiplássum.

Reykjavík, 14. febrúar 1929.

Jón Ólafsson (form.). Geir Sigurðsson (skrifari). Júlíus Guðmundsson.
Bjarni Eggertsson. Þorl. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 26. október 1928.

Samkvæmt tilmælum hins háttvirta Fiskifjelags hefi jeg endurskoðað kostnaðaráætlun mína frá 18. sept. 1914 um mótorbátastöð í Þorlákshöfn, og reiknað hana út eftir núgildandi verðlagi.

Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að ef verk þetta ætti nú að koma til framkvæmda, mundi jeg leggja til að garðurinn gengi út frá ströndinni (sjókampinum) ca. 25 metrum sunnar og vestar en sýnt er á uppdrættinum, en þetta breytir ekki neitt kostnaðinum.

Ennfremur þykir mjer rjett að taka það fram, að hinu fyrirhugaða verki

er þannig háttað, að þótt það yrði ekki framkvæmt alt í einu, þá getur sá hluti-nn, sem fyrst verður framkvæmdur, komið að gagni út af fyrir sig.

Virðingarfylst

Jón Þorláksson.

Til Fiskifjelags Íslands.

Fylgiskjal II.

Endurskoðuð áætlun frá 18. sept. 1914 um kostnað við mótorbátaslöð í Þorlákshöfn.

		kr.	kr.
1.	Garður fram á Flatasker:		
	Gróf steypa, 1750 tenm. á 50 kr.	87500	
	Hleðslusteinar, 210 tenm. á 90 kr.	18900	
	Sementshúðun á krónu og gólfi m. m.	3000	
	Verkfæri, verkstjórn, ófyrirsjeð	12600	
			122000
2.	Sprenging í Norður-vörinni og á Rásarskeri, lögun uppsáturs og vindur:		
	Sprenging 2200 tenm. á 12 kr....	26400	
	Lögun uppsáturs og vindur	6600	
	Verkfæri, verkstjórn, ófyrirsjeð	4000	
			37000
			kr. 159000

Reykjavík, 26. október 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um verðlaun úr ríkissjóði til hjeraða fyrir jarðræktarframkvæmdir.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Verðlaun skal veita til þessara hjeraða fyrir mestar framkvæmdir í jarðrækt: 1. Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 2. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 3. Barðastrandarsýslu, 4. Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, 5. Strandasýslu, 6. Dalasýslu, 7. Húnavatnssýslu, 8. Skagafjarðarsýslu, 9. Eyjafjarðarsýslu, 10. Suður-Þingeyjarsýslu, 11. Norður-Þingeyjarsýslu, 12. Norður-

Múlasýslu, 13. Suður-Múlasýslu, 14. Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, 15. Rangárvallasýslu, 16. Árnessýslu.

2. gr.

Næstu 4 ár skal ríkissjóður verðlauna árlega 4 af sýslum þeim, er 1. gr. nefnir, sem skara fram úr í jarðræktarframkvæmdum, þannig, að hvert hjerað fái að verðlaunum eina dráttarvjel (traktor) ásamt tilheyrandi nauðsynlegustu jarðyrkjuverkfærum.

3. gr.

Verði sömu hjeruðin oftar en einu sinni aðnjótandi verðlaunanna, skulu þau eiga kost á að fá verðlaunin í peningum, sem svarar til verðmætis dráttarvjelarinnar og jarðyrkjuverkfæranna, og stofna með þeim sjóð, er standi undir umráðum hjeraðsstjórnar.

4. gr.

Hjeraðsstjórnir hafa öll umráð dráttarvjelanna, semja reglur um notkun þeirra og niðurröðun vinnunnar. Skulu þær sveitir jafnaðarlega sitja fyrir vinnu, sem mesta þörf hafa ræktunar og góð skilyrði.

5. gr.

Sjóðir þeir, sem 3. gr. getur um og stofnaðir kunna að verða af verðlaunum, skulu hafa það aðalhlutverk að styrkja einstakar sveitir til dráttarvjelakaupa og verðlauna mestu framkvæmdir í jarðrækt hjá einstökum mönnum. Skulu sýslunefndir semja skipulagsskrá fyrir sjóðina og hafa umsjón og reikningshald þeirra.

6. gr.

Til jarðræktarframkvæmda samkvæmt lögum þessum skulu taldar: Allar túnbætur og nýrækt, vatnsveitingar með þar til heyrandi skurðum og flóðgörðum, þurkskurðir, þó ekki sje fullkomin áveita, allar girðingar með áskildri gerð um tún, engi og nýrækt, úr hvaða efni sem eru, öll haughús og safnþrær.

7. gr.

Ef álitamál kynni að verða um, hvaða hjeruð yrðu aðnjótandi verðlaunanna, skulu landbúnaðarnefndir beggja deilda Alþingis skera úr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftirfarandi athugasemdir fylgdu frumvarpinu frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum.

Jarðræktin er undirstaða landbúnaðarins. Því verður að gera alt til þess að vekja áhuga til aukinna framkvæmda í henni, og virðist sú leið, sem frumv.

þetta fer, vera vel til þess fallin. Öll verðlaun og öll keppni virðast hvarvetna hafa verið örugg lyftistöng til allra framkvæmda. Í annan stað má fullyrða, að með þúfnabanavinnunni hjer á landi hefir mjög aukist áhugi í jarðrækt; veldur því fljótvirkni og fljótteknari arður. Hinar seinvirku aðferðir, sem hjer hafa gilt, hafa dregið landbúnaðinn niður. Það er því lífsnauðsyn að fjölga hinum fljótvirku vjelum til jarðvinslu. Vinnan er bæði ódýrari og betri. Er vert að athuga fjárhagshlið þessa máls nokkuð nánar. Eftir því, sem nú er talið nauðsynlegt, að bændur eignist hestaverkfæri, myndi ekki þykja sæmilegt ástand í hreppi, sem hefði 60 búendur, nema $^2/_3$ bænda, eða 40, ættu hestaverkfæri. Áhöld þessi eru öll að dýrleika 24 þús. kr., ef hver búandi hefir fengið þau á 600 kr.

Líklega getur 1 dráttarvjel afkastað þarna eins mikilli vinnu eins og unnin myndi verða með öllum þessum hestum af meira og minna óvönum mönnum, og standa þó ekki í henni nema um 6000 kr. En yfir tekur þó, að með hestana og hestaverkfærin yrðu þarna að starfi um 40—60 menn, því margir þyrftu að hafa hjálparmann, en með dráttarvjelina fer 1 maður. Þó er það ótalið, sem mestu skiftir, að hestavinna hjá hverjum einstökum fer í miklum ólestri. Hestarnir eru ótamdir og ónýtir, mennirnir óvanir lengi eða lengst af, þó þeir grípi í þetta, og vinnan verður öll illa gerð. Það þýðir ekkert að vitna í það, þó einstöku efnabændur hafi afkastað þó nokkru með hestaverkfærum. Þeir hafa betri ástæður til þess að eiga trausta hesta og vel með farna, sem allur fjöldinn getur ekki. Auk þess er hestauppeldið og hestaeldið árlega alveg sjerstakur kostnaðarliður í þessu máli. Vextir og fyrning af einum hestaverkfærum er árlega, með því að hestaverkfærin endist í 15 ár, kr. 76,00. Fer að verða hægt að fá 2 dagsláttur unnar fyrir það með dráttarvjel, sem er meira en árlega myndi verða unnið með hestaverkfærum á bæ. Sjest þá hagnaðurinn.

Enn má taka fram sem sterka ástæðu gegn því að leggja mikið fje í hestaverkfæri, að reynslan nú strax og rás viðburðanna sýnir ljóst og ótvírætt, að *öll hestavinna legst fljótlega niður*, þegar önnur hraðvirkari tæki koma til sögunnar. Má til þess nefna það, að hvar sem bílar ganga kemur breytingin óðara. Í einni góðsveit norðanlands, sem hefir góðan akveg, ágæt skilyrði til hestahalds og nóg af hestum, vönum vagnhestum, og tiltölulega stutt í verslunarstað, lagðist hestaflutningur næstum alveg niður undir eins og bílar komu. Alveg sama verður uppi með þessar fljótvirku jarðvinsluvjelar. Þær ryðja sjer til rúms, þó alt verði gert til að hamla því frá hálfu löggjafarvalds og Búnaðarfjelags Íslands. Og þá liggja hestaverkfærin víðsvegar úti um land ónotuð. Það eina rjetta er því að stuðla að því, að dráttarvjelar fái sem mesta útbreiðslu, svo að nýtt líf og nýr áhugi færist í allar jarðræktarframkvæmdir.

Það er talið þjóðlegt og ódýrt að vinna með hestum að jarðrækt, en það er bara þjóðleg kyrstaða og óútreiknanlega dýr. Þetta frumvarp á því að vera spor í þá átt, að þetta mál komist á rjettarí leið en það nú er á.

Um einstakar greinar frumv. skal þetta tekið fram:

Við 1. gr.

Það eru ákveðin 16 hjeruð til verðlaunanna, ef svo færi, að öll yrðu þeirra aðnjótandi. Raunar má frekar búast við, að þau, sem fyrst yrðu þeirra

aðnjótandi, ynnu þau aftur vegna bættrar aðstöðu, sem verðlaunin gera, en þá leggja hin því meira á sig, og er þá alt á góðum vegi, heilbrigður og hagsæll metnaður.

Það hjerað, sem undanskilið er keppninni um verðlaunin, er það, sem best nýtur bæjarmarkaðsins fyrir afurðir sínar. Er sú hagsmunalega aðstaða svo mikils virði, að hin hjeruðin eru ekki samkeppnisfær við það. Sjerstaklega á þetta við sumar sveitir Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Við 2. gr.

Nauðsynleg verkfæri með dráttarvjelinni verða að teljast 2 plógar, 1 stórt diskherfi, eða jafnvel 2 herfi, hitt af annari tegund, og valti. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Við 3. gr.

Rjett sýnist að gefa hjeruðunum kost á að mynda jarðræktarsjóði eða verkfærasjóði, er myndu hafa hina mestu þýðingu í framtíðinni. Sjálfsagt að láta hjeruðin ráða öllu fyrirkomulagi á þeim, í þeim ákveðna tilgangi, sem fram er tekinn.

4. og 5. gr.

Gefa ekki ástæðu til skýringa.

Við 6. gr.

Hjer er gerð tilraun til að skýra, hvað telja skuli til jarðræktar við mælingar jarðabóta. Getur sumt orðið nokkurt álitamál, og þarf máske einhverju við að bæta.

Við 7. gr.

Það er hugsanlegt, að ágreiningur geti orðið um það, hvaða hjeruð njóti verðlaunanna, svo svipaðar sjeu framkvæmdir þeirra. Gæti það valdið óánægju í þeim hjeruðum, sem undir yrðu, ef ekki yrði nokkuð vandað til úrskurðarins. Og þó að altaf geti orðið þingmenn þeirra hjeraða í landbúnaðarnefnd, sem hlut eiga að máli, og þó gert væri ráð fyrir, að þeir hjeldu þeirra taum, sem alls ekki er víst, þá yrðu þeir í minni hluta, svo það ætti ekki að raska rjettlátum úrskurði.

Ætlast er til, að verðlaunin verði fyrst veitt fyrir árið 1929.

Ed. **220. Nefndarálit**

um frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er ekki með öllu sammála um frv. þetta. Halldór Steinsson hefir sjerstöðu um 7. gr. frv. og mun flytja sjerstakar breytingartillögur við hana. Öll nefndin leggur til, að samþyktar verði eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.
   Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna »samvinnufjelögum bænda« komi: samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum.
3. Við 8. gr.
   a. Hagnaður af þeim kaupum rennur óskiftur í varasjóð verksmiðjunnar, enda beri hann halla af kaupunum, ef nokkur verður.
   b. Á eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi:
      Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti.
4. Greinatala frv. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 21. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	H. Steinsson, með fyrirvara.

Ed. **221. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjaldþrotaskifti.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg er hæstvirtri stjórn og meiri hluta allsherjarnefndar Ed. samdóma um það, að tími sje til þess kominn að endurskoða skiftalöggjöfina íslensku. Skiftalögin sjálf, sem eru aðallögin um þetta efni, eru frá 12. apríl 1878, en gjaldþrotaskiftalögin frá 13. apríl 1894. Ástæður allar hjer á landi síðan þessi löggjöf var sett eru orðnar svo breyttar, að fylsta nauðsyn er orðin á því að endurskoða þessi lög og breyta þeim til betra samræmis við ástæðurnar eins og þær eru nú. Hinsvegar er hjer um svo vandasamt verk að ræða, að ekki má að því flana, og þess er engin von, að þingnefnd, sem hefir ærið öðrum störfum að gegna, hversu vel sem skipuð er, geti bætt úr því svo við megi una, ef frv. það, sem fyrir Alþingi er lagt, er ekki því betur undirbúið. En á það tel jeg skorta allmikið, bæði um frv. það til laga um gjaldþrotaskifti, sem stjórnin ljet leggja fyrir Alþingi 1928, og um frv. það, sem hjer liggur fyrir.

Að vísu hefir einn stærsti gallinn á frv. frá í fyrra verið sniðinn af í þessu frv., og á jeg þar við síðustu málsgr. 1. gr. þess frv., er fór í þá átt, að ef bú firma eða fjelags væri tekið til gjaldþrotaskifta, þá skyldi og bú þeirra manna, er bæru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fjelagsins eða firmans, einnig tekið til gjaldþrotaskifta.

Ef þannig lagað ákvæði hefði verið í lögum, þegar Rauðasandskaupfjelagið varð gjaldþrota hjer um árið, hefði orðið að taka bú allra meðlima í kaupfjelögum, sem eru í S. Í. S., til gjaldþrotaskiftameðferðar, og dylst víst engum, hvað af því hefði leitt.

En þótt ákvæði þessu hafi verið kipt burt úr frv. því, er hjer liggur fyrir, eru mörg ákvæði þess svo athugunar- og varhugaverð að mínu áliti, að jeg gat ekki orðið meiri hluta nefndarinnar sammála um, að samþykkja eigi frv. að þessu sinni. Skal jeg hjer á eftir leyfa mjer að benda á það, er jeg tel helst varhugavert við frv.

Í *1. gr. frv.* er tekið upp það nýmæli, að vissir atvinnurekendur skuli undir vissum kringumstæðum skyldir til þess að framselja bú sín til gjaldþrotaskifta, og hefi jeg við það í sjálfu sjer ekkert að athuga. Hinsvegar verður að krefjast þess, þar sem refsing er við lögð í 39. gr. frv., ef út af er brugðið, að ákvæðið um það, til hverra atvinnurekenda það taki, sje svo skýrt, að ekki verði það misskilið. En bæði finst mjer orðið »útgerð« vera óákveðið, þar sem vafi getur leikið á því, hvort sá maður, sem gerir út smábát stuttan tíma árs í sambandi við annan atvinnurekstur, geti talist »reka útgerð«, og sjerstaklega þykja mjer orðin »eða einhvern slíkan atvinnurekstur« vera alt of óákveðin.

Þá þykja mjer ákvæði *7. gr. frv.* ganga of langt, þar sem svo er fyrir mælt, að leiða skuli hvern þann, er verður fyrir því óláni að verða gjaldþrota, eða fjelag það eða firma, sem hann er framkvæmdarstjóri, forráðamaður, stjórnarmeðlimur eða endurskoðandi í, tafarlaust fyrir lögreglurjett og hann sæta þar yfirheyrslu sem óbótamaður. Sem betur fer er það undantekning, ef undanbrögð eru höfð í frammi við gjaldþrotaskifti, og oft er það bert þegar í byrjun skiftanna, að um ekkert slíkt getur verið að ræða, og er þá beitt óþarfri hörku við saklausa menn, ef frumvarpið verður að lögum. Auk þessa auka fyrirmælin mjög störf lögreglustjóra og kostnað ríkissjóðs. Virðist nægilegt í þessu efni að leggja skiftaráðanda þá skyldu á herðar að snúa sjer til lögreglustjóra og krefjast rannsóknar, ef skiftaráðanda virðast einhverjar líkur vera fyrir því, að ekki sje alt með feldu.

10. gr. Í tilsvarandi gr. gjþrl. (12. gr.) er ákvæði um það, að skiftaráðandi skuli gæta þess, að veðhafar og skuldheimtumenn, sem forgöngurjett hafa, bíði eigi sjerstakt tjón af styrkveitingum úr búinu til gjaldþrota, nema þeir hafi samþykt hana, og er mjer ekki ljóst, hvers vegna það ákvæði er felt úr frv.

Í 13. gr. frv. er felt niður það ákvæði í 15. gr. gjþrl., að þegar gjaldþrota tæmist arfur meðan á skiftum á búi hans stendur, skuli þess gætt, að opinber skifti á erfðabúinu fari fram, svo að gjaldþrotabúið komist hjá ábyrgð á skuldum erfðabúsins, en þetta ákvæði virðist varhugavert að fella niður.

Í 2. málsgr. 16. gr. frv. er svo ákveðið, að »allar kröfur á hendur gjaldþrota, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja«. Í

19. gr. gjþrl. er sú takmörkun sett, að skuldirnar sjeu aðeins fallnar í gjalddaga »að því leyti, að rjett er, að búið greiði þær þegar í stað og skuldheimtumaður sje skyldur að taka við borgun þegar í stað«. Eftir núgildandi lögum er skuldheimtumanni því ekki veittur neinn aukinn rjettur við gjaldþrotið til þess að fá skuld sína greidda fyrr en um var samið, en búinu hinsvegar veittur rjettur til að greiða hana fyrri, ef það sjer sjer hag í því. Til þessa aukna rjettar fyrir lánardrottna gjaldþrota virðist engin ástæða.

Riftunarfrestirnir í *19.*, *20. og 22. gr. frv.* eru lengdir úr 8 vikum eftir núgildandi lögum upp í 6 mánuði. Hlýtur sú lenging að hafa mikla óvissu í för með sjer í viðskiftalífinu og er frá því sjónarmiði mjög varhugaverð. Það er t. a. m. hart, að maður, sem tekur við greiðslu skuldar einum eða tveimur dögum fyrir gjalddaga, skuli ekki geta verið öruggur um að fá að halda greiðslunni fyrri en eftir 6 mánuði.

Auk þessa eru gerðar hærri kröfur í *21. gr.* frv. til sannana fyrir því, að gjaldþroti hafi enn átt fyrir skuldum, er ráðstöfunin fór fram, en í 24. gr. gjþrl.

Í *1. málsgr. 24. gr.* frv. er aðeins vísað til »næstu greinar hjer á undan«, en á að vera til 19.—24. gr.

Í *26. gr.* frv. er riftunarfresturinn lengdur úr einu ári upp í tvö ár, og má segja svipað um þá lengingu og lengingu riftunarfrestsins í 19., 20. og 22. gr.

Í þessa grein virðist og vanta ákvæði um það, að ef um gjöf til annara en vandamanna gjaldþrota sje að ræða, verði þó að vera eins ástatt og segir í 25. gr., sbr. 29. gr. gjþrl.

Um *2. málsgr. 27. gr.* skal skírskotað til álitsskjals lögreglustjóra Reykjavíkur, sem prentað er í áliti meiri hluta nefndarinnar.

Ákvæðið í *29. gr.* frv. um vörur, sem eru afturkræfar, þykir og óákveðið. Eftir orðunum virðist þess ekki verða krafist, að vörurnar sjeu aðgreindar frá öðrum vörum sömu tegundar, sem gjaldþroti kann að hafa í vörslum sínum, fengnar hjá öðrum, en hinsvegar virðist krafan útilokuð, ef gjaldþroti er búinn að selja eitthvað, t. a. m. einn eða tvo sykursekki af 50, fyrir gjaldþrotaskiftin.

Um *32. gr.* frv. vísast til álits lögmannsins í Reykjavík, sem prentað er í áliti meiri hl. nefndarinnar. Sönnun fyrir fyrningu skuldar virðist eiga að hafa sömu verkanir og sönnun fyrir greiðslu skuldar í síðasta málslið *34. gr.* frv.

Birtingar þær, sem ræðir um í *37. gr.* frv., eru til engra hagsbóta fyrir skuldheimtumenn þrotabúa. Virðist því ekki rjett að láta búin bera kostnaðinn við birtingar þessar, heldur leggja hann á ríkissjóð, ef þær teljast nauðsynlegar, en um það vantar ákvæði í frv.

Mjer virðist vanta á, eða frv. hafi fengið þá lögfræðilegu athugun og yfirvegun, sem krefjast verður áður en það verður gert að lögum. Ætti sú athugun að vera falin einhverjum lögfræðingi, sem Alþingi getur borið fult traust til, eða öllu heldur lagadeild háskólans.

Leyfi jeg mjer því að leggja það til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar, með þeim tilmælum, að hún láti slíka athugun fara fram.

Alþingi, 25. mars 1929.

Jóh. Jóhannesson.

Ed. **222. Frumvarp**

til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna 31. maí 1927.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, er hann hefir dvalist í 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki á þeim árum þegið sveitarstyrk, endurkræfan eða óendurkræfan.

Et maður hefir þegið sveitarstyrk, en vinnur sjer sveit síðar í öðrum hreppi eða kaupstað og þiggur þar einnig styrk, þá fellur niður endurgjaldskrafa þess sveitarfjelags, sem fyr veitti styrkinn.

Á sama hátt fer, þótt hann þiggi ekki styrk í hinni nýju framfærslusveit sinni, ef efnahag hans er þannig háttað, að áliti lögreglustjóra þar sem hann er búsettur, að hann geti ekki endurgreitt styrk sinn án þess að verða styrksþurfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Ed. **223. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr. 1,50.
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum...	— 2,00.
Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarúrgangi	— 0,60.
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	— 0,25.
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu...	— 1,00.

Nd. **224. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin viðurkennir nauðsyn þess, að sett sjeu ný ákvæði um þau atriði, er í frv. ræðir um.

Þó þykir henni, að í frv. stjórnarinnar sje gengið alt of langt í þá átt að velta byrðinni af burtnámi farartálma, t. d. skipsflaka og annars, sem sekkur á siglingaleið hafnarsvæðis, yfir á hafnarsjóði.

Í frv. stjórnarinnar er hafnarsjóði sem sje gert skylt að verja í þessu skyni helmingi tekna sinna og arðberandi eigna, hverju nafni sem nefnast, og ljái ríkið enga aðstoð fyr en svo er komið, en úr því skiftist kostnaður að jöfnu milli beggja aðilja, ríkissjóðs og hafnarsjóðs.

Á þennan hátt gætu í raun og veru allar tekjur og eignir hafnarsjóðs gengið til þurðar í þessu skyni, því ekkert verður um það sagt, hvort sá helmingur, sem um ræðir, myndi nægja í hverju einstöku tilfelli til þess að framkvæma nokkurn hluta verksins.

Nú er það svo, að þeir hafnarsjóðir, sem verulegar tekjur hafa, þurfa jafnframt árlega að standa straum af þeim kostnaði, er leiðir af hafnarmannvirkjum hlutaðeigandi hafna, afborgunum af lánum, vaxtagreiðslum, og auk þess viðhaldskostnaði og viðbótarbyggingum. Þar, sem skipagjöld ekki nægja í þessu efni, eru sjerstakir skattar — vörugjöld — innheimt hafnarsjóði til nauðsynlegrar tekjuöflunar.

Ákvæði frv. gætu því orðið til þess að lama gjaldþol hafnarsjóða og tefja mjög fyrir nauðsynlegum verklegum umbótum, svo að til mikils óhagræðis yrði, meðan fje hafnarsjóðs yrði að verja til þess að nema burt farartálma, er á siglingaleið kæmi.

Við meðferð málsins í Ed. hefir að vísu verið dregið mikið úr hinum upprunalegu ákvæðum frv., en þó er hafnarsjóðum eftir afgreiðslu málsins þar gert skylt að verja alt að helmingi árstekna sinna í ofangreindu skyni, ef þörf krefur.

Nefndinni virðist hjer vera enn of langt gengið og of langt vikið frá þeirri reglu, er áður hefir gilt í þessu efni.

Er þess hjer að gæta, að sá getur farartálmi verið, að burtnám hans snerti eins mikið eða meira hag ríkissjóðs heldur en hag hlutaðeigandi hafnarsjóðs.

Ennfremur verður að gæta þess, að skerða ekki með þessum ráðstöfunum hag hafnarsjóðs þess, er í hlut á, mjög tilfinnanlega, að minsta kosti ekki svo, að sú skerðing geti komið í veg fyrir nauðsynlegar fyrirfram ákveðnar hafnarbætur.

En það telur nefndin, að vel gæti orðið, ef helmingur árstekna væri tekinn til burtnáms farartálma, sem kominn væri af ófyrirsjáanlegum orsökum, t. d. skipsflaks, sem sykki í hafnarmynni, eða annars þvílíks.

Tillaga nefndarinnar verður því, að athuguðum málavöxtum, sú, að hækka nokkuð þá upphæð, sem hafnarsjóði er skylt að verja sem lágmarkshæð í þessu skyni, og þar að auki vill hún, ef sú upphæð nægir ekki, leggja til að

lögfesta ákvæði þau, sem hún álítur, að tryggi viðunandi skiftingu þess kostnaðar, sem umfram kynni að verða, milli ríkissjóðs og hafnarsjóða.

Nægilegt virðist, að hafnarsjóðum sje gert að greiða einn þriðja þess nettó-kostnaðar, sem fer fram úr lágmarksupphæðinni við burtnám farartálma innan hafnarsvæðisins, þ. e. þegar frá er dregið andvirði þess, sem bjargast kann, t. d. af skipsflaki, við hreinsun leiðarinnar. En þó álítur nefndin, að ekki megi ganga nær hafnarsjóði en svo, að verja einum fjórða hluta af árstekjum hans til áðurnefndra framkvæmda, meðan á því stendur að nema í burtu farartálmann.

Nefndin leggur samkvæmt framansögðu til, að frv. sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

5. efnismálsgrein orðist þannig:

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burtu farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði og $^1/_3$ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en $^1/_4$ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi.

Alþingi, 25. mars 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Magnús Torfason, með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. **225. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Sigurði Eggerz.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu í Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti.

Nd. **226. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar hefir ekki getað fallist á ákvæði 2. gr. um, að bætur til þeirra, er selveiðinytjar hafa haft, að frátöldum prestinum í Arnarbæli, verði greiddar úr ríkissjóði. En gera má ráð fyrir, að bætur til prestsins verði ekki um langt skeið mikill gjaldauki fyrir ríkissjóð. Flutningsmenn hafa þó eftir atvikum sætt sig við þessa lausn málsins.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Bætur þessar skulu þeir, er laxveiðirjett eiga á hverjum tíma í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, inna af hendi að tiltölu eftir veiðimagni, samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan, sbr. þó 3. gr. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin »að fullu« í 2. málslið falli niður.
   b. Orðin »án endurgjaldsrjettar að helmingi frá laxveiðieigendum« í niðurlagi greinarinnar skulu niður falla.
3. Við 4. gr. Fyrir »3« í fyrri málslið komi: 10.

Alþingi, 26. mars 1929.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. og frsm. Jón Sigurðsson.
Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Nd. **227. Frumvarp**

til laga um innflutning og ræktun sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar á Norður- eða Austurlandi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfjelagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um hagagöngu og gæslu þeirra.

Áhersla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir dýrin verði sem ákjósanlegust og að örugt sje, að dýrin geti ekki tapast.

3. gr.

Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir.

4. gr.

Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það mun nú vera liðinn nær aldarfjórðungur síðan fyrst var hreyft innflutningi sauðnauta hingað til lands og fje veitt til þess í fjárlögum. Enn þá hefir þó engin tilraun verið gerð í þessa átt.

Sauðnautum lækkar nú mjög í heimskautalöndunum vegna drápgirni veiðimanna. Þeir, sem kunnugastir eru lífskjörum og lifnaðarháttum þessara dýra, telja líklegt, að þau mundu þrífast hjer á landi. Þau eru alin upp við snjó og harðviðri, og því sjerstaklega harðger og beitarþolin. Þau gefa af sjer nokkra ull og allmikið og gott kjöt.

Þá má líta á það, að á mörgum jörðum hjer á landi, einkum dalajörðum, eru slægjur rýrar og leyfa því ekki stór fjárbú, síst með núverandi kaupgjaldi, en hagar víðlendir og lítt notaðir síðan sauðaeign lagðist niður. Jarðir þessar voru sumar hverjar höfuðból og taldar með bestu jörðum hverrar sveitar. Nú eru þær taldar miðlungsjarðir, eða jafnvel lítt byggilegar, ekki síst vegna þess, að víðlendið skapar ábúandanum aðeins kostnað og örðugleika án þess að veita nokkuð verulegt í staðinn.

Sauðnautin virðast öðrum dýrum líklegri til að notfæra sjer þessi haglendi og breyta gróðri, sem nú rotnar árlega niður, í verðmæta vöru. Hjer gæti því verið til nokkurs að vinna, ef tilraunin hepnaðist.

Nd. **228. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landbúnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eins rækilega og föng eru á og rætt það á mörgum fundum. Jafnframt hefir hún átt tal við bankastjóra Landsbankans og forstjóra Ræktunarsjóðsins og auk þess leitað álits bankaráðs Landsbankans um þetta frv. Ennfremur hefir legið fyrir nefndinni álit og tillögur Búnaðarþings um málið og brjeflegar umsagnir ýmsra merkra manna viðsvegar af landinu.

Vegna þess hvað málið er viðtækt og þýðingarmikið, hefir nefndin eigi komist hjá að hafa það nokkuð lengi til athugunar, en sjálfsagt þótti, að það gæti fengið eins ítarlega rannsókn og auðið væri.

Nefndin felst á frv. í öllum aðalatriðum og lýsir ánægju sinni yfir því, að stjórnin hefir lagt það fyrir þingið, þar sem þörfin var orðin svo knýjandi um bankastofnun fyrir landbúnaðinn, með víðtæku verksviði, er fullnægt gæti sem flestum tegundum lánsþarfa bænda. Verði frv. þetta að lögum, lítur nefndin svo á, að úr þessari þörf sje bætt á viðunandi hátt.

Ef til vill kunna einhverjir að líta svo á, að hin fyrirhugaða bankastofnun muni draga talsvert úr starfsemi Landsbankans, og geti því orðið honum hættulegur keppinautur. En nú hefir bankaráð Landsbankans tekið þessa hlið málsins sjerstaklega til athugunar, og álítur það, að Landsbankanum stafi ekki hætta af stofnun Landbúnaðarbankans. Þvert á móti telur það, að hin nýja bankastofnun geti orðið til eflingar Landsbankanum sem þjóðbanka og seðlabanka ríkisins. Í áliti bankaráðsins segir meðal annars svo um þetta efni:

»Það má að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að með stofnun Landbúnaðarbanka, sem er eign ríkisins og á þess ábyrgð, beinist til hans talsvert sparisjóðsfje, en það getur á engan hátt talist skaðlegt fyrir Landsbankann, þó önnur bankastofnun í landinu búi við sömu skilyrði til að ná til sín og ávaxta sparifje almennings. Hefir verið á það bent með nokkrum rökum, að vegna sjerstöðu sinnar gæti Landsbankanum stafað hætta af of miklu aðstreymi sparifjár, og ætti því sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans að draga úr þeirri hættu. Má og benda á það í þessu sambandi, að Landsbankanum á að vera innan handar að ráða miklu um hreyfingu sparifjárins með vaxtakjörunum«.

Þó að nefndin hafi ekki orðið annars vör en að almenn ánægja væri ríkjandi yfir hinni væntanlegu bankastofnun fyrir landbúnaðinn, þá hafa þó heyrst raddir um, að með frv. væri bankanum ætlað of viðtækt starfssvið og að rjettara mundi að hafa hann í færri deildum, telja sumir, að ekki hafi verið þörf á stofnun veðdeildarinnar og að Landsbankinn einn ætti að reka þá starfsemi áfram, eins og verið hefir; en aðrir hafa talið rjett að fella bústofnslánadeildina niður. Nefndin hefir á hvorugt þessara atriða fallist. Hvað

veðdeildina snertir, þá má að vísu benda á, að veðdeild Landsbankans hefir veitt lán út á jarðir og mundi að sjálfsögðu halda því áfram; en þar sem áformað er með þessu frv., að lánsstofnunin fullnægi lánsþörfum landbúnaðarins, verður því takmarki ekki náð, ef veðdeildin er feld niður úr frv.; enda er ekki hægt að vænta þess, að veðdeild Landsbankans fullnægi þá þörfum bænda í þessu efni, þó að hún veitti nokkra úrlausn. Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður, sem eiga að verða sjálfstæðar deildir í bankanum, veita aðeins lán til ákveðinna framkvæmda. Þess vegna er full þörf fyrir lánadeild, er hefir það sjerstaka hlutverk að veita fasteignaveðslán út á jarðir, án þess að binda þau við fyrirfram ákveðnar framkvæmdir, t. d. lán til jarðakaupa, greiðslu á eldri skuldum o. s. frv.

Um bústofnslánadeildina skal tekið fram, að hinar deildir bankans geta ekki að fullu, samkvæmt tilgangi sínum og fyrirhuguðum starfsháttum, bætt úr lánsþörf fátækra bænda til þess að koma sjer upp bústofni og auka hann. Þess eru mörg dæmi, að fátækir frumbýlingar hafa haft svo lítinn bústofn, að það hefir verið þeim til stórbaga, eða þá að þeir hafa bjargast við dýran leigupening. Virðist því fylsta þörf á, að þessir menn geti fengið aðgang að lánsfje til að auka bústofn sinn á þann hátt, sem ætlast er til með bústofnslánadeildinni.

Þykir eigi þörf á að fara fleiri orðum um frv. alment, og skal því næst vikið að þeim breytingum, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.

Á það hefir verið bent af bankastjórum Landsbankans og fleirum, að nafn þessa banka væri of líkt nafni Landsbankans, og mundi það því geta valdið misskilningi og ruglun. Nefndin sá ekki ástæðu til að halda fast við þetta nafn, og hefir því lagt til, að fyrir Landbúnaðarbanki komi Bændabanki, með tilsvarandi nafni á Norðurlandamálum; enska nafninu á bankanum virðist ekki ástæða til að breyta.

Nefndin telur sjálfsagt, að tilgangur bankans sje sá, að styðja landbúnaðinn, og vill kveða fastar að orði um það heldur en gert er í frv.; þó hefir meiri hluti nefndarinnar talið rjett að útiloka það ekki, að bændur, sem stunda smábátaútveg, geti fengið rekstrarlán til útvegsins. Oft getur staðið þannig á, að hagkvæmara sje, að bændur í sama hreppi geti verið í einu lánsfjelagi, þó að sumir þeirra hafi smábátaútveg, en aðrir landbúnað. Þykir því eigi rjett undir þessum kringumstæðum að einskorða starfsemi lánsfjelaganna við landbúnaðinn. Þó hafa tveir nefndarmennirnir (L. H. og B. St.) óbundin atkv. um þetta atriði.

Samkvæmt 7. gr. frv. 2. tölul., er ætlast til þess, að sparisjóðs- og rekstrarlánadeild bankans veiti lán til lánsfjelaga aðeins í gegnum milliliði; en nefndinni þykir rjettara, að lánsfjelögin geti haft viðskifti við aðalbankann milliliðalaust.

Nefndinni þykir of lítið, að 10% af innlánsfje sparisjóðs- og rekstrarlánadeildar sje handbært á hverjum tíma sem er og telur varlegra að hækka það upp í 15%.

Eftir fyrirmælum 10. gr. frv. er ætlast til þess, að almannasjóðir sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, og mætti þá jafnvel ætla, að söfnunarsjóð-

urinn heyrði undir þessa ákvörðun; en þar sem hann er stofnaður í sjerstökum tilgangi, þótti nefndinni rjett að undanskilja hann og þá sjóði, sem hann hefir til varðveislu. Ennfremur þótti rjett að undanskilja þá sjóði, sem eiga að vera til eflingar öðrum atvinnuvegum en landbúnaði.

Samkvæmt 13. gr. frv. er ætlast til þess, að kirkjujarðasjóður renni inn í bankann sem stofnfje veðdeildarinnar. Nefndin telur það tæplega sanngjarnt, enda tvísýnt um hagsmuni af því fyrir ríkið, þar sem hann hefir undanfarið verið að nokkru notaður til óhjákvæmilegra umbóta á kirkjujörðum. Leggur nefndin því til, að hann haldi sjer sem sjerstakur sjóður, en verði þó ávaxtaður í veðdeild bankans, eftir því sem ástæður leyfa. Verður þá eigi hjá því komist, að veðdeild bankans fái meira af skuldabrjefum viðlagasjóðs en upphaflega var ætlast til með frv. Nefndinni þótti ástæða til að ákveða það nánar en gert er í 19. gr. frv., hvert væri hlutverk veðdeildar bankans, og kveða fastar á um fyrirkomulag trygginga fyrir útlánum úr deildinni.

Óþarft virðist, að fastákveðið sje að taka áhættugjald, svo sem ætlast er til í 21. gr. frv., þó sjálfsagt sje að heimila það. Þá sýnist og rjett að ákveða lágmark þeirra lána, er veðdeildin veitir, og mun það hæfilega tiltekið 300 kr.

Brtt. nefndarinnar við 22. gr. frv. er aðeins leiðrjetting, sem eigi þarf skýringa við. Brtt. nefndarinnar við 24. gr. er gerð lántakendum til hægðarauka og til þess að gera þeim ljettara fyrir um slík aukagjöld. Nefndin telur ekki ástæðu til, að krafist sje, að eigendaskifti að veðsettri eign sjeu tilkynt bankanum fyrri en á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Hinsvegar er sjálfsagt að krefjast þess að tilkynna þegar í stað, þegar verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrnar í verði.

Brtt. nefndarinnar við 37. gr. er aðeins afleiðing af fyrri breytingartill.

Í 39. gr. frv. er það heimilað veðdeild bankans að gefa út sjerstakan flokk bankavaxtabrjefa með happavinningum. Að vísu skal það viðurkent, að þetta gæti orðið til nokkurra hagsmuna fyrir veðdeildina, en þó telur nefndin eigi viðeigandi, að sú regla verði upp tekin, og leggur því til, að greinin verði feld niður.

Nefndinni virðist fulllangt gengið í 43. gr. frv., að bústofnslánadeildin megi gefa út bankavaxtabrjef, er nemi áttfaldri upphæð tryggingarsjóðsins, og álítur, að hún muni fyrst um sinn hafa nægilega aðstöðu til útgáfu brjefanna, þó að eigi sje svo langt gengið, og leggur því til, að hámark brjefaútgáfunnar sje aðeins sexföld upphæð tryggingarsjóðsins.

Í þriðju málsgrein 45. gr. þykir nefndinni eigi fulltryggilega gengið frá lausafjárveði fyrir skuldum við deildina. Eins og enn háttar til, verður veð í lausafje, öðru en kúm, varla talið nægileg trygging fyrir láni, nema það sje aukið á annan hátt, samkv. því, sem brtt. nefndarinar við 45. gr. fer fram á.

Nefndinni þykir ástæða til að taka ítarlegar fram um skilríki og vottorð, er fylgja skulu lánbeiðnum til bústofnslánadeildar, heldur en gert er í 46. gr. frv.

Noti lántakandi lánsfje sitt til annars heldur en lánið er veitt til, verð-

ur að líta á það sem sviksemi, er sjálfsagt sje að refsa. Þess vegna hefir nefndin bætt sektarákvæðum við 47. gr. frv.

Sá, sem fengið hefir hreppsábyrgð fyrir bústofnsláni, og flytur svo úr þeim hreppi, er ábyrgðina veitti, verður, ef hann hefir eigi fengið ábyrgðina endurnýjaða, að endurgreiða lánið samkvæmt brtt. nefndarinnar við 49. gr. frv., og virðist það sjálfsagt ákvæði til að tryggja aðstöðu sveitarfjelaga.

Eigi virðist ástæða til að láta búfjárhæð bústofnslánadeildar ganga fyrir kröfum þeim í þrotabú, er getur í 83. gr. skiftalaga 12. apríl 1878; enda gætu fylgt því ýms óþægindi og óvissa í viðskiftum. Ennfremur virðist það óþarft að tryggja deildinni lögtaksrjett á kröfum sínum með sjerstökum ákvæðum.

Að lokum leggur nefndin til, að báðir endurskoðendur bankans sjeu skipaðir af ráðherra, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Er sú tillaga gerð til þess að tryggja rjett minni hluta í þinginu til að fylgjast með rekstri og starfsemi bankans.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »Landbúnaðarbanki« komi: Bændabanki.
   b. Fyrir »Landbrugsbank« komi: Landmandsbank.
   Alstaðar annarsstaðar í frumvarpinu, þar sem orðið »Landbúnaðarbanki« stendur, kemur í þess stað: Bændabanki.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur bankans er eingöngu að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu. Þó er heimilt að veita smábáta-útvegsbændum utan kaupstaða rekstrarlán samkv. 7. gr. 2. tölul.
3. Við 7. gr.
   a. Fyrir »aðaltilgang« í 1. málsgrein komi: tilgang.
   b. Á eftir orðunum »Að veita lán« í 2. tölul. komi: rekstrarlánafjelögum.
4. Við 8. gr. Fyrir »10%« komi: 15%.
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fje opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda sjeu þeir ekki sjerstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 1250000 króna. Stofnfje þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabrjefum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.
   Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fje verður fyrir hendi vegna

innlausnar bankavaxtabrjefa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Bændabankans.

7. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Hlutverk veðdeildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelögum, eða trygð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum fjelögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum fjelagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

8. Við 21. gr. 3. málsliður orðist þannig:
   a. En af slíku láni má taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar.
   b. Nýr málsliður á eftir: Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.
9. Við 22. gr. Í stað orðanna »rýrnað í veði« í 2 stöðum komi: rýrnað í verði.
10. Við 24. gr. Á eftir síðari málsgrein komi: Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.
11. Við 25. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

12. Við 37. gr. Orðin »þar á meðal Viðlagasjóðs og Söfnunarsjóðs« í fyrri málslið falli burt.
13. Við 39. gr. Greinin falli burt.
14. Við 43. gr. Fyrir »áttfaldri« komi: sexfaldri.
15. Við 45. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   a. Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji fasteign að veði, er ekki hvíli á meira en $^{2}/_{3}$ fasteignamats, eða hreppsábyrgð sem tryggingu. Flytji lántakandi úr hreppi, þar sem hann hefir fengið hreppsábyrgð, fer um lánið eins og segir í 49. gr.
   b. 5. málsgr. falli burt.
16. Við 46. gr. Í stað 1. og 2. málsgr. komi:

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.

2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur.

17. Við 47. gr. Við greinina bætist: Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
18. Við 49. gr. Við aðra málsgrein bætist: Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.
19. Við 51. gr. Þriðja og fjórða málsgrein falli burt.
20. Við 63. gr. Fyrsti málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Alþingi, 26. mars 1929.

Lárus Helgason, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson, frsm.
Einar Jónsson.	Jón Sigurðsson.	

Nd. **229. Frumvarp**

til laga um rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal vera sjerstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau árspróf og burtfararpróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.

2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og raf- og segulfræði.
3. Í vjelfræði: Að þekkja frumatriði vjelfræðinnar, almenna vjelahluti, einkanlega með tilliti til rafvjela; svo og ýmsar algengar aflvjelar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vjelahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslensku: Að geta gert íslenskan stil um alment efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt ljett mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í raffræði: Þekking á undirstöðuatriðum raffræðinnar og einföldum rafmælingum, á rafhlöðum og allskonar rafvjelum og raftækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæslu; ennfremur kunnátta í allskonar raflagningu. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir raftækja og vjela. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um alt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar lífgunartilraunir.

Auk þess er krafist í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á raffræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vjelstjóraskólans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir hafa próf frá að minsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við raflagnir og rafvjelar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafvirkjameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið í báðum ársdeildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vjel-

stjóraskólans mánuði áður en próf hefst. Skulu umsókninni fylgja, auk áðurnefndra vottorða, skírnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa kent honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur í reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast í eldri deild, sem hefir staðist árspróf eða vjelstjórapróf.

10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafvirkjameistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vjelstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kenslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafist er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vjelstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir ósk stjórnar Vjelstjórafjelags Íslands og fylgja því meðmæli stjórna Rafvirkjafjelags Reykjavíkur og Iðnaðarmannafjelags Reykjavíkur og svo látandi greinargerð frá þeim, sem hafa samið það:

Rafmagnsnotkun hefir á síðustu árum farið mjög í vöxt hjer á landi, og hafa menn fundið tilfinnanlega þörfina á ítarlegri kenslu hjer fyrir rafvirkja. Þeir sem hafa viljað afla sjer svipaðrar kunnáttu í þessari iðngrein og erlendir starfsbræður þeirra hafa, hafa orðið að sækja hana til annara landa, og hefir það orðið þeim mjög kostnaðarsamt og tímafrekt, bæði sökum ferðakostnaðar og vegna þess, að þeir urðu fyrst að læra hið erlenda tungumál til hlítar áður en þeir gátu notið kenslunnar þar. Af sömu ástæðum myndu opinberir styrkir til náms í þessari iðngrein notast betur, ef þeim væri varið til náms við innlendan skóla, eða geta verið lægri. Fjölgun við iðn þessa hefir á síðustu 7 árum verið að meðaltali 10—12 manns á ári hverju, en gera má ráð fyrir að tala þessi muni aukast mjög á næstu árum, sem ekki mun af veita til að fullnægja væntanlegri þörf fyrir slíka menn. Fyrirhuguð er stórkostleg aukning á rafvirkjun og rafmagnsnotkun í þessu landi, og þar á meðal á mikilli útbreiðslu útvarpstækja, á næstu árum. Þetta frumvarp um rafmagnskenslu er fram komið til þess að sjá landinu í tæka tíð fyrir nægilega mörgum hæfum innlendum mönnum, sem eru vaxnir þeim verklegu viðfangsefnum, sem á komandi árum verða lögð fyrir þá á þessu sviði. Á þann hátt á að reyna að koma í veg fyrir þau mistök, slys og önnur vandræði, sem af því gæti hlotist, að kunnáttulitlir menn yrðu alment látnir vinna við jafnstórhættulegt náttúruafl og rafmagnið getur verið, sjer í lagi

ef um stórar virkjanir er að ræða, og þannig á að draga úr húsbrunum, sem stöfuðu frá rafmagni, og yfirleitt að tryggja, að raflagnir yrðu framkvæmdar á nægilega öruggan og endingargóðan hátt.

Rafmagnsnotkun hefir líka aukist hröðum skrefum, bæði á farþegaskipum okkar og fiskiskipum, þar sem hvert skip, svo að kalla, hefir sína ljósastöð. Þetta útheimtir meiri þekkingu hjá vjelstjórunum í rafmagnsfræði heldur en krafist hefir verið samkvæmt reglugerð vjelstjóraskólans. Auk þess má telja það víst, að á næstunni verði farið að nota hjer skip með Dieselvjelum, en til þess að gæta þeirra, svo að í lagi sje, þarf mun meiri rafmagnskunnáttu en nú er hægt að afla sjer hjer á landi, vegna hins mikla rafmagnsútbúnaðar slíkra skipa. Jafn brýn er þörfin á ítarlegri rafmagnskunnáttu þeirra vjelstjóra, sem eiga að annast vjelgæslu á stórum rafstöðvum í landi, bæði raforkustöðvum og ýmiskonar iðnaðarverksmiðjum.

Ef kensla sú í rafmagnsfræði, er þetta frumvarp fjallar um, yrði ekki sett hjer á stofn mjög bráðlega, er varla annað sjáanlegt en að annaðhvort yrði að sækja kunnáttumenn í þessari iðngrein til annara landa eða að ríkið yrði að kosta fjölda manns til að afla sjer frekari mentunar á þessu sviði erlendis, sem yrði mjög kostnaðarsamt og að ýmsu leyti óheppilegt.

Við höfum talið það einfaldast og fjárhagslega sjeð hagkvæmast, að hin væntanlega rafmagnskensla færi fram í vjelstjóraskólanum, í sjerstakri rafmagnsdeild. Mætti búast við að fyrstu árin yrðu um 40 menn í deildinni (15 í 1. bekk og 15+10 (vjelstjórar o. fl.) í 2. bekk). Kostnaðurinn af deildinni yrði aðallega fólginn í húsaleigu og kennaralaunum fyrir 60 kenslustundir (30 í hvorum bekk) á viku í 6—7 mánuði, og yrði varla meiri en 10000 kr. árlega, sem er mjög lítið samanborið við það gagn, sem af því fengist og sem hefir verið ne'nt hjer að framan. Við samningu þessa frv. höfum við stuðst við skýrslu frá viðurkendum skólum í nágrannalöndunum, en tekið sjerstakt tillit til staðhátta hjer og þeirra framkvæmda, sem eru væntanlegar hjer á næstu árum. Burtfararpróf rafmagnsdeildarinnar, sem frv. fjallar um, á að samsvara því, sem t. d. í Danmörku er nefnt »Den kommunale Elektro-Indstallatörprøve«. Að öðru leyti er frv. samið með hliðsjón af lögum um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

Við höfum nefnt deildina rafmagnsdeild, þótt við hefðum frekar kosið, að hún hefði borið heitið rafvirkjadeild og burtfararprófið rafvirkjapróf, en ástæðan til þess er bæði sú, að deildin er ekki aðeins ætluð fyrir rafvirkja, heldur líka til að veita vjelstjórum aukna rafmagnskunnáttu, og að þótt orðið »rafvirki« hafi upphaflega átt að vera þýðing á því, sem á hinum Norðurlandamálunum er nefnt »Elektro-Installatör«, þá hefir það á síðustu árum og í nýsaminni iðnaðarlöggjöf líka verið notað um þá, sem á Norðurlöndum eru nefndir »Elektriker«, sem hefði á íslensku átt að heita raflagningamaður, rafleggjari eða rafsveinn eða þ. l., þ. e. sá maður, sem er orðinn sveinn í þessari iðn (hefir unnið í 4 ár hjá iðnmeistara og gengið jafnhliða á fyrirskipaðan kvöldskóla (iðnskóla)). Til þess að geta orðið »Elektro-Installatör«, þarf sveininn svo, á Norðurlöndum o. v., að ganga á annan skóla og taka burtfararpróf þaðan, svonefnt »Elektro-Innstallatörprøve«. Vegna þess að hjer hefir ekki verið til neinn slíkur skóli eða slíkt próf, hefir nokkrum sveinum, eftir nokkurra ára starf í iðninni, verið veitt sömu rjettindi

hjer og »Elektro-Installatörum« eru veitt annarsstaðar, þótt sveinarnir hafi hjer ekki gengið í neinn framhaldsskóla. Af þessum ástæðum hefir orðið ruglingur á rafvirkjaheitinu. Ekki hefir þótt rjett að nefna »Elektro-Installatör« raffræðing, því það hefir áður verið notað um menn með talsvert meiri mentun, t. d. menn sem eiga að geta reiknað út rafvjelar o. fl. (»Elektro-Konstruktör«), enda liggur það líka í orðinu »fræðingur«, að átt sje við sjerstaklega bóklega mentaðan mann, og síður að um handiðnarmenn sje að ræða. Til þess að verða ekki til að auka glundroða þann í notkun heita þessara, sem orðinn er, og sem oft er hætt við að leiði til rangrar verkaskiftingar, þá höfum við nefnt deildina hinu almenna nafni: rafmagnsdeild.

Það er óþarfi að ræða ítarlegar innihald einstakra greina í frumvarpinu; þó skal þess getið, að orðin raftæki og raflagnir í 3. gr. fela í sjer útvarpstæki og loftskeytatæki og útvarpslagnir og lagnir loftskeytatækja á skipum. Það kann að virðast ósamræmi í því, að í 5. gr. er sett 3 ára vinnuskilyrði, en í iðnaðarlöggjöfinni er 4 ára krafist til þess að geta orðið sveinn. Ástæðan til þess er sú, að við vildum gefa mönnum með 3 ára vinnunámi kost á að geta stundað nám við rafmagnsdeildina og svo unnið eitt ár eftir burtfararpróf frá rafmagnsdeildinni, áður en þeir verða sveinar. Það gæti oft verið mjög gagnlegt. Ákvæðið í 7. gr. á að geta sparað mönnum, sem hafa allmikla mentun á þessu sviði, bæði kostnað og tíma við að sitja á bekkjunum heilan vetur. Það má búast við, að margir þeirra, er þegar hafa fengið full rjettindi til að annast raflagnir, muni vilja sitja í 2. bekk deildarinnar eða taka burtfararprófið; fyrir þá myndi þetta ákvæði verða mjög gagnlegt. Það ætti líka að verða notað af ýmsum lagtækum og framtakssömum mönnum víðsvegar í landinu, sem hafa aflað sjer talsverðrar sjálfsmentunar til að koma upp einföldum raflögnum í sínu bygðarlagi, þannig að þeir þyrftu ekki að sitja heilan vetur í 1. bekk rafmagnsdeildarinnar. Ákvæðið í 9. gr. heimilar vjelstjórum að stunda nám í 2. bekk deildarinnar og taka burtfararpróf, án þess að hafa setið í 1. bekk eða tekið 1. bekkjarpróf, því þeir hafa í vjelstjóraprófinu verið reyndir í hinu sama og krafist er til 1. bekkjarprófs rafmagnsdeildarinnar. Í 10. gr. er ákvæðið um tvennskonar prófskírteini sett til þess að gerður yrði greinarmunur á þeim, sem hafa áður unnið minst 3 ár hjá rafvirkjameistara, og vjelstjórum, sem ekki hafa gert það, og er meiningin sú, að vjelstjórum með burtfararprófi rafmagnsdeildar er ekki ætlað að vinna við almenn rafvirkjastörf í landi, heldur aðeins við raflagnir og rafvjelar í skipum eða við gæslu rafvjela á raforkustöðvum eða iðnaðarverksmiðjum.

Reykjavík, 14. mars 1929.

Steingrímur Jónsson. *M. E. Jessen.* *G. Briem.* *Ágúst Guðmundsson.*
G. J. Fossberg. *G. Þorsteinsson.*

Fylgiskjal I.

RAFVIRKJAFJELAG REYKJAVÍKUR
Reykjavík.

Reykjavík, 15. mars 1929.

Vjer höfum meðtekið til umsagnar frumvarp ásamt greinar og reglugerð um stofnun rafmagnsdeildar við Vjelstjóraskólann í Reykjavík, og er oss ánægja að láta álit vort í ljósi um þetta.

1. Að stofnun deildarinnar er lausn á knýjandi þörf rafvirkjastjettarinnar, og 2. að stofnun hennar þoli enga bið, og að heppilegt sje að bæta deild þessari við vjelstjóraskólann öðrum skólum fremur.

Vjer vonum því að hið háa Alþing sjái sjer fært að samþykkja frumvarp þetta eins og það liggur fyrir.

Virðingarfylst

Stjórn Rafvirkjafjelags Reykjavíkur.

Jóh. Kristjánsson. Sigurður P. J. Jakobsson. Ögm. Sigurðsson.

Til
Vjelstjórafjelags Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARMANNAFJELAGIÐ Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. mars 1929.

Að gefnu tilefni, er það álit vort að það muni hafa mjög mikla þýðingu að rafmagnsdeild verði stofnuð í sambandi við Vjelstjóraskólann í Reykjavík, og viljum því hjer með gefa því okkar bestu meðmæli, að svo mætti verða.

Virðingarfyllst

Í stjórn Iðnaðarmannafjel. í Reykjavík.

Jón Halldórsson. Guðm. H. Þorlákssson. Sigurður Halldórsson.

Nd. **230. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum.

Ed. **231. Lög**

um löggilding verslunarstaða.

(Afgridd frá Ed. 27. mars).

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasljettu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Löggilding hvors þess verslunarstaðar, er um ræðir í 1. gr., skal koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ed. **232. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ályktun sje gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögum.

9. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fje það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

15. gr.

Bæjarstjórn, og sjerstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæslu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sje á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Fjehirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má fjehirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

20. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal fjehirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars í skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kýs til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá fjehirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók

og kassa gjaldkera, og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum fjehirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum fjehirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

21. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við greind lög, lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breytingu og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 233. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir kynt sjer þetta mál eftir föngum og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje, að það nái fram að ganga, því að með samþykt þess mun leysast mál, sem um hríð hefir valdið nokkrum vafningum, en það er læknisbústaður í Reykhólahjeraði. Þegar tekin var ákvörðun um þetta mál í nefndinni, var einn nefndarmanna (M. T.) fjarverandi, og hefir hann því óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 26. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.
	Með fyrirvara.	
	Hákon Kristófersson.	

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Kostnað við yfir-eftirlitið greiðir ríkissjóður að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við ríkisstjórnina.

Eftirlit um framkvæmd brunamálalaganna hafa bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, hver í sínu umdæmi. Eftirlitið hefir reynst mjög ófullkomið og ófullnægjandi víða hvar. Við athugun, sem gerð var síðastliðið sumar á brunavörnum kaupstaðanna af Brunabótafjelagi Íslands, í samráði við og með aðstoð endurtryggingarfjelags þess, kom það í ljós, að mjög skortir á, að ákvæðum brunamálalaganna sje fullnægt víðast hvar. Af 27 kauptúnum, sem vátryggja hjá B. Í., eru 11, sem engar sjerstakar brunavarnir hafa; í 4 eru mjög lítilsverð og ónothæf tæki, og af þeim 12, sem þá eru ótalin og hafa að vísu nokkur brunavarnartæki, eru að eins 2 eða 3, sem telja má að hafi brunavarnir sínar í nokkurn veginn góðu lagi.

Húsaskipun bæjanna er víða þannig, að stórir bæjarhlutar eru í sameiginlegri brunahættu. Af þeirri ástæðu stafar stórfeld hætta, bæði fyrir íbúana og Brunabótafjelagið og það fjelag, sem það endurtryggir hjá, og jafnvel fyrir ríkið sjálft. Til að varna svo sem hægt er stórtjóni af bruna heilla bæjarhverfa er öflugasta ráðið að koma á fót sem fullkomnustum brunavörnum, sem ástæður leyfa.

Auk eftirlits með því, að ákvæðum brunamálalaganna sje fullnægt, þá er ætlast til, að eftirlitsmaðurinn leiðbeini og aðstoði bæjar- og sveitarstjórnir um alt, er að brunavörnum lýtur. Er um það þörf verklegrar þekkingar, m. a. á vatnsveitum, rafmagnsleiðslum o. fl. Þarf eftirlitsmaðurinn því að hafa slíka þekkingu til að bera.

Við athugun og umræður um þetta efni hefir það verið álitið, að eftirlitsstarf þetta gæti a. m. k. fyrst um sinn samrýmst störfum vegamálastjóra og starfsmanna hans, sem og á hinn bóginn, að vegamálastjóri hafi yfir þeirri sjerþekkingu að ráða, sem nauðsynleg er. Á þann hátt gæti eftirlitið orðið tiltölulega ódýrt og þó jafnframt náð tilgangi sínum.

Eins og að framan segir, miðar eftirlitsstarf þetta til þess bæði að vernda líf, limi og eignir ríkisborgaranna og einnig að því að draga úr áhættu vátryggingarfjelaganna. Þess vegna er lagt til, að kostnaður við eftirlitið skiftist eins og til er tekið í frumvarpinu.

Ed. **235. Nefndarálit**

um frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd felst á þá hugsun, sem fram kemur í frv., að Reykjavíkurkaupstað beri að leggja fram land, án endurgjalds, undir kirkjugarð. Er og hætt við, ef kaupa þyrfti land af kaupstaðnum dýru verði, að farið yrði inn á þá braut að hækka legkaup frá því, sem er; en það mundi koma bæjarbúum ver heldur en að leggja til landið.

Telur nefndin vafalaust, að samningar milli ríkisstjórnar og bæjarstjórnar mundu leiða til þess, að land fengist ókeypis undir kirkjugarðinn, og vill því ekki kveða beinlínis svo á í frv., að land skuli látið af hendi endurgjaldslaust, og flytur breytingu þar að lútandi.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Orðin »án endurgjalds« í fyrstu línu greinarinnar falli niður.

Alþingi, 27. mars 1929.

Jón Baldvinsson, form.
Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.
Jóh. Jóhannesson, með fyrirvara.

Nd. **236. Frumvarp**

til laga um ágang búfjár.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um búfje og friðhelgi lands.

1. gr.

Búfje er talið í lögum þessum allur sá peningur, sem landbúnaður hefir framleiðslu af, svo sem: Kýr, hross, sauðfjenaður, geitur, svín, alifuglar og ef einhverjar nýjar dýrategundir flytjast hingað inn, sem nú eru hjer óþektar.

2. gr.

Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.

II. KAFLI.

Um vörsluskyldu.

3. gr.

Þar, sem girðingar greina lönd jarða og settar hafa verið sem varsla af öllum aðiljum, skal ávalt skylt að halda þeim við, svo að fullkomin varsla sje, eftir þeim kostnaðarhlutföllum, sem girðingin hefir verið sett upphaflega, nema nýir samningar verði. Sje samgirt fyrir fleiri býli, er skift lönd eiga, og einn verði fyrir ágangi sökum girðingar, skal bæta ágang eftir mati, ef ekki er í samningi eða samþykt. Sje vanrækt viðhaldsskylda af einhverjum aðilja og ágangur hlýst af, ber sá ábyrgð, er vanrækti. Sömuleiðis geta menn í fjelagi komið á hverskonar vörslu sem er um lönd jarða eða landshluta eða milli jarða, eða girt af afrjettarlönd, en jafnan skal þá greinilega fram tekin í samningi kostnaðarhluttaka hvers í byggingu og viðhaldi. Gildir sama um vanrækslu í þessu efni og áður er tekið fram í þessari grein.

4. gr.

Hvert kauptún, sem hefir sjerstaka stjórn eða er sjerstakt sveitarfjelag, er skylt að gera trygga vörslu um alt land sitt, án tillags frá þeim, er lönd eiga að, hvort sem að liggur engi eða beitiland. Sömuleiðis þar, sem »hverfi« eða »torfur« eru með fleiri býlum og sami er eigandi að. Skal honum skylt að setja vörslu um alla eignina, þó ekki nema utan túna eignarinnar, ef stór lönd eru.

5. gr.

Skyldur er eigandi ágangsfjenaðar að taka þátt í girðingarkostnaði fyrir engjar eða ræktað land annars manns, ef það liggur undir verulegum ágangi að öðrum kosti.

III. KAFLI.

Um ítök.

6. gr.

Hvarvetna þar, sem jarðir eiga beitarítök í annara lönd, en eiga þar ekki land undir, skal skylt að annast, að landeigandi bíði þar engan ágang fram yfir það, sem ítaksrjettindi heimila, og enga vörslu getur ítakseigandi þar sett, sem landspjöll eru að, nema með leyfi landeiganda. Sje um skóg að ræða, gilda þar

um þau ákvæði í lögum eða reglugerðum, sem á hverjum tíma eru í gildi til friðunar skóginum.

7. gr.

Nú á maður engjaítök í annars manns landi, og má þá landeigandi ekki beita þangað fjenaði sínum frá því 6 vikur eru af sumri og þar til búið er að slá ítakið og hirða að öllu. Ítakseigandi skal láta vinna ítakið næst eftir túnaslátt, nema öðruvísi semji með honum og landeiganda. Heimilt er ítakseiganda að veita vatni á landið, ef hann fær því við komið, og má hann taka torf og grjót í landinu í stíflur og girðingar, er með þarf, en bæta skal hann landeiganda jarðspjöll, er verða af vatnsveitingu hans, eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Heimilt er ítakseiganda, þá er hann flytur hey af landinu, að beita hestum sínum, þó ekki meira en þörf gerist. Setja má hann þar hey saman, ef flutt er næsta vetur, og rista torf á, ef ekki eru landeiganda gerð sjerstök landspjöll utan ítaksins.

9. gr.

Nú hefir ítakseigandi girt slægjuítak sitt með lokuðum hliðum, og er honum þá aðeins heimilt að hafa lokuð hlið frá því 6 vikur eru af sumri og þar til ítakið er alhirt, eins og segir í 7. gr., nema þar sje undir vatnsveiting nýrækt til túngræðslu, eða tún; mega þá hlið ávalt vera lokuð. Á þá landeigandi heimtingu á að fá metna beit sína í ítakinu og fulla greiðslu fyrir.

10. gr.

Ef landeiganda og ítakseiganda kemur ekki saman um, hvort landspjöll hafa gerð verið til tjóns landeiganda við notkun eða ræktun ítaks, eða hvað fyrir skuli greiða beit landeiganda, skal eftir ósk hlutaðeiganda dómkveða 2 menn til gerðarinnar; taka þeir sjer oddamann, ef þarf. Greiðir ítakseigandi og landeigandi kostnaðinn, að hálfu hvor. Gildir gerð þessara manna þar um.

IV. KAFLI.

Um fjárrekstur í haga og innsetning búfjár.

11. gr.

Eigi má maður reka pening sinn til beitar nær annars manns landi en 500 m. (tvö hundruð faðma tólfræð), nema varsla sje í milli eða peningurinn hafður í höftum eða setið yfir honum, eða einhverjar aðrar hömlur af staðháttum varni því, að hann fari inn yfir landamerki. Enginn má heldur byggja nær landamerkjum en nú var sagt sel, beitarhús, fjárrjettir eða nokkur önnur peningshús, nema áður hafi þar staðið eða sá leyfi, sem land á á móti. Þó má sá, er vill nota rjett til lands fast að merkjum, ef hann hefir boðið gagnaðilja að taka þátt í $^1/_2$ girðingarkostnaði og hann ekki tekið því boði, vera undanþeginn þessum byggingarákvörðunum.

12. gr.

Ef maður rekur pening sinn á annars manns land til beitar eða nær landamerkjum en 11. gr. ákveður, og gengur peningurinn þegar yfir landamerki, þá má sá, er fyrir beit verður, í fyrsta skifti taka þann pening og færa eiganda heim. Á þá eigandi að greiða fult gjald fyrir heimreksturinn. Nú kemur peningurinn aftur inn á land grannans fyrir þessar sakir, og er honum þá heimilt að setja hann inn. Sama er og ef peningur annars manns skemmir girðingar eða garða, sem til vörslu eru, eða stekkur yfir slíkar girðingar, enda sjeu þær í gildu standi.

13. gr.

Nú verður maður fyrir ágangi af annars manns fjenaði fyrir aðrar sakir en segir í 11. gr., svo sem hirðuleysi fjenaðareiganda, þrábeit eða fyrir enn aðrar orsakir, og hefir þá ágangsþolir sama rjett til innsetningar og allrar meðferðar eins og segir í 12.—17. gr.

14. gr.

Þá er ágangsfjenaður er þannig settur inn, á eigandi þann kost að leysa hann út aftur, og skal hann þá greiða 30 au. fyrir hverja sauðkind og geit, en 1 kr. fyrir hvern stórgrip. Þess utan greiði hann skaða þann, er peningurinn hefir gert á engjum, heyjum, túni, sáðgörðum og girðingum, eftir því sem 2 óvilhallir næstu grannar meta, er ágangsþolir kveður þar til, verði ekki samkomulag um skaðabætur. Geri ágangsfjenaður skaða að öðru leyti, svo sem með því að í honum er graðpeningur, sem gengur laus á þeim tíma, sem ágangsþoli verður að skaða, varðar það sjerstökum skaðabótum, er meta skal á sama hátt. Taki maður pening í hagagöngu og gangi hann í annars manns land, skal fyrir hann greiða hálfu meira útlausnargjald.

15. gr.

Tregðist eigandi ágangsfjenaðar að greiða útlausnargjald og skaðabætur, ef einhverjar eru, er þeim heimilt, er inn setti, að halda svo miklu af fjenaðinum, er útlausnargjaldinu og skaðabótunum nemur, þar til því er að fullu lokið.

16. gr.

Þegar ágangsþolir hefir sett inn ágangsfjenað, skal hann samdægurs gera eiganda aðvart um það. Hann skal ætla fjenaðinum nóg húsrúm og skal hann ábyrgjast, að hvorki falli hús á hann nje hann troðist undir fyrir húsþröng; en eigi varðar honum við lög, þó skepnur stangi hver aðra til bana eða farist af þeim orsökum, er honum verður eigi gefin sök á. Sje málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og á sá málnytuna, er inn setti. Nú kemur eigandi ekki strax að vitja penings síns, og skal sá, er inn setti, geyma hann í 2 daga og gefa hey, ef með þarf, en fá skal hann allan þann kostnað endurgoldinn. Hafi eigandi ekki vitjað penings síns á 2 daga fresti, er ágangsþoli heimilt að fá uppboð á svo miklum hluta fjenaðarins, að hann fái allan sinn kostnað endurgoldinn ásamt útlausnargjaldi og skaðabótum, ef eru. Hinn hluta peningsins, er ekki fer fram sala á, skal færa eiganda, og borgar hann hæfilegt gjald fyrir heimreksturinn.

17. gr.

Ef eigandi ágangsfjár tekur þening sinn, sem inn hefir verið settur, úr vörslum annars manns, að honum fornspurðum og án þess að hafa greitt áfallinn kostnað, varðar það sektum, 20—200 kr. Sje peningur kominn inn á annars manns land af þeim orsökum, sem segir í 11. og 13. gr., en hefir þó ekki verið settur inn, má eigandi ekki taka hann þar að hinum fornspurðum, nema hann greiði honum fult endurgjald, hafi fjenaðurinn gert skaða.

Eigi má reka annars þening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Varðar það 5—100 kr. sekt.

18. gr.

Taki nokkur fjenað annars manns og setji inn, þegar öðruvísi er ástatt en segir í lögum þessum, skal hann greiða fult endurgjald fyrir skaða, er af því hlýst, auk 10—80 kr. sektar.

V. KAFLI.

Um afrjettarþening og strokufjenað.

19. gr.

Gangi fjenaður úr afrjett í lönd manna og geri þannig átroðning eða skaða, er ágangsþoli heimilt að reka hann aftur til afrjettar, ekki styttra en í miðjan afrjett. Gerir hann hæfilegan reikning fyrir reksturinn til hlutaðeigandi sveitarstjórnar, er greiðir hann úr sveitarsjóði. Verði ágreiningur um reikninginn, skulu 2 menn meta, er ágangsþolir og sveitarstjórn nefna, sinn hvor. Komi þeim ekki saman, taka þeir sjer oddamann. Kostnaður við gerðina greiðist af hálfu af hvorum aðilja.

20. gr.

Geri strokufjenaður ágang á land manns og eigandi er svo fjarri, að honum verði ekki gert aðvart samdægurs, skal ágangsþolir taka fjenaðinn í vöktun þar til eigandi fær vitneskju um, sje það á þeim tíma, að eigandi bíði skaða af að missa fjenaðinn. Ella skal með hann farið sem afrjettarþening samkv. 19. gr. Fjenaðareigandi greiðir ágangsþoli þóknun fyrir vöktun. En reki hann fjenaðinn til afrjettar, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, er eigandi er búsettur í, kostnaðinn, og fer um það eins og segir í 19. gr. Vitji fjenaðareigandi ekki þess fjenaðar, er ágangsþolir hefir tekið í vöktun, á hæfilegum tíma eftir að hafa fengið vitneskju þar um, skal farið með fjenaðinn sem afrjettarþening.

VI. KAFLI.

Um ítölu í óskift lönd.

21. gr.

Þar, sem óskift eru lönd milli tveggja jarða eða fleiri, er hverjum heimilt, er ofsett þykir í landið eftir afnotahlutföllum, að heimta ítölu frá hverjum notanda. Hreppstjóri og úttektarmaður framkvæma ítöluna, og greiða ábúendur kostnaðinn eftir afnotahlutföllum.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum:

Í hinum fornu lögum vorum eru mörg ákvæði um ágang búfjár. Hefir hann frá öndverðu verið talinn saknæmur og valdið skaðabótum og sektum, þó mismunandi hafi þetta verið í okkar lögum og eldri lögum. Páll Briem getur þess í »Lögfræðingi« í ritgerð um ágang búfjár, að eftir Gulaþingslögum og Frostaþingslögum hafi ágangsfjenaður verið rjettdræpur með vissum takmörkunum. Í Grágás varðaði sektum og skaðabótum ágangur á tún, akra og engi. Í Jónsbók var löggarðsskylda og löggarðsviðhald innleitt eftir Norskulögum. Var þá undir því komið, hvort löggarður var um landið. Skyldi greiða skaðabætur, ef fjenaður fór yfir eða braut löggarð. En væri enginn löggarður, var undir því komið, hvort nokkrum bar að gera garðinn. Bæri engum löggarðsskylda, var skaðabótaskylda fyrir ágang. En vanrækti einhver garðlagsskyldu, þá misti hann skaðabóta fyrir ágang, er garðleysið olli, og varð þess utan að greiða öðrum skaðabætur vegna slíks ágangs.

Þessi ákvæði Jónsbókar þóttu óljós að því leyti, hvort greiða ætti jafnar skaðabætur fyrir alt búfje og jafnt hvort ágangurinn væri á tún, akra eða engi eða annað land. Þegar Jónsbók var lögtekin, 1281, varð óánægja út af þessum óljósu ákvæðum, þar sem horfin voru ákvæði Grágásar um »helgi túns ok akra ok engja«. Leiddi af þeirri óánægju rjettarbót Eiríks konungs Magnússonar 1294. Var með henni sú breyting gerð á Jónsbók, að fullar skaðabætur skyldu greiðast fyrir beit töðu, akra og engja, fyrir fjenað þeirra manna, er beit áttu í örskotshelgi, en fyrir annara fjenað bæði skaðabætur og sektir, og skylt var að hafa löggarð um »hvar sem hlaðit er korni eða töðu«. Þetta eru talin hin gildandi lög um ágang á tún og engjar.

Aftur eru ákvæði Jónsbókar alt önnur um ágang búfjár á haga, þannig: »Hvergi á maðr at bæta fyrir hagbeit«. Þó eru þessi almennu ákvæði með ýmsum undantekningum. Ekki má reka fje of nærri annars landi til beitar; að öðru leyti ef vanrækt er garðlagsskylda, og í þriðja lagi ef lögfestir eru hagar. Heldur ekki má byggja sel, beitarhús eða aðrar byggingar nær annars landi en í örskotshelgi (tvö hundruð faðma tólfræð). Þessar undantekningar sýna, að hagbeit var ekki að öllu ósaknæm. Þó hjer sjeu ekki lengra rakin hin fornu ákvæði, sem

ekki virðist þörf í þessu sambandi, þá sýna þau þó, eins og tekið var fram, að frá alda öðli hefir beit í annars land eða ágangur búfjenaðar verið talinn saknæmur. Hitt er annað mál, að grundvöllurinn undir þessum rjettarákvæðum í Jónsbók, sem í gildi hafa verið og eru, virðist hafa verið nokkuð óljós hvað snertir gildi eignarrjettarins eða helgi lands. Hin fóknu ákvæði um garðlagsskyldu sýnast bygð á þeirri rjettarhugsun, að hvorttveggja væri skylda, að passa skepnur sínar og verja land sitt. Að vísu segir Jónsbók: »Hver maðr á gróðr á sinni jörð«, en hún segir líka, þó með undantekningum sje: »Hvergi á maðr at bæta fyrir hagbeit«. Af því leiðir, að hagagróður manns er ekki friðhelgur. Þetta ósamræmi stafar af því, að einn er ekki grundvöllurinn. *Allur* gróður lands er ekki friðhelgur, og þar af leiðandi ekki eignarrjetturinn. Hjer rugla hagsmunaatriði rjettargrundvellinum, þar sem meiri skaðsemd fylgdi ágangi á tún og engjar en á haga. Einhlítt sýnist, að hjer eigi öllu að ráða helgi eignarrjettarins. Og um leið og á því er bygt, fjarlægist fjöldi vafaatriða, sem einkent hafa flestar tilraunir um lagasetningu um ágang búfjár.

Það má heita stóreinkennilegt og ólíkt öðrum löggjafarháttum Íslendinga, að allar aldir síðan Jónsbók var lögtekin 1281 skuli ákvæðin um ágang búfjár ekki hafa verið numin úr gildi með nýjum lögum. Þetta er því merkilegra, þegar litið er á þann mikla lagasæg, sem afgreiddur er árs árlega af Alþingi. Og líka vegna hins, að þessi Jónsbókarákvæði, sem í gildi eru, hafa alls ekki verið notuð, líklega öldum saman, og eru því sem dauður bókstafur. Til sönnunar þessu eru svör allra hreppstjóra landsins við fyrirspurnum milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum frá 1907. Þar er því undantekningarlaust neitað, að lög þessi hafi verið notuð svo þeir viti til.

Það mætti ætla eftir þessu, að lagaþörf í þessa átt væri ekki mikil og þörfin á að tryggja rjett einstaklingsins hefði ekki verið og væri ekki tilfinnanleg. En það er þó síður en svo sje, þó vaninn hafi gert menn lina í sókninni á yfirborðinu. Fjölmargar tilraunir hafa þó verið gerðar til þess að fá ný lög í þessu efni. Fyrir 240 árum (1688) kom út konungsbrjef þessu viðvíkjandi og á síðastliðinni öld var mál þetta margsinnis upp tekið, án þess að árangur yrði af. Embættismannanefndin átti að gera breytingu Jónsbókarlaga, og út af því samdi Páll Melsted amtmaður frumvarp til tilskipunar um landbúnaðarmál Íslands. Var þá málið nokkrum sinnum fyrir Alþingi áður en nefnd sú, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóvember 1870 til að semja ný landbúnaðarlög fyrir Ísland, tók það til meðferðar. Meiri hluta frv. þeirrar nefndar lagði stjórnin fyrir Alþingi 1879, og lá fyrir þingunum 1881 og 1883, þar sem 1. kafli frumvarpsins höndlaði um helgi lands eða ágang búfjár. Á þinginu 1883, þegar afgreidd voru ábúðarlögin, sem dregin voru út úr þessu landbúnaðarfrumvarpi, hnýtti þingnefndin í neðri deild við ábúðarlagafrumvarpið viðauka í 6 greinum um ágang búfjár. Samþykti deildin það. Var þá talið svo mikilsvert að fá lög um þetta, að ekki mætti dragast, og því sett sem viðauki við alveg ósamkynja mál.

Efri deild feldi þennan viðauka, gegn harðri mótspyrnu, sem bygð var á því, eins og í neðri deild, hve mikil þörf væri á þessum lögum. Síðan var lagður fyrir þingið 1885 sá hluti landbúnaðarfrumvarpsins, er fjallaði um ágang búfjár. Á því þingi var samið nýtt frumvarp, »um helgi lands fyrir ágangi af skepn-

um«, sem ekki var afgreitt. Eftir það lá frumvarp um ágang búfjár fyrir Alþingi 1889. Loks fjallar milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, sem skipuð var með konungsúrskurði 2. mars 1904, enn um málið; samdi frv. um ágang búfjár með athugasemdum.

Þegar athugaðar eru allar þær tilraunir, sem hjer eru nefndar, til þess að fá sett lög um þetta efni, þá er það ljóst, að bak við þær er brýn þörf. Enda er það víst, að rjettarmeðvitund manna er lifandi fyrir því að bíða ekki skaða af öðrum bótalaust. Hefir líka rjettaröryggi í þá átt verið trygt á flestum eða öllum sviðum nema þessu og lagað eftir nútíma ásigkomulagi. Tími virðist því til kominn að fylla í þetta skarð í löggjöfinni.

Það virðist óþarft að rekja sögu um meðferð þessa máls á þingi eða hjá nefndum þeim, sem um það hafa fjallað. Hún er eiginlega öll sögð með því, sem áður er tekið fram, að málið var altaf óaðgengilegt, vafningasamt og óljóst, sökum þess rjettargrundvallar, sem það var bygt á, þar sem ekki var gengið út frá því, að hver væri skyldur að vakta sinn fjenað og bera *alla* ábyrgð á, að hann gerði ekki öðrum skaða, eða með öðrum orðum, að gróður lands væri friðhelgur. Að fenginni þessari niðurstöðu varðar allur ágangur við lög.

Sýnist þá vera einfaldast og vafningaminst, að sektir sjeu allar greiddar með ákveðnu útlausnargjaldi fyrir allan pening, þegar þrábeit eða hirðuleysi með skepnur á sjer stað. Og auk þess skaðabætur fyrir usla þann, er ágangsfjenaður gerir á ökrum, görðum, engjum, túnum og heyjum.

Margir munu víst hafa þá sögu að segja, að þeir hafi orðið fyrir einhverjum skaða af annara peningi, þó að ekki hafi leitað rjettar síns eftir þeim gömlu fyrirmælum, sem í gildi eru. Enda veldur garðlagsskyldan því, að þau eiga ekki við nútíma ásigkomulag. Af þessu ástandi hefir leitt, að ýmsir ofhlaða land sitt, með það beinlínis fyrir augum, að fjenaður þeirra framfleytist á annara löndum. Er sláandi sönnun þessa dæmi það, er milliþinganefndin frá 1907 tilfærir í athugasemdum sínum við frv. um ágang búfjár. Skal það tekið hjer upp. Er það hreppstjóri í Skagafjarðarsýslu, sem segir frá:

»Jeg þekki hjer skamt frá mjer 2 bændur, sem árlega taka hagagönguhross; annar hafði þau um 60 í fyrra, en hinn yfir 80. Einn bær er á milli þeirra, en bóndinn þar tekur engin hagagönguhross, hefir þó talsvert land og er sjálfur hrossafár. Allir mega geta nærri, hve miklum ágangi hann verður fyrir af þessum mikla hrossasæg frá hinum, þegar þau hafa svo uppurið lönd þeirra sjálfra, að á vorin sjest varla stingandi strá, en í flóum sjást aðeins berar kvisthríslur á stangli«.

Þessi lýsing á víðar við, og má skjóta því til allra löggjafa þessarar þjóðar, hvort þeir þekki ekki eitthvað í þessa átt. Væri svo, má fullyrða, að hvorttveggja verði gert: að vernda lönd fyrir slíkri meðferð og tryggja rjett þeirra manna, er fyrir slíkum búsifjum verða. Það myndi líka sannast, ef heppileg lög um ágang búfjár yrðu sett, að þau gerðu miklu meira gagn og »grannasættir« en menn gera sjer grein fyrir með fljótri yfirvegun.

Það hefir verið ætlun sumra manna og komið fram undir umræðum þessa máls, að eins og frv. um ágang búfjár hafa legið fyrir myndu þau valda eilífum málarekstri, ofsóknum og hatri, ef þau yrðu að lögum. Það var nokkur

ástæða til þessarar hræðslu út af sumum ákvæðum, sem mestum vafningum gátu valdið, ef til málarekstrar kom. En það eru í fyrsta lagi litlar líkur til þess, að lög þessi yrðu mikið notuð, nema þar sem ágangur hefir verið úr hófi og óánægja eða jafnvel hatur ríkir út af honum. Þar verður ekki vont verra, heldur miklu fremur myndi það skapa sættir. Sá, sem hefir framið órjettinn, sættir sig við að verða að hætta því. Í öðru lagi, ef sektarákvæðin eru einföld og óbrotin, geta þau engum málaflækjum valdið. Annarsstaðar, þar sem fjenaður gengur sitt á hvað á grannalönd, er venjan og afskiftaleysið búin að friða svo, að engar líkur eru til, að byrjað yrði þar á sundurgerð, þar sem líka álitamál væri um vinning, ef til streitu kæmi. Hitt er líklegra, þar sem svo stæði á, og enda víðar, að menn gerðu með sjer frjálsa samninga, bygða á ákvæðum laganna. Væri þá markinu náð með lagasetningunni.

Skal nú ekki fjölyrt frekar um undirbúning eða tilgang og þýðingu þessa frv., heldur skýrðar hinar einstöku greinar.

Við 1. gr.

Hjer eru alifuglar taldir með búfje, og byggist það á því, að þeir bíta gras eins og annar fjenaður og flokkast því með öðrum beitarpeningi, er skemdir getur gert. Hefir þeim því lögfræðilega verið skipað með búfjenaði.

Við 2. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur eftir stjórnarskránni. Gróður lands er eign þess, sem landið á eða hefir umráð yfir. Af þessu leiðir, að sjerhverjum er óheimilt að beita annars land. Verður að binda hann þeirri skyldu, ekki einasta að gera það ekki vísvitandi, heldur einnig að girða fyrir, að það geti orðið. Hvílir þessi skylda jafnt á öllum, og verður því engum órjettur ger sjerstaklega.

Við 3. gr.

Víða eru nú girðingar, með mismunandi gerð, settar niður sem varsla og gerðar samkvæmt lögum um girðingar eða samþyktum, svo að fullgildar sjeu. Er gengið út frá, að þeim reglum sje fylgt, sem þegar eru á komnar, og viðhaldsskyldan hvíli á sama grundvelli. Eru þetta ný ákvæði um garðlagsskyldu og af sömu rót runnin sem hin fornu. Nú eru girt af heiðalönd og gerðar hverskonar samgirðingar með ákveðinni þátttöku hvers hlutaðeiganda, og virðast engin ný ákvæði þurfa um það hvað búfjárágang snertir. Þó er það hjer upp tekið, að bæta eftir mati ágang, sem einhver kynni að verða fyrir innan samgirðingar, þar sem skift eru lönd milli býla og ekki þykir einhlítt, að ítala sje gerð eftir 21. gr.

Við 4. gr.

Sjálfsagt þykir, að kauptún, sem er sjerstakur hreppur, girði á sinn eiginn kostnað land sitt án tillags eða þátttöku frá þeim, er lönd eiga að. Venjulega er ágangur frá kauptúnum með ógirt land margfaldur við það, sem á sjer stað annarsstaðar, og því ranglátt, að þeir, sem fyrir ágangi verða, sjeu kúgaðir til að kosta girðingu. Kauptúnalönd eru líka oftast ákveðin með sjerstökum lögum, annaðhvort sem verslunarlóðir eða ræktunarlóðir, og er því rjett, að þau

sjeu háð sjerstökum skyldum. Og sannreynd er það, að þar er oftast eða æfinlega ofsett í land.

Rjett sýnist einnig, þar sem sami eigandi á fleiri smábýli í »torfu« eða »hverfi«, að varsla sje um. Byggist það á sömu rökum og girðing kauptúnalands, að þaðan er meiri ágangshætta.

Við 5. gr.

Það getur orðið til hagnaðar fyrir þann, sem ágangsfjenað á, og jafnframt til samkomulags, að hann taki þátt í girðingarkostnaði hjá ágangsþoli fyrir engjar eða ræktað land, til þess að fríast við sektir og skaðabætur, er geta leitt af áganginum. Því virðast þessi ákvæði rjettmæt.

Við 6. gr.

Frá fornu eru víða beitar- og engjaítök. Þar hagar svo til, að ítakseigandi á aðeins gróður landsins, en ekki landið sjálft. Verður þar að tryggja rjett landeiganda, að hann ekki bíði tjón af notkun ítaksins. Hafa svipuð ákvæði gilt frá fornöld og verið tekin upp af þeim, sem áður hafa gert tilraun að fá um þetta ný lög.

Við 7.—10. gr.

Þeir, sem eiga engjaítak í annars manns landi, eru eftir fornum lögum útilokaðir frá að bæta ítakið eða rækta, þar sem landeigandi mátti beita ítakið allan ársins hring, nema frá því er 6 vikur voru af sumri og til þess er ítakið var hirt. Þar sem líklegt er, að þessari venju hafi víðast verið fylgt, þykir rjett að láta hana gilda, að óbreyttum kringumstæðum. Aftur á móti sýnist ekki rjett, þar sem svo hagar til, að koma má þessum ítökum í rækt með vatnsveitingum eða túngræðslu, að fyrirmuna ítakseiganda það. En af því leiðir, að girða þarf ítakið og fá það fullfriðað árið um kring. Er þá afnuminn rjettur landeiganda til beitarinnar, enda sýnist hann ekki mega vera því til fyrirstöðu að auka ræktun landsins. En að sjálfsögðu verður hann að fá beitina metna til verðs og fullnaðargjald fyrir.

Einfaldast virðist að útkljá ágreining, sem verða kann um landspjöll við notkun ítaks, með gerðardómi. Og sömuleiðis, að beitarmat verði þannig gert. Koma hlutaðeigendur sjer saman um að fá dómkvadda 2 menn til gerðarinnar, er taka sjer oddamann, ef þarf.

Annars verður líklega allur landspjalla-ágreiningur útkljáður eftir vatnalögunum.

Við 11. gr.

Jónsbókarákvæði heimila ekki rekstur fjár til beitar eða byggingu sels, fjárrjetta eða beitarhúsa nær landamerkjum næsta manns en 200 faðma tólfræð, nema einhverskonar varsla eða hindranir sjeu á milli. Ákvæði þessi hafa auðvitað átt að draga úr því, að ágangur yrði á land grannans og fyrirbyggja það, að menn þannig notuðu annars land af ásettu ráði með því að beina skepnum að því. Ákvæðin geta enn orðið til varnaðar, ef laklega er gætt skyldunnar að vakta fjenaðinn. En rjett sýnist að gera undantekningu frá byggingarákvæðunum, ef gagnaðilja hefir verið boðið að kosta girðingu að hálfu leyti, en hann neitað,

svo hinum sje auðveldara að nota land sitt að merkjum, þótt hann þrátt fyrir það sje skyldur að vakta fjenað sinn.

Við 12.—14. gr.

Það, sem ríkast hefir verið í hyggju þeirra manna, sem unnið hafa að því að fá ný lög sett um ágang búfjár, milliþinganefnda, þingnefnda og Alþingis, er um innsetningu á skepnum. Hefir það sýnilega vakað fyrir mönnum, að með þessum fornu ákvæðum yrði best ljett af ágangi, enda voru sum frumvörpin áður um innsetning á skepnum. Þetta mun líka verka best á hirðulausa menn. Þeir trjenast upp á því að borga innsetningargjaldið, þótt lágt sje, og fara smám saman að láta líta eftir fjenaði sínum. Ekki er ætlast til þess, að ákvæðum þessara greina verði beitt, þegar fjársamgöngur eru sem mestar haust og vor og erfiðast að hafa hemil á skepnum sínum. Þó geta komið fyrir þær kringumstæður, að þau eigi þá einnig við. Upphæð innsetningargjaldsins getur altaf orðið álitamál. Miða verður við það, að gjaldið er sekt fyrir að nota eign annara. Kost má það telja við þessi ákvæði, að fyrir þeim er ekkert umstang annað en sala einhvers hluta fjenaðarins til lúkningar gjaldsins, sem sjaldan eða aldrei kæmi til. Sömuleiðis er ólíklegt, að oft kæmi til mats á skaðabótum, því það er rjettara fyrir eiganda ágangsfjenaðar að komast að samningum við ágangsþoli heldur en að eiga undir mati, þar sem ágangsþolir er látinn hafa rjett til að nefna matsmennina. En það virðist ekki vera ranglátt, þar sem hinn fremur stöðugt órjettinn. Ef lög eiga nokkru sinni að ná tilgangi sínum, þannig, að bæta það, sem þau höndla um, uppræta óvenjur og koma á reglu, þurfa þau að vera sem einföldust og hafa hreinar línur. Oft er það, að ýms ákvæði í lögum, sem eiga að miða að einhverskonar jöfnuði, valda vafningum og málaflækjum og halda uppi óvenjum og lögbrotum.

Minni hluti landbúnaðarnefndarinnar frá 1877 var mjög andvígur þessum innsetningarákvæðum. Taldi hann, að þau myndu verða til þess að spilla öllum friði milli nágranna. Þetta telur nefndin hinn mesta misskilning. Megn ágangur milli býla veldur einatt stöðugri óvild og jafnvel hatri. Er það eðlilegt, að sá, sem fyrir órjetti verður og getur ekki rjett hlut sinn, ali óvild til hins. Skýr lagaákvæði eru ein megnug að bæta úr því. Ekki sýnist heldur líklegt, að byrjað yrði að beita þessum ákvæðum án þarfa, þar sem þau eru jafnhandhæg báðum aðiljum og yrði úr því óþarfur skinnaleikur.

Hjer eru sett ákvæði um sjerstakar skaðabætur fyrir tjón, er gráðpeningur veldur í búfje manna. Eru miklar umkvartanir um það víðsvegar um land, að mönnum, sem ætla að hafa eitthvað af ám sínum geldar, er það ómögulegt vegna ágangs af hrútum annara, sem látnir eru ganga með fje síðari part vetrar. Kemur út af þessu fjöldi haustgotunga. Verður að ákveða mönnum hjer fylstu skaðabætur fyrir alt það tjón, er þeir verða fyrir í þessu efni. Þykir ekki einhlítt, að þetta verði bætt nema með lagaákvæðum og skaðabótaskyldu.

Við 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar tryggja ágangsþoli innsetningargjaldið, ef það er

ekki greitt strax. Eiga þau að vera til þess að slíkt komi ekki fyrir, því fáir myndu vilja eiga undir því, að selt yrði af fjenaðinum til lúkningar gjaldinu.

Við 16. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar. Hjer eru tekin upp hin fornu ákvæði, sum þó nokkuð breytt. Þannig á nú sá málnytuna, er inn setti. Þykir ekki ástæða til að láta hann hafa önn fyrir henni, ef eigandi ágangsfjenaðar hirðir ekki meira um pening sinn en það, að hann hirði hann ekki strax. Eldri ákvæði voru og þau, að innsetningarfjenaður átti að geymast til »fimtar«, eða í fimm daga. Hjer er lagt til, að það sjeu ekki nema 2 dagar, og þykir það nægur tími, því ef eigandi byggi svo fjarri, að tækifæri væri ekki að ná honum innan 2 daga, myndi vera um strokufjenað að ræða. Nú er líka auðveldara að koma skeytum til manna en var í fornöld.

Við 17. gr.

Ekki þykir rjett, að eigandi ágangsfjenaðar greiði útlausnargjald, þó fjenaður hans sje kominn í annars manns land eða engi, ef verknaðurinn hefir ekki verið framinn, að setja hann inn; en að sjálfsögðu greiðir hann fult gjald fyrir allan usla, er fjenaðurinn gerir. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Við 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að lög þessi verði ekk misbrúkuð.

Við 19. gr.

Í ýmsum fjallskilareglugerðum eru ákvæði um það, ef afrjettarpeningur gerir ágang á lönd manna, sem næstir búa afrjett, eða leitar í heimahaga. Eru oft lagðar kvaðir á þá menn, sem við afrjett búa, eða þá, sem reka þurfa af sjer afrjettarpening, að gera það að einhverju leyti eða öllu leyti á sinn kostnað. Ákvæði þessi geta ekki samrýmst stefnu þessa frumv., þar sem sú skylda er ekki lögð á menn að verja lönd sín. Heldur verða sveitarstjórnir eða umráðamenn afrjetta að sjá um, að ágangur verði ekki af afrjettum. Þessi ákvæði í fjallskilareglugerðum hafa lögfræðingar álitið, að ekki hefðu lagagildi. Sýslunefndir hefðu ekki vald til þess að leggja slíkar kvaðir á menn.

Við 20. gr.

Það er oft mikilsvert fyrir eiganda strokufjenaðar, að hann sje stöðvaður og tekinn í vöktun. Svo er með fje í ullu, ef rúning er í nánd eða stendur yfir, og meðan förgun fjár stendur yfir o. s. frv. Ákvæðin eiga að tryggja það, að eigandi fjenaðarins verði ekki fyrir skaða. En sje ekki þessu til að dreifa og eigandinn geri sjer ekki ant að vitja fjenaðarins, þykir rjett, að hann sæti sömu meðferð og afrjettarpeningur. Mundi sveitarstjórn, þar sem fjenaðareigandi býr, ekki láta honum haldast uppi með það, að vitja ekki fjenaðar og baka sveitarsjóði kostnað.

Við 21. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringar, en þykir nauðsynleg, svo undir þessum kringumstæðum bíði ekki einn ágang af öðrum.

Ed. **237. Nefndarálit**

um frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin leitaði álits borgarstjóra Reykjavíkur um þetta mál, og er álit hans prentað hjer með sem fylgiskjal.

Það er ekki rjett, sem stendur bæði í athugasemdunum við stjfrv. og í nefndaráliti meiri hlutans, að engin löggjöf sje hjer til um þetta efni, að minsta kosti hvað kaupstaðina snertir. Í 2. gr. laga 3. jan. 1890 um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina segir svo:

»Í lögreglusamþyktinni *skal kveða á um* það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eftir því, sem hagar til á hverjum stað: a. um reglu og velsæmi á strætum . . . . . .; um reglu á veitingahúsum og skemtistöðum, er almenningur sækir, svo og *um almennar skemtanir*, svo sem leiki«.

Samkvæmt þessum fyrirmælum laganna hafa verið tekin í lögreglusamþykt Reykjavíkur 19. apríl 1919 svofeld ákvæði:

77. gr.:

»Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við borgarstjóra gjald í bæjarsjóð«.

79. gr.:

»Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi«.

Samhljóða ákvæði eru í lögreglusamþyktum Akureyrar, Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og ef til vill fleiri kaupstaða. Aftur á móti eru ákvæði í lögreglusamþyktum kauptúna, sem jeg hefi fundið, ekki miðuð við föst kvikmyndahús, heldur einstakar sýningar, en eru í samræmi við ofannefndar reglur að því leyti, að lögreglustjóra er áskilið vald til leyfisveitingar og rjettur til myndaskoðunar, og gjald er áskilið til sveitarsjóðs.

Íslenska löggjöfin hefir því í framkvæmdinni tekið ákveðna stefnu í þessum efnum, þannig að kvikmyndasýningar eru frjáls atvinna innan þeirra takmarka, sem lögreglustjórar og bæjar- (sveitar-)stjórnir setja hver í sínu umdæmi. Á þessum grundvelli hafa kvikmyndasýningar verið reknar hjer yfir 20 ár.

Í frv. er nú farið fram á að gerbreyta þessu, leggja fullkomið einveldi yfir þessum málum í hendur dómsmálaráðherra, afarháan skatt á kvikmynda-

húsin, að $^2/_3$ til ríkissjóðs, og sjerstaka myndskoðun á hverjum stað, þar sem kvikmyndasýningar eru. Til þess að gera sjer grein fyrir, hvort þessar breytingar sjeu til bóta, skal fyrst vikið að löggjöf annara Norðurlandaríkja um þetta.

I Svíþjóð er löggjöfin um þetta (frá 1911) frjálslegust og mjög lík þeim reglum, sem hjer hafa gilt. Þó er þar ekki áskilið samþykki bæjar- eða sveitarstjórna, heldur einungis lögreglustjóra. Sjerstakur skattur er enginn á kvikmyndasýningum, en ríkið lætur framkvæma skoðun á öllum myndum, sem sýna á í landinu, á einum stað og af föstum skoðunarmönnum, og greiðir myndareigandi gjald fyrir skoðunina eftir gjaldskrá.

I Noregi er mjer sagt, að rjetturinn til að sýna kvikmyndir sje sumstaðar áskilinn bæjar- og sveitarfjelögum, og noti sum rjettinn sjálf, með því að reka kvikmyndahúsin, en önnur leigi rjettinn einstaklingum eða fjelögum. Því miður hefir mjer ekki hepnast að ná í norsku lögin sjálf.

Í Danmörku veitir dómsmálaráðherra (samkvæmt lögum frá 1922) eða sá, sem hann felur það, leyfi til að reka kvikmyndahús til þriggja ára í senn, eftir að leitað hefir verið álits hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Fyrir leyfið er greitt árlegt gjald, mjög mismunandi eftir tölu sýninga og verði aðgöngumiða, þannig:

Flokkur	Tala sýninga á ári	Verð dýrustu aðgöngumiða d. kr. au.	Árl. gjald. d. kr.
1.	alt að 10	1.00	100
2.	alt að 300	1.25	300
3.	alt að 800	1.40	1000
4.	alt að 1200	1.40	2000
5.	alt að 1600	1.85	3000
6.	ótakm.	2.10	8000
7.	ótakm.	ótakm.	15000

Árgjaldið rennur að $^2/_3$ í ríkissjóð og $^1/_3$ í sveitar- (bæjar-)sjóð.

Samkvæmt upplýsingum, sem jeg hefi fengið, greiddu kvikmyndahúsin í Danmörku 1. apríl 1928 árgjöld sem hjer segir:

Utan Kaupmannahafnar:

181	kvikmyndahús	greiddu	100 kr. hvert.
61	——	—	300 — —
101	——	—	1000 — —
7	——	—	2000 — —
7	——	—	3000 — —
0	——	—	8000 —
1	(í Aarhus)		15000 —

Í Kaupmannahöfn:

16	kvikmyndahús	greiddu	1000 — hvert.
4	——	—	2000 — —
18	——	—	3000 — —
3	——	—	8000 — —
3	——	—	15000 — —

Myndskoðun er framkvæmd á einum stað í Danmörku, með svipaðri tilhögun og í Svíþjóð.

Það er alment viðurkent á Norðurlöndum, að sænska tilhögunin hafi reynst best af þessum þremur. Samkvæmt ákvæðum í dönsku lögunum frá 1922 bar að endurskoða þau í ríkisþinginu 1927—'28, og kom þá mjög til álita að hætta alveg við þessa leyfisveitingartilhögun, eins og athugasemdir stjórnarinnar við frv. sýna, og taka upp hina sænsku tilhögun. Ein ástæða var þó færð fram á móti þessu, sem sje að erlendir kvikmyndahringir hefðu fengið eignarráð á talsverðum hluta kvikmyndahúsa í Svíþjóð. En þessi mótbára gegn sænsku tilhöguninni kemur eigi til greina hjer á landi, því að með hinum almennu lögum nr. 63 1919, um eignarrjett og afnotarjett fasteigna, og annari löggjöf, er það fyrirgirt, að útlendingar geti eignast hjer kvikmyndahús fremur en aðrar fasteignir. Í Danmörku varð þetta, ásamt því að menn voru nú orðnir vanir þessari leyfisveitingatilhögun, til þess að löggjöfin var látin standa lítið eða ekkert breytt.

Þá er að líta á það, hvernig okkar íslenska tilhögun hefir reynst. Og er þá það að segja um kvikmyndasýningar hjer í Rvík, að þær eru eitt af því mjög fáa, þar sem við stöndum fullkomlega jafnfætis nágrannaþjóðunum. Allar úrvalsmyndir, sem sýndar eru í Danmörku, eru líka sýndar hjer. Verulega ljelegar myndir, sem mörg kvikmyndahús í Khöfn verða að sætta sig við, sjást hjer ekki, og húsakynnin hjer taka langt fram flestum kvikmyndahúsum erlendis og standa jafnfætis þeim allra bestu þar.

Mjer sýnist því ekki ástæða til að víkja út af braut hinnar íslensku löggjafar í þessu efni og taka upp gerólíka og úrelta danska löggjöf á þessu sviði, sem hvergi er fylgt annarsstaðar í nálægum löndum.

Af sjerstökum ákvæðum stjórnarfrv. skal jeg því næst taka til athugunar myndskoðunina og skattgjaldið.

Myndskoðun fer í Danmörku og Svíþjóð fram á þann hátt, að í sjerstöku þar til útbúnu húsnæði er myndin sýnd, en myndskoðunarmenn sitja í stúkum og geta stöðvað myndina, hvenær sem þeim þykir þurfa, með því að styðja á hnapp. Þeir kaflar, sem myndskoðunarmenn vilja ekki samþykkja, eru svo skornir úr myndinni. Í Danmörku eru ákvæðin um þetta svo ströng, að það er numið burtu, sem hverjum einum myndskoðunarmanni þykir athugavert, en í Svíþjóð ræður meiri hluti (oddamaður tilkvaddur ef þarf). Síðan gefa myndskoðunarmenn út skírteini fyrir hverja mynd, og er á það skráð stutt lýsing á efni myndarinnar, lengd hennar á undan skoðun og á eftir skoðun, og greinilega auðkent, hvort myndina má sýna börnum, eða eingöngu fullorðnu fólki. Þessi skírteini verða svo ávalt að fylgja myndinni, og hver lögreglustjóri getur heimtað, að þeim sje framvísað áður en myndin er sýnd í umdæmi hans. Auglýsingamyndir stimplar myndskoðunin einnig.

Nú er það sjerstakt um kvikmyndir þær, er hingað koma, að nær undantekningarlaust eru þær leigðar hingað til notkunar, en ekki seldar. Leigumyndunum verður að skila aftur óskemdum, og kemur því ekki til mála að klippa úr þeim hjer eða skemma þær á annan hátt. Alment er því ekki svigrúm hjer ennþá fyrir samskonar myndskoðun og í öðrum löndum.

Frv. fer nú fram á það, að tveir myndskoðunarmenn starfi á hverjum stað, þar sem kvikmyndir eru sýndar. Dómsmálaráðherra á að skipa þá, líklega einnig að ákveða þeim laun úr ríkissjóði, en kvikmyndahúsin eiga að greiða

gjald fyrir í ríkissjóð. Svo má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem myndskoðunarmenn hafa leyft á einum stað. Þessir menn eiga svo loksins að hafa vald til að ákveða hámarksverð á sætum í kvikmyndahúsunum á staðnum, og hefi jeg ekki fundið neitt tilsvarandi ákvæði í dönskum eða sænskum lögum. Ef einhver verður óánægður með ákvörðun þeirra um verðið, sker hinn alvaldi dómsmálaráðherra einnig úr um það.

Það er nú auðsjeð, að ef þetta yrði lögleitt, gæti afleiðingin orðið sú, að hingað færu að koma óskoðaðar myndir frá útlöndum, og gagnvart slíku fela ákvæði frv. ekki í sjer neina tryggingu fyrir viðunandi eftirliti. Ef annars þykir þörf á frekari lagaákvæðum um myndskoðun en nú eru, sýndist mjer sjálfsagt, að fyrsta lagaákvæðið væri það, að hjer mætti ekki sýna aðrar innfluttar myndir en þær, sem leyfðar hafa verið af myndskoðun einhvers þess eða þeirra ríkja, þar sem eftirlitið þykir nægilega vandlátt. En vald til þess að heimta þetta hafa lögreglustjórarnir nú, og í því einu felst miklu betri trygging en í öllum ákvæðum frv. En frumvarpið býr til nokkrar bitlingastöður, þægilegar að veita — almenningur borgar.

Frv. fer fram á að leggja sjerstakan skatt á kvikmyndahúsin eftir »formúlunni«:

$$20 \times a \times \frac{b}{200} \times \frac{c}{d}$$

Ekkert er að því vikið í athugasemdum frv., hve hár þessi skattur muni verða, en meiri hlutinn stingur upp á lítilsháttar breytingu. Eftir reynslu undanfarinna ára um aðsókn, verð á aðgöngumiðum og þvíuml., sem til greina kemur í þessum »formúlum«, mundi skatturinn verða á kvikmyndahúsunum hjer í bænum:

Eftir frv.:	Nýja Bíó	kr. 15340.00
	Gamla Bíó	— 18684.00
Eftir brtt. meiri hlutans:		
	Nýja Bíó um . . .	kr. 11505.00
	Gamla Bíó — . . .	— 14013.00

Til samanburðar skal fyrst athugað, hve mikið árgjald samsvarandi kvikmyndahús ættu að bera í Danmörku. Bíóin hjer hafa alt að 450 sýningar á ári, og hámarksverð sætanna má telja á 2 kr. ísl., eða um 1,64 kr. danskar. Nú er árgjald í Danmörku reiknað án tillits til sætafjölda í húsinu, þannig:

alt að	300	sýningar og	kr. 1,25	sætaverð	300 d. kr.
— —	800	—	— — 1,40	—	1000 —
— —	1600	—	— — 1,85	—	3000 —

Hvorugt svarar alveg til bíóanna hjer, en ef hjer væri beitt svipuðum grundvallarreglum og Danmörku, þar sem gjaldið er kr. 1,25 fyrir hverja sýningu með sætaverði kr. 1,40 og 1 kr. 88 au. fyrir hverja sýningu með sætaverði 1,85 kr., þá ætti árgjaldið á hvoru húsanna hjer að vera um 1 kr. 60 pr. sýningu með sætaverði kr. 1,64, eða árlega d. kr. 720,00 fyrir hvort bíóið. En nú greiða þau sjerstakt sýningargjald í bæjarsjóð, 760 kr. árlega hvort, og þetta gjald getur *bæjarstjórnin* hækkað, ef hún vill. Það er því alger fjarstæða að vísa í dönsku löggjöfina svo sem fyrirmynd fyrir skattákvæðum þessa frumv.

Jeg hefi kynt mjer reikninga kvikmyndahúsanna hjer í bænum undanfarin ár og sannfærst um, að það kemur ekki til nokkurra mála, að þau geti bætt á sig skatti, hvorki þeim, sem stjfrv. stingur upp á, nje þeim, sem meiri hlutinn orðar, án þess að tekjur þeirra aukist, og sje jeg því ekki annað en að skatturinn þýði beinlínis hækkun á verði aðgöngumiðanna, og mundi því lenda á almenningi.

Loks vil jeg leiða athygli að því, að þessi fyrirtæki greiða nú tekjuskatt og eignarskatt í ríkissjóð, eins og aðrir atvinnurekendur. Skattstofan á heimtingu á að fá árlega reikninga þeirra og fá að skoða bækur þeirra, og er mjer kunnugt um, að skattstofan notaði sjer þessa heimild í tíð E. A. skattstjóra. Skattstjórinn er einnig formaður niðurjöfnunarnefndar kaupstaðarins, og sú nefnd hefir rjett til að nota alla þá vitneskju um hag og tekjur gjaldandans, sem skattstofan fær, og svo leggur hún útsvarið á »eftir efnum og ástæðum«, án þess að henni sjeu nein takmörk sett. Hún getur því tekið handa bæjarsjóði *alt það*, sem henni þykir sanngjarnt, að bíóin borgi til almenningsþarfa, umfram sýningargjaldið og hina núverandi lögákveðnu skatta. Að því leyti sem sjerstakur nýr ríkisskattur kynni að lenda á eigendunum sjálfum, þá er það því beinlínis tekið frá bæjarsjóði, og mjer finst yfir höfuð, að ríkið eftirskilji sveitarfjelögunum svo fáa og takmarkaða skattstofna, að ekki sje rjett af löggjafarvaldinu að seilast beinlínis eftir þeim sköttum handa ríkissjóði, sem sveitarfjelögin njóta nú.

Að öðru leyti vísa jeg til brjefs borgarstjóra um þetta.

Að öllu þessu athuguðu sýnist mjer frumv. ekki vera til þess fallið að vera grundvöllur undir nýrri löggjöf um þetta, og legg til, að það verði felt.

Alþingi, 30. mars 1929.

Jón Þorláksson.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

14. mars 1929.

Samkvæmt tilmælum mentamálanefndar efri deildar Alþingis leyfi jeg mjer að fara þessum orðum um frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús:

Hingað til hafa bæjarstjórnir samkvæmt lögum 3. jan. 1890 um lögreglusamþyktir veitt öll leyfi til kvikmyndasýninga í kaupstöðunum og samkvæmt sömu lögum ákveðið gjald í bæjarsjóð fyrir sýningaleyfi, sem ætlast er til að gangi til greiðslu útgjalda þeirra, sem sýningarnar baka lögreglunni.

Hjer í Reykjavík hefir verið litið svo á, að kvikmyndasýningar hafi það mikið menningargildi, að ekki bæri að íþyngja þeim með háu sýningargjaldi, heldur hlynna að því, að kvikmyndahúsin gætu orðið svo góð og fullkomin, sem kostur er á og að ekki þyrfti að selja aðgang að sýningunum hærra verði, en að almenningur gæti haft þeirra not, enda þótt sýndar væru góðar og yfirleitt dýrar myndir. Bæjarstjórnin hefir því látið sjer nægja lítið sýningargjald, en hinsvegar hafa útsvör kvikmyndahúsanna verið hlutfallslega há, miðað við nettótekjur. Það hefir farið svo, að þeim tveim stofnunum, sem hjer starfa að stað-

aldri að sýningu kvikmynda, hefir vaxið svo fiskur um hrygg, að þær hafa getað komið upp ágætum kvikmyndahúsum, og þá auðvitað í trausti þess, að þær gætu haldið áfram starfseminni óhindrað.

Frumvarpið, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir algerðri breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, og miðar að því, að taka öll afskifti af kvikmyndasýningum úr höndum bæjar- og sveitarstjórna, en gera dómsmálaráðherra einvaldan yfir öllum þeim málum, er kvikmyndir snerta. Að sönnu er gert ráð fyrir, að leitað sje umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar áður en veitt sje leyfi til að stofna nýtt kvikmyndahús, en ráðherra þarf ekki á neinn hátt að fara eftir þeirri umsögn. Það virðist vera rjettara og í meira samræmi við alt stjórnarfyrirkomulag hjer á landi, að sveitar- og bæjarstjórnir ráði því, hvernig hagað verði kvikmyndasýningum, hver í sínu umdæmi, og að mínu áliti mikið heppilegra.

Ef að sæmileg trygging á að vera fyrir því, að góðar kvikmyndir verði sýndar, þarf að stilla í hóf um fjölda sæta í kvikmyndahúsum, því að annars hljóta kvikmyndahúsin að sækjast eftir ódýrum myndum og helst »spennandi« til þess að laða fólkið að sjer. Það er nú svo, að fólk sækist meira eftir að sjá slíkar myndir en fræðandi myndir, sem ekki eru eins æsandi. — Hjer í bænum eru nú tvö kvikmyndahús með samtals 1109 sætum og eru það rúm 40 sæti fyrir hverja þúsund íbúa. Í Danmörku, þar sem talið er, að kvikmyndahúsin sjeu mörg, eru í stærri bæjunum 40—50 sæti fyrir hverja þúsund íbúa, í Kaupmannahöfn um 30. Aðsóknin í kvikmyndahúsunum hjer er þannig, að það kemur örsjaldan fyrir, að öll sæti seljist. Frá því í byrjun ágúst 1927, er hið nýja hús Gamla bíó var tekið til notkunar og til loka ársins 1928, þ. e. í 17 mánuði seldust alls 358492 aðgöngumiðar að báðum kvikmyndahúsunum og þar sem 450 sýningar eru á ári í hverju húsi, verða það að meðaltali 563 menn, sem sækja hverja sýningu, þ. e. hjerumbil annað hvort sæti er að jafnaði óskipað. Bæjarstjórnin hefir ekki viljað veita leyfi fyrir fleiri kvikmyndahúsum að sinni, þar sem vitanlegt er, að þegar þjóðleikhúsið verður reist, verða þar kvikmyndasýningar og bætast þá við svo mörg sæti við kvikmyndasýningar, að nægja mun Reykjavíkurbúum um langt skeið. Ýmsir hafa á undanförnum árum sótt um leyfi til að starfrækja kvikmyndahús hjer í bænum, en bæjarstjórnin hefir ekki viljað verða við beiðnunum, þar sem hún hefir álitið, að það yrði til tjóns á ýmsan hátt og sjerstaklega til þess að gera þjóðleikhúsinu mikla erfiðleika og auka framlög af opinberu fje til þeirrar stofnunar. Hinsvegar veit jeg, að nokkrum leiðtogum Alþýðuflokksins hjer í bænum er mjög umhugað um að fá leyfi til kvikmyndasýningar í væntanlegu húsi flokksins, og munu þeir treysta á það, að slíkt leyfi fáist, ef hið fyrirliggjandi frumvarp verði að lögum.

Ákvæði frumvarpsins um að veita skuli leyfi til kvikmyndasýninga um 5 ár í senn er afar varhugavert, þar sem óhugsandi er, að nokkur lánsstofnun vildi eða gæti lánað fje til byggingar kvikmyndahúss, sem stæði á svo ótryggum grundvelli.

Ákvæði frumvarpsins um, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahúsa til sýninga í þarfir kenslunnar er gott, en hjer í bænum hefir aldrei staðið á því að fá að nota húsin ókeypis í þessu skyni, ef barnaskólinn hefir átt í hlut. Í hinu nýja barnaskólahúsi bæjarins verður salur til kvikmyndasýningar.

Myndskoðun virðist ekki vera mjög afar áríðandi, þar sem eingöngu eru sýndar myndir, sem skoðaðar hafa verið og samþyktar í nágrannalöndunum, en rjett kynni að vera að láta lögreglustjóra samþykkja og stimpla leyfisbrjefin fyrir myndunum og láta skoða þær einstöku myndir, sem honum þætti ástæða til. — Slík myndskoðun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að mínu áliti fráleit. Það getur ekkert samræmi orðið í því, að hafa sjerstaka nefnd til að dæma um kvikmyndir í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi, enda alt of kostnaðarsamt. — Ef fullkomna myndaskoðun skal lögleiða, verður að vera ein dómnefnd fyrir alt landið.

Þá er loks annað aðalatriði frumvarpsins, leyfisbrjefagjöldin.

Það er ljóst, að almenningur verður að greiða öll þau gjöld, sem sýning kvikmynda hefir í för með sjer, alla þá tíð, að ekki er óhæfilega hátt verð á aðgöngumiðum, og því meiri sem gjöldin verða, því dýrari verða aðgöngumiðarnir. Ríkissjóður hefir þegar skattlagt aðgöngumiðana um 10% með skemtanaskattinum, þ. e. að meðaltali um 14 aura hvern aðgöngumiða, og það gjald, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður einnig mjög nálægt 14 aurum fyrir hvert selt sæti. Meðalverð fyrir sæti var 1928 kr. 1.48, og fengi kvikmyndahúsið af því kr. 1,20, en beinir skattar 28 aurar, auk annara skatta, sem vitanlega felast í verðinu. Ef það er viðurkent, að kvikmyndasýningin hafi menningargildi, og ef Alþingi vill styðja að því, að almenningur hafi þeirra sem best not, þá virðist það vera röng leið að skattleggja sýningarnar svona gífurlega.

Jeg er ekki í neinum vafa um, að kvikmyndahúsin hjer í Reykjavík geta alls ekki staðist fjárhagslega, ef slíkt gjald fyrir sýningarleyfi verður lögleitt, sem hjer er um að ræða, nema verð aðgöngumiða sje jafnframt hækkað, og byggi jeg það álit mitt á afkomu þeirra undanfarin ár. Frumvarpið gerir og ráð fyrir, að fjárhagsörðugleikar verði afleiðing laganna fyrir kvikmyndahúsin og ætlar því dómsmálaráðherra að veita nýjum kvikmyndahúsum gjaldfrelsi um nokkurt árabil. — Mjer virðist það mundi verða óheppileg aðferð, ef löggjafarvaldið vísvitandi gerði fyrirtækjum, sem starfrækt hafa verið um langan tíma, ómögulegt að starfa áfram, en ívilnaði jafnframt samskonar fyrirtækjum nýjum svo þau gætu komist af meðan eldri fyrirtækin væru að veslast upp.

Ef á annað borð á að lögleiða að nýju verulegan skatt fyrir að fara á kvikmyndasýningu, þá virðist eðlilegra, að sá skattur renni allur í sveitar- eða bæjarsjóð og mundi hann þá að einhverju leyti verða til að ljetta útsvarsgreiðslur sömu skattgreiðenda. Það er varhugavert, hversu seilst er á margan hátt í vasa borgaranna til að draga þaðan fje í ríkissjóð, en sveitar- og bæjarsjóðum er sem ekkert eftirlátið af gjaldþoli borgaranna, og næstum eina tekjulind þessara sjóða eru útsvörin.

Að lokum vil jeg vekja athygli á, að ef á annað borð á að skattleggja kvikmyndahúsin virðist formúlan í 13. gr. frumvarpsins mjög óheppilegur grundvöllur, þar sem hún hækkar leyfisgjaldið í rjettu hlutfalli við verð aðgöngumiða og því veitir kvikmyndahúsunum tiltölulega mikinn hagnað af því að hækka verðið.

Mentamálanefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. **238. Nefndarálit**

um frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þó að meiri hluti fjárhagsnefndar vilji ekki leggja það til, að frv. verði samþykt að þessu sinni, þá er það ekki af því, að hann telji málið ekki mikilsvert. Öll nefndin er sammála um það, og líklega hvert mannsbarn í landinu, að æskilegt væri, að hvert heimili ætti kost á því að fá raforku til ljósa, suðu og hitunar. En eins og framkvæmdir eru hugsaðar í frumvarpinu, þá eru þær stórkostlegt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, sem er skyldugur til að fara að óskum sýslunefnda, hreppsnefnda eða frumkvöðla að fjelagsstofnun og láta framkvæma og kosta að mestu undirbúningsrannsókn (2. gr. frv.); síðar á ríkissjóður að leggja fram sem styrk allríflegan hluta (alt að helmingi) kostnaðar veitutauga um orkuveitusvæðið. Þá verða þetta vafalaust fjárbyrðar fyrir hjeruðin og loks mikil útgjöld í upphafi fyrir hvert heimili, sem vill verða þessara gæða aðnjótandi, og svo hátt árgjald, sem þarf til að greiða rekstrarkostnað við orkuverið og til greiðslu vaxta og afborgana. Þarf í upphafi að íhuga þetta alt vandlega. Því ef ráðist væri í framkvæmdir að lítt rannsökuðu máli, gæti vel farið svo, að þær verkuðu öfugt við það, sem ætlað var.

Sjálfsagt myndu framkvæmdir eftir frumvarpinu eitthvað auka framleiðsluna, ef vel tækist til, en aðaltilgangurinn er þó sá, að gera sveitaheimilin vistlegri, svo fólkið flytji síður burt til kaupstaðanna, sem yfirleitt geta boðið þeim, er borgað geta, betri, bjartari og hlýrri húsakynni en nú eru víðast í sveitum.

En yrðu nú mistök á í upphafi og kostnaður við framkvæmd svo mikill, að þetta yrði of þung byrði á hjeruðum og heimilum, þá myndi fólkið samt flýja sveitina og reyna með því að losna af skuldaklafanum. Eru þess dæmi, að heilar sveitir hafa kiknað undir kostnaði við framkvæmdir, sem taldar voru nauðsynlegar og miða áttu til heilla, af því að málið var ekki í upphafi nógu vel rannsakað og undirbúið (Skeiðaáveitan).

Þessi vandkvæði vill meiri hlutinn forðast, og því telur hann meiri undirbúning nauðsynlegan.

Fjárhagsnefnd átti tal um málið við rafmagnsstjórann í Reykjavík, hr. Steingrím Jónsson, en hann er vafalaust allra manna fróðastur um þessi efni á landi hjer. Auk þess sendi hann álit sitt í brjefi til nefndarinnar, og er það prentað sem fylgiskjal með nefndaráliti minni hlutans. Má á því brjefi sjá, að talsverð vandkvæði eru á framkvæmdum, nema ítarleg rannsókn gangi á undan; enda segir rafmagnsstjórinn í lok brjefs síns:

»Ef ríkið hefir forgönguna og rekur öll orkuverin, leysast öll vafaatriði í þessu máli í einu, en annars þarf skipulag um virkjun fallvatnanna sjálfra og þarf það að ná yfir stóra landshluta, þá er bæði hægt að sjá, hvernig ódýrast verður að virkja raforku um landið og hve skjótt það getur orðið«.

Þótt ekki hafi farið fram rannsóknir til þess að byggja á jafnstórfeldar framkvæmdir og frv. gerir ráð fyrir, þá er þó rjett að geta þess, að í einstaka hjeruðum hafa verið gerðar athuganir um raforkuveitur til almenningsþarfa (fyrir utan Sogið, sem mun vera fullrannsakað og fullnaðaráætlanir gerðar til virkjunar).

Í Borgarfirði hafa verið gerðar athuganir um virkjun fossa í Andakílsá handa íbúum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Er gert ráð fyrir því, að orkuveitutaugar um hjeraðið verði 640 km. á lengd, ef lagt er heim að hverjum bæ í báðum sýslum, en bæir eru taldir 446, og verður þá nærri 1,5 km. milli bæja. Kosti uppsett veitutaug 3000 kr. hver km., eins og gert er ráð fyrir í brjefi rafmagnsstjórans, þá kosta háspennutaugar um hjeraðið: 640 km. á 3000 kr. hver km. = 1 milj. 920 þús. kr. Nú er gert ráð fyrir, að aðkeypt efni muni vera helmingur kostnaðar við veitutaugarnar; yrði þá framlag ríkissjóðs í þessar orkuveitutaugar, sbr. 5. gr. frv., »alt að« 960 þúsund kr. Er ekki gert ráð fyrir því, að hvert heimili fengi meiri raforku til allrar notkunar en ca. 2 kw.; verði það notað til ljósa og suðu, þá verður lítið afgangs til hitunar, enda bjóst rafmagnsstjóri varla við, að þetta yrði notað til hitunar, nema helst til að ylja upp herbergi vor og haust.

Í Rangárvallasýslu hafa einnig verið gerðar áætlanir um virkjun Tungufoss í Eystri-Rangá og Árbæjarfoss í Ytri-Rangá. Er þjettbýlt mjög í sumum sveitum Rangárvallasýslu og mun því kostnaður við háspennulínur þar heldur lægri (850 mtr. milli bæja).

Ef athuga ætti, hvað kosta myndi að leiða rafmagn heim á hvert býli á landinu, má ekki gera ráð fyrir skemmri vegalengd milli bæja en 1,5 km. að meðaltali, og ef reiknað er með því, að býlin sjeu 5 þúsund, þá verður kostnaður við orkuveitutaugar þessi (hver km. á 3000 kr.):

1.	7500 km. á 3000 kr. hver km.	kr.	22500000.00
2.	Skiftistöð og heimtaug á hvert sveitabýli á 1000 kr.	—	5000000.00
3.	Orkuver (fleiri eða færri fyrir alt landið) liðl. 300 watt á mann, 50 þús. hestorkur á 500 kr.	—	25000000.00
4.	Kerfi í kaupstöðum og kauptúnum	—	6000000.00
5.	Meginlínur til kaupstaða, 300 km. á 10 þús. kr. hver km.	—	3000000.00
6.	Rafmagnsáhöld og innanbæjarleiðslur á sveitabýlum 1000 kr. á bæ	—	5000000.00
7.	Rafmagnsáhöld og innanhúsleiðslur í kaupstöðum og kauptúnum	—	5000000.00
		Samtals kr.	71500000.00

Auðvitað eru fjárhæðir þessar ekki nema ágiskun, en sennileg ágiskun borið saman við athuganir þær, sem gerðar hafa verið um virkjun og leiðslu rafmagns í einstökum hjeruðum. Og hjer er ekki gert ráð fyrir raforku til upphitunar svo nokkru nemi.

Það má telja nokkurnveginn víst, að krófur um undirbúningsrannsóknir um virkjun fallvatna komi svo að segja samtímis úr öllum hjeruðum

landsins, ef frv. verður samþykt; og síðan krafa um beinan fjárstyrk úr ríkissjóði til orkuveitutauga samkvæmt frumvarpinu.

Þá má ganga út frá því sem gefnu, að hjeruðin geti ekki útvegað fje til orkuveranna, nema með lántöku með ábyrgð ríkissjóðs, sbr. rafmagnsveituna í Reykjavík; stendur þó Reykjavíkurbær mun betur að vígi en nokkurt annað bæjar- eða sýslufjelag um lánsútveganir til fyrirtækja sinna, og ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ hættulaus með öllu fyrir ríkissjóð. En fyrir fámenn hjeruð mundu miljónafyrirtæki verða svo þungur baggi, að óvíst er, að ríkissjóður slyppi skaðlaus frá þeim ábyrgðum.

Hjer er aðeins stiklað á því stærsta, til að sýna algert undirbúningsleysi þessa máls og hversu gífurlegt fjárhagsatriði þetta er fyrir alt landið.

Telur meiri hluti fjárhagsnefndar því óforsvaranlegt að afgreiða málið án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar. Vill meiri hlutinn beina því til ríkisstjórnarinnar að láta slíka rannsókn fara fram og fá þar til hina hæfustu menn á þessu sviði, sem völ er á; hefir meiri hlutinn þar í huga m. a. rafmagnsstjórann í Reykjavík, hr. Steingrím Jónsson, og telur æskilegt, að ríkisstjórnin hafi hann með í ráðum um rannsóknir og undirbúning, ef þess er kostur. Er meiri hlutinn og fús til þess að styðja að því, að veitt verði til þessara rannsókna nokkurt fje í fjárlögum, ef þess verður talin þörf.

Samkvæmt því, er hjer segir að framan, er það tillaga meiri hluta fjárhagsnefndar, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 2. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.	Páll Hermannsson.

Ed. **239. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipa þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af útgerðarmönnum, þeim er hafa viðskifti við verksmiðjuna.

Nd. **240. Frumvarp**

til ábúðarlaga.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu og ávalt þannig, að hæfileg áhöfn sje á jörðinni, svo hún ekki fyrir það gangi úr sjer og sveit sú, sem jörðin liggur í, missi einskis í af sköttum, sem af búinu eru greiddir.

Nú fær landsdrottinn ekki bygt jörð sína fyrir 15. mars, og skal hann þá fyrir 1. apríl bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun, skal hann láta bjóða jörðina upp til ábúðar frá næstu fardögum í þeirri þinghá, sem jörðin liggur. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna öll afnot hennar og er honum þá eigi skylt að halda uppi lögskilum af henni, meðan hún er óbygð. Nú býður landsdrottinn ekki sveitarstjórn eða lætur bjóða upp, og skal hann þá skyldur að greiða öll lögboðin gjöld af henni.

2. gr.

Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, ber hún ábyrgð á öllum jarðargjöldum til landsdrottins. Telji sveitarstjórn jörð byggilegri með því að skifta henni, er henni það heimilt. Skal hún þá láta gera nauðsynlegustu byggingar á jörðinni, sem leiðir af skiftingu, áliti úttektarmenn, að jörðin muni þannig trygg í ábúð framvegis. Er landsdrottinn skyldur til að kaupa hús þau, er sveitarstjórn ljet gera á jörðinni, svari þau til þeirra bygginga, er krafist er á leigujörðum að mati úttektarmanna. Gildir sama um ábúðarrjett þeirra manna, er sveitarstjórn leigir jörðina eins og ákveðið er í lögum þessum.

3. gr.

Hjáleigu má byggja undir heimajörð, ef jörðin að áliti úttektarmanna þarfnast þess. Sömuleiðis má sameina hjáleigur í eina jörð, ef það, að áliti sömu manna, stuðlar að sjálfstæðari ábúð og tryggir ræktun.

4. gr.

Stofna má nýbýli í landi jarðar eftir því sem lög mæla fyrir.

5. gr.

Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gera, sem er byggingarbrjef fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbrjefi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

Ávalt skal þinglesið byggingarbrjefi, og hefir það ekki fult gildi fyr.

6. gr.

Í byggingarbrjefi skal greina landamerki jarða og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbrjefi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sje goldin. Svo ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 22. gr.

Ennfremur skal nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkvæmt lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rjett sinn til ábúðar.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef fyrir jörðu, og skal þá svo álíta, að hún hafi verið bygð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett, og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið um samið. Álíti úttektarmenn, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæta honum allan skaða, er hann líður af því að komast ekki að jörð, hvorttveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skulu leigðar til lífstíðar, og hefir ekkja ábúanda rjett manns síns, jafnt fyrir það, þó hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sjer, barni sínu eða fósturbarni, til eignar og ábúðar. En jafnan skal það tekið fram í byggingarbrjefi og skal uppsögn ábúðar vera með minst árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð samkvæmt 9. gr., en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig, að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina nje fær hana barni sínu eða fósturbarni til eignar og ábúðar, heldur tryggir hana öðrum manni. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörðu og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Hverri jörð skulu fylgja öll nauðsynleg hús, sem landsdrottinn á, í góðu og gildu standi, eftir mati úttektarmanna. Skulu bæjarhús miðast við þann fólksfjölda, er þarf til þess að nytka jörðina, og peningshús við þann skepnufjölda, er jörðin getur framfleytt í meðalári, hvorttveggja þó með nokkurri hliðsjón af því, að jörðinni aukist ræktun, heyfengur og áhöfn. Húsin skulu vera að tilhögun og ásigkomulagi eins og gerist í þeirri sveit í besta meðallagi, að áliti læknis og hreppstjóra.

12. gr.

Aldrei skal metið álag á jarðarhús, og ber landsdrottinn alla fyrningu. En skyldur er leiguliði að halda húsum við, þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm og ávalt sjeu í nothæfu standi.

13. gr.

Skyldir eru úttektarmenn fimta hvert ár að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sjerstaklega athuga, hvernig hús eru umgengin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rjetti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

14. gr.

Brjóti úttektarmenn skyldu sína samkvæmt 13. gr. og það sannist, að landsdrottinn hafi fyrir það beðið tjón, skulu þeir skyldir að borga honum skaða allan, hvort sem er eftir mati, sem tekið er gilt, eða dómi.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, er hann hefir bygt, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs og jafnframt votta um, að húsanna

sje full þörf á jörðinni. Er þá landsdrottni skylt að kaupa húsin við því verði, sem metið er, sjeu þau í því ásigkomulagi, að í gildu standi geti talist samkv. 11. gr. Sje það ekki, er fráfaranda skylt að rjúfa húsin og flytja af jörðu eða selja hverjum sem vill til brottflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef landsdrottinn vill þar hús gera, er hin voru, en flytja burtu viði og húsefni, annað en torf, fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðarnytjar aukist svo í leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg fyrir pening þann, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Vilji landsdrottinn ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að byggja eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað byggingin hefir kostað með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má hann þá hækka afgjald jarðarinnar um 5% af kostnaðarupphæðinni.

Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að byggja. En þá skal jafnan draga frá byggingarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

17. gr.

Jafnan skal landsdrottinn hafa trygð hús á leigujörð fyrir eldsvoða, sje tryggingarfjelag til í sveitinni, er tekur slík hús í tryggingu. En sje um dýr hús að ræða, er fyrir þá sök verða ekki tekin í sveitatryggingu, er honum skylt að tryggja þau annarsstaðar. Geti landsdrottinn ekki vátrygt, en hús brennur, skal farið með endurbyggingu sem segir í 33. gr.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskifti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri og eru þeir fjórir. Er fimtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, þá hefir hann fyrirgert ábúðarrjetti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sjer jörð það ár, geti hann ekki bygt öðrum.

19. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt alt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún nje engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má flytja burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Sjeu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fje í vanhirðu.

20. gr.

Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti nje byggingarefni, sem jörð gefur af sjer. Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sjer eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

21. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu, svo snemma, að hægt sje að byrja ávinslu á henni ekki síðar en viku af sumri. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Vanræki fráfarandi þetta, bæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Fylgi eggver jörðu, á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörð. Fylgi reki leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

22. gr.

Eigi er leiguliði skyldur að taka við innstæðukúgildi á jörð, og fer um það eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum á jörð, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá.

23. gr.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sig sjálfan öll hús og mannvirki, öll hlunnindi, sem fylgt hafa jörð, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl., innstæðukúgildi, ef til eru, og öll rjettindi síns leigulands.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leigurjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

24. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni. Ekki má hann heldur ljá öðrum neitt af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans

fylgir, nema það sje í skiftum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Þó er honum heimilt að láta í tje nokkrar jarðarnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Hann má og eigi selja áburð af jörð, sem henni má að notum verða, nje farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burt hey, er hann hefir aflað á jörðinni, nema því aðeins að hann fái aftur jafngildi í heyi eða beit, eða hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Brjóti leiguliði gegn þessu, varðar það útbyggingu og bæti jafnframt landsdrottni skemdir á jörð.

25. gr.

Ef leiguliði situr illa jörð sína, svo tún og engi fara í órækt eða á annan hátt bíða varanlegar skemdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrjetti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er eftir skýrslu úttektarmanna, sbr. 13. gr., látið meta skemdir, er gerðar hafa verið á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

26. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Eindagi á jarðargjöldum er fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, og hefir hann þá fyrirgert ábúðarrjetti sínum í næstu fardögum, þótt honum sje ekki bygt út af jörðinni.

27. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sje tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

28. gr.

Þá er landsdrottinn byggir leiguliða út af jörð, sem brotið hefir ábúðarrjett sinn samkvæmt lögum þessum, skal hann það gert hafa fyrir jól, og skal leiguliði fara frá jörð í næstu fardögum.

Útbygging skal vera brjefleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða sjeu.

29. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrjetti sínum og getur landsdrottinn bygt honum út, ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 18. gr.
2. Byggir öðrum af jörð eða lánar ólöglega hlunnindi eða landsnytjar, sbr. 24. gr.
3. Situr illa jörð, svo hún fari í órækt eða valdi skemdum, sbr. 25. gr.
4. Hefir ekki greitt jarðargjöld missiri frá gjalddaga, sbr. 26. gr.
5. Ef leiguliði ekki kaupir ábýlisjörð sína eftir matsverði, sbr. 44 gr.

30. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það brjeflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

31. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár. Má landsdrottinn nýta sjer jörð, ef hann getur eigi bygt samkvæmt 1. gr.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú hefir landsdrottinn bygt leiguliða löglega út, sbr. 28. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörðu eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rjett að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

33. gr.

Verði hús á leigujörð fyrir skemdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leggur landsdrottinn til við allan til húsagerðar og smíði, en leiguliði vinnur við veggjagerð og þök eins og hann getur afkastað með skylduliði sínu fram yfir brýn heimilisstörf. Sje um steinhús eða timburhús að ræða, gildir sama frá hálfu leiguliða, að hann leggur alla þá vinnu þar í, er hann getur í tje látið, hvorttveggja að áliti úttektarmanna. Að öðru leyti kostar landsdrottinn.

34. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemdunum. Sjeu skemdir ekki meiri en það, að bættar verði á einu ári án mjög mikils kostnaðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar hálfu ársafgjaldi af jörðinni. Verði jörð fyrir meiri skemdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklum hluta eftirgjalds nemi árlega um á-

kveðinn tíma, og er landsdrottni skylt að setja niður eftirgjald, er nemi að minsta kosti ⅔ af skemdunum eins og þær eru metnar árlega, hlutfallslega við eftirgjaldið.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðargjöldum fyrir sjerstakar ástæður.

35. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstæða til búskapar á jörðu breytist, án þess að það sje af völdum náttúrunnar eða fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins, og getur þá hvor aðili fyrir sig krafist endurskoðunar á leigumála jarðarinnar. Náist ekki samkomulag, skal leggja málið í gerð. Gerðarmenn skulu vera: úttektarmenn, tveir menn, er aðiljar tilnefna sinn hvor, og oddamaður, er sýslumaður tilnefnir. Gerðarmenn mega ekki vera í náinni frændsemi við aðilja nje mægðir þeim. Gerðarmenn skulu ákveða hæfilegt jarðargjald eftir jörðina, með hliðsjón af fyrri leigumála og þeim breytingum, sem orðið hafa síðan hann var settur. Verða báðir aðiljar að hlíta gerðinni. Kostnað við gerðardóminn greiðir sá, er gerðar beiðist, verði engin breyting á eftirgjaldi, en ella að hálfu hvor.

36. gr.

Nú er leigumáli jarðar óhæfilega hár eða hærri en gerist í þeirri sveit eða hjeraði á líkum jörðum, og getur þá leiguliði krafist gerðardóms, er ákveði eftirgjöld á jörðinni. Fer um tilnefningu dómsins og gildi hans eins og segir í 35. gr. Sömuleiðis um borgun til gerðarmanna.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Engan viðarreka má undanskilja leiguliðanotum, sem fylgt hefir jörðu áður.

38. gr.

Skylt er leiguliða, eigi landsdrottinn sjerstakan reka, að hirða hann fyrir landsdrottin, marka viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða smærri skulu vera eign leiguliða, eins og að fornu hafa verið.

39. gr.

Eigi er skylt, að hvalreki fylgi leiguliðanotum, og fer um hann eftir ákvæðum byggingarbrjefs.

Nú rekur hval, og fylgir hvalreki ekki leiguliðanotum, og skal leiguliði þá festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrotni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rjett að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer eftir ákvæðum, er fram sjeu tekin í byggingarbrjefi.

40. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

Alt, sem áður hefir fylgt leiguliðanotum á sjávarjörð, svo sem sölvatekja, kúfisktekja o. þ. h., má ekki undanskilja leiguliðanotum.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

41. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbrjefs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu eftir því sem úttektarmenn meta. Heimilt er leiguliða þess utan að gera jarðabætur á ábýlisjörð sinni í smærri stíl, án samþykkis landsdrottins, sjeu þær að áliti þeirra manna, sem umsjón hafa með mælingum á jarðabótum, sem styrktar eru af ríkisfje, vel og hyggilega gerðar og stuðli að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði þá hann fer frá jörðinni fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi landsskuld á jörðinni, þannig, að hann fái 12 sinnum landsskuldarhækkunina.

42. gr.

Ætli leiguliði að gera jarðabót í stærri stíl, sem kosti yfir 400 krónur, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar um 4% af útlögðum kostnaði við verkið.

Vilji landsdrottinn ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti þeirra manna, er mælingar hafa á jarðabótum, er styrktar eru af ríkisfje, er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að

framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðarbót eins og segir í næstu grein á undan og eftir gerð sömu manna.

43. gr.

Krafa sú, sem leiguliði á á landsdrottin, sbr. 41. og 42. gr., og fyrir jarðarhúsabyggingar á jörðinni samkvæmt 15. og 16. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins næst eftir þær forgangskröfur, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Bjóði landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði umbóta á jörðinni, sem landsdrottinn á frá síðasta fasteignamati, með 5 ára greiðslufresti og bankavöxtum og að jörðin liggi ekki undir skemdum, svo að sýnilegt sje, að hún muni ganga úr sjer, og leiguliði neitar að kaupa, skal hann hafa fyrirgert ábúðarrjetti sínum.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor, sbr. lög nr. 64, 14. nóv. 1917.

Úttektarmenn skulu vera tveir, og framkvæma þeir ávalt úttekt á jörðu fyrir 15. júní.

Gera skal viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti mætt þar og gætt rjettar síns.

46. gr.

Hreppstjórar eru úttektarmenn hver í sínum hreppi.

Sýslumaður skipar annan aðalúttektarmann og 2 varamenn, eftir tilögum sveitarstjórnar. Varamaður er við úttektir í forföllum annarshvors aðalmanns, ef annarhvor úttektarmaður er nákominn aðilja eða getur álitist vilhallur, eða ef úttektarmenn greinir á.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Deyi þeir eða hætti við starfann á þeim tíma, skal á sama hátt skipa í stað þeirra. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir búendur hreppsins yngri en 60 ára eru skyldir að taka við útnefningu.

48. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða og skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 13. gr. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, er mættir eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Neiti aðilar, einn eða fleiri, að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum gegn endurgjaldi samkvæmt lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

49. gr.

Úttektarmenn skulu fyrst lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa á jörðu, göllum á þeim sem fullgildum jarðarhúsum, skemdum á þeim af völdum ábúanda og viðhaldi öllu, er snert getur endingu húsanna.

Á sama hátt taka þeir út og lýsa öllum mannvirkjum á jörðinni, svo sem túngirðingum (görðum), vörslugirðingum (görðum), matjurtagörðum, fjárrjettum, túnbótum, áveitum, skóggræðslu og hverju því, er til mannvirkja getur talist

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort sjeu í löggildu standi. Þeir skulu og nákvæmlega kynnast öllum jarðarnytjum og álita um, hvort jörð er sæmilega setin. — Ef álagsskylda hvílir á jarðarhúsum samkvæmt 11. kafla, 52. gr., skulu úttektarmenn meta álag á þau, sem og á öll mannvirki eftir því sem byggingarbrjef ákveður og fyrirfarandi úttektir.

50. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skifta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef eru og þess eðlis að skift verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem hlutaðeigendur koma sjer saman um að æskja skifta á. — Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda, nema samkomulag verði milli viðtakanda og fráfaranda um greiðslu á því. En verði ekki samkomulag og fráfarandi greiði ekki álagið, getur viðtakandi krafist þess, að úttektarmenn geri þegar fjárnám til lúkningar álaginu í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á. Nú fær viðtak-

andi ekki álag greitt að fullu, þótt hann hafi að lögum krafist þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar, nema á annan hátt hafi verið um samið.

51. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, getur hann krafist yfirúttektar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga úttekt á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef álagsupphæð er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 45. gr.

XI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

52. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal um fardagaleyti næsta ár eftir fara fram úttekt á öllum leigujörðum landsins. Sjerstaklega er úttektin á húsum á jörðinni, en að öðru leyti skoðunargerð samkvæmt 13. gr.

Sjeu bæjarhús svo hrörleg og illa á sig komin, að ekki þyki sæmileg íbúð og ekki fullnægi ákvæðum 11. gr., er landsdrottni skylt að byggja húsin upp. Sama er að segja um peningshús. Eigi leiguliði hús á jörð, fer um það eins og segir í 15. gr. að því er skyldur landsdrottins snertir.

Álag greiðir leiguliði á jarðarhús eftir mati úttektarmanna.

53. gr.

Með þeim takmörkunum, er segir í 52. og 54. gr., verða í gildi ákvæði byggingarbrjefs þar til ábúðartími sá er á enda, er það tiltekur. Nú er ábúðartími úti, og hefir þá leiguliði rjett til að fá ábúðina framlengda til lífstíðar með sama leigumála, sbr. þó 41. og 42. gr., nema landsdrottinn geti sannað, að hann hafi, áður en lög þessi gengu í gildi, lofað öðrum manni jörðinni, eða þarf hennar með handa sjálfum sjer, barni sínu eða fósturbarni. Fer þá um það eftir ákvæðum 9. og 10 gr. Eldri byggingarbrjefum þarf ekki að þinglýsa.

54. gr.

Við næstu skoðunargerð úttektarmanna, eftir 5 ár, skulu landsdrottnar hafa gert öll jarðarhús upp samkvæmt 11. gr. Vanræki landsdrottinn þessar skyldur sínar, getur leiguliði hvenær sem er fyrirvaralaust flutt af jörðinni án þess að bæta landsdrottni nokkuð fyrir.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1, 12. jan. 1884, og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum:

SÖGULEGT YFIRLIT
um landeign, ábúð og leigukjör á Íslandi frá upphafi og fram til þess, er sett voru ábúðarlög þau, er nú gilda, 12. janúar 1884.

1. Inngangur.

Eigi vitum vjer nú allskostar ljóslega, hversu háttað var í fornöld um landeign og ábúð hjer á landi. Eins og kunnugt er, eignuðust margir landnámsmenn, er hingað komu framan af landnámsöld, lönd víð. Má til dæmis nefna Ingólf Arnarson, er land nam milli Ölfusár og Hvalfjarðar[1]), Skallagrím, er nam land utan frá Selalóni og hið efra til Borgarhrauns og suður alt til Hafnarfjalla: hjerað alt svo vitt, sem vatnföll deila til sjávar[2]), Auði djúpauðgu, er nam Dalalönd öll, frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár[3]), Helga magra, er nam allan Eyjafjörð. Nefna mætti fleiri við landnám, þótt þessi sjeu stærst. Höfuðþýðing hinna stóru landnáma virðist hafa verið sú, að landnámsmennirnir, eða afkomendur þeirra, eignuðust víða mannaforráð í landnáminu, og á þann hátt áttu þeir jafnan miklu að ráða um bólfestu manna og hjeraðsvist. Gáfu landnámsmenn vinum sínum og ættingjum af landnámi sínu, meðan til vanst, en seldu ella[4]). Hitt virðist ekki hafa tíðkast, að menn leigðu af landnáminu. Er vísast, að það hafi stafað af því, að löndin, húsa- og mannvirkjalaus, voru í fyrstu lítils virði[5]). Mun svo hafa staðið fram um lok landnámsaldar, að flestir bændur áttu jarðir sínar sjálfir[6]). En að vísu áttu ýmsir fleiri bú en eitt.

En þótt ábúð væri svo háttað á landnámsöld, að allur fjöldi bænda ætti sjálfur bólfestu sína, þá varð nokkur breyting á því þegar er leið á 10. öld. Var það og eðlilegt, og liggja til þess ýms almenn rök: fjárþröng manna, er þeir seldu lönd sín til lausafjár sjer eða kvikfjár, erfðir og sakferli[7]). Jarðir tóku nú að gerast verðmætari en áður, er bygðin var allþjett orðin, enda búið að verja miklu starfi og kostnaði til þess að hýsa þær og yrkja. Er ekki ólíklegt, að afkomendur sumra landnámsmanna, sem átt höfðu að upphafi heil hjeruð eða sveitir, hafi nú þótst ósvinnir að hafa gloprað svo úr höndum sjer miklu verðmæti. Það er a. m. k. víst, að nú varð það ráð sumra manna, sem framsýnir voru og fjeríkir, að þeir keyptu óbygð lönd og ljetu ryðja þau og byggja, en sleptu samt ekki eignarrjettinum. Svo segir í Land-

---

1) Íslendingabók og Landnámabók. Íslendingasögur I. bd. Khöfn 1843, bls. 37. — 2) Ísl. I. bd., bls. 57. — 3) Ísl. I. bd., bls. 111. — 4) Sbr. t. d. Ísl. I. bd., bls. 270. — 5) Sbr. t. d. Hrafnkelssögu, cap. 14. — 6) Sbr. t. d. Fljótsdælasögu, cap. 3. — 7) Sbr. t. d. Vopnfirðingasaga, cap. 1; Laxdælasaga, cap. 15; Fjörutíu Íslendingaþættir, bls. 126.

námabók um Blund-Ketil, son Geirs Ketilssonar Blunds og Þórunnar dóttur Skallagríms: „Örnólfur hjet maður, er nam Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan, upp til Hvítbjarga; Ketill blundur keypti land af Örnólfi alt fyrir norðan Klif og bjó í Örnólfsdal. .... Fyrir ofan Klif heitir Kjarradalur, því að þar voru hríðskjörr og smáskógar milli Kjarrár og Þverár, svo að þar mátti eigi byggja. Blund-Ketill var maður stórauðugur. Hann ljet ryðja víða í skógum og byggja“[1]). — Hænsaþórissaga bætir því við um Blund-Ketil, að hann hafi verið manna auðugastur og best að sjer ger í fornum sið. Hann átti 30 leigulanda[2]), og er það að vísu fágæt jarðeign. Eftir frásögn Landnámabókar mætti ætla, að allmikið af löndum þessum hafi verið nýbýli, stofnuð að hvöt hans og í löndum, er hann keypti eða eignaðist óbygð.

Svo sem kunnugt er, var *óðalsrjetturinn* svo ríkur í Noregi, bæði fyrr og síðar, að það var að kalla ómögulegt, að óðalsjörð gengi með rjettindum úr eigu þeirra, er til hennar voru bornir. Að vísu var ekki öll jörð óðalsjörð, hvorki að eign nje ábúð, en þó var óðalsrjetturinn höfuðstyrkur norsku bændastjettarinnar gegn ásælni kirkjuvaldsins, fjárkúgun höfðingjastjettarinnar og frekju konungsvaldsins og umboðsmanna þess. Varð þetta sem kunnugt er mjög affararíkt fyrir þjóðmenning Norðmanna. Kúgun sú, er beygði í duftið alla alþýðu í flestum löndum Norðurálfu, alt frá upphafi ljenstímans og fram um 1800, náði aldrei að troða þennan eldgamla rjett undir fótum.

Hjer á landi virðist óðalsrjetturinn aldrei hafa náð hefð á neitt svipaðan hátt og í Noregi. Að vísu má finna rök til þess, að ýmis höfuðból hjeldust í eign sömu ættar mann fram af manni, um hundruð ára. Ber það vott um velmegun og þrótt kynkvíslanna. En um óðalsrjett frá lagalegu sjónarmiði er alls ekki að ræða. Nú má það þykja allundarlegt, að svo rótgróin venja og nátengd ættarörygginu, ættarhelginni, skyldi ekki haldast hjer. Vjer vitum þó, að ættrækni og ættarhelgi var afarríkt haldin hjer á landi, svo sem sjá má af sögunum og hinum fornu lögum, t. d. Baugatali Grágásar. Það var því víslega ekki af hirðuleysi um öryggi og hag ættanna, að óðalsrjettinum var ekki fast haldið hjer á landi; því var sjeð borgið á annan hátt. Skýringarinnar verður að leita til þess, að landnámsmenn Íslands voru um margt gerbótamenn, sem sprengt höfðu þröngan stakk erfðavenjanna heima fyrir. Hjer biðu þeirra alt aðrar aðstæður en þeir höfðu áður átt við að búa í þröngbýlum sveitum Noregs. Þar var óðalsrjetturinn lífsnauðsyn ættinni. Hjer var hann, a. m. k. fyrst framan af, lítils virði og jafnvel til trafala. Hitt orkar ekki tvímælis, að um margt hefði þjóð vor verið betur farin síðar á öldum, ef óðalsrjettar bænda til jarðarinnar hefði við notið til þess að hamla á móti gegndarlausri ásælni kirkjuvaldanna, konungs og auðmannanna, sem að lokum gerði um 90% íslenskra bænda að ófrjálsum leigumönnum.

Gögn þau, sem vjer höfum nú um jarðeign og ábúð á þjóðveldistímanum, eru of strjál til þess að hægt sje að segja um það með nokkurri vissu, hve mikil brögð hafi þá að því verið, að jarðeignir söfnuðust á hendur ein-

1) Ísl. I. bd., bls. 67—68. — 2) Hænsaþórissaga, cap. 1.

stökum mönnum, eða á hvern hátt eignarrjetturinn til landa hafi skiftst milli manna yfirleitt. Það er þó vafalaust, að á öndverðri 13. öld voru ýmsir menn mjög ríkir að fasteign, þótt meir yrði síðar. En ekki virðist kirkjan hafa átt allmiklar jarðeignir á þessum tíma, og má kalla, að ekki kveði mjög að því fyrr en um 1300, eða úr því Staðamálum lýkur, 1297. Virðist og svo, að kirkjustjórnin hjer á landi hafi ekki sýnt mikla ásælni til landa lengi framan af. Stóð hið innlenda höfðingjavald mjög á móti öllum tilraunum í þá átt að ljá kirkjuvaldinu mikið rúm til umsvifa og afskifta um veraldleg efni. En á þessu varð breyting á ofanverðri 13. öld, er hafin var sókn á hendur leikmönnum um eignar- og yfirráð kirkjustaðanna. Munu klerkar hafa sjeð sjer leik á borði, er höfðingjar voru ósamþykkir og vald þeirra minna en áður. En þaðan var þó mótstöðu von, sem eigi heldur brást. Voru raunar margar kirkjur talsvert auðugar um þessar mundir, einkum að lausafje, og studdi það að vísu að fjesæld þeirra, að þeir, sem stað áttu og varðveittu, þurftu ekki að greiða tíund af því fje, er kirkja átti sjerlega, en nutu þó ávaxta allra af því sem sinni eign, enda hvíldi viðhald kirkju á þeim jafnt hvort kirkja var talin rík eða snauð. Staðamálum lauk sem kunnugt er þannig, að flestar kirkjur, og einkum hinar auðugri, komust undir yfirráð klerka. En kirkjan hjelt áfram að safna jarðeignum á 14. öld, með auknu kappi, og má nú af ýmsum skrám fylgjast nokkuð með vexti kirkjufjánna undir þessa grein. Hin fjárhagslegu afdrif staðadeilunnar ljetu því ekki bíða eftir sjer, og landsmenn þurftu ekki að ganga þess lengi duldir, hvers þeir máttu vænta frá kirkjuvaldinu, hvernig það beitti sjer til þess að hlutast til um mál manna og efni öll. Hve ráðþrota menn voru og uggandi um sinn hag gagnvart ofurvaldi þessu, sjest best af brjefi bænda nyrðra til konungs, vegna yfirgangs Auðuns biskups rauða 1319:

„Sjáum vjer og fyrir, að á fárra vetra fresti hefir kóngdómurinn hjer ekki utan erfiði og kostnað, en kirkjan alt góss með að gera í landinu“[1]).

Manndauðinn 1402—4 og 1431 var afskaplegt tjón þjóð vorri. En fjárhagsröskun sú, er hann olli, var þó enn skaðvænni. Fátæklingarnir — og þeir voru flestir — urðu enn fátækari, en auðmennirnir auðugri en nokkru sinni fyrr. Þó auðgaðist kirkjan mest. Guðmundur hinn ríki Arason er gott dæmi þeirra manna, sem urðu stórauðugir eftir plánuna miklu. En af máldögum kirknanna má sjá, hvað þær hafa grætt. Er afgjaldaskrá Hólastóls 1388 og aftur 1449 afarfróðleg um þetta efni. En þó óx jarðaeign Hólakirkju mjög mikið fram um 1520, og mest í tíð Gottskálks biskups Nikulássonar, enda virðist svo, að eftir plánuna síðari 1494 og í bágindum þeim, sem hjer gengu yfir fram um 1512 í hallærum og manndauða, hafi verið fremur auðvelt að komast yfir jarðeignir. Lágu þá margar jarðir í eyði og hagur allrar alþýðu til sveita hinn versti. Mun líku hafa fram farið um alt land, þótt best gögn sje nú um þetta að fá úr Hólabiskupsdæmi. Síðustu kaþólsku biskuparnir, Jón Arason og Ögmundur Pálsson, voru ekki heldur neinir eftirbátar hinna fyrri biskupa um auðsafn fyrir sig eða kirkjuna. Lenti mestur auður

1) Diplomatarium Islandicum II. bd. bls. 491.

þeirra hjá konungi við siðskiftin. En kirkjuvaldið og plágurnar voru hjer ekki ein að verki. Dýpsta undirrót þess, að alþýða manna misti svo hrapallega jarðirnar úr höndum sjer, var efalaust atvinnubylting sú, er hjer varð skömmu eftir 1400, og hnignun landbúnaðarins, er henni fylgdi. Er þess ekki kostur að rekja það hjer nánar.

Svo er talið, að um miðja 17. öld hafi nálega helmingur allra jarðeigna hjer á landi verið eign kirkna, biskupsstólanna eða konungs[1]). Mest þessi jarðeign var komin úr höndum bænda um siðskiftin, sbr. þó Menn og menntir, III. bd., bls. 5—10, en þó bættist hjer enn við nokkuð af jarðeignum, er konungur eignaðist frá 1550 og fram um 1650, og þangað til höfðu verið í eigu bænda. Það hefir enn ekki verið rannsakað, hvernig jarðeignir þær, sem hjeldust í eigu bænda, hafi skiftst milli þeirra, en menn vita, að mjög mikill hluti bændaeignar í landinu var löngum í höndum fárra auðmanna, eða auðugra ætta. Fram um 1845 var mikill minnihluti jarða í heilum hjeruðum eign bænda. Þannig sýnir Jarðatal Jóns Johnsens, að í Þingeyjarsýslu og Skagafirði var aðeins þriðjungur jarða bændaeign. En sjálfseignarbændur voru þó miklu færri en þessu hlutfalli næmi. Samkvæmt Jarðatalinu voru bændur alls á landinu 1844—1846 7204, en þar af 1237 sjálfseignarbændur, eða rúmlega 17%[2]). Er þó rjett að ætla, að þessi tala hafi verið enn lægri fram til 1786, er farið var að selja stólsjarðirnar[3]) og síðan konungsjarðir, og tæplega hærri en 10%.

Það er nú alment viðurkent fyrir löngu, að það sje þjóðfjelaginu hollast, að bændur eigi sjálfir jarðir sínar, og að það beri vott um slæma búnaðarhagi, ef mikill fjöldi þeirra, er landbúnað stunda, sje leiglendingar. Þótt okkur væri ekki annað kunnugt um búnaðarhagi vora eftir 1400 en það, hve óðfluga jarðeignir landsins söfnuðust þá á fáar hendur, myndi okkur rjett að álykta af því, að búnaðurinn hafi þá yfirleitt verið í hnignun. Þegar þess er svo gætt, að allmikið af búfje, kúgildi, fylgdi flestum jörðum, er auðsjeð, að efnahagur leiglendinganna muni þá og svo alla tíð hafa verið næsta bágborinn.

Þarf ekki langa rót að því að draga, að leigmenska þessi hafði hin verstu áhrif á hag bændastjettarinnar og þar með þjóðarinnar allrar. Versnaði þó drjúgum við siðskiftin og upp þaðan, er konungur eignaðist rúmlega ⅙ af allri jarðeign landsins, en arðurinn af því verðmæti drást allur út úr landinu.

Hjer hefir nú um hríð verið rakinn lauslega ferill sá, er að lokum leiddi til þess, að langflestir bændur landsins urðu leiguliðar. Leiðir af sjálfu sjer, að það hlaut að hafa í meira lagi rík áhrif á hag alþjóðar, hversu háttað var lengstum um samband leiguliða og leigueiganda. Skal því nú lýst stuttlega, hversu hagaði um höfuðatriði ábúðarlaganna frá upphafi, og um leið skýrt frá breytingum, sem á urðu í þessu efni á síðari öldum, alt til

---

1) Páll E. Ólason, Menn og menntir III. bd., bls. 37—38. — 2) J. Johnsen, Jarðatal, Khöfn 1847, bls. 389—396. — 3) Lovsamling for Island 5. bd., bls. 142—187.

þess að sett voru ný heildarlög um þetta efni 12. jan. 1884, sem gilt hafa síðan fram til þessa.

Til þess að mönnum gefist greinilegra yfirlit, skal hjer fyrst lýst ástandinu fram til þess, er Alþingi var endurreist 1845, og hvert atriði rakið fyrir sig. Er þá fyrst að telja byggingar, byggingartíma og almenna leiguskilmála; þá leigumála, landskuld; þá kúgildi og kúgildaleigu, og loks kvaðir ýmiskonar.

Því næst verða rakin afskifti Alþingis af ábúðarmálinu og áhrif þess um einstök atriði og svo aðdragandi ábúðarlaganna 1884 með rjettarbótum þeim, er þau fela í sjer.

2. Byggingaraðferð, byggingartími og almennir leiguskilmálar.

Samkvæmt afarfornri venju áttu menn að taka jörð til leigu með vitni tveggja skilríkra manna eða fleiri[1]). Var þetta sjálfsögð og bráðnauðsynleg varúðarregla, einkum leigutaka, því að stórsektir lágu við, ef menn sátu jörð þrásetu, í heimildarleysi eða án þess að geta sannað rjett sinn til ábúðarinnar. Eigi mun þó varúðarregla þessi hafa getað komið allskostar í veg fyrir deilur og ágreining manna í milli, hvorki um ábúðartíma nje aðra skilmála. Var því þessu til styrkingar boðið með konungsbrjefi 15. maí 1705, að allir, sem jörð leigðu, væru skyldugir að fá leiglending skýrt og greinilegt *byggingarbrjef*[2]). Þurfti hann ekki neitt framar að greiða nje gjalda en þar var fram tekið. Mun það síðan hafa verið föst regla að gefa byggingarbrjef. Dæmi eru og til þess frá fyrri öldum, að menn fengu byggingarbrjef fyrir jörðum[3]). En fremur mun það hafa verið fátítt, a. m. k. fram um 1500, og varla nema þegar eitthvað sjerstaklega stóð á.

Eigi verður neitt sjeð af leiglendingsþætti Grágásar um *byggingartíma*, hve langur hafi verið. Munu jarðir oftast hafa verið bygðar að fornu til eins árs í senn, frá fardögum til fardaga, og leigutíminn síðan framlengdur eftir samkomulagi þannig, að hvor gat sagt upp byggingunni með hæfilegum fyrirvara. Sama verður ráðið af Jónsbók. Eigi mun það þó verið hafa ótítt snemma á öldum, að menn bygðu jarðir æfilangt, því að í skipun Páls erkibiskups hinni fyrstu, 1336, segir svo: Það er og fyrirboðið, að biskupar, ábótar og abbadísir, svo og aðrir kirknanna formenn eða stjórnarar, dirfist nokkrum manni að selja jarðir eða bæi eða nokkrar aðrar eignir sinna kirkna til æfinlegrar staðfestu. En ef þess hefir freistað verið í nokkrum stað, þá skal ónýtast og undir kirkjunnar vald og forræði aftur kallast[4]). — Mun varúðarregla þessi hafa átt að koma í veg fyrir það, að leikmenn fengju of mikið tangarhald á eignum kirknanna eða afnotum þeirra. En hinsvegar sannar þetta engan veginn, að kirkjan hafi beitt landseta sína harðræði. Þess ber að gæta, að það er fyrst á ofanverðri 14. öld, og einkum

1) Sbr. Jónsbók Llb. 1. cap., bls. 130. — 2) Lovsamling for Island I. bd., bls. 623. — 3) D. I. V. bd., bls. 481—482. — 4) D. I. II. bd., bls. 707.

eftir 1400, sem kirkjan verður auðug að jarðeignum. Þess er að vænta, er fólki fækkaði og jarðir eyddust eftir plánguna, að ábúðarkjör hafi rýmkað að ýmsu leyti. Enda eru gögn til, sem sýna það, að á fyrri hluta 16. aldar var það alls ekki ótítt orðið að leigja jarðir æfilangt, eða meðan umráðamanns nyti við[1]). En alloft mun leigutími hafa verið fleiri ár en eitt[2]). Til þess bendir og konungsbrjef frá 8. maí 1591, þar sem það er með öllu bannað að byggja út konungslandsetum. Skulu þeir mega halda jörðum sínum, meðan þeir standa í skilum um afgjald og aðrar landsetaskyldur[3]). Er ekki að efa, að það brjef er gefið að ósk landsmanna til styrktar gegn kúgun og yfirgangi fógeta konungs sjálfs, og bendir til fornrar landsvenju. Í sömu átt og ekki skemra gengur konungsbrjef 14. apríl 1607[4]), þar sem bannað er að byggja út konungslandsetum, þótt skifti um umboðsmann, skal byggja jarðirnar æfilangt. Slíkt hið sama er boðið með tilskipun 21. apríl 1619[5]). Af tilskipun 29. nóvember 1622 er ljóst, að ekkjur höfðu rjett til að halda ábúð á jörð eftir menn sína dána[6]). Með tilskipun 15. maí 1705, sem fyrr er getið, er öllum, sem með höndum hafa konungsjarðir, bannað að byggja bændum út, meðan þeir standi í skilum um landsskuld rjetta[7]). Ella mátti byggja þeim út, en þó skyldi það borið undir hlutaðeigandi amtmann, sbr. konungsbrjef 11. apríl 1781, 9. gr.[8]). Þótt brjef þessi og tilskipanir eigi fyrst og fremst við byggingu konungsjarða, má telja, að þau sýni höfuðreglur um byggingu jarða yfirleitt á þessum tíma. Þó var það alltítt að byggja jarðir um óákveðinn tíma með fyrirvara um uppsögn af beggja hálfu, leiglendings og landsdrottins[9]), mun jafnvel hafa átt sjer nógu oft stað, að bygt væri út fyrir tyllisakir eða án allra saka, sbr. tilskipun 22. júlí 1791, „sem staðfestir og verndar landseta á Íslandi í þeirra löglegum ábúðarrjett á þeim jörðum, sem þeim bygðar eru". Er þar vitnað í Norsku lög og einkanlega fyrirboðið, að þeir menn, sem nýlega hafi keypt jarðir, megi byggja leiglendingum út með það að yfirvarpi, að þeir þurfi á jörð að halda sjálfir, alla þá tíð, sem byggingarbrjef hins fyrra landsdrottins gildir[10]). Sú tilskipun, og svo tilskipunin frá 15. maí 1705, mun hafa komið að talsverðu haldi fyrir leiglendinga, ef rýma átti þeim burtu af jörð án gildra saka[11]). Hitt er jafnvíst, að eigi varð með öllu stýrt hjá því, að leiglendingum væri misboðið. Þessi margítrekuðu ákvæði sýna raunar best, að tilgangurinn náðist aldrei fyllilega.

Í leiglendingsþætti Grágásar eru allnákvæm fyrirmæli um *rjettindi og skyldur leigulíða yfirleitt*, og er það flest tekið upp í Jónsbók. Er sumt í þeim fyrirmælum harla merkilegt og ber ljósan vott um hirðusemi og umhyggju fyrir þrifnaði búnaðarins í heild sinni[12]). Eru þar eigi aðeins sjálf-

1) D. I. XI. bd., bls. 593, 597—8, 604. — 2) D. I. XI. bd., bls. 527. — 3) Lovsamling for Island I. bd., bls. 126—127. — 4) Lovsamling for Island I. bd., bls. 149—150. — 5) Lovsamling for Isl. I. bd., bls. 182—183. — 6) Lovs. for Isl. I. bd., bls. 209—211, 4. gr. — 7) Lovs. for Isl. I. bd., bls. 623—624. — 8) Lovs. for Isl. IV. bd., bls. 582—585. — 9) Sbr. Philosophische Schilderung, bls. 112, Altona 1786. — 10) Lovs. for Isl. I. bd., bls. 733—735. — 11) Sbr. Lovs. for Isl. VIII. bd., bls. 243—244 5. maí 1821. — 12) Grágás I. bd., bls. 135—138; II. bls. 497—503. Sbr. Jónsbók, bls. 131—141.

sögð ákvæði um rjett og skyldur leiglendings gagnvart landsdrottni, heldur einnig ákvæði sett til tryggingar gegn rányrkju og hirðuleysi hans um það að sitja jörðina vel. T. d. var hann skyldur til þess að taka sjer hjú, svo að hann fengi vel unnið upp engjar þess vegna, enda varðaði sekt, ef engjar voru óslegnar. Eigi mátti leiglendingur lóga af fje sínu til þess að geta selt hey; og ef honum gekk hey af, er hann flutti af jörð, þá átti hann að reka fje á heyið hinn næsta vetur og kaupa geymslu af búanda þeim, sem við jörð tók eftir hann, ef þess var kostur; ella mátti hann flytja heyið á brott og selja, en þó átti landeigandi forkaupsrjett. Bera ákvæði þessi ljósan vott um það, að mikil stund hefir verið lögð á ræktun og áburðarsafn, er svo mikill varnaður var á því boðinn að flytja fóður á brott af jörðinni. Í sömu átt benda fyrirmæli um mótekju, skóga og skógneyslu og elding: „Sá maður, sem land hefir leigt, á og torf að skera í landinu sem hann þarf til eldibranda sjer, þar í hjá, er áður var skorið, og fella saman torfgrafir. En ef torfmór er eigi á landinu, þá á hann viði að elda, ef áður var viði eldað hið næsta, og hvorttveggja, ef svo hefir verið áður. Ef skógur fylgir landi, þá skal leigumaður höggva sjer þar í skógi þeim slóðahrís .... og gera sjer þar ljedengdarkol. Svo skal hann því öllu hagvirklega skipa og svo neyta þar eldibranda sem þá mundi hann, ef hann skyldi þar lengur búa". Eigi er taðs getið til eldingar og eigi heldur bannað taði að brenna. Mun það ekki heldur hafa tíðkast um þetta leyti, og ekki fyrr en löngu síðar. En því oftar er torfskurðar og torfstakka getið, alt frá landnámsöld og upp þaðan. Mun taðbrensla ekki hafa tíðkast neitt að ráði fyr en síðar á öldum, er skógar tóku að ganga til þurðar og ræktun að hnigna. Má benda á það, að hvergi er talað um slíkt í *Búalögum*. Er þar þó t. d. getið um ákvæðiskaup fyrir vinnu við mótorf, vallarávinslu og fleira þess háttar.

Öll almenn jarðarafnot fylgdu leigulöndum. Rekar hvals og viðar virðist þó ekki hafa fylgt leigulandi að jafnaði, heldur mun landeigandi hafa nýtt þá sjer til handa. En raunar virðist eignarrjettur til rekastranda snemma hafa skilist frá öllum þorra jarða þeirra, er rekarnir lágu raunar til, og orðið eign kirkna og stóreignamanna, er sóttust mjög eftir slíkum ítökum vegna þeirra happa, er þeim fylgdu[1]). Var og viðarrekinn mjög nauðsynlegur þeim, sem miklar jarðeignir áttu og þurftu víða við að leggja til viðhalds jarðarhúsum. Veiðar allar og svo eggver virðast hafa fylgt með jörðum í leigu.

Samkvæmt landsleigubálki Jónsbókar var leiguliða óskylt að ábyrgjast fyrning á húsum, en landeiganda skylt að fá við til þess að halda húsum uppi[2]). Voru þetta mikilsverð rjettindi og trygging fyrir því, að hús niddust ekki óhæfilega. Hinsvegar var ákvæði þetta allkostnaðarsamt landsdrottni. Má telja það eitt af verstu verkum, sem framið hefir verið á alþýðu hjer á landi, er konungur braut af sjer þessa æfagömlu skyldu landsdrottins og lagði viðhald á jörðum sínum óskorað á herðar landsetum[3]).

---

1) Sbr. t. d. D. I. II. bd., bls. 164. — 2) Jónsbók Khöfn 1904, bls. 131—132. — 3) Lovsamling for Island I. bd., bls. 209—211.

Með vaxandi fátækt, dýrtíð og aðflutningsvandræðum, sem af einokuninni leiddi, hlaut svo að fara, að húsakostur níddist og versnaði æ því meir, sem lengur leið, og er ekki ósennilegt, að ákvæði þessi hafi beinlínis leitt til þess, að jarðir lögðust í eyði, er menn treystust ekki til þess að byggja þær upp að húsum. Ákvæði þetta, sem raunar var lögleysa og sprottið af vanþekkingu á landshögum og fjegirnd eins auðugasta jarðeigandans, dró auðvitað þann dilk á eftir sjer, að aðrir smærri jarðeigendur fóru að hans dæmi, og varð þetta smátt og smátt að reglu. Varð alþýða manna svo að berjast við að halda uppi kofunum yfir höfði sjer: byggja þá upp aftur og aftur í rúm 200 ár af sömu viðum að kalla. Á þann hátt voru húsin altaf að lækka og þrengjast, eftir því sem viðirnir fúnuðu og styttust, þangað til ekkert var eftir nema moldarhaugurinn, eða hrof, sem meir líktust grenjum en bústöðum manna. Helsta viðfangsefni íslenskra byggingarmeistara á þessari öld var að byggja hús úr torfi, með sem allra minstum trjávið; og helsta uppgötvun í þessu efni: samanhlaðin göng og *stuðlafjósin* svokölluðu. Hæfði þá og vel, er fjós þessi voru mokuð og mykjan út borin á hrossherðablöðum! Ekki verður sjeð, að ranglæti þetta og ófremdarástand hafi sætt mótmælum, líklega vegna þess, að kirkjan og þeir allir, sem jarðir áttu og einhvers máttu sín, gerðust samsekir og höfðu hag af því, að það hjeldist, a. m. k. fyrst í stað. En síðar, er leið á 18. öld, var bæði hefð á þetta komin og ókleifur kostnaður að byggja alt upp í einu, svo sem þurft hefði. Var svo látið drasla áfram. En hjer fór sem oftar, að sló í bakseglin. Jarðir eyddust, er húsin fjellu. Landskuldin fjell líka, vegna þess hve ljeleg byggingin gerðist. Og það er vafalaust, að óráðsflan stjórnarinnar um sölu stólsjarðanna og svo þjóðjarða um aldamótin 1800 var a. m. k. að nokkru leyti af þeim rökum runnið, að mörgum jörðum hjelt við eyðingu fyrir húsaleysi. Hafa fáar stjórnarráðstafanir orðið giftuminni þjóðfjelaginu.

3. Leigumáli, landskuld.

Það má telja víst, að lengst af á þjóðveldistímanum og líklega alt fram um 1400 hafi landskuld verið miðuð við dýrleik jarða eftir tíundarmati, lögleiga eða 10%. Ef til vill væri rjettara að orða þetta svo, að tíundarmatið hafi verið miðað við leigugildið, eða 10%. Er of langt mál að færa rök að þessu hjer, og að vísu ber að skoða lögleigu af jörð sem hámark. Verður ekki annað sjeð en að dýrleiki jarða hafi haldist mjög í sömu skorðum að nafngildi, alt frá því er hið elsta allsherjarmat komst á jarðeignir landsmanna, með tíundarlögunum 1096, og fram um 1400. Sköpuðust á þeim tíma verðhlutföll, miðuð við notagildi, sem að vísu röskuðust allmjög á 15. og 16. öld við breytta atvinnuhætti og verslunarlag. En furðu hefir þó orðið seigt í sumu hinu „gamla lagi“. Eru Búalög best heimild um það. Er þeim jafnvel stundum beitt enn í dag í viðskiftum manna í milli. Í raun og veru var verðgildi jarða fallandi, a. m. k. eftir 1200, eða stóð í stað, meðan verðgildi landaura hækkaði nokkuð. Sjest það á því, að þar sem jarðir voru

metnar til hundraðs (120 álna) vaðmála að fornu, munu þær haldið hafa sama hundraðatali eftir það er farið var að telja í kúgildum hundruðum (90—96 álnir) um 1300 og síðan. Aftur má segja, að landskuld hafi orðið óeðlilega há um þetta bil, vegna þess að verðgildi aura þeirra, er landskuld var greidd í, fór hækkandi, en landgildið stóð í stað. Hlaut því svo að fara, er versnaði í ári til muna, að landskuld lækkaði, og verður þess vart í hallærunum 1290—1320, og mun raunar svo hafa gengið alla tíð, er verulega bar út af um árferði, þótt þess gætti æ því meir, sem fólki fækkaði meira í landinu og landbúnaði hnignaði, að jarðir leigðust misjafnt. Eftir plágunа miklu, 1402—1404, komst algert ósamræmi á hlutfall það, er áður hafði lengst af haldist milli dýrleika jarða og leigu. Dýrleikinn hjelst lítt eða ekki breyttur. En landskuld lækkar yfirleitt um fjórðung alt að þriðjungi frá 1400 og fram um 1550, en um helming alt að tveim þriðjungum fram um miðja 19. öld.

Svo mætti virðast í fljótu bragði, að þessi lækkun landskuldanna beri vott um bætt kjör leiglendinganna á síðari öldum. En því er þó alls ekki þannig varið. Lækkun landskuldanna er aðeins sorglegur vottur vaxandi örbirgðar almennings, mannfækkunar og niðurníðslu jarðanna og vanþrifa landbúnaðarins yfirleitt. Upphaf þessa ástands er að rekja til plágunnar miklu og annará stórsótta á 15. öld, sem ollu allmikilli mannfækkun og landauðn í sveitunum af þeim völdum. Jafnframt þessu varð mikil breyting á atvinnuhögum landsmanna. Sjávarvara varð höfuðkaupeyrir þjóðarinnar í viðskiftum við útlönd, og þau viðskifti jukust mjög. Varð það enn til þess, að minni rækt var við búnaðinn lögð, er tímar liðu og fólki fjölgaði eftir plágunа, en ella myndi orðið hafa. Um aldamótin 1500 varð þjóðin enn fyrir hnekki og harðindum og mannfalli, sem nú kom harðast niður á sveitunum, því að eftirspurn hinna útlendu kaupmanna eftir fiski og sjávarvörum kallaði altaf á nýja menn í verstöðvarnar, er þar varð skarð fyrir. Var eðlilegt, að sveitabændum yrði óhægt að standa samkepnina, er vörur þeirra voru lítt markaðshæfar og ekkert gert til þess að afla þeim markaðs. Þó má ætla, að úr því sem komið var, myndi hagur sveitabænda hafa rjett við á ofanverðri 16. öld og ef til vill færst til fornrar velmaktar með vaxandi fólksfjölda og auknum gróða útvegsins, ef eigi hefði þá hafist hin alræmda einokunarverslun Dana, sem um 200 ár saug merg og blóð úr þjóð vorri svo gersamlega, að minstu munaði, að hún liði með öllu undir lok. En sú hryllilega fátækt, sem hún sökti þjóðinni í, lá eins og mara á atvinnulífi voru meira en hálfa öld eftir að henni var að nafninu af ljett; og enn gjöldum vjer þess í mörgum greinum.

Ekki leikur vafi á því, að það, hvernig gert var upp á milli sjávarvöru og landvöru í töxtum einokunarverslunarinnar, olli miklu um ógæfu þjóðar vorrar og sívaxandi fátækt á 17. og 18. öld. Enda bættist hjer við fullkomið hirðuleysi um það að sjá mönnum fyrir nauðsynlegum starfstækjum, auk heldur við þá atvinnugrein, sem þeim var þó beinlínis þrýst

til að stunda[1]). Hefði einokunarmönnunum verið ljóst í upphafi, hvað þeir voru hjer að gera, hefðu þeir líklega gætt betur jafnvægis milli atvinnuveganna. Í stað þess, sem var í öndverðu, að hvor höfuðatvinnugreinin styddi aðra, eða hins, sem síðar varð, að sjávaraflinn varð allmikil auðsuppspretta mörgum mönnum í landinu og meginstyrkur fjárefnum þjóðarinnar í heild, þá fór nú svo, að þótt útvegurinn væri rekinn mjög á kostnað landbúnaðarins, var það aðeins með höppum og glöppum, sem þar var nokkuð í afgangi. Stundum lenti hann líka í þrot. Í raun og veru lá þó nokkrum hluta landsmanna lengst af við hungurmorði, jafnvel þótt engin sjerstök óhöpp steðjuðu að. Var því síst að undra, þótt jarðleiga væri lág og fallandi.

Hjer skal nú ekki farið langt út í það að sýna dæmi um lækkun landskuldanna á 17. og 18. öld; þess gerist ekki þörf. Hitt má mönnum ljóst vera, að lækkun þessi eða hröpun gekk ekki með öllu tregðulaust eða án mótspyrnu jarðeigenda og umboðsmanna. Eftir bóluna 1707—1709 hrakaði mjög högum í landi og rjetti nú seinna við en stundum áður. Mannfjöldi í landinu komst niður undir 30 þús. Skorti þá ekki jarðir, er margar lágu í eyði. Olli það enn lækkun landskulda. Biskupsstólarnir og kirkjur, sem höfðu tekjur sínar mestar af fasteign, gerðust aðþrengd, og skólarnir, sem eins stóð á fyrir, hjöruðu í volæði og niðurníðslu[2]). Versnaði þó enn og var sem ekkert fengi stöðvað eyðilegginguna. Sú breyting varð þó á um miðja öldina, að stjórnin hófst handa og ákvað að bæta hag þjóðarinnar. Áttu þar ýmsir hlut að, og ber þar fyrst og fremst að nefna Skúla Magnússon. Atvinnuvegina átti að endurreisa, hvað sem tautaði, og þegar jarðirnar urðu ekki bygðar nema með afföllum á landskuldinni enn á ný, í hallærinu 1752—58, varð það að dómstólamáli gert[3]). Jafnvel annar eins maður eins og Magnús amtmaður Gíslason vildi fá því á komið, að leiglendingum yrði bannað að flytja af jörð, er þeir höfðu leigt[4]). Ástæðan til þess, að slík uppástunga gat komið fram frá einum helsta framfaramanni aldarinnar, var auðvitað óþolandi los á ábúðinni og vandræði að fá jarðir leigðar. Stjórnin sjálf fann til þessara vandræða og gerði uppástungu þessa að álitamáli, og átti hún að leggjast fyrir nefnd manna, sem athuga skyldi búnaðarlöggjöf landsins í heild. En af því varð þó aldrei. Kringum 1760 batnaði í ári, en þá kom fjárkláðinn 1762—79 og olli miklu tjóni. Þó fjölgaði fólki og ýmsu þokaði fram. En móðuharðindin 1783—4 steyptu öllu um koll, allar framfarir og framsóknartilraunir og fyrirætlanir urðu að engu, fólk og fjenaður hrundi niður úr hor og eymd og lá nærri, að stjórn landsins og landsmenn sjálfir gæfust upp. Enn á ný var reynt að hindra leigufall jarðeignanna, en það gagnaði auðvitað ekkert[5]). Hið forna efnalega sjálfstæði biskupsstólanna og kirkjunnar var lamað og lá við þroti, og í einhverju ofboði var rokið til að selja jarðeignir þeirra fyrir eitthvert verð. Sýnir það vonleysi og úrræðaleysi stjórnarvaldanna, því að varla varð kosinn verri tími til

1) Sbr. t. d. Lovs. for Isl. III. bd., bls. 238—239; bls. 291—295; bls. 439—440. — 2) Sbr. t. d. Lovs. for Isl. III. bd., bls. 242—243; 265—268. — 3) Lovs. for Isl. III. bd., bls. 242—243. — 4) Lovs. III. bd., bls. 437—438. — 5) Sbr. Lovs. IV. bd., bls. 721—722, V. bd., bls. 86—87.

slíkra ráðstafana, er alt var í kaldakoli. Enda fóru jarðirnar fyrir sáralítið verð. Verst var þó, að jarðasalan kom ekki að haldi alþýðu manna, heldur fáeinum eignamönnum, og hafði því alls ekki mikil áhrif til bóta á ábúð og ábúðarkjör. Um svipað leyti var sett fast peningaverð á landaura til greiðslu í landskuldir og önnur gjöld[1]). Átti það að vera til tryggingar kirkjunni einkum, en varð til ills; því þá er einokuninni ljetti 1786, hækkaði vöruverð til muna og varð þá mikill skaði að taka landskuld í peningum með gömlu verði. Þó versnaði enn eftir 1800 í lok Napóleonsstyrjaldanna, er peningar fjellu enn stórum í verði, þegar danska ríkið varð gjaldþrota. Alla þessa stund og nokkru lengur, jafnvel fram yfir 1850, rjeði margskonar óregla í landskuldagreiðslu, einkum þannig, að sumstaðar var greitt í peningum og sumstaðar í landaurum og gilding landauranna misjöfn. En á þessum tíma varð ekki sjerleg breyting á landskuldagjaldi, önnur en sú, sem nú var talin og stafaði af verðsveiflum peninga og varanna sjálfra. Var að nokkru úr þessu bætt með setningu árlegrar verðlagsskrár fyrir sýslu hverja[2]). Enda varð það meir og meir að reglu að gjalda landskuldir eftir verðlagsskrá, að því leyti sem ekki var goldið í landaurum *in natura*.

4. Kúgildi og kúgildaleigur.

Samkvæmt Grágás skyldu menn eiga hundrað, 120 lögaura, sex álna aura fyrir utan hversdagsklæði sín, ómagalausir, er þeir gengju saman til hjúskapar. Mun þar með einnig við það átt, að eigi mættu menn hjúskap stofna af minni efnum. Regla þessi virðist hafa verið misjafnt haldin, er tímar liðu, og líklega alls ekki er kom fram um 1200. Samkvæmt Jónsbók var bann við því lagt, að þeir menn reistu bú, sem ættu minna fje en V hundruð tíundarvirt, og lögð sekt við því að leigja manni jörð, sem minna fje ætti. Var bann þetta rökstutt með því, að þegar vel áraði, vildu nær allir búa fara, svo að bændur fengju ekki vinnumenn. Er auðsætt, að þótt ákvæði þessi væru nokkru linari en hin fyrri, þá hafa þau samt þótt þröngva um of kosti manna og vera ósanngjörn bæði í garð þeirra, sem jarðir áttu og fje, en vildu leigja, og eins hinna, er búa vildu og áttu kost á jörð og leigufje, en skorti sjálfa fjárkost. Þessi grein Jónsbókar var því hið bráðasta úr gildi numin með rjettarbót Eiríks konungs Magnússonar, 1294. Er gangur þessa máls næsta athyglisverður fyrir þá sök, að með þessari breytingu á búnaðarlöggjöfinni er viðurkend og löghelguð búvenja, sem upp frá þessu færist meir og meir í aukana og varð allaffararík fyrir landbúnað vorn æ síðan, sú venja, að menn byggju við leigufje að meira hlut eða minna, jörð og búfje.

Það er nú vafalaust, að búfje, einkum málnytupeningur, ær og kýr,

1) Sbr. Lovsamling IV. bd., bls. 406—407; bls. 664—670. — 2) Sbr. Skýrslur um landshagi á Íslandi I. bd., bls. 234 o. áfr.

hefir verið leigður til afnota manna í milli hjer á landi alt frá upphafi. Frá því fyrsta menn vita hefir leigumálinn verið hinn sami, 2 fjórðungar smjörs eða 12 álnir vaðmáls. Hjer er ekki unt að fara út í þetta verðhlutfall: 2 fj. = 12 álnir, en það hlýtur að vera a. m. k. frá því um 1000, og ef til vill enn eldra. Hitt mun rjett, að smjörleigan var alla tíð sá rjetti og upphaflegi leigueyrir, og ber hjer aðeins að taka tillit til þess. Nú fór verðgildi smjörs mjög hækkandi, svo að um 1100 eru 3 vættir (vætt = 80 pd. = 8 fj.) í kúgildi; um 1280 eru 2 vættir í kúgildi; en um 1420 og fram um 1550 er talið 1,5 vætt í kúgildi eða hundraði, og svarar það til 16% í leigu af kúgildinu.

Hjer er rjett að gera greinarmun á almennu leigufje og innstæðukúgildum, sem seinna voru kölluð, eða jarðakúgildum. Leigufje gat hver maður tekið að vild eftir samningi, svo lengi sem honum hentaði. En jarðarkúgildi varð leiglendingur að taka með jörðinni og annast alla þá tíð, sem hann hafði ábúð á þeirri jörð, jafnvel þótt hann hefði eða gæti haft nógan búpening af eigin efnum.

Það verður ekki sagt með fullri vissu, hvenær það fór fyrst að tíðkast að leigja kúgildi með jörðum, en að vísu verður þess vart um miðja 14. öld og er líklega orðið nær að reglu á jörðum kirkjunnar undir 1400. Af þessu leiddi það, er kúgildin urðu mörg, að fjöldi bænda nálgaðist það að vera eignalausir leigumenn, sem urðu að taka að sjer og ábyrgjast leigupening þennan og hafa það mest sjer til handa, sem afgangs varð leigunni, sem var okurleiga lengst af, a. m. k. í samanburði við alla aðra fjárleigu.

Þessa miklu aukning jarðarkúgilda á 14. og 15. öld ber efalaust að skoða sem úrræði auðmanna og kirkjuvalds til þess að ávaxta fje sitt, að því leyti, sem því varð ekki varið í jarðir. Fyrir bændur var þetta hin mesta ánauð, sem von var, þótt óneitanlega væri þá auðvelt að stofna bú, er jörðinni fylgdi áhöfn allmikil. Eigendum var þetta geysi-hagur, þar sem kúgildaleigan var miklu hærri en lögleiga, vegna hækkandi verðs á smjörinu. Og þetta varð svo undirrót hins gífurlega smjörsafns auðmanna og kennivalda á 15. og 16. öld og síðar, er þeir áttu raunar allmikinn hluta, ¼, ⅓ eða jafnvel alt að ½ áhafnar á jörðum í heilum bygðarlögum.

Hámarki sínu mun kúgildatalan hafa náð yfirleitt á 15. og 16. öld. Síðan fór kúgildum fækkandi, einkum á 18. öld. Ollu því harðæri, sem þá gengu. Varð erfitt að koma kúgildum upp aftur, úr því er þau voru fallin. En altaf bólaði á því, að jarðeigendur og umboðsmenn reyndu að troða upp á jarðir kúgildum, sjálfsagt með það að yfirvarpi, að þau hefðu áður verið fleiri. Á 18. og öndverðri 19. öld má kalla, að það væri talið rjett að hafa 1 kúg. á hverjum 5 jarðarhundruðum. Á ofanverðri 18. öld var það álit margra þeirra manna, sem báru viðrjetting atvinnuvega landsins fyrir brjósti, að kúgildaleiga þessi væri skaðleg og ætti að hverfa. Mun sú skoðun hafa ráðið því, að t. d. jarðir Hólastóls voru seldar með því skilorði, að

kúgildin skyldu aftakast á þeim jörðum, utan kirkjukúgildi[1]). Samkvæmt tilskipun 16. júlí 1817 var það fyrirskipað, að borga kúgildaleigu af opinberum eignum eftir verðlagsskrárverði, ef eigi var greitt *in natura*.

Ekki verður sjeð af Jónsbók, að leigutaki hafi átt að viðhalda kúgildunum, nema ef þau fórust af vangæslu hans. Þó mun það hafa við brunnið, að menn urðu að endurnýja kúgildin, a. m. k. ær. Með tilskipun 15. maí 1705, 4. gr., er landsdrottni boðið að endurnýja leigukýr, er þær eru gamlar orðnar, eða drepast af þeim sökum, sem leiglendingur er ekki ábyrgur um[2]). Mun því hafa verið fylgt, meðan það tíðkaðist að leigja kýr, en það mun hafa verið sjaldgæft, einkum eftir 1800, er búskaparlag breyttist í þá átt, að nautpeningi fækkaði en fjölgaði sauðfje.

5. Landbúnaðarmálið á Alþingi.

Á árunum 1845—1849 bárust þinginu allmargar bænarskrár um breytingar ýmsar á ábúðarlöggjöfinni. Ýmsar þessar tillögur snertu fornar kvaðir, t. d. mannslán, aftöku þeirra eða sjálfa byggingaraðferðina, afnám á uppboði konungsjarða til festu og afgjalds o. fl. Sum þessi atriði tók þingið til meðferðar, og átti það beinlínis þátt í því að kippa í lag því, er aflaga fór, t. d. aftaka mannslána og afnám á uppboði jarða til festu og afgjalds.

En yfirleitt var bænarskrám þessum vísað frá þinginu til nefndar þeirrar, sem skipuð var sumarið 1845 og athuga átti skattamál landsins, landbúnaðarmál o. fl.[3]). Sú varð samt raunin á, að frá nefnd þessari kom ekkert fram, heldur strandaði alt hjá stjórninni. Varð því enginn árangur málsins.

Meðan þessu fór fram, hjeldu landsmenn áfram að senda þinginu áskoranir og bænarskrár um landbúnaðarmálið. Á þinginu 1853 kom fram bænarskrá úr Húnavatnssýslu um erfðafestu, einkum á klaustragóssum. Erfðafesta var þá allmikið tíðkuð erlendis, t. d. í Danmörku, og hafði Þórður Jónassen yfirdómari ritað um þetta mál greinarkorn í Reykjavíkurpóstinn, II. árg.[4]).

Um þessar mundir var mikill og almennur áhugi fyrir ýmsum jarðabótum, en hjer þótti ýmsum sem mjög stæði það í vegi þesshättar framfara, að mikill meiri hluti bænda voru leiglendingar, sem áttu við misjöfn leigukjör að búa, eigi síst að því er snerti byggingartímann.

Bænarskrá Húnvetninga kom fyrir þingið til inngangsumræðu á 10. fundi, 14. júlí 1853. Bar Stefán Jónsson, þingm. Eyfirðinga, málið fram í forföllum þm. Húnvetninga, Jóseps Skaptasonar læknis, er eigi fjekk að sitja á þingi vegna læknisanna sinna, að boði Havsteens amtmanns. Máli þessu var

---

1) Lovsamling for Island VI. bd., bls. 549, 10. gr. (13. mars 1802). — 2) Sbr. B. Thorsteinsson: Offentlige afgifter etc. Khöfn 1819, bls. 154—155. — 3) Lovs. for Isl. 13. bd., bls. 233—235; 318—320, sbr. Alþt. 1845, bls. 38, 56. Alþt. 1847, bls. 58—59; 61—62; Alþt. 1849, bls. 79—80. — 4) Reykjavíkurpósturinn II. ár 1848, bls. 49—51, 81—85.

í fyrstu vel tekið yfirleitt og kosin í það 5 manna nefnd. Var Þórður Jónasson, kkj. þm., formaður nefndarinnar[1]).

Nefndin skilaði áliti á 23. fundi þingsins, 27. júlí. Virðist svo sem heldur sje þá af mönnum dregið að mæla með ágæti erfðafestunnar. Nefndin leggur til, að ekkert verði um málið samþykt af þinginu, en þess vænst, að um það verði rætt og ritað í blöðum, öllum landslýð til skilningsauka. Muni það þá koma í ljós síðar, hver. vilji alþjóðar sje í málinu[2]). Virtust allir ánægðir með þessa niðurstöðu, og þannig var málið afgreitt á 24. fundi, 28. júlí, í einu hljóði[3]).

Á Alþingi 1855 kom fram bænarskrá frá fulltrúa Norður-Þingeyinga, Jóni Jónssyni, um það, að þingið tæki erfðafestumálið til yfirvegunar að nýju. Bænarskrá þessi kom fyrir þingið á fimta fundi þess, 7. júlí. Fjekk hún mjög daufar undirtektir og var feld frá nefnd með 18 samhljóða atkv.[4]). Þannig fór um þessa tillögu til umbóta á kjörum íslenskra leiguliða.

Eitt atriði í hinni fyrstu bænarskrá, er Alþingi barst 1845, frá Suður-Þingeyingum, var það, að landskuld skyldi goldin eftir meðalalin í hverju hjeraði. Mun þar hafa verið gert ráð fyrir, að það hjeldist, sem þá var almennast, að gjalda 6 álnir fyrir jarðarhundraðið, en eigi er þar þó öðruvísi ákveðið en að landskuld skuli ekki vera hærri en verið hafi frá fornum tímum. Um og eftir 1850 var hjer gott í ári víðast og munu jarðir víða heldur hafa hækkað í verði og leigu. Þótti mönnum það ísjárvert, ef svo færi fram, og 1859 kom fram á Alþingi bænarskrá frá Þinghöfðaþingi um fastákveðið landskuldargjald af hverju jarðarhundraði. Skyldi sett hámark leigunnar, 6 álnir af hundraði. Bænarskráin kom fyrir 8. fund þingsins, 13. júlí. Flutningsmaður var Halldór Jónsson, þm. Norður-Múlasýslu. En ekki vildi hann sjálfur mæla með bænarskránni og varð enginn annar til þess. Fjell hún svo niður[5]).

Nú leið og beið fram til ársins 1865 og var í engu hreyft við ábúðarmálunum. En á þinginu 1865 komu fram bænarskrár um þetta efni: frá Suður-Þingeyingum um jarðaúttektir, og önnur frá Borgfirðingum, um úttektar- og skoðunarmenn.

Hjer skal ekki rakið efnið í bænarskrám þessum, en aðeins tekið fram, að út af meðferð þeirra í nefnd og umræðum í þinginu kom fram uppástunga frá þm. Rangæinga, Sighvati Árnasyni, um betri skipun á landbúnaðarlögunum[6]). Var henni vísað til hinnar sömu nefndar, sem hafði með höndum bænarskrár Þingeyinga og Borgfirðinga. Formaður þeirrar nefndar var Jón Sigurðsson. Skilaði hún löngu og ítarlegu áliti og lagði það til, að þingið sendi konungi að sinni enga bænarskrá um landbúnaðarmálefni, en kysi í þess stað 7 manna nefnd í þinginu til þess að endurskoða hin íslensku landbúnaðarlög og undirbúa frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga. Skyldu 3 nefndarmenn vera lögfróðir og búsettir í Reykjavík eða þar í grend, en hinir 4 búsettir sinn í hverjum landsfjórðungi[7]). Nokkrar umræður urðu um

1) Alþt. 1853, bls. 183—195. — 2) Alþt. 1853, bls. 591—595. — 3) Alþt. 1853, bls. 647—648. 4) Alþt. 1855, bls. 82—85. — 5) Alþt. 1859, bls. 232—233. — 6) Alþt. 1865 I., bls. 221—225. — 7) Alþt. 1865, bls. 436—443, sbr. bls. 478—479.

þessar tillögur nefndarinnar, en þó fór svo, að þær urðu samþyktar í öllum höfuðatriðum, og var nefndin síðan kosin á 44. fundi þingsins, 25. ágúst 1865. Voru þessir kosnir:

Benedikt Sveinsson,
Jón Pjetursson,
Magnús Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Jón Hjartarson,
Sighvatur Árnason og
Stefán Eiríksson[1]).

Nú leið og beið fram til þingsins 1867. Varð lítið af störfum hjá nefndinni og er skýrsla hennar til þingsins, dags. 11. júlí 1867, prentuð í Alþt. það ár[2]).

Skýrsla þessi var lögð fyrir þingið á 9. fundi þess, 17. júlí, og jafnframt till. forseta, Jóns Sigurðssonar, um að umboð nefndarinnar verði framlengt til Alþingis 1869[3]).

Þótti sumum þingmönnunum heldur lítið aðhafst, en þó var tillaga forseta samþykt að viðhöfðu nafnakalli með 10 : 7 atkv.

Þessu næst kom fyrir þingið uppástunga frá þm. Skagfirðinga, Ólafi Sigurðssyni, um byggingarnefndir í hverjum hreppi, og bænarskrá úr Húnavatnssýslu um húsastærð á jörðum. Má skoða þær sem framhald og árjettingu við bænarskrá Þingeyinga og till. þm. Rangæinga í landbúnaðarmálinu á Alþingi 1865. Þessar tillögur allar voru fram komnar sökum mjög aðkallandi þarfar á því að byggja bæina í sveitum landsins af nýju.

Tillagan um byggingarnefndir í sveitunum miðaði að því að tryggja það, að hinir nýju bæir yrðu bygðir sem haganlegast, svo að þeir gætu orðið heilnæmir og viðfeldnir mannabústaðir. Þótti tillögumanni engu minni þörf byggingarnefnda í sveitum en í kaupstöðum, og skyldu byggingarnefndir þessar hafa líkt ætlunarverk og líkt vald og byggingarnefndir þær, sem þá voru settar í kaupstöðunum, sbr. opið brjef 29. maí 1839, og opið brjef 6. jan. 1857, um byggingarnefndir fyrir Reykjavík og Akureyri[4]).

Bænarskrá Húnvetninga fór fram á það, að það yrði ákveðið með lögum, hve stór jarðarhús, einkum baðstofa, skyldi fylgja hverri jörð í landinu, og skyldi þar miða við fólksfjölda, sem á jörðinni hafi verið um nokkurt árabil undanfarið. Skyldi jarðareigandi skyldur að leggja þessi hús til, stækka eða endurbæta á sinn kostnað. Er þetta rökstutt með því, að yfirleitt sje húsrúm á jörðum ilt og ónóg, en efnahagur leiglendinga og ill leigukjör banni þeim að bæta jarðarhúsin.

Jón Hjaltalín landlæknir mælti eindregið með tillögum þessum og vildi, að nefnd væri sett til þess að athuga þær, en flestir hölluðust að því, að vísa þeim til landbúnaðarnefndar, þrátt fyrir mótmæli formanns nefndarinnar, Jóns Pjeturssonar yfirdómara, sem taldi nefndina hafa ærið annað

---

1) Alþt. 1865 II., bls. 1067. — 2) Alþt. 1867 II., bls. 250. — 3) Alþt. 1867 I., bls. 110—112; II., bls. 251. — 4) Lovs. for Isl. XI. bd., bls. 377—383; Lovs. for Isl. XVII. bd., bls. 10—18.

að vinna, þótt þessu væri af ljett. Þó var það samþykt að vísa tillögunni til landbúnaðarnefndar og eigi tekið til greina, þótt formaður nefndarinnar mótmælti og beiddist síðan lausnar úr nefndinni. Enda var þá nýbúið að framlengja umboð nefndarinnar, sem fyr var sagt[1]).

Landbúnaðarnefndin tók nú á sig rögg nokkra og fór að athuga plögg sín, sem legið höfðu til þessa óhreyfð frá því nefndin var sett fyrst, á þingi 1865[2]). Var það að ráði, að Jón Pjetursson yfirdómari skyldi semja uppkast til landbúnaðarlaga. Var því verki svo komið er á þing kom 1869, að hann hafði lokið við 149 gr., og áætlaði hann, að það myndi svara til þriðjungs eða helmings af bálkinum öllum. Sendi hann þinginu skýrslu um störf sín og ljet þess getið, að hann myndi geta lokið við frumvarpið fyrir næsta þing, 1871, en teldi sjer ekki skylt að vinna þetta verk kauplaust áfram, svo sem hingað til[3]). Var nefnd sett í málið og skyldi hún kynna sjer það, sem búið var að gera í málinu, og gera tillögur um framhald verksins[4]).

Nefndin skilaði áliti og lagði til, að þingið leysti nefndina frá 1865 frá starfa sínum, að konungi yrði send bænarskrá um að skipa nefnd manna hjer á landi til þess að semja frumvarp til landbúnaðarlaga, að Jón yfirdómari Pjetursson yrði tekinn í þá nefnd og honum heitið launum fyrir starfa sinn. Nefndarálitið kom til undirbúningsumræðu 7. sept., á 36. fundi þingsins, og urðu ekki umræður um það[5]). Voru tillögur nefndarinnar samþyktar umræðulaust á 39. fundi, 9. sept., og bænarskrá því samkvæmt samþykt degi síðar[6]).

Á þessu sama þingi kom fram bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, sem fór fram á það, að leiguliðum yrði trygð ábúð, helst æfilangt, eða a. m. k. 10—20 ár. En þar er það talið helst í vegi fyrir framförum í jarðrækt, hve ábúðartími leiglendinga sje óviss og ábúðin ótrygg. Bænarskránni var vísað til landbúnaðarnefndarinnar[7]).

Samkvæmt konungsúrskurði 7. nóv. 1870 var stiftamtmanni falið að skipa nefnd til þess að semja frumvarp til landbúnaðarlaga handa Íslandi[8]).

Fjekk nefndin til afnota plögg landbúnaðarnefndarinnar frá 1845, er þá voru í vörslu stjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti: Bergur Thorberg amtmaður, Jón Sigurðsson á Gautlöndum og Jón Pjetursson yfirdómari.

Nú leið og beið og ekkert heyrðist frá nefndinni. Á Alþingi 1875 kom fram fyrirspurn frá 1. þm. Rangæinga, Sighvati Árnasyni, til landshöfðingja um það, hvað honum væri kunnugt um störf nefndarinnar og hvenær vænta mætti, að hún lyki störfum. Taldi landshöfðingi líklegt, að verkinu yrði lokið svo nemma, að frumvarp gæti komið fyrir næsta Alþingi, 1877[9]).

Árið 1876 átti landbúnaðarnefndin fund með sjer. Kom það þá í ljós, að frumv. það, sem Jón Pjetursson hafði samið, og að vísu var þá enn ekki

---

1) Alþt. 1867 I., bls. 113—118. — 2) Alþt. 1867 I., bls. 110—111. — 3) Alþt. 1869 II., bls. 213—214. — 4) Alþt. 1869 I., bls. 149—152. — 5) Alþt. 1869 I., bls. 734. — 6) Alþt. 1869 I., bls. 817—819. — 7) Alþt. 1869 II., bls. 214—215. I., bls. 152—153. — 8) Lovs. for Isl. 20. bd., bls. 597—598. — 9) Alþt. 1875 II., bls. 378—379.

fullbúið eftir 10 ára starf hans í landbúnaðarnefndinni, var ekki svo úr garði gert, að hinir nefndarmennirnir, Thorberg og Jón Sigurðsson, vildu fallast á það. Sömdu þeir síðan nýtt frumvarp, sem að vísu var bygt á frumv. Jóns Pjeturssonar, en þó allmjög frábrugðið því. Síðan sendi Thorberg landshöfðingi bæði frumvörpin til stjórnarinnar, og fjelst hún á tillögur meiri hluta landbúnaðarnefndar, og var frumv. það til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1879, bygt á þeim í öllum höfuðatriðum.

Það var ætlun stjórnarinnar, er hún lagði þetta frumv. fyrir þingið, að nú væri loksins fenginn lagabálkur, sem tæki gersamlega yfir alt, er máli skifti í þessu efni, enda er svo ráð fyrir gert í síðustu grein frumvarpsins, að numin verði úr gildi öll hin helstu lög og lagafyrirmæli, sem til þessa höfðu gilt um búnaðarmálefni Íslendinga. Hafði og undirbúningur frumvarpsins staðið yfir í rjett 40 ár, ef talið er frá því er embættismannanefndinni í Reykjavík var falið að endurskoða Jónsbók 1839. Sú varð samt raunin á, að mönnum virtist frumv. svo glompótt, að ekki tæki tali að lögleiða það í heild sinni, og síst með þeim formála að nema þar með úr gildi öll hin fornu búnaðarlög.

Landbúnaðarlögin komu fyrst til umræðu í efri deild á 2. fundi deildarinnar, 2. júlí. Urðu engar umræður að sinni, en kosin þriggja manna nefnd til þess að athuga frumvarpið. Í nefndina voru kosnir: Árni Thorsteinsson landfógeti, konungkj. þm., Sighvatur Árnason, þm. Rangæinga, og Magnús Stephensen yfirdómari, konungkj. þm.[1]).

Síðar var bætt í nefndina 2 mönnum: Bergi Thorberg landshöfðingja og Benedikt prófasti Kristjánssyni, þm. Þingeyinga.

Nefndin settist nú á rökstóla. Tók það hana sex vikur að komast að niðurstöðu um frumv. Er nefndarálitið dags. 6. ágúst og kom nú málið til framhalds 1. umræðu á 34. fundi efri deildar, 12. ágúst[2]).

Í nefndarál. leggur nefndin til, að deildin ræði ekki að sinni frumvarpið í heild, heldur taki hún til meðferðar *frumvarp til laga um viðskifti landsdrottna og leiguliða, byggingu jarða og úttektir*, er nefndin hafði samið og tekið að mestu eftir frumv. stjórnarinnar, kafla úr því[3]).

Framsögumaður nefndarinnar var Magnús Stephensen. Þótti sumum þingmönnum nefndin heldur lin í sóknum að skila ekki tillögum sínum fyr, eigi síst fyrir þá sök, að sú tillaga hafði fram komið þegar nokkru fyrir þing, bæði í blöðum og á þingmálafundum, að taka aðeins kafla úr landbúnaðarlagafrumvarpi stjórnarinnar, en láta það annars bíða næsta þings. Var samþykt að taka ekki að sinni til umræðu frumvarp stjórnarinnar í heild. En því næst var tekið til 1. umræðu frumv. nefndarinnar, sem fyr var getið.

Helstu nýmæli frumvarpsins voru þau, að jörð skuli eigi teljast leigufær nema henni fylgdu öll nauðsynleg hús, geymsluhús og peningshús, og

---

1) Alþt. 1879 II., bls. 733. — 2) Alþt. 1879 II., bls. 735, sbr. I., bls. 321—323. — 3) Alþt. 1879 I., bls. 323—329.

skyldi afhenda leiguliða húsin í fullu standi eða með fullu álagi. Ennfremur voru þar greinileg fyrirmæli um úttektir jarða.

Frumvarp þetta kom til 2. umræðu á 36. og 37. fundi, 12. ágúst. Breytingartillögur voru litlar. Stefán Eiríksson, þm. Skaftfellinga, lagði til, að felt yrði úr frumv., að geymsluhús og peningshús skyldu fylgja jörðu[1]). Tillaga þessi var feld og eftir allmiklar umræður var frumv. samþ. lítt breytt og vísað til 3. umræðu[2]). Kom það síðan til 3. umræðu á 39. fundi, 16. ágúst. Breytingartillögur komu nokkrar frá sjálfri nefndinni, flestar til fyllingar[3]). Aðrar breytingartillögur voru of seint fram komnar og komu ekki til greina. Umræður urðu litlar og frumvarpið samþykt með breytingartillögum nefndarinnar og afgreitt til neðri deildar[4]).

Frumvarpið kom til 1. umræðu í neðri deild á 47. fundi, 18. ágúst. Var nú svo áliðið þingtímans, að þingmönnum kom saman um, að eigi þýddi að setja nefnd í málið, ef það ætti fram að ganga. Hinsvegar þótti mönnum frumvarpið svo gott, að þeir vildu fallast á það óbreytt. Var málinu vísað til 2. umræðu, en felt að kjósa í það nefnd. Allmiklar breytingartillögur voru gerðar við frumvarpið[5]). En það kom aldrei til 2. umræðu og dagaði svo uppi.

Á Alþingi 1881 lagði stjórnin fram á ný landbúnaðarlagafrumv. frá fyrra þingi, 1879. Er þar ekki tekið tillit til þeirra breytinga, sem efri deild hafði samþykt á þeim kafla bálksins, er hún tók til meðferðar 1879, en sumt af því telur stjórnin fjarri lagi[6]). Vildi hún eigi annað en frumvarpið yrði rætt og afgreitt í heild sinni. Frumv. var lagt fyrir neðri deild á 2. fundi deildarinnar, 2. júlí. Fyrsta umræða fór fram á 3. fundi, 5. júlí, og var kosin 7 manna nefnd í málið. Formaður hennar var Guðmundur Einarsson prófastur, þm. Dalamanna[7]).

Fór nefndin þá leið að taka allan bálkinn fyrir í einu, en lagði þó til grundvallar frumv. efri deildar frá 1879 um þau atriði, er það náði til. Samdi nefndin síðan nýtt frumv. upp úr þessum frumvörpum báðum: *Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland*[8]).

Landbúnaðarlögin komu til framhalds 1. umræðu á 34. og 35. fundi, 5. ágúst. Framsögumaður nefndarinnar var Eiríkur Briem prófastur, þm. Húnvetninga. Gerði hann rækilega grein fyrir frumvarpi nefndarinnar. Benedikt Sveinsson, 2. þm. N.-Múlasýslu, mælti gegn frumvarpinu og taldi það ekki nógu vel úr garði gert, og meðferð þess í nefndinni bera þess of mikinn vott, að nefndin hefði viljað þóknast stjórninni. Eftir allmiklar umræður var hið upphaflega frumv. stjórnarinnar felt, en frumv. nefndarinnar samþykt til 2. umræðu[9]).

Önnur umræða fór fram á 53. fundi, 18. ágúst. Umræður voru mjög litlar. Frumvarpið var samþykt óbreytt að öðru en því, að feld var 105. gr. frumv., þar sem svo var ákveðið, að þar, sem fleiri ættu jörð saman, skyldi

---

1) Alþt. 1879 I., bls. 363. — 2) Alþt. 1879 II., bls. 742—754. — 3) Alþt. 1879 I., bls. 398. 4) Alþt. 1879 II., bls. 754—759. — 5) Alþt. 1879 I., bls. 539—543. — 6) Alþt. 1881 I., bls. 241—268. 7) Alþt. 1881 II., bls. 1032—1033. — 8) Alþt. 1881 I., bls. 297—318. — 9) Alþt. 1881, bls. 1032—1049.

ávalt einn ráða fyrir byggingu hennar. Átti ákvæði þetta að koma í veg fyrir, að jarðir skiftust of mikið sundur. En meiri hluta þingmanna þótti hjer gengið um of á ráðstöfunarrjett manna yfir eignum sínum, þar sem gert væri ráð fyrir því, að maður mætti ekki vera sjálfráður um að búa á jarðarhluta, er hann ætti, nema með leyfi þess, sem ætti stærri hluta sömu jarðar.

Við 3. umræðu, 24. ágúst, urðu engar umræður. Frá nefndinni komu fram nokkrar breytingartillögur, og voru þær samþyktar og síðan frumv. í heild. En lengra komst frumvarpið ekki á þessu þingi og dagaði svo uppi[1]).

Á Alþingi 1883 lagði stjórnin enn fram frumv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland. Lagði hún nú til grundvallar þessu frumv. frumvarp það, er samþykt var af neðri deild Alþingis 1881[2]).

Frumvarp þetta til landbúnaðarlaga var lagt fyrir efri deild á 4. fundi, 5. júlí. Var samþykt að kjósa í málið fimm manna nefnd. Voru þessir kosnir: Árni Thorsteinsson, Einar Ásmundsson, Sighvatur Árnason, Magnús Stephensen og Jón Pjetursson[3]).

Nefndin athugaði málið vandlega og komst að þeirri niðurstöðu, að taka frumvarpið ekki til meðferðar alt, heldur aðeins 6. og 7. kafla þess, breyta þeim nokkuð og gera úr þeim frumvarp með sjerstakri fyrirsögn, líkt og gert var í efri deild í þessu sama máli á þingi 1879[4]).

Var málið afgreitt til 2. umræðu á 23. fundi, 27. júlí[5]), samkvæmt tillögum nefndarinnar, með litlum breytingum. Við 2. umræðu urðu mjög litlar umræður og frumvarpið afgreitt til 3. umræðu með óverulegum breytingum[6]). Við 3. umræðu tók enginn til máls og var frumvarpið afgreitt orðalaust til neðri deildar[7]) og kallað: *Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.*

Málið kom til 1. umræðu í neðri deild á 44. fundi, 13. ágúst. Umræður urðu engar og feld tillaga um að skipa nefnd í það. Þótti sýnilegt, að eigi væri tími til þess að athuga málið í nefnd, ef það ætti að ná fram að ganga á þinginu[8]).

Á 53. fundi neðri deildar, 18. ágúst, kom málið til 2. umræðu. Lágu þá fyrir nokkrar breytingartillögur við frumvarpið[9]).

Umræður urðu litlar. Þorlákur Guðmundsson mælti fram með breytingartillögunum. En þeirra helst var sú till., að landsdrottinn skyldi ekki skyldugur að kaupa hús af fráfarandi leiguliða, þótt úttektarmenn teldu það nauðsynlegt jörðinni. Var þá í þessu atriði alllangt komið frá stjórnarfrumvarpinu 1879, þar sem svo var fyrir mælt, að hverri jörð skyldu fylgja nauðsynleg hús. Aðrar breytingartillögur voru minniháttar. Breytingartillögurnar voru allar samþyktar og frumvarpið þannig breytt afgr. til 3. umræðu og hjet það nú: Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl.[10]).

---

1) Alþt. 1881 II., bls. 1049—1055. — 2) Alþt. 1883 C., bls. 11—35. — 3) Alþt. 1883 A., bls. 16—17. — 4) Alþt. 1883 C., bls. 205—213. — 5) Alþt. 1883 A., bls. 189—190. — 6) Alþt. 1883 A., bls. 218—236, sbr. C., bls. 282—290. — 7) Alþt. 1883 A., bls. 318. — 8) Alþt. 1883 B. II., bls. 18. — 9) Alþt. 1883 C., bls. 346—347. — 10) Alþt. 1883 C., bls. 385—390, sbr. B. II., bls. 179—185

Þriðja umræða um málið fór fram 21. ágúst, á 56. fundi. Urðu nær engar umræður og var frumvarpið samþykt óbreytt og sent aftur til efri deildar[1]).

Þegar kom til efri deildar, tók búnaðarlaganefndin aftur við frumvarpinu. Lagði hún til, að breytingar neðri deildar skyldu fá að standa í flestum greinum, en lagði til að fella niður nokkrar greinar, er neðri deild hafði bætt við frumvarpið, um ágang, innsetning fjár og þess háttar, er ekki snerti höfuðefni frumvarpsins. Fyrirsögn frumv. breyttist eftir því þannig, að „o. fl." fjell burt[2]). Umræður urðu litlar og voru tillögur nefndarinnar samþyktar og frumv. svo breytt endursent neðri deild[3]). Kom frumvarpið næst fyrir neðri deild til einnar umræðu 27. ágúst, á 63. fundi, og var samþykt umræðulaust að kalla og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá Alþingi[4]).

Lög þessi voru síðan staðfest af konungi, dags. 12. janúar 1884[5]). Var hjer með bundinn endi á málið um sinn.

Ef einstök atriði ábúðarlaganna eru athuguð og borin saman við hin fyrri lög, sem giltu í þessum efnum, og svo kröfur þær og óskir, sem komið höfðu frá landsmönnum til þingsins nær um 40 ára skeið, þá má furðu gegna, hvað árangurinn var lítill.

Höfuðmarkmið lagasetningar þessarar átti að vera það, að tryggja ábúð leiguliða og rjettindi önnur, svo að rjettaróvissa og önnur ókjör stæðu ekki lengur í vegi fyrir því, að nauðsynlegar umbætur væru gerðar á leigujörðum, svo sem öðrum jörðum á landinu, eftir því sem þekking og áhugi krafðist og efnahagur manna leyfði. Síðan lög þessi voru sett, hafa engar verulegar breytingar orðið í þessu efni að því er löggjöfina snertir, þrátt fyrir stórkostlegar breytingar á atvinnuhögum landsmanna og fjárefnum öllum, svo að þar er nú margt orðið fullkomlega úrelt. En að öðru leyti eru komin til sögunnar ný atriði, er krefjast nýrrar lagasetningar. Hjer skal nú staðar numið, og skal nú ekki frekar en orðið er rakin saga þessa máls, en stuttlega vikið að frumv. því, er nefndin hefir samið.

Þegar milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hóf starf sitt í fyrra, gerði hún ráðstöfun til að afla upplýsinga um, hvernig háttað væri ábúð jarða um land alt. Sendi hún brjef til allra sveitarstjórna með tilmælum um, að þær ljetu nefndinni í tje upplýsingar viðvíkjandi þeim atriðum, er um var spurt. Brjef það, er milliþinganefndin sendi sveitarstjórnum, hljóðar þannig:

---

1) Alþt. 1883 B. II., bls. 126—127. — 2) Alþt. 1883 C., bls. 413. — 3) Alþt. 1883 A., bls. 499—514. — 4) Alþt. 1883 B. II., bls. 302, sbr. C., bls. 429—434. — 5) Stjórnartíðindi fyrir Ísland A. 1884, bls. 2—16.

MILLIÞINGANEFNDIN Í LANDBÚNAÐARMÁLUM.

Reykjavík, 3. des. 1927.

Milliþinganefndin í landbúnaðarmálum leyfir sjer hjer með að æskja þess, að hreppsnefndir landsins svari neðanrituðum spurningum til upplýsingar við starf nefndarinnar:

1. Hve margar jarðir eru í sjálfsábúð í hreppnum og hve margar í leiguábúð?
2. Eiga einstakir menn jarðir í leiguábúð, og hvar eru þeir búsettir?
3. Hve margar leigujarðir eru með lífstíðarábúð?
4. Eru jarðir í sjálfsábúð betur setnar en leigujarðir?
5. Á hve mörgum jörðum eru steinhús og á hve mörgum timburhús? Hvernig er bygging á öðrum jörðum?
6. Hvað er líklegt að skifta mætti mörgum jörðum í hreppnum í tvíbýli og hve mörgum í fleirbýli?
7. Eru stórar lendur, sem taka mætti til ræktunar á auðveldan hátt?
8. Hvernig er að vinna þau lönd?

Svör við spurningum þessum er hin heiðraða hreppsnefnd beðin að senda til ritara nefndarinnar, Þórarins Jónssonar hreppstjóra á Hjaltabakka, fyrir 1. maí 1928.

Virðingarfylst.

Jörundur Brynjólfsson,

Bernharð Stefánsson, Þórarinn Jónsson.

Til hreppsnefndarinnar í .....

Með þessu móti hugðist nefndin að geta fengið nokkurnveginn glögga grein um, hvernig varið væri bygging jarða. Hvað margar væru í sjálfsábúð og hvað margar í leiguábúð. Hvernig ástatt væri um ræktun þeirra. Hvernig byggingum á jörðunum væri háttað o. s. frv.

Ef allar sveitarstjórnir hefðu gert nefndinni þann greiða að láta henni í tje þær upplýsingar, sem þær gátu og spurt var um, hefði nefndin fengið afarmikilsverðan fróðleik og þýðingarmikinn. En því miður eru allmargar sveitarstjórnin, sem ekki er enn komið svar frá viðvíkjandi spurningum nefndarinnar. Mikill hluti sveitarstjórna hefir reyndar svarað, en helst hefðu allar sveitarstjórnir þurft að gera það.

Svör sveitarstjórna þeirra, sem komin eru, eru flest glögg og greinileg, og má margt af þeim sjá viðvíkjandi ábúð og ástandi jarða yfirleitt, en því miður eru þó nokkrar glompur á þessu yfirliti, vegna þess, eins og áður er sagt, að ekki eru enn komin svör frá nokkrum sveitarstjórnum.

Áður en nefndin byrjaði á samningi nýrra ábúðarlaga, kynti hún sjer eftir föngum þau atriði í búnaði vorum, er ætla mátti að álirif gætu haft á hvern veg best og hagkvæmast væri, að ábúð leigujarða yrði fyrir komið.

Af svörum sveitarstjórna mátti sjá:

1. Að ræktun á leigujörðum er yfirleitt mikið lakari en á jörðum í sjálfsábúð.
2. Að byggingar, bæði íveru- og peningshús, eru miklu lakari á leigujörðum en á jörðum í sjálfsábúð, og það lítilfjörlegar víða, að heilbrigði manna er stórkostleg hætta búin.
3. Að því styttri, sem ábúðartími leiglendings er, í þess verri rækt er jörðin og því hrörlegri eru húsakynnin.
4. Að á þeim sárafáu jörðum víðsvegar um land, þar sem ábúð þeirra að einhverju leyti svipar til góðrar ábúðar á jörðum í sjálfsábúð, er það aðeins á þeim jörðum, sem eru í lífstíðarábúð, og þá frekast á kirkju- og þjóðjörðum.
5. Að á leigujörðum er undantekningarlítið bygt úr óvaranlegu byggingarefni, sem alls ekki getur orðið til frambúðar.

Við athugun þessa máls leyndi það sjer ekki, að byggingarmátinn á leigujörðum á sinn mikla þátt í því, í hvað mikilli vanrækt og niðurníðslu þær eru; hve óskaplega húsakynnin á þeim eru hrörleg og þar fram eftir götunum.

Það er kunnugt, að á seinni árum hefir jarðrækt og ýmiskonar umbótum á jörðum stórfarið fram, en sjerstaklega hafa þær umbætur þó orðið á jörðum, sem eru í sjálfsábúð, og það virðist svo, sem þessi munur hafi aukist meir og meir með hverju árinu sem líður. Þetta kemur mjög berlega fram í ræktun jarðarinnar, en þó langmest í öllu, er lýtur að byggingum á jörðunum. Þessi vanþrif búnaðarins á leigujörðum umfram það, er tíðkast á jörðum í sjálfsábúð, stafa áreiðanlega af því hvernig háttað er um ábúðarlöggjöf vora. Það er alveg víst, að margir leiglendingar myndu í búnaði standa miklu framar en nú gera þeir, ef sæmilega væri að hag þeirra búið. Þó að vel megi vera að það sje flestum mönnum meiri hvöt til dáða og þrifnaðar að eiga jarðnæði það, er þeir búa á, heldur en leigja hjá öðrum, þá myndu þeir þó sækja fram til frama og framfara, ef löggjöfin í þessu efni ekki fjötraði þeim bæði hönd og fót, eins og nú á sjer stað.

Og skal nú stuttlega að því vikið með hverjum hætti það er.

Eins og hjer að framan er sýnt í yfirlitinu yfir leiguábúð í landinu frá fornöld, var öll viðhaldsskylda á húsum löngu fallin á leiguliðana og hafði þá áþreifanlega valdið því, að jarðarhús öll á leigujörðum voru komin í hina mestu niðurníðslu. Og hús landsdrottins á jörðunum oft eða jafnvel oftast ekki það hálfa af húsum þeim, er nauðsynleg voru á jörðinni, og eftir því úr sjer gengin og ljeleg.

Þrátt fyrir þessa staðreynd, sem á hvers manns vitorði mátti vera, afgreiðir þingið 1883 þessa óhappabreytingu neðri deildar nefndarinnar í þessum setningum: „Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, er henni hafa áður fylgt“. Hjer er loku skotið fyrir það, að nokkur aukning á jarðarhúsum geti átt sjer stað, það er dómur um kyrstöðu, eða jafnvel áframhaldandi afturför í þessum efnum.

Nefndin hikar ekki við að fullyrða, að þessi ákvæði hafa orðið landbúnaðinum til hins mesta ófarnaðar, margþættrar rangsleitni, kúgunar og niðurdreps. Þau hafa ekki einasta staðið fyrir öllum húsabótum á leigujörðum, sem nefndin verður þó að telja fyrsta stigið til framfara landbúnaðarins, heldur hafa einnig hinar þungu álögur um viðhald og fyrningu húsanna, sem á leiguliðanum hvíldu, jafnt af þeim húsum, er hann sjálfur varð að byggja fyrir sína peninga, dregið úr honum mátt og drepið úr honum kjark til allra annara framfara. Þetta hafði verið uppmálað áþján landbúnaðarins í fleiri aldir, sem varð nú hlutskifti Alþingis að halda við.

Nefndin leggur nú til, að ákvæðum þessum sje gerbreytt og tekin upp hin fornu ákvæði, að landsdrottinn eigi öll nauðsynleg jarðarhús er þurfa til framfleytingar því búi, er jörðin ber, og beri alla fyrningu á þeim og tryggi fyrir eldsvoða. Telur nefndin þetta langsjálfsögðustu breytinguna á ábúðarlöggjöfinni, sem mest framför landbúnaðarins í leiguliðabúskapnum sje undir komin. Kemur nú enn til kasta Alþingis, hvort það vill enn breyta til hins verra og verða þannig landbúnaðinum að skaða. Ekki býst nefndin við því að óreyndu, enda eru nú talsvert breytt skilyrði frá því er voru 1883. Jarðeigendur, sem margar jarðir eiga, eru orðnir færri en þá voru, og hagnaðarvonin í jarðeigninni orðin minni fyrir menn búsetta úti um land. Aftur eru nú bæjamenn að ásælast jarðir úti um land vegna góðs markaðar í bæjunum fyrir jarðarafurðir, og mun það ekki verða talið svo nauðsynlegt, þar sem rjettlát afkoma hlutaðeigandi sveita er í veði, að ekki sje rjettmætt að gera þeim nokkuð erfiða tilraunina. Nefndin býst líka við því, að harðir þyki kostir þeir, er hún setur jarðareigendum, að húsa upp jarðirnar, en það er þó ekki svo, þegar skoðað er ofan í kjölinn. Í fyrsta lagi er það, að vel húsaðar jarðir eru ólíkt eftirsóknarverðari til ábúðar, og efnaðir leiguliðar horfa aldrei í hækkaða landskuld, sem leiðir af því. Í öðru lagi er það svo, að þó að fátækari jarðeigendum sje um megn að byggja upp jarðirnar af eigin ramleik, þá eru nú lánsstofnanir meira en verið hafa, sem flýja má til í þeim efnum. Og í þriðja lagi, vilji ekki jarðeigandi stofna til skulda í þessu skyni, þá myndi honum ekki verða skotaskuld úr því að selja jörðina sjer skaðlaust, eins og nú er eftirspurn eftir jörðum. Og þá telur nefndin að af tillögum hennar leiði það besta fyrir íslenskan landbúnað. Og það er ósk hennar, að sem víðast yrðu þær lyktir á í þessu efni, að ábúendurnir fengju jarðirnar keyptar við sæmilegu verði.

Nefndin ber líka það traust til íslenskra jarðeigenda, að ef tillögur hennar verða að lögum, þá leysi þeir hjer úr eins og þeir hafa trú á, að verði landbúnaðinum fyrir bestu.

Sem betur fer erum vjer nú á þeirri leið, að sjálfseignarbændum fjölgar, en enn verður þó að gera alt sem hægt er til þess að auka það.

Vel má taka undir með Norðmönnum, eins og þeir orða það í landbúnaðarsögu Noregs 1875—1925: „Nordmennene liker kleint aa bruke andres jord; de synes nok at: „eget bu er best om enn lite det er"; de vil eie den gaarden de bruker". Enda var þar alla 18. og 19. öldina stöðug sala á opin-

berum og einstakra manna jarðeignum til ábúendanna. Og um aldamótin síðustu var Noregur eitt mesta sjálfseignarland í heiminum. Svipað má segja um Danmörku. Þó hefir hún verið á undan í því, eins og flestu öðru er að landbúnaði lýtur, að húsa vel jarðirnar, og stafar sjálfsagt framför landbúnaðarins, meðal annars, af því.

Annað atriði ábúðarlaganna, sem framtíðin hvílir á, eru jarðabætur á leigujörðum. Ekki er hægt að segja, að jafnilla tækist til með ákvæði því viðvíkjandi í ábúðarlögin eins og húsin. Þó hafa þau ótvírætt staðið landbúnaðinum stórlega fyrir þrifum. Enda er það óumræðilega lítið og ómerkilegt, sem gert hefir verið af jarðabótum á leigujörðum allan þann tíma, sem lögin hafa staðið. Og engin minstu merki munu sjást til þess, að við setningu þeirra hafi skift um til batnaðar. Verður því ekki komist hjá því að ályktа svo, að lögin eigi sinn þátt í, hve framfarirnar eru litlar, þar sem framfarir á öðrum sviðum eru miklar og á sjálfsábúðarjörðum flestum einnig í þessa átt.

Það má nú máske segja, að aðalrótin til þessa sjeu húsaákvæðin í ábúðarlögunum eins og áður er drepið á. Fátæklingarnir börðust við að halda uppi húsum á jörðinni, gera upp og bæta við í stað þess sem fjell, til þess að fólk og fjenaður hefði húsaskjól. Það var engin geta til þess að gera jarðabætur, enda engin uppörfun til þess. Menn fengu ekki að vinna af sjer landskuldina í jarðabótum og þannig að njóta ávaxtanna af verkum sínum. Heldur var hitt til, að ábúandanum var gert að skyldu að vinna nokkra ferfaðma af jarðabótum framyfir venjulega landskuld. En það var svo lítið, að þess gætti á engan hátt. Við þetta bættist svo það, að þó menn gerðu jarðabætur fengu menn enga borgun fyrir þær. En það þurfti þó ekki að standa algerlega í vegi fyrir að þær væru gerðar, ef menn hefðu átt víst að njóta ávaxtanna af þeim, en þar stóð ábúðartíminn fyrir þrifum. Oft voru jarðirnar bygðar frá ári til árs, eða stuttan tíma. En þar, sem ábúðartíminn var langur, gátu menn, er þeir fóru frá jörðinni, fengið eitthvað fyrir verk sín. Og að því leyti er þó skár gengið frá þessum ákvæðum en jarðarhúsunum.

Nefndin vill nú tryggja það, að bæði jarðeigandi og leiguliði geti hvor í sínu lagi látið gera þær jarðabætur, er jörðinni má til gagns verða, án samþykkis hins, gegn sanngjörnum skyldum á báðar hliðar.

Þriðja atriðið í ábúðarlögunum, er orðið hefir haft á framförum búnaðarins, er ábúðartíminn. Hann er eftir geðþótta hvers jarðeiganda. Og hefir orðið svo í framkvæmdinni, að langflestar jarðir í einstakra manna eign eru bygðar til mjög fárra ára og margar frá ári til árs.

Samkvæmt svörum frá sveitarstjórnum eru nú, þegar ábúðarlögin hafa staðið milli 40 og 50 ár, sama og engar einstakra manna eignir í lífstíðarábúð. Aftur á móti er flest af opinberum jarðeignum í lífstíðarábúð. Þetta sýnir, að ábúðartíminn verður að vera lögbundinn, ef hann á að verða hagkvæmur og til heilla fyrir land og lýð. Öll niðurníðsla jarðanna og afturför á umliðnum öldum hefir ekki getað kent mönnum hvað þeim er fyrir bestu. Þar, sem framtakssamir leiguliðar hafa lífstíðarábúð, skara þeir fram úr öðrum leiguliðum í framkvæmdum. Því má segja, að lífstíðarleigu-

ábúð nálgist mest sjálfsábúð, þó àldrei komist hún nærri henni í eðli sínu. Þar vantar þá lifandi hvöt, sem lögð er í eðli hvers manns að hlúa best að sínu eigin, og sem hefir verið átakamest lyftistöng allra þjóða.

Meðan sjálfsábúð er ekki orðin almenn á landi hjer, krefja alþjóðarheill þess, að lífstíðarábúð á leigujörðum verði lögleidd. Hafa ýmsar þjóðir orðið að takmarka þannig rjett einstaklinganna yfir eign sinni og þó enn meir með því að lögákveða stórlækkun á eftirgjaldi á einstakra manna eignum. Í fornum lögum vorum var lögleiga ákveðin, er enginn mátti yfirstíga.

Nefndin hefir þó ekki viljað ganga svo langt að leggja til, að lögleiga verði ákveðin að svo stöddu. Heldur leggur hún til að fara þá leið, ef ósæmilega hár er leigumáli á jörð og í ósamræmi við leigu á hliðstæðum jörðum, að gerðardómur ákveði eftirgjaldið.

Hjer skal nú staðar numið að draga fram atriði úr gildandi ábúðarlöggjöf; en þau, sem tekin hafa verið, eru ljós dæmi þess, að hún er, að því leyti, er þau snertir, stór afturför frá fornum samkynja ákvæðum. Er því ótvírætt að þau hafa haft lamandi áhrif á hag þjóðarinnar. Má því segja, að of lengi hafi dregist að fá þeim breytt. Hversu giftusamlega sem tiltekst nú með breytinguna. Vill nefndin skora á alla góða menn að leggja hjer hönd á plóginn, svo vel megi úr ráðast. Telur hún þýðingarlaust að fara fleiri orðum almennt um málið, þó margt mætti fleira fram taka, en gerir loks sjerstakar skýringar við hverja grein frumv., sem þess þarf við.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

Um. 1. gr.

Á því hefir bólað nokkuð í seinni tíð, að sumir eigendur jarða hafi leigt jarðirnar á þann veg, að allmikið af jarðarnotum hafi verið undanskilið leiguliðanotum. Allmikið af heyskap, er aflað hefir verið á jörðinni, hefir verið flutt í burtu. Það hefir meira að segja átt sjer stað, að allur heyskapur jarðarinnar hafi verið fluttur í burtu og engin ábúð verið á jörðinni. Þetta hefir átt sjer stað t. d. í grend við Reykjavík og það austan Hellisheiðar. Ekki þarf að fjölyrða um það, hvernig um ræktun á slíkum jörðum fer, eða hver áhrif slíkt hefir á efnahag og afkomu þess sveitarfjelags, er fyrir slíkum búsifjum verður. Slíkt er með öllu algerlega óviðunandi, og gagnstætt því sem vera á um ræktun landsins, því nauðsynlegt er að það sje sem tryggast um það búið, að jarðarnot öll falli þeim í skaut, er jarðirnar byggja, svo áhöfn jarðarinnar verði eins mikil og jörðin ber og kringumstæður ábúandans leyfa.

Samkvæmt núgildandi ábúðarlögum á jarðareigandi, sem ekki fær leigt jörðina, að bjóða hana upp til ábúðar. En ekki þarf hann að bjóða

sveitarstjórn jörðina, þó hann fái ekki bygt hana. Þar sem það er afarmikill hnekkir fyrir hlutaðeigandi sveitarfjelag, ef jarðirnar komast ekki í ábúð, er sjálfsagt að sveitarstjórn fái þær til ráðstöfunar, ef eigandi getur ekki bygt jörð sína. Hagur hans er með því best trygður.

Samkvæmt ábúðarlögunum er eiganda ekki skylt að halda uppi lögskilum af jörðinni, fái hann ekki leigt hana; en rjettmætt er, að ef eigandi ekki býður sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar og fær ekki bygt hana, að þá standi hann skil af lögboðnum gjöldum af henni.

Um 2. gr.

Rjett er að sveitarstjórn beri ábyrgð á öllum jarðargjöldum til lánardrottins, fái hún jörð til ráðstöfunar.

Vel getur þannig verið ástatt um jörð, sem sveitarstjórn fær til ráðstöfunar, að hún fyrir dýrleika sakir, eða fyrir það hvað jörðin er erfið í ábúð, að hún byggist alls ekki, nema henni sje skift í tvö eða fleiri býli, og er þá nauðsynlegt, að sveitarstjórn hafi heimild til að gera þær ráðstafanir sem gera jörðina byggilega.

Telji úttektarmenn, að jörðin sje á þann hátt komin í trygga ábúð, ætti hagsmunum eiganda að vera vel borgið.

Gera má ráð fyrir, að jarðareigendur leiti ekki til sveitarstjórna um að fá jörðum sínum komið í ábúð, nema því aðeins að þeir fái ekki sjálfir bygt þær, það má þá nokkurnveginn ganga út frá því, að bygging slíkra jarða sje einhverjum verulegum annmörkum bundin, og er sveitarstjórn því nauðsynlegt að hafa þetta vald, sem henni er ætlað samkvæmt þessari grein, til þess ef með þarf að fá jörðinni komið í ábúð.

Ekki sýnist ástæða til að ábúendur þeirra jarða, er á þennan hátt eru bygðar, hafi í nokkru minni rjett en aðrir leiguliðar.

Um 3. gr.

Hún þarf ekki skýringar við.

Um 4. gr.

Á seinni árum hefir verið mikið um það rætt, að fjölga býlum út um sveitir landsins. Myndi sú býlafjölgun verða með tvennu móti. Að nokkru á þann hátt að jörðum yrði skift og nokkuð af ræktuðu landi látið fylgja hverju býli, og að nýbýli yrðu reist, án þess að nokkuð af ræktuðu landi fylgdi. Um það, hvernig haga beri stundum skiftingu jarða í þessu skyni, og hvaða ástæður eru fyrir að gera kröfu um skiftingu jarða gildandi, eru engin lagafyrirmæli.

Eins og nú standa sakir, er ekki unt að skifta jörð í fleirbýli, hve æskilegt og gagnlegt sem það kynni að vera, nema með samþykki eiganda, og er það að öllu leyti á hans valdi, hvernig sú skifting verður. Gæti þó vel verið að hagkvæmara væri fyrir ábúð jarðarinnar í framtíðinni, að nokkra íhlutun um skiftin mætti hafa með eiganda, og yrði ekkert af þessu trygt, nema með löggjöf um þetta efni.

Má gera ráð fyrir, að ekki líði á löngu áður en lög um þetta efni verða sett, og hefir nefndin hugsað sjer að koma með frumvarp um þetta efni.

Um 5. gr.

Þar sem hverju skjali, er nokkru varðar, er nú þinglýst, sýnist ekki síður ástæða til að þinglýsa byggingarbrjefi.

Um 6. gr.

Það er í alla staði hentast, að í byggingarbrjefinu sje alt sem greinilegast tiltekið, er snertir jörðina sjálfa og nytjar hennar, rjettindi og skyldur leiguliða. Á þann eina hátt er best fyrir því sjeð, að ekki komi síðar meir til ágreinings milli landsdrottins og leiguliða út af ábúð jarðarinnar.

Um 7. gr.

Hafi landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef fyrir jörðu, virðist ástæða til að ætla að leigumáli jarðarinnar, sem áður gilti, megi haldast. Þó getur vel komið fyrir, að fyrri leigumáli jarðarinnar eigi ekki lengur við og sanngjarnt sje að breyta honum, ef hlutaðeigendur ekki geta fært sönnur á að um leigumála hafi verið samið. Til þess að dæma um leigumálann hafa úttektarmenn allra manna besta aðstöðu. Gera má ráð fyrir að engir þekki til jarða betur en þeir, og sjálfsagt er þeim yfirleitt oftast kunnugt um með hvaða leigumála jarðir eru bygðar.

Það ætti því að mega treysta því, að dómur úttektarmanna, um hvað afgjald jarðarinnar skuli vera, yrði rjettlátur, og rjetti hvorugs aðilja hallað, þegar sanngjarnlega er á alla málavexti litið.

Undir þessum kringumstæðum verður að telja rjett, að jarðargjöld verði eftir því, sem úttektarmenn ákveða, og verði báðir aðilar að hlíta þeim dómi.

Um 8. gr.

Hún þarf ekki skýringar við.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

Um 9. gr.

Líklega er nærri helmingur allra jarðeigna í landinu í leiguábúð. Jarðirnar eru nú bygðar til mjög mislangs tíma. Sumar eru bygðar til lífstíðar, en þær eru þó tiltölulega fáar, þegar þjóð- og kirkjujarðir eru frá skildar. Margar eru bygðar til fárra ára og sumar aðeins til eins árs. Með þannig lagaðri byggingu er ábúanda fyrirmunað að hefjast nokkuð handa með umbætur á jörðinni. Leggi hann í kostnað jörðinni til umbóta, getur hann

eins vel búist við að þurfa að flytja frá henni, áður en hann nyti nokkurs arðs af þeim umbótum er hann gerði. Jarðareiganda, eða þeim er við tekur, fellur þá allur arðurinn af umbótunum í skaut, án minsta tilverknaðar. Með þessu er þá í raun og veru alveg útilokað, að ábúandi leggi nokkuð í kostnað jörðinni til umbóta. Enda er sjón sögu ríkari. Það má heita nær undantekningarlaust, að á þeim jörðum, sem bygðar eru til fárra ára í senn, sje bókstaflega ekkert gert, eins og við er að búast. Sú eina undantekning, sem á sjer stað frá þessu um jarðir, sem bygðar eru til skamms tíma, er þar sem ábúandi veit, að enda þótt hægt sje að segja upp ábúð jarðarinnar hvenær sem vera skal, samkvæmt byggingarbrjefi, að þá myndi jarðareigandi ekki nota sjer slíkt. Þar, sem þannig stendur á, er ábúandi öruggur með ábúð jarðarinnar og ræðst vafalaust í ýmiskonar umbætur, eins og væri jörðin bygð til langs tíma. En slíkir jarðareigendur, sem þannig vilja halda sama ábúanda áfram á jörðum sínum, eru mjög fágætir. Og er vafalaust að slíkt er hreinasta undantekning, þó nefndin viti hinsvegar, að þeir eru aðeins til. En það eru aðeins þeir menn, sem þannig eru skapi farnir, að þeir telja sína sæmd að meiri, að vel sje að hag ábúanda búið af sinni hálfu og óski einskis framar en að jörðin prýkki og batni ábúanda til gagns og ánægju, án þess að ætla sjálfum sjer nokkurn hag af slíkum umbótum.

En hvað eru margir jarðeigendur á öllu landinu, sem leigja jarðir, þannig skapi farnir? Þeir eru vissulega það fáir, að ekki er hægt, því miður, að taka mikið tillit til þeirra í þessu efni.

Með líkum byggingarskilmálum og hafa verið á mjög mörgum jörðum í landinu er þá að miklu leyti útilokað, að jarðirnar verði nokkuð verulega bættar, þar sem ábúðinni er þannig fyrirkomið. Að slíkt sje heimilt, að halda þannig miklu af jarðeignum í landinu í niðurníðslu, er algerlega óhæfilegt. Það gegnir furðu, að Alþingi skuli ekki fyrir löngu hafa ráðið bót á þessu, þar sem jarðirnar, er í þannig lagaðri byggingu hafa verið, hafa þó borið þess óræk merki, að byggingarmátinn á þeim var með öllu ófær.

Af þessu hefir landbúnaðurinn beðið meira tjón en með tölum verður talið. Nefndin hefir safnað skýrslum um land alt af byggingu þeirra jarða, sem í leiguábúð eru, og um ásigkomulag þeirra hvað byggingar snertir, ræktun, búskap o. fl., og borið saman við jarðir, sem í sjálfsábúð eru. Og það má heita einróma svör hvaðanæfa af landinu, að leigujarðir sjeu mikið ver ræktaðar og ver setnar en jarðir í sjálfsábúð. Byggingar á leigujörðunum eru víða óhæfar og þar frameftir götunum. Þar, sem leiguábúðinni svipar til sjálfsábúðarinnar, er helst á þeim jörðum, sem eru í lífstíðarábúð, og gætir þess þá mest með þær jarðir, sem landið á, þjóð- og kirkjujarðir.

Þar sem nú það opinbera leggur fram allmikið fje til ræktunar og umbóta á jörðum í landinu, er með öllu óverjandi að ábúðarlöggjöfin sje svo bágborin, að fjárgreiðslan úr ríkissjóði nái ekki tilgangi sínum. Án íhlutunar löggjafarvaldsins er fullsýnt að byggingarmáti margra jarða í landinu verður með öllu óhæfur, það er reynslan búin að sýna. Það er því miður enn margt manna í þessu landi, sem á jarðir og er að sækjast eftir að

eignast þær, er lætur sig litlu eða engu varða afkomu íslensks landbúnaðar, eða hvernig með jarðirnar fer, aðeins ef þeir hagnast á jarðapranginu. Slíkum mönnum á ekki að haldast uppi slík búnaðarspjöll.

Íslenskur landbúnaður á við nóga erfiðleika að etja, þó byggingarmátinn á jörðunum skapi ekki meiri örðugleika heldur en máske alt annað, sem að hefir steðjað, og eini vegurinn til að koma í veg fyrir að þetta ástand með jarðirnar haldi áfram, er að lögbjóða að jarðir sjeu bygðar til lífstíðar, aðeins með þeim undantekningum, sem greinin tiltekur, að eigandi geti, með þeim fyrirvara, sem þar er nefndur, tekið jörðina til eigin nota, eða handa barni sínu eða fósturbarni, en þó með því skilyrði, að ef jörðin er tekin handa barni eða fósturbarni til ábúðar, að þau fái hana um leið til eignar. Með því móti er stutt að sjálfsábúðinni, og er þess hin mesta þörf.

Landið er þegar búið að láta af hendi megnið af þeim jarðeignum sem það átti um skeið, svo eins og nú er komið, er ekkert umtalsmál að best og hagkvæmast er fyrir íslenskan landbúnað, að sem allra mest af jörðunum í landinu komist í sjálfsábúð. Frestur sá, er greinin tiltekur, eitt ár, fyrir uppsögn ábúðar, virðist hæfilega settur. Hann er að vísu mikið lengri en í ábúðarlögunum, en þeim, er flytur af jörð, er nauðsynlegt að vita um það með nægum fyrirvara. Sjálfsagt er að byggingarbrjefið beri það með sjer, ef eigandi ætlar síðarmeir að taka jörðina til þeirra nota, sem í greininni er nefnt.

Um 10. gr.

Það þarf nú ef til vill ekki að gera ráð fyrir því, að jarðareigandi losi jörð úr ábúð, nema ef um samningsrof sje að ræða, í öðrum tilgangi en þeim, er nefnt er í 9. gr. En kæmi slíkt fyrir, að sá, er fengi jörð til ábúðar, hefði ekki lagalegan rjett á því, er sjálfsagt að sá, sem flytti frá jörðinni, fengi hana aftur og bætt það tjón, er hann kann að hafa beðið við burtflutninginn.

III. KAFLI.

Um hús á jörðum og skyldur landsdrottins.

Um 11. gr.

Eins og áður er á minst, fylgdu hverri jörð fyrrum öll hús, sem þurfti fyrir ábúð jarðarinnar. Að því er rækilega vikið áður, hvernig þetta breyttist og fyrir því er ekki þörf að minnast frekar á það hjer. Það er algerlega óbærilegt að þetta ástand haldist áfram, sem verið hefir um langt skeið, með húsnæðið á leigujörðunum. Þó nokkur munur kunni að hafa verið á þessu á ýmsum jörðum, sem í leiguábúð hafa verið, þá má þó heita að flestar þeirra sjeu illa hýstar hvað jarðarhúsin áhrærir. Og vegna þess hvernig ábúðartímanum hefir verið varið á flestum þeirra, þá hafa leiguliðar ekki getað bætt húsakynnin, svo að viðunandi væri.

Nefndin hefir safnað skýrslum um alt land þessu viðvíkjandi, og þær fjölmörgu skýrslur, sem hún hefir fengið um þetta efni, eru talandi vottur þess hve ástandið er hörmulegt víðsvegar um landið. Híbýli manna á fjölda mörgum jörðum, og þá leigujörðunum fyrst og fremst, eru svo ljeleg, að þau geta alls ekki talist manna bústaðir, þó menn neyðist til þess að hýrast í þeim. Við byggjum sjúkrahús nú nærri á hverju ári, og þau fyllast af fólki jafnóðum og þau koma upp. Þar kostar ríkið dvöl fólksins að meira eða minna leyti, og það er ekki annað fyrirsjáanlegt en að þetta ætli að eyðileggja fjárhag landsins. En þrátt fyrir það, þó sjúkrahúsunum hafi fjölgað svona ótt, virðist sjúklingunum eða heilsulausu fólki fjölga enn örara, ekki síst í sveitunum, þannig, að fleiri og fleiri verða með hverju árinu, sem þurfa að komast í sjúkrahús, en þar vantar rúm fyrir þá. Myndu nú ekki hin afarljelegu húsakynni, sem margt að fólki víðsvegar í sveitum landsins verður að hýrast í heima, eiga sinn þátt í þessum ófarnaði?

Nefndin efast alls ekki um að svo sje. En ef það er rjett, þá sjá allir heilvita menn, hve aðkallandi nauðsyn það er, að úr þessu verði bætt. En það verður því aðeins, að sá sem á jörðina leggi til öll hús, sem þarf með fyrir ábúð jarðarinnar. Þetta kostar auðvitað jarðareigendur allmikla fjármuni, en hjá þessum ráðstöfunum verður alls ekki komist. Þetta er eina leiðin til þess að jarðirnar verði almennilega hýstar og ræktun þeirra og meðferð öll komist í það horf, sem nauðsyn ber til.

Um það, hvernig gerð húsanna skuli vera á leigujörðum og ásigkomulag þeirra, er sanngjarnast að miðað sje við hús á jörðum, sem eru í sjálfsábúð, og að gerð húsa á leigujörðum sje ekki lakari en alment gerist á jörðum í sjálfsábúð. Virðist einfaldast að hjeraðslæknir og hreppstjóri segi til um ástand húsanna, og ætti báðum aðilum, jarðareiganda og leiðuliða, að vera trygt, að með því móti yrði hlutdrægnislaust frá ásigkomulagi húsanna skýrt.

Um 12. gr.

Langheppilegast mun vera, að jarðareigandi beri sjálfur ábyrgð á fyrningu húsanna. Það mun ekki gefast vel að annar en sá, er húsin á, annist viðhald þeirra. Hinsvegar er sjálfsagt, að leiguliði lagfæri það, sem aflaga fer og kemur ekki eðlilegri fyrningu húsanna við.

Um 13. gr.

Þar sem skyldur jarðareiganda eru mun meiri samkvæmt því, sem lagt er til í frumvarpi þessu, heldur en eftir ábúðarlögunum frá 1884, t. d. ábúðartími til lífstíðar og að eigandi verði að eiga öll hús á jörðinni, er nauðsynlegt að gott eftirlit sje með því hvernig jarðirnar eru setnar, t. d. hvernig um hús er gengið o. s. frv., og hvort yfir höfuð byggingarskilmálar jarðarinnar eru haldnir. Til þess starfa eru úttektarmenn best fallnir. Þeir hafa hvort sem er það starf með höndum, þegar jörð er tekin út, og eiga þá að segja til um það, sem þeim þykir ábótavant. Er því í raun og veru gefið,

að þeir hafi eftirlit með ábúð á leigujörðum og gefi skýrslu til landsdrottins um hvernig jörðin er setin.

Um 14. gr.

Það er nauðsynlegt að úttektarmenn hafi nákvæmar gætur á allri meðferð leigujarða og dragi ekkert undan við landsdrottin af því, sem þeim kann að þykja áfátt við ábúð jarðarinnar. Ef þeir vanrækja skyldur sínar í þessum efnum, svo að landsdrottinn bíði tjón af, er ekki nema rjettmætt að þeir bæti fyrir það.

Um 15. gr.

Þó með frumvarpi þessu sje ráð fyrir því gert, að landsdrottinn eigi öll nauðsynleg hús á jörðinni, má gera ráð fyrir, þó að þetta verði að lögum, nokkur fyrstu árin eftir að lögin öðlast gildi, að fráfarandi eigi hús á jörðunni. Einnig getur altaf viljað til síðar meir, að fráfarandi eigi hús á jörðu. Hann getur hafa þurft að auka hús á jörðinni fyrir aukna áhöfn, og sje sú húsbygging það nýlega gerð, að ekki hafi verið búið að koma því í kring að jarðareigandi keypti. Er þá nauðsynlegt að fráfaranda sje trygt að jarðareigandi kaupi húsin eftir mati, svo framarlega sem þeirra er þörf fyrir ábúð jarðarinnar.

Álítist aftur á móti, að húsin sjeu illa gerð eða þeirra ekki þörf fyrir ábúð jarðarinnar, er engin ástæða til að skylda jarðareiganda til að kaupa þau; og virðist þessi frestur, sem hjer er tiltekinn til að rjúfa húsin og koma þeim í burtu, vera hæfilega settur.

Um 16. gr.

Ef það álíst nauðsynlegt, að landsdrottinn eigi öll hús á jörðinni, ef með þarf vegna ábúðar hennar, þegar hún er bygð, eins mikil þörf er á því, að hann bæti við húsin eða endurbæti þau, þegar þau fyrnast fyrir aukna ræktun eða aukna áhöfn á jörðinni. En fari svo að landsdrottinn neiti að fjölga húsum eða bæta þau, verður ábúandi að hafa heimild til þess að gera það og fá kostnaðinn endurgreiddan. Sjálfsagt er að úttektarmenn votti um nauðsyn húsanna, svo það sje trygt að ekki sje hrúgað upp húsum umfram það, sem þörf er á fyrir ábúðina á jörðinni.

Þegar hús eru endurbygð, má gera ráð fyrir, að húsin, sem bygð eru, verði verðmeiri en hin gömlu voru, og er þá gefið að landsdrottinn verður að hafa heimild til að hækka gjaldið af húsunum hlutfallslega við það sem nýju húsin (eða húsið) kostar meira en hin gömlu.

Um 17. gr.

Því miður er það víst þannig ástatt í sumum sveitum landsins, að ekki er til nein húsatrygging. En sjálfsagt er að gera mönnum að skyldu að tryggja hús sín fyrir eldsvoða, þar sem þess er kostur. Búast má við, að ekki líði á löngu áður en í hverri sveit í landinu verði komið á sveitartryggingu, svo menn geti þá trygt hús sín, og ætti það ekki að vera neitt áhorfsmál. Tak-

ist svo illa til, að hús brennur, sem ekki hefir verið hægt að tryggja, er sanngjarnt að leiguliði hjálpi landsdrottni til að koma því upp og leggi til verksins það mikið af mörkum eins og segir í 33. gr. og nánar verður að vikið í umsögninni um þá grein.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskifti á jörð og skyldur leiguliða.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nær hin sömu og í ábúðarlögunum og svo gamalkunn, að ekki virðist ástæða til skýringar.

Um 19. gr.

Hjer er fráfaranda gert að skyldu að verja tún og engjar þar til hann flytur af jörðu. Er það sjálfsagt. Annars gefur greinin ekki tilefni til frekari skýringar.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hin sömu og í ábúðarlögunum og gefa því ekki tilefni til skýringar.

Um 21. gr.

Hún þarf ekki skýringar við.

Um 22. gr.

Um margar aldir hafa kúgildi fylgt sumum leigujörðum. Upphaflega fylgdi fjenaður sumum jörðum, sem klaustrunum voru gefnar, og þegar þær voru svo leigðar, voru kúgildi látin fylgja þeim. Á þann hátt gátu menn tekið háa leigu eftir fje sitt. Enginn efi er á því að þetta ýtti undir þá, er jarðirnar áttu, að leigja þær með kúgildum. Þeim var þetta beinlínis til hins mesta gróða. Vera má, að fátækum mönnum hafi verið auðveldara í byrjun að taka jörð til ábúðar með kúgildum, en yfirleitt má segja um kúgildin, að þau hafi verið leiguliðum meir til tjóns en gagns.

Á síðustu árum hefir verðlag mjög breyst frá því, sem áður tíðkaðist, eins og kunnugt er. Þetta hefir þó verið mjög mismunandi fyrir hinar ýmsu vöru- og fjenaðartegundir. Með því hefir raskast algerlega það samræmi, sem var í verðlagi milli t. d. hinna ýmsu fjenaðartegunda og gjaldi af þeim. Það hefir því í seinni tíð orðið enn meira áberandi en nokkurntíma áður, hvað kúgildi með jörðum geta verið óheppileg kvöð fyrir þann, er jörð tekur á leigu, einkanlega þar sem gjaldið af þeim hefir verið óheyrilega hátt, og leiguliði hefir auk þess borið ábyrgð á kúgildunum og fyrningu þeirra. Sum árin hefir gjaldið af kúgildunum komist upp undir 20%

vexti, og auk þess ber svo leiguliði ábyrgð á fjenaðinum og verður að annast fyrningu hans.

Þetta getur ekki orðið til annars en að íþyngja leiguliða alltilfinnanlega, og sýnist ekki ástæða til að gera slikt. Hinsvegar vill nefndin, að þetta atriði geti verið samningsmál milli landsdrottins og leiguliða, hvort kúgildi skuli fylgja jörð eða ekki. En ef kúgildi fylgi, að þá sje lögboðið, hvaða gjald skuli taka af þeim, og þykir nefndinni 6% hæfilega mikil leiga, miðað við verðlagsskrá í því hjeraði, sem jörðin er, einkum þar sem leiguliði ber ábyrgð á kúgildunum og annast um fyrningu þeirra. En vafalaust er best fyrir leiguliða, að engin kúgildi fylgi jörðu.

Um 23. gr.

Á seinni árum hefir það viljað brenna við, að sumir þeirra manna, er keypt hafa jarðir, hafi ekki tekið þær til ábúðar fyrir sjálfa sig, heldur bygt þær öðrum á þann hátt, að leiguliði hefir alls ekki fengið að nota hlunnindi jarðarinnar, þó hlunnindajörð hafi verið, og oft ekki fengið til ábúðar nema nokkurn hluta jarðarinnar. Eigandinn hefir svo sjálfur haft svo og svo mikið af jarðarnytjunum, eða jafnvel leigt þær öðrum, sem ekki hefir búið á jörðinni og heldur ekki átt heima í þeirri sveit, sem jörðin hefir verið í. Þannig hefir það átt sjer stað, að margar jarðir í einni sveit hafi verið í þannig lagaðri ábúð, að leiguliði hafi aðeins haft jarðarnot að litlum hluta, en megnið af nytjum jarðarinnar, t. d. hey af túni og engjum, hafi verið flutt í aðra sveit eða kaupstað. Á þennan hátt hefir búskapurinn á jörðunum komist í hina mestu niðurlægingu, og sveitin, sem hefir orðið fyrir þessum þungu búsifjum, hefir mist þar í stórkostlega. Gjaldþol hennar hefir þorrið tilfinnanlega og jarðirnar, sem þannig hefir verið farið með, hafa gengið úr sjer að rækt. Sumstaðar hefir þetta gengið svo langt, að það hefir alls engin ábúð verið á jörðunum, en alt fjemætt af þeim flutt í burtu, helst í kaupstaði. Lögskil og þesshættar hefir auðvitað sumpart ekki eða að mjög litlu leyti verið int af höndum af jörðunum til sveitarinnar.

Þvílíkar aðfarir eru algerlega óviðeigandi. Ábúðarlögin eiga að stuðla að því, að á hverri jörð verði sú áhöfn, sem jörðin með góðu móti ber. En það getur best orðið með því móti, að ábúandi hafi öll jarðarnot og hlunnindi jarðarinnar, ef nokkur eru, alveg eins og annað.

Um. 24. gr.

Þessi grein er mjög svipuð 3. gr. ábúðarlaganna. Þó er í þessari grein ekki lagt bann við því, að menn megi taka húsmenn, eða bannað, að menn veiti öðrum mönnum nokkur afnot jarðar, ef fólkið vinnur að búi bóndans og á heimili hjá honum. Víða til sveita er alt of fátt fólk, svo að mörg heimili eiga afarerfitt með að bjargast fyrir þær sakir. Gætu bændur fremur fengið fólk til þess að vinna hjá sjer með því að ljá því jarðarafnot, að fólkið fengi t. d. að hafa skepnur, þá virðist nefndinni sem þetta gæti orðið til hagræðis ábúanda og fólkinu líka til góðs.

Ræktun jarðarinnar eða meðferð hennar þyrfti síst að verða lakari

með þessu móti, nema síður sje. Það virðist því, að það geti verið í alla staði hagfelt að heimila leiguliða að taka fólk á þennan hátt. Það verður því aðeins notað, að leiguliði sjái sjer hagræði í því. Fyrir ábúðina á jörðinni verður það áreiðanlega ekki verra.

Um 25. gr.

Hirði leiguliði illa um jörð sína og bæti ekki úr því, sem áfátt er, er rjettmætt, að hann missi ábúðarrjett sinn. Og eftir skýrslu úttektarmanna á landsdrottinn að geta sjeð, hvað ábúðarjörðinni líður, svo hann getur í tæka tíð aðvarað leiguliða. — Frekari skýringar virðist ekki þörf.

Um 26. gr.

Þessi grein er að mestu eins og 24. gr. ábúðarlaganna, og virðist því ekki þurfa frekari skýringar.

Um 27. gr.

Búi landsdrottinn langt í burtu, er rjett, að hann hafi umboðsmann til að veita jarðargjöldum móttöku. Virðist því það, er greinin tiltekur, vera mjög rjettlátt.

Um 28. gr.

Rjett er, þegar landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð, að uppsögnin sje skýr og ótvíræð og frá því sje greint í uppsögninni, hvað útbyggingunni valdi.

Um 29. gr.

Í þessari grein eru samandregnar þær helstu ástæður, sem geta verið orsakir til útbyggingar. Er það miklu greinilegra að taka það saman í eina grein heldur en að það sje eingöngu að finna á víð og dreif í lögunum.

Um 30. og 31. gr.

Ákvæði þessara greina eru hin sömu og í 27. gr. og 28. gr. ábúðarlaganna.

Um 32. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 29. gr. ábúðarlaganna, og þarf því ekki skýringar við.

V. KAFLI.

Um skemdir á jörðum af völdum náttúrunnar og um breytingar á jarðargjöldum.

Um 33. gr.

Ekki virðist geta komið til mála að leggja þyngri kvöð á leiguliða um endurbyggingu húsa, ef þau skemmast af völdum náttúrunnar, en að hann

leggi til endurbyggingar húsanna alla þá vinnu, sem hann getur í tje látið með skylduliði sínu, umfram það, sem brýnustu heimilisstörf heimta. Þó sýnist rjettmætt, að leiguliði leggi eitthvað af mörkum til endurbyggingar húsanna, þegar svona stendur á, þar sem það er jafnframt í hans þágu, að húsin komist sem fljótast og best upp aftur, og hinsvegar að jarðareigandi verður fyrir allmiklu fjártjóni, þegar svona vill til, sem hann seint eða aldrei fær endurbætt. Virðist því fara vel á því, undir þessum kringumstæðum, að báðir aðiljar hjálpist að því að byggja húsin upp. Ákjósanlegast má telja, að úttektarmenn meti, hvað mikla vinnu hægt er að heimta af leiguliða í þessu skyni. Annars er þessi grein lík 16. gr. ábúðarlaganna.

Um 34. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 17. gr. ábúðarlaganna. Í ábúðarlögunum er ákveðið, að afgjald jarðar megi lækka um helming þess verðs, sem skemdirnar eru metnar til ár hvert, ef jörðin rýrnar til langframa; en hjer er lagt til, að lækkunin af þessum ástæðum megi nema ⅔ hlutum verðs.

VI. KAFLI.

Um breytingar á jarðargjöldum fyrir sjerstakar ástæður.

Um 35. gr.

Þó að gera megi ráð fyrir, að aðstaða til búskapar sje venjulega litlum breytingum háð á flestum jörðum um lengri tíma, getur þó auðveldlega átt sjer stað, að svo miklar verðlagsbreytingar geti orðið, t. d. á verðlagi landbúnaðarafurða, peningagildi o. fl., að öll sanngirni mæli með því, að leigumála á jörðum verði breytt frá því, sem áður var.

Þannig getur t. d. aðstaða til búskapar á jörð í grend við kauptún, sem er að stækka, orðið miklum mun betri en ráð var fyrir gert, þegar hún var bygð, og leigumáli jarðarinnar því í ósamræmi við notagildi hennar, fyrir bættar og breyttar aðstæður, svo sem bættar samgöngur, stofnun og starfrækslu nýs fyrirtækis, sem ábúandi hefir miklar nytjar af, o. fl. Eins getur það og viljað til, þegar jörð var bygð, að búist hafi verið við því, að miklar framfarir og framkvæmdir yrðu og að leigumálinn hafi verið gerður með það fyrir augum, en af þessu hafi ekki orðið einhverra breyttra orsaka vegna, og þess vegna bæri nauðsyn til að lagfæra leigumálann með hliðsjón af þessum breyttu kringumstæðum.

Getur því verið gott og gagnlegt, að hvor aðilinn, landsdrottinn og leiguliði, geti óskað álits og úrskurðar kunnugra manna um, hvað megi álíta sanngjarnan leigumála á jörðinni. Hefir nefndin álitið, að með skipun 5 manna gerðardóms, eins og lagt er til í frumvarpinu, að úttektarmenn sjeu í honum og aðilar tilnefni sinn manninn hvor og sýslumaður oddamann, þá muni það verða vel trygt, að sú niðurstaða, sem slíkur gerðardómur kemst

að, myndi verða hlutdrægnislaus og sanngjörn fyrir báða aðilja. Sjálfsagt virðist og, að báðum aðiljum verði gert að skyldu að hlíta úrskurði slíkra gerðarmanna. — Frekari skýringar virðist ekki þörf við þessa grein.

Um 36. gr.

Þó vafalaust megi gera ráð fyrir, að sá leigumáli, sem landsdrottinn og leiguliði hafa komið sjer saman um, sje oftast nær sanngjarn og geti því staðist langa stund, þá getur þó hugsast, að það komi fyrir, að leiguliði, t. d. af ókunnugleik, taki jörð til ábúðar með hærri leigumála en í raun og veru væri gerlegt, og þyrfti því nauðsynlega að fá leiðrjetting á honum, til þess að geta haldið ábúðinni áfram á jörðinni. Virðist því nauðsynlegt, að lögin ákveði, með hvaða móti slík ágreiningsefni verði útkljáð. Hefir nefndinni litist, að með samskonar gerðardómi og nefndur er í næstu grein á undan (35. gr.) verði best úr þessu skorið. Að gerðardómurinn um þetta efni verði skipaður á sama hátt og hinn og vald hans til úrskurðar um þessi atriði verði hið sama og eftir 35. gr.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

Um 37. gr.

Samkvæmt 14. gr. ábúðarlaganna er eins vel gert ráð fyrir, að reki sje ekki látinn fylgja í leiguliðanotum. Þessu er nefndin algerlega mótfallin. Hún telur, að hverri jörð beri að fylgja allar landsnytjar og hlunnindi, sem áður hafa fylgt, því á þann hátt verði búskapur á jörðinni með mestum myndarskap og að það verði báðum aðiljum, landsdrottni og leiguliða, til mests fjárhagslegs gagns og búbótar.

Um 38. gr.

Ef landsdrottinn á sjerstakan reka, sem ekki hefir fylgt leigujörð hans, en í námunda við hana, virðist rjett, að leiguliða hans sje skylt að hirða um hann.

Um 39. gr.

Ekki sýnist ástæða til að skylda, að hvalreki fylgi leiguliðanotum. Þesskonar höpp eru nú orðið heldur sjaldgæf, og ekki er unt að byggja jörð með hliðsjón af þesskonar höppum. Fyrir því virðist langrjettast, að jarðareiganda falli þau í skaut, þegar svo ber við, nema hann kjósi annað, og má hann þá ákveða um það sjálfur í byggingarbrjefi. Annars virðist ekki ástæða til að fjölyrða meir um þessa grein.

Um 40. gr.

Í 23. og 37. gr. þessa frumvarps er það skýrt tekið fram, að öll hlunnindi jarðar skuli fylgja leiguliðanotum, svo það er ef til vill óþarfi að koma nokkuð nánar inn á það hjer, sem hefir þó verið gert til frekari árjettingar.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

Um 41. gr.

Þar, sem jörð er bygð með því skilyrði, að jarðarbætur sjeu gerðar og þær eru sem einn hluti í afgjaldi hennar, á landsdrottinn rjett til greiðslu fyrir það, ef þær eru ekki framkvæmdar. Þá sýnist og sjálfsagt, að leiguliði megi gera jarðabætur í smærri stíl, sjeu þær vel gerðar og líklegar til að hækka jörðina í verði. Það sýnist þá og í alla staði sanngjarnt, að leiguliði fái greiðslu fyrir þær jarðabætur, sem hann hefir látið gera, þegar hann flytur af jörðinni, að því leyti sem hún verður álitin meira virði fyrir þær og batni til búskapar, en að sjálfsögðu ber að draga þá styrki frá þeirri upphæð, sem kunna að hafa verið greiddir af opinberu fje fyrir þessar umbætur, er gengið hafa til leiguliða. Heppilegast sýnist vera, að þeir, er hafa jarðabótamælingar með höndum, og úttektarmenn dæmi um í þessu atriði.

Um. 42. gr.

Þó að leiguliða sje heimilað að gera jarðabætur í smærri stíl án þess að samþykki landsdrottins þurfi þar til, þá er ekki rjett, að leiguliði geri jarðabætur í stórum stíl án þess að leita samkomulags við landsdrottin, er kosta hann mikið fje. Virðist rjett, að jarðareigandi framkvæmi sjálfur jarðarbótina, ef hann vill, og megi hækka afgjald jarðarinnar að nokkru leyti fyrir umbæturnar, og virðast 4% af kostnaðinum vera hæfilega sett.

Fari aftur á móti þannig, að jarðareigandi vilji alls ekki framkvæma verkið, ætti leiguliða að vera heimilt að vinna það og hafa rjett til þess að fá borgun fyrir, þegar hann flytur af jörðinni, samkvæmt 41. gr. Þegar þannig er um hnútana búið, að nákvæm skoðun fer fram á verkinu og gildi þess fyrir ábúð jarðarinnar í framtíðinni, og um enga greiðslu er að ræða fyrir verkið til handa leiguliða, nema hann flytji af jörðinni, og þá aðeins að því leyti sem jörðin hefir batnað við umbótina, ætti engin hætta að vera á því, að landsdrottinn þurfi nokkurntíma að greiða fjármuni í því skyni umfram það, sem jörð hans hefði hækkað í verðmæti og hann fengi endurgoldið síðar.

Um 43. gr.

Rjett þykir, að leiguliði hafi nokkra tryggingu fyrir því að fá greidda þá fjármuni, er hann kann að eiga hjá landsdrottni fyrir húsbyggingar og umbætur á jörðinni, og virðist ekki nema eðlilegt, að það sje forgangskrafa í bú hans, næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru að lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

Um 44. gr.

Samkvæmt því, sem lagt hefir verið til í þessu frumvarpi um byggingarmáta jarða, ábúðartíma og húsnæði, eru miklar breytingar frá því, sem verið hefir um langt skeið. Þannig hvíla á jarðareiganda miklu meiri skyldur en áður með það, að jörð og byggingar sjeu í því ástandi, að búskapurinn geti að því leyti fullkomlega notið sín. Og þetta er afarþýðingarmikið og nauðsynlegt atriði. Nú getur hæglega komið fyrir, að jarðareigandi vilji selja jörðina, og haft góðar og gildar ástæður til þess. En sje hún í lífstíðarábúð, getur verið nær ómögulegt að selja hana, ef ábúandi vill alls ekki kaupa jörðina. Þetta getur komið sjer afarilla fyrir jarðareiganda. Og þar sem ætla má, að fasteignamat á jörðum nálgist allmikið hið raunverulega verðgildi þeirra, er sanngjarnt, að jarðareigandi hafi þann rjett að losa jörðina úr ábúð, ef leiguliði vill ekki kaupa hana með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði á nýjustu umbótum á henni, en að frádregnum opinberum styrk, er til þeirra hefir verið greiddur, þó að því áskildu, að jörðin liggi ekki undir sýnilegum skemdum.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

Um 45. gr.

Eins og tíðkast hefir um langt skeið, er sjálfsagt, að úttekt á jörðum fari fram, þegar ábúendaskifti verða, og mun það vera heppilegt, að hún fari fram tímanlega að vorinu, eða á þeim tíma, sem helst má ætla, að hlutaðeigendum komi best. Það ætti að vera föst regla að gefa öllum hlutaðeigendum kost á að vera við úttekt á jörð. Á þann hátt er best fyrir því sjeð, að úttektin fari vel úr hendi og athygli úttektarmanna sje vakin á því, sem skift getur máli við úttektina.

Um 46. gr.

Um langt skeið hafa hreppstjórar verið úttektarmenn, og sýnist ekki ástæða til annars en að svo verði áfram. Þeir hafa að mörgu leyti góða aðstöðu til að geta dæmt um ásigkomulag jarða, sökum starfa sinna í sveitunum. Um skipun annara úttektarmanna með hreppstjóra er það að segja, að samkvæmt því, sem lagt er til í þessu frumvarpi, ætti að vera trygt, að vel væri vandað val á þeim.

Um 47. gr.

Rjett virðist, að úttektarmenn sjeu skipaðir til langs tíma. Með því móti kemst festa í störfin og samræmi verður með því móti best fengið við úttektir jarða yfirleitt. Samkvæmt ábúðarlögunum eru úttektarmenn skipaðir til 6 ára, en hjer er lagt til, að þeir verði skipaðir til 12 ára. Verður að telja það betur fara.

Um 48. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu svipuð 32. gr. ábúðarlaganna. Virðast ekki gefa tilefni til skýringar.

Um 49. gr.

Það verður að álítast afarþýðingarmikið atriði, að úttektir sjeu vel og greinilega gerðar. Af þeim á að vera hægt að sjá, hvernig ásigkomulag jarðarinnar, hús og önnur mannvirki eru á hverjum tíma, þegar úttekt fer fram. Er best, að þar sje sem ljósast fram tekið um hvað eina, er jörðina snertir, þar á meðal ábúð hennar og yfir höfuð ástand alt. Það virðist vera ástæðulaust að taka ítarlegar fram um það en gert hefir verið í þessari grein, hvert verkefni úttektarmanna er og hvað þeim ber að taka fram í úttektinni. Af þessu, sem tekið er fram í frumvarpinu, á úttektarmönnum að vera það ljóst, að til þess er ætlast af þeim, að þeir við úttekt og skoðunargerð á jörðum taki alt það fram í úttektinni, er nokkru máli skiftir um útlit og ástand jarðarinnar og ábúðina á henni.

Um 50. gr.

Efni þessarar greinar er að miklu leyti eins og í síðari hluta 33. gr. ábúðarlaganna. Virðist því ekki þörf skýringar.

Um 51. gr.

Þessi grein er að mestu eins og 34. gr. ábúðarlaganna.

XI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

Um 52. gr.

Sökum þeirra breytinga, er verða á ýmsu, sem ábúðarskilmála jarða snertir, ef þetta frumvarp verður að lögum, er nauðsynlegt, að úttekt á jörðum fari fram þegar, þar sem með þessu frumvarpi er lögð sú skylda á landsdrottin, að hann eigi öll hús — bæjar- og peningshús, — er þarf með fyrir ábúð jarðarinnar, og að ástand þeirra sje vel við undandi, og þar sem nú er svo ástatt um mjög margar leigujarðir, að landsdrottinn á ekki nema að einhverju leyti hús á jörðinni, er þarf fyrir ábúðina á henni, er óhjákvæmi-

legt, að nákvæm athugun á öllu þessu fari fram. Þar sem þannig er ástatt, að jarðareigandi á ekki nægileg hús á jörðu, verður hann, samkvæmt því, sem hjer er lagt til, að kaupa þau hús, er til vantar, eða byggja þau upp.

Að sjálfsögðu ber ábúanda að greiða álag á leiguhús (jarðarhús), sem jörðu fylgja, næst er úttekt fer fram eftir að þessi lög öðlast gildi.

Um 53. gr.

Gera má ráð fyrir, að leiguliði fái jörð sína áfram til ábúðar, þó byggingartími sje útrunninn samkvæmt eldra byggingarbrjefi, svo framarlega sem eigandi hennar taki hana ekki til eigin nota eða handa börnum sínum. En þó gera megi ráð fyrir, að það verði oftast þannig, er ekkert því til fyrirstöðu, að ábúandi hafi tryggingu fyrir því að hafa jörðina til ábúðar, ef hún yrði í leiguábúð framvegis, nema jarðareigandi hafi, áður en hann vissi nokkur deili á þessum lögum, verið búinn að lofa öðrum jörðinni. Slík loforð verða auðvitað að standa. Vitanlegt er það, að í eldri byggingarbrjefum, sem gefin hafa verið eftir gildandi ábúðarlögum, mun ekki vera gert ráð fyrir því, að jarðareigandi legði til öll hús, er með þarf til ábúðar á jörðinni; þess vegna verður að vera til heimild fyrir því, að breyta megi byggingarskilmálunum að þessu leyti, eftir því sem aukin fjárframlög til húsagerðar gefa ástæðu til af hendi jarðareiganda samkvæmt þessu frumvarpi. Að öðru leyti þarf ekki að breyta eldri byggingarbrjefum vegna ákvæða þessa frumvarps, þó að lögum verði, meðan ábúðartíminn eftir þeim varir. En sanngjarnt er, að jarðareiganda beri skylda til að greiða fyrir þær jarðabætur, sem unnar eru eftir að lög þessi öðlast gildi, á sama hátt og segir í 41. og 42. gr., þó leiguliði hafi ábúðina áfram eftir fyr gefnu byggingarbrjefi. Það er í fylsta samræmi við greiðslur fyrir unnar jarðabætur á jörðum, sem bygðar verða eftir að lög þessi öðlast gildi.

Ekki sýnist ástæða til að þinglýsa eldri byggingarbrjefum.

Um 54. gr.

Á næstu 5 árum eftir að lög þessi öðlast gildi er til þess ætlast, að jarðareigendur komi öllum húsum, er þarf fyrir fólk og áhöfn á jörðinni, í það horf, sem 11. gr. tiltekur.

Vanræki jarðareigandi þetta, getur leiguliði auðvitað bygt upp húsin sjálfur, sbr. 16. gr., og krafist borgunar fyrir það af jarðareiganda. En kjósi leiguliði heldur að flytja af jörð fyrir þá sök, að jarðareigandi hefir vanrækt að byggja upp hús á henni, er rjett, að honum sje það heimilt, þó hann hafi ekki þann fyrirvara fyrir uppsögninni, sem þetta frumvarp gerir annars ráð fyrir. Leiguliði getur búist við í lengstu lög, að jarðareigandi leggi til hús á jörðina, eins og honum ber skylda til, en svo þegar hann loksins sjer, að jarðareigandi ætlar ekki að gera það, er fresturinn til uppsagnar orðinn of stuttur. Getur þá komið sjer vel fyrir leiguliða að mega fara frá jörðinni með litlum fyrirvara. Á það einkum við, ef húsakynni eru mjög ljeleg.

Nd. **241. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sveitabanka.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Sparisjóðsdeild og bústofnslánadeild Landbúnaðarbanka Íslands veita fyrir milligöngu banka, bankaútibúa, sparisjóða, samvinnukaupfjelaga og umboðsskrifstofa bankans sjálfs rekstrarlán og bústofnslán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, er lög þessi ákveða.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Landbúnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Rekstrarlán veitast rekstrarlánafjelögum og fjelagsmönnum þeirra með ábyrgð fjelagsins, ennfremur einstökum mönnum gegn nægum tryggingum.

Bústofnslán veitast bústofnslánafjelögum og fjelagsmönnum þeirra með ábyrgð fjelagsins, ennfremur einstökum mönnum gegn nægum tryggingum.

3. Við 3. gr. Fyrir orðin »rekstrarlán skv. 2. gr.« komi: lán samkv. 1. gr.

4. Við 4. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rekstrarlánafjelög og bústofnslánafjelög skulu hafa skyldur og rjettindi samvinnufjelaga og vera stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum, er hjer segir.

b. Stafliður *e* falli burt.

c. Ný málsgrein aftan við greinina:

Bústofnslánasjóðir þeir, er nú starfa, skulu hafa sama rjett til lánsfjár og bústofnslánafjelög, sem stofnuð verða eftir lögum þessum.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórnir rekstrarlánafjelaga og bústofnslánafjelaga ákveða hámark lána til hvers fjelagsmanns fyrir lánstímann. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Lán til einstakra fjelagsmanna mega ekki vera hærri en 4000 kr.

Eftir sömu reglum ákveðast lán til utanfjelagsmanna.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Fjelagsmaður hver setur fjelagi sínu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn metur fullnægjandi, fyrir láni sínu eins og það má hæst vera á hverjum tíma.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Lán rekstrarlánafjelaga til fjelagsmanna sinna skulu vera víxillán eða reikningslán. Venjulega skulu þau veitt til eigi lengri tíma en 6 mánaða, eða með 6 mánaða uppsagnarfresti, og eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði 1 ár.

Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar lán hefir verið veitt til

að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja hluta af láninu, lækkandi á hverju ári, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Fjelagsmanni, er ekki stendur í skilum við fjelag sitt, skal víkja úr fjelaginu. Rekstrarlánafjelag, sem ekki stendur í skilum við lánveitanda sinn, missir rjett til lánsfjár þar til það hefir gert full skil.

8. Við 8. gr. Greinin falli burt, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:

Bústofnslán má veita eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, sem um þau gilda í lögum og reglugerð Landbúnaðarbankans.

9. Við 9. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lánsstofnanir þær og umboðsskrifstofur, sem hafa milligöngu um rekstrarlán og bústofnslán, geta í stað þess að veita fjelögunum lán keypt o. s. frv.

b. Á eftir »sparisjóðsdeildar« komi: eða bústofnslánadeildar.

c. Fyrir »sveitabanki« í 2. og 3. málsgrein komi: rekstrarlánafjelag eða bústofnslánafjelag.

d. Á eftir »rekstrarlánafjelaga« í síðustu málsgr. komi: og bústofnslánafjelaga.

e. Fyrir »sveitabanka« í niðurlagi greinarinnar komi: fjelaganna.

10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Auk viðskifta rekstrarlánafjelaga og bústofnslánafjelaga við Landbúnaðarbanka Íslands með eða án milligöngu geta fjelögin selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Rjett er umboðsskrifstofum Landbúnaðarbankans að taka við innlögum með sparisjóðskjörum fyrir sparisjóðsdeild bankans.

12. Við 12.—15. gr. Fyrir »sveitabanka«, »sveitabankar« komi í sömu föllum: rekstrarlánafjelag og bústofnslánafjelag.

13. Fyrirsögn frumv. skal vera svo:

Frumvarp til laga um rekstrarlán og bústofnslán til búrekstrar.

Nd. 242. Frumvarp

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Bætur þessar skulu þeir, er laxveiðirjett eiga á

hverjum tíma í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, inna af hendi að tiltölu eftir veiðimagni, samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan, sbr. þó 3. gr. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar úr ríkissjóði.

4. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 10 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **243. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er óbreytt eins og það var samþykt í hv. efri deild bæði 1927 og 1928; hefir allsherjarnefnd athugað málið á ný og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. **244. Frumvarp**

til laga um hjeraðsskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm

krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánar fyrirmæli um fjelög stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, o kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólan um. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 175 kr. úr því.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum, og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki ss eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum yrk úr ríkissjóði, eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, en þó ekki hærri en m nemur meðaltali síðustu þriggja ára. Eigi gildir undanþága þessi lengur 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endur-oðendum. Skal annar valinn af sömu aðilum og til jafnlangs tíma og meiri uti skólaráðs, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til 3 ára í senn.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og n efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem e er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

d. **245. Frumvarp**

l laga um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 0, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

f hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr. 1,50.
f hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóður-kökum	— 2,00.
f hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldar-úrgangi	— 0,60.
f hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	— 0,25.
f hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu	— 1,00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **246. Frumvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, sbr. þó 7. gr., en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslu skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum alt að þriðjungi þess síld-

armjöls, er hún framleiðir árlega. Skulu fjelögin hafa sagt til fyrir 15. ágúst ár hvert, að hve miklu leyti þau vilja nota sjer rjett þennan. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varðar sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta eftir því, sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Ef sjerstaklega stendur á, er verksmiðjunni heimilt að kaupa síld við ákveðnu verði af utanríkismönnum. Hagnaður af þeim kaupum rennur óskiftur í varasjóð verksmiðjunnar, enda beri hann halla af kaupunum, ef nokkur verður.

9. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um gjaldþrotaskifti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 23, með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja

muni búsins, nema með samþykki gjaldþrota, fyr en fullnaðardómur er genginn, nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum.

27. gr. hljóðar svo:

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfláta og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram, eftir að gjaldþroti átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi gjaldþrota kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að gjaldþroti hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á gjaldþrota.

Hafi gjaldþroti gert kaupmála tveim árum eða skemri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemri tími sje liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem sjereign öðlast samkvæmt kaupmálanum.

Hafi gjaldþroti afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema gjaldþroti sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

36. gr. hljóðar svo:

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðusta birtingu innköllunar, nema lögmætur skiftafundur samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr. hljóðar svo:

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve há hundraðstölu af kröfum sínum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19. 4. júní 1924.

Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum um efni og form þessara auglýsinga. Auglýsingakostnaður greiðist af almannafje.

Nd. **248. Nefndarálit**

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta hefir í einhverri mynd legið fyrir 3 þingum og jafnan úr hömlu dregist.

1927 vann stjórnskipuð nefnd að undirbúningi þess og skilaði áliti á þingi 1928, sem að nokkru var þá til fyrirmyndar haft; en frv. þau, sem upp af því spruttu, á þskj. 214, 253 og 611, dögðu uppi, enda skiftust þá skoðanir mjög um aðferðir og leiðir.

Líkur skoðanamunur hefir að þessu sinni valdið því, að málið hefir verið borið fram í tveim ólíkum frv., á þskj. 40 og 43, þótt hjer sje aðeins frv. á þskj. 43 til meðferðar haft.

Sjávarútvegsnefnd hefir nú um sinn unnið að þessu máli og leitast við að leiða saman mismunandi stefnur. Hafa 4 nefndarmenn orðið sammála um að byggja tillögur sínar að miklu leyti á till. meiri hl. nefndarinnar frá 1928 (þskj. 611) og sameina með þeim hætti þær tvær stefnur undanfarins tíma, að byggja upp stofnlánasjóð án rekstrarlánadeildar, eða einhliða rekstrarlánasjóð.

Starfssvið Fiskiveiðasjóðs viljum vjer einskorða við báta og smáskip, svo sem ætlað var við stofnun sjóðsins 1905. Sú grein útgerðar hefir átt við erfiðust lánskjör að búa, en er þó flestum öðrum atvinnugreinum líklegri til samvinnustarfsemi og fjölgunar sjálfstæðum atvinnurekendum. Hinsvegar mundi lánsstofnun, sem fullnægði einnig þeim stórfeldari útgerðarfyrirtækjum, verða of fjárfrek og jafnvel síður þörf meðan þau fyrirtæki sitja fyrir lánveitingum aðalbankanna.

Um fjáröflun sjóðnum til handa höfum vjer talið rjettast að hverfa frá sölu vaxtabrjefa, sem bæði myndi nokkuð óviss á þröngum verðbrjefamarkaði og líkleg til að þyngja vaxtakjör, er brjefin seldust með miklum afföllum. Ætlum vjer ríkissjóði í þess stað að leggja fram 500000 kr. stofn með vægum vaxtakjörum þegar í byrjun til rekstrarlána, en auk þess 60000 kr. árstillag um 10 ár, sem ásamt eignum þess gamla sjóðs myndi stofnlánadeild.

Framlög þessi, sem að nokkru eru hliðstæð framlögum til Byggingar- og landnámssjóðs, álítum vjer ríkissjóði ljettbæra kvöð móts við tekjur þær, sem af útveginum fljóta.

Vaxtakjör sjóðsins ætlumst vjer til, að verði nokkru vægari en alment gerist, svo sem verið hefir um útgerðarlán sjóðsins undanfarið, enda ætlumst vjer til, að rekstrarlán öll verði skammæ og aldrei yfir 2 missiri.

Loks leggum vjer til, að stjórn sjóðsins verði falin Landsbankanum. Hann og útibú hans hafa nú svo víða á hendi útlánsstarfsemi vegna bátaútvegsins, að þeir ættu að þekkja öðrum betur hagi og þarfir viðskiftamanna. Má því ætla, að skifting fjárins milli útgerðarhjeraða og öll stjórn sjóðsins verði þar samræmilegri en vænst verður eftir hjá staðbundnari stofnunum.

Fiskiveiðasjóður verður að vísu eftir tillögum vorum miklu smáskornari

en æskilegt hefði verið. Þó teljum vjer, að bátaútveginum einum geti orðið að honum mikill styrkur, ef vel er á haldið, einkum ef fyrirhugaðir sveitabankar störfuðu samtímis og styddu jafnhliða útveg bænda þeirra, er á ströndunum búa. Vjer viljum og vænta þess, að síðar gefist færi á að afla sjóðnum aukins fjárstofns, ef sæmilega tekst um stjórn og starfsemi hans á næstu árum.

Eftir framansögðu breytist frv. í verulegum atriðum, þótt meginstofn þess og mörg fyrirkomulagsatriði haldist, og leggjum vjer til, að það verði samþykt svo sem það fer hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með haldkvæmum lánum.

2. 2. gr. orðist þannig:

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabrjefum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

II. 60000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði í 10 ár, en þaðan af 30000 kr. á ári.

III. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, jafnframt og lög þessi ganga í gildi, og greiðast ríkissjóði árlega 4% vextir af því fje.

3. 3. gr. orðist svo:

Fiskiveiðasjóður skiftist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er I. og II. lið 2. gr., en fje eftir III. lið fellur undir rekstrarlánadeild.

Óvissar tekjur sjóðsins og árlegur tekjuafgangur skiftist jafnt milli beggja deilda hans.

4. 4. gr. orðist svo:

Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

a) skipakaupa, alt að 50 rúmlesta.

b) stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, og til fiskimanna, sem verka hlut sinn sjálfir og selja. Má lán þessi veita gegn veði í fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin tekur gildar.

Aldrei skulu slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sje lokið á ársfresti, og skulu vextir vera að minsta kosti $^1/_2$% undir gildandi víxilbankavöxtum.

5. 5. gr. verði þannig:

Skipakaupalán má veita til 10 ára og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 25000 kr. til eins lánþega.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema

1/3 stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.

Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði ekki fara fram úr 5 1/2 %.

6. 6. gr. verði þannig:

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a) gegn fasteignaveði, alt að 3/5 af virðingarverði veðsins, og hvíli engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.

b) gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem eigi sigla til útlanda, alt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðrjettur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. 7. gr. orðist þannig:

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum, hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. 8. gr. orðist þannig:

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í þeim firnari landshlutum. Skal útlánsfjenu skift sem jafnast eftir útgerðarmagni báta í þeim einstöku landshlutum.

9. 9. gr. orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. 10. gr. orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1930, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905 og lög nr. 29 1907, sem og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bága við lög þessi.

11. 11.—27. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 2. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Magnús Torfason. Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Thors.

Nd. **249. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. það, er hjer um ræðir, og virðist henni óhjákvæmilegt, að sint sje málaleitan bæjarstjórnar Vestmannaeyja um heimild fyrir

ríkisstjórnina til að greiða 1/3 kostnaðar af framkvæmdum þeim, er um ræðir í frv.

Við byggingu hafnargarðanna í Vestmannaeyjum, sem hófst 1914, hefir verið við mikla örðugleika að etja, og hafa þessi mannvirki, eða þó einkum syðri hafnargarðurinn, orðið fyrir mörgum og stórum áföllum vegna sjávarróts, sem stundum hefir eyðilagt stóra kafla garðsins. Jafnt og þjett hefir þó verið unnið að viðgerð á því, sem hrunið hefir, enda gæti innsigling til hafnarinnar skemst mjög eða jafnvel tepst, ef hafnargarðarnir hryndu og grjótið bærist á siglingaleið þeirra skipa, er til hafnarinnar sækja.

Óþarft er að lýsa því, hvað af slíkri teppu myndi leiða.

Áframhaldandi bygging nauðsynlegustu hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum er lífsskilyrði fyrir hinn stóra veiðiskipaflota, sem þar á heima.

Með þeirri fjárveitingu, er hjer um ræðir, er óhætt að vona, að byggingu hafnargarðanna verði lokið og nokkrar umbætur gerðar innan hafnar til að bæta úr brýnustu þörf bátanna, sem nú eru í stökustu vandræðum með að leggja afla sinn á land.

Til frekari rökstuðnings vill nefndin leggja hjer fram brjef frá trúnaðarmanni ríkisstjórnarinnar til fim. frv. um þetta mál:

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 21. mars 1929.

Í fyrra sumar var unnið að því að gera við garðana í Vestmannaeyjum sjerstaklega að ganga svo frá haus suðurgarðsins, að hann yrði sem tryggastur, og jafnframt að fullgera enda norðurgarðsins.

Að suðurpartinum var unnið mikið og þarft verk, og er hann nú að mestu talinn úr þeirri miklu hættu, sem hann var kominn í. Að vísu skemdist í vetur eitthvað af því sem gert var, en það var hvorki mjög mikið nje heldur þannig, að það sje talið hættulegt fyrir garðinn. Það er auðvelt að gera við skemdina. Verkinu var ekki lokið undir haustið; mest kapp var lagt á að tryggja garðinn utanverðan, og fyrir endan, og tókst það að mestu, en eftir er hálfur garðsendinn og innri hliðin, sem nauðsynlegt er að ganga frá í vor, jafnframt því, að gert verði við hina umræddu bilun.

Þar sem mest kapp var lagt á að tryggja suðurgarðsendann, var norðurgarðurinn látinn sitja á hakanum, og hann því ekki að öllu fullgerður. En það, sem gert hefir verið, hefir staðist alveg óhaggað yfir veturinn, og því aðeins eftir að byggja upp það litla, sem enn vantar.

Í sundinu milli garðsendanna hefir undanfarin ár verið unnið að því að hreinsa upp grjótið og dýpka innsiglinguna. En af því er enn mikið ógert, og mjög nauðsynlegt, ekki aðeins að halda dýpinu við, heldur og að vinna að því, að fá meira dýpi þar heldur en verið hefir.

Á höfninni er mjög þröngt, bátum hefir fjölgað ört undanfarin ár, og

þeir jafnframt stækkað. Er því nú bagalegt, að bæði er skortur á legusvæði og afgreiðsluplássi fyrir bátana. Hvernig haganlegast verður að koma bátunum fyrir, er enn ekki útgert um að fullu, því það stendur í sambandi við dýpkun hafnarinnar, en um hana vantar enn fullnaðaráætlun, vegna þess að fullnægjandi botnrannsóknir hafa ekki verið gerðar, en munu fara fram í vor. Afgreiðslupláss fyrir bátana er bæði nauðsynlegt að mynda nú þegar, til þess að geta komið fiskinum í land óskemdum án þess að bátarnir þurfi að bíða, en það er hægt að gera án þess að það spilli nokkuð hinu væntanlega skipulagi hafnarinnar. Tel jeg því nauðsynlegt, að hin fyrirhugaða bryggja verði gerð í Básaskeri á komandi sumri.

Áætlun um þessi verk hefi jeg gert, og er hún þessi:

Viðgerð á suðurgarðinum	kr.	45000.00
Að fullgera norðurgarðinn	—	15000.00
Bryggja í Básaskeri (lausleg áætlun)	—	40000.00
Dýpkun á sundinu	—	100000.00
	Kr.	200000.00

Th. Krabbe.

Alþm. Vestmannaeyja

Hr. konsúll Jóhann Jósefsson,

hjer.

Með þeim rökstuðningi, sem hjer er fram færður, leggur nefndin til, að frv. sje samþykt.

Alþingi, 27. mars 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Magnús Torfason, með fyrirvara. Ólafur Thors.

Ed. **250. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir varið miklum tíma til að íhuga og mynda sjer ljósa skoðun um frumvarp þetta. Loftferðir eru ný og öldungis óþekt atvinnugrein hjer á landi. Það er því allmiklum vandkvæðum bundið að geta — svo nokkurt mark sje á takandi — gefið bendingar um það, hversu haga skuli löggjöf slíkri sem þessari, þar sem ekki verður stuðst við neina innlenda reynslu, og því síður

innlenda löggjöf. Hinsvegar mætti að sjálfsögðu hafa til hliðsjónar loftferðalöggjöf erlendra þjóða, enda hefir svo verið gert, þá er frumvarp þetta var samið. Er það að ýmsu leyti gagnlegt og eðlilegt, því margt ætti að vera líkt um loftferðir, hvar sem er í heiminum.

Nefndin leitaðist við að hafa útlenda löggjöf til hliðsjónar og samanburðar, þá er hún var að rannsaka frv., en ekki var þó svo auðhlaupið að þessu, því illa gekk að fá þessháttar rit lánuð. Þó fjekk nefndin til afnota danska loftferðalöggjöf og bar hana saman við frv. Loftferðalöggjöf annara þjóða gat nefndin ekki útvegað, og enginn maður með sjerþekkingu er hjer til, sem kveðja mætti til aðstoðar.

Þrátt fyrir það, þótt allmiklir örðugleikar sjeu á því, að setja hjer lög um loftferðir, sem bygð sjeu á þekkingu og því líkleg til að geta gilt óbreytt um lengri tíma, þá lítur þó nefndin svo á, að loftferðum muni framvegis verða haldið uppi hjer á Íslandi, og því sje nauðsynlegt að skipa fyrir um það með lögum, hversu hjer skuli í höfuðdráttum haga slíkum ferðum. Verður svo að sjálfsögðu að breyta til og auka við, eftir því sem reynslan síðar leiðir í ljós, að rjettara sje. Hitt telur nefndin ótækt, að loftferðum verði haldið hjer uppi án þess til sjeu nein lagaákvæði, er eftir þurfi að fara.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, setur reglur um hið helsta, er þarf að taka til greina, þegar um loftferðir er að ræða, svo sem eiganda loftfars og skyldur þær, er á honum skulu hvíla, skrásetningu og skilyrði fyrir henni, flugið og hverjar kröfur skuli gera til kunnáttu flugmanna, samgöngureglur innanlands og við önnur lönd, ábyrgðarskyldu og tryggingarákvæði, svo og ýms önnur ákvæði. Öll eru þessi ákvæði sett með hliðsjón af útlendri löggjöf, þar sem loftferðir eru allmikið um hönd hafðar og aðstaða önnur á marga lund.

Ríkisstjórninni er í frv. ætlað að hafa umsjón og eftirlit með öllum öryggisráðstöfunum, sem settar eru, bæði um loftfarið sjálft og áhöfn þess. Þetta kann að vera sæmilega auðvelt í mannmörgum löndum, þar sem loftferðir eru þegar talsvert stundaðar og mörgum mönnum er á að skipa, sem kunna þá iðprótt. En eins og hjer hagar til, þá er þessi bráðnauðsynlega íhlutun og eftirlit lítt framkvæmanleg. Stjórnin hefir enn eigi völ þeirra innlendra manna, er geti haft þetta eftirlit á hendi. — Þetta atriði telur nefndin erfiðast til úrlausnar. Stjórnin á og þarf að láta framkvæma mjög svo þýðingarmikið eftirlit með þessari hættulegu atvinnugrein, en skortir þó enn alla aðstöðu til að geta framkvæmt þetta eftirlit svo, að fulltreysta megi. Að vísu mætti gera ráð fyrir því, að fenginn væri til aðstoðar útlendur maður með sjerþekkingu á þessu sviði, en mjög er hætt við, að það reyndist ekki hentugt, og óefað dýrt. En hinsvegar ætti að mega vænta þess, ef loftferðir verða stundaðar hjer framvegis til verulegra muna, að hjer verði fljótlega til einhverjir innlendir flugmenn, og mundi þá brátt greiðast úr þessum vanda.

Með tilliti til þess, að framvegis verði flugferðum haldið uppi hjer á landi og að sjálfsagt sje að búa þó í byrjun fremur við ófullkomna loftferða löggjöf en algerða lögleysu í þeim efnum, þá leggur nefndin einróma til, að frv verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 21. gr. 3. málsgrein (»Leyfi þetta« o. s. frv.) fellur burt.
2. Við 22. gr. Greinina skal orða svo:

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 20 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 20 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjelagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

3. Við 23. gr. Í stað »samþykki« í upphafi greinarinnar komi: leyfi.
4. Við 25. gr. A-liður byrji svo:

Annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum.

5. Við 36. gr. Síðari málsgrein orðist þannig:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvjela.

Alþingi, 3. apríl 1929.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	H. Steinsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Nd. **251. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Lög nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. til laga um útflutningsbann á síldarnótum var borið fram á Alþingi 1901, en varð ekki útrætt. Á næsta Alþingi, 1902, var það aftur borið fram og náði þá samþykki Alþingis.

Ástæðan til þessarar lagasetningar var sú, að í þann mund var það altítt, að útlendingar þyrptust til síldarveiða á Norður- og Austurlandi um síldveiðitímann. Komu þeir á síldveiðiskipum sínum til landsins og fluttu með sjer verkafólk og veiðarfæri. En til þess að fullnægja ákvæðum íslenskra laga, urðu þeir að taka íslenska menn í sína þjónustu, og mun það vera upphaf hinnar svokölluðu leppmensku hjer á landi. Íslendingar þessir gerðu svo málamyndasamning við hina erlendu veiðimenn, keyptu af þeim veiðarfærin, en veðsettu þau samtímis seljandanum. Í vertíðarlok tóku svo útlendingarnir veiðarfærin upp í vangoldna skuld kaupanda og hjeldu heimleiðis með allan sumaraflann, en hinir íslensku »leppar« sátu eftir með tvær hendur tómar, og náðist ekki svo mikið sem útsvar af þessum atvinnurekstri. Til þess svo að ná einhverju tangarhaldi á hinum erlendu veiðimönnum, setti Alþingi bann gegn því að flytja veiðarfærin út úr landinu, og gátu hlutaðeigandi hreppar eftir það haft veiðarfærin til tryggingar sanngjarnri útsvarsgreiðslu af atvinnurekstrinum.

Síðan lög þessi voru samin hefir öll tilhögun síldveiða hjer við land gerbreytst, og eru hinar upprunalegu ástæður fyrir útflutningsbanni síldarnóta með öllu úr sögunni. Verður eigi sjeð, að lengur sje neitt því til fyrirstöðu, að útflutningur síldarnóta og annara veiðarfæra verði gefinn frjáls, en landsmönnum hinsvegar oft og einatt nauðsyn að geta sent veiðarfæri, einkum síldarnætur og síldarnet, til útlanda til börkunar, tjörgunar og annara aðgerða, sem Íslendingar hafa ekki sjerþekkingu á.

Yfirleitt má segja, að lög um síldarnætur frá 1902 sjeu úrelt og óþörf, enda fullvíst, að þeim er víða ekki fylgt, og verður því að telja rjett að nema þau úr gildi.

Nd. **252. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje krófum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á

hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði og $^1/_3$ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en $^1/_4$ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Ed. **253. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr.
   Orðin »sem er oddviti hennar« í fyrri málsgrein falli niður.
2. Við 4. gr. 1. málsgrein skal orða svo:
   Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúa; stjórnar hann umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Ed. **254. Frumvarp**

til laga um íbúð í jarðhúsum.

Flm.: Ingibjörg H. Bjarnason. Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins gera íbúðir í jarðhúsum (kjöllurum), að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að jarðhúsið sje ekki grafið dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í.

2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá rjettu austri til rjetts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.

3. Að forgarður, ekki mjórri en 6 m., greini húsið frá götunni.

4. Að öll íbúðin sje rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

2. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum í öllum kauptúnum er heimilt að banna íbúð í jarðhúsum, ef þær fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem talin eru í 1. gr.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hvers kauptúns skal halda sjerstaka skrá yfir allar jarðhúsaíbúðir í kauptúninu, og skal þar tekið fram, að hve miklu leyti þær fullnægja skilyrðunum, sem talin eru í 1. gr. Þær íbúðir, sem ekki fullnægja þeim, skal skoða árlega og leiðrjetta skrá þá, sem fyr er getið, eftir því, hverjar breytingar hafa orðið á íbúðinni.

4. gr.

Á hverjum áramótum skal bæjarstjórn velja úr þær jarðhúsaíbúðir, sem lakastar eru, og aldrei færri en $^1/_{10}$ af öllum jarðhúsaíbúðum kauptúnsins og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er. Skulu þannig allar jarðhúsaíbúðir í kaupstöðum og kauptúnum horfnar á 30 árum, þær, sem ekki fullnægja ákvæðum 1. gr.

5. gr.

Skaðabóta verður ekki krafist, þótt bönnuð sje íbúð í jarðhúsi, nema hún fullnægi ákvæðum 1. greinar.

Greinargerð.

Jarðhúsaíbúðir eru blettur á hverri þjóð og hættulegar fyrir heilbrigði manna, nema þær sjeu vel úr garði gerðar. Allar þjóðir setja því sjerstök ákvæði um íbúðir í jarðhúsum eða banna þær að mestu leyti (Svíar). Megingallarnir eru þeir, að íbúðirnar eru oftast rakasamar, ljóslitlar og loftillar.

Rakahættan stafar bæði af vatni í jarðvegi og köldum veggjum, sem ekki eru nægilega fóðraðir. Eru ekki fáar jarðhúsaíbúðir svo rakasamar, að alt myglar þar og fúnar.

Birtu- og sólarleysið stafar að nokkru af því, að gluggar eru óhæfilega litlir, að nokkru af því, að þeir eru allajafna þaktir gluggatjöldum, svo að allir sjái ekki inn, sem fara um götuna.

Vonda loftið stafar af mörgu. Kolsýra úr jarðvegi leitar mjög inn í jarðhúsin, raki og mygla hafa ætíð ilt loft og ódaun í för með sjer, en hitt

er þó litlu betra, að gluggar verða ekki opnaðir fyrir göturyki, sem berst jafnvel inn, þótt þeir sjeu lokaðir. Ef forgarður er við húsið, er göturykið ekki eins nærgöngult, sólar nýtur betur og allir sjá ekki inn í herbergin, svo síður er breitt fyrir glugga.

Enginn mun vefengja það, að jarðhúsaíbúðir sjeu illar, en hitt munu margir ætla, að húseigendum sje mikill skaði að því, að mega ekki gera íbúð í jarðhúsinu. Þessi skoðun er að mestu sprottin af því, að jarðhúsin eru hjer talin sjálfsögð, jafnvel með allháum veggjum, og verða því allajafna dýr. Hitt vita færri, að jarðhús eru fátíð í Bretlandi, og byggja þeir þó engu dýrara en aðrir. Sannleikurinn er sá, að *húsasniðið breytist* sjálfkrafa, ef menn hætta að nota jarðhús til íbúðar, en til þess að fátæklingarnir komist upp úr jörðinni, er nauðsyn á lagasetningu um þetta mál.

Með frv. þessu er að því stefnt að leyfa bestu jarðhúsaíbúðir, en banna hinar, sem áreiðanlega eru hættulegar fyrir heilsu manna, og þær eiga engan rjett á sjer. Eftir 30 ár er ætlast til þess, að allar vondu jarðhúsaíbúðirnar í kauptúnunum sjeu horfnar. Í Reykjavík er sagt, að sjeu um 800 slíkar íbúðir. Til þess að gera svo mikla breytingu, sem hjer er gert ráð fyrir, þótti ekki þorandi að hafa tímann styttri.

Ed. **255. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Læknar skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á næstu póststöð eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skal skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðamót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarfjeð renna í »Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenskra lækna«.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er augljóst, hversu áríðandi það er að hafa jafnan glögt yfirlit yfir sóttarfar í landinu.

Sama er um öll önnur lönd, um allan heim.

Þess vegna hefir heilbrigðisdeild (Health Section) þjóðabandalagsins gerst til þess að gefa út *vikuskýrslur* um hættulegustu farsóttirnar (pest, kóleru, bólusótt o. fl.), en einnig um aðrar farsóttir, ef mikið kveður að þeim, t. d. innflúensuna nú í vetur. Fá þeir skýrslur til sín úr öllum ríkjum veraldar. Jafnaðarlega koma út aukablöð af þessu vikublaði.

Auk þess gefur heilbrigðisdeildin út *mánaðarrit* um *allar* farsóttir — um allan heim.

Öll þessi tímarit fæ jeg stöðugt send jafnóðum og þau koma út, og er það afarmikilsvert fyrir okkar land.

Árið sem leið tókst jeg á hendur fyrir tilmæli þjóðabandalagsins, þrátt fyrir mikla erfiðleika hjer, að senda því mánaðarskýrslur um farsóttir á Íslandi og láta vita oftar, ef eitthvað sjerstakt gerðist hjer á landi.

Jeg fæ nú um hver mánaðamót stutt símskeyti frá öllum hjeraðslæknum um farsóttir undanfarinn mánuð.

En frá læknum í Reykjavík eru nú heimtaðar vikuskýrslur, og á hjeraðslæknir að vinna úr þeim.

Í vetur hefir gengið innflúensualda yfir alla Norðurálfu. Hefir Þb. skýrt nákvæmlega frá gangi veikinnar. Gat jeg frætt þá um gang veikinnar hjer á landi, og fylgir hjer með brjef til mín frá »League of Nations«, sem ber þess vott, að fengur þykir í því að fá skýrslur frá okkar litla landi.

Nú hefir mjer gengið vel, yfirleitt, að ná saman mánaðarskýrslum frá hjeraðslæknum úti um land.

Hinsvegar kvartar hjeraðslæknir í Rvík sáran yfir því, hversu tregt gangi að ná skýrslum frá hinum mörgu læknum hjer í bæ. Fer þetta versnandi. Er enn (2. apríldag) ókomin til mín vikuskýrsla fyrir vikuna 17.—23. mars.

Meinið er, að í lögum nr. 38 1911 eru engar sektir lagðar við því, ef læknar vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur.

Þess vegna hefi jeg samið þetta frumvarp. Hefi jeg þar haft til fyrirmyndar ný norsk lög (Lov av 29. april 1927, om lægers rettigheter og plikter). Einnig þar er ákveðið, að sektarfjenu skuli varið til styrktar bágstöddum læknum, eða ekkjum og börnum látinna lækna.

Um 1. gr.

Frestir þeir, sem hjer eru settir, eru svipaðir þeim ákvæðum, sem gilda í Noregi.

Um 2. gr.

Í Noregi er það »Fylkesmann« (amtmaður), sem getur beitt sektunum.

Hjer eru engir amtmenn, og virðist einsætt, að dómsmálaráðherra fari með þetta vald.

Hjer er sagt »*getur*«, en ekki »skal«, því að stundum getur staðið svo á, að lækni sje ekki unt að senda skýrslu í tæka tíð, t. d. ef hann verður alvarlega veikur.

Styrktarsjóður sá, sem nefndur er, var stofnaður 1926. Veit jeg, að nú stendur til að leita staðfestingar á skipulagsskrá hans.

Beiðist þess að fá brjef þjóðabandalagsins aftur.

Landlæknirinn, Reykjavík, 2. apríl 1929.

G. Björnson.

Nd. **256. Breytingartillaga**

við frv. til laga á þskj. 252 [Vitar, sjómerki o. fl.].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 5. efnismálsgrein.

Í stað »$^2/_3$ hlutum« og »$^1/_3$ hluta« komi á báðum stöðum: helmingi.

Ed. **257. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 7. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af útgerðarmönnum þeim, er hafa viðskifti við verksmiðjuna, og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Nd. **258. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landbúnaðarbanka Íslands.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlanda-

málum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

(Annarsstaðar í frv. breytist nafn bankans samkvæmt þessu).

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn.
3. Við 11. gr. Á eftir »og er þá ríkisstjórninni heimilt« komi: að fengnu samþykki Alþingis í hvert sinn o. s. frv.

Nd. **259. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Frá Hannesi Jónssyni.

1. Aftan við tillgr. bætist:
   Að haldið verði úti sjerstökum mótorbáti til landhelgigæslu á innanverðum Húnaflóa yfir mánuðina maí—október. Þó sje á engan hátt dregið úr starfsemi hinna stærri landhelgigæsluskipa á flóanum.
2. Fyrirsögnin verði: Tillaga til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu.

Nd. **260. Þingsályktun**

um aukna landhelgigæslu.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

a. Að auka landhelgigæsluna við innanverðan Faxaflóa og að sunnanverðu á Breiðafirði á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir á sunnanverðum Faxaflóa.
b. Að haldið sje úti sjerstökum mótorbáti til landhelgigæslu á svæðinu frá Hornbjargi að Straumnesi við Patreksfjörð yfir mánuðina maí—desember, nema vissa sje fyrir því, að hin stærri landhelgigæsluskip ríkisins geti annast það svo vel sje.
c. Að haldið verði úti sjerstökum mótorbáti til landhelgigæslu á innanverðum Húnaflóa yfir mánuðina maí—október. Þó sje á engan hátt dregið úr starfsemi hinna stærri landhelgigæsluskipa á flóanum.

Ed. **261. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 2. gr. Í stað »7. gr.« komi: 8. gr.
Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af síldarmjöli, sem slík fjelög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

Nd. **262. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 3. gr. Á eftir »laun fyrir það« kemur: úr sveitarsjóði.

Ed. **263. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 7. gr. Fyrstu málsgrein skal orða svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipa fimm menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, annar skipaður af stjórn síldareinkasölunnar, þriðji af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, fjórði af stjórn Alþýðusambands Íslands og hinn fimti af útgerðarmönnum þeim, er við verksmiðjuna skifta. Tilnefning í stjórn síldarverksmiðjunnar af hálfu útgerðarmanna skal fara fram eftir reglum, er ráðherra setur. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Nd. **264. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Greinin fellur niður.
Greinatalan breytist samkv. því.

Ed. **265. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 199 [Kvikmyndir og kvikmyndahús].

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. lið. Liðurinn orðist svo:
   Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Leyfi má ekki veita til lengri tíma en 10 ára.
2. Við 3. lið.
   a. Í stað »30« í upphafi formúlunnar í 1. málsgr. komi: 20.
   b. Í stað orðanna »Í meðalverði . . . . . sýningunni« í sömu málsgr. komi: Í meðalverði sæta í kvikmyndahúsi (b) eru innifalin öll gjöld, sem greiða þarf til þess að fá aðgang að sýningu, önnur en skemtanaskattur.
   c. Orðin »á þeim stöðum . . . . . ekki fyrir« í 3. málsgr. falli niður.
3. Á eftir 3. lið kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **266. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Stafliður e í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

2. gr.

Í stað síðari málsliðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfje, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1929.

Greinargerð.

Ár frá ári hefir þeim kennurum, sem próf hafa tekið úr kennaraskólanum, fækkað, er taka vilja að sjer farkenslu í sveitum, vegna hinna lágu launa og vaxandi samkeppni annara atvinnugreina, sem miklum mun hærri laun greiða. Má búast við, að nokkur lagfæring fáist á þessu með launahækkun, þó ekki nemi meiru en hjer er farið fram á. Sjálfsagt er, að sú 200 kr. hækkun, sem hjer um ræðir, sje öll greidd úr ríkissjóði, því sveitirnar hafa til þessa verið mjög afskiftar um tillag úr ríkissjóði til barnakenslu, þar sem þær hafa verið einar um að greiða fæði, húsnæði, ljós, hita og þjónustu. Þau hlunnindi farkennara eru lágt metin á 500 kr. Hafa sveitarfjelög þurft að greiða til kennara síns 650 kr. móti 150 kr. úr ríkissjóði, en til fastra skóla í þorpum og kaupstöðum greiðir ríkissjóður helming og þriðjung allra launa. Eftir frumvarpinu verður tillag ríkissjóðs 350 kr., en sveitanna 650 kr., þegar hlunnindin eru metin á 500 kr., og er af því bert, að ekki er að fullu rjettur hlutur sveitanna, þó nokkru sje bættara við þessa breytingu. Á yfirstandandi skólaári hafa alls verið settir eða skipaðir 115 farkennarar, en það er óvenjulega margt. Nemur því breyting sú, sem í frv. felst, árlega 20—25 þús. kr. fyrir ríkissjóð, en það má, eins og áður er bent á, teljast aðeins nokkur hluti af vangoldnu barnafræðslutillagi til sveitanna.

Ed. **267. Lög**

um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau,

er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heiðist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.
2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Nd. 268. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Við B. 1. í 2. gr. laganna bætist:

Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð, frá Bíldudal um Fossheiði, póstleiðina til Þorskafjarðar.

Til vara:

Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Ed. **269. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Þegar prestssetrið Hvanneyri losnar úr ábúð, er ríkisstjórninni heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað land jarðarinnar, að undanskilinni nægilegri lóð undir prestssetrinu og umhverfis það, og hæfilegum lóðum undir aðrar opinberar byggingar, eftir tillögum skipulagsnefndar.

Greinargerð.

Tillögu um sama efni bar jeg fyr á þinginu fram sem breytingartillögu við frv. um samskonar heimild til að selja Neskaupstað þann hluta úr Neslandi, sem er ríkiseign. Flutningsm. þess frv. mæltist undan því, að þessar tvær heimildir yrðu teknar upp í sama frv., og vegna þeirra tilmæla tók jeg nefnda brtt. aftur, en flyt nú efni hennar í þessu sjerstaka frv.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir óskað eftir að fá land þetta keypt, bæði fyrrum og nú síðast í símskeyti til mín, eftir að málinu var hreyft. Lagafrv. um þetta lágu fyrir Alþingi 1919 og 1921. Jeg tel það yfir höfuð sjálfsagða meginreglu, að ríkið selji kaupstöðum og kauptúnum jarðeignir þær, sem bygðin er á og næstar liggja bygðinni, þar sem svo er ástatt, að ríkið er eigandinn, og þar sem þessi meginregla hefir nú verið viðurkend bæði í nál. um sölu á landi ríkisins til Neskaupstaðar og með afgreiðslu þess máls í Ed., þá vænti jeg, að þetta frv. fái að njóta sömu velvildar.

Ed. **270. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er öll sammála um, að rjett sje að auka framlög til ellistyrktarsjóðanna í þeim tilgangi, að upphæð sú, sem til úthlutunar kemur árlega, verði hærri og þannig komi að meiri notum. Hinsvegar virðist nefndinni ekki rjett að þyngja sem stendur álögur á mönnum til þess að auka á sjóðsöfnun þá, sem sjeð er fyrir með núgildandi löggjöf. Ennfremur er nefndin sammála um það, að rjett sje að bæta nú við þriðja aðilanum, nefnilega sveitarsjóðunum, auk ríkissjóðs og gjaldenda, sem þátttakanda í framlögum til ellistyrks.

Fjórir nefndarmenn flytja því neðanskráðar breytingartillögur við frv., sem fela í sjer þær breytingar á núgildandi löggjöf um þetta, að tillög karlmanna til sjóðsins hækki úr 2 kr. upp í 3 kr., kvenmanna úr 1 kr. upp í 1,50 kr., og sveitarsjóðirnir leggi fram 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, eins og ríkissjóður gerir nú, en framlag ríkissjóðs haldist óbreytt.

Loks fela brtt. það í sjer, að sem næst allur þessi tekjuauki sjóðanna komi árlega til úthlutunar, og giskum við á, að aukning útborgunarinnar nemi 85 til 90 þús. kr. árlega sem stendur.

Einn nefndarmaður vill afla tekjuaukans að nokkru leyti á annan hátt, og flytur sjerstakar brtt. um það.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. verði þannig:

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með jafnháu tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði.

2. Við 2. gr. Fyrir »4 kr.« komi: 3 kr., og fyrir »2 kr.« komi: 1 kr. 50 au.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., þannig:

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^3/_4$ hlutum af gjaldi því, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, svo og öllu tillaginu það ár úr bæjarsjóði eða hreppssjóði, og ennfremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 4. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form. Páll Hermannsson. Björn Kristjánsson.

Jón Þorláksson, frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari, með fyrirvara.

Ed. **271. Breytingartillaga**

við 2. lið brtt. á þskj. 253 [Bæjarstjórn í Hafnarfirði].

Frá Birni Kristjánssyni.

Orðin »úr flokki bæjarfulltrúanna« falli burt.

Nd. **272. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta; stjórnar hann umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ályktun sje gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra

bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögum.

9. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fje það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

15. gr.

Bæjarstjórn, og sjerstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæslu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sje á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Fjehirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má fjehirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína

þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

20. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal fjehirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars í skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kýs til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá fjehirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók og kassa gjaldkera, og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum fjehirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum fjehirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

21. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við greind lög, lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breytingu og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **273. Frumvarp**

til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sjer kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Nd. **274. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meiri hluta allsherjarnefndar um þá afgreiðslu á máli þessu, er hann leggur til á þingskj. 202. Liggja til þess ýmsar ástæður.

Í fyrsta lagi tel jeg það mjög varhugavert að taka stórar lendur frá jörðum og selja þær. Með því fyrirkomulagi getur í mörgum tilfellum verið gengið svo nærri viðkomandi jörðum, að þær þar fyrir verði miður byggilegar, nema svo standi á, að land jarðarinnar sje svo stórt og nytjalitið fyrir hana, að hún geti undir öllum kringumstæðum án þess verið, eða liggi í þeirri fjarlægð, að ónothæft sje fyrir þá jörð, er það heyrir undir. Að um neitt slíkt sje hjer að ræða, virðist ekki til að dreifa. Aftur á móti er hvorki farið fram á meira nje minna en sölu á öllu landi viðkomandi jarðar á annan veginn, og það svo freklega, að ekki er staðar numið fyr en við túngarðinn á prestssetrinu.

Í öðru lagi tel jeg málið alls ekki hafa fengið þann æskilega og nauðsynlega undirbúning, sem vænta mætti, að nauðsynlegt væri, þegar um jafnþýðingarmikla sölu er að tala og hjer á sjer stað. T. d. er mjer kunnugt um

það, að alls ekki hefir verið leitað umsagnar hreppsbúa eða hreppsnefndar þess hrepps, er jörðin Hólmar liggur í. Vera má, að lagalegur rjettur þeirrar sveitar sje ekki fyrir borð borinn, þó umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar hafi ekki verið leitað. Því er þó tæplega hægt að neita, að slíkt hefði verið mjög æskilegt, ef ekki sjálfsagt. Því þó svo kunni að vera, að eins og stendur hafi það ekki fjárhagslega þýðingu fyrir viðkomandi hrepp, að landsspilda þessi væri seld til annars hreppsfjelags, er ekki hægt að segja neitt um það nú, hvort ekki mundi síðar koma í ljós, að misráðið hefði verið að selja, með tilliti til hagsmuna Reyðarfjarðarhrepps. Í því sambandi leyfi jeg mjer að fullyrða það, að íbúar Reyðarfjarðarhrepps eru mjög á móti sölunni.

Meiri hluti allsherjarnefndar tekur það fram í niðurlagi síns nefndarálits, að biskup sje á móti sölunni. Þetta er alveg rjett, enda það eina í áliti háttv. meiri hluta, sem er fullkomlega sannleikanum samkvæmt. En þar sem háttv. deild eru ekki ljós rök þau, sem fram eru sett í brjefi biskups til nefndarinnar, þó háttv. meiri hluti kannist við, að hann leggi á móti sölunni, leyfi jeg mjer að birta hjer brjef biskups, og vænti jeg, að háttv. deild kunni að meta rök þau, sem í því eru, betur en háttv. meiri hluti nefndarinnar virðist hafa gert.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 18. mars 1929.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefir sent mjer frumvarp til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði, og óskað álits míns um frumvarpið.

Flutningsmaður frumvarps þessa átti fyrir nokkru síðan tal við mig um efni þetta, og mun jeg þá, að lítt athuguðu málinu, hafa gefið í skyn, að jeg mundi ef til vill geta sætt mig við, að Eskifjarðarkaupstaður fengi kaup á nokkrum hluta af landi Hólma-prestsseturs. En eftir að jeg nú hefi athugað málið nánar, þá horfir málið mjög svo öðruvísi við mjer, og þykist jeg eftir þá athugun sjá ýmsa agnúa á frumvarpi þessu, sem gera að verkum, að jeg get ekki óskað nje mælt með því, að málið nái fram að ganga eins og það liggur fyrir í frumvarpinu.

Jeg skil vel, að kaupstað eins og Eskifirði sje ágirnd á að eignast land til landnáms, ræktar og beitar fyrir íbúa kaupstaðarins, sjerstaklega í beinu framhaldi af landi því, sem kaupstaðurinn stendur á. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða. Hjer er seilst yfir ekki minna en fjórar jarðir, þær er næst liggja kaupstaðnum að vestanverðu (Eskifjörð, Eskifjarðarsel, Bleiksá og Borgir), — og hjer er meira að segja seilst inn í annað hreppsfjelag til þess að ná kaupum á landi handa kaupstaðnum. Það sem í frumvarpinu er kallað »nokkur hluti« prestssetursins Hólma, reynist mjer, að því er jeg frekast fæ sjeð, að vera *meira* en helmingur alls staðarlandsins; því að það, sem beðið er um handa Eskifjarðarhreppi, er: sá hluti Hólmalands, sem liggur norðan við Hólmaháls, ásamt Hólmanesi og öllu því landi, sem liggur austan túns á Hólmum milli fjalls og fjöru. Jeg sje ekki betur en að hjer sje um að ræða

meira en helming Hólmalands, og það fast heim að túni á Hólmum, svo að ekki verður eftir annað af Hólmalandi en staðartúnið og landið milli Hólma og Sómastaða eða Sómastaðagerðis. M. ö. o. það, sem falast er eftir kaupum á, er meginhlutinn af öllu beitilandi prestssetursins. Með sölu þess mundi þeim presti, sem á Hólmum situr, vera gerðar ærið þungar búsifjar. Þegar í greinargerðinni segir, að land þetta »*virðist* nytjalítið orðið fyrir ábúanda Hólma, síðan hætt var sauðrækt og fráfærum« og »ekki sjáanlegt að Hólmaprestur *missi mikils í*«, þótt landið verði selt, þá er til þess því að svara, að það, sem »virðist« nú vera og ekki er »sjáanlegt« nú, eins og allar ástæður eru í bili, sannar ekkert um ókominn tíma. Svo gæti farið að það, áður en varir, yrði öllum augljóst, sem vilja sjá það, að með sölu þessa lands undan Hólmum hefði hinn fornfrægi staður fengið svo mikinn skell, að hann biði þess aldrei bætur. Í frumvarpinu er »varpland staðarins« að vísu undantekið sölunni. En þar sem varphólmar staðarins (og einn þeirra er, að því er jeg hefi fyrir satt, landfastur) liggja fram undan því landi, sem falast er eftir, og eru meira að segja í hvarfi heiman frá prestssetrinu, er jeg hræddur um, að þeirra saga væri fljótt úti sem varphólma, þegar Eskfirðingar hefðu fengið eignarrjett á þessu landi öllu út með »firðinum til landnáms, ræktar og beitar«. Jeg er hræddur um, að varpið mundi fljótt spillast og hverfa við það nágrenni, sem það fengi við sölu landsins.

Þar sem segir svo í upphafi 1. gr. frumvarpsins: »Að fengnu samþykki sóknarprestsins skal o. s. frv.« þykir mjer rjett að setja hjer kafla úr brjefi sóknarprestsins dags. 2. þ. m., sem sýnir afstöðu hans til þessa máls:

»Viðvíkjandi kaupum húseigna minna á Hólmum hefir það gerst síðan jeg ritaði yður, að hreppsbúar á Eskifirði komu saman á miklum fundi til að ræða um tilboð það, er jeg tjáði yður í fyrra brjefi mínu og hreppsnefndin í Eskifjarðarhreppi hafði lagt fast að mjer að gera um sölu á húsum, en leigu á Hólmum. Fundurinn tók því vel að kaupa húsin, en því aðeins að hann fengi kauprjett á jörðinni og ákvað að fela oddvita sínum, að leitast fyrir um þann mögulegleika. Jeg var staddur á fundinum og tjáði þeim, að það mál væri svo óundirbúið enn, að það gæti alls ekki komið til mála eins og nú stæði. Og jafnvel þó jeg sjái ekki, að neinn sjerstakur hagur sje að því að reka hjer stórbúskap með prestskap, er jeg að svo komnu máli alls ekki við því búinn að sleppa jörðinni. . . . Jeg geri því ráð fyrir, að á enda sje bundið um kaup og leigu milli mín og Eskfirðinga«.

Til frekari skýringar á þessum brjefkafla skal þess getið, að það, sem komið hefir hreyfingu á þetta mál, er að prestinum á Hólmum hafði komið til hugar að leigja kaupstaðnum afnot prestssetursjarðarinnar allrar gegn því, að hann (kaupstaðurinn) keypti af sjer öll þau hús, sem presturinn á þar á staðnum, gáandi ekki að því, að slíkt er með öllu óleyfileg meðferð á húsum á prestssetursjörð, enda þótt prestur eigi þau sjálfur. En áður en presturinn hafði fengið bendingu frá mjer um, að slíkt væri óheimilt, þá gekk ofannefndur fundur á móti húsakaupum nema því aðeins að hreppurinn fengi *alla* jörðina keypta. En frumvarp þar að lútandi vildi flutningsmaður ekki bera fram og hefir í þess stað komið fram með það frumvarp, sem hjer liggur fyrir um

kaup á nokkrum hluta af landi Hólma. Hvort það er gert fyrir tilmæli hreppsins, veit jeg ekki. En um hitt þykist jeg sannfærður, að það sje alls ekki samkvæmt vilja eða ósk sóknarprestsins, því að honum datt aldrei í hug annað en að *leigja* Hólmana, ef að því kæmi, að honum þætti æskilegra að flytja í kaupstaðinn. Mjer þætti enda sennilegast, að presturinn væri algerlega mótfallinn frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Að öllu þessu athuguðu get jeg ekki annað en lagt á móti því, að frumvarp þetta nái fram að ganga, og treysti því fastlega, að allsherjarnefnd, er hún hefir athugað alla málavexti, verði mjer samdóma um, að málið eigi ekki að ganga fram, enda engan veginn svo undirbúið, að rjett sje að bera það fram.

Jón Helgason.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Að öllum málavöxtum athuguðum legg jeg því til, að háttvirt deild afgreiði málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta virðist að ýmsu leyti ekki nægilega undirbúið, enda eindregin mótmæli frá ýmsum aðiljum fram komin gegn sölunni, virðist deildinni ekki ástæða til að samþykkja lög um þetta efni að svo vöxnu máli, og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 1929.

Hákon J. Kristófersson.

Nd. **275. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hjeraðsskóla.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 8. gr. Fyrir »175 kr.« kemur: 200 kr.

Nd. **276. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 216 [Sveitabankar].

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. brtt. Breytingartillöguna á að orða svo:

Við 5. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Sje um lán að ræða til smábátaútgerðar, má lánið ekki fara yfir 4000 kr. á bát, þótt eigendur hans sjeu fleiri en einn.

Nd. **277. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Ef undir- og yfirskattanefnd greinir á um skilning á lögum og reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, eða skattþegn og yfirskattanefnd skilur á í því efni, skal stjórnarráðið leggja úrskurð á málið, en heimilt er þó skattþegn að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

2. gr.

Úrskurðir stjórnarráðsins samkvæmt lögum þessum skulu birtir í stjórnartíðindunum, og brjeflega hverri yfirskattanefnd í landinu til birtingar fyrir undirskattanefndum, hvenær sem úrskurður er þess eðlis, að hann hafi alment gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, er stjórnarráðinu skylt að leggja úrskurð á skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, en hlutaðeigendum jafnframt heimilað að leggja málið undir úrskurð dómstólanna. Samkvæmt 45. gr. nefndra laga er stjórnarráðinu á sama hátt gert að skyldu að ákveða sektir, ef uppvíst verður, að skýrt hafi verið vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú er stjórnarráðinu, eftir 51. gr. tjeðra laga, lögð sú skylda á herðar

að gefa út leiðbeiningar um skilning á greindum lögum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf yfirskattanefnda.

Þegar þessi ákvæði laganna, er nú hafa verið nefnd, eru skoðuð í sambandi hvert við annað, virðist svo, sem tilætlunin hljóti að vera, að stjórnarráðið láti ekki sitja við það, að út hefir verið gefin reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, heldur gefi það stöðugt leiðbeiningar um skilning á hvorutveggja, bæði lögum og reglugerð, er þess gerist þörf. En stjórnarráðið virðist líta annan veg á þetta mál, enda ber því ekki bein skylda til þessa eftir lögunum. Yfirskattanefnd ein hefir síðastliðið ár neitað að taka til greina 27 þús. kr. tap útgerðarfjelags á síðasta skattári á sölu verslunarvöru sinnar eða fiskbirgða frá árinu næst á undan. En þrátt fyrir það, þó að þetta sje þvert ofan skýr ákvæði margnefndra laga um tekjuskatt og eignarskatt, 10. gr. a, og ennfremur ákvæði reglugerðar um sama, 13. gr. 2. b, þá hefir stjórnarráðið þó hafnað því, að grípa tækifærið til þess að leiðrjetta þennan misskilning yfirskattanefndar, er gerir það að verkum, að málið verður að fara fyrir dómstólana.

En nú eru sýslumenn formenn yfirskattanefnda. Hvenær sem meiri hluta yfirskattanefndar verður það á að misskilja lög og reglugerð, verður því að skipa setudómara í mál, er af slíku kunna að leiða.

Nær það vitanlega engri átt að stofna til slíks óþarfa kostnaðar, þar sem um skýlausar fjarstæður er að ræða, eins og t. d. í dæminu hjer að framan, eða þegar yfirskattanefnd vill ekki taka til greina útlagðan kostnað til frádráttar við atvinnurekstur, eins og t. d. flutningsgjöld á mjólkursendingum til Reykjavíkur úr nærsveitunum, eða þá að yfirskattanefnd, eftir að sjálfseignarbóndi hefir talið fram allur tekjur sínar, hefir t. d. þá aðferð að reikna bónda til viðbótar sem hreinar tekjur landsskuld af jörðinni, án þess að leyfa, að tilsvarandi upphæð komi þá jafnframt til frádráttar ásamt öðrum útgjöldum við búreksturinn.

Eins og vikið hefir verið að, er það komið í ljós, að stjórnarráðið skoðar sjer ekki skylt að leiðbeina um misfellur eða leiðrjetta misskilning hjá yfirskattanefnd. Er því ofanritað lagafrumvarp bersýnilega nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir, að það þurfi að eiga sjer stað, að þegar skattþegna greinir á við yfirskattanefnd, þurfi þeir að höfða mál fyrir dómstólunum til þess að ná skýlausum rjetti, og stjórnarráðið að skipa setudómara, hversu lítilfjörlegt sem deiluatriðið kann að vera.

Nd. **278. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Páll Hermannsson.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein orðist þannig:

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar,

þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sjer þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Þriðja málsgrein orðist þannig:

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

4. Við 6. gr.
   a. Í stað »1/4%« komi: 1 1/4%.
   b. Síðari málsgrein falli niður.
5. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: Útflutningsnefndarmenn, umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

Ed. **279. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn telur lögin um einkasölu á síld frá 15. apríl 1928 miða að því að hefta eðlilega framþróun síldarútvegsins hjer á landi og að síst beri að samþykkja nokkrar þær breytingar, sem gera þau enn óaðgengilegri, eins og þær, er felast í þessu frv., og leggur því til, að frv. verði felt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 4. apríl 1929.

H. Steinsson.

Nd. **280. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 268 (Vegalög).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Fyrir »um Fossheiði« komi: um Hálfdán, Patreksfjörð og Kleifaheiði.

Nd. **281. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasíma í sveitum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta. Er hún sammála um, að frv., ef að lögum verður, geti flýtt fyrir auknum símasamböndum í ýmsum sveitum landsins. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed.

Alþingi, 5. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm. Jón A. Jónsson.
Hákon J. Kristófersson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. **282. Frumvarp**

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má aðeins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sje í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbrjefinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi fjelögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfjelögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður slíks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmyndahúss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

3. gr.

Heimilt er bæjar- eða sveitarfjelögum að taka einkarekstur á kvikmyndasýningum í umdæmi sínu, þegar leyfi fellur niður, svo framarlega að ríkið sjálft taki ekki sýningarnar að einhverju eða öllu leyti í sínar hendur.

Nú hafa þau skilyrði verið sett fyrir veittum sýningaleyfum áður en lög þessi öðluðust staðfestingu, sem tryggja bæjar- eða sveitarfjelagi rjett til að taka kvikmyndasýningar í sínar hendur, og skulu þau þá haldast óbreytt.

II.

Leyfistíminn.

4. gr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en 10 ára.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sje um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbrjefsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerst óverðugur til að hafa leyfið.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

6. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

7. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. Hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða fjelag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstu sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

8. gr.

Í leyfisbrjefi skal áskilið, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahússins til sýninga í þarfir kenslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verður.

IV.

Myndskoðun og eftirlit.

9. gr.

Kvikmyndir skulu, áður en þær eru sýndar almenningi, samþyktar til sýningar af myndskoðunarmönnum, er dómsmálaráðherra skipar.

Ekki má taka gildar þær myndir, sem telja verður þess eðlis, að þær spilli smekk manna eða góðum siðum.

10. gr.

Á almannafæri eða í húsakynnum, sem almenningur gengur um, má ekki festa upp aðrar auglýsingar viðkomandi kvikmyndahúsum en þær, sem myndskoðunarmaður hefir samþykt og sett á merki sitt.

11. gr.

Fyrir skoðun mynda og auglýsinga skal greiða gjald í ríkissjóð.

Gjaldið ákveður dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um myndskoðun.

12. gr.

Myndskoðun fer fram í hverjum kaupstað, kauptúni eða sveit, þar sem kvikmyndahús er rekið. Tveir myndskoðunarmenn starfa á hverjum stað, og má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem leyfð hefir verið á einum stað. Myndskoðunarmenn geta sett hámarksverð á sæti í kvikmyndahúsi, en úrskurði þeirra má skjóta til dómsmálaráðuneytisins. Um hámarksverð skal taka tillit til meðalverðs undir sambærilegum kringumstæðum í bæjum og borgum á Norðurlöndum.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hverskonar myndasýningar komi undir ákvæði laga þessara.

V.

Leyfisbrjefagjöldin.

14. gr.

Fyrir leyfi til að reka kvikmyndahús skal greiða árlegt gjald, sem renni að $^2/_3$ í ríkissjóð og að $^1/_3$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt eftir á fyrir einn ársfjórðung í senn og greiðist einnig af þeim kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga, er lög þessi öðlast gildi.

Árgjald þetta greiðist í heilum aurum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsinu eftir formúlunni:

$$30 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d} \cdot \frac{e}{f}$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga á viku, b meðalverð sæta í kvikmyndahúsinu, talið í heilum aurum, c íbúatöluna í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað, e meðaltal seldra sæta að sýningu yfir árið og f sætafjölda í hlutaðeigandi kvikmyndahúsi. Í meðalverði sæta í kvikmyndahúsi (b) eru innifalin öll gjöld, er greiða þarf til þess að fá aðgang að sýningunni, önnur en skemtanaskattur.

Skatturinn innheimtist af tollstjóra í Reykjavík, en lögreglustjóra utan Reykjavíkur, og ákveðst samkvæmt formúlunni af honum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum á þeim stöðum, sem kvikmyndahús eru ekki fyrir, undanþágu frá gjaldi um alt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

Sömuleiðis má dómsmálaráðherra veita kvikmyndahúsum ívilnun um gjald eða felt það niður með öllu fyrir sýningu þeirra mynda, sem eru með íslenskum teksta eða eru sjerstaklega fræðandi, svo sem náttúrufræðimyndir o. fl.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **283. Frumvarp**

til laga um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í fimm deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir.
2. Að veita lán rekstrarlánafjelögum eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafjelaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sjerstökum lögum um slík fjelög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, jarðræktarbrjefum, veðdeildarbrjefum Búnaðarbankans eða

Landsbankans eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbrjefa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fje opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda sjeu þeir ekki sjerstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sjerstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, alt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 1250000 króna. Stofnfje þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabrjefum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fje verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabrjefa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfjenu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfje, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs sins.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin

fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð brjefanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabrjefum, er bera eins háa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabrjefa, skal ákveða vexti brjefanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er veðdeildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk veðdeildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelögum, eða trygð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum fjelögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum fjelagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátrygð sjeu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sjer að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrjetti og aldrei yfir ⅗ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrjett, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan ⅗ virðingarverðs. En af slíku láni má taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir brjefin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og réglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabrjefa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa brjef til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabrjef þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

34. gr.

Fje varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabrjefum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. En stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á

rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rjett að höfða mál, til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selst innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er og sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sjer eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sjerstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út sjerstaka flokka bankavaxtabrjefa með happvinningum og greiða eigendum þeirra brjefa vinninga eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar, og má þar ákveða, hve miklu fje eða hve

háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð má mest verja til happvinninga árlega.

Búnaðarbankinn hefir einkarjett til að gefa út vaxtabrjef með happvinningum.

40. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 2 miljónum króna í vaxtabrjefum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

41. gr.

Ríkissjóður leggur bústofnslánadeild bankans til tryggingarfje að upphæði 1 miljón kr., þar af 700 þús. kr. í skuldabrjefum Viðlagasjóðs en 300 þús. kr. greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

42. gr.

Bústofnslánadeild hefir sjerstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

43. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabrjef, alt að sexfaldri upphæð tryggingarsjóðsins. Skal hverjum flokki bankavaxtabrjefanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra brjefa hvers flokks lokið innan 15 ára frá sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

44. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er deildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra brjefa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

45. gr.

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum

þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins sje fjelagi í fóðurbirgðafjelagi, sem bankastjórn tekur gilt. Getur og bankastjórn sett það skilyrði fyrir lánveitingu, að fjelagar, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgist bústofnslánadeild það tjón, er hún kann að verða fyrir vegna fóðurskorts þess búfjár, er hún hefir að veði frá fjelagsmönnum.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

Ef ástæða þykir til, getur bankastjórn krafist frekari tryggingar fyrir lánum, auk búfjárveðsins, svo sem fyrsta eða síðari veðrjettar í fasteign, búsáhöldum eða öðru, er bankastjórn tekur gilt.

46. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.
2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

47. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

48. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabrjefa og varasjóðsgjald við lántöku gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

49. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og varasjóðsgjald ¾% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert.

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni. Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.

Um rjett og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

50. gr.

Um vaxtabrjef og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rjett að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfje.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu, þótt veðbrjef sje ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

52. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 1½ milj. kr. í vaxtabrjefum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

53. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sjerstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða

breytt, svo og sjerstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sjerákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

VI. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

54. gr.

Um þessa deild bankans gilda sjerstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VII. KAFLI.

Sjerrjettindi bankans.

55. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

56. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

57. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

58. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sje að láta mæta við uppboðið.

VIII. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

59. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, alt að 50% af launununum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

60. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

61. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki banka-

stjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

62. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

63. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

64. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

65. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

66. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við

stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

67. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

IX. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

68. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Nd. **284. Nefndarálit**

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls.

Meiri hlutinn virðist vera sammála um að leggja til:

1. Að til viðbótar eignum Fiskiveiðasjóðs sje honum lagt til árlega í 10 ár 60 þús. krónur úr ríkissjóði, og svo árlega úr því um óákveðinn tíma 30 þús. krónur. Þessum fjárhæðum skal varið til skipakaupa og iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar.
2. Ennfremur leggi ríkissjóður fram í eitt skifti fyrir öll 500 þús. krónur, er varið sje til rekstrarlána, til útgerðar og rekstrar fiskibáta og til fiskimanna, er verka hlut sinn og selja.
3. Að skipakaupadeild megi lána alt að 25 þús. króna út á eitt skip, þó ekki stærra en 50 smálesta, og til iðjufyrirtækis alt að 35 þús. króna.
4. Að veðrjettur sjóðsins gangi fyrir öllum öðrum tryggingum, og þá hverskonar sjóveðrjetti.

Ef litið er til þess, hvað gert er ráð fyrir að landbúnaðurinn fái til umráða af fjármagni með stofnun landbúnaðarbankans, þá er hjer býsna ólíku saman að jafna, þar sem sjávarútvegurinn, svo stór sem hann nú er orðinn, altaf verður fjárfrekari til sinnar starfrækslu en landbúnaðurinn. Skipastóll landsmanna til fiskiveiða hefir aukist með ári hverju, sumpart að skipafjölda og að nokkru að skipastærð. Meiri áhersla er lögð á góð og hagkvæm skip. Gerð skipa og vjela er sífeldum breytingum háð. Endurnýjun á sjer sífelt stað. Vjelanotkun eykst hröðum fetum, og þá sjerstaklega í smábátaútveginum.

Áhugi manna fyrir hagnýtingu fiskiúrgangs, lýsis, hrogna og fleiri auka-

afurða hefir aukist mjög á seinni árum, og að ekki hefir orðið meira af framkvæmdum en raun er á orðin, stafar ef til vill fyrst og fremst af því, hve örðugt hefir reynst að fá fjármagn til slíkra framkvæmda. Einnig má benda á, að svo virðist, sem arðvænlegt geti orðið að reisa sem víðast í verstöðvum smærri eða stærri frysti- eða kælihús, sem gætu geymt beitu og um leið fryst eða kælt fisk, sem svo yrði útflutningsvara, en margt bendir til þess, að sú stefna um meðferð fiskjar til útflutnings ryðji sjer mjög til rúms. Þá má minnast á niðursuðu á fiski og síld, sem enn þá hefir verið lítið reynd. En alt þetta verður að teljast hlutverk Fiskiveiðasjóðs að styðja eftir megni.

Með þetta fyrir augum virðist meiri hluti nefndarinnar hafa horft helst til skamt í tillögum sínum, því að upphæð sú, er hann leggur til, að varið sje til skipakaupa og iðjufyrirtækja, er svo lítil, að hún bætir alls ekki úr aðkallandi þörf. Of takmarkað er það að binda lán til skipakaupa við 50 smálesta skip. Miðað við það fjármagn, sem sjóðnum er ætlað samkvæmt tillögu meiri hlutans, væri rjettara að hafa rúmlestatöluna mikið minni, svo að nokkrum notum yrði. En sjálfsagt verður að gera ráð fyrir, að lánsstofnun sem þessi styðji kaup stærri skipa, alt að 120 smálesta, en af þeirri stærð eru skip þau, sem alment eru nefnd »línubátar«. Lánsstofnunin á að vera það öflug, að hún geti stutt þá útgerð. Reynslan hefir þegar sýnt, að þau skip eru hentug til margskonar veiða, geta flutt sig meðfram ströndum landsins, þar sem afla er von á hverjum tíma, og að veiðiskap er hægt að stunda á þeim mestan hluta árs. Rekstrarkostnaður skipa þessara mun ekki tilfinnanlega mikið meiri en mótorskipa minni stærðar, en aflavonin þeim mun meiri á gufubátana en mótorskipin, sem þau eru stærri og afburðameiri.

Fiskimenn sækjast meira eftir að vera á þeim skipum, þar sem sæmileg aðstaða er til þess að vinna og rýmri, vistlegri mannaíbúð, en þá kosti hafa gufubátarnir fram yfir mótorbatana alment.

Með frumvarpi til laga um »Veðlánasjóð fiskimanna« er gert ráð fyrir 2 miljóna króna höfuðstól, og mundi síst af veita, ef fullnægja ætti rekstrarlánaþörf fiskimanna um land alt. Sje gert ráð fyrir, að fiskiflotinn sje um 500 skip og bátar alt að 30 rúmlestum og um 100 skip frá þeirri stærð upp að 100 rúmlestum, þá mundu koma á hverja fleytu rúmar 3300 kr. En sennilega eru bátarnir mikið fleiri en hjer er gert ráð fyrir. Í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir 500 þús. kr. í þessu skyni. En það yrðu rúmlega 800 krónur á hverja fleytu. Mikill minni hluti manna myndi því verða aðnjótandi þessara lána og þar með skapast misrjetti milli þeirra, er lánin fengju, og hinna, sem ekkert fengju eða yrðu að sæta dýrari lánum, þar sem gert er ráð fyrir, að vextir sjeu að mun lægri en nú eru í bönkum. Aðsókn yrði því mikil að rekstrarlánadeildinni, og færri fengju lán en vildu, þótt jafnrjetthair væru til þess og þörfin jafnbrýn.

Meiri hlutinn gerir ráð fyrir, að veðrjettur sjóðsins í skipum gangi fyrir öllum öðrum veðrjettum og þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti. Opinber gjöld eru ekki undanskilin. Óvíða mun það tíðkast, að skipverjar hafi ekki 1. kröfurjett í skipi fyrir kaupi sínu eða aflahlut. Reynslan hefir sýnt það á undanförnum árum, að fjöldi manna mundi hafa gengið slyppur frá borði, ef þeir hefðu ekki átt þennan rjett, og hann er eins nauðsynlegur nú sem fyr.

Það væri bjarnargreiði við aðra aðalframleiðslustjett landsins, að svifta hana þeim rjetti, sem hún á nú að lögum og hefir átt um langt skeið, sem tryggir henni greiðslu á umsömdu kaupi, sem unnið er fyrir.

Enga nauðsyn mun bera til að fara þessa leið, ef málið er athugað með velvilja og góðri íhugun. Hjer hafa nú verið færð allmikil rök fyrir því, að tillögur meiri hlutans ná ekki tilgangi sínum. Með þeim er verið að tefja fyrir, ef samþyktar yrðu, að fullnægjandi lánsstofnun sjávarútveginum til handa verði sett á stofn. Þörfum sjávarútvegsmanna er á engan hátt fullnægt með þeim.

Stærri skref á að stíga í þessu máli. Meira fjármagn þarf að leggja fram til slíkrar lánsstofnunar, svo að notum komi.

Fyrirkomulag lánsstofnunar handa sjávarútvegi landsmanna um land alt þarf að hugsa vel, því nauðsyn ber til, að allir, sem við útveg fást, hvar sem þeir eru á landinu, eigi sem greiðastan aðgang að þeim. Ekki er nauðsynlegt að ætla togaraútgerðinni aðgang að slíkri lánsstofnun, enda mun hún hafa greiðan aðgang að bönkunum, er nú eru til í landinu, og hefir þegar trygt sjer lánstraust þar. Meiri áherslu verður því að leggja á smábátaútveginn og þau stærri skip, sem ekki veiða með botnvörpu.

Lánsstofnun sú, er hjer er hugsuð, mundi verða fiskiveiðabanki Íslands, hliðstæð við hinn fyrirhugaða landbúnaðarbanka. Fiskiveiðabankinn á að inna af hendi samskonar hlutverk til þróunar og framkvæmda sjávarútveginum, að svo miklu leyti, sem aðrar bankastofnanir, er nú eru starfandi, sjá sjer ekki fært, eins og landbúnaðarbankinn á að inna af hendi til eflingar landbúnaðinum.

Þar sem nú er orðið áliðið þings og vonlítið má telja, að tillögur þær, er fram hafa komið í þessu máli, nái fram að ganga, jafnhliða því, sem víðtæk löggjöf um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn er að fara gegnum þingið, en brýn þörf á, að málið sje rækilega undirbúið milli þinga, þá fæst ekki önnur úrlausn betri eins og málinu nú er komið en að því sje vísað til stjórnarinnar til undirbúnings fyrir næsta þing.

Legg jeg því til, að hv. deild afgreiði málið með þannig lagaðri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, er geti orðið honum lyftistöng á sama hátt og landbúnaðarbankanum er ætlað að verða fyrir landbúnaðinn, og leggi frumvarp um þetta efni fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál.

Alþingi, 5. apríl 1929.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. **285. Breytingartillögur**

við frv. til laga á þskj. 54 [Yfirsetukvennalög].

Frá Sigurði Eggerz.

1. Við 1. gr. 2. málslið 2. málsgreinar skal orða svo:
   Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.
2. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Ed. **286. Lög**

um sjerstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

Reykhólahreppur og Geiradalshreppur í Barðastrandarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Berufirði og Króksfjarðarnesi.

Ed. **287. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögum og í samráði við landssímastjóra. Tilgangur þess er aðallega sá, að tryggja rjett landssímans til að koma fyrir vírleiðslum, þar sem haganlegast er, og koma í veg fyrir, að ýms rafmagnstæki, sem eru orðin talsvert almenn í bæjunum, trufli útvarpssendingar. Nefndin lítur svo á, að frv. stefni í rjetta átt og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1929.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, fundaskr. og frsm.	Ingvar Pálmason.

Ed. **288. Frumvarp**

til laga um hjeraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm

krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um fjelög stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera í fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum, og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði, eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, en þó ekki hærri en sem nemur meðaltali síðustu þriggja ára. Eigi gildir undanþága þessi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af sömu aðilum og til jafnlangs tíma og meiri hluti skólaráðs, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til 3 ára í senn.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fje er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Nd. **289. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Magnúsi Torfasyni og Hannesi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 kr.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera 300

kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka 5. hvert ár um 50 kr., uns launabótin nemur 100 kr.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um lánsfjelög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til lánsfjelaga, sem stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfjelög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfjelagsstarfrækslu sinni, með sjerstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Lánsfjelög eru rekstrarlánafjelög með skyldum og rjettindum samvinnufjelaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum, er hjer segir:

a. Fjelagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama bygðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

Annar endurskoðandi fjelagsins skal kosinn af fjelaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við um rekstarlán samkvæmt lögum þessum.

c. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins.
d. Árgjald í varasjóð fjelagsins og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum fjelagsins. Allur tekjuafgangur fjelagsins rennur í varasjóð.
e. Fjelagsmaður getur jafnan sagt sig úr fjelagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum fjelagsins fer eftir lögum um samvinnufjelög.
f. Undirskrift formanns og minst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur fjelagið.

5. gr.

Stjórn lánsfjelags ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfjelagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver fjelagsmaður setur fjelaginu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán þau, er fjelögin veita fjelagsmönnum sínum, mega vera reikningslán eða víxillán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, og greiðist þá að fullu ásamt áföllnum vöxtum á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþyktum fjelagsins. Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að víxillinn sje greiddur að fullu á hinum ákveðna gjalddaga fjelagsins. Hver fjelagsmaður sje skuldlaus einu sinni á ári um gjalddaga þess. Fjelagsmaður, sem ekki stendur í skilum við fjelagið, skal vikja úr fjelaginu. Lánsfjelag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svifta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

8. gr.

Heimili og varnarþing lánsfjelags má vera í kauptúni, þar sem fjelagsmenn hafa aðalviðskifti sín, þótt það sje utan fjelagssvæðis.

Stofnun sú, sem veitir fjelaginu lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda

reikning yfir reikningslánsviðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að greiða, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita lánsfjelögum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra fjelagsmanna með framsalsábyrgð fjelagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda sjeu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem lánsfjelag hefir ábyrgst fyrir fjelagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrjetturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er lánsfjelag ábyrgist fyrir fjelagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafjelaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum lánsfjelaga.

10. gr.

Auk viðskifta lánsfjelaga við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta lánsfjelög selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Stjórn lánsfjelags skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir fjelagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá fjelagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

12. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn lánsfjelags senda peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og Búnaðarbankanum afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþyktum fjelagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er fjelagsmanni lánsfjelags rjett að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við lánsfjelagið.

Lausafjárveð lánsfjelaga þarf eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um lánsfjelög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slíkra fjelaga.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **291. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 270 [Alm. ellistyrkur].

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason og H. Steinsson.

Við 1. brtt. Brtt. orðist svo:

2. málsgrein í 1. gr. laganna orðist svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með 1 kr. tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði.

Nd. **292. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

Starf fjárveitinganefndar hefir að þessu sinni sókst heldur í seinna lagi. Er það þó síst fyrir þá sök, að nefndarmenn hafi ekki haft fullan vilja á að hraða því eftir föngum. Þannig hefir nefndin sem oftast haldið morgunfundi, auk hinna venjulegu síðdegisfunda, og því að jafnaði starfað 3 stundir á dag. Alls hefir hún haldið 55 fundi. Sýnir það gerla, að hún hefir ekki legið á liði sínu.

Það, sem því veldur, að starfið hefir eigi að síður sókst heldur seint, er sjerstaklega hinn mikli fjöldi fjárbeiðna og erinda, er nefndinni hefir borist. Hefir það tekið afarmikinn tíma að kynna sjer þau erindi öll til hlítar. Þá hefir og nefndin orðið að eyða miklum tíma í viðtalsfundi við fjölda styrkbeiðenda, sem eigi hefir þótt fært að neita — auk hinna venjulegu og sjálfsögðu viðtalsfunda við ríkisstjórn og forstjóra hinna ýmsu ríkisstofnana.

Nefndin er samhuga um, að enda þótt afkoma ríkissjóðs hafi verið góð síðastliðið ár, þar sem tekjuafgangur hefir numið um $1^1/_2$ miljón króna, þá sje

engu að síður þörf á því nú að gæta hinnar ítrustu varfærni um aukningu útgjalda. Í fyrsta lagi má benda á, að halli varð á ríkisbúskapnum árið 1927 álíka mikill og tekjuafgangur varð 1928. Í annan stað ber þess vel að minnast, að árið 1928 var óvenjulega hagstætt, bæði til lands og sjávar, og því hvorki rjettmætt nje varlegt að búast við jafnmiklu góðæri. Og í þriðja lagi er skylt að hafa það í huga, að árið 1930 standa fyrir dyrum hátíðahöld í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis. Hljóta þau að hafa í för með sjer allmikil útgjöld fyrir ríkið, sökum óhjákvæmilegs undirbúnings á ýmsum sviðum. Hinsvegar hefir ekki tillit verið tekið til þessa sjerstaka kostnaðar, sem fellur á árið 1930, í frumvarpi því til fjárlaga, er fyrir liggur, nje heldur í breytingartillögum nefndarinnar. Að vísu hefir nefndinni verið gerð grein fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar, að vissa væri þegar fengin fyrir tekjuöflun allverulegri, á sjerstakan hátt, í sambandi við hátíðahöldin. Yrði þeim tekjum þá að sjálfsögðu beint til þess varið að greiða þann kostnað, er hátíðahöldin hafa í för með sjer. En nefndin telur ekki líklegt, að þær tekjur muni hrökkva, og megi því fyllilega gera ráð fyrir, að ríkið þurfi nokkru við að bæta. Hinsvegar sjer nefndin ekki beina ástæðu til að taka upp fjárveitingu í þessu skyni, með því líka, að ekki er auðið að ætlast á um það, hversu mikils fjár muni þurfa við. Enda liggur engin bending fyrir um það frá hátíðanefndinni. En eindregið vill nefndin hvetja til alls sparnaðar og gætni í sambandi við útgjaldaráðstafanir viðvíkjandi alþingishátíðinni.

Af því, sem hjer hefir verið sagt, telur nefndin mjög nauðsynlegt að forðast sem mest aukningu útgjalda í frumvarpi því til fjárlaga, er fyrir liggur. Telur hún það og gerlegra fyrir þá sök, að í frumvarpinu eru ætlaðar mjög ríflegar upphæðir til verklegra framkvæmda, svo að ekki mun áður hafa meira verið. Og þótt nefndin beri fram breytingartillögur til hækkunar gjöldum, er samtals nema kr. 557510,00, ber þess að gæta, að meginið af þeim tillögum er gert til að færa áætlun ýmissa gjaldaliða nær því, sem þeir í raun rjettri hljóta að verða. Eru í þeim brtt. því eigi raunverulegar hækkanir fólgnar, heldur er þar um leiðrjettingar að ræða, gerðar í fullu samræmi við bendingar frá hæstvirtum fjármálaráðherra. Nema leiðrjettingar þessar um 384 þús. kr. Eru þá eftir um 173 þús. kr., er teljast mega beinar hækkanir á útgjöldum.

Áður en vikið er að einstökum breytingartill., skal stuttlega gerð grein fyrir því, hvernig frv. yrði eftir tillögum nefndarinnar.

Nefndin leggur til að hækka tekjuáætlunina um . ... kr. 650000,00.
og að fella niður og lækka nokkra útgjaldaliði, sem þó eigi nemur meira en .... — 8800,00
Ýmsir útgjaldaliðir hækkaðir og aðrir nýir teknir upp, er samtals nemur ... ... — 557510,00

Niðurstaðan verður þá þessi samkvæmt breytingartill. nefndarinnar:

Tekjuafgangur samkv. frv.	—	53791,45
Hækkun tekjubálksins	—	650000,00
Lækkun gjaldabálksins	—	8800,00
	kr.	712591,45
Hækkun gjaldabálksins	—	557510,00
	Tekjuafgangur kr.	**155081,45**

Nefndin vill eindregið halda fast við þá stefnu um áætlun teknanna, að hún sje gerð mjög varleg. Er ljóst, að með því eina móti má nokkurn veginn tryggja sæmilega útkomu fjárlaganna, að mikil von sje um, að tekjurnar fari heldur fram úr áætlun, því bæði er mjög erfitt að sjá fyrir öll áfallandi útgjöld svo löngu fyrirfram, og þess utan má altaf eiga vísar ýmsar umframgreiðslur vegna sjerstakra laga og annara ráðstafana utan fjárlaga.

Með hliðsjón af þessu vill nefndin haga tekjuáætluninni, þó hún vitanlega vilji komast sem næst því raunverulega, miðað við reynslu undanfarandi ára og horfur, eftir því sem fyrir liggur.

Skal þá vikið að breytingum þeim, er nefndin ber fram við hina einstöku liði.

Fasteignaskattinn telur nefndin rjett að hækka um 10 þús. krónur. Tekjustofn þessi er fastur og fer jafnt og þjett hækkandi við umbætur á fasteignunum. Reyndist 261 þús. kr. síðastl. ár.

Þá telur nefndin óhætt að hækka tekju- og eignarskattinn upp í 1100 þús. kr. Að vísu hefir meðaltal skattsins síðastl. 3 ár eigi numið meiru en 1050 þús. kr. En þegar tekið er tillit til hins ágæta árferðis síðastl. ár og það sem af er þessu ári, getur nefndin ekki verið í vafa um, að hjer sje mjög gætilega farið í sakirnar.

Bifreiðaskattinn vill nefndin hækka upp í 60 þús. kr. Skattur þessi fer árlega hækkandi, sökum þess, hve bifreiðum fjölgar mjög frá ári til árs. Árið 1927 voru á skattskrá 684 bifreiðar, en 1928 voru á skattskrá 820, eða tæpum 30% fleiri en árið áður. Bifreiðaskatturinn nam síðastl. ár 58 þús. kr. Er því mjög varlega áætlaður 60 þús. kr. 1930 að áliti nefndarinnar.

Þá telur nefndin rjett að hækka útflutningsgjaldið um 75 þús. kr., eða upp í 1075 þús. Meðaltal þriggja síðustu ára nemur 1125 þús. kr. Sýnist nefndinni því gætilega farið í þessari tillögu.

Tóbakstollurinn nam síðastl. ár 1088 þús. kr. og árið fyrir um 950 þús. Þar sem hjer er um sæmilega fastan tekjustofn að ræða, vill nefndin leggja til, að liður þessi hækki upp í 950 þús. kr.

Þá telur nefndin mjög varlegt að hækka annað aðflutningsgjald upp í 200 þús. kr. Meðaltal síðustu 3 ára var 230 þús. kr.

Vörutollinn vill nefndin hækka upp í 1350 þús. kr. og telur það mjög varlega áætlað. Hefir meðaltal síðustu 3 ára numið 1400 þús. kr. En síðasta ár var hann 1635 þús.

Þá lítur nefndin svo á, að hækka megi áætlaðar tekjur af víneinkasölu ríkisins upp í 450 þús. kr. Að vísu hefir meðaltal síðustu áranna þriggja eigi gefið nema 340 þús. kr., en búast má við mikilli umsetningu árið 1930, vegna hátíðahaldanna.

Nefndin telur verðtollinn alt of lágt áætlaðan og leggur til að færa hann upp í 1500 þús. kr. Hann nam síðastl. ár 1669 þús. kr. Og þó það vitanlega væri ágætt ár, sem hefir átt sinn þátt í því, hvað skatturinn reyndist hár, má líka vænta þess, að innflutningur reynist mjög mikill árið 1930 í sambandi við fyrirhuguð hátíðahöld.

9. gr.

Nefndin leggur til, að alþingiskostnaðurinn sje hækkaður um 25 þús. kr., með það fyrir augum, að Alþingi verður stefnt saman á Þingvöllum sumarið 1930 í sambandi við alþingishátíðina. Er hækkun þessi áætluð í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

11. gr.

Fyrir árslok 1930 á að fara fram endurmat á öllum fasteignum í landinu. Er því sýnilegt, að liðurinn B. 4, til skattvirðinga, er alt of lágt áætlaður. En þar sem nefndin telur víst, að mikið af starfskostnaði við matið falli á yfirstandandi ár, álítur hún muni nægja að hækka liðinn um 40 þús. kr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps í N.-Múlasýslu sækir um 500 kr. árlegan styrk til læknisvitjana. Um nokkurra ára skeið sat læknir Hróarstunguhjeraðs í Borgarfirði, og fjell þá eðlilega niður styrkur sá, sem hreppurinn hafði áður notið til læknisvitjana. Nú er læknissetrið aftur flutt að Hjaltastað á Hjeraði, og því er þessi beiðni fram komin, að læknisvitjanastyrkurinn verði tekinn upp aftur.

Nefndin telur rjett að ljetta hreppsbúum þá löngu og erfiðu læknissókn, sem þeir eiga við að búa, og leggur til, að þeim sje veittur 300 króna styrkur í því skyni, í samræmi við samskonar styrk til ýmsra annara hreppa, er sviplíka aðstöðu hafa.

Jón Kristjánsson nuddlæknir sækir um fjárstyrk til lækningastofu sinnar. Býðst hann þá og til að kenna nemendum læknadeildar háskólans verklegar aðferðir í nuddlækningum. Og enn tekur hann fram í umsókn sinni, að væntanlegur styrkur skuli ganga til greiðslu afborgana og vaxta af viðlagasjóðsláni, er hann hefir fengið til lækningastofu sinnar. Umsókn þessari fylgdu ákveðin meðmæli hjeraðslæknisins í Reykjavík. Einnig beiðni læknanema við háskólann um kenslu í þessari nefndu fræðigrein.

Nefndin felst á að mæla með 1200 króna styrk í þessu skyni, en telur sjálfsagt að binda hann sömu skilyrðum og styrk til tveggja annara sjerfræðilækna í Reykjavík, um ókeypis kenslu í læknadeild háskólans og tiltekna læknishjálp til fátækra manna.

Nú er hin nýja deild á Kleppsspítala fullger og tekur til starfa. Er gert ráð fyrir, að viðbótin rúmi 80—100 sjúklinga. Að sjálfsögðu er eigi fyrirfram unt að ákveða með vissu, hver verða kunni rekstrarkostnaður þessarar nýju geðveikradeildar. En eftir þeim kostnaðaráætlunum, sem fyrir nefndinni lágu frá hælislækni, dr. med. Helga Tómassyni, var nefndinni ljóst, að með sama daggjaldi sjúklinga og verið hefir á Kleppi undanfarið, kr. 1,50, þyrfti að hækka tillagið til hans allverulega. Og með hliðsjón af þeim áætlunum og upplýsingum, sem fyrir liggja, leggur nefndin til, að tillagið til geðveikrahælisins á Kleppi sje hækkað úr 109525 kr. upp í 160250 kr. og væntir, að sú hækkun muni nægja.

Stjórnarnefnd Kristneshælis fer fram á, að veittar verði 21 þús. kr. til margskonar umbóta og aðgerða á hælinu. Eru þessi umbótaatriði í 7 liðum, og fylgir hverjum þeirra nákvæm greinargerð og kostnaðaráætlun. Nefndin leitaði álits landlæknis um málið og fjekk frá honum ákveðna umsögn, er hún svo

lagði til grundvallar fyrir tillögum sínum. Eru þær þannig, að hælinu sjeu samtals veittar 7500 kr. til eftirnefndra umbóta:

1.	Til útbúnaðar 2—3 herbergja á efsta lofti ...	1300 kr.
2.	— að byggja hænsna- og svínahús	1500 —
3.	— að kaupa vatnsdælu (til vara)	700 —
4.	— að kaupa háspennuketil	2000 —
5.	— lagfæringar á umhverfi hælisins	2000 —
	Alls	7500 kr.

Hinsvegar hefir nefndin eigi sjeð sjer fært að mæla með byggingu nýs leguskála við hælið nje heldur líkhúss með áföstum frystiklefa, svo sem farið er fram á og sem kosta á samkvæmt áætlun kr. 10500,00. Enda hefir landlæknir eigi talið brýna þörf til þessa.

Nefndin lætur óhreyfðan lið 15. c. í 12. gr., sjúkraskýli og læknisbústaði kr. 18000, en vill taka fram, að af þeim ýmsu erindum, sem fyrir lágu um styrk af þessum lið, ætlast nefndin til, að veitt verði:

1.	Til kaupa og aðgerða á læknishúsi á Breiðamýri í S.-Þingeyjarsýslu $^1/_3$ kostnaðar, alt að	2200 kr.
2.	Til Ísafjarðarspítala, til kaupa á röntgentækjum, $^1/_3$ kostnaðar, alt að	3000 —
3.	Til spítalans »Guðm. minni« Akureyri, til kaupa á röntgentækjum, $^1/_3$ kostnaðar, alt að	2700 —
4.	Til Seyðisfjarðarspítala, til kaupa á röntgentækjum, $^1/_3$ kostnaðar, alt að	2300 —
	Samtals	10200 kr.

Eru þessar tillögur í fullu samræmi við landlækni, sem hafði erindin til athugunar og umsagnar.

Er þá óráðstafað af þessum lið 7800 kr., sem nefndin sá þó eigi ástæðu til að fella niður. Enda skýrði landlæknir fyrir nefndinni, að enn væri óvíst, hvort framkvæmdar yrðu á þessu ári byggingar þær í Stykkishólmshjeraði og Reykhóla, sem fje er veitt til í gildandi fjárlögum af þessum lið.

13. gr.

Breytingartillaga nefndarinnar um hækkun á launalið póstmálanna er eingöngu leiðrjetting og í því einu fólgin, að af vangá hafði dýrtíðaruppbótin fallið úr launaupphæðinni.

Nefndin leggur til að hækka liðinn B. I. 4., til aðstoðarmanna og mælinga, úr 16 þús. upp í 20 þús. krónur. Af þeim lið er greitt kaup tveggja aðstoðarverkfræðinga, svo og ferðakostnaður þeirra, og ennfremur annar kostnaður við mælingar og rannsóknir viðvíkjandi vega- og brúagerðum. Kostnaður við þennan lið hefir numið 2 síðustu árin yfir 21 þús. kr. hvort árið. Nú eru framkvæmdir fyrirhugaðar með mesta móti, og því sýnilegt, að ekki verður unt að komast af með minni upphæð en þá, sem nefndin leggur hjer til.

Það er alkunnugt, að áhugi og þörf fyrir umbætur á sýsluvegum fer

vaxandi með hverju ári, og þá jafnframt kröfurnar um aukið tillag til þeirra úr ríkissjóði. Til þess að bæta lítilsháttar úr mjög brýnni þörf hjeraðanna um hjálp í þessu efni, leyfir nefndin sjer að leggja til, að framlagið til akfærra sýsluvega verði hækkað um 5 þús. krónur.

Samkvæmt skýrslum, er fyrir nefndinni lágu um framlög til sýsluvegasjóða, eftir lögum nr. 10 1923, er sýnilega óhjákvæmilegt að hækka þann lið, þar eð tillag ríkissjóðs er lögbundið eftir framlögum hjeraðanna.

Sýsluvegasamþyktir eru nú staðfestar í 5 sýslum, og í þremur þeirra er skatturinn í hámarki. Síðasta ár nam tillag ríkissjóðsins til sýsluvegasjóða 67 þús. króna, og hafði þá fyllilega tvöfaldast frá árinu á undan.

Þó eigi sje gert ráð fyrir, að fleiri sýslur bætist við með samþyktir, nje að skattur sje hækkaður heima fyrir frá því, sem var síðastl. ár, er þýðingarlaust að gera ráð fyrir, að ríkissjóðstillagið lækki 1930. Leggur nefndin því til, að liðurinn sje hækkaður í 65 þús. kr. og getur óttast, að sú hækkun kunni að reynast í minsta lagi.

Landssímastjóri gerir tillögur um byggingar nýrra símalína 1930 þannig:

1.	Til Suðurlandslínunnar, síðasta greiðsla	125	þús. kr.
2.	Viðbótarlína Fáskrúðsfjörður — Hornafj.	90	— —
3.	— Reykjavík — Vík í Mýrdal	85	— —
4.	— milli Dalvíkur og Siglufjarðar	32	— —
5.	Eyjafjarðarlína	25	— —
6.	Þykkvabæjarlína og lína frá Hallgeirsey til Bergþórshvols ...	20	— —
7.	Viðbótarlína frá Ísafirði til Ögurs og ný lína þaðan til Æðeyjar og Snæfjallastrandar	65	— —
8.	Bárðardals- og Kinnarlína...	25	— —
9.	Vatnsnes- og Miðfjarðarlína	35	— —
10.	Lína frá Skógum til Skinnastaða í Axarfirði og frá Kópaskeri til Leirhafnar	13	þús. kr.
11.	Lína frá Reykjarfirði til Ingólfsfjarðar	10	— —
12.	Framlenging Grundarfjarðarsíma til Stykkishólms	4	— —
13.	Lína frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal	8	— —
	eða heildarupphæð	537	þús. kr.

En hinsvegar hefir stj. ekki sjeð sjer fært að taka hærri upphæð í fjárlagafrv. í þessu skyni en 300 þús. kr. Vantar þannig 237 þús. kr. til þess fullnægt verði tillögum landssímastjóra. Hefir hann tjáð nefndinni, að hann teldi sanngjarnt, að línur þessar yrðu í höfuðatriðum bygðar í þeirri röð, sem að ofan kemur fram. Er þá sjeð, að upphæð sú, sem er í fjárlagafrv., nægir aðeins til 3 fyrst töldu línanna. En þar sem þær allar lúta eingöngu að því að fullgera og tryggja »Suðurlandslínuna«, sem í 2 síðustu fjárlögum hefir einnig tekið allmikið upp af fje því, sem varið hefir verið til nýbygginga símalína, þótti nefndinni með þessari ráðstöfun allmjög þrengt kosti ýmsra hjeraða annara, sem með þessu móti yrðu afskorin því að fá nokkuð að þessu sinni til símalagninga. Fór því nefndin þess á leit við landssímastjóra, að liðurinn 3 í till. að ofan yrði látinn bíða í þetta sinn, en fje það, sem til hans er ætlað, látið ganga til að

bæta úr brýnustu þörfum annarsstaðar. Benti hún á, að ýmsar aðrar framannefndar línur ættu hinn mesta rjett á sjer. Þannig væri raunar óhjákvæmilegt að tvöfalda þegar línuna frá Dalvík til Siglufjarðar, ef viðunandi not ættu að verða af Norðurlandslínunni. Þá væru og línurnar 5, 6 og 7 (frá Ögri til Snæfjallastrandar) í tillögum landssímastjóra með elstu línum í símalögunum, sem mjög ósanngjarnt væri að skjóta á frest að byggja, og fleiri aðrar smærri línurnar væru og mjög sjálfsagðar.

Þótt landssímastjóri viðurkendi að vísu þessar röksemdir að mestu, vildi hann eigi fella niður viðbótarlínuna til Víkur. Ella kæmi Suðurlandslínan eigi að fullu gagni. En hann óskaði hinsvegar mjög eftir, að nefndin vildi hækka heildarupphæðina, svo hægt yrði að bæta úr brýnustu þörfum annarsstaðar.

Vill nefndin eigi gegn beinum tillögum landssímastjóra leggja til að fresta að tvöfalda línuna frá Rvík til Víkur, þó hún að vísu álíti það vel tiltækilegt. En telur þá óhjákvæmilegt að hækka heildarupphæðina til símalagninga um 50 þús. kr.

Samkvæmt tillögum landssímastjóra leggur nefndin til að hækka liðinn til annara símastöðva og eftirlitsstöðva um 5 þús. kr. Liður þessi hækkar með ári hverju, eftir því sem stöðvunum fjölgar. Síðastl. ár bættust t. d. við 24 nýjar stöðvar. Er sjálfsagt að hækka liðinn í samræmi við það, sem vitanlega verður greitt.

Vitamálastjóri hefir gefið nefndinni þá bendingu, að í þá grein fjárlaganna, sem hefir *vitamál* að fyrirsögn, hafi undanfarið verið færðar allmiklar upphæðir, sem í raun rjettri heyri til hafnarmálum. Nefnir þar til sjerstaklega undirbúning og umsjón hafna- og bryggjugerða, sem vitamálaskrifstofan hafi haft með höndum. Sje það mikið verk og fari vaxandi.

Í samræmi við þessar bendingar flytur nefndin tillögur um að breyta fyrirsögn kaflans, sem verði: Vita- og hafnagerðir. Einnig að tillög til hafna- og bryggjugerða verði þá jafnframt færð á þennan lið.

Vitamálastjóri fer fram á, að hækkaður sje liðurinn til að reisa nýja vita. Telur nauðsyn á, að reistur sje viti við Látravík, skamt austan við Hornbjarg. Þar sje eyðibýli, sem þurfi að byggja upp handa vitaverði, og muni það fást keypt fyrir lítið verð. Gerir vitamálastjóri ráð fyrir nokkuð ljósmiklum vita þarna, ljósmagn 50000 kerta, og áætlar kostnað við að koma honum upp ásamt nauðsynlegum húsum, og kaupverði jarðarinnar, 83 þús. kr.

Nefndin verður að telja það mikla nauðsyn að fá vita hjá Horni á Hornströndum vegna allra siglinga milli Norður- og Vesturlands, en heldur líkur fyrir, að 80 þús. krónur muni nægja til að koma vitanum upp, þar með talið andvirði jarðarinnar. Leggur því til, að liðurinn verði hækkaður í 80 þús. kr.

Vitamálastjóri bendir nefndinni á, að við vaxandi bryggjugerðir hin síðari árin hafi það komið betur og betur í ljós, að mikil þörf væri á, að ríkið keypti ýms áhöld og tæki, til afnota við mörg þessi mannvirki, svo sem kafarabúnað, fallhamar, lyftivjel, hrærivjel og fleira. Fer hann fram á, að varið verði úr ríkissjóði til þessa alt að 20 þús. kr. Ætlast hann til, að tæki þessi verði lánuð til þeirra staða, er þörf hafa fyrir þau, gegn því, að notendur greiði viðhaldskostnað þeirra. Nefndin getur fallist á, að stefnt sje hjer í rjetta átt, sjerstaklega

muni mjög nauðsynlegt að kaupa kafarabúnað, og vill hækka liðinn E. VI. (ýmislegt) um 10 þús. kr. í þessu skyni.

Fyrir nefndinni lágu ýms erindi um styrk til bryggjugerða og lendingarbóta, ásamt lýsingum af mannvirkjunum, uppdráttum og kostnaðaráætlunum. Eftir að hafa athugað skjöl þessi, kom nefndinni saman um að mæla með því, að veitt yrði fje til framkvæmda eftirtaldra mannvirkja, þannig:

Til endurbyggingar bátabryggju í Ólafsfirði, 1/3 kostnaðar, alt að	8000 kr.
Til bryggjugerðar í Flatey á Skjálfanda (endurveiting), 1/3 kostnaðar, alt að	3500 —
Til bryggjugerðar á Hofsósi, 1/3 kostnaðar, alt að	5500 —
Til umbóta á bátalegunni á Akranesi (fyrri greiðsla), 1/3 kostnaðar, alt að ...	8500 —
Samtals	25500 kr.

Leggur því nefndin til, að liðurinn til lendingabóta og bryggjugerða sje hækkaður um 13500 krónur, eða úr 12000 kr. í 25500 krónur.

Til að dýpka svonefnda Snepilrás hjá Stokkseyri hefir á nokkrum undanförnum árum verið varið alls 10800 kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Er nú verkinu komið það langt áleiðis, að sprengingu er að mestu lokið. Enn þarf þó að breikka til muna rásir þær, sem sprengdar hafa verið, ef verkið á að koma að tilætluðum notum samkvæmt mælingum Kirks verkfræðings. Liggur fyrir nefndinni áætlun um, að kosta muni 7—8 þús kr. að fullgera verkið, og farið fram á 3500 kr. styrk til þess úr ríkissjóði.

Vill nefndin leggja með því, að þessi umbeðna upphæð verði veitt, gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, þar sem um er að ræða að koma í fult gagn nauðsynjaverki, er þegar hefir verið kostað til allmiklu fje.

14. gr.

Fjárveiting sú, sem ætluð er til húsabóta á prestssetrum, er hin sama í fjárlagafrumvarpinu og í fjárlögunum fyrir árið 1929. Fyrir nefndinni lágu tvær nýjar fjárbeiðnir í þessu skyni, önnur frá prestinum á Prestsbakka, en hin frá prestinum í Ólafsfirði (Kvíabekkjarprestakalli). Biskupinn kom á fund nefndarinnar, og lagði hann til, að hinum áætluðu 20 þúsundum yrði þannig varið, að 12000 kr. gengju til bygginga á Prestsbakka, en 8000 til Ólafsfjarðar. Nefndin fjelst á veitinguna til Prestsbakka. Um Ólafsfjörð er aftur nokkuð öðru máli að gegna. Til þessa hefir Alþingi aðeins veitt byggingarstyrk til prestssetra í sveit. En nú hafa prestar þarna ekki setið á prestssetursjörðinni Kvíabekk síðan 1907, heldur í kaupstaðnum (Ólafsfirði), enda er kirkjan og flutt þangað fyrir nokkrum árum. Væri nú að því horfið að leggja fje úr ríkissjóði til húsbyggingar þessarar, væri þar með myndað fordæmi, sem gæti leitt til þess, að aðrir kaupstaðaprestar teldu sig hafa rjett til samskonar styrks. Af þessum ástæðum, sem og hinu, að byggingarlóð sú, sem prestinum stendur til boða, er bæði lítil og með mjög óaðgengilegum kjörum, þá gat nefndin ekki að svo komnu lagt til, að styrkur þessi sje veittur, þó að hún hinsvegar viðurkenni fyllilega þörf viðkomandi prests. Samt gerir hún ekki tillögu um að lækka liðinn, með því að búast má við, að nóg verði við fje þetta að gera, þó að því sje ekki öllu ráðstafað fyrirfram.

Þá koma breytingartill. nefndarinnar.

B. I. c. Til kenslu í söng. Nýr liður, 1000 kr. Fjárveiting þessi er í núgildandi fjárlögum, en hefir verið feld niður í frumvarpinu. Fje þessu hefir verið varið til þess að kenna nemendum guðfræðideildarinnar söng og tón. Lá fyrir nefndinni till. frá háskólarektor um það, að fjárveiting þessi fengi að standa áfram, og beiðni um hið sama frá öllum nemendum deildarinnar. Virtist af meðfylgjandi vottorðum, að áhugi nemenda fyrir þessu væri mikill og árangur nú þegar mjög góður.

B. I. k. (Ritari og dyravörður). Þessi breyting er einnig gerð eftir till. háskólarektors. Er gert ráð fyrir, að núverandi dyravörður láti bráðlega af starfi sínu sökum aldurs, og er þá talið hentugra að fela einum manni bæði þessi störf og launin verði þó því nær hin sömu og nú er greitt fyrir þau, eða 4000 kr., auk núverandi hlunninda.

B. II. c. (Námsstyrkur). Nefndinni barst nú eins og fyr fjöldi beiðna um námsstyrki erlendis frá stúdentum, sem ekki höfðu getað orðið aðnjótandi styrks af hinni föstu (24000 kr.) fjárveitingu. Nú hafði stjórnin ekki tekið upp í fjárlagafrumvarpið neina slíka persónustyrki, en í þess stað eina upphæð, 4000 kr., sem úthluta skyldi eftir tillögum mentamálaráðs.

Nefndin álítur þetta rjetta stefnu. Sjálf hefir hún engan tíma nje aðstöðu til að kynna sjer til hlítar það, sem helst á að ráða úrslitum um slíkar styrkveitingar, svo sem fjárhagsástæður og hæfileika viðkomandi manna, eða hvaða sjernáms sje mest þörf, hvar heppilegast sje að stunda það o. fl. o. fl. Alt þetta hefir mentamálaráð miklum mun betri aðstöðu til að dæma um, enda á það að úthluta hinum áðurnefnda árlega styrk. Og þótt nefndin gæti aflað sjer nokkuð ábyggilegra upplýsinga um þessa hluti, þá er hún sem kunnugt er á engan hátt einvöld um úthlutun styrkjanna, heldur mun það oftast vera svo, að stúdentar þeir, sem þesskonar styrki hafa hlotið, hafa þar mest notið dugnaðar og atfylgis einstakra þingmanna, sem tekið hafa að sjer að flytja mál þeirra í deildinni. Og þó að margur góður maður hafi þannig hlotið maklega hjálp, þá er slíkt handahóf um úthlutun styrkja algerlega óviðunandi, enda eru styrkveitingunum á þann hátt engin takmörk sett. Nefndin heldur því fast við þá stefnu, sem hjer er upp tekin, en leggur hinsvegar til, að fjárhæð sú, sem stjórnin setti inn, sje hækkuð úr 4000 kr. í 8000. Álítur hún, eftir upplýsingum þeim, sem hún hefir fengið, að sú upphæð + 24000 muni nægja fyrst um sinn til þess að námsmenn geti aflað sjer þeirrar sjerþekkingar, sem þjóðin þarfnast í ýmsum greinum og þeir ekki fá innanlands. En jafnframt leggur nefndin áherslu á, að allir persónustyrkir til þessara hluta falli niður.

B. II. c. Nýr liður, til Kristins læknis Björnssonar, 1000 kr. — Kristinn læknir Björnsson hefir lokið læknisnámi við háskóla Íslands og hlotið hið mesta hrós þar. Nú hefir hann stundað sjernám í skurðlækningum í París í $2^1/_2$ ár og fengið þar hin lofsamlegustu ummæli kennara sinna. Hann sótti um 3000 kr. styrk til þingsins í þessu skyni, enda hefir hann einskis opinbers styrks notið fyr. En nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að honum yrði veittar nema 1000 kr., og kemur hann þá í stað Björns Gunnlaugssonar læknis, sem nýtur samskonar styrks í núgildandi fjárlögum til sjerfræðináms í Þýskalandi.

B. VIII. Bændakensla. Hjer er tekin upp sama athugasemd og er í nú-

gildandi fjárlögum. Ætlast nefndin til, að verknámsstyrknum sje eingöngu varið til nemenda samkvæmt athugasemdinni, en verkstjórnina eða kensluna og fæði nemenda leggi viðkomandi skólastjórar til frá sjer.

B. XV. 3. Nýr liður (Húsmæðrafræðsla í Vík). Þessi styrkur er í núg. fjárlögum, en ekki tekinn í frumvarpið. Hefir kvenfjel. Hvammshrepps haldið uppi kenslu síðustu 7 árin í ýmsum kvenlegum dygðum og fer nú fram á 5000 kr. fjárveitingu til þess. Nefndin leggur til, að hin fyrri fjárveiting sje upp tekin, en sjer ekki fært að ganga lengra.

B. XIX. (Til íþrótta). Liðir þessir hafa staðið í 15. gr., en nefndin leggur til, að þeir sjeu fluttir í 14. gr. Álítur hún þá fremur eiga þar heima og fari best á, að þeir komi næst á eftir »Sundkenslu o. fl.«.

Tveim nýjum liðum er bætt þarna inn, öðrum »til Bandalags ísl. skáta« (500 kr.). Hefir það með höndum holla og góða starfsemi meðal æskumanna, sem nefndin álítur, að sje viðurkenningar makleg. Hinn er: *Til Glímufjelagsins Ármanns, til að sýna ísl. glímu í Þýskalandi.* Fjelag þetta hefir tvisvar áður sent glímuflokk til útlanda, til Noregs árið 1925 og Danmerkur árið 1926, og hefir hann hlotið einróma lof og viðurkenning í báðum löndunum, bæði til handa sjer og glímuíþróttinni. Í hvorugt skiftið hefir flokkurinn fengið opinberan styrk, enda hafa ferðirnar orðið fjelaginu mjög kostnaðarsamar. Fjelagið hefir mjög verið hvatt þess af ýmsum Þjóðverjum, sem kynst hafa ísl. glímu, að flokkurinn væri einnig sendur til Þýskalands, og nú er svo langt komið, að ferðin hefir verið undirbúin þar og glímusýningar ákveðnar í 20 helstu borgum landsins. Samkvæmt sundurliðaðri áætlun verður kostnaður við förina 25000 kr., og hugsar fjelagið sjer að vinna hann upp að nokkru leyti með sýningargjöldum erlendis. En samkvæmt áðurfenginni reynslu má ekki búast við, að þau nægi, og hefir fjelagið því sótt um 5000 kr. styrk úr ríkissjóði til þess að standa undir nokkrum hluta hins væntanlega tekjuhalla. Nefndin leggur til, að fjelaginu verði veittar 4000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir það starf sitt, að kynna heiminum þessa fornu og merkilegu þjóðaríþrótt Íslendinga, og til að tryggja það fjárhagslega vegna hins fyrirhugaða ferðalags.

15. gr.

1. j. (Lækningakostn. dyravarðar). Fjárveiting sú (500 kr.), sem til þessa er heimiluð í núgildandi fjárlögum, er þegar greidd, en gleymst hefir að fella athugasemdina niður, er frumvarpið var samið.

3. d. (Til áhalda og aðgerða á Þjóðmenjasafninu). Þjóðmenjavörður fer fram á allmikla hækkun til ýmissa liða sinnar starfsemi, en lítið af þeim hefir verið upp tekið. Þó áleit nefndin ekki annað fært en að hækka nokkuð þennan lið, þar sem allmiklu verður að kosta til viðgerðar á fornmunum þeim, sem keyptir eru meira og minna gallaðir, ef þeir eiga að halda sjer í fullu gildi.

3. e. (Til umbóta Hólakirkju). Hjer er tekin upp sama fjárveiting og í núgildandi fjárlögum. Fornmenjavörður fór fram á tvöfalda þessa upphæð, en nefndin leggur ekki til, að meira sje veitt á þessu ári, en býst við, að ekki veiti af svipuðum upphæðum í fjárlögum eftirleiðis til þess að gera Hólakirkju, sem

vafalaust er meðal merkustu bygginga og dýrmætustu fornmenja landsins, sem líkasta því, er hún upphaflega var.

21. Ferðastyrkur til sjera Jóns Sveinssonar. Sjera Jón er öllum Íslendingum kunnur. Hann hefir dvalið fjarri ættjörð sinni svo að segja alla æfi og aðeins komið hingað einu sinni snögga ferð, fyrir rúml. 30 árum, síðan hann var barn.

Nú mun hann ekkert þrá heitar en að fá að líta ættjörðina einu sinni áður en hann deyr. En það er hvorttveggja, að hann er ekki svo efnum búinn, að hann geti ferðast hingað á eigin spýtur, enda hefir ekki stöðu sinnar vegna það frjálsræði, að hann geti farið þessa för óboðinn, þótt aðrar ástæður leyfðu. En kunnugir fullyrða, að ef hið opinbera veitti honum styrk þennan, þá mundi hann bæði gera honum ferðina kleifa fjárhagslega og fararleyfi auðsóttara.

22. Þarf ekki skýringa.

Liðirnir 35 og 36 falli niður. Þessir liðir eru færðir yfir í 14. gr. og gerð grein fyrir því áður.

16. gr.

4. (Jarðræktarlög). Liður þessi reyndist við síðustu útborgun (jarðab. 1927) fullar 375000 kr., og áleit nefndin því rjett að gera ráð fyrir svipaðri upphæð hjer, þó að búast megi við, samkv. áframhaldandi aukningu í jarðabótum undanfarin ár, að sú upphæð reynist of lág, er til kemur.

15. g. (Vegna flugferða). Ýmsar hækkunartill. lágu fyrir nefndinni frá forstöðumanni veðurstofunnar. Að svo komnu sá nefndin ekki ástæðu til að taka þær upp í frumvarpið, nema liðinn til flugferða, þar sem nú má telja vissu fyrir því, að flugferðum verði haldið hjer uppi í sumar, og að líkum lengur, og reynsla frá síðastliðnu sumri bendir til þess, að veðurfregnir vegna þeirra hafi í för með sjer allmikil aukin útgjöld.

20. og *21. Liðirnir falla niður.* Þessir liðir eru fluttir í 13. gr. og gerð grein fyrir því þar.

24. (Mjöll). Mjólkurniðursuðuverksmiðjan »Mjöll« nýtur í núgildandi fjárlögum þessa styrks, en hann hafði verið færður niður um 2000 kr. í frumv. Nefndin sá ekki ástæðu til að lækka hann að svo komnu og færir hann í sitt fyrra horf.

30. (Til Samb. austfirskra kvenna). Samband þetta var stofnað árið 1926 og vinnur að ýmsum menningarmálum kvenna, eins og títt er um slíkan fjelagsskap. Sótti það um 500 kr. styrk og varð að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að það fengi 300 kr., með tilliti til þess, að Samb. norðlenskra kvenna nýtur nú 450 kr. í sama skyni.

32. Til landsfundar kvenna. Kvenrjettindafjelag Íslands hefir áður staðið fyrir tveim »landsfundum íslenskra kvenna«, öðrum í Reykjavík og hinum á Akureyri, og í bæði skiftin hlotið opinberan styrk, 1000 kr. í hvort skiftið. Nú hefir verið ákveðið að halda hinn 3. landsfund í Reykjavík sumarið 1930, og standa að því ýms kvenfjelög, sem sent hafa Alþingi beiðni um 3000 kr. fjárveitingu. Nefndin gat ekki orðið við þeirri beiðni til fulls, en áleit rjett að veita til þessa svipaða fjárveitingu og áður.

35. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita. Fjárveiting til þessa hefir sem kunnugt er staðið í fjárlögum undanfarin ár. Nú hefir stjórnin felt hana niður,

með því að maður sá, sem að þessum málum hefir starfað, er orðinn fastur starfsmaður hjá Byggingar- og landnámssjóði og launaður þaðan. En þar sem ekki allir þeir bændur, er húsa þurfa jarðir sínar, geta orðið aðnjótandi lána úr þeirri lánsstofnun, er full nauðsyn að sjá hinum einnig fyrir aðstoð um teikningar og leiðbeiningar, sem Byggingar- og landnámssjóður teldi sjer óviðkomandi. Í þeim tilgangi hefir nefndin tekið upp þessa fjárveitingu (4000 kr.) og telur hentugast, að sama manni yrði falið að sjá um hvorttveggja og notaði fje þetta til þess að afla sjer þeirrar aðstoðar, sem þetta aukna starf krefði.

35. Til Hjálpræðishersins. Hjálpræðisherinn hefir sem kunnugt er starfrækt gesta- og sjómannaheimili hjer í Reykjavík undanfarin 30 ár. Hefir hann áður notið nokkurs styrks úr ríkissjóði til bygginga og sömul. árlegs styrks frá bæjarsjóði Reykjavíkur til starfsemi sinnar hjer síðustu árin. Nú er í ráði að byggja 1 hæð ofan á hús hans hjer og gert ráð fyrir, að með þeirri nýju viðbót fáist 25—26 ný herbergi. Gert er ráð fyrir, að hin nýja bygging kosti alls um 70000 kr. og ýmsar umbætur í sambandi við hana um 20000 kr., eða alls 90000 kr.

Mikið af fje þessu verður að taka að láni erlendis, en yfirmaður Hjálpræðishersins hjer taldi, að ljettara mundi verða að fá það lán, ef sýndur væri nokkur áhugi fyrir málinu í landinu sjálfu með því að ljetta undir kostnaðinn. Nú hefir bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið að veita til byggingarinnar 10000 kr., og fer yfirmaður Hjálpræðishersins hjer fram á 15000 kr. styrk frá Alþingi.

Nefndin sá sjer ekki fært að mæla með allri þeirri fjárhæð. Hinsvegar viðurkennir hún fyllilega, að starfsemi þessa fjelagsskapar sje þess verð, að að henni sje hlúð, og þörfin fyrir stækkun gistihússins mikil, einkum þar sem fyrirhugað er, að stækkuninni sje lokið fyrir 1930.

Leggur hún því til, að veittar verði til þessa 10000 kr., og komi helmingur, eða fyrri greiðslan, á fjárlög fyrir 1930.

36. Til framræslu á Eyrarbakka. Eins og þeim er vitanlegt, sem komið hafa að Eyrarbakka, stendur kauptúnið á lágri sandöldu við sjóinn, en landið fyrir ofan er marflatt og allmikið lægra. Safnast þar að vatn, sem ekki fær framrás vegna sandöldunnar og hylur á þann hátt að meira eða minna leyti landfláka, sem er ca. 400 ha. að stærð. Vatn þetta gerir iðulega stórtjón á sandgræðslusvæðum þar í kring, túnum, görðum og vegum, og stendur kauptúninu mjög fyrir þrifum, þar sem öll ræktun í kringum það verður illkleif, sem þó er þar mikil nauðsyn síðan verslunin hvarf þaðan og útgerðin minkaði. Nú hefir Búnaðarfjelag Eyrarbakkahrepps látið fram fara allrækilega rannsókn á framræslu þessa svæðis og fengið til þess áveitufræðinga Búnaðarfjelags Íslands. Leggja þeir til, að gert verði holræsi í gegnum sandkampinn og vatninu veitt þar í gegn. Allan kostnað við verkið áætla þeir 15700 kr., þar með taldir skurðir og vatnsvarnargarðar á landinu sjálfu. Búnaðarfjel. Eyrarb.hr. hefir sótt um 8000 kr. styrk frá Alþingi til þessa verks. Nefndin telur þetta nauðsynjamál fyrir kauptúnið og vill veita því nokkurn stuðning, en getur hinsvegar ekki mælt með hærri fjárveitingu en hjer segir (4000 kr.), þar sem föst venja er að styrkja þesskonar framkvæmdir aðeins að $^1/_4$ úr ríkissjóði.

37. Laxfoss og Glanni. Þetta er endurveiting. Hefir staðið í fyrri fjárlögum.

En sökum þess að ekki höfðu þá fengist full yfirráð yfir laxgöngu um Laxfoss (Nikulásarker), var verkinu frestað þar til nú.

41. Til innflutnings sauðnauta. Samskonar fjárveiting og þetta var samþykt í neðri deild á síðasta þingi, en feld í efri deild. Nefndin álítur enn sem fyr, að það geti haft mjög mikla þýðingu fyrir ísl. landbúnað að fá hingað þessi harðgerðu og merkilegu nytjadýr áður en þau eru eyðilögð með öllu, sem nú er helst útlit fyrir, að gert verði innan skamms.

17. gr.

1. Styrkur til berklasjúklinga. Þetta er lagfæring. Reynslan hefir sýnt, að liður þessi fer svo langt fram úr fyrri áætlunum, að fremur má gera ráð fyrir, að þetta hrökkvi ekki til. En það er í áttina til hins rjetta.

11. Til Stórstúku Íslands. Nefndin hefir hækkað þennan lið upp í það sama og hann er í núgildandi fjárlögum. Álítur hún, að starfsemi þessi sje vel þess styrks makleg.

14, a.—c. Sjúkrastyrkir. Nefndin taldi rjett að verða við beiðni þessara sjúkrasjóða um styrkveitingu, þar sem ekki er í annað hús að venda fyrir þá á meðan ekkert skipulag er komið á um tryggingarstarfsemina í landinu.

18. gr.

II. b. 22. Anna Þorgrímsdóttir er ekkja Jóns heitins Bjarnasonar læknis á Kleppjárnsreykjum, er dó nú í vetur. Á hún 6 börn í ómegð, en efni munu lítil, þar eð maður hennar var ungur er hann dó, en heilsulítill síðari ár æfinnar.

II. c. 6. (Jón Ó. Magnússon). Dáinn.

II. c. 10. (Jens V. Hjaltalín). Sr. Jens V. Hjaltalín er háaldraður maður, á 88. aldursári. Hann ljet af embætti 1918 eftir 51 þjónustuár. Hann hefir í eftirlaun lögum samkvæmt 765 kr. og er eignalaus með öllu. Nefndin varð við ósk hans um að leggja til, að eftirlaun hans yrðu hækkuð um 435 kr., svo að hann hefði alls 1200 kr.

II. i. 16. (Ljósmæður). Nefndin leggur til, að hjer verði tveim bætt við í hóp eftirlaunaljósmæðra. Hefir Sigrún að baki sjer 42 en Guðrún 39 ára starfsaldur.

II. i. 30. (Sigrún Gestsdóttir). Dáin.

II. i. 41. (Jóh. Þorkelsson). Dáinn.

22. gr.

5. Leiðrjetting.

23. gr.

III. Ábyrgðarheimildir fyrir rafveitur. Fyrir nefndinni lágu beiðnir frá viðkomandi hjeruðum um ábyrgðir þessar og sömuleiðis lýsingar á verkinu og kostnaðaráætlanir. Virtist nefndinni vera hjer um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða og leggur til, að ábyrgðarheimildir þessar verði veittar stjórninni, því að örðugt mun vera að afla fjár til fyrirtækja þessara á annan hátt.

III. Dýrtíðarlánin. Beiðni kom frá Gerðahreppi um eftirgjöf á 37 þús. króna hallærisláni hans. Nefndin fjelst ekki á það, en áleit hinsvegar rjett að

veita honum eftirgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana um tvö ár enn. Hið sama leggur nefndin til um Innri-Akraneshrepp.

III. Húsbygging landssímans. Húsnæði það, sem landssíminn og bæjarsíminn búa nú við, er þegar orðið alt of lítið, svo að ekki er unt að koma þar við þeim umbótum, sem nauðsynlegar eru á símakerfunum vegna hinnar stöðugu aukningar og útfærslu símans. Er því ekki annars úrkosta en að byggja nýtt hús yfir símastarfræksluna, enda mun síminn annast vexti og afborganir af því láni.

Alþingi, 7. apríl 1929.

Þorleifur Jónsson, form.	Ing. Bjarnarson, skrifari og frsm. fyrri kafla.	Bjarni Ásgeirsson, frsm. síðari kafla.
Jón Ólafsson.	Pjetur Ottesen.	Haraldur Guðmundsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 293. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	1. (Fasteignaskattur): Fyrir »240000« kemur...	250000
2.	—	2. —	2. (Tekju- og eignarskattur): Fyrir »1050000« kemur	1100000
3.	—	2. —	10. (Bifreiðaskattur): Fyrir »35000« kemur	60000
4.	—	2. —	11. (Útflutningsgjald): Fyrir »1000000« kemur	1075000
5.	—	2. —	13. (Tóbakstollur): Fyrir »850000« kemur	950000
6.	—	2. —	15. (Annað aðflutningsgjald): Fyrir »160000« kemur	200000
7.	—	2. —	16. (Vörutollur): Fyrir »1250000« kemur	1350000
8.	—	2. —	17. (Verðtollur): Fyrir »1325000« kemur	1500000
9.	—	2. —	21. (Vínsinkasala): Fyrir »375000« kemur	450000
10.	—	9. —	1. (Alþingiskostnaður): Fyrir »200000« kemur	225000
11.	—	11. —	B. 4. (Skattvirðingar): Fyrir »40000« kemur	80000

12. Við 12. gr. 3. (Styrkur til læknisvitjana):
Fyrir »7450« kemur 7750

13. — 12. — 3. 16. Nýr liður:
Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr.

14. — 12. — 5. c. (Styrkur til lækningaferða):
Aftan við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.

15. — 12. — 7. Nýr liður:
Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík 1200
Inn í aths. um skilyrði fyrir læknastyrknum bætist aftan við nafn Ólafs Þorsteinssonar: og Jóns Kristjánssonar.

16. — 12. — 12. (Geðveikrahælið á Kleppi):
Fyrir »109525« kemur 160250

17. — 12. — 12. C. (Rekstrarkostnaður):
Liðurinn orðist þannig:
Læknislaun og rekstrarkostnaður við Nýja Klepp 150000
Þar frá dragast þessar tekjur:
Meðgjöf með 160 sjúklingum, kr. 1.50 á dag 87600
Tekjur af búinu 2000
89600

18. — 12. — 14. (Heilsuhælið í Kristnesi). Nýr liður:
Til aðgerða og umbóta 7500

19. — 13. — A. 1. a. (Eftir launalögum):
Fyrir »76650« kemur 105000

20. — 13. — B. I. 1. (Laun vegamálastjóra):
Fyrir »7000« kemur 7800

21. — 13. — B. I. 2. (Laun aðstoðarverkfræðings):
Fyrir »5000« kemur 5600

22. — 13. — B. I. 4. (Til aðstoðarmanna og mælinga):
Fyrir »16000« kemur 20000

23. — 13. — B. IV. (Til slitlags á akvegum):
Fyrir »35000« kemur 60000

24. — 13. — B. VII. 1. (Tillög til akfærra sýsluvega):
Fyrir »40000« kemur 45000

25. — 13. — B. VII. 2. (Til sýsluvegasjóða):
Fyrir »35000« kemur 65000

26. — 13. — B. XI. (Gististyrkur):
Fyrir »4000« kemur 3000

27. Við 13. gr. D. II. (Til nýrra símalagninga):
Fyrir »300000« kemur 350000

28. — 13. — D. III. 5. (Bæjarsíminn í Reykjavík):
Athugasemdin fellur niður.

29. — 13. — D. III. 15. (Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva):
Fyrir »100000« kemur 105000

30. — 13. — E. (Vitamál):
Fyrirsögn kaflans verði:
Vitamál og hafnagerðir.

31. — 13. — E. I.:
Fyrir »Stjórn og undirbúningur vitamála« kemur: Stjórn og undirbúningur vita- og hafnamála.

32. — 13. — E. I. 1. (Laun vitamálastjóra):
Athugasemdin orðist þannig:
Hann sje umsjónarmaður vita- og hafnagerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.

33. — 13. — E. V. (Til að reisa nýja vita):
Fyrir »60000« kemur... 80000

34. — 13. — E. VI. (Ýmislegt):
Fyrir »50000« kemur... 60000

35. — 13. — E. VI. Nýir liðir:
a. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ... 25500
b. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að 7000
c. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að 3500

36. — 14. — B. I. c. Nýr liður:
Til kenslu í söng 1000

37. — 14. — B. I. k. (Önnur gjöld):
Fyrir tölulíðina 1. og 2. kemur:
Til ritara og dyravarðar 4000
auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.

38. — 14. — B. II. c. (Námsstyrkur):
Fyrir »4000« kemur 8000

39. — 14. — B. II. c. Nýr liður:
Til Kristins læknis Björnssonar, til sjerfræðináms í París 1000

40. — 14. — B. VIII. (Bændakensla):
Aftan við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin

yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.

Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.

41. Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður:
Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal 1500

42. — 14. — B. XIX. Nýr (rómv.) liður:
Ýmsar íþróttir.

43. — 14. — B. XIX. Nýir liðir:
a. Til Íþróttasambands Íslands 6000
b. Til Bandalags íslenskra skáta 500
c. Til Bjarnar Jakobssonar, til íþróttakenslu 4000
d. Til glímufjelagsins »Ármanns«, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi 4000

44. — 15. — 1. j. (Ýmisleg gjöld Landsbókasafns):
Athugasemdin fellur niður.

45. — 15. — 3. d. (Til áhalda og aðgerða):
Fyrir »800« kemur 1500

46. — 15. — 3. e. Nýr liður:
Til umbóta Hóladómkirkju 1000

47. — 15. — 21. Nýr liður:
Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands 600

48. — 15. — 22. (Sjera Jóh. L. Jóh.):
Liðurinn fellur niður.

49. — 15. — 35. og 36. (Til Íþróttasamb. og B. Jak.):
Liðurinn fellur niður.

50. — 16. — 4. (Gjöld samkv. jarðræktarl.):
Fyrir »300000« kemur 375000

51. — 16. — 15. g. Nýr liður:
Vegna flugferða 3000

52. — 16. — 20. og 21.:
Liðirnir falla niður.

53. — 16. — 24. (Mjöll):
Fyrir »4000« kemur 6000
Liðurinn orðist svo:
Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að.

54. — 16. — 30. Nýr liður:
Til sambands austfirskra kvenna 300

55. — 16. — 32. Nýr liður:
Til landsfundar kvenna 1930 1000

56. Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti Byggingar- og landnámssjóði 4000
enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.

57. — 16. — 35. Nýr liður:
Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla 5000

58. — 16. — 36. Nýr liður:
Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að ... 4000
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.

59. — 16. — 37. Nýr liður:
Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að 1000

60. — 16. — 41. Nýr liður:
Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar 20000

61. — 17. — 1. (Styrkur til berklasjúklinga):
Fyrir »500000« kemur 600000

62. — 17. — 11. (Til Stórstúku Íslands):
Fyrir »8000« kemur 12000

63. — 17. — 14. Nýir liðir:
a. Til Sjúkrasjóðs Hofshrepps... 400
b. Til Styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsókn« í Reykjavík 500
c. Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmiðanema í Reykjavík« 200

64. — 18. — II. b. 22. Nýr liður:
Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar 1200

65. — 18. — II. c. 6. (Jón Ó. Magnússon):
Liðurinn fellur niður.

66. — 18. — II. c. 10. Nýr liður:
Til Jens V. Hjaltalíns 435

67. — 18. — II. i. 16. Nýir liðir:
a. Til Sigurveigar Jónatansdóttur, ljósmóður 300
b. Til Guðrúnar Guðmundsdóttur, ljósmóður 300

68. — 18. — II. i. 30. (Sigrún Gestsdóttir):
Liðurinn fellur niður.

69. — 18. — II. i. 41. (Jóh. Þorkelsson):
Liðurinn fellur niður.

70. — 22. — 5. (Lánveit. til verkam.):
Fyrir »8000« í annari málsgr. kemur 800

71. — 23. — III. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast alt að 450 þúsund króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum er stjórnin metur gildar,

b. Að ábyrgjast alt að 170 þúsund króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
c. Að ábyrgjast alt að 60 þúsund króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
d. Að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarlánum Gerðahrepps og Innri-Akraneshrepps árin 1929 og 1930.
e. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarmiðstöðvar í Reykjavík, alt að 1100 þús. kr., enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda landssímans.

Nd. **294. Frumvarp**

til laga um refagirðingar og útflutning refa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum. Í reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur, skal setja ákvæði um tilhögun refagirðinga og rekstur refabúa.

Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með, að refagirðingar sjeu hafðar svo öruggar sem reglugerð tilskilur.

2. gr.

Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti.

3. gr.

Eigi má flytja út refi nema frá þeim refabúum, sem starfað hafa árlangt (12 mánuði) að minsta kosti, og þó því aðeins, að engin næm sýki hafi gengið á búinu síðastl. ár. Vottorð frá dýralækni um heilbrigði dýranna skal fylgja hverri sendingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo virðist, sem með aukinni refarækt sje að myndast hjer nýr og arðsamur atvinnuvegur. Þykir því rjett, að settar sjeu reglur um refabú, þannig, að bæði sje hlynt að viðleitni brautryðjenda á þessu sviði, og að bændum

sje jafnframt trygt öryggi fyrir sauðfje sitt, ekki síst þar sem oft hefir komið fyrir áður, að refir hafa sloppið úr eldi. Er því sjálfsagt, að refagirðingar sjeu hafðar svo traustar og svo vel frá þeim gengið í alla staði, að slíkt geti ekki komið fyrir.

Þá virðist sjálfsagt, að slík bú sjeu undir eftirliti dýralækna, svo eigi sjeu flutt út sjúk eða svo ljeleg dýr, að það spilli fyrir framhaldandi sölu. Ennfremur virðist sjálfsagt að tryggja, svo sem auðið er, að arðurinn af þessari verslun renni til landsmanna sjálfra.

Ed. **295. Nefndarálit**

um frv. til laga um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á, að sú síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum, verði hjer eftir vegin, en venja hefir verið að mæla síldina, þegar slík verslun hefir farið fram, þó út af því hafi verið brugðið á síðari árum og vigt á síld verið tekin upp hjá sumum síldarverksmiðjum, þó engin lagaákvæði sjeu til, sem heimili slíkt eða fyrirskipi.

Nefndin er sammála um, að rjett sje að setja um þetta lög, svo út frá einhverju föstu sje að ganga. Telur nefndin, að hagkvæmara muni bæði fyrir seljendur og kaupendur síldar, að síldin sje vegin, enda bendir reynslan í þá átt, að þeir, sem við þessa verslun fást, óski þess frekar, þar sem horfið hefir verið frá mælingu síldarinnar og vigtin verið tekin upp allvíða.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna »innihald eins mælikers síldar« í 2. málsgr. komi: innihald tveggja mælikera.

Alþingi, 6. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.
H. Steinsson.

Ed. **296. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar samkvæmt tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf

í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sje hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrjetti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **297. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Stafliður c. í 2. tölul. 3. gr. laganna orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Greinargerð.

Í lögum nr. 42, 4. júní 1924, er svo fyrir mælt, að sjúkrasamlagsmaður megi ekki hafa meiri árstekjur »en 3000 kr. auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir«.

Þegar lögin frá 1924 voru samþykt, voru dýrtíðarbætur 52%, eða hámarkslaunin með dýrtíðarbótum 4560 kr., en við lækkun dýrtíðarbótanna, sem nú eru 34%, hafa hámarkslaunin fallið niður í 4120 kr. Afleiðingin verður bersýnilega fækkun þeirra manna, sem í samlögum eru, og hnignun sjóðanna. Í sömu átt vinnur og kauphækkun einhleypra manna eða þeirra, sem einn eða engan ómaga hafa og komast yfir hámark árslauna eftir nefndum lögum.

Rjett er, að löggjöfin styðji fremur að fjölgun samlagsmanna en fækkun, og að því miðuðu lögin frá 1924, þótt lækkun dýrtíðarbótanna hafi leitt til fækkunar þeirra. Hjer er lagt til að fara sem næst því hámarki, sem þá var sett, hvað sem dýrtíðarbótum líður, og miða við 4500 kr. árstekjur, hverjar sem eru.

Nd. **298. Nefndarálit**

um frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. vill, að lögin verði heimildarlög og að framlag ríkissjóðs verði fært niður í 1/4 hluta kostnaðar við hafnarbæturnar, en meiri hl. vill samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

Þessi aðstaða nefndarinnar sýnir, að öll nefndin er í rauninni sammála um nauðsynina til hafnarbóta í Hafnarfirði. Það, sem á milli ber, er í sjálfu sjer aðeins stigmunur. Meiri hl. hefir aðeins gleggra auga fyrir því, hve þörfin er brýn og aðkallandi, og leggur því áherslu á, að tafarlaust verði hafist handa um framkvæmdir.

Frá Hafnarfirði eru nú gerðir út 12 togarar, 10 línuveiðiskip og mörg minni skip, og þaðan er fluttur út sjöundi hluti þess fiskjar, er frá landinu flyst. En öllum þessum mikla atvinnurekstri er að nauðsynjalausu tefld í tvísýnu og voða meðan ógerðar eru hafnarbætur þær, er frv. gerir ráð fyrir. Hafnarfjarðarhöfn er af náttúrunnar hendi góð í öllum áttum nema vestanátt, en í þeirri átt er höfnin opin fyrir óbrotinni öldu úthafsins. Komi snarpur vestanvindur á vertíðinni, leggur hann blátt áfram afgreiðslubann á þau skip, er frá Hafnarfirði eru gerð út, — afgreiðslubann, sem á skömmum tíma hlýtur að valda beinu og óbeinu tjóni, er nemur tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda króna.

Það er því ekki ofmælt, að auk þess sem með öllu er girt fyrir eðlilega þróun útgerðar frá Hafnarfirði meðan hafnarbætur eru ógerðar, þá er og að óþörfu bætt óvenjulegri og stórri áhættu við venjulega áhættu íslenskrar útgerðar, og er þó síst á bætandi.

Sú hending, að vestanáttin hefir verið fátíð síðustu árin og stórviðri að

kalla má engin af þeirri átt, hefir svæft athygli manna á hinni yfirvofandi hættu, svo útgerðin frá Hafnarfirði hefir stóraukist. En fullvíst er, að fyr en varir vakna menn við vondan draum. Vestanstórviðri og langviðri skella á og þá standa Hafnfirðingar ráðþrota. Við þessu verður tafarlaust að gera, en eina ráðið til þess eru hafnarbætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir.

En jafnvel þótt þessi voði grúfði ekki yfir atvinnulífi Hafnarfjarðar, — jafnvel þótt aðeins væri um að ræða nauðsynlegar framfarir, en ekki jafnframt að afstýra voða, þá væri samt sem áður öll töf málsins mjög bagaleg. Útgerðin, sem rekin er frá Hafnarfirði, er orðin svo stór, að hin eina hafskipabryggja, sem nú er í Hafnarfjarðarhöfn, fullnægir hvergi nærri þörfunum, en það er að kasta peningum á glæ að byggja nýja hafskipabryggju, fyr en gerðar hafa verið hafnarbætur þær, er frv. fer fram á, því allar fyrirhugaðar hafskipabryggjur og önnur hafnarmannvirki í Hafnarfjarðarhöfn standa í beinu sambandi við hafnarbæturnar og verður eigi við komið fyr en þær hafa verið gerðar.

Nauðsyn Hafnarfjarðar er því augljós, — augljós eins og krófurjettur Hafnarfjarðar á hendur ríkissjóði um aðstoð í þessum efnum. En sá krófurjettur byggist á því, að þangað ber að beina fje ríkissjóðs, sem þörfin er mest og best notast af því, en jafnframt skal tvímælalaust fullyrt, að af öllum hjeruðum landsins eru það Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, sem skila ríkissjóði fljótustum og margföldustum arði af þeim pening, sem til hafnarbóta er varið. Auk þess skal á það bent, að $^1/_2$ milj. kr. árlegt gjald Hafnarfjarðar til ríkissjóðs leggur ríkissjóði miklar skyldur á herðar, þegar svo brýn þörf Hafnarfjarðar er annarsvegar.

Hjer hefir verið lítillega drepið á þörf Hafnarfjarðar til hafnarbóta. En það er önnur hlið þessa máls. Hún veit að útgerð utanhjeraðsmanna.

Eins og menn vita, er hvergi jafnálitlegt að reka útgerð framan af ári sem frá Faxaflóa, enda senda menn hvaðanæfa af landinu skip sín þangað til veiða um það leyti árs, og fer það sí og æ í vöxt. Útgerðin innan Faxaflóa hefir því aukist og margfaldast á síðari árum, og mun halda áfram hröðum vexti, alþjóð til hagsbóta og ríkissjóði til tekjuauka, ef hafnleysi bagar ekki. En nú er svo komið, að þessum vexti eru beinar skorður settar af þröng Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhafna, en hafnleysi annara verstöðva innan Flóa.

Úr þessu verður að bæta. Það er alþjóðarnauðsyn og hagsmunamál ríkissjóðs. En vegna legu sinnar og allra staðhátta er Hafnarfjörður til þess kjörinn, að þessi vandi verði leystur með hafnarbótum þar.

Ágreiningurinn um ákvæði 1. gr. frv. er sá, að minni hl. vill láta framkvæmdir bíða þess, að fje sje veitt til þeirra í fjárlögum. Meiri hl. vill aftur, að sjálf lögin tryggi, að tafarlaust verði hafist handa. Nauðsyn þess hefir verið rökstudd hjer að framan. Hún verður ekki vefengd fremur en rjettur Hafnarfjarðar til fjárframlags úr ríkissjóði til hafnarbóta.

Í þessu máli er því aðeins eftir að sýna fram á, að eðlilegt sje, að ríkissjóður leggi árlega nokkra fjárfúlgu af mörkum til hafnarbóta, og enda þótt meiri hl. gangi þess ekki dulinn, að á mörgum sviðum er þörfin aðkallandi, fær hann þó eigi sjeð, að þjóð eins og Íslendingar, sem í svo ríkum mæli lifir á sjón-

um og af sjávarafurðum, fái til lengdar skotið sjer undan því að bæta hafnir landsins, svo skamt sem þeirri nauðsyn er á veg komið. Og það telur meiri hl. tvímælalaust, að mest hagsýni sje að gera þetta með árlegu framlagi til hafnarbóta. Með því verður mest samræmi í framkvæmdunum og ríkissjóði ljettbærast að inna þessa skyldu af hendi.

Árlegar tekjur ríkissjóðs af vitagjaldi og afgreiðslugjaldi eru áætlaðar 600—700 þús. kr., en til vitamála er aðeins varið rúmum 200 þús. kr. árlega. Það er óbrigðul regla með nágrannaþjóðum vorum, að tekjum af þessum gjaldstofnum sje varið í þágu siglinganna, — til vitamála og hafnabóta. Sanngjarnt er, og raunar sjálfsagt, að Íslendingar fylgi þeirri venju. Hvergi er þörfin hlutfallslega meiri til umbóta á þessum sviðum en einmitt hjer á landi, og hvergi yrði gagnsemi hlutfallslega meiri af þeim. En geti menn aðhylst þessa skoðun, er sýnt, að árlega yrði nokkur fjárfúlga afgangs umfram það, sem nú er varið til þessara mála, og mætti þá verja henni til hafnarbóta.

Af þessum ástæðum og vegna þess, að rjettur Hafnarfjarðar er tvímælalaus, heldur nefndin fast við ákvæði 1. gr. um tafarlausa framkvæmd málsins.

Meiri hl. álítur, að eigi sýnist óhóflega í ár tekið, þótt framlag ríkissjóðs sje ákveðið $^1/_3$ hluti kostnaðar við hafnarbæturnar. Er hjer farið að fordæmi fyrri þinga, en þess gætt að ganga ekki skrefi lengra, enda þótt fyrir Alþingi liggi nú frv. frá sjálfri ríkisstjórninni, er ákveður framlag ríkissjóðs til hafnarbóta á Skagaströnd helming kostnaðar.

Alþingi, 8. apríl 1929.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. **299. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Við 45. gr.

1. Við 1. málsgrein bætist:

Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

2. Þriðja málsgrein orðist svo:

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

3. 5. málsgrein falli burt.

II. Við 46. gr. Aftan við orðin »meðan lánið stendur« í næstsíðustu málsgr. komi:
Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og sjeu í eigu lántakanda.

III. Við 47. gr. Við greinina bætist:
Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

Ed. **300. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá Einari Árnasyni.

1. Við 9. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Myndskoðunarmenn skulu skipaðir til 5 ára í senn, og mega þeir hvorki vera starfsmenn við kvikmyndahús nje eiga þar eigin hagsmuna að gæta.
2. Við 12. gr. Orðin »kauptún eða sveit« falli burt.

Ed. **301. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

Í stað orðanna »sjálft ræður mentamálaráðið« í 5. gr. laganna kemur: sjálf ræður stjórn útgáfudeildar.

Greinargerð.

Samkvæmt 3. gr. laganna um Menningarsjóð stýra bókaútgáfu sjóðsins þrír þar til kjörnir menn. Ákvæðið í 5. gr. um, að mentamálaráðið ráði og beri ábyrgð á vali bóka, hefir komist inn fyrir vangá, og er frv. flutt þessu til leiðrjettingar, samkvæmt bendingu frá dómsmálaráðherra.

Nd. **302. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lánsfjelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 14. gr. Í stað »Ráðherra« komi: Atvinnumálaráðherra.

Ed. **303. Nefndarálit**

um frumv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um aðalatriði þessa frv., um skyldu botnvörpuskipa til að hafa fullkomin loftskeytatæki og eftirlit með loftskeytanotkun á íslenskum veiðiskipum; telur nefndin löggjöf um þessi atriði nauðsynlega og mælir með, að frv. gangi fram.

Refsiákvæði 5. gr. frv. þykir nefndinni of ströng, sjerstaklega lágmark þeirra, og leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 5. gr.

a. Í stað orðanna »8—30 þúsund« komi: 5—20 þúsund.
b. Í stað orðanna »2 ár« komi: 1 ár.

Alþingi, 8. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.	H. Steinsson, með fyrirvara.

Nd. **304. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nákvæmlega ásamt breytingartill. þeim, sem fram hafa komið við það.

Landssímastjóri hefir, samkvæmt ósk nefndarinnar, haft málið til umsagnar og sent nefndinni ítarlegar og rökstuddar tillögur, sem nefndin fellst á og tekur til greina. Aðalbreytingar, sem nefndin gerir á frv. og breytingartill., eru þær, að allvíða er slept að ákveða stöðvastæði á hinum fyrirhuguðu línum. Þykir hentara, að ákvörðun um stöðvar bíði þar til lína er lögð.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Efnismálsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalsstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof og Kirkjubæ að Geldingalæk. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ólfusá um Alviðru að Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum.

Alþingi, 9. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. Hannes Jónsson, fundaskr. Með fyrirvara. Jón A. Jónsson, frsm.
Sigurjón Á. Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **305. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í

sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Nd. **306. Frumvarp**

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má aðeins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sje í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbrjefinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi fjelögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfjelögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður slíks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmyndahúss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

3. gr.

Heimilt er bæjar- eða sveitarfjelögum að taka einkarekstur á kvikmyndasýningum í umdæmi sínu, þegar leyfi fellur niður, svo framarlega að ríkið sjálft taki ekki sýningarnar að einhverju eða öllu leyti í sínar hendur.

Nú hafa þau skilyrði verið sett fyrir veittum sýningaleyfum áður en lög þessi öðluðust staðfestingu, sem tryggja bæjar- eða sveitarfjelagi rjett til að taka kvikmyndasýningar í sínar hendur, og skulu þau þá haldast óbreytt.

II.

Leyfistíminn.

4. gr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en 10 ára.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sje um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbrjefsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerst óverðugur til að hafa leyfið.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

6. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

7. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. Hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða fjelag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstu sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

8. gr.

Í leyfisbrjefi skal áskilið, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahúss-

ins til sýninga í þarfir kenslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verður.

IV.

Myndskoðun og eftirlit.

9. gr.

Kvikmyndir skulu, áður en þær eru sýndar almenningi, samþyktar til sýningar af myndskoðunarmönnum, er dómsmálaráðherra skipar.

Ekki má taka gildar þær myndir, sem telja verður þess eðlis, að þær spilli smekk manna eða góðum siðum.

Myndskoðunarmenn skulu skipaðir til 5 ára í senn, og mega þeir hvorki vera starfsmenn við kvikmyndahús nje eiga þar eigin hagsmuna að gæta.

10. gr.

Á almannafæri eða í húsakynnum, sem almenningur gengur um, má ekki festa upp aðrar auglýsingar viðkomandi kvikmyndahúsum en þær, sem myndskoðunarmaður hefir samþykt og sett á merki sitt.

11. gr.

Fyrir skoðun mynda og auglýsinga skal greiða gjald í ríkissjóð.

Gjaldið ákveður dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um myndskoðun.

12. gr.

Myndskoðun fer fram í hverjum kaupstað, þar sem kvikmyndahús er rekið. Tveir myndskoðunarmenn starfa á hverjum stað, og má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem leyfð hefir verið á einum stað. Myndskoðunarmenn geta sett hámarksverð á sæti í kvikmyndahúsi, en úrskurði þeirra má skjóta til dómsmálaráðuneytisins. Um hámarksverð skal taka tillit til meðalverðs undir sambærilegum kringumstæðum í bæjum og borgum á Norðurlöndum.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hverskonar myndasýningar komi undir ákvæði laga þessara.

V.

Leyfisbrjefagjöldin.

14. gr.

Fyrir leyfi til að reka kvikmyndahús skal greiða árlegt gjald, sem renni að $^2/_3$ í ríkissjóð og að $^1/_3$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt eftir á fyrir einn ársfjórðung í senn og greiðist einnig af þeim

kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga, er lög þessi öðlast gildi. Árgjald þetta greiðist í heilum aurum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsinu eftir formúlunni:

$$30 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d} \cdot \frac{e}{f}$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga á viku, b meðalverð sæta í kvikmyndahúsinu, talið í heilum aurum, c íbúatöluna í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað, e meðaltal seldra sæta að sýningu yfir árið og f sætafjölda í hlutaðeigandi kvikmyndahúsi. Í meðalverði sæta í kvikmyndahúsi (b) eru innifalin öll gjöld, er greiða þarf til þess að fá aðgang að sýningunni, önnur en skemtanaskattur.

Skatturinn innheimtist af tollstjóra í Reykjavík, en lögreglustjóra utan Reykjavíkur, og ákveðst samkvæmt formúlunni af honum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum á þeim stöðum, sem kvikmyndahús eru ekki fyrir, undanþágu frá gjaldi um alt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

Sömuleiðis má dómsmálaráðherra veita kvikmyndahúsum ívilnun um gjald eða felt það niður með öllu fyrir sýningu þeirra mynda, sem eru með íslenskum teksta eða eru sjerstaklega fræðandi, svo sem náttúrufræðimyndir o. fl.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **307. Frumvarp**

til laga um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 12, með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru

til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

22. gr. hljóðar svo:

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 20 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 20 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjelagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

23. gr. hljóðar svo:

Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefir sett.

36. gr. hljóðar svo:

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvjela.

Nd. **308. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 45. gr. Þriðja málsgr. falli niður.

Nd. **309. Frumvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, sbr. þó 8. gr., en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af síldarmjöli,

sem slík fjelög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Ef sjerstaklega stendur á, er verksmiðjunni heimilt að kaupa síld við ákveðnu verði af utanríkismönnum. Hagnaður af þeim kaupum rennur óskiftur í varasjóð verksmiðjunnar, enda beri hann halla af kaupunum, ef nokkur verður.

9. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **310. Frumvarp**

til laga um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 283, með þessum breytingum:

45. gr. hljóðar svo:

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum

þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni. Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

46. gr. hljóðar svo:

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.
2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur. Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og sjeu í eigu lántakanda.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

47. gr. hljóðar svo:

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

Ed. **311. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Það, sem felst í frv., er að heimila hjeruðum, þar sem siglingateppa getur átt sjer stað einhvern hluta árs, að taka í sínar hendur innflutning og sölu á nauðsynjavörum, eða að semja við ákveðna innflytjendur að taka að sjer að birgja hjeraðið að nauðsynjum.

Hefir allsherjarnefnd eigi getað orðið sammála um frumvarpið. Einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) er á móti því, en tveir nefndarmenn (J. Bald. og I. P.) vilja mæla með því, hinn síðarnefndi þó með allmiklum breytingum, og skrifar hann undir álit meiri hlutans með fyrirvara.

Alþingi, 10. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. meiri hl.

Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Með fyrirvara.

Ed. **312. Breytingartillaga**

við frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 25. gr. Í stað orðanna »Fyrir utan í bæjum« í upphafi a-liðs komi: Annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum.

Ed. **313. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera

skiftimynt, er gjaldgeng sje hjer á landi, og sje gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.

III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um alt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, alt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar.

I. liðurinn er um útgáfu minnispeninga. Er ætlast til þess, að þeir verði úr silfri og verði gefnir út 10 þús. 10 kr. peningar, 10 þús. 5 kr. peningar og 20 þús. 2 kr. peningar, eða samtals að gildi 190 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að helmingur upplagsins verði seldur erlendis. Lagaheimild þarf til þess, að minnispeningarnir verði gjaldgeng mynt.

Heimildir þær, sem um ræðir í II. og III. lið, um ráðstöfunarrjett á leigubifreiðum og herbergjum í gistihúsum, telur nefndin nauðsynlegt, að til sjeu til þess að afstýra vandræðum, sem ella gætu orðið, en jafnframt er sett ákvæði um, að heimildirnar verði ekki notaðar nema brýn nauðsyn beri til.

Ed. **314. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á lyfjum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarps þessa. Vill meiri hlutinn (I. P. og J. Bald.) mæla með frv., en einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) er á móti málinu.

Leitað var álits landlæknis og stjórnar læknafjelags Íslands um málið, og fylgja brjef frá þeim báðum með nefndaráliti meiri hlutans sem fylgiskjal I. og II.

Landlæknir er fylgjandi einkasölu á lyfjum, enda hefir áður á Alþingi verið borið fram frv. um einkasölu á lyfjum, er landlæknir hafði undirbúið, og

þetta frumv. að mestu samhljóða því. Af brjefi læknafjelagsins má og sjá, að talsverð vandkvæði eru nú á lyfjaversluninni, og verð á lyfjum, að áliti læknafjelagsins, afarhátt.

Út af athugasemd landlæknis um forstöðu lyfjaverslunarinnar, sbr. 4. gr. frv., skal það tekið fram til frekari skýringar, sem þó raunar felst í greininni, að það er ætlast til, að sá maður, sem stýrir einkasölu á lyfjum, skuli hafa lyfsalapróf; og hafi forstjóri áfengisverslunarinnar eigi slíkt próf, þá fellur yfirstjórn lyfjaeinkasölunnar undir aðstoðarmann hans, sem samkv. 4. gr. laga nr. 69, 7. maí 1928, skal hafa lyfsalapróf.

Í 7. og 8. gr. hafa umbúðir fallið úr upptalningunni, og vill meiri hlutinn bæta þeim inn.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. Fyrir »landsstjórnin« í 1. línu komi: ríkisstjórnin.
2. Við 7. gr. Í stað »lyfja- og hjúkrunargagna« komi: lyfja, umbúða og hjúkrunargagna.
3. Við 8. gr. Í stað »lyfjum og« í fyrstu línu komi: lyfjum, umbúðum og.

Alþingi, 10. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. meiri hl.
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Fylgiskjal I.

LANDLÆKNIRINN.

Reykjavík, 27. mars 1929.

Háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefir með brjefi, dagsettu 26. þ. m., beiðst umsagnar minnar um frumvarp til laga um einkasölu á lyfjum (þingskjal 86 — 1929).

Frumvarpið er að mestu samhljóða því frumvarpi, sem jeg samdi og stjórnin lagði fyrir Alþingi 1921, en náði ekki fram að ganga.

Athugasemdir mínar við frumvarpið 1921 (þingskjal 24 — 1921) eru svo ýtarlegar, að jeg hef engu þar við að bæta.

Skoðun mín á málinu er hin sama nú og þá.

Jeg verð t. d. að halda fast við það fyrirkomulag, sem um ræðir í 4. gr. frumvarpsins frá 1921, tel augljóst óráð að gera forstöðumann áfengisverslunar að formanni lyfjaverslunar, sökum þess að forstöðumaður áfengisverslunarinnar þarf nú ekki að hafa lyfsalapróf.

Jeg legg því til að 4. gr. verði orðuð eins og í frumvarpinu 1921.

Hinsvegar get jeg felt mig við þá breytingu, sem gerð er á 7. gr. frá því sem var í frumvarpinu 1921.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vænta þess, að nefndin kynni sjer vandlega athugasemdir mínar við frumvarpið 1921.

G. Björnson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LÆKNAFJELAG ÍSLANDS

Reykjavík, 27. mars 1929.

Allsherjarnefnd efri deildar hefir í brjefi, dags. 26. mars, óskað umsagnar Læknafjelags Íslands um frv. til laga um einkasölu á lyfjum.

Fjelagið vill þá fyrst benda á, að hæpið er að landið geti tekið einkasölu á umbúðum o. þvíl. Undir þetta heyrir margt, sem allar almennar verslanir mega versla með og nota má til annars en lækninga eða hjúkrunar, t. d. grisja (gaze).

Í vorum augum er það megin málsins, að *unt sje að færa hið afarháa lyfjaverð niður* og gefa út sanngjarnan lyfjataxta. Einkasalan hefir þann kost, að stjórnin fengi fulla vissu um innkaupsverðið og gæti samið taxtann eftir því, en nú mun hann saminn að mestu leyti í blindni eftir danska lyfjataxtanum. Oss virðist þó, að heilbrigðisstjórninni ætti ekki að vera það ofvaxið, að vita um sannvirði lyfja með því skipulagi sem nú er, annaðhvort með því að fá að rannsaka innkaupsreikninga lyfjabúðanna eða með því að leita upplýsinga frá útlöndum, að svo miklu leyti sem reikningar lyfjaverslunar ríkisins hrökkva ekki til þess að vita verð á öllum lyfjategundum. Ef þessi leið hefði verið notuð, hefði að líkindum mátt færa lyfjaverðið niður til muna í stað þess að fjölga lyfjabúðum. Þess fleiri sem þær eru, þess dýrari verða lyfin að vera að öllum jafnaði.

Mikil líkindi virðast oss ekki til þess, að einkasalan standi betur að vígi með að gera lyfin ódýrari. Vjer viljum þannig benda á:

1.) Að ólíklegt er að betri innkaup fáist á flestum lyfjum, þó þau væru keypt í heild fyrir alt landið. Lyfjaverslunin er nú að mestu í höndum »hringa«, sem eru svo stórvaxnir að þeir ráða verði á flestu. Þó kann að vera að eitthvað ynnist.

2.) Mikill aukakostnaður hlyti að fylgja einkasölunni. Forstöðumaður hennar þyrfti að sjálfsögðu að vera *sjálfstæður lyfjafræðingur, sem ekki ræki neina lyfjabúð*, og hann þyrfti að launa. Gott og mikið húsnæði þarf fyrir allan lyfjaforðann. Mikið fje yrði bundið í versluninni og vexti þarf að greiða af því. Talsvert af lyfjum yrði ónýtt við geymslu (of gömul).

Hagnaður væri það hinsvegar, að lyfjafræðingurinn hefði á hendi eftirlit með öllum lyfjabúðum, en *það hefir verið mjög ófullkomið* lengst af.

Oss virðist að lokum reynslan með þau einu lyf, sem nú er á einkasala — vín og bóluefni —, ekki álitleg. Ríkisverslunin með áfengi er hið versta okur og þingið lætur sjer sæma að leggja háan toll á vínanda, sem brúkaður er til lyfja, jafnvel eftir að skamtur er gerður svo lítill, að engin hætta er á misbrúkun. Bóluefni vantaði nú er til átti að taka.

Að öllu athuguðu teljum vjer hæpið að einkasalan bæti lyfjaverðið frá því sem vera mætti með núverandi skipulagi, og getum því ekki mælt með frv., þrátt fyrir nokkra kosti.

Virðingarfyllst

Guðm. Hannesson,
form. Læknafjel. Íslands.

Til

Allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. **315. Breytingartillögur**

við frv. til laga um loftferðir.

Frá Birni Kristjánssyni.

1. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign ríkisborgara, því aðeins halda uppi loftferðum, að þau hafi gert sjerstakan samning um það við stjórn landsins og að þeir annist aðeins flutninga á fólki, farangri og pósti.
2. Við 20. gr. Liðurinn c. falli burt.
3. Við 22. gr. Fyrir »20 ára« komi: 10 ára.
4. Aftan við 38. gr. komi 2 nýjar greinar, 39. og 40. gr., svo hljóðandi:
   a. Heimilt er atvinnumálaráðherra að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvjelaprófi sjer til aðstoðar til að annast eftirlit með flugvjelunum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim, og til að vera til ráðuneytis um alt það, er að loftferðamálum lýtur.
   b. Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistímabilinu, að banna um stundarsakir leyfishöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd, gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst um leiguna á annan hátt.

Nd. **316. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin viðurkennir ástæður þær, sem færðar eru fram í greinargerð frv. fyrir nauðsyn þess, og mælir með, að það sje samþykt.

Alþingi, 10. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Sig. Eggerz. Hannes Jónsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson. Jón A. Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson. Ólafur Thors.

Ed. **317. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþjettum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sjer þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

2. og 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort millliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sjer til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.

3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sje óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld alt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfyltir.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að taka fje að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir rjettum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánsstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem ætla sjer að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hygst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að

hann hafi trygt sjer skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd, hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna $^{3}/_{4}$%, en í varasjóð $1^{1}/_{4}$% af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síldveiði og síldaratvinna bregst. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

6. gr.

Aftan við 12. grein bætist:

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Útflutningsnefndarmenn, umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

8. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Nd. **318. Lög**

um einkasíma í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

I. Samþyktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþyktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþyktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþyktar. Fallist fundurinn með $^2/_3$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, eða ganga of nærri efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveðið:

a. um legu einkasímans og gerð,
b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
c. um starfrækslu símastöðva,
d. um símafjelag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sje jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir efnum og ástæðum, lausafjáreign, eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir aðstöðu til einkasímans og að þeir greiði sjerstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverslun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafjelagi að taka lán til greiðslu lagningarkostnaðar einkasíma, er allir fjelagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og afborgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fult samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einkasímalínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fje.

9. gr.

Í einstaka tilfelli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, á rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, ef það þykir fært að dómi landssímastjóra, enda sje að öllu vandlega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykt fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 10 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni í stöðvartímanum, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fje er fyrir hendi, $^{3}/_{5}$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipsblið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

a. að ekki sje notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssímastjóri tekur gild.
b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einkasímans eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um,
d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sje að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Nd. **319. Fyrirspurn**

til atvinnumálaráðherra um samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Hvað ætlast stjórnin fyrir um samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis?

Hvað líður járnbrautarmálinu?

Nd. **320. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir komist að þeirri niðurstöðu, að á frv. sjeu allmiklir gallar, bæði að formi og efni til. Í fyrsta lagi er frv. ekki nægilega samræmt námal., nr. 50, 30. júlí 1909, og vatnal., nr. 15, 20. júní 1923, í öðru lagi telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að ganga á eignarrjett þeirra manna, er hveraorku eiga, að svo miklu leyti sem almannaþörf krefur þess ekki, en það er gert, ef frv. yrði að lögum, og má í því sambandi sjerstaklega benda á 12. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði vísað til stjórnarinn-

ar til ítarlegs undirbúnings fyrir næsta þing og verði afgreitt að þessu sinni með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. þetta vantar ítarlegan undirbúning, bæði að formi og efni til, treystir deildin því, að ríkisstjórnin láti bæta úr þessu fyrir næsta Alþingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **321. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþykt, telur, að rjett sje að heimila þeim fáu mönnum, sem mistu yfirdómsmálfærslurjettindin, er hæstirjettur var stofnaður með fyrnefndum lögum, að ganga undir prófraun þá, er lögin gera ráð fyrir.

Nefndin hefir sent hæstarjetti frv. til umsagnar, og telur hann að vísu ekki þörf á frv., þar sem enginn hörgull sje á málfærslumönnum við rjettinn, en færir að öðru leyti engin rök gegn frv.

Einn nefndarmanna (H. V.) lætur þess getið, að hann muni koma með viðtækari breytingar við frv. Annar nefndarmaður (M. T.) lætur frv. hlutlaust.

Alþingi, 8. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.
Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Hákon J. Kristófersson.

Ed. **322. Frumvarp**

til laga um vigt á síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinslu, skal hjer eftir vegin.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í. Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld.

2. gr.

Þar, sem síld er vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, sjeu löggiltar og skoðaðar árlega áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50 kr. til 5000 kr.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. mars 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **323. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með jafnháu tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 aur.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^{3}/_{4}$ hlutum af gjaldi því, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, svo og öllu tillaginu það ár úr bæjarsjóði eða hreppssjóði, og ennfremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins

úr ríkissjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930, og skal innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1930.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Ed. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

5. málsgr. frvgr. orðist þannig:

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi ¼ hluta af árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem fram yfir er, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

Ed. **325. Nefndarálit**

um frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um frv. þetta eins og það kemur frá neðri deild og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1929.

Jón Jónsson,	Jónas Kristjánsson,	Jón Baldvinsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Nd. **326. Nefndarálit**

um frv. til laga um nöfn bæja og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál allrækilega. Sýnist henni rjettara, að frumkvæði að nafnbreytingum sje hjá íbúum kaupstaða og kauptúna heldur en hjá stjórn eða þingi. Flytur nefndin því breytingar á frv. í þá átt, og telur nefndin hæfilegt, að ef a. m. k. fimtungur íbúa í kaupstað eða kauptúni æskir tiltekinnar nafnbreytingar, þá skuli atkvæðagreiðsla fara fram, svo sem segir í breytingartillögu nefndarinnar. Þá eru orðin »kaupstaður« og »kauptún« orðin lögfest í þeirri merkingu, sem frv. kallar bæ og kaupstað. Vill nefndin til samræmis við aðra löggjöf breyta þessu.

Það er því tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Nöfnum kaupstaða og kauptúna ræður málvenja íbúa.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »bæ eða kaupstað« komi: kaupstað eða kauptún.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú vill hið fæsta fimtungur kaupstaðar- eða kauptúnsbúa breyta nafni á kaupstað eða kauptúni. Skal þá stjórnarráðið fyrirskipa atkvæðagreiðslu um staðarheitið, og hafa þá atkvæðisrjett þeir hinir sömu og atkvæðisrjett eiga í málefnum sveita og kaupstaða, og skal farið eftir gildandi kjörskrá við atkvæðagreiðsluna. Kjörseðlar skulu prentaðir og á þeim standa:

	Já
	Nei

   Gerir sá kjósandi kross framan við »Já«, sem vill fallast á nafnbreytinguna, en hinir krossa framan við »Nei«. Seðill er ógildur, ef krossað er við bæði orðin á atkvæðaseðli, eða eigi verður sjeð, hver var vilji kjósanda.
   Bæjarstjórn eða hreppsnefnd sjer að öðru leyti um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, eftir fyrirmælum stjórnarráðs.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þegar meiri hluti kjósenda, þeirra, er þátt taka í atkvæðagreiðslu, hefir samþykt nafnbreytingu á kaupstað eða kauptúni, skal hún öðlast gildi þegar Alþingi hefir fallist á hana með sjerstökum lögum.

5. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Orðið »sjálf« í fyrstu línu skal falla niður.
6. Fyrirsögn frv. skal vera: Frumvarp til laga um nöfn kaupstaða og kauptúna.

Alþingi, 12. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **327. Frumvarp**

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1929.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti sjeu ekki notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfjelags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hjer við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í tje lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis. Það telst dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti venjulegt mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa sjerstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum. Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sje ætlað til að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut við tóku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því

sem frekast er fært, öll loftskeytaskifti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu loftskeytastöðvar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda dómsmálaráðuneytinu frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Skulu bækur þessar síðan lagðar fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot á 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot á 3. gr., og varðar það þá 5—20 þúsund króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna, en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarrjettindi fyrir fult og alt.

Verði einhver annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgrein., brotlegur gegn 4. gr., sæti hann sektum frá 1000—12000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr. Sjávarútvegsnefndir Alþingis gera tillögur um, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart aðilja hverjum.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **328. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson, Jón Jónsson.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgr. komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:
   Hverju sinni er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.
   Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í stjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.
2. Á eftir 15. gr. frv. komi ný gr., er hljóði svo:
   21. gr. laganna orðist svo:
   Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða $^1/_6$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.
   Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.
3. Á eftir 17. gr. frv. komi ný grein:
   Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:
   Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafist, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

Nd. **329. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52. 7. maí 1928, um tilbúinn áburð,

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. á nokkrum fundum og auk þess fengið Árna G. Eylands ráðunaut til viðtals við nefndina. Nefndin er á einu máli um, að ekki verði komist hjá að bæta úr því misrjetti, sem nú á sjer stað samkvæmt gildandi lögum um styrk til flutnings á tilbúnum áburði, þar sem nokkur hluti áburðarnotenda fær áburðinn fluttan svo að segja heim til sín, sjer kostnaðarlaust, en aðrir verða að borga hátt flutningsgjald. Þeir, sem harðast verða úti í þessum efnum, hafa auk þessa á ýmsan hátt örðugri aðstöðu til ræktunar en þeir, sem búa næstir kaupstöðum og sjóþorpum. Er því fremur ástæða til að ljetta þeim fyrir fæti með áburðarflutninginn.

Að öllu athuguðu hefir nefndin ekki getað bent á líklegri leið til rjettlátrar skiftingar en þá, er frv. fer fram á.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Fyrir »Áburðarmagn (þyngd)« komi: Söluverð.
2. Fyrir »viðkomandi« undir staflið 2 komi: hlutaðeigandi.
3. Fyrir orðin »fyrir hver áramót« í 1. málsl. 5. málsgr. komi: fyrir 1 október ár hvert.
4. 2. málsl. 5. málsgr. orðist þannig:
   Skýrslunni skal fylgja skírteini, er staðfesti að skýrslan sje rjett. Atvinnumálaráðherra ákveður nánar um það í reglugerð. Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan hrepps, hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn er notaður, og þyngd og verði áburðarins.

Alþingi, 12. apríl 1929.

Lárus Helgason, form. Jón Sigurðsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Ed. **330. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Af greinargerð frv. þessa er svo að sjá, að það sje borið fram til þess að gefa bæjarfjelögum og sýslufjelögum heimild til þess að tryggja sig gegn hallæri, er stafi af siglingateppu vegna hafiss eða annara orsaka, og fer það í þá átt, að fá sýslunefndum og bæjarstjórnum á mestöllu landinu það vald í hendur að taka að sjer eða fela öðrum einkasölu á öllum þeim vörum, sem þær telja nauðsynlegar, en banna öllum öðrum innflutning á þeim og leggja sölubann á þær vörur hjá öðrum, sem fyrir hendi eru.

Háttv. flm. virðist hafa verið búinn að gleyma því, að með lögum nr. 45 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, var stofnaður allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn og sjereignarsjóðir fyrir hverja sýslu og kaupstað í sama skyni og jafnframt sett á stofn sjerstök bjargráðastjórn, sem veita á ríkisstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því að afstýra hallæri, og hafa vakandi auga á öllum hallærishættum. Skal eftir 11. gr. laganna í hverri sýslu og

hverjum kaupstað gera bjargráðasamþyktir, og má í þeim skipa fyrir um alt, sem ríkisstjórnin eftir tillögum bjargráðastjórnar telur nauðsynlegt til tryggingar því, að sjereignarsjóður sýslunnar eða kaupstaðarins komi að rjettum notum. Í 12. gr. er svo ákveðið, að ef hallæri beri að höndum, eigi hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum og ef haustbirgðir reynist svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt sje við bjargræðisskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer vöruforða, og ef það fje hrekkur ekki, má ríkisstjórnin veita því vaxtalaust lán af sameignarsjóði. Verði svo mikil óáran um land alt, að Bjargráðasjóðurinn komist í fjárþröng, má ríkisstjórnin lána honum fje úr ríkissjóði eða útvega honum lán annarsstaðar.

Bjargráðasjóðurinn var alls í árslok 1927 kr. 843919.92. Þar af voru sjereignarsjóðirnir kr. 419463,43, en sameignarsjóðurinn kr. 434456.49. Af sameignarsjóðnum voru í útlánum einar 8875.00 kr., en af sjereignarsjóðunum kr. 54450.00. Alt hitt fjeð stendur á hlaupareikningi í Landsbankanum og er því handbært hvenær sem er.

Auk þessa má minna á, að til er gjafasjóður Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, og má eftir lögum nr. 29 1913 verja megini af árstekjum hans til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, til að koma í veg fyrir bjargarskort þar í harðæri. Hefi jeg heyrt, að heimild þessa sje farið að nota og að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma þar upp kornforðabúri.

Loks má minna á lög nr. 73 1917, um kornforðabúr til skepnufóðurs, lög nr. 44 1911, um samþyktir um heyforðabúr, og lög nr. 42 1919, um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga, en öll þessi lög hafa að geyma ákvæði um ráðstafanir til þess að afstýra hallæri.

Það virðist því ekki bera brýna nauðsyn til þess að setja nú ný lög til ráðstafana til tryggingar gegn hallæri í landinu. En þótt svo væri, get jeg ekki fallist á, að leið sú, sem frv. þetta fer, sje hin rjetta eða fær. Væri þá nær að endurskoða löggjöf þá, sem jeg hefi nefnt hjer að framan, og breyta henni að einhverju leyti.

Það virðist og mjög hæpið ráð til þess að koma í veg fyrir hallæri í landinu að banna frjálsan innflutning til þess af nauðsynjavöru og breyta fyrirkomulaginu í svipaða átt og var á einokunartímunum. Hinsvegar væri frv., ef að lögum yrði, rothögg á alla frjálsa verslun í landinu.

Jeg hefi því ekki getað orðið sammála háttv. meiri hluta allsherjarnefndar um það, að ráða til þess, að frv. nái fram að ganga, en leyfi mjer að leggja til, að það verði felt.

Alþingi, 13. apríl 1929.

Jóh. Jóhannesson.

Ed. **331. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa frv. Minni hl., þeir J. Þ. og B. K., hefir ekki viljað fylgja frv. eins og það liggur fyrir, og heldur ekki komið fram með breytingar við það í nefndinni. Mun hann því gera grein fyrir afstöðu sinni til frv. sjerstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar vill verða við beiðni undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar, að veita ríkisstjórninni þær heimildir, er frv. fer fram á. Telur meiri hl. ekki rjett, að löggjafarvaldið færist undan að veita nefndinni þann stuðning, er hún telur sjer nauðsynlegan til framkvæmdar hinu þýðingarmikla og vandasama starfi fyrir þjóðina, sem Alþingi hefir falið henni að inna af hendi. Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 13. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Páll Hermannsson.

Nd. **332. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1928, eru veittar samkvæmt 2.—7. gr. hjer á eftir kr. 262248,10.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við löggæslumenn o. fl.		kr.	32007,75

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga ...	kr.	800,00	
2.	Til kostnaðar við geitnalækningar	—	300,00	
3.	Styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði	—	6000,00	
			kr.	7100,00
		Flyt	kr.	39107,75

			Fluttar	kr. 39107,75
	4. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:			
1.	Til greiðslu álags á Grafarkirkju í Skaftártungu	kr.	6000,00	
2.	Eftirstöðvar af byggingarkostnaði prestssetursins á Bergþórshvoli...	—	441,86	
3.	Styrkur til 9 stúdenta við háskólann til Þýskalandsfarar	—	1800,00	
4.	Fyrir skuggamyndavjel handa mentaskólanum	—	1311,05	
5.	Til aðgerðar mentaskólans	—	17000,00	
6.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri: Aðgerð á skuggamyndavjel	—	500,00	
7.	Til sama skóla, til aðgerða og breytinga ...	—	3600,00	
8.	Til miðstöðvarlagningar í stýrimannaskólann	—	5500,00	
9.	Til byggingar skóla og íbúðarhúss á Hólum	—	27000,00	
10.	Til aðgerða húsa á Eiðum	—	7600,00	
11.	Til aðgerðar kvennaskólans á Blönduósi ...	—	4000,00	
12.	Til byggingar Laugarvatnsskólans (endurv.)	—	37800,00	
13.	Upp í kenslustyrk til sama skóla...	—	4000,00	
14.	Til aðgerðar heyrnar- og málleysingjaskólans	—	500,00	
15.	Til húsbyggingar á Staðarfelli	—	3813,95	
				kr. 120866,86
	5. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:			
1.	Ferðakostnaður húsameistara Guðjóns Samúelssonar til útlanda, vegna undirbúnings undir ýmsar opinberar byggingar...	kr.	2000,00	
2.	Skrifstofukostnaður sama fyrir árið 1928 ...	—	3435,92	
3.	Til endurbyggingar sjóvarnargarðs fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Skúmsstaða ...	—	3318,26	
4.	Til aðstoðar á efnarannsóknarstofunni ...	—	1600,00	
5.	Til síldarleitartilrauna með flugvjel	—	3243,70	
6.	Eftirstöðvar af kostnaði við sjóvarnargarð á Siglufirði síðastliðið sumar	—	729,75	
7.	Til fyrirhleðslu Þverár í Eyjafirði...	—	1102,15	
8.	Til kostnaðar við rannsókn lungnapestar ...	—	1051,60	
9.	Til fyrirhleðslu Skálmar	—	2364,70	
10.	Til hafnarrannsókna	—	1301,50	
11.	Til síldarverksmiðjurannsókna	—	4050,00	
12.	Varnir gegn vatnságangi af Kúðafljóti	—	3000,00	
13.	Áhöld og bækur handa efnarannsóknarstofunni...	—	3500,00	
				kr. 30697,58
			Flyt	kr. 190672,19

		Fluttar	kr. 190672,19

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til Helgu Ófeigsd., ekkju Árna Zakaríassonar	kr.	560,00	
2.	Til sjera Jóns Árnasonar, frá 1/6—31/12 ...	—	363,42	
3.	Til Jóhannesar Sigfússonar, mentaskólakennara, frá 1/10—31/12	—	420,00	
4.	Til frú Ástu Einarson	—	840,00	
				kr. 2183,42

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostn. við uppfyllingu kirkjugarðsins í Rvík	kr.	7051,29	
2.	Til ríkisgjaldanefndarinnar	—	13341,20	
3.	Til undirbúnings alþingishátíðarinnar 1930	—	49000,00	
				kr. 69392,49
			Samtals	kr. 262248,10

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Vegna mikillar óreglu í sambandi við óleyfilega vínsölu frá skipum hjer við land og tollsvik, sem fremur þóttu ágerast, var snemma vetrar 1927—1928 byrjað að hafa eftirlit með vinnautn og tollsmyglun á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur. Alþingi 1928 herti á krófunum um eftirlit með opinberri ofdrykkju og ölæði. Voru þess vegna hafðar töluvert strangari gætur í þessu efni síðastliðið sumar, einkum á Siglufirði, á skipum hjer við land og á samkomum úti í sveitum, þar sem óregla hafði áður verið til skaða og minkunar. Með þessari auknu toll- og áfengislagagæslu hefir tekist að auka til muna tekjur ríkissjóðs, og um leið að draga úr lögbrotum, sem voru þjóðinni til meins.

Við 4. gr.

1. Grafarkirkja í Skaftártungu, sem ríkið ber ábyrgð á, var orðin svo hrörleg, að söfnuðurinn var hættur að geta sótt þangað messu, og var hún því afhent söfnuðinum með álagi.

5. Viðgerð Mentaskólans var með öllu óhjákvæmileg, með því að heilsu nemenda stóð bein hætta af ástandi skólahússins. Var lokið viðgerð á neðstu hæð og nokkuð mikið unnið að umbótum á þriðju hæð. En mikið er þó ógert enn af því, sem gera þarf við skólann.

12. Til hjeraðsskólans á Laugarvatni var lögð í sumar nálega sú upphæð (40 þús. kr.), sem ætlað hafði verið í fjárlögum 1926—27 til ungmenna-

skóla á Suðurlandi, en ekki notað það ár. Er því sótt um endurveitingu á þessum lið.

Við 7. gr.

2. Kostnaður við störf og útgáfu skýrslna ríkisgjaldanefndarinnar fjell að mestu á árið 1928, en þó kemur nokkur viðbótarskýrsla um suma markverðustu liði í útgjöldum ríkissjóðs nú bráðlega, og er þá því starfi lokið í bráð. Hafa borgarar landsins þá í fyrsta sinn fengið glögt yfirlit um, til hvers skattar ríkissjóðs ganga. Þá fyrst, þegar slík vitneskja er fengin, er unt að koma með rökstuddar tillögur um sparnað á ríkisrekstrinum. Tillögur um samsteypu á síma og pósti, bygging fyrir skrifstofur landsins, hentugra fyrirkomulag á prentun fyrir ríkissjóð eru nú á döfinni, og byggjast þær og aðrar þvílíkar sparnaðarráðstafanir á þeirri vitneskju, sem fyrst fjekst með starfi og skýrslum ríkisgjaldanefndar.

Að öðru leyti virðast hinir einstöku liðir eigi þurfa skýringar við.

Nd. **333. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um almannatryggingar.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um þessa tillögu. Svo mikil reynsla er komin á um slíkar tryggingar í nágrannalöndunum, að auðvelt verk ætti að vera til næsta þings fyrir nefnd manna að gera sjer grein fyrir þeim málum og gera um þau samfeldar tillögur. Ekki verður sjeð, að hvaða leyti það er hagfeldara að taka aðeins eina hlið tryggginganna, ellitryggingarnar, en láta aðrar afskiftalausar. Kostnaður almennings, sem tryggja þarf fyrir, kemur jafnt fyrir, hvort heldur sem trygt er eða ekki, og því enginn sparnaður gerður með því að fresta framkvæmd tryggingarmálanna. Legg jeg því til, að tillagan verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **334. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. fjárhagsnefndar leggur það til, að þáltill. á þskj. 30 verði samþykt óbreytt. Einn nefndarmanna (P. H.) er á móti tillögunni.

Alþingi, 13. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form. Með fyrirvara. Jón Þorláksson. Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. meiri hl.

Björn Kristjánsson.

Nd. **335. Tillaga**

til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Magnús Torfason, Þorleifur Jónsson, Hákon Kristófersson, Hannes Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu sem fyrst — og eigi síðar en við fyrirhugað landskjör vorið 1930 — um það, hvort Alþingi skuli eftirleiðis háð á Þingvöllum eða í Reykjavík. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir kjörskrám við alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni var borin fram í Nd. Alþingis 1926 og fjell þar með 14 gegn 12 atkvæðum. Vöktu afdrif hennar talsverða eftirtekt víða í sveitum landsins og hefir áhugi á þingflutningi síðan birst almennar en áður, einkum hjá ungmennafjelögum landsins, en einnig í blöðum og tímaritum, enda hefir nálægð þinghátíðarinnar ýtt undir hreyfinguna.

Enginn vafi er á því, að óskin um að eignast aftur Öxarárþing á ennþá djúpar rætur í hugum landsmanna. Ljósastur vottur þess eru fjölmargar áskoranir, sem Alþingi hafa borist síðustu daga, víðsvegar af landinu, um ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu um þingflutninginn. Samskonar áskoranir koma einnig fram í nokkrum þingmálafundargerðum.

Engin ljettúð eða eigingjarnar hvatir hafa lagt þessa ósk á tungu þjóðar-

innar. Þvert á móti. Óskin er ótvíræðasti vottur umhyggju þjóðarinnar fyrir þeirri stofnun, sem var og er og verður ætíð fjöregg hennar, — fyrir Alþingi sjálfu og velfarnan þess.

Vjer, sem tillöguna flytjum, álítum sjálfsagt að virða þessa ósk og gefa þjóðinni færi á að skera úr málinu með atkvæðagreiðslu. Þess vegna er tillagan fram komin.

Ed. 336. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 315 [Loftferðir].

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við brtt. 1. Meginmál tillögunnar orðist svo:
   Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign íslenskra ríkisborgara, því aðeins halda uppi loftferðum, að eigendur þeirra hafi um það gert sjerstakan samning við stjórn landsins og að þau annist aðeins flutning á fólki, farangri og pósti.
2. Við brtt. 3. Tillagan orðist svo:
   Við 22. gr. Fyrir »20 ára« á báðum stöðum komi: 10 ár.

Nd. 337. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en einn nefndarmanna (S. Á. Ó.) er mótfallinn frv.

Alþingi, 13. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Magnús Torfason. Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Thors.

Ed. **338. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og skjöl þau, sem það er bygt á, og ræður háttv. deild til þess að samþykkja það með eftirfarandi

VIÐAUKA.

Aftan við 3. lið bætist nýr liður:

4. Jóhannesi Stefánssyni, fæddum á Íslandi, er hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Alþingi, 15. apríl 1929.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jóh. Jóhannesson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Ed. **339. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að hið allra fyrsta fari fram endurskoðun á embættis- og starfsmannakerfi ríkisins og á launakjörum þeirra manna, og þar sem búast má við, að breytingar í þessa átt geti fremur en hitt valdið töfum á málinu, en hinsvegar samkvæmt till. um að ræða upphæð, sem engan munar um nema ríkissjóðinn, þá leggur minni hlutinn til, að tillagan verði feld.

Alþingi, 15. apríl 1929.

Páll Hermannsson.

Nd. **340. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skil-

yrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje krófum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi ¼ hluta af árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem fram yfir er, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Nd. **341. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð ... ... kr. 1,50.
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum ... ... — 1,00.

Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi... ... ... kr. 0,50.
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu — 0,25.
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu ... ... — 1,00.

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um loftferðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.
Um loftför.

1. gr.

Loftförum er frjálst að fara um loftið innan takmarka þeirra, er lög þessi setja eða reglugerðir, er lög þessi hafa í för með sjer.

Loftför eru í lögum þessum nefnd loftskip, landflugvjelar og sjóflugvjelar og flugbelgir.

2. gr.

Loftförum er heimilt að ferðast um Ísland, ef þau eru eign íslenskra ríkisborgara (skv. gr. 3—5) eða þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr.

3. gr.

Loftfar skal skrásetja á Íslandi, ef það á að telja íslenska eign.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið segir fyrir um, á hvern hátt skrásetja skuli íslensk loftför.

5. gr.

Loftfar er ekki unt að skrásetja, nema það fullnægi skilyrðum þeim, er hjer greinir:

1. Loftfarið verður að vera:
   a. alger eign íslenskra ríkisborgara eða
   b. í vörslu íslenskra ríkisborgara, ef á að nota það um lengri tíma en 3 mánuði.

   Ef hlutafjelag eða önnur stofnun, sem nýtur lögrjettinda, á loftfar, verður fjelagið eða stofnunin að hafa heimili og varnarþing á Íslandi, til að fullnægja skilyrðinu í greinarlið a. Ef annað fjelag er eigandi eða vörsluhafi, skal fjelag þetta eiga heimilisfang á Íslandi. Ábyrgir eigendur, hvort sem um fjelagsskap eða einstaka menn er að ræða, skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar.
2. Færa verður sönnur á skv. 14. gr., að loftfarið sje hæft til flugferða.
3. Til tryggingar skaðabótakröfum, er kunna að verða gerðar, verður eigandi loftfars samkv. 1. a, eða vörsluhafi samkv. 1. b, að færa sönnur á,

að hann hafi sjeð um vátryggingar fyrir fjárhæð þeirri, er hægt er að krefjast af honum samkv. 33. gr., eða hann setur tryggingar þær, er teknar verða gildar.

6. gr.

Skrásett loftför eru skyld að bera lofthelgismerki og skrásetningarmerki. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvernig lögun og gerð þessara merkja skuli vera.

7. gr.

Eigandi loftfars skal skriflega sækja um skrásetningu.

Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, ennfremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að krefjast.

Skrásetningarbeiðninni skal fylgja:

a. yfirlýsing um, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er tekin eru fram í 5. gr. 1. málslið,
b. yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi áður verið skrásett í öðru ríki,
c. vottorð, er sanni, að loftfarið sje hæft til flugferða samkv. 14. gr.,
d. vátryggingarvottorð samkv. 33. gr. eða yfirlýsing frá yfirvaldi því, er í hlut á, að tryggingar hafi verið settar í samræmi við 33. gr.

8. gr.

Ef lögboðnum skilyrðum er fullnægt, skal skrásetja loftfarið. Á skrá þessa skal setja:

a. tölumerki loftfarsins,
b. hvenær skrásetning hafi farið fram,
c. hverrar tegundar loftfarið sje og annað það, er einkennir það, ennfremur nafn eiganda og til hvers loftfarið skuli notað,
d. athugasemd um, að loftfarið sje hæft til flugferða,
e. athugasemd um vátryggingu og tímagildi hennar eða um tryggingar þær, er hafa verið settar,
f. skrásetningarmerki það, er loftfarið hefir hlotið.

9. gr.

Ef einhver breyting verður á atriðum þeim, er tekin eru upp í 8. gr. c.—f. eftir að skrásetning hefir farið fram, ber að tilkynna breytingarnar hjá skrásetjara. Sjer hann þá um, að breytingar sjeu færðar inn eða að loftfarið sje tekið út af skrá samkv. 10. gr.

Ef eigandaskifti verða á loftfari að öllu eða nokkru leyti, ber báðum aðiljum, hinum gamla og hinum nýja eiganda, að tilkynna skiftin. Ef um fjelagsskap er að ræða og einhverjar þær breytingar verða, er fara í bág við 5. gr. 1. málslið, ber stjórn fjelagsins tafarlaust að skýra skrásetjara frá þessu.

10. gr.

Loftfar skal strikað út af skrá:

a. ef það hefir ekki fullnægt lögboðnum skilyrðum, en þó komist á skrá,

b. ef breyting verður á skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið. Ef loftfar reynist ekki hæft til flugferða, ber að strika það út af skrá, jafnskjótt sem vottorð um flughæfi þess hefir verið ónýtt,
c. þegar loftfar ferst.

11. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út skrásetningarvottorð. Í vottorði þessu skal vera útdráttur úr skrásetningarskýrslu.

Ef einhver breyting verður á skrásetningaratriðum þeim, er nefnd eru í skrásetningarvottorði, ber skrásetjara að færa breytingarnar á skrásetningarvottorðið eða sjá um, að nýtt skrásetningarvottorð verði gefið út eða ónýta skrásetningarvottorðið, ef um er að ræða atriði þau, er nefnd eru í 10. gr.

Eiganda ber að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður, nema hann geti sannað, að skrásetningarvottorðið hafi glatast.

Ef eigandaskifti hafa orðið og ekki er fullnægt skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, er hinn fyrri eigandi skyldur til að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður.

12. gr.

Jafnskjótt og skrásetning hefir farið fram, ber að setja lofthelgismerki og skrásetningarmerki (samkv. 5. gr.) á loftfarið.

Ef loftfarið hefir verið strikað út af skrá, ber eiganda, eða ef eigandaskifti hafa orðið og skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, hefir ekki verið fullnægt, þá hinum fyrra eiganda að láta taka merkin af loftfarinu.

13. gr.

Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign íslenskra ríkisborgara, því aðeins halda uppi loftferðum, að eigendur þeirra hafi um það gert sjerstakan samning við stjórn landsins og að þau annist aðeins flutning á fólki, farangri og pósti.

14. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur vottorð um, að loftfar sje hæft til flugferða, þegar þess er krafist.

Vottorðið er veitt:

a. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eða trúnaðarmaður þess hefir gengið úr skugga um, að skilyrðum þeim, er ráðuneytið sjálft setur, hefir verið fullnægt,
b. ef vottorð er lagt fram frá yfirvöldum annars ríkis eða opinberri eftirlitsstofnun þess um, að loftfarið sje hæft til flugferða. Þó verður að krefjast þess, að sömu skilyrðum sje að minsta kosti fullnægt sem þeim, er sett eru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

15. gr.

Ef loftfar hefir orðið fyrir breytingum eða skemdum, sem hafa áhrif á flughæfi þess, er flughæfivottorð þess ógilt þangað til atvinnu- og sam-

göngumálaráðuneytið hefir látið skoðun fara fram eða eftirlitsstofnun sú, er veitti hið fyrra vottorð. Ef skemdirnar eru bættar með því að setja varahluta í stað hinna skemdu eða lagfærðar eru lítilfjörlegar bilanir, þarf skoðun ekki að fara fram.

Ef skoðun leiðir í ljós, að breyta þarf loftfarinu til þess að það sje flughæft eða gagngerðar breytingar þarf að framkvæma, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess, meðan á viðgerðum stendur.

Ef loftfar hefir orðið fyrir þeim skemdum, að ekki er unt að gera við það, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess að fullu og öllu.

16. gr.

Hver sá, er á loftfar, sem nota á til flugferða á Íslandi, er skyldur til, ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið krefst þess, að veita trúnaðarmanni ráðuneytisins aðgang að loftfarinu.

Eigandi loftfars eða, ef hann hefir ekki íslenskan ríkisborgararjett, flugmaður þess, er skyldur að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, ef skoða þarf loftfarið samkv. 15. gr. eða ef ógilding á flughæfivottorði kemur til greina.

17. gr.

Skyldur þær, er hvíla á eiganda loftfars, er taldar eru upp í 7.—17. gr., hvíla einnig á þeim, sem hefir loftfar í vörslum sínum samkv. 5. gr. málslið 1 b. Þess vegna ber samkv. 7. gr. 2. málslið að taka fram við skrásetningarbeiðni nafn og heimili vörsluhafa og atvinnustörf loftfarsins. Þess vegna ber á skrá loftfara, samkv. 8. gr. c, að geta nafns vörsluhafa og atvinnu loftfarsins, en ekki nafns eiganda eða atvinnu loftfars hans.

II. KAFLI.

Fluglið.

18. gr.

Flugstjóri hefir skipunarvald í loftfari gagnvart flugliði og farþegum; ef fleiri en einn úr flugliði koma til greina við stjórn loftfars, skal sá hafa skipunarvald, er eigandi samkv. 5. gr. 1 a eða vörsluhafi samkv. 5. gr. 1 b kveður til þess.

19. gr.

Flugstjóri og aðrir, er teljast til flugliðs, þurfa leyfisbrjefs frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Flugkennarar, er taka þátt í flugæfingum og reynsluferðum, skulu teljast flugstjórar.

Leyfisbrjef til að stýra loftfari eða til að aðstoða við flugferðir skulu veitt þeim, er sanna, að þeir hafi staðist próf þau, er til þessara starfa er krafist.

Leyfisbrjefin eru veitt til ákveðins tíma, og ber því að endurnýja þau, ef handhafi leyfisbrjefs hefir sannað, að hann á síðasta ári hafi unnið störf sín óaðfinnanlega og að engar ástæður eru gegn endurnýjun leyfisbrjefsins.

Leyfisbrjef skal tekið af leyfishafa um stundarsakir eða fyrir fult og alt, ef sannað er, að handhafi sje óhæfur til að stýra eða aðstoða við stjórn loftfars.

Leyfishafa ber sjálfum að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eða umboðsmönnum þess tafarlaust, ef einhver þau atvik verða, er valda því, að svifta þarf leyfishafa leyfisbrjefi um stundarsakir eða fyrir fult og alt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur gefið út reglugerð um ákvæði hjer að lútandi.

20. gr.

Nú vill sá, er eigi hefir leyfisbrjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu samkv. 19. gr., stýra loftfari eða aðstoða við stjórn þess, og má þá leyfa honum það:

a. ef hann hefir leyfisbrjef frá erlendu ríki og gildi þess er viðurkent með ríkjasamningi,
b. ef hann hefir leyfisbrjef, sem gefið er út af erlendu ríki og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir það,

III. KAFLI.
Lendingarstaðir.

21. gr.

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

IV. KAFLI.
Fyrirtæki til loftferða.

22. gr.

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 10 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 10 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjelagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

23. gr.

Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefir sett.

V. KAFLI.

Samgöngureglur.

24. gr.

Loftferðum á Íslandi skal hagað eftir þeim reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til þess að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys meðan á loftferð stendur.

Flugliðum hvers loftfars ber að haga sjer eftir reglum þessum, hverjum fyrir sig í sínu starfi.

Meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum um loftferðir.

Vatnsflugvjelar teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn meðan hreyfillinn er í ferð, en enga slíka hæfileika, er hreyfillinn nemur staðar, og ber þeim því að næturlagi að hafa ljós þau, er notuð eru af skipum þeim, er teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn eða enga.

25. gr.

Loftför mega lenda

a. annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum aðeins á ógirtum svæðum — nema þegar um neyðarlending er að ræða.
b. á yfirborði vatns eða sjávar,
c. á lendingarstöðum.

Flugliðið er skyldugt til að segja rjettum aðilja frá eiganda loftfarsins og stjórnanda þess. Er rjettur aðili hefir fengið þessa vitneskju, er honum ekki heimilt að hindra brottflug loftfarsins.

26. gr.

Loftförum er ekki heimilt nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

27. gr.

Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. Þó geta loftför, sem eru eign annars ríkis, haft og notað slík þráðlaus áhöld, ef þau hafa til þess leyfi frá yfirvöldum síns ríkis og tilsvarandi samningur um þetta hefir verið gerður milli Íslands og hins erlenda ríkis.

28. gr.

Vissum svæðum undir ákveðinni flughæð má vegna almenns öryggis loka um stundarsakir eða altaf (loftgirðingasvæði).

VI. KAFLI.

Reglur um loftsamgöngur við önnur lönd.

29. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að loftfar á leið milli landa fljúgi yfir landhelgi Íslands á tilteknum stöðum og fljúgi þá eftir ákveðnum reglum og að slík loftför verði að fljúga af stað og að lenda á ákveðnum stöðum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ennfremur ákveðið, að loftför, er fljúga yfir Ísland án þess að lenda, verði að fara tilteknar loftleiðir.

30. gr.

Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, ennfremur varningur og farangur, er þau flytja með sjer inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlítir almennum ákvæðum um vegabrjef og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

VII. KAFLI.

Ábyrgðarskyldur.

31. gr.

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefir aðeins að nokkru

leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefir valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur, og sje hann miðaður við lífskjör hins dána. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn, þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

32. gr.

Ákvæði 31. gr. 1. málsliðs koma ekki til greina, ef meiðsl eða skemdir verða á fólki eða varningi, sem eru innan þess svæðis, sem telst til lendingastaða (21. gr.).

Ef loftfar eða farmur verður fyrir tjóni vegna árekstrar loftfara, skal farið eftir ákvæðum um árekstur skipa.

Ef tjón verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara, sem þeir eiga að greiða samkv. 31. gr. 1. málslið, er gera út loftförin, eru þeir skaðabótaskyldir allir til samans. Dómstóll úrskurðar — með hliðsjón atvika þeirra, er lágu að tjóninu — hve mikils hluta hins greidda eða þess, sem greiða ber, hver af þeim getur krafist af þeim, sem ábyrgur eða ábyrgir eru.

33. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 31. og 32. gr., takmarka að engu leyti rjett þann til skaðabóta, er hver og einn getur krafist samkvæmt lagaákvæðum.

34. gr.

Eigandi loftfars, sem notað er til loftferða á Íslandi samkv. 3. gr., ber að tryggja sig hjá vátryggingarfjelagi gegn skaðabótakröfum þeim, sem kunna að verða gerðar samkv. 31.—34. gr. á hendur honum eða þeim, sem hafa rekstur loftfarsins á hendi. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður hámark fjárupphæða þeirra, er skaðabótakröfur má gera til og felast verða í vátryggingarupphæðinni. Þó mega upphæðir þessar ekki fara fram úr 100000 krónum, ef um meiðsl eða dauða fólks er að ræða, og ekki fram úr 10000 krónum, ef um skemdir á varningi er að ræða.

Vátryggingarfjelaginu skal vera skylt og það tekið fram í vátryggingarsamningi, að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, hvenær vátryggingartími er útrunninn. Í vátryggingarsamningnum skal einnig tekið fram, að vátryggingarfjelagið beri ábyrgð á tjóni, sem verða kann innan tveggja mánaða frá því að vátryggingarfjelagið tilkynti ráðuneytinu, að vátryggingartíminn væri útrunninn, ef loftfarið hefir ekki á þeim tíma verið strikað út af skrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að eigandi loftfars geti í stað vátryggingar sett aðrar tryggingar fyrir skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar.

Í stað eiganda (í 1. og 3. málslið) kemur vörsluhafi, ef um er að ræða ákvæði 5. gr. (1. b).

Ef loftfar er notað til loftferða á Íslandi samkv. 13. gr. a eða c, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveðið, hvort ábyrgðarskylduvátryggingar þarf til greiðslu á skaðabótakröfum samkv. 31.—33. gr. Eiganda skal leyft að setja aðrar tryggingar í stað vátryggingar.

VIII. KAFLI.
Ýms ákvæði.

35. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, hvort ákvæðum 18., 20., 24. og 27. greinar og reglugerðum þeim, er kunna að verða settar samfara þessum greinum um loftför íslenskra ríkisborgara, skuli verða beitt, ef þau eiga við loftferðir utan íslenskrar landhelgi.

36. gr.

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvjela.

37. gr.

Loftfar og skip, er bjarga hvert öðru úr sjávarháska eða bjarga farmi eða aðstoða við björgun, eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar. Ef þóknun sú, er lofað hefir verið eða um var samið, þykir óhæfilega há, hefir sá, er greiðsluskyldur er, rjett til þess að leita til dómstólanna um niðurfærslu greiðslunnar.

38. gr.

Ef þörf alþjóðar krefur, er hægt að taka lóðir og lóðarrjettindi eignarnámi til loftferða eða skerða gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki milli þeirra, sem gera út loftfar, og lóðaraðilja. Skerðing getur orðið á þann hátt, að merki eru sett upp á tiltekinn stað til leiðbeiningar loftförum. Skal þessu framfylgt samkvæmt sjerstökum lögum.

39. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvjelaprófi sjer til aðstoðar til að annast eftirlit með flugvjelunum,

viðhaldi þeirra og stjórn á þeim, og til að vera til ráðuneytis um alt það, er að loftferðamálum lýtur.

40. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistímabilinu, að banna um stundarsakir leyfishöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd, gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst um leiguna á annan hátt.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er gefnar verða út vegna laga þessara, varða sektum, alt að 10000 krónum, eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Skal fara um slík mál sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

42. gr.

Hver sá, er stofnar mannslífi í hættu með því að skemma af ásettu ráði eða eyðileggja loftfar eða gera það ónothæft eða ótraust eða af ásettu ráði truflar ferðir loftfars með því að gefa röng merki eða á annan hátt, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði.

Tilraunin sjálf er refsiverð.

Ef alvarleg líkamsmeiðsl hafa hlotist á þennan hátt eða maður beðið bana, skal refsað með betrunarhúsi, ella með fangelsi ekki skemur en 6 mánuði, ef málsbætur eru.

Ef þessi brot eru framin í skeytingarleysi, skal refsa fyrir með fangelsi alt að 6 mánuðum og auk þess sektum, alt að 100000 krónum, eða þá önnurhvor þessara refsinga viðhöfð, en fangelsi ekki skemur en 1 mánuð, ef verknaður þessi hefir haft dauða manns í för með sjer.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **343. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á lyfjum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið háttv. samnefndarmönnum mínum sammála um það, að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. það, sem hjer er um að ræða, og er aðalástæðan sú, að jeg er algerlega mótfallinn einokun og ríkisrekstri, nema svo sjerstaklega standi á, að rekstrinum sje svo háttað eða hann svo

umfangsmikill, að einstaklingum verði ekki trúað fyrir honum, en svo er ekki um lyfjasölu, hún enda frá upphafi vega sinna hjer verið á einstaklings höndum, og veit jeg ekki betur en að hún hafi gefist sæmilega vel.

Að vísu var svipað frv. og það, sem hjer liggur fyrir, lagt af ríkisstjórnarinnar hálfu fyrir Alþingi 1921, en Alþingi vildi þá alls ekki sinna málinu og voru þó þá fyrir hendi ástæður, sem mæltu með málinu, en nú eru niður fallnar. Voru þær óttinn fyrir því, að ekki myndu ætíð reynast nægar birgðir af meðulum í landinu og lyf reynast skemd, en með fjölgun lyfjabúða í landinu eru þessar ástæður fallnar úr sögunni. Þá var og tilgangurinn með því frv. sá, að afla ríkissjóði aukinna tekna, en frá honum er horfið í þessu frv.

Það, sem að mínu áliti þarf að gera í lyfjasölumálinu, er það, að reyna til þess að koma lyfjaverðinu niður, en jeg hefi enga trú á því, að fyrirliggjandi frv. myndi ná þeim tilgangi, þótt það yrði að lögum, sbr. álit Læknafjelags Íslands, sem prentað er á þingskjali nr. 314. Hinsvegar virðist heilbrigðisstjórnin hafa það í hendi sjer eftir því áliti, að færa lyfjaverðið niður að mun með því að kynna sjer betur en hingað til hefir verið gert innkaupsverð lyfja og fara ekki að mestu leyti í blindni eftir danska lyfjataxtanum við setningu hins íslenska.

Þá virðist og augljóst, að fella ætti niður eða lækka að miklum mun toll af lyfjaáfengi og á spíritus, sem ætlaður er opinberum söfnum til varðveislu náttúrugripa eða stofnunum eins og rannsóknarstofu háskólans. Ætti það að vera óhætt nú, eftir að búið er að setja jafnrammar skorður og gert hefir verið gegn því, að áfengið verði notað til nautna, og skerpa eftirlitið með þeim.

Jeg læt prenta hjer á eftir erindi, sem mjer hefir borist um mál þetta frá stjórn Lyfsalafjelags Íslands, og með skírskotun til þess og álits stjórnar Læknafjelags Íslands leyfi jeg mjer að ráða háttv. deild til þess að fella frv.

Alþingi, 14. apríl 1929.

Jóh. Jóhannesson.

LYFSALAFJELAG ÍSLANDS.

Háttvirtri allsherjarnefnd efri deildar hefir ekki þótt ástæða til að leita umsagnar Lyfsalafjelags Íslands um frumvarp það til einkasölu á lyfjum, sem lagt hefir verið fyrir háttv. deild, á þingskj. nr. 86.

Nefndarálit meiri hluta nefndarinnar á þingskjali 314 ber með sjer að álits landlæknis og Læknafjelags Íslands hefir verið leitað. Leyfir Lyfsalafjelag Íslands sjer því að snúa sjer til minni hluta nefndarinnar, sem eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans »er á móti málinu«, með eftirfarandi athugasemdir.

Á Alþingi 1921 bar ríkisstjórnin fram frumvarp til laga, þar sem veita átti henni einkarjett til innflutnings á lyfjum, umbúðum og þeim hjúkrunargögnum, sem talin verða á lyfjaskrá. Höfuðákvæði frumvarpsins á þingskjali 86 er sam-

hljóða þessum fyrirmælum. Um frumvarpið 1921 sendi Lyfsalafjelagið Alþingi allrækilegar athugasemdir í ritlingi, er nefndist: Lyfsalar og einkasala á lyfjum, og fylgir ritlingurinn þessum athugasemdum við nýja frumvarpið á þskj. 86.

1. Ef frv. á þingskj. 86 verður að lögum, þá er lyfsölum fyrirmunað að kaupa sjálfir vörur sínar frá útlöndum, eins og þeir hafa hingað til gert. Þeir verða þá neyddir til að kaupa þau af einkasölu ríkisins. Eins og vikið verður síðar að, þá hljóta lyfin að verða dýrari í einkasölunni en þau eru, ef lyfsalarnir fá sjálfir að gera innkaup sín beint frá útlöndum, og er því gengið á rjett lyfsala, þann, er þeir hafa hingað til haft til að kaupa sjer vörur sínar þar, sem kaupin eru hagfeldust. Ef fyrirmæli frumvarpsins hefðu einhverja aðra stórkosti, þá mætti ef til vill verja það, að samþykkja það. En þeir kostir eru alls engir, eða að minsta kosti svo litlir, að þeir vega hvorki upp á móti þessum ókosti nje öðrum ókostum á þessari fyrirhuguðu einkasölu.

2. Lyfjaverslun ríkisins sú hin fyrirhugaða á að selja *læknum* lyf, umbúðir og hjúkrunargögn. Að fornu höfðu lyfsalar einkarjett á að selja læknum lyf. (Sjá meðf. bækling, bls. 11—12). Með lögum nr. 62 frá 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi, var gengið á þennan gamla rjett lyfsala, en læknum var þó ekki *bannað* að kaupa lyf sín af lyfjabúðum. Væntanlega eiga lyfsalar rjett til bóta fyrir þennan rjettarmissi.

Nú er að þarflausu farið enn lengra, læknum er fyrirskipað að kaupa lyf sín, umbúðir og hjúkrunargögn frá einkasölu ríkisins.

3. Lyfin o. s. frv. hljóta að verða *dýrari* í útsölu hjá lyfjasölu ríkisins en þau eru nú í innkaupi. Að vísu á ríkið nú ekki að græða á lyfjaverslun sinni, eins og til var ætlast, að það gerði 1921, nema 2% af veltu sinni til varasjóðs. En alt um það hlýtur lyfjaverðið að hækka að mun. Ástæðan til þess er að ríkiseinkasalan þarf fje til verslunarrekstrarins, sem vexti þarf að greiða af. Hún þarf mikið og dýrt húsnæði, sem hún verður að greiða leigu af. Hún þarf marga starfsmenn, sem hún verður að launa. Þar af verða sumir að vera sjerfræðingar, — þó að ekki sje vel sjeð fyrir því í frumvarpinu —, sem vel verður að launa, vafalaust með 10—12 þús. kr. árslaunum forstöðumanninn og aðra með því kaupi, sem viðgengst handa lyfjasveinum og verslunarmönnum þeim, sem allsæmilega eru launaðir. Verslun þessi verður að liggja með allmiklar vörubirgðir. En því fylgir aftur, að búast má við talsverðum vörurýrnunum og skemdum, því að mörg lyf þola illa geymslu.

Á hinn bóginn verður það alveg hverfandi, sem lyfsölum sparast við kaup sín af ríkiseinkasölunni. Þeir geta hvorki minkað við sig mannahald fyrir hana nje húsakost. Eins og samgöngum er nú háttað við útlönd, þurfa þeir ekki að liggja með eins miklar vörubirgðir og áður og vörupantanir þeirra til lyfjasala erlendis eru ekki meira verk en það, að þær annast þeir algerlega sjálfir. Ríkiseinkasalan verður algerlega óþarfur milliliður, sem aðeins gerir vöruna dýrari. Meðan tilætlunin var að láta ríkið hagnast eitthvað á lyfjainnflutningnum, eins og ráðgert var 1921, þá mátti þó segja, að eitthvert vit væri í einkasöluráðagerðunum, þó að ekki væri þá vel til fallið, fremur en nú, að hækka lyfjaverðið. En nú, þegar ekki er ætlast til að neinn hagnist, nema þeir fáu menn,

sem fá atvinnu við hana eða leigja henni húsnæði, þá er ómögulegt að sjá, að hún eigi nokkurn tilverurjett. Lyfin hljóta að verða dýrari. Það er alt og sumt.

Því kann að verða svarað, að lyfin þurfi ekki að hækka í smásölu, því að lyfjataxtinn geti lækkað. Hagnaður lyfsalanna verði nógur fyrir því. Því er til að svara, að hagnaður lyfsala virðist ekki almennt hafa verið svo mikill á síðari árum, að þeir megi við mikilli lækkun, því að hjer hafa lyfsalar farið á höfuðið ekki fyrir löngu, og sumstaðar munu þeir berjast í bökkum. En þó að það væri rjett, að hagnaður lyfsala mætti minka, þá er það engin röksemd fyrir einkasölu þeirri, sem hjer er á ferðinni, því að ríkisstjórnin ákveður taxtann, og getur breytt honum algerlega án tillits til þess, hvernig fer um innflutning lyfjanna. En lækkun á taxtanum er auðvitað því torveldari, sem lyfsalar þurfa að gefa meira fyrir vöruna í innkaupi.

4. Það mun hafa skift nokkru máli um afstöðu einhverra til einokunarfrumvarpsins 1921, að erfitt hafði reynst að ná sumum lyfjum hingað, meðan styrjöldin mikla stóð yfir. Og var þá talið, að ríkið stæði betur að vígi en einstakir menn í því efni. Þetta er að vísu rjett. En framtíðarlöggjöf má ekki miða við algerlega óvanalegt ástand. Ef slík stórtíðindi bera aftur að höndum, þá er einsætt, að ríkið verður að veita aðstoð sína til þess að afla lyfja alveg eins og annara nauðsynja. Á styrjaldartímunum veitti ríkið mönnum t. d. aðstoð sína til þess að afla veiðarfæra frá útlöndum. Og þó hafa ekki enn þá komið fram frumvörp um það, að ríkið tæki einkasölu á veiðarfærum.

5. Það hefir lengi þótt við brenna, að einokaðar vörur væri lakari en vörur seldar í frjálsri verslun. Keppinautur er þá enginn, og því ekki í annað hús að venda. Svo er hætt við að hjer yrði, sjerstaklega hvað snertir umbúðir og hjúkrunargögn. Lyf eru víðast hvar seld undir ríkiseftirliti, eða svo er í skandínavísku löndunum og Þýskalandi, en þaðan eru lyf keypt að mestu. Þar við bætist að hætt er við, að sumar vörur einkasölunnar verði legnar, er þær yrðu seldar og því lakari ordnar af þeirri ástæðu. Sömu gallar mundu vitanlega loða við ríkiseinkasölu á lyfjum sem allar ríkiseinkasölur. En út í það mál skal ekki frekar farið hjer.

6. Eins og að er vikið, þá er ekki sjeð fyrir því í frumvarpinu á þskj. 86, að forstöðumaður þessarar ríkiseinkasölu sje sjerfræðingur um lyf. Og þó að þessu yrði kipt í lag, er sá galli á, að einni verslun er ætlað að liggja með nægar vörubirgðir fyrir allar lyfjabúðir landsins. Er einsætt, að þar sem hagar til eins og hjer á landi um samgöngur, kemur slíkt ekki að gagni nema þeim lyfjabúðum, sem eru í Reykjavík eða nágrenninu. Lyfjabúð á Seyðisfirði er engu bættari, þó nægur lyfjaforði sje til í Reykjavík, heldur en þó lyfin þyrfti að fá frá útlöndum, nema síður sje. Auk þess er mikil trygging í, að t. d. hjer í bænum hafa 4 lyfjabúðir birgðir, svo þó eitthvert lyf þrjóti í einni, er hægt að fá það í annari. Væri einkasala sett á stofn, mundu lyfjabúðir að sjálfsögðu treysta á þann nægaforða, sem ávalt á að vera til í einkasölu ríkisins. Mundi ekki geta farið svo, að einhverntíma vantaði áríðandi lyf, þegar til þeirra ætti að taka?

7. Í 6. gr. frv. á þskj. 86 eru samskonar fyrirmæli sem í frv. frá 1921 um meðferð á þeim lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, sem vera kunna fyrir hendi hjer á landi, þegar ríkiseinkasalan væri komin á. Ríkisstjórninni er

sett sjálfdæmi um það, hvort hún lætur taka vörur þessar lögnámi eða leggja gjald á þær. Síðari leiðin er algerlega fráleit. Stjórnin gæti þá lagt svo hátt gjald á þessar vörur, að þær yrði eigendum algerlega einkisvirði. Ef þær verða teknar eignarnámi, þá má þó ætla, að andvirði þeirra yrði ákveðið af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. En hvers vegna má ekki leyfa lyfsölum að selja áfram þær vörur, sem þeir eiga fyrirliggjandi, þegar einkasalan kemst á? Á að meina þeim það af því, að flutningsmenn málsins eru hræddir um, að lyfsalar muni birgja sig svo upp með vörur áður en einkasalan kemur til framkvæmdar, að hún muni ekki geta selt þeim neitt fyrst um sinn? Ef svo er, þá er það voltur þess, að þeir hafa ekki trú á því, að einkasalan muni geta selt lyfsölunum vöruna við jafngóðu verði og þeir geta fengið hana nú í frjálsri verslun. Ef flutningsmenn málsins tryðu því, að vörur einkasölunnar yrðu hvorki verri nje dýrari en fyrirliggjandi vörur hjá lyfsölunum, þegar einkasalan byrjar, þá þyrftu þeir ekkert að óttast, því að þá gætu vörur einkasölunnar kept við hinar vörurnar. Ef vörur einkasölunnar yrðu ódýrari, þá mundu lyfsalarnir verða að setja sínar vörur niður — eða rjettara sagt: taxtinn mundi lækkaður — og lyfsalarnir yrðu að taka það tap, sem verða kynni.

En þótt þess megi vænta, að lyfin hækki í innkaupi hjá lyfsölum eftir að ríkiseinkasalan væri komin á, þá mun ekki þurfa að óttast, að lyfsalar muni birgja sig upp að ráði áður en hún kemst á. Til þess þarf rekstrarfje, sem fæstir þeirra eða jafnvel engir hafa. Og þó að þeir gæti fengið birgðir að láni, þá þarf að greiða vexti af því fje, en það, sem mestu máli skiftir, er það, að jafnan er nokkur áhætta að liggja lengi með miklar lyfjabirgðir, vegna verðbreytinga.

Að endingu má minna á það, að Læknafjelag Íslands, sem bæði er algerlega óhlutdrægur aðili þessa máls og hefir best tök á að dæma um það, hefir lagt á móti frumvarpinu á þskj. 86. Sjá fylgiskjal II. á þskj. 314. Landlæknir hefir að vísu lagt með þessu frv., en í áliti hans eru alls engin rök, heldur einungis skírskotað til álits hans á málinu 1921. Var ekki við því að búast, að hann færi nú að leggja á móti frv., sem sjálfur hann hafði verið hvatamaður að 1921. En eins og bent var á hjer að framan, eru ástæður nú alt aðrar en þær voru 1921.

Með skírskotun til þess, sem hjer hefir sagt verið, og með skírskotun til athugasemdanna í meðfylgjandi ritlingi, leyfum vjer oss að fara þess á leit, að hið háttvirta Alþingi afgreiði ekki frumvarpið á þskj. 86 sem lög frá sjer.

Reykjavík, 13. apríl 1929.

Virðingarfylst

Stjórn Lyfsalafjelags Íslands.

Til

Alþingis 1929.

Nd. 344. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Jeg gat ekki verið sammála meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls, sökum þess að með afnámi umræddra laga er opnuð gátt til þess að flytja út úr landinu vinnu við viðgerð, samansetningu og litun á síldarnótum. En vinna þessi hefir verið unnin af innlendum mönnum um margra ára skeið og er vel til þess fallin að vera vetrarvinna allmargra manna, þegar lítið annað er til að starfa.

Með vaxandi síldarútvegi mun þessi vinna aukast að mun frá því sem verið hefir. Nokkrir menn hjer í landinu hafa aflað sjer sjerþekkingar á starfinu og á undanförnum árum hafa sumir þeirra gert það að atvinnu sinni. Það virðist því engin ástæða til að flytja vinnu eins og þessa til Noregs. Hún á að vera kyr í landinu og þar af leiðandi ekki rjett að nema lög úr gildi, sem styðja að því, að svo verði.

Legg jeg því til við háttv. deild, að frumv. verði felt.

Alþingi, 15. apríl 1929.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 345. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og við breytingartillögur á þskj. 293.

I. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Haraldi Guðmundssyni* og *Pjetri Ottesen.*
Við 10. gr. III. Liðinn skal orða svo:
Utanríkismál o. fl.

1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
a. Laun sendiherra	24000	
b. Húsaleiga	6000	
c. Kostnaður við embættið	24000	
d. Til skrifstofuhalds	20400	
		74400
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14400
3. Ríkisráðskostnaður		4800
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		500
		94100

III. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 12. 15. c. Nýr liður:
Til sjúkrahússins á Siglufirði:
1. Viðbótarstyrkur til byggingar hússins, 1/3 kostnaðar 13000
2. Til ljóslækningatækja og læknisáhalda, 1/3 kostnaðar 4430
3. Til kaupa á húsgögnum og áhöldum, 1/3 kostnaðar 3340
20770

IV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jóni Ólafssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. 15. m. Nýr liður:
Til Ólafs Stefánssonar á Ísafirði, upp í kostnað við að leita sjer lækninga í París við krabbameini í vjelinda 3000

V. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 12. gr. 15. o. Nýr liður:
Til Jóns Jónssonar klæðskera í Vestmannaeyjum, sjúkrastyrkur 1200
Til vara 1000

VI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 12. gr. 15 o. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1500
Til vara 1200

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 12. gr. 15. o. Nýr liður:
Til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum, til þess að leita sjer lækningar erlendis 5000
Til vara 3500

VIII. Frá *Benedikt Sveinssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. A. 3. Nýr liður:
Uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum 3000

IX. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. II. 8 (Öxnadalsvegur).
Fyrir »10000« kemur 15000

X. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 13. gr. B. III. Nýr liður:
Til nýrrar dragferju á Hólsá hjá Ártúnum í Rangárvallasýslu, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 10000
enda verði leið þessi í tölu sýsluvega.

XI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. D. I. Nýr liður:
Til loftskeytastöðvar í Papey með miðunartækjum, að því tilskildu, að samningur takist við búanda þar um hóflegt starfsrækslugjald, alt að 12000

XII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. E. V. Nýr liður:
Til byggingar vita á Selvíkurnefi við Siglufjörð, gegn jafnmiklu tillagi frá Siglufjarðarkaupstað 7000

XIII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 14. gr. B. I. h. Nýr liður:
Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans 3000

XIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. (Námsstyrkur samkv. ákvörðun mentamálaráðs).
Fyrir »4000« kemur 12000

XV. Frá *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Gústafs Pálssonar, til verkfræðináms 1000

XVI. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til háskólanáms í uppeldisfræðum 1600

XVII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
1. Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Odds Guðjónssonar, til hagfræðináms 1500
Til vara 1200

2. Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XVIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. IX. c. (Iðnaðarmannafjel. á Ísafirði).
Fyrir »500« kemur 1500
Til vara 1200

XIX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XII. 1. b. (Rekstrarkostn. kvennaskólans í Rvík).
Fyrir »15000« kemur 21000

XX. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 1. Nýr liður:
Til gagnfræðaskóla Reykjavíkur 3000

XXI. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Ósk). Nýr liður:
Til sama fjelags, $^3/_5$ byggingarkostnaðar húsmæðraskóla á Ísafirði, alt að 20000

XXII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við brtt. 293, 41 (Húsmæðrafræðsla í Vík).
Fyrir »1500« kemur 2500

XXIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður:
Til Bjargar Sigurðardóttur:
a. Utanfararstyrkur 1500
b. Styrkur til þess að halda uppi kenslu í síldarmatreiðslu 2000
3500
2. Við brtt. 293, 43 b. (Bandalag skáta).
Fyrir »500« kemur 1000

XXIV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Benedikt Sveinssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 15. gr. 14. (Jarðabók Árna og Páls):
Fyrir »2000« koma 5000
enda verði útgáfu jarðabókarinnar hraðað sem verða má.

XXV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 20. (Leikfjelag Ísafjarðar).
Fyrir »600« kemur 2500
Til vara 1000

XXVI. Frá *Sigurði Eggerz, Asgeiri Asgeirssyni, Ólafi Thors, Benedikt Sveinssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:

Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum 2500

XXVII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýir liðir:
a. Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms í Kaupmannahöfn 2400
Til vara 1500
b. Til Gunnars Hallgrímsssonar, til þess að kynna sjer stjórn hljómsveita erlendis og ljúka námi í fiðluspili 3000
Til vara: 1500
c. Til Jónasar Tómassonar, til þess að kynna sjer nýjungar í hljómlist erlendis og undirbúa útgáfu tónsmíða sinna 5000
Til vara 3000

XXVIII. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds 1500
Til vara 1000

XXIX. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Benedikt Sveinssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 15. gr. 23. (Þórbergur Þórðarson).
Í stað »1200« kemur 2400

XXX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Hjeðni Valdimarssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum 1500

XXXI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 15. gr. 28. Nýr liður.
Til Sigurðar Skúlasonar mag. art., til sagnfræðistarfa 1500
Til vara 1000

XXXII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands 2000

XXXIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche) 1000

XXXIV. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 3 (Sandgræðsla).
a. Fyrir »40000« kemur 52000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af skal verja 12000 kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum.

XXXV. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 3. Nýr liður:
Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi 5000

XXXVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 4. Nýr liður:
Til þess að fullgera veg í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 12000

XXXVII. Frá *Jóni Sigurðssyni, Pjetri Ottesen* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða 15000
Rannsóknir þessar skulu fara fram undir yfirumsjón vegamálastjóra.

XXXVIII. Frá *Asgeiri Asgeirssyni.*
Við 16. gr. 11. b. (Hólmgeir Jensson).
Fyrir »700« kemur 900

XXXIX. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 16. gr. 20. Nýr liður:
Til bryggjubyggingar á Siglufirði, gegn þreföldu tillagi frá Siglufjarðarkaupstað, alt að 75000

XL. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 24. Nýr liður:
Til bænda í Hrunamannahreppi, til þess að flytja að bílvegi mjólk í mjólkurhúsið í Flóanum 5000
Til vara 4000

XLI. Frá *Gunnari Sigurðssyni, Hákoni J. Kristóferssyni, Lárusi Helgasyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi 2500
Til vara 2000

XLII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til Magnúsar Jónssonar, Torfastöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki 1200

XLIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar. 1500

XLIV. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði 1200

XLV. Frá *Gunnari Sigurðssyni* og *Einari Jónssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið. 500

XLVI. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Styrkur til þess að endurreisa bygð í Haukadal á Rangárvöllum 500
Til vara 400

XLVII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 36 (Skálm í Álftaveri).
Liðinn skal orða svo:
Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm 6600

XLVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 17. gr. 13. Nýr liður:
Til Minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi 2000

XLIX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 15. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum 800

L. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 11 (Páll Árdal).
Fyrir »600« koma... 800

LI. Frá *Hákoni J. Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:
Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 700

LII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 18. gr. II. f. 20 (Steindór Hinriksson).
Fyrir »200« kemur 300

LIII. Frá *Benedikt Sveinssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. g. 6. Nýr liður:
Til Sigurjóns Friðjónssonar 1200

LIV. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. g. 6 (Guðmundur Friðjónsson).
Fyrir »1200« koma 2000

LV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 18. gr. II. g. 9. Nýr liður:
Til Einars Þorkelssonar 1800

LVI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. i. 42. Nýr liður:
Til Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu 500

LVII. Frá *Sveini Ólafssyni og Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

LVIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 22. gr. Aftan við greinina kemur málsgrein:
Af rafmagnsveituláni Patrekshrepps, að eftirstöðvum kr. 66916.67, skal gefa eftir kr. 30000.

LIX. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 22. gr. Aftan við greinina kemur málsgrein:
Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

LX. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarkauptún til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

LXI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr liður:

Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt.

LXII. Frá *Ásgeiri Asgeirssyni* og *Jóni Ólafssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr liður:

Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, ef hann lætur af embætti.

LXIII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr liður:

Að bjóða Jóni Sveinssyni rithöfundi heim og greiða úr ríkissjóði kostnaðinn við för hans.

Nd. **346. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Gunnari Sigurðssyni, Benedikt Sveinssyni og Einari Jónssyni.

1. Í stað málsliðarins »Lína frá Efra-Hvoli um Hof og Kirkjubæ að Geldingalæk« komi:
   Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla.
2. Málsliðurinn »Lína frá Skógum að Skinnastöðum« orðist svo:
   Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum.

Nd. **347. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 248 [Fiskiveiðasjóður].

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meginmál 8. brtt. skal orða svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins fyrst um sinn. En verði Búnaðarbanki Íslands lögfestur, skal honum falin stjórn sjóðsins gegn

þóknun, sem fjármálaráðuneytið ákveður. Getur bankinn falið útlánsfjelögum þeim, er hann skiftir við í firnari landshlutum, útlánsstarfsemina að meira eða minna leyti. Útlánsfjenu skal skift sem jafnast milli útgerðarhjeraða eftir útgerðarmagni báta.

Nd. **348. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggjafarnefnd.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Vjer teljum, að nokkur bót megi verða að frv. þessu, og þó sjerstaklega að útgáfu á gildandi lögum, sem með tímanum ætti að geta orðið til mikils hagræðis. Þar sem nefndinni er ekki ætlað að hafa áhrif á löggjafarstarfið, þykir rjett að breyta nafninu. Leggjum því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1 Við 1. gr.
   a. Í stað »skipar« komi: er heimilt að skipa.
   b. Í stað »löggjafarnefnd« komi alstaðar í frv.: laganefnd.
   c. Orðið »skulu« í 3. línu falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað »alþingisnefndum« komi: þingnefndum.
   b. Á eftir »lagafrumvarpa« komi: samræmd laga.
3. 3. og 4. gr. falli niður.
   Greinatalan breytist eftir því.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna »á hverjum 5 ára fresti« komi: að minsta kosti á 10 ára fresti.
   b. Orðin »síðan næsta útgáfa kom út« falli niður.
5. Við 7. gr. Í stað »5. gr.« komi: 3. gr.
6. 8. gr. falli niður.
7. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um laganefnd.

Alþingi, 16. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. **349. Frumvarp**

til laga um nöfn kaupstaða og kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nöfnum kaupstaða og kauptúna ræður málvenja íbúa.

2. gr.

Eigi má skifta um nafn á kaupstað eða kauptúni, nema heimild sje veitt til í sjerstökum lögum.

3. gr.

Nú vill hið fæsta fimtungur kaupstaðar- eða kauptúnsbúa breyta nafni á kaupstað eða kauptúni. Skal þá stjórnarráðið fyrirskipa atkvæðagreiðslu um staðarheitið, og hafa þá atkvæðisrjett þeir hinir sömu og atkvæðisrjett eiga í málefnum sveita og kaupstaða, og skal farið eftir gildandi kjörskrá við atkvæðagreiðsluna. Kjörseðlar skulu prentaðir og á þeim standa:

	Já
	Nei

Gerir sá kjósandi kross framan við »Já«, sem vill fallast á nafnbreytinguna, en hinir krossa framan við »Nei«. Seðill er ógildur, ef krossað er við bæði orðin á atkvæðaseðli, eða eigi verður sjeð, hver var vilji kjósanda.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd sjer að öðru leyti um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, eftir fyrirmælum stjórnarráðs.

4. gr.

Þegar meiri hluti kjósenda, þeirra, er þátt taka í atkvæðagreiðslu, hefir samþykt nafnbreytingu á kaupstað eða kauptúni, skal hún öðlast gildi þegar Alþingi hefir fallist á hana með sjerstökum lögum.

5. gr.

Lögin skulu taka til, frá hverjum tíma nafnaskiftin skuli gilda, og má frá þeim tíma ekkert nýtt fyrirtæki á slíkum stað bera nafn það, er niður var lagt.

Nd. **350. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Efnismálsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof og Kirkjubæ að Geldingalæk. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru af Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum.

Nd. **351. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hreppa-, búnaðar- eða jarðræktarfjelögum og miðast við:

1. Sölnverð tilbúins áburðar, sem notaður hefir verið í fjelaginu á árinu.
2. Flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til hlutaðeigandi búnaðarfjelags.

Við útreikning á flutningskostnaðinum skal þó ekki reiknað nákvæmara en svo, að öllum fjelögunum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sendingu.

Til þess að verða styrksins aðnjótandi, skal stjórn viðkomandi hreppsfjelags, búnaðarfjelags eða jarðræktarfjelags senda Búnaðarfjelagi Íslands fyrir 1. október ár hvert skýrslu um, hve mikið hafi verið keypt og notað af tilbúnum áburði í fjelaginu á því ári. Skýrslunni skal fylgja skírteini, er staðfesti að skýrslan sje rjett. Atvinnumálaráðherra ákveður nánar um það í reglugerð. Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan hrepps, hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn er notaður, og þyngd og verði áburðarins.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um úthlutun styrksins og annað, er þurfa þykir.

Nd. **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Í stað »Efnismálsgrein 1. gr. laganna« komi: Efnismálsgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926.
2. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. Á eftir henni komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi.
   Orðin »og þaðan að Ármúla og Grunnavík« í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.
3. Við fyrirsögn. Á eftir »1926« komi: og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919.

Nd. **353. Nefndarálit**

um frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. þessu eins og það liggur fyrir frá Ed. Tveir nefndarmenn (M. G. og H. K.) voru ekki á fundi nefndarinnar, er ályktun var tekin, og hafa því óbundin atkvæði um málið.

Alþingi, 17. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. **354. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur í Strandasýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár og þingstaðirnir vera að Óspakseyri og Stóra-Fjarðarhorni.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni sýslunefndar Strandasýslu í símskeyti til þingmanns kjördæmisins 16. apríl og styðst við ósk íbúa í hreppum þeim, er hlut eiga að máli.

Nd. **355. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

I. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 13. Nýr liður:
Vopnafjarðarvegur 10000

II. Frá *Benedikt Sveinssyni, Jóni Ólafssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 18. gr. II. g. 9. Nýr liður:
Til Stefáns frá Hvítadal 2000

III. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 22. gr. Aftan við greinina kemur málsgrein:
Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Nd. **356. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykt óbreytt, og vísar að öðru leyti til greinargerðar frv., sem færir rök fyrir nauðsyn þess, að frv. verði samþykt.

Tveir nefndarmenn (M. G. og H. K.) voru fjarverandi er ályktun um frv. var tekin í nefndinni, og hafa þeir því óbundið atkvæði.

Alþingi, 17. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Torfason.

Nd. 357. Breytingartillaga

við frv. til laga um innflutning og ræktun sauðnauta.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

Nd. 358. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Hannesi Jónssyni.

Í stað málsliðarins »Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu« komi: Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Vesturhópshóla að Hindisvík, með hliðarlínu að Víðidalstungu.

Nd. 359. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumv.[1] þetta er flutt í samráði við landssímastjóra og miðar til þess að tryggja rjett landssímans til að varna því, að rafmagnstæki hjer í bænum trufli útvarpssendingar. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hannes Jónsson, fundaskrifari. Sigurjón Á. Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson, Jón A. Jónsson.

Ed. **360. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá Jóni Þorlákssyni og Birni Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir 3 síðustu málsgreinarnar komi:
   II. Að setja hámarksgjaldskrá fyrir leigubifreiðar á vegum, er liggja til Þingvalla, og fyrir herbergi í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um alt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, ef undirbúningsnefnd hátíðarinnar telur það nauðsynlegt, og þá eftir tillögum frá henni.
2. Við 2. gr. Orðin »og III.« falli burt.

Ed. **361. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Efnismálsgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926; orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru af Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína

frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum.

2. gr.

Orðin »og þaðan að Ármúla og Grunnavík« í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Ed. **362. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.
3. Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
4. Jóhannesi Stefánssyni, fæddum á Íslandi, er hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Nd. **363. Breytingartillögur**

við frv. til laga um refagirðingar og útflutning refa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. gr. skal orða svo:
   Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en þar skal refabú talið, sem refir eru aldir, hvort sem færri eru eða fleiri.
2. 2. gr. skal orða svo:
   Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörslu. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um tilhögun refagirðinga, geymslu og flutning refa og rekstur refabúa.
   Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sjerstakar gætur á því, að geymsla refa sje höfð svo örugg sem reglugerð ákveður.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (Greinatalan breytist samkv. því):
   Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett verður samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 20—5000 kr. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.
4. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um refarækt.

Ed. **364, Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Atkvæðagreiðsla um mál þetta fór svo í fjárhagsnefnd, að 2 nefndarmenn (I. P. og J. Bald.) greiddu atkvæði með því, 2 nefndarmenn (B. K. og J. Þ.) greiddu atkvæði gegn því, en einn nefndarmanna (P. H.) greiddi ekki atkvæði um málið.

Minni hlutinn telur ekki ástæðu til þess að bera fram í nefndaráliti frekari ástæður fyrir frv. en gert er í greinargerð þess.

Í 2. málsgr. 1. greinar er rit- eða prentvilla; er þar vitnað í 13. gr. frv., en á að vera 14. gr., svo sem sjá má af efni greinarinnar. Er þess vænst, að þetta verði leiðrjett milli umræðna, og er því ekki flutt um það breytingartillaga.

Að öðru leyti leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Ingvar Pálmason,	Jón Baldvinsson,
form.	fundaskr. og frsm. minni hl.

Nd. **365. Frumvarp**

til laga um innflutning og ræktun sauðnauta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfjelagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um hagagöngu og gæslu þeirra.

Áhersla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir dýrin verði sem ákjósanlegust og að örugt sje, að dýrin geti ekki tapast.

3. gr.

Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir.

4. gr.

Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Ed. **366. Nefndarálit**

um frv. til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin felst á frv. þetta í öllum aðalatriðum og mælir með, að það gangi fram.

Í 4. gr. frv. er svo fyrir mælt, að í verstöð, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsátursgjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, beri þeim, sem uppsátursgjöldin taka, að annast alt viðhald á lendingar- og leiðarmerkjum. Hinsvegar er ekkert ákveðið um það, hver eða hverjir skuli kosta uppsetningu merkjanna á slíkum stöðum, ef þau eru fallin eða hafa eigi áður til verið. Virðist nefndinni nauðsynlegt, að einnig um þetta atriði sje skýrt ákvæði í lögunum, og telur þá rjettast, að sá eða þeir, sem uppsátursgjald taka, kosti uppsetningu merkjanna. Vill nefndin því breyta 4. gr. frv. á þann veg og leggur til, að það verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Sje um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og alt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sje ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

Alþingi, 17. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm. og fundaskr.	H. Steinsson.

Ed. **367. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með frumvarpi þessu er farið fram á það, að sá, er staðist hefir próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands og með því orðið fær um að stjórna 12 til 50 hestafla mótorvjel, geti með æfingu í vjelstjórn öðlast rjett til stjórnar á stærri mótorvjelum.

Nefndin er öll sammála um, að sá, er hlotið hefir það undirbúningsnám, sem ráð er fyrir gert í frumv., og hefir í 12 mánuði eða lengur stjórnað alt að 50 hestafla mótorvjel, muni við þá æfingu, sem hann fær við starfið, verða fær um að stjórna alt að 100 hestafla mótorvjel, en meiri hluta nefndarinnar, þeim Ingvari Pálmasyni og Halldóri Steinssyni, þykir fulllangt gengið í síðustu málsgr. 1. gr., þar sem ætlast er til, að vjelstjóri með undirbúningsnámi því, sem talað er um í fyrri málsgr. 1. gr., geti með æfingu í vjelstjórn öðlast rjett til stjórnar á 100 til 150 hestafla mótorvjel, og leggur því til, að málsgreinin verði feld. Minni hlutinn, Erlingur Friðjónsson, gengur inn á þetta til samkomulags.

Leggur því öll nefndin til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Í stað orðanna »50 hestafla mótorvjel« í fyrri málsgr. komi: 30 til 50 hestafla mótorvjel.
2. Síðari málsgr. falli niður.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Halldór Steinsson.

Nd. **368. Breytingartillaga**

við brtt. XX á þskj. 345 [Fjárlög].

Frá Jóni Ólafssyni og Magnúsi Jónssyni.

Aftan við till. kemur:

Til vara 2000

Nd. **369. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. er því einhuga andvígur, en jeg tel sjálfsagt, að málið nái fram að ganga. Fjárhagur ríkissjóðs stendur nú með miklum blóma. Tekjuafgangur 1928 nam 1½ milj. kr., og eru allar horfur til, vegna hins ágæta árferðis, að tekjur ríkissjóðs verði ekki minni 1929 en árið sem leið. Enda þótt ríkisstjórnin hafi ekki neytt heimildar sinnar til þess að innheimta tekjuskattsviðaukann, eins og lög gerðu ráð fyrir, virðist vera vel mögulegt að lækka álögur landsmanna allverulega nú þegar á þessu ári, með ekki meiri framkvæmdum en fyrirhugaðar eru. En þá getur varla vafi leikið á, að sá skatturinn, sem órjettmætastur sje og komi harðast niður, sje verðtollurinn á aðalnauðsynjum alþýðu manna, sem hvílir mjög þungt á öllum almenningi og heldur uppi dýrtíð í landinu. Vörurnar eru nánar tilgreindar í frv., og mætti við þær bæta, eins og frsm. gat í framsöguræðu sinni, óbrotnu ullarefni í fatnað karla og kvenna.

Tolllækkunin samkvæmt frv. mundi nema 400—420 þús. kr., en með þessari viðbót rjett um ½ milj. kr. Ef meiri hl. Alþingis skyldi líta svo á, að ríkissjóður mætti illa missa þessar tekjur 1930, þá er ríkisstjórninni innan handar að ná tekjum í ríkissjóð, sem ekki koma eins hart og órjettlátlega niður, bæði með því að neyta heimildarinnar til að innheimta tekjuskattsviðaukann 1930, og eins með tóbakseinkasölu, sem frv. er fram komið um á þessu þingi og nægur tími er til að samþykkja, ef viljinn er til. En tekjuskattsviðaukinn mundi eftir mjög hóflegri áætlun nema 250 þús. kr. 1930, og tóbakseinkasalan um 200 þús. kr., alls um 450 þús. kr., sem er svipuð upphæð eins og verðtollslækkunin nemur.

Legg jeg því til, að frv. verði samþykt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Óbrotin ullarefni í ytri fatnað karla og kvenna.

Alþingi, 19. apríl 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **370. Nefndarálit**

um frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er öll málinu hlynt og vill framgang þess, en nokkur ágreiningur er um einstök ákvæði.

Fjórir nefndarmanna geta fallist á, að ríkissjóðstillagið sje ákveðið $^2/_3$ eins og í frv. segir, en einn þeirra (S. Á. Ó.) álítur $^1/_3$ vera hæfilegt ríkissjóðstillag.

Sökum þess ágreinings, er að ofan segir, og þrátt fyrir það þótt nefndin í heild sinni leggi til, að málið gangi fram, hefir hver einstakur nefndarmaður áskilið sjer rjett til að koma með brtt. og hafa óbundnar hendur gagnvart brtt. við frv., ef fram kunna að koma.

Alþingi, 20. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Með fyrirvara.
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Með fyrirvara.
Ólafur Thors.
Magnús Torfason.
Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. **371. Nefndarálit**

um frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Eigi gat orðið samkomulag í nefndinni um frv. þetta. Meiri hl. fylgir því óbreyttu, en við teljum með frv. gengið feti framar en þörf og ástæður krefja.

Kostnaður við hafnarbygginguna er áætlaður 1000000 kr. og ætlar frv. ríkissjóði að leggja þegar fram $^1/_3$ þess fjár, en ábyrgjast lántöku til hafnarinnar, er nemi alt að $^2/_3$ byggingarkostnaðar.

Upplýst er, að hafnarsjóður kaupstaðarins á yfir 800000 kr. óeyddar og er því langdrægt fær um hafnarbygginguna stuðningslaust.

Meiriháttar hafnarmannvirki, svo sem Reykjavíkurhöfn og Vestmannaeyja, hafa notið $^1/_4$ framlags úr ríkissjóði. Hinsvegar hafa ýmsar hafnir, sem litla hafnarsjóði áttu, notið styrks að $^1/_3$ og lendingabætur alt að helmingi kostnaðar.

Skorti á gjaldgetu er ekki til að dreifa hjá hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Ekki verður heldur sagt, að þörfin á hafnarbyggingu í Hafnarfirði sje jafnaðkallandi sem víða annarsstaðar, þótt hún að vísu sje æskileg. Höfnin er frá náttúrunnar hendi allgóð og hefir í flestum áttum reynst örugg.

Fyrir þessu þingi liggja mörg hafnarlagafrv., og nema framlög ríkissjóðs eftir þeim, ef samþykkja ætti, meiru en 1000000 kr., en lán og lánsábyrgðir miklu

meiru. Er augljóst, að sníða verður hjer stakk eftir vexti og fresta ýmsum þessum framkvæmdum um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir því leggjum við til, að frv. þessu verði breytt í heimildarlög með niðurfærðum ríkissjóðsstyrk og samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt, þegar fje er fyrir hendi, að leggja fram úr ríkissjóði alt að 250000 kr. til hafnargerðar í Hafnarfirði, gegn þeföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins, og greiðir ríkissjóður fjeð af hendi jafnótt og hafnarsjóður leggur fram það áskilda fjármagn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 kr. lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að taka til hafnargerðarinnar.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Magnús Torfason.

Nd. **372. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur bót að efnisákvæðum frv., en orðalag þess telur nefndin þurfa nokkurrar breytingar og skýringar við. Einn nefndarmanna (H. V.) skrifar undir nál. með fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með frv. með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ef skattanefnd og yfirskattanefnd greinir á um skilning á lögum og reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, eða ef skattþegn og skattanefndir skilur á í því efni, skal ráðuneytið leggja úrskurð á málið, ef skattanefnd eða skattþegn óskar þess, en heimilt er þó skattþegni að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.
2. Við 2. gr. Fyrir »undirskattanefndum« komi: skattanefndum.

Alþingi, 19. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Hannes Jónsson, fundaskrifari. Jón A. Jónsson.

Ásg. Ásgeirsson. Hjeðinn Valdimarsson, með fyrirvara. Ólafur Thors. Sig. Eggerz.

Nd. **373. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	250000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1100000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1390000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	60000	
			1240000
	Flyt	...	2630000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2630000
11.	Útflutningsgjald		1075000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	1500000	
			5200000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1580000	
			2030000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	11420000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22,00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals ...	... ...	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	8000	
			44000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		70000
4.	Annar kostnaður		40000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	12000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			13900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000
			210100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000
3.	Prentun eyðublaða		5000
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			55500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		500
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3		25000
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	635700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	635700
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	701700

B.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7750
Flyt ...	... ...	262750

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262750
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8. Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ...		1200
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig,		
Flyt ...	... ...	270650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	270650
	segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..		13000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
12.	Holdsveikraspítalinn		70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag) 25000		
	3. Klæðnaður 1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir 1500		
	5. Eldsneyti 6000		
	6. Ljósmeti 2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting.. 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir.. 600		
	12. Skattar o. fl. 4350		
	13. Ýmisleg gjöld 1500	62950	
		70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag) 48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum 3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir 500		
	Flyt ... 65500	6700	468275

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6700	468275
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		1700	
Flyt ...		... ...	469975

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	469975
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ...	18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Til Ólafs Stefánssonar á Ísafirði, upp í kostnað við að leita sjer lækninga í París við krabbameini í vjelinda	3000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r. Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1200	
s. Til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum, til þess að leita sjer lækningar erlendis	3500	
		189400
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	705875

13. gr.

Til samgöngumála er veilt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	105000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			207000
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	509500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 30000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 70000		
	4. Vesturlandsvegur 30000		
	5. Hrútafjarðarvegur 10000		
	Flyt ... 165000	... ...	46400

			kr.	kr.
		Flutt ...	165000	 46400
	6. Langadalsvegur		10000	
	7. Blönduhlíðarvegur		30000	
	8. Öxnadalsvegur		15000	
	9. Vaðlaheiðarvegur		50000	
	10. Jökulsárhlíðarvegur		10000	
	11. Biskupstungnabraut		30000	
	12. Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að		10000	
	13. Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu		15000	
	14. Vopnafjarðarvegur		10000	
				345000
	b. Viðhald og umbætur			240000
				585000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			60000
V.	Fjallvegir			25000
VI.	1. Til áhalda, alt að			20000
	2. Til bókasafns verkamanna			300
				20300
VII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.			45000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923			65000
				110000
VIII.	Til dragferjuhalds:			
	1. Á Lagarfljóti			300
	2. - Skjálfandafljóti			300
	3. - Blöndu			300
				900
IX.	Til ferju á Hrossbyl í Þjórsá			250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði			5000
XI.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.			3000
XII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925			4000
		Samtals B. ...		 1059850

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		80000
	Samtals C. ...	... ...	364000
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð...		350000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	340000	
	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	105000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	Flyt ... 23600	830000	390000

		kr.	kr.
	. Flutt ... 23600	830000	390000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			859000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		180000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1565500
	E.		
	Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		27000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
	Flyt ...	... ...	251300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251300
VI. Ýmislegt		60000
VII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		25500
VIII. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
IX. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að		3500
Samtals E. ...	... ...	347300

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

B. Kenslumál.		kr.	kr.
I. Háskólinn:			
a. Laun		93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...		1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði		500	
d. Til kenslu í söng		1000	
e. Til kenslu í bókhaldi		400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að		2000	
g. Námsstyrkur		15000	
h. Húsaleigustyrkur		9000	
i. Til kensluáhalda læknadeildar		1000	
j. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2800	
k. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4000	
l. Önnur gjöld:			
1. Til ritara og dyravarðar	4000		
auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.			
2. Ýms gjöld	5000		
		9000	
m. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta		750	
n. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum		2500	
			142450
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs		8000	
d. Til Kristins læknis Björnssonar, til sjerfræðináms í París		1000	
			35500
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	700		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
Flyt ...	9700	74200	177950

		kr.	kr.
Flutt ...	9700	74200	177950
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	1500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Aðgerð á skólahúsinu	20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		67900	
			142100

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
3. Til bóka og kensluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
Flyt ...		... ...	386150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	386150
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	465950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	465950
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2500			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9800		
		20900	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2400			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9200		
		19050	
3. Til steinsteypukenslu		4000	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43950
	Flyt ...	... ...	509900

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	509900
IX.	Iðnfræðsla:		
a.	Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1200	
c.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d.	Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			12400
X.	Verslunarskólar:		
a.	Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	Flyt ... 5000	... ...	545400

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	545400
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
		16000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			47000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	952650

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	952650
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til gagnfræðaskóla Reykjavíkur...		2000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar		70000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
4. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
6. Til bókasafna við unglingaskóla		2000	
7. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum		2500	
			150300
Flyt ...		... ...	1102950

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1102950
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskólá Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
		13000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum Björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir al-		
Flyt ...	6300	1140950

	kr.	kr.
Flutt ...	6300	1140950
menning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Ýmsar íþróttir:		
1. Til Íþróttasambands Íslands	6000	
2. Til Bandalags íslenskra skáta	500	
3. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu ...	4000	
4. Til glímufjelagsins »Ármanns«, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi	4000	
		14500
Samtals B. ...	... ...	1183550

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
2. Þjóðskjalasafnið:		43060
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
Flyt ...	7150	55760

	kr.	kr.
Flutt ...	7150	55760
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið:		14700
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags		3400
enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	102560

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	102560
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15.	Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
17.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
19.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
20.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
21.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
22.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
23.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
24.	Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		600
25.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		2400
26.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
27.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
28.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
29.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
30.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
31.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
	Flyt ...	... ...	159360

		kr.	kr.
	Flutt ...		159360
32.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
33.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
34.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
35.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
36.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
37.	Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands		2000
38.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
39.	Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
40.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
41.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
42.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
43.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
44.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
45.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
	Samtals ..	... ...	277560

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu...		52000
	Þar af skal verja 12000 kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum.		
4.	Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		375000
6.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
9.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
10.	Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
11.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
12.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
	c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
			21900
13.	Til fjárkláðalækninga		6000
14.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
	Flyt ...	... ...	979010

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	979010
15. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
b. Til aðstoðar	5600	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		15100
16. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
b. Til aðstoðar	12350	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
h. Vegna flugferða	3000	
		54600
17. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
18. Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
19. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c. Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
d. — 4 ullarmatsmanna	2200	
e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		47900
20. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
21. Til markaðsleitar erlendis		20000
Flyt ...	... ...	1205610

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1205610
22.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
23.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að		6000
24.	Til gerlarannsókna		2000
25.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
26.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
27.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
28.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
29.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
30.	Til sambands austfirskra kvenna		300
31.	Til Bandalags kvenna		450
32.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
33.	Til landsfundar kvenna 1930...		1000
34.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
35.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
36.	Laun húsagerðarmeistara...		7250
37.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
38.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
39.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, alt að		6600
40.	Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
41.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
42.	Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
	Flyt ...	... ...	1274860

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1274860
43. Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að		1000
44. Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar		1500
45. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
46. Til vatnsrenslismælinga		2000
47. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
		105000
48. Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
49. Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar...		20000
50. Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
51. Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
Samtals ...	... ...	1422060

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		600000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
Flyt ...	... ...	667000

		kr.	kr.
	Flyt ...	... ...	667000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, alt að		10000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til Minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi		2000
15.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
17.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsókn« í Reykjavík		500
18.	Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík«		200
19.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
20.	Til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum		800
21.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
22.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ..	778200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27417,42	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
	Flyt ...	45213,39	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	45213,39	... ...
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5710,17	
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
— — — — 51 1921		250,00	
			54308,84
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1560	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Ástu Hallgrímsson	600		
20. — Ástu Einarson	600		
21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
22. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
23. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar	1200		
		15225	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
Flyt ...	325,00	16785	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ...	325.00	16785	54308,84
2.	Til Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar	600.00		
6.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
7.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
8.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9.	— Jóns Árnasonar	445.00		
10.	— Til Jens V. Hjaltalín	435,00		
			4715,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
	Flyt ...	6648,47	21500,25	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 6648,47	21500,25	54308,84
25.	Til Önnu Stefánsdóttur 200,00		
26.	— Helgu Skúladóttur 230,00		
27.	— Guðríðar Ólafsdóttur 164,26		
		7242,73	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur 300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ... 360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar 500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson 300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ... 450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur 400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar 150,00		
8.	— Jóns Strandfelds... 150,00		
9.	— Elísabetar Jónsdóttur 300,00		
10.	— Ragnheiðar Torfadóttur 400,00		
11.	— Páls J. Árdals 800,00		
12.	— Jóhannesar Sigfússonar 1200,00		
13.	— Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 700,00		
		6010,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar... 300		
3.	— Hallgríms Kráksonar 400		
4.	— Jóhanns Jónssonar 200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ... 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
	Flyt ... 5300	34752,98	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	5300	34752,98	54308,84
16.	Til Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
23.	— Þorleifs Jónssonar póstmeistara ...	1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
			11150,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal	2000		
			22400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
			3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítala-forstöðukonu	400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
	Flyt ...	900	71702,98	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	900	71702,98	54308,84
3.	Til Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
15.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
16.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
17.	— Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
18.	— Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
19.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
20.	— Páls Erlingssonar	1200		
21.	— Erlends Zakaríassonar	300		
22.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
23.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
24.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
25.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
26.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
27.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
	Flyt ...	10200	71702,98	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 10200	71702,98	54308,84
28.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 500		
29.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
30.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
31.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
32.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ... 600		
33.	— Kristjönu Benediktsdóttur 400		
34.	— Bjargar Guðmundsdóttur 400		
35.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
36.	— Henriette Kjær 600		
37.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
38.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2500		
39.	— Guðjóns Guðlaugssonar 1200		
40.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
41.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey 300		
42.	— Halldóru Þórðardóttur 600		
		19600,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
			96502,98
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		58244,73
	Samtals ...	... ...	209056,55

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1930 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...	11420000,00	
—	3. —	... ...	34600,00	
—	4. —	... ...	205000,00	
—	5. —	... ...	170000,00	
				11829600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...	1295536,00	
—	8. —	... ...	60000,00	
—	9. —	... ...	229350,00	
—	10. —	... ...	369100,00	
—	11. —	A.	701700,00	
—	11. —	B.	192000,00	
			893700,00	
—	12. —	... ...	705875,00	
—	13. —	A.	509500,00	
—	13. —	B.	1059850,00	
—	13. —	C.	364000,00	
—	13. —	D.	1565500,00	
—	13. —	E.	347300,00	
			3846150,00	
—	14. gr.	A.	314650,00	
—	14. —	B.	1183550,00	
			1498200,00	
—	15. —	... ...	277560,00	
—	16. —	... ...	1422060,00	
—	17. —	... ...	778200,00	
—	18. —	... ...	209056,55	
—	19. —	... ...	100000,00	
—	20. —	... ...	10000,00	
				11694787,55

Tekjuafgangur kr. 134812,45

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

IV. Að ábyrgjast alt að 450 þúsund króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

V. Að ábyrgjast alt að 170 þúsund króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

VI. Að ábyrgjast alt að 60 þúsund króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

VII. Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

VIII. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, ef hann lætur af embætti.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **374. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lánsfjelög.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 4. gr. Fyrsti málsliður orðast svo: Rekstrarlánafjelög hafa skyldur og rjettindi samvinnufjelaga.

2. Alstaðar þar, sem orðið »lánsfjelag« kemur fyrir í frumvarpinu, kemur rekstrarlánafjelag í tilsvarandi tíð og falli.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verður: Frumvarp til laga um rekstrarlánafjelög.

Ed. **375. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 19. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **376. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og breytingar þær, er það gerir á núgildandi kosningalögum. Er þessum breytingum lýst í athugasemdum við stjórnarfrv., og þykir nefndinni ekki ástæða til að fara frekari orðum um þær. Telja nefndarmenn breytingarnar yfirleitt til bóta, og að sumu nauðsynlegar. Þó þykir einum nefndarmanni (Jóh. Jóh.) of langt gengið í nokkrum atriðum og skrifar því undir nefndarálitið með fyrirvara. Þó vill nefndin gera nokkrar breytingar á frv., og skal þeim lýst hjer nokkru nánar.

Í 12. gr. frv. er eigi gert ráð fyrir fleiri en 20 meðmælendum með framboðslista, og gildir það ákvæði fyrir alla kaupstaðina. Þykir nefndinni ástæða til, að tala meðmælenda í Reykjavík, vegna hins mikla kjósendafjölda þar, sje allmiklu hærri en í öðrum kaupstöðum, enda er í lögum um þingmannakosningu í Reykjavík, nr. 11, 18. maí 1920, 3. gr., svo fyrir mælt, að framboðslista til alþingiskosninga í Reykjavík skuli fylgja að minsta kosti meðmæli 100 kjósenda, þótt í öðrum kjördæmum sjeu þeir eigi fleiri en 12. Leggur nefndin því til, að meðmælendur með framboðslista í Reykjavík skuli eigi vera færri en 100.

Þá þykir meiri hl. nefndarinnar fyrirmæli 17. gr. um það, að bæjarstjóri

(borgarstjóri) skuli sjálfkjörinn í fastanefndir, eigi allskostar heppileg og telur það valda misrjetti. Vill hann, þar sem svo stendur á, að bæjarstjóri (borgarstjóri) er ekki bæjarfulltrúi, láta hann vera aukamann í föstum nefndum, en ef hann er jafnframt bæjarfulltrúi, má telja víst, að hann yrði kosinn í nefndir og því ekki ástæða til að fyrirskipa, að hann skuli eiga þar sæti án kosningar.

Síðasta brtt. nefndarinnar er aðeins leiðrjetting.

Um ákvæði um stundarsakir aftan við frv. er nefndin ekki sammála. Telur meiri hl. þau vera í ósamræmi við stefnu frv., en þar sem það ákvæði kemur sjerstaklega til atkv. við 2. umr., er ekki flutt brtt. um að fella það niður.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 12. gr. 1. málsgr. Síðasta málslið skal orða svo:
   Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.
2. Við 17. gr. Síðari hluta 1. málsgr. »Nú er bæjarstjóri (borgarstjóri) . . . . . þar atkvæðisrjett« skal orða svo:
   Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sje jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.
3. Við 18. gr. 6. málsgr. skal orða svo:
   Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Alþingi, 19. apríl 1929.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jóh. Jóhannesson,
form.	fundaskr. og frsm.	með fyrirvara.

Nd. **377. Breytingartillaga**

við frv. til laga um refagirðingar og útflutning refa.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Pjetur Ottesen, Hannes Jónsson.

Á eftir 4. gr. frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir:

Ákvæði 3. gr. koma ekki til framkvæmda á árinu 1929 að öðru leyti en því, að öllum þeim dýrum, sem út eru flutt, skal fylgja heilbrigðisvottorð dýralæknis.

Nd. **378. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 363 [Refagirðingar].

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Eftir orðunum »refir eru aldir« í 1. breytingartillögu komi: árlangt.

Ed. **379. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr.	1,50
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum	—	1,00
Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi...	—	0,50
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	—	0,25
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu	—	1,00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **380. Frumvarp**

til laga um lánsfjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu

notað til þess að lána það út aftur til lánsfjelaga, sem stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfjelög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfjelagsstarfrækslu sinni, með sjerstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Lánsfjelög eru rekstrarlánafjelög með skyldum og rjettindum samvinnufjelaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum, er hjer segir:

a. Fjelagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama bygðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

Annar endurskoðandi fjelagsins skal kosinn af fjelaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við um rekstarlán samkvæmt lögum þessum.

c. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins.
d. Árgjald í varasjóð fjelagsins og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum fjelagsins. Allur tekjuafgangur fjelagsins rennur í varasjóð.
e. Fjelagsmaður getur jafnan sagt sig úr fjelagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum fjelagsins fer eftir lögum um samvinnufjelög.
f. Undirskrift formanns og minst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur fjelagið.

5. gr.

Stjórn lánsfjelags ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfjelagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver fjelagsmaður setur fjelaginu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán þau, er fjelögin veita fjelagsmönnum sínum, mega vera reikningslán eða víxillán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, og greiðist þá að fullu ásamt áföllnum vöxtum á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþyktum fjelagsins. Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að víxillinn sje greiddur að fullu á hinum ákveðna gjalddaga fjelagsins. Hver fjelagsmaður sje skuldlaus einu sinni á ári um gjalddaga þess. Fjelagsmaður, sem ekki stendur í skilum við fjelagið, skal víkja úr fjelaginu. Lánsfjelag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svifta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

8. gr.

Heimili og varnarþing lánsfjelags má vera í kauptúni, þar sem fjelagsmenn hafa aðalviðskifti sín, þótt það sje utan fjelagssvæðis.

Stofnun sú, sem veitir fjelaginu lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að greiða, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita lánsfjelögum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra fjelagsmanna með framsalsábyrgð fjelagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda sjeu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem lánsfjelag hefir ábyrgst fyrir fjelagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrjetturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er lánsfjelag ábyrgist fyrir fjelagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafjelaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum lánsfjelaga.

10. gr.

Auk viðskifta lánsfjelaga við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta lánsfjelög selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Stjórn lánsfjelags skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir fjelagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá fjelagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

12. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn lánsfjelags senda peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og Búnaðarbankanum afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþyktum fjelagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er fjelagsmanni lánsfjelags rjett að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við lánsfjelagið.

Lausafjárveð lánsfjelaga þarf eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

14. gr.

Atvinnumálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um lánsfjelög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slíkra fjelaga.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **381. Nefndarálit**

um frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál, eftir því sem tök voru á. Telur hún málið mjög mikilsvert, og vill því vinna að því, að það gangi fram á þessu þingi. Hinsvegar vill nefndin þó benda á, að æskilegt væri, að nánar væri tiltekið um samband stofnunarinnar við aðrar stofnanir í landinu, t. d. efnafræðisstofu ríkisins, og telur rjett, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp þar að lútandi að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

Fyrir breytingartillögum þeim, er nefndin flytur, verður gerð nánari grein í framsögu.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 5. tölul. orðist svo:
Aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar.

Haga skal allri starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins.

Eftir því sem við verður komið, skal rannsóknarstofan inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfjelags Íslands og stjórn Fiskifjelags Íslands.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. Í stað »forstöðumaður stofunnar og atvinnumálaráðherra telja« komi: atvinnumálaráðherra telur.
3. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra getur í samráði við forstöðumann rannsóknarstofunnar falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfje, með því markmiði, sem stofan starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.
4. Við 5. gr. Fyrstu málsgr. skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega mentun til starfans, og fær honum nauðsynlega aðstoð. Laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar skulu ekki vera hærri en laun prófessora háskólans.
5. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Greitt skal fyrir starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstöðumanns.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Lárus Helgason, form. og frsm. Jón Sigurðsson. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.
Einar Jónsson. Bernharð Stefánsson.

Nd. **382. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni og Ólafi Thors.

1. Við 2. gr. Annar málsliður greinarinnar falli burt.
2. Við 11. gr. Aftan við næstsíðustu málsgrein komi: Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Nd. **383. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði 1/3 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 235000 — tvö hundruð þrjátíu og fimm þúsund — gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 470000 — fjögur hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.
   Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnaráðið samþykkir.

Ed. **384. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands. Nú hefir vjelstjóri staðist próf samkvæmt framanrituðu og reynst fær um að stjórna 30 til 50 hestafla mótorvjel og gegnt þeim starfa sem yfirvjelstjóri að minsta kosti 12 mánuði, og öðlast hann þá rjett til þess að stjórna 50 til 100 hestafla mótorvjel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **385. Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Magnús Jónsson, Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

3. gr.

Reykjavíkurkaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimtán þúsund krónur.

Greinargerð.

Með lögum nr. 46 1923 var ákveðið að leggja hluta af jörðunum Ártúni og Árbæ undir Reykjavík, en bæjarstjórnin hafði óskað, að jarðirnar allar væru sameinaðar Reykjavík, enda eru þær eign kaupstaðarins. Það náðist ekki þá samkomulag við hreppsnefnd Mosfellshrepps um þetta, en nú hafa hreppsnefndin og bæjarstjórnin komið sjer saman um málið með þeim skilmálum, sem greinir í frv., og er frv. flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Nd. **386. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef skattanefnd og yfirskattanefnd greinir á um skilning á lögum og reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, eða ef skattþegn og skattanefndir skilur á í því efni, skal ráðuneytið leggja úrskurð á málið, ef skattanefnd eða skattþegn óskar þess, en heimilt er þó skattþegni að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

2. gr.

Úrskurðir stjórnarráðsins samkvæmt lögum þessum skulu birtir í Stjórnartíðindum, og brjeflega hverri yfirskattanefnd í landinu til birtingar fyrir skattanefndum, hvenær sem úrskurður er þess eðlis, að hann hafi alment gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **387. Frumvarp**

til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefndir í hreppum, er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleift að lenda í verstöð sinni.

Verstöðvar, sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niður lagðar eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar.

2. gr.

Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er, og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar- og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema með samþykki vitamálastjóra.

3. gr.

Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við »Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi« eða gefin út sjerstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega, ef einhver breyting verður á árinu.

4. gr.

Sje um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og alt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sje ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

5. gr.

Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppssjóði að annast alt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið; — þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppsjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að áliti vitamálastjóra.

6. gr.

Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það, breyta eða færa úr stað nema því aðeins, að annað greinilegt merki sje sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra.

7. gr.

Bannað er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna, og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við vitamálastjóra.

8. gr.

Vitamálastjóri hefir eftirlit með, að merkjum þeim, sem hjer um getur, sje rjett lýst og þeim sje haldið við. Nú vanrækir sá, er viðhaldsskylduna hefir að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamálastjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

9. gr.

Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sjerstaklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað, er breytingin er gerð á, ef búast má við, að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem alment er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum.

11. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **388. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um almannatryggingar.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

A síðasta þingi var flutt tillaga um undirbúning ellitrygginga, en þó ekki unnist tími til svo rækilegs undirbúnings, að ríkisstjórnin gæti lagt frv. um ellitryggingar fyrir þetta þing. En eftir yfirlýsingu stjórnarinnar, þá mun slíkt frv. verða lagt fyrir næsta þing, og er meiri hlutinn þeirrar skoðunar, að ellitryggingar eigi að ganga fyrir öðrum. Væntir meiri hlutinn, að ríkisstjórnin hefji og undirbúning annara trygginga að því leyti sem tími vinst til og nauðsynlegt er vegna heildarskipulags tryggingarmálanna. Telur meiri hl., að heppilegra sje að fela sjerfræðing slíkar rannsóknir og undirbúning en að fela milliþinganefnd það starf. Milliþinganefnd mundi valda auknum kostnaði, en vart betri árangri. Leggur meiri hlutinn því til, að tillagan verði afgreidd með svofeldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um ellitryggingar og láti að öðru leyti undirbúa löggjöf um aðrar fjelagstryggingar að svo miklu leyti sem tími vinst til og nauðsynlegt er vegna heildarskipulags tryggingarmála, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, formaður.	Hannes Jónsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Jón A. Jónsson.	Olafur Thors.	Sig. Eggerz.

Nd. **389. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $^{3}/_{5}$ kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með minst $^2/_3$ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi og alt að $^1/_2$ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð alt að $^1/_2$ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.

e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Alt að $^1/_2$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að $^1/_4$ hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **390. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. hefir við eina umr. í Ed. orðið fyrir minni háttar breytingu, sem valdið hefir klofningi nefndarinnar. Vill meiri hl. færa það aftur til þess orðbúnings, sem það hafði, er það fór frá Nd., en við teljum breytinguna eigi svo mikilvæga, að ástæða sje til að tefja málið hennar vegna, og leggjum því til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 340.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Magnús Torfason.

Ed. **391. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, eftir atvikum, að það verði samþykt.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **392. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og fellst á, að nauðsyn beri til, að læknar sendi fyrirskipaðar skýrslur innan tilsetts, hæfilegs tíma. Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir orðinu »læknar« í 1. málsgr. 1. gr. komi: í Reykjavík.
2. Í stað orðanna »á næstu póststöð« í sömu málsgr. komi: á pósthúsið.
3. Í stað orðsins »skal« í 2. málsgr. 1. gr. komi: skulu læknar utan Reykjavíkur.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jóh. Jóhannesson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. **393. Nefndarálit**

um frv. til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með tveim breytingum, en þó einn nefndarmanna með nokkrum fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsl. orðist svo:
      Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna.
   b. Í stað orðanna í 2. málsl. »Lánið er bundið« komi: Lánsábyrgðin skal bundin.
2. Við 8. gr. Við fyrri málsl. bætist: samkv. 12. gr.

Alþingi, 22. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson,	Sigurjón Á. Ólafsson,	Magnús Torfason,
form.	fundaskr.	frsm.

Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson.
með fyrirvara.

Ed. **394. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir leitað umsagnar mentamálaráðsins um frv., og mælir það eindregið með því, að það nái fram að ganga.

Eftir atvikum getur því nefndin lagt til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Frvgr. hljóði þannig:

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra, en leitar þó álits mentamálaráðsins áður en fullnaðarákvörðun er tekin um val bókanna.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Jón Jónsson, form. og frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson.

Ed. **395. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Halldóri Steinssyni.

1. Við 2. gr. Orðin »sbr. þó 3. gr.« í 5. og 6. línu falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Nd. **396. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjaldþrotaskifti.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum minni háttar

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. lið.
   Upphaf liðarins orðist svo:
   Eftir kröfu lánardrottins um bú manns (o. s. frv.).
2. Við 3. gr. Í stað »hvoratveggja« komi: hvoratveggju.
3. Við 4. gr. Í stað »gjaldþrota« komi: þrotamanns. — Sú breyting verði á orðinu alstaðar í frv.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna »eyðslu sinni — sama tíma« komi: gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fjenu hafi verið varið.
5. Við 13. gr. Í stað »arfláta« komi: arfleifanda.
6. Við 17. gr.
   a. Í stað »skuldajafna við« komi: skuldjafna.
   b. Í stað »skuldajafna« og »skuldajafnaðar« komi: skuldjafna, skuldjafnaðar.
7. Við 24. gr. Í stað orðanna »eftir ákvæðum næstu greinar« komi: eftir ákvæðum næstu greina.
8. Við 27. gr. Í stað »arfláta« komi: arfleifanda.
9. Við 29. gr. Í stað »gjaldþrotin byrja« komi: skiftin byrja.
10. Við 32. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiftir (o. s. frv.).
11. Við 33. gr. Í stað orðanna í lok greinarinnar »þá getur hann« komi: og getur hann þá.

Tveir nefndarmanna tóku ekki þátt í meðferð málsins.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. með fyrirvara.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr.	Magnús Torfason, frsm.

Ed. **397. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Þar sem tilætlunin er að makaskifta kirkjujörð þeirri, sem hjer ræðir um, fyrir land úr landi jarðarinnar Reykhóla og reisa á því landi læknisbústað fyrir Reykhólahjerað, leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Jóh. Jóhannesson, frsm.

Nd. **398. Nefndarálit**

um frv. til laga um rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Ráðuneytið skipar einn fastan kennara við rafmagnsdeildina, en skólastjóri ræður aukakennara, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði á sama hátt og annara kennara vjelstjóraskólans.
2. Við 1. tölulið 5. gr. Í stað »stjórnarráðið« komi: ráðuneytið.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Bernharð Stefánsson. Sveinn Ólafsson.

Jón Ólafsson. Magnús Jónsson, fundaskr.

Ed. **399. Nefndarálit**

um frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn (þeir I. P. og P. H.) vill, að frv. nái fram að ganga, en minni hlutinn (H. Steins.) mun leggja til, að það verði felt.

Meiri hluti nefndarinnar hefir nokkuð kynt sjer störf póstmálanefndarinnar og þær breytingar- og umbótatillögur, sem hún ber fram, og þykist mega fullyrða, að af störfum þeirrar nefndar muni leiða verulegar umbætur þá er fram líða stundir.

Einkum þykjumst við hjer sjá í uppsiglingu skipulagsbreytingar til mikilla umbóta á sviði póstmálanna, enda var þess full þörf, því að það er mála sannast, að á síðustu áratugum hefir þar ríkt fullkomin kyrstaða, enda þótt stórstígar framfarir og umbætur hafi samtímis átt sjer stað í öðrum hliðstæðum greinum. Væntum við þess, að tillögur nefndarinnar, svo sem þær eru í aðalatriðum, muni af sjer leiða framþróun og umbætur á póstmálunum, hliðstætt því, sem að undanförnu hefir verið að gerast um símamálin.

Frv. þetta er aðeins lítill hluti af þeim tillögum, sem póstmálanefndin hefir borið fram.

Það, sem meiri hlutinn telur að sjerstaklega vinnist með frumvarpinu, verði það að lögum, er: sparnaður fyrir ríkissjóð, bætt kjör og aðstaða nauðsynlegra starfsmanna og hagræði fyrir viðskiftamenn.

Eftir áætlun þeirri, sem póstmálanefndin hefir gert (fskj. II við frumvarpið) um sparnað við sameiningu 44 stærstu póst- og símastöðva í landinu, nemur sparnaðurinn samtals 35500 kr. Þó gerir sú nefnd ekki ráð fyrir, að neitt sparist við 14 af þessum stöðvum — 2 þeirra hækka lítið eitt, en 12 standa í stað. Sparnaðurinn kemur eingöngu fram á 30 stærstu stöðvunum. Á 6 stöðum er gert ráð fyrir, að meira en 2000 kr. sparist, og á 12 stöðum meira en 1000 kr. Þó má telja laun þau, sem ætluð eru hinum væntanlegu starfsmönnum, mjög sæmileg, samanborið við aðra sambærilega embættismenn.

Hinsvegar verður síður fullyrt, hvort aðstoðarvinna er nægilega hátt áætluð, en sumstaðar lítur þó út fyrir, að svo sje fullkomlega. Sparnaðurinn stafar einkum af því, að komist verður af með einn dýran forstjóra, þar sem áður voru tveir, en notuð verður í þess stað ódýrari aðstoðarvinna, sem þó ætti að geta komið að sömu notum.

Þá virðist meiri hluta nefndarinnar augljóst, að kjör starfsmanna eftir till. frv. verði yfirleitt betri en verið hefir. Því betur sem hægt verður að færa saman þau störf, sem þjóðfjelagið þarf að láta vinna, því auðveldara ætti að reynast að launa þau viðunanlega, en af hærri launum leiðir aftur hitt, að starfsmaðurinn er síður neyddur til að sinna allskonar aukavinnu til þess að geta lifað, og getur því gefið sig betur og með óskiftari kröftum við þeim störfum, sem hann hefir tekist á hendur fyrir þjóð sína.

Það er einnig augljóst, að starfræksla síma og pósts á sama stað getur oft leitt af sjer hagræði fyrir viðskiftamennina.

Þá teljum við það til bóta, að póstmálin sjeu lögð undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, eins og hefir átt sjer stað um símamálin, og að ráðherra hafi í sinni hendi veitingu meiri háttar starfa póst- og símamálanna. Þarna verður um að ræða stöður svo þýðingarmiklar, að sjálfsagt er, að veiting þeirra heyri undir stjórn landsins. Auk þess leiðir þetta beint af sameiningunni sem algerlega nauðsynlegt atriði.

Þar sem frv. er vel undirbúið og greinargerð þess allglögg, sjáum við ekki þörf á ítarlegra nefndaráliti, en viljum ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Páll Hermannsson, form. og frsm. Ingvar Pálmason.

Nd. **400. Nefndarálit**

um frv. til laga um háskólakennara.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist:

Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Ásg. Ásgeirsson, frsm. Ólafur Thors. Jón A. Jónsson. Sig. Eggerz.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **401. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd vill verða við þeim tilmælum undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar, sem felast í frv. þessu.

Nefndin álítur rjett, að ríkisstjórnin fái eigi aðeins heimild til umráða yfir herbergjum í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um þann 3 vikna tíma, er frv. ræðir um, heldur og heimild til að ákveða hámarksverð fyrir afnot herbergjanna.

Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. III. Aftan við liðinn bætist: og ákveða hámarksverð á þeim.

Alþingi, 23. apríl 1929.

H. Stefánsson, form. Ólafur Thors, frsm. Hannes Jónsson, fundaskr.

Ásg. Ásgeirsson. Jón A. Jónsson, með fyrirvara. Sig. Eggerz, með fyrirvara. Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **402. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þrír nefndarmanna mæla með frumvarpinu með lítilsháttar breytingu, en tveir eru á móti því. Þegar frv. var afgr. frá Nd., mun hafa fallið niður at vangá tilvitnun í lögin frá 1912, og þarf að breyta því. Frumvarp samhljóða þessu var samþykt í Ed. 1928, og vísast til nefndarálits um það á þskj. 189, A. 1928.

Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir 1. línu komi:
4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm. meiri hl.	Björn Kristjánsson.

Nd. **403. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni hafa, eins og að undanförnu, borist erindi um aukinn styrk til ýmsra flóabáta. Það verður að viðurkennast, að full nauðsyn væri á því að auka styrkinn til flestra þeirra báta, sem nú njóta ríkisstyrks, en hinsvegar verður og að líta á getu ríkissjóðsins. Nefndinni þótti sem hjá því yrði ekki komist að hækka styrkinn til Eyjafjarðarbátsins um 2000 kr., til Austur-Skaftfellinga um 500 kr., til Hvalfjarðarbáts um 150 kr.; loks hefir nefndin fallist á, að í þetta sinn fái Flateyjarbátur, auk ferðastyrksins, 1000 krónur, upp í kostnað við kaup á nýrri vjel í þann flóabát; áætlað er, að þessi nýja vjel kosti um 10000 krónur. Einum nýjum styrk leggur nefndin til, að bætt verði við þá, sem áður hafa verið, þ. e. styrk til bátsferða frá Stykkishólmi til Langeyjar- og Dagverðarness.

Þá hefir stjórnin tekið styrk til »Skaftfellings« upp í strandferðakostnað og lagt til, að þessi bátur fái styrkinn hækkaðan um 5000 kr., upp í 24 þús. kr. Nefndin sá ekki ástæðu til að breyta þessu í hið fyrra form, því þó segja megi, að styrkur sá, sem þessi bátur hefir haft, sje mjög hár, þegar litið er til

mannfjölda þess, sem nýtur ferða hans, þá er hjer um sjerlega erfiða aðstöðu að ræða vegna hafnleysisins við suðurströnd landsins.

Fyrir öðrum breytingum verður gerð grein í framsögu.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að varið verði til flóabáta 1930 *kr. 91500.00* og styrknum skift þannig:

1.	Borgarnesbátur	kr.	31500.00
2.	Djúpbáturinn	—	19000.00
3.	Hornafjarðarbátur	—	7000.00
4.	Til ferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af 800 kr. til Öræfinga	—	2500.00
5.	Til millilandaskips, með viðkomum við Rangársand (Hallgeirsey), Vík, Skaftárós og Hvalsíki	—	4000.00
6.	Rangársandsbátur	—	900.00
7.	Hvalfjarðarbátur	—	1500.00
8.	Rauðasandsbátur ... ... enda sje styrknum varið í þágu Rauðsendinga.	—	500.00
9.	Mýrabátur	—	300.00
10.	Langeyjarnesbátur	—	300.00
11.	Lagarfljótsbátur	—	1000.00
12.	Eyjafjarðarbátur	—	15000.00
13.	Flateyjarbátur	—	7000.00
	Sami, upp í kostnað við kaup á nýrri vjel	—	1000.00
		Kr.	91500.00

Það sje sett að skilyrði fyrir öllum þessum styrkveitingum, að ferðir sjeu ekki færri og farkostur ekki lakari en undanfarin ár. Loks vill nefndin taka það fram, að hún væntir þess, að þeir bátar, sem styrks njóta, flytji tilbúinn áburð í áætlunarferðum innan hjeraðs ókeypis.

Því miður hefir ennþá ekki tekist að fá áætlanir, farmgjalds- og fargjaldsskrár og rekstrar- og efnahagsreikninga allra þeirra báta, sem styrks njóta. Þar sem þessi skilríki eru afarnauðsynleg samgöngumálanefndum, til þess að nefndarmenn geti gert sjer ljósa grein fyrir þörfinni í hinum einstöku tilfellum, vill nefndin enn á ný brýna það fyrir atvinnumálaráðuneytinu að sjá um, að styrknjótendur sendi þessi skjöl í tæka tíð, svo þau geti legið fyrir nefndinni í þingbyrjun.

Að endingu skal þess getið, að samgöngumálanefndir beggja deilda hafa orðið sammála um þær tillögur, sem hjer eru gerðar um aðalupphæð og úthlutun styrksins.

Í samræmi við þessa niðurstöðu ber nefndin fram tillögu um, að liðurinn 13. gr. C. 2 í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1930 verði hækkaður um kr. 11500.00.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hannes Jónsson, fundaskr. Jón A. Jónsson, framsögum.
Sigurjón Á. Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **404. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað um málið. Leggur meiri hlutinn til, að frumv. verði felt. Lítur svo á, að ekki sje verjandi að lækka tekjur ríkissjóðs um 420 þúsund kr., en lækkunin samkv. frumv. mundi nema þeirri upphæð.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form. | Sig. Eggerz, frsm. | Ólafur Thors. | Hannes Jónsson, fundaskr.
Jón A. Jónsson. | Ásgeir Ásgeirsson.

Sþ. **405. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til þess að ná eignarhaldi á lóðum undir þjóðhýsi.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Ólafur Thors, Jörundur Brynjólfsson, Jón Baldvinsson og Sigurður Eggerz.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita fyrir sjer um kaup til handa landinu á lóðunum milli mentaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa, og leggja árangurinn af þeim samningaumleitunum fyrir næsta þing.

Nd. **406. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Ed. hefir breytt frv. þessu við eina umræðu. Sjávarútvegsnefnd Nd. hefir ekki orðið á eitt sátt um þessa breytingu Ed. Minni hlutinn telur, að aðeins hafi verið gerð »minni háttar breyting« á frv., er aðallega snerti »orðbúning«, en meiri hlutinn telur breytinguna mjög mikilsvarðandi efnisbreytingu, efnisbreytingu, sem meiri hlutinn getur ekki fallist á og sem beinlínis brýtur þá stefnu í málinu, sem a. m. k. 4 nefndarmanna áður aðhyltust.

Ágreiningurinn er um það, hvernig skifta skuli milli ríkissjóðs og

hafnarsjóðs kostnaði við að nema farartálma burt úr siglingaleið, að því leyti sem hann fæst ekki greiddur af eiganda þess, sem farartálma veldur.

Upphaflegar tillögur sjávarútvegsnefndar eru þær, er greinir í þingskj. 252, en hin nýju og breyttu fyrirmæli, er ágreiningi valda, eru í þingskj. 324, og vísast til þessara þingskj.

4 af nefndarmönnum hafa verið sammála um, að ástæðulaust sje að íþyngja hafnarsjóðum meira en gert er með þeim fyrirmælum, er greinir í þingskj. 252. Aðstaða minni hlutans til málsins byggist á því, að hjer sje um »minni háttar breyting« að ræða. Það ætti því að nægja að sýna fram á, að breytingin er mikil og getur orðið hafnarsjóðum þungur baggi, og skal því að því vikið.

Við athugun á þeim till., er hjer ræðir um, till. á þingskj. 252 og 324, kemur í ljós, að ef kostnaður við að nema burt farartálma nemur $^{3}/_{4}$ hlutum eða meiru af brúttó-tekjum hlutaðeigandi hafnarsjóðs, gildir einu, hvor fyrirmælin gilda. Sje kostnaðurinn minni en þetta, ganga tillögurnar í þingskj. 324 á hagsmuni hafnarsjóðs, og nær mismunurinn hámarki þegar kostnaður nemur $^{1}/_{4}$ af árstekjum hafnarsjóðs. Munurinn á þátttöku hafnarsjóðs í kostnaðinum er þá orðinn sá, að eftir þingskj. 324 greiðir hafnarsjóður $^{1}/_{4}$ hluta árstekna sinna, en eftir þingskj. 252 aðeins $^{1}/_{12}$ hluta, eða aðeins $^{1}/_{3}$ hluta þess, er þingskj. 324 mælir fyrir um. Hjer er ekki reiknað með þeim 500 kr., er þingskj. 252 ætlar hafnarsjóðum einum að bera, enda skiftir svo lítil upphæð engu máli.

Þessu til skýringar skulu tekin nokkur dæmi. Brúttó-árstekjur Reykjavíkurhafnar nema um 1 miljón kr. og fara hraðvaxandi, og eru þær tekjur lagðar til grundvallar og aðeins reiknað með heilum þúsundum.

Reykjavíkurhöfn. Árstekjur 1 milj. kr.

Kostnaður við að nema burt farartálma	Hluti hafnarsjóðs samkv. þskj. 324	Hluti hafnarsjóðs samkv. þskj. 252	Mismunur
900 þús. kr.	250 þús. kr.	250 þús. kr.	0
750 — —	**250** — —	**250** — —	**0**
500 — —	250 — —	167 — —	83 þús. kr.
250 — —	**250** — —	**83** — —	**167** — —
150 — —	150 — —	50 — —	100 — —

Af þessu sjest, að því fer fjarri, að hjer sje aðeins um »minni háttar breyting« að ræða. Á tillögunum er stórkostlegur efnismunur, sem best sjest á því, að hafnarsjóður Reykjavíkurhafnar, sem hefir 1 miljón kr. árstekjur, yrði að greiða 167 þús. kr. meira samkv. þingskj. 324 en samkv. þingskj. 252, ef kostnaður við að nema burtu farartálma næmi 250 þús. kr. og fengist ekki greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur. Er það að vísu hámark mismunarins meðan árstekjurnar fara ekki yfir 1 miljón kr., en undir flestum kringumstæðum er munurinn talsverður, svo sem að framan greinir.

Með þessum rökum og með tilvísun til fyrri aðstöðu nefndarinnar

leggur meiri hlutinn til, að frv. verði fært í sama horf og Nd. afgreiddi málið með eftirfarandi

BREYTINGU.

5. málsgr. frv. orðist þannig:

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði og $^1/_3$ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en $^1/_4$ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Ólafur Thors, frsm. Jóh. Þ. Jósefsson. Sigurjón A. Ólafsson.

Nd. **407. Nefndarálit**

um frv. til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði og frv. til laga um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá mentamálanefnd.

Tvö frumvörp um ungmennaskóla í kaupstöðum hafa legið fyrir nefndinni, annað um alþýðufræðslu á Ísafirði, en hitt um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum. Nefndin er sammála um það, að nauðsyn sje á að setja sem fyrst almenna löggjöf um ungmennafræðslu í kaupstöðum og kauptúnum, enda verða á þessu þingi sett lög um hjeraðsskóla í sveitum. Ungmennaskólar eru nú reknir í flestum kaupstöðum landsins og í nokkrum kauptúnum, og þarf að setja almenna löggjöf um þá alla; er ekki rjett að taka einstaka kaupstaði út úr heildinni. Nú hefir ríkisstjórnin lýst yfir því, að hún sje fús að flytja á næsta þingi frv. um þessa skóla, og telur nefndin rjett að bíða þess. Nefndin leggur því til, að frumvörpin verði afgreidd með svofeldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um ungmennafræðslu í kaupstöðum og kauptúnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Ásg. Ásgeirsson, form. Magnús Jónsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson, frsm.

Jón Ólafsson. Sveinn Ólafsson.

Nd. **408. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

I. Frá *Benedikt Sveinssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 10. gr. II. 6.
Liðinn skal orða svo:
Til þess að gefa út helming þess, sem enn er óútkomið af manntalinu frá 1703 5000

II. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 3. Á eftir 17. í aths. kemur nýr liður:
Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors.

III. Frá *Benedikt Sveinssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 12. gr. 3. Á eftir 17. í aths. kemur nýr liður:
Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors.

VI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 16. m. Við liðinn kemur athugasemd:
Styrkurinn greiðist aðeins þeim, er fá sjer gervilimi smíðaða innanlands.

V. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 12. gr. 16. r. Nýr liður:
Til Jóns Jónssonar klæðskera í Vestmannaeyjum, sjúkrastyrkur 2800
Til vara... 1500

VI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 12. gr. 16. s. Nýr liður:
Til Kristjóns Jónssonar, sjúkrastyrkur 2000

VII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 12. gr. 16. s. Nýr liður:
Til Evu Hjálmarsdóttur, til dvalar á heilsuhæli í Danmörku 1200

VIII. Frá *Sigurði Eggerz, Benedikt Sveinssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 12. gr. 16. s. Nýr liður:
Til Axels Dahlmanns, til tannlækninganáms erlendis 1500

IX. Frá *Benedikt Sveinssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. A. 3. Nýr liður:
Uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum 2800

X. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 5. Nýr liður:
Húnavatnssýsluvegur 15000

XI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 14. Nýr liður:
Vegur frá Þórshöfn inn Þistilfjörð 15000

XII. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 14. Nýr liður:
Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu 10000
(Framlenging Suðursveitarvegar og til endurbóta vegi um Almannaskarð).

XIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 13. gr. B. III. (Brúargerðir).
Fyrir »200000« kemur 235000

XIV. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 13. gr. B. III. Nýr liður:
Til nýrrar dragferju á Hólsá hjá Ártúnum í Rangárvallasýslu, helmingur kostnaðar, alt að... 7500
enda verði leið þessi í tölu sýsluvega.

XV. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 13. gr. B. III. Nýr liður:
Til dragferju á Eldvatnið, helmingur kostnaðar, alt að ... 2000

XVI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. VII. 2. Nýr liður:
Til umbóta á veginum upp Hrunamannahrepp, gegn jafnmiklu fjárframlagi annarsstaðar að 5000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. X. Nýr liður:
Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla 6000
enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar

uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.

XVIII. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »80000« kemur 91500

XIX. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. D. I. Nýr liður:
Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans í eynni um hóflegt starfsrækslugjald, alt að 10000

XX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. D. II. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.

XXI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 13. gr. D. IX. Nýr liður:
Til útgáfu hafnsöguskrár með uppdráttum 4000

XXII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. E. VII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur):
Fyrir »25500« kemur 39500
Aftan við liðinn kemur athugasemd:
Þar af til bryggjubyggingar í Hnífsdal í Eyrarhreppi alt að 14000 kr., fyrri greiðsla.

XXIII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. E. VII. Nýr liður:
Til bryggjugerðar á Siglufirði, gegn þreföldu tillagi frá Siglufjarðarkaupstað, alt að 75000
Til vara 60000

XXIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. E. VIII. (Lendingarbætur í Gerðum).
Liðurinn verður a.
Á eftir kemur nýr liður (b):
Til lendingarbóta í Arnardal í Skutulsfirði, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, alt að 1200

XXV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 13. gr. E. VIII. Nýr liður:
Til lendingarbóta í Flatey á Breiðafirði, helmingur kostnaðar, alt að 3500

XXVI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. E. IX. Nýr liður:
Til brimbrjótsins í Bolungarvík, gegn jafnhárri upphæð annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki hvað unnið er til endurbóta og tryggingar mannvirkinu 15000
Ennfremur skal sett hafnarreglugerð fyrir Hólshrepp og hreppurinn eignast land við brimbrjótinn.

XXVII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 14. gr. B. I. h. Nýr liður:
Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans 2500

XXVIII. Frá *Sigurjóni A. Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Hólmfreðs Franzsonar, til háskólanáms 1000

XXIX. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til háskólanáms í uppeldisfræðum 1600

XXX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Odds Guðjónssonar, til hagfræðináms í Kiel ... 1000

XXXI. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Þórhalls Þorgilssonar, til lokanáms við Sorbonne í París 1200

XXXII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 8. Nýr liður:
Til Böðvars Pjeturssonar, til þess að fullkomna sig erlendis í skólateikningu og dýrafræði 1600
Til vara 1200

XXXIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XIV. 3. (Unglingaskólar).
a. Fyrir »og Akureyrar« kemur: Akureyrar og Hafnarfjarðar.
b. Fyrir »70000« kemur: alt að 60000

XXXIV. Frá *Asgeiri Asgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. Nýr liður:
Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, alt að 15000

XXXV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 16000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjöld eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Ósk):
Fyrir »5000« kemur 6000

XXXVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til Bjargar Sigurðardóttur, til þess að halda uppi kenslu í síldarmatreiðslu, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að 1200

XXXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XVII. Nýr liður:
Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík 500

XXXIX. Frá *Lárusi Helgasyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til Regine Dinse, til styrktar skóla hennar í Þýskalandi fyrir Íslendinga 5000

XL. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XX. 4. Nýr liður:
Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn 1500

XLI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XX. 4. Nýr liður:
Til Gunnars A. Jóhannessonar, til þess að kynna sjer íþróttalíf erlendis 800

XLII. Frá *Gunnari Sigurðssyni, Ólafi Thors* og *Hannesi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XX. 4. Nýr liður:
Til Skáksambands Íslands 2000
Til vara 1500

XLIII. Frá *Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni, Þorleifi Jónssyni, Jóni Sigurðssyni, Hannesi Jónssyni, Ingólfi Bjarnarsyni, Gunn-

ari Sigurðssyni. Bernharði Stefánssyni og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til útgáfu 50 ára minningarrits Möðruvallaskóla ... 3000

XLIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Gunnari Sigurðssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ... 2400
Til vara 2000

XLV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jóni A. Jónssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Jónasar Tómassonar, til þess að kynna sjer nýungar í hljómlist erlendis og undirbúa útgáfu tónsmíða sinna 2400
Til vara 2000

XLVI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Guðmundar Kristjánssonar, til söngnáms í Ítalíu ... 3000
Til vara 1500

XLVII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Guðmundar Matthíassonar frá Grímsey, til tónlistarnáms 2000

XLVIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Maríu Markan, til söngnáms í Þýskalandi 1200

XLIX. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 28. Nýr liður:
Til Jóns Ófeigssonar, til þess að vinna að samning þýsk-íslenskrar orðabókar... 5000
Til vara 4000

L. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 30. Nýr liður:
Til Steins Emilssonar, til jarðfræðirannsókna 2000
Til vara 1500

LI. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 33. (Páll Þorkelsson):
Fyrir »800« kemur 1000

LII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 39. Nýr liður:
Til norræns stúdentamóts í Reykjavík 10000

LIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 39. Nýr liður:
Til Íþróttafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fimleikaflokk kvenna undir stjórn Björns Jakobssonar á íþróttamót í Finnlandi 7000

LIV. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 15. gr. 41. Nýr liður:
Til Kristins Þ. Pjeturssonar myndhöggvara, til framhaldsnáms í myndhöggvaralist í Suðurlöndum 1500

LV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
a. Fyrir »52000« kemur 53500
b. Við athugasemdina bætist:
og 1500 krónur til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík í Hólshreppi, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.

LVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að... 15000

LVII. Frá *landbúnaðarnefnd.*
Við 16. gr. 13. Nýr liður:
Til þess að búa til bráðapestarbóluefni... 5000

LVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 16. g. Nýr liður:
Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum ... 3500
2. Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til landmælinga 45000

LIX. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Asgeiri Asgeirssyni.*
Við 16. gr. 26 (Guðm. Jónsson frá Mosdal).
Fyrir »800« kemur 1000

LX. Frá *Ásgeiri Asgeirssyni, Jóhanni P. Jósefssyni* og *Sig. Eggerz.*
Við 16. gr. 33. (Landsfundur kvenna 1930).
Fyrir »1000« kemur 2000

LXI. Frá *Sigurði Eggerz, Asgeiri Asgeirssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 33. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf ... 2000

LXII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi 1800

LXIII. Frá *Gunnari Sigurðssyni* og *Einari Jónssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts 15000

LXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts 10000
2. Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla ... 6000

LXV. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 43. Nýir liðir:
a. Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 6000
b. Til þess að byggja klakhús á Hallormsstað og reka laxaklak þar, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 3200

LXVI. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 16. gr. 51. Nýir liðir:
a. Til Odds Valentínussonar hafnsögumanns, styrkur til að kaupa hafnsögubát, gegn 500 kr. framlagi úr hafnarsjóði Stykkishólms 1000
b. Til Freygarðs Þorvaldssonar vjelstjóra, til þess að koma í framkvæmd uppfyndingu hans viðvíkjandi kolasparnaði á eimskipum 6000
Til vara 4500

LXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 17. gr. 7 (Slysavarnir):
a. Fyrir »10000« kemur 18000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.

LXVIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pjetri Ottesen.*
Við 17. gr. 11 (Stórstúkan).
Fyrir »8000« kemur 10000

LXIX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 19. Nýr liður:
Til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum 1000
Til vara 600

LXX. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. a. 2. Nýr liður:
Til Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis 405

LXXI. Frá *Benedikt Sveinssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 18. gr. II. b. 11 (Kristbjörg Marteinsdóttir ráðherraekkja).
Fyrir »600« kemur 1200

LXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. II. b. 23. Nýr liður:
Til Soffíu Johnsen læknisekkju 500
2. Við 18. gr. II. d. 27. Nýir liðir:
a. Til Elínar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð.. 432
b. Til Arndísar Pjetursdóttur 137,93
c. Til Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56
d. Til Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík ... 135,37

LXXIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við 18. gr. II. e. 12 (Jóhannes Sigfússon).
Fyrir »1200« komi 1800
2. Við 18. gr. II. e. 13. Nýr liður:
Til Sigurjóns Rögnvaldssonar 200

LXXIV. Frá *Benedikt Sveinssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. f. 14 (Guðm. Kristjánsson).
Fyrir »200« kemur 300

LXXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. f. 22. Nýr liður:
   Til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar 400
2. Við 18. gr. II. f. 23. (Þorleifur Jónsson).
   Liðurinn fellur niður.

LXXVI. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 18. gr. II. f. 24. Nýr liður:
Til Einars Ólasonar fyrrum pósts 300

LXXVII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 18. gr. II. g. 6 (Guðmundur Friðjónsson).
Fyrir »1200« kemur 2000

LXXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. i. 12. Nýr liður:
Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður 200

LXXIX. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 18. gr. II. i. 42. Nýr liður:
Til Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu 500

LXXX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Til símalagninga:
a. Í Austur-Skaftafellssýslu 4000
b. Í Vestur-Skaftafellssýslu 6000
c. Í Skagafjarðarsýslu 2000
Vextir af lánum þessum sjeu 6% og lánin endurgreiðist á 10 árum.

LXXXI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við brtt. LXXXII, 1.
Á undan »Patrekshreppi« kemur: Suðurfjarðahreppi.

LXXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 22 gr. 6. Á eftir liðnum kemur ný málsgrein:
   Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi og Ostagerðarfjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.
2. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist málsgrein:
   Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár

á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

LXXXIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 22. gr. Aftan við greinina kemur málsgrein:

Stjórninni er heimilt að gefa Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftir eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni því, er honum var veitt 1922.

LXXXIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pjetri Ottesen.*

Við 23. gr. II. Nýr liður:

Að greiða úr ríkissjóði þær 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur.

LXXXV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*

Við 23. gr. II. Nýr liður:

Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að ljetta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sjer að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.

LXXXVI. Frá *Ásgeiri Asgeirssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr liður:

Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

LXXXVII. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 23. gr. III. Nýir liðir:

a. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, alt að 225 þúsund kr.

b. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjabjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir 100 þúsund kr., og taka til þess lán, alt að sömu fjárhæð.

c. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

LXXXVIII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 23. gr. VIII. Nýr liður:

Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt.

Ed. **409. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta á nokkrum fundum og kynt sjer umsagnir um það frá bankaráði Landsbankans, framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðsins, Búnaðarþinginu og ýmsum einstökum mönnum.

Nefndin er öll á einu máli um það, að mjög æskilegt sje, að landbúnaðurinn fái sem allra fullkomnasta lánsstofnun út af fyrir sig.

Með því móti ættu sveitabændur að fá greiðari aðgang að lánum til nauðsynlegra framkvæmda heldur en kostur hefir verið á að þessu, og að öllum líkum nokkru ódýrari, þar sem lánum til landbúnaðar, sem í flestum tilfellum eru áhættulitil, yrði ekki blandað saman við lán til áhættusamari atvinnuvega.

Frumvarpið virðist hafa fengið svo góðan undirbúning sem frekast var kostur á og því sómdi, þar sem það er samið af lögfræðingi, sem sjerstaklega hefir kynt sjer lánsstofnanir með þarfir landbúnaðarins fyrir augum, og auk þess hefir um mörg ár starfað við heilbrigða lánsstofnun hjer á landi. Síðan hefir atvinnumálaráðherra athugað málið vandlega og sent það til umsagnar ýmsum stofnunum og einstökum mönnum.

Hefir frv. í aðalatriðum hlotið mjög eindregin meðmæli þeirra aðilja, er best skyn mega bera á svona mál, svo sem bankaráðs Landsbankans, framkvæmdarstjóra Ræktunarsjóðsins og Söfnunarsjóðsins og Búnaðarþingsins.

Þar sem málið er nú svona vel undirbúið, treystir nefndin sjer ekki til að koma fram með breytingartillögur, er tvímælalaust megi til bóta verða.

Hyggur hún, að reynslan muni best skera úr um, hvort þörf sje breytinga.

Nefndin leggur þó nokkuð misríka áherslu á hinar einstöku starfsgreinar bankans.

Allir nefndarmenn telja hina mestu þörf á bústofnslánadeildinni, með því að þeim er kunnugt, hve miklir örðugleikar eru á því fyrir fátæka menn að koma upp bústofni og að það er mjög algengt, að þess vegna hafa menn svo lítil bú, að þau geta alls ekki borið sig. Aftur búa aðrir við alt of dýran leigupening. Nefndin telur það því illa farið, að skilyrðin fyrir láni gegn veði í búfje hafa verið fullmikið hert í Nd., sbr. 3. málsgr. 45. gr.

Um nauðsyn veðdeildarinnar eru nokkuð skiftar skoðanir innan nefndarinnar. Telja tveir nefndarmenn, að hennar sje ef til vill ekki brýn þörf, með því veðdeild Landsbankans geti int af höndum hennar hlutverk. Aftur leggur þriðji maðurinn (Jón J.) ríka áherslu á, að þar sem sett sje upp sjerstök lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þá sje hún þannig úr garði gerð, að hún geti sem mest fullnægt lánsþörf sveitabænda. (Samkomulag hefir þó orðið um að láta ákvæðin um veðdeildina haldast óbreytt).

Nokkuð eru og skiftar skoðanir um, hvort leyfa skuli bankanum að gefa út sjerstaka flokka bankavaxtabrjefa með happavinningum, en meiri hlutinn telur þó rjett, að þetta sje leyft.

Loks hefir 1 nefndarmaður lagt til að stofna nýja deild við bankann fyrir smábýli við kauptún og kaupstaði, en meiri hl. telur þess ekki brýna þörf eins og stendur og óvíst, hversu heppilegt það yrði fyrir stofnunina, enda málið svo lítið athugað, að ógerlegt sje að leggja til, að að því sje hrapað að svo komnu.

Þrátt fyrir þessar nokkuð mismunandi skoðanir hjá nefndarmönnum á einstökum atriðum, telja þeir allir þetta frv. um stofnun landbúnaðarbanka eitt merkasta málið á þessu þingi og það best undirbúna og gera sjer von um, að landbúnaðarbankinn megi verða stórfeld lyftistöng fyrir landbúnaðinn, ef sala bankavaxtabrjefanna tekst eins og vænta má.

Að vísu mundi nefndin gjarnan vilja gera ýmsar smábreytingar á frv., en það varð þó ofan á, að nefndin í heild flytti engar breytingartill. við það.

Nefndin telur það mjög mikilsvert, að komið sje upp umboðsskrifstofum í sem flestum hjeruðum landsins, til að greiða fyrir viðskiftum þeirra við aðalbankann. Ættu þær í flestum tilfellum að geta sagt lánbeiðendum um lánskjör og um horfur með lánið, og veitt þeim fulla leiðbeining um undirbúning umsókna, og jafnvel annast sending þeirra o. s. frv., og hinsvegar verið bankanum til mikilsverðrar aðstoðar, eins og bent er til í 65. gr.

Hyggur nefndin, að heppilegt mundi að semja við sparisjóði þá og kaupfjelög, sem almenns trausts njóta, um að taka slík störf að sjer, og að hvorumtveggja þeim stofnunum mundi ljúft að inna þau störf af hendi gegn lítilli eða engri þóknun, þar sem það er í þeirra verkahring að greiða sem best fyrir peninga- og fjármálum hjeraðsbúa sinna.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir á einstökum atriðum frumvarpsins, eru nefndarmenn sammála um, að málið í heild sinni gangi fram.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Jón Jónsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Jónas Kristjánsson.

Ed. **410. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

I. Á eftir V. kafla kemur nýr kafli, sem verður VI. kafli og 11 nýjar greinar ásamt fyrirsögn:

1. Ríkissjóður leggur fram 50 þúsund kr. á ári til lánadeildar til smábýla í nágrenni kaupstaða og kauptúna.

2. Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán innanlands eða utan, alt að 2 miljónum kr., handa lánadeildinni, til starfsemi þeirrar, er henni er ætlað að vinna samkvæmt lögum þessum.
3. Ríkissjóður afhendir Búnaðarbankanum lánsfjeð, en deildin stendur aftur ríkissjóði skil á vöxtum og afborgunum láns þess, er ríkissjóður hefir tekið í þessu skyni.
4. Lán samkvæmt þessum kafla skal aðeins veita til smábýla í grend við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði vera skilyrði fyrir láni, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni.
5. Lán úr lánadeild má veita gegn þessum tryggingum:
   a. gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
   b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með 1. veðrjetti.
   c. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga.
6. Lán mega nema alt að $^3/_4$ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotarjetti lands.
7. Hámark lánsfjárhæðar má vera 15000 krónur.
8. Lánin ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sje 5% í 42 ár.
9. Ef árgreiðslur þær, er deildin fær, hrökkva eigi til greiðslu vaxta og afborgana af láni ríkissjóðs samkv. 42. gr. þessa kafla, skal greiða mismuninn af tillagi ríkissjóðs. Að öðru leyti má verja tillagi ríkissjóðs til útlána. Verði árgreiðslur hærri en greiða þarf til ríkissjóðs, má verja afganginum til nýrra lána.
10. Nú verða ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign, sem stendur í skuld við lánadeild smábýla, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar Búnaðarbankans. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs, að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

    Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust; þá skal og endurgreiða lánadeildinni allar vaxtagjafir frá því lánið var tekið, ásamt vaxtavöxtum. Þetta gildir þó eigi, þegar eigendaskifti verða fyrir fullkomna erfð.
11. Um innheimtu lána og heimild til þess að selja veð skulu gilda ákvæði 35. gr. þessara laga, eftir því sem við á.

II. Fyrirsögn kaflans skal vera:

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.

(Greinatala og kafla breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu).

Nd. **411. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum, nr. 55, 27. júní 1925.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Við 3. gr. Á eftir málsgr. komi ný málsgrein:

Skipunarnefnd sáttasemjara gerir tillögur til atvinnumálaráðherra um uppsagnarfrest á vinnusamningum vinnusala og vinnuþega, þar er þess þarf, svo og ef breyta skal viðurkendum kauptaxta. Fresti þeim, er ráðherra ákveður, skulu aðilar hlíta.

2. gr.

Við 6. gr. Á eftir 1. málsl. komi: en hann ákveður hvar, hvernig og hvenær sú atkvæðagreiðsla fer fram.

3. gr.

Á eftir 6. gr. komi 2 nýjar greinar:

7. gr. Nú er endanleg tillaga sáttasemjara feld, enda telur hann sáttatilraunum lokið, og gerir hann þá tillögu um, að aðiljar nefni menn til gerðar á sama hátt og í 3. gr. segir. Fallist þeir á tillöguna, skulu nefndir 2 menn til gerðar af hvors hálfu, en gerðarmenn nefna oddamann. Verði þeir eigi ásáttir um nefning oddamanns, skal sáttamaður nefna hann. Gerðardómurinn hefir rannsóknarvald samkv. 5. gr. Gerð, er þessir segja upp, er aðiljum skylt að hlíta.

8. gr. Sáttatilraunum og gerð skal hraða, að því kostur er á. Nú ríður vinnustöðvun að, og skal þá sáttasemjari, ef henta þykir, hafa vald til að fresta henni um 2 vikur. Fallist aðilar á tillögu um að leggja vinnudeilu í gerð, má sáttasemjari á sama hátt fresta vinnustöðvun, þó eigi lengur en 7 daga.

(8. og 9. gr. verði 10. og 11. gr.).

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Greinargerð.

Frumvarp þetta ber að skoða sem sáttatilraun milli þeirra, sem hjer eiga hlut að. Nánar í framsögu.

Gunnar Sigurðsson, form. Magnús Torfason, frsm.

Nd. **412. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það nái fram að ganga.

Einn nefndarmaður (M. G.) var ekki viðstaddur og hefir því óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Magnús Torfason.
	Hákon Kristófersson.	

Ed. **413. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á að taka upp aftur ríkiseinkasölu á tóbaki í heildverslun, með líkri tilhögun og hjer var árin 1922—25. Tilgangur frv. er, að því er ráða má af greinargerðinni, sá, að afla ríkissjóði aukinna tekna af tóbaki. En þar sem endurskoðun skattalöggjafarinnar er nú í höndum milliþinganefndar, er skipuð var á Alþingi 1928, þykir meiri hlutanum þegar af þeirri ástæðu ekki rjett að afgreiða eins og stendur verulegar breytingar á þeirri löggjöf, og leggur því til, að til afgreiðslu á málinu verði samþykt svofeld

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Með því að endurskoðun á skattalöggjöfinni er nú í höndum milliþinganefndar, telur þingdeildin ekki rjett að afgreiða einstaka breytingu á tekjulöggjöfinni, svo sem þetta frv. fer fram á, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1924.

Jón Þorláksson, frsm.	Páll Hermannsson.	Björn Kristjánsson.

Nd. **414. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Enda þótt vænta megi, að bráðlega verði sett lög um almenna elli-tryggingu, þá getur þó meiri hluti nefndarinnar fallist á, að rjett sje að gera breytingar til bráðabirgða á ellistyrktarlögunum, er miða að því að efla tilgang þeirra. Enda má þá og teljast rjett, að breytingar þær komi í gildi þegar.

Hinsvegar vill nefndin ekki, að svo komnu, breyta grundvelli laganna um gjaldskylduaðild til ellistyrktarsjóðanna, og felst því ekki á þá breytingu, er gerð var við frv. í meðferð efri deildar um það atriði, og vill færa frv. að því leyti á grundvöll gildandi laga, eins og það var borið fram af flutningsmönnum.

Bæjarsjóðir og einkum sveitarsjóðir eru þegar flestir fullhlaðnir og sumir ofhlaðnir gjöldum, enda hafa nær enga tekjustofna - fæstir þeirra — nema það, sem ríkið hefir skilið þeim eftir af hinum upprunalega tekjustofni þeirra, efnum og ástæðum. En eins og kunnugt er, hefir ríkissjóður með tekjuskatts- og eignarskattslögunum 1921 ásælst þann tekjustofn sveitarfjelaganna meira en áður, án þess að eftirláta þeim nokkra tekjustofna í staðinn, en þó jafnframt lagt á sveitarfjelögin auknar byrðar.

Nefndin felst á, að rjettmætt sje, að nokkru stærri hluta ársteknanna sje varið til úthlutunar en nú er. — Þörf samtíðarinnar er ríkari en þörf framtíðarinnar í þessu efni. — Þess vegna vill nefndin, að öll iðgjöldin komi til úthlutunar, $^2/_3$ hlutar af tillagi ríkissjóðs og hálfir vextirnir.

Sjóðirnir eru nú orðnir að upphæð rúmlega 1 miljón króna. Hálfa vexti af því mun mega áætla nál. 30 þús. krónum. Og eftir tillögum nefndarinnar má ætla $^1/_3$ ríkissjóðstillagsins 22—23 þúsund. Verður þá vöxtur sjóðanna yfir 50 þúsund krónur. Getur verið álitamál, hvort ekki væri forsvaranlegt að ganga nær vexti sjóðanna, þar sem vöxturinn næmi enn fullum innlánsvöxtum.

Eftir tillögum nefndarinnar myndu þær tekjur sjóðanna, sem kæmu til úthlutunar, verða álíka miklar og eftir frumvarpinu eins og það er nú.

Tveir nefndarmanna (H. J. og H. V.) hafa sjerstöðu um málið.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1.50 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
12. gr. laganna skal orða svo:
Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^{2}/_{3}$ af þeim styrk, er lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi ganga í gildi þegar.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Jón A. Jónsson. Sig. Eggerz.
Ásg. Ásgeirsson. Ólafur Thors.

Nd. **415. Frumvarp**

til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Stofan skal starfa á svo fullkominn vísindalegan hátt sem auðið er, og skal verkefni hennar vera:

1. að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfje landsmanna, svo sem bráðapestar, lungnaormaveiki, Hvanneyrarveiki, fjöruskjögurs o. fl., og reyna að finna aðferðir til að lækna þessa sjúkdóma og afstýra þeim.
2. rannsókn fóðurefna og fjörvirannsóknir (vitamína) í lýsi og öðrum fóðurvörum og matvælum.
3. rannsókn verkunarskemda í kjöti, fiski og öðrum land- og sjávarafurðum.
4. rannsókn þaragróðurs og jurta með tilliti til fóðurgildis, sem og jurtasjúkdóma.
5. aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar.

Haga skal allri starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins.

Eftir því sem við verður komið, skal rannsóknarstofan inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfjelags Íslands og stjórn Fiskifjelags Íslands.

3. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins og skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna skal skylt að láta stofunni aðstoð sína í tje, hverjum á sínu sviði, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt, gegn þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra getur sett um þetta efni.

Sömuleiðis skal efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu háskólans skylt að inna af hendi fyrir stofuna þau störf, sem þessar stofnanir hafa tæki til, en hún ekki, en annars kveður atvinnumálaráðherra á í samráði við læknadeild háskólans, hversu sambandi þessara stofnana allra megi koma haganlegast fyrir.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra getur í samráði við forstöðumann rannsóknarstofunnar falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfje, með því markmiði, sem stofan starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega mentun til starfans, og fær honum nauðsynlega aðstoð. Laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar skulu ekki vera hærri en laun prófessora háskólans.

Stofan skal búin þeim áhöldum og henni fengið það húsnæði, sem þarf til þess að hún geti rækt starf sitt með sem bestum árangri.

6. gr.

Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði, og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fje til annars rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Greitt skal fyrir starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstöðumanns.

Nd. **416. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Bætur þessar skulu þeir, er laxveiðirjett eiga á hverjum tíma í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, inna af hendi að tiltölu eftir veiðimagni, samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 10 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

4. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **417. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta í sambandi við gildandi lög og reglugerðir um þetta efni og komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn beri til að tryggja, að skoðanir skipa og báta og alt eftirlit verði betur framkvæmt en raun hefir á orðið í ýmsum veiðistöðum hingað til. Getur nefndin eftir atvikum fallist á, að skipaður verði skipaskoðunarstjóri, svo sem frv. mælir fyrir um, og vill ætla, að með því náist meira samræmi í framkvæmd laganna.

Nefndin vill taka fram, í sambandi við samþykt þessa frv., að hún telur brýnustu nauðsyn á, að endurskoðuð verði hið allra fyrsta tilskipun frá 20. nóv. 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, sem og reglugerð frá 7. nóv. 1923 um þóknun til skoðunarmanna skipa o. fl.

Þá vill nefndin benda á, að hún hefir ekki getað fundið, að út hafi verið gefin reglugerð um eftirlit með öryggi þeirra fljótandi fara, sem lögin

frá 19. júní 1922 ekki ná til, sem þó er heimilt samkvæmt 5. gr. nefndra laga. Telur nefndin, að slík reglugerð sje mjög nauðsynleg, því það mun óhætt að fullyrða, að þær fleytur skifta hundruðum á öllu landinu, sem fiskiveiðar stunda að meira eða minna leyti, en falla þó ekki undir ákvæði laganna, af því að þær annað tveggja stunda ekki fiskiveiðar heila vertíð, eða hafa færri en fjögra manna áhöfn. Virðist full ástæða til, að einnig sje haft eftirlit með öryggi slíkra fara, enda gera lögin ráð fyrir því.

Loks vill nefndin geta þess, að hún telur varhugavert ákvæði 9. gr. frv. um, að fela megi færri mönnum en lögin tiltaka að framkvæma skoðun skipa. En þar sem áliðið er þingtíma, gæti breyting á frv. valdið því, að það dagaði uppi í þinginu að þessu sinni, og vill nefndin því ekki leggja til, að 9. gr. verði feld niður, en væntir, að treysta megi því, að skipaskoðunarstjóri beiti ákvæði þessu ekki, eða þá aðeins með fylstu varúð.

Að öllu athuguðu leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm. og fundaskr.	H. Steinsson.

Ed. **418. Nefndarálit**

um frv. til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

Þó nefndarmenn sjeu ekki að öllu leyti sammála um gagnsemi nýmælis þess, sem upp er tekið í frv. þessu, þá hefir niðurstaðan orðið sú, að öll nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt. Einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) vill samþykkja það án breytinga, en tveir vilja samþykkja það með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna »samkvæmt tillögum« komi: að fengnum tillögum.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **419. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin skipi sjerstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum um brunamál frá 1907 verði hlýtt, og til þess jafnframt að leiðbeina um framkvæmdir brunavarna, sem nú eru taldar ófullkomnar. Er ætlast til, að kostnaður, er af þessu leiðir, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn helminginn greiði Brunabótafjelag Íslands.

Nefndinni þykir rjett, að ríkið taki þátt í kostnaðinum í fyrstu, á meðan verið er að koma brunavörnum í viðunandi horf, en heldur ekki lengur. Vill nefndin, að sem fyrst verði komið á löglegum og tryggilegum brunavörnum, og telur, að til þess ættu að nægja tvö ár.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Síðasti málsliður frv.greinarinnar orðist svo:
   Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu. Brunabótafjelag Íslands annast um allan kostnaðinn úr því.
2. Á eftir frv.greininni, sem verður 1. gr., komi ný grein (2. gr.) svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Ingvar Pálmason, form. — Jón Baldvinsson, fundaskr. — Páll Hermannsson, frsm.
Björn Kristjánsson. — Jón Þorláksson.

Nd. **420. Nefndarálit**

um frv. til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. miðar að því í senn:

1. að auka innlenda framleiðslu til eigin nota landsmanna,
2. að styðja að því, að landið sje minna háð öðrum löndum um nauðsynjar sínar,

3. að styðja og efla iðnað í landinu úr innlendum hrávörum,
4. að efla ræktun landsins.

Virðist minni hl. fjárhagsn. því, að ekki sje áhorfsmál að samþykkja frv. — Hinsvegar er það vitanlega á valdi þingsins að gera þær breytingar á þeim ákvæðum, er frv. setur, sem breyttar ástæður geta gefið tilefni til.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form. og frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.

Nd. **421. Frumvarp**

til laga um refarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en þar skal refabú talið, sem refir eru aldir árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri.

2. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörslu. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um tilhögun refagirðinga, geymslu og flutning refa og rekstur refabúa.

Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sjerstakar gætur á því, að geymsla refa sje höfð svo örugg sem reglugerð ákveður.

3. gr.

Eigi má flytja út refi nema frá þeim refabúum, sem starfað hafa árlangt (12 mánuði) að minsta kosti, og þó því aðeins, að engin næm sýki hafi gengið á búinu síðastl. ár. Vottorð frá dýralækni um heilbrigði dýranna skal fylgja hverri sendingu.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett verður samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 20—5000 kr. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Ákvæði 3. gr. koma ekki til framkvæmda á árinu 1929 að öðru leyti en því, að öllum þeim dýrum, sem út eru flutt, skal fylgja heilbrigðisvottorð dýralæknis.

Nd. 422. Lög

um veiting ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.
3. Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
4. Jóhannesi Stefánssyni, fæddum á Íslandi, er hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Nd. 423. Lög

um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar.

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sjer kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Nd. **424. Lög**

um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Hver landeigandi er skyldur að leyfa stjórn landssímans að leggja nauðsynlegar vírleiðslur fyrir hraðskeytatæki um land sitt, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að vírar þessir sjeu lagðir yfir þau, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Verði því við komið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir, að vírleiðslurnar sjeu lagðar, þar sem þær snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við leiðslurnar í för með sjer.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að starfa að þessum leiðslum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því aðeins að það sje óþægindalaust fyrir íbúana.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú vilja einstakir menn, bæjarfjelög eða sveitarfjelög leggja leiðslur fyrir hraðskeytasamband eða rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. í nánd við þá staði, þar sem eru fyrir leiðslur eða hraðskeytatæki, sem landssíminn hefir sett upp, þá skal hinum nýju leiðslum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á leiðslum eða tækjum þeim, sem fyrir voru. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker atvinnumálaráðherra úr. Ef einstakir menn, bæjar- eða sveitarfjelög hafa einhverskonar tæki eða leiðslur, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun hraðskeytatækja, skal stjórn landssímans heimilt að gera á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi tækjum þessum eða leiðslum, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir baga þann, er af þeim getur hlotist.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessa starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

Nd. **425. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Aftan við frv. bætist svo látandi

Ákvæði um stundarsakir:

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar er hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja alt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.

Nd. **426. Nefndarálit**

um frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta, sem komið er frá hv. efri deild, hefir sjávarútvegsnefnd eigi orðið sammála. Minni hl. (Jóh. Jósefsson og Ól. Thors) vilja gera á frv. ýmsar breytingar, en meiri hl., sem að vísu getur fallist á, að nokkrar breytingar geti til bóta orðið, vill ekki tefla málinu í tvísýnu svo seint á þingi með breytingum. Meiri hlutinn telur líka sjálfsagt, þegar þessi síldariðja er á byrjunarstigi, að búa svo um stofnunina, að starfhæfi hennar og fjárhagsleg afkoma sje sem tryggust, eins þótt reynsla kunni síðar að leiða í ljós, að fyrningargjald eða varasjóðsfje mætti lægra vera.

Einn úr meiri hl. (S. Á. Ó.) áskilur sjer óbundið atkvæði gagnvart breytingartill., sem fram kunna að koma við umr. um frv., en að öðru leyti leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Magnús Torfason. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. **427. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Guðm. Ólafsson, Jónas Jónsson.

1. Frumvarpsgr. verði 1. gr.
   Á eftir orðunum »að undanskilinni« komi: kaupstaðarlóðinni (Siglufjarðareyri) og.
2. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar, er orðist svo:

a. 2. gr.

Bæjarstjórninni er óheimilt að afhenda öðrum til eignar eða umráða það land, er hjer um ræðir, nema til leigu um ákveðinn tíma.

b. 3. gr.

Reglur um leigu á landi bæjarins semur bæjarstjórn, og skulu þær staðfestar af atvinnumálaráðherra.

Nd. **428. Lög**

um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl).

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfelda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómur eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.

Nd. **429. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verkamannabústaði.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum, til þess að lána til að reisa íbúðir handa verkafólki (almennum verkamönnum og sjómönnum og starfsmönnum ríkis- og bæjarfjelaga), enda hafi verið færð rök að því, að dómi atvinnumálaráðherra, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fje sem hjer segir;
   1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
   2. Bæjarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
   3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður í jöfnum hlutföllum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarsjóður veitir lán til fjelaga verkamanna í kaupstöðum, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir verkamenn.
   Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrjetti í húsum og trygð með veðskuldabrjefi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu alt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fje í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fje ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarfjelög verkamanna hafa rjett til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
   1. að byggingarfjelagið komi upp byggingum fyrir verkamenn.
   2. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag byggingarinna samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
   3. að fjelagsmenn sjeu fjárráða verkafólk (sbr. 1. gr.) á sjó og landi, heimilisfast innan kaupstaðarins, og hafi eigi haft yfir 5000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast fjelagsmenn, nje yfir 5000 kr. eignir.
   4. að íbúðirnar sjeu falar fjelagsmönnum til kaups fyrir það verð, sem þær

kosta byggingarfjelagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem fjelagið nýtur hjá byggingarsjóði.

5. að byggingarnar sjeu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga að leigja, og sje árleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sje í samþyktum fjelagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af fjelaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfjelagsins hafi áður hafnað forkaupsrjetti fjelagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar fjelagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sje um framleigu að ræða, ákveður stjórn fjelagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
7. að settar sjeu reglur í reglugerð, sem staðfest er af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn fjelagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallist á samþyktir fjelagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra fjelaga.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar skulu vera 3 menn. Sjeu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Ársreikningar byggingarfjelags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Nú er ekkert byggingarfjelag til í kaupstaðnum, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfjelagið komi

upp byggingunum, og hefir það þá sömu rjettindi og skyldur sem byggingarfjelög samkvæmt lögum þessum.

9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum verkamanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjelög, er starfa samkvæmt lögum þessum.

Ed. **430. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 3. gr. Fyrir orðið »fimm« komi: fjórum.
2. Við 3. gr. Orðið »Veðdeild« falli burt.
3. Við 8. gr. Fyrir »veðdeildarbrjefum Búnaðarbankans, Landsbankans« komi veðdeildarbrjefum Landsbankans, vaxtabrjefum bústofnsdeildar.
4. Við 12. gr. Orðið »erlendis« falli burt.
5. Við III. kafla. Í staðinn fyrir allan kaflann komi ný 13. gr., svohljóðandi:

Ríkisstjórnin skal annast um, að nýr veðdeildarflokkur eða flokkar verði stofnsettir samkvæmt veðdeildarlögunum, nr. 60, 7. maí 1928, og skal honum eða þeim fengið það sjerstaka starfssvið að lána eingöngu gegn veði í jörðum, erfðafestulöndum til ræktunar og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða, eða til almenningsnota í sveitum landsins. Skal fara um skiftingu varasjóðs þeirra veðdeildarflokka, er lokið hafa skuldbindingum sínum, svo sem fyrir er mælt í 24. gr. nefndra laga.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á alt að 3 miljónum króna í vaxtabrjefum flokks eða flokka þessara, með þeim kjörum, að ríkissjóðurinn verði skaðlaus af.

Ákveða má með reglugerð nánar um fyrirkomulag flokka þessara.

(Greinatalan breytist samkvæmt þessu.)

6. Við 59. gr., sem verður 31. gr. 4. málsgr. orðist svo:

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 8000 krónur í byrjunarlaun, en hækka um 500 krónur þriðja hvert ár upp í 10000 krónur.

Meðstjórnendur hafa 4000 króna árslaun hvor. Aðalbankastjóri og meðstjórnendur hans njóta þess utan dýrtíðaruppbótar á laun sín samkvæmt launalögum fyrir embættis- og sýslunarmenn ríkisins.

7. Við 62. gr., sem verður 34. gr. Orðin »nema veðdeild« falli burt.

Nd. **431. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og við brtt. á þskj. 408.

I. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 408, XIII. Tillöguna skal orða svo:
Við 13. gr. B. III. (Brúargerðir).
a. Fyrir »200000« kemur 235000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
(Þar af 35000 kr. til þess að brúa Vatnsdalsá og Vattardalsá í Barðastrandarsýslu).

II. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara 2000

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 23. gr. VII. Nýr liður:
Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

Ed. **432. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra, en leitar þó álits mentamálaráðsins áður en fullnaðarákvörðun er tekin um val bókanna.

Ed. **433. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Læknar í Reykjavík skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á pósthúsið eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skulu læknar utan Reykjavíkur skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðamót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarfjeð renna í »Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenskra lækna«.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **434. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rjett til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rjett við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60

ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: »borgarstjóra (bæjarstjóra)« falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa, eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

III. kafli.
Um kosningarathöfn.

11. gr.

10. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið, eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rjett til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rjett til vara-

fulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/6 kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

17. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

18. gr.

31. gr. laganna, sem er ný grein, hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sjerstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrjett í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sje einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurjett í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sje jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórn-

ar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufje, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Gildir kosning þeirra um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykt ákveðið að setja sjerstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

19. gr.

Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafist, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

VI. kafli.
Niðurlagsákvæði.

20. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr. og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **435. Lög**

um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr.	1,50
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum	—	1,00
Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi...	—	0,50
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	—	0,25
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu	—	1,00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **436. Tillaga**

til þingsályktunar um hagskýrslur.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Bernh. Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hagstofan gefi út á þessu ári skýrslur um hag bæjarsjóða og sveitarsjóða.

Greinargerð.

Hvergi er aðgangur að skýrslum, er geti gefið yfirlit um hag sveitarsjóðanna (og bæjarsjóðanna), en hinsvegar mikilsvert þjóðhagslegt atriði að geta vitað sem glegst um hag þeirra og fylgjast með þeim breytingum, sem verða á því sviði.

Skýrslurnar ættu að vera sem ítarlegastar, svo að þær gæfu sem fylstar þjóðhagslegar upplýsingar. Tekjurnar ættu að vera flokkaðar eftir tegundum tekjustofna, og gjöldin sömuleiðis eftir eðli gjaldstofna. Auk efnahags sveitarsjóðanna sjálfra ættu skýrslurnar einnig að sýna efnahagsástæður sveitarfjelaganna, að svo miklu leyti sem skattaframtölin greina þau atriði. Loks ættu þær að sýna tölu sveitarsjóðsgjaldenda og tekjuskatts- og eignarskattsfram-

teljenda og manntal. Samanburð þyrfti og að sýna á yfirlitstölum skýrslunnar við samskonar yfirlitstölur nokkurra fyrri ára.

Hagstofan mun fá í hendur alla sveitarsjóðsreikninga og sömuleiðis tekjuskatts- og eignarskattsframtöl sveitarfjelaganna, og hefir því með höndum þær heimildir, sem þarf til samnings slíkra skýrslna. Og ef tillagan verður samþykt, þá má telja, að í henni felist heimild til þess aukakostnaðar, er af samningi og útgáfu skýrslnanna kynni að leiða.

Nd. **437. Nefndarálit**

um frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar vill samþ. frv. óbreytt, en minni hl. vill gera á því ýmsar breytingar.

Málið hefir sama og ekkert verið rætt í nefndinni, og með því að atvinnumálaráðh. leggur áherslu á, að það verði tekið á dagskrá næstk. mánudag, vinst minni hl. ekki tími til að semja breytingartill. fyrir 2. umr. málsins og gera grein fyrir þeim í nefndaráliti, og mun því láta nægja að gera nánari grein fyrir aðstöðu sinni við 2. umræðu, en síðan leita samkomulags um breytingar á frv. og bera þær fram við 3. umr.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **438. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 11. gr. 2. tölulið.

Í stað orðanna »í Höfðahólalandi« komi: í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja.

Nd. **439. Nefndarálit**

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt. Þó er nokkur ágreiningur um það, hve mikið ríkissjóðsframlagið verði, og hafa þeir Sv. Ó. og S. Á. Ó. áskilið sjer rjett til fyrirvara um það efni.

Alþingi, 26. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, form. Með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrif. Með fyrirvara.
Ólafur Thors. Magnús Torfason.

Nd. **440. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »næsta ár á undan« í 2. málslið komi: sbr. þó 3. gr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein (3. gr.), svo látandi:

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar úr ríkissjóði.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **441. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá landbúnaðarnefnd.

Laxafriðunarlögin voru sett fyrir rúmum 40 árum. Má af því ráða, a ýms ákvæði þeirra laga muni nú úrelt og þurfi því að takast til gagngerðrar rannsóknar. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er aðallega farið fram á eina breytingu, þ. e. lengingu friðunartímans, en það er aðeins eitt ákvæði af mörgum, sem athuga þyrfti, er lögin væru endurskoðuð.

Nefndin hefir leitað umsagnar Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings um þetta frv., og leggur hann eindregið til, að frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi, meðal annars vegna þess, að Pálmi Hannesson náttúrufræðingur hefði þegar gert talsverðar rannsóknir á þessu sviði og hefði í smíðum tillögur um breytingar á laxveiðalöggjöfinni. Meiri hluti nefndarinnar telur heppilegast, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum taki með aðstoð Pálma Hannessonar laxveiðalöggjöfina til gagngerðrar endurskoðunar, og að þessari endurskoðun yrði hraðað svo, að frv. um breytingar á þessari löggjöf gæti legið fyrir næsta þingi.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin hlutist til um, að laxveiðalöggjöfin verði endurskoðuð hið allra fyrsta, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1929.

Lárus Helgason, form. og frsm. Jón Sigurðsson. Einar Jónsson.

Enda þótt við viðurkennum fyllilega, að hin mesta nauðsyn beri til að endurskoða laxveiðalöggjöfina alla í heild og sjeum því samþykkir, að það verði gert miklu rækilegar en gert er með þessu frv., teljum við þó nokkrar þessar breytingar á laxveiðalöggjöfinni, er í frv. felast, ganga í rjetta átt, og mælum með því, að frv. gangi fram með nokkrum breytingum, er við höfum ákveðið að flytja við 3. umræðu málsins.

Jörundur Brynjólfsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **442. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 18. gr. II. j. (Ólafur Rósenkranz).
Fyrir »1200« kemur 2400

Nd. **443. Lög**

um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl).

1. gr.

Hreppsnefndir í hreppum, er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleift að lenda í verstöð sinni.

Verstöðvar, sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niður lagðar eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar.

2. gr.

Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er, og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar- og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema með samþykki vitamálastjóra.

3. gr.

Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við »Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi« eða gefin út sjerstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega, ef einhver breyting verður á árinu.

4. gr.

Sje um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og alt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sje ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

5. gr.

Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppssjóði að annast alt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið; — þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppsjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að áliti vitamálastjóra.

6. gr.

Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það, breyta eða færa úr stað nema því aðeins, að annað greinilegt merki sje sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra.

7. gr.

Bannað er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna, og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við vitamálastjóra.

8. gr.

Vitamálastjóri hefir eftirlit með, að merkjum þeim, sem hjer um getur, sje rjett lýst og þeim sje haldið við. Nú vanrækir sá, er viðhaldsskylduna hefir, að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamálastjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

9. gr.

Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sjerstaklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað, er breytingin er gerð á, ef búast má við, að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem alment er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum.

11. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **444. Tillaga**

til þingsályktunar um dýpkunarskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa kaup á dýpkunarskipi sem hentugustu til notkunar við hafnarbætur landsmanna, leita samninga um þátttöku í kaupunum við þá kaupstaði, sem mesta þörf hafa fyrir afnot skipsins, og leggja síðan málið fyrir næsta þing.

Nd. **445 Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um málið, heldur hygg jeg, að heppilegasti kjördagur fyrir flesta landsmenn sje fyrsti vetrardagur, eins og nú er, og sje því engin ástæða til að skifta um til hins verra. Mundi færsla kjördagsins til júlímánaðar gera mestöllum verkalýð landsins mjög erfitt um kosningasókn, og því bæta gráu ofan á svart um rangsleitni þá, sem nú er í kjördæmaskipuninni og mest gengur út yfir verkalýðinn í bæjunum.

Að öðru leyti vísa jeg til nefndarálits míns 1927 um sama mál, þskj. 385, og legg til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **446. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti mentamálanefndar telur þá hugsun, sem fram kemur í þessu frv., svo athyglisverða, að ekki sje rjett að fella nú þetta frv., heldur beri að veita því frekari meðferð á þinginu. Þegnskylduvinnu-hugmyndin er engan veginn ný, og margir hafa litið svo á, að af henni mætti margt gott leiða. Hjer er í raun og veru um þegnskylduvinnu að ræða, en því aukið við, að þeir, sem vinnuna inna af hendi, fá borgun fyrir hana í því, sem telja má þjóðfjelaginu til mikilla nytja, aukinni mentun og menning. Kostnaðurinn lendir þá á sýslu þeirri, sem í hlut á, í svipinn, en hún mun njóta þess síðar í betri starfskröftum og notameira starfi íbúa sinna.

Á hinn bóginn telur minni hl. óþarft að samþykkja almenna heimild um þetta efni. Virðist rjettara að byrja með því að veita þeim einum heimildina, sem óskað hafa eftir henni, og ganga aðalbrtt. út á það, að færa frv. í það form.

Þá þótti vissara að fá samþykki $^2/_3$ til þess að hefja þessa starfsemi, vegna þess að hjer er um allviðurhlutamikla ákvörðun að ræða. Þá er og rjett að hafa aldurstakmarkið rýmra en er í frv.

Þar sem ríkið hefir ekki aðra trygging fyrir framlagi sínu en þá, að

fá húsið sjálft með því landi, sem því fylgir, og það mun vera tilgangurinn að láta skólann fá jörð þá, sem húsið verður reist á, þá þykir rjettara að gera það beinlínis að skilyrði. Er þá nokkuð aukin sú trygging, sem ríkið hefir, og þá jafnframt aukin hvöt sýslunnar til þess að láta ekki til þess koma, að skólinn verði ekki starfræktur.

Loks virðist sjálfsagt að undanþiggja þá menn ákvæðum 1. gr., sem kaupa nám í öðrum skólum.

Samkvæmt þessu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Sýslunefnd Rangárvallasýslu skal heimilt að ákveða, að ungmennaskóli skuli starfræktur í sýslunni með því fyrirkomulagi, að allir verkfærir menn innan sýslunnar vinni einhverntíma á aldrinum 18—20 ára í þarfir sýslufjelagsins kauplaust 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis kenslu og húsnæði í ungmennaskóla sýslunnar um 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram, eftir þeim reglum og með þeim takmörkunum, sem um getur í eftirfarandi greinum.

II. Við 2. gr.
   a. Í stað »lýðskóla« kemur: ungmennaskóla.
   b. Orðin »eða bæjarstjórnar« falla burt.

III. Við 3. gr.
   a. Í stað »meiri hluti« kemur: $^3/_5$.
   b. Í stað »lýðskóla« kemur: ungmennaskóla.
   c. Orðin »eða bæjarfjelaginu« falla burt.
   d. Við greinina bætist: enda leggi sýslan til ókeypis jarðnæði, þar sem skólinn á að standa.

IV. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna »sýslu- eða bæjarfjelag« kemur: sýslufjelagið.
   b. Í stað orðanna »að skólahúsið« kemur: er skólahúsið.
   c. Í stað orðanna »með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi« kemur: ásamt jörðinni, sem skólahúsið er reist á.
   d. Aftan við 4. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Nú stundar maður nám við annan skóla, jafngildan eða fremri ungmennaskóla sýslunnar, og er hann þá undanþeginn ákvæðum 1. gr.

V. Við 5. gr.
   a. 5. gr. verður 6. gr.
   b. Fyrstu málsgr. skal orða svo:

Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála staðfestir, og skal í henni kveða á um tilhögun vinnunnar og skólahaldsins.

   c. Orðin »eða bæjarsjóð« í 3. málsgr. falla burt.

VI. Fyrirsögn frv. verður: Frumvarp til laga um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með þegnskylduvinnu.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Magnús Jónsson,
fundaskr.

Nd. **447. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við landsreikninginn.

Frumvarpið er samhljóða tillögum yfirskoðunarmanna.

Nefndin leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.
Ásg. Ásgeirsson.	Hjeðinn Valdimarsson.	Ólafur Thors. Sig. Eggerz.

Nd. **448. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frumv. þetta saman við landsreikninginn 1927 og fylgirit hans, og eftir að öðru leyti að hafa athugað landsreikninginn fyrir þetta ár og með skírskotun til athugasemda og tillagna yfirskoðunarmanna reikningsins leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Út af tillögum yfirskoðunarmanna vill nefndin taka þetta fram:

Sýslumanninum í Strandasýslu hefir verið greidd uppbót á skrifstofukostnað kr. 700,00. Af svari ráðherra sjest ekki, hver ástæða hefir verið til þessarar umframgreiðslu.

Eignir þær, sem ríkissjóður hefir fengið sem greiðslu á skuld fyrverandi sýslumanns Karls Einarssonar, hafa ekki verið færðar á eignaskýrslu ríkissjóðs. Nefndin telur rjett, að þessar eignir verði seldar sem allra fyrst.

Sama hefir fram farið um hestahald og veislukostnað Landhelgissjóðs.

Nefndin vill taka það fram, að hún telur hestahald og bílakaup óviðkomandi þessum sjóði og leggur til, að slíkur kostnaður verði ekki færður á þennan sjóð eftirleiðis.

Þá vill nefndin beina því til ríkisstjórnarinnar, að athuga, hvort ekki muni rjett, að Alþingi taki að sjer íhlutunarrjett um skipun stjórnar Fiskifjelags Íslands, á svipuðum grundvelli og nú er gert um Búnaðarfjelag Íslands.

Útistandandi skuldir steinolíueinkasölunnar hafa á árinu 1927 hækkað um nær 179 þús. króna. Þar af hefir skuld útibússtjórans á Seyðisfirði hækkað um frekar 35 þús. kr.

Nefndin vill leggja ríka áherslu á, að gengið verði fastlega að því að innheimta þessar og aðrar verslunarskuldir ríkisverslananna. Jafnframt, að felt verði úr eftirstöðvum það, sem fyrnt er af skuldunum eða sýnilega ófáanlegt.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Halldór Stefánsson, form., með fyrirvara. Hannes Jónsson, fundaskr. Jón A. Jónsson, frsm. Ólafur Thors.

Hjeðinn Valdimarsson. Ásgeir Ásgeirsson. Sig. Eggerz.

Nd. **449. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitist úr ríkissjóði $^1/_3$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að 210000 kr. — tvö hundruð og tíu þúsund krónur — gegn $^2/_3$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.
2. Við 2. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 420000 kr. — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Nd. **450. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Af nefndarmönnum hafa 4 af 5 orðið sammála um að leggja til, að frv.

þetta verði samþykt óbreytt. Sá nefndarmanna (H. K.), sem ekki hefir viljað mæla með frv., mun gera grein fyrir sínu áliti.

Eins og nú er á ríkissjóður ekki nema tiltölulega lítinn hluta kaupstaðarlandsins, og mun kaupstaðurinn hafa í huga að kaupa alt kaupstaðarlandið jafnóðum og færi gefst. Meiri hl. telur rjettmætt að styðja þessa viðleitni kaupstaðarins og eðlilegast, að eignarráðin sjeu á einni hendi. Nokkru af landinu hefir kaupstaðurinn þegar fest kaup á.

Í framsögu verður nánari grein gerð fyrir málinu.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Magnús Torfason.

Ed. **451. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 5. lið komi nýr liður, er verði 6. liður, þannig:
   Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.
5. Við 17. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Á eftir 30. gr. komi ný grein, er verður 31. gr., og hljóði svo.
6. Við 18. gr. Greinin falli burt.
7. Við 20 gr. Fjórða, fimta og sjötta málsgr. falli burt.

Ed. **452. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Erlingi Friðjónssyni.

Við 18. gr. 3. málsgrein.

Í stað orðanna »Gildir kosning þeirra um eitt ár« komi: Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár.

Nd. **453. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1.

Þegar prestssetrið Hvanneyri losnar úr ábúð, er ríkisstjórninni heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað land jarðarinnar, að undanskilinni nægilegri lóð undir prestssetrinu og umhverfis það, og hæfilegum lóðum undir aðrar opinberar byggingar, eftir tillögum skipulagsnefndar.

2. gr.

Bæjarstjórninni er óheimilt að afhenda öðrum til eignar eða umráða það land, er hjer um ræðir, nema til leigu um ákveðinn tíma.

3. gr.

Reglur um leigu á landi bæjarins semur bæjarstjórn, og skulu þær staðfestar af atvinnumálaráðherra.

Ed. **454. Frumvarp**

til laga um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í fimm deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir.
2. Að veita lán rekstrarlánafjelögum eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafjelaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sjerstökum lögum um slík fjelög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, jarðræktarbrjefum, veðdeildarbrjefum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbrjefa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fje opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda sjeu þeir ekki sjerstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sjerstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, alt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 1250000 króna. Stofnfje þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabrjefum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fje verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabrjefa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfjenu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfje, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs síns.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð brjefanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabrjefum, er bera eins háa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabrjefa, skal ákveða vexti brjefanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er veðdeildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk veðdeildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlað-

ar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.

2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelögum, eða trygð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum fjelögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum fjelagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátrygð sjeu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sjer að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrjetti og aldrei yfir $^3/_5$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrjett, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $^3/_5$ virðingarverðs. En af slíku láni má taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa

verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir brjefin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabrjefa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa brjef til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur

annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabrjef þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

34. gr.

Fje varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabrjefum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. En stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rjett að höfða mál, til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selst innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er og sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sjer eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sjerstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 2 miljónum króna í vaxtabrjefum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

40. gr.

Ríkissjóður leggur bústofnslánadeild bankans til tryggingarfje að upphæði 1 miljón kr., þar af 700 þús. kr. í skuldabrjefum Viðlagasjóðs en 300 þús. kr. greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

41. gr.

Bústofnslánadeild hefir sjerstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

42. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabrjef, alt að sexfaldri upphæð tryggingarsjóðsins. Skal hverjum flokki bankavaxtabrjefanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra brjefa hvers flokks lokið innan 15 ára frá sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

43. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er deildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra brjefa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

44. gr.

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni. Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

45. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.

2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur. Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og sjeu í eigu lántakanda.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

46. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

47. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabrjefa og varasjóðsgjald við lántöku gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

48. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og varasjóðsgjald ¾% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert.

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni. Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.

Um rjett og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

49. gr.

Um vaxtabrjef og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

50. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rjett að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfje.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu, þótt veðbrjef sje ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

51. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 1½ milj. kr. í vaxtabrjefum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

52. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sjerstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt, svo og sjerstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sjerákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

VI. KAFLI.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.

53. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 þúsund kr. á ári til lánadeildar til smábýla í nágrenni kaupstaða og kauptúna.

54. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán innanlands eða utan, alt að 2 miljónum kr., handa lánadeildinni, til starfsemi þeirrar, er henni er ætlað að vinna samkvæmt lögum þessum.

55. gr.

Ríkissjóður afhendir Búnaðarbankanum lánsfjeð, en deildin stendur aftur ríkissjóði skil á vöxtum og afborgunum láns þess, er ríkissjóður hefir tekið í þessu skyni.

56. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla skal aðeins veita til smábýla í grend við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði vera skilyrði fyrir láni, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni.

57. gr.

Lán úr lánadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með 1. veðrjetti.
c. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga.

58. gr.

Lán mega nema alt að ¾ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotarjetti lands.

59. gr.

Hámark lánsfjárhæðar má vera 15000 krónur.

VII. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

60. gr.

Um þessa deild bankans gilda sjerstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VIII. KAFLI.

Sjerrjettindi bankans.

61. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bank-

anum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

62. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

63. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

64. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sje að láta mæta við uppboðið.

IX. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

65. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, alt að 50% af launum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

66. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

67. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

68. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

69. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

70. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

71. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

72. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

73. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

X. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

74. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Ed. **455. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	250000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1100000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1390000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	60000	
			1240000
	Flyt ...	... ...	2630000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2630000
11. Útflutningsgjald		1075000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13. Tóbakstollur	950000	
14. Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15. Annað aðflutningsgjald	200000	
16. Vörutollur	1350000	
17. Verðtollur	1500000	
		5200000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19. Pósttekjur	450000	
20. Símatekjur	1580000	
		2030000
21. Vínelnkasala		450000
Samtals ...	... ...	11420000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22.00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals ...	... ...	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 36000		
	b. Til risnu 8000		
		44000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	70000	
4.	Annar kostnaður	40000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	26200	
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. 900		
	b. Til pappírs og prentunar 12000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1000		
		13900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			210100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	12500	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
3.	Prentun eyðublaða	5000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			55500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	500	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	635700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	635700
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	701700
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		8450
Flyt ...	... ...	263450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	263450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Raudasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8. Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ...		1200
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig,		
Flyt ...	... ...	271350

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	271350
	segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..			13000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar			2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
12.	Holdsveikraspítalinn			70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7650	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
	3. Klæðnaður	1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
	5. Eldsneyti	6000		
	6. Ljósmeti	2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir..	600		
	12. Skattar o. fl.	4350		
	13. Ýmisleg gjöld	1500	62950	
			70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi			109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		6700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
		Flyt ... 65500	6700	468975

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6700	468975
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m..	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu...	2000		
		40325	
Mismunur ...		109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		1700	
Flyt ...		... ...	470675

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	470675
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Til Ólafs Stefánssonar á Ísafirði, upp í kostnað við að leita sjer lækninga í París við krabbameini í vjelinda	3000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r. Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1200	
s. Til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum, til þess að leita sjer lækningar erlendis	3500	
		189400
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	706575

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	105000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			207000
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	509500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 30000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 70000		
	4. Vesturlandsvegur 30000		
	5. Hrútafjarðarvegur 10000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 30000		
	8. Öxnadalsvegur 15000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 50000		
	Flyt ... 270000	... ...	46400

		kr.	kr.
	Flutt ...	270000	 46400
10.	Jökulsárhlíðarvegur	10000	
11.	Biskupstungnabraut	30000	
12.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	10000	
13.	Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu	15000	
14.	Vopnafjarðarvegur	10000	
			345000
	b. Viðhald og umbætur		240000
			585000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		200000
IV.	Til nýrrar dragferju á Hólsá hjá Artúnum í Rangárvallasýslu, helmingur kostnaðar, alt að ... ... enda verði leið þessi í tölu sýsluvega.		7500
V.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		60000
VI.	Fjallvegir		25000
VII.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300
			20300
VIII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		45000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		65000
			110000
IX.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
X.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
XI.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XII.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla ... ... enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		6000
XIII.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		3000
XIV.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		4000
	Samtals B. ...		 1073350

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		91500
	Samtals C. ...	... ...	375500
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II.	Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans í eynni um hóflegt starfsrækslugjald, alt að ...		10000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		350000
	Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.		
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	340000	
	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	105000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	Flyt ... 23600	830000	400000

		kr.	kr.
	Flutt ... 23600	830000	400000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
	17. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			859000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		180000
IX.	Áframhaldsgjald		25000
X.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
XI.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1575500
	E. Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
	1. Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
	2. Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
	3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		27000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
	Flyt ...	... ...	251300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251300
VI. Ýmislegt		60000
VII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		25500
VIII. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
IX. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að		3500
Samtals E. ...	... ...	347300

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a: Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

B. Kenslumál.		kr.	kr.
I. Háskólinn:			
a. Laun		93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...		1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði		500	
d. Til kenslu í söng		1000	
e. Til kenslu í bókhaldi		400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að		2000	
g. Námsstyrkur		15000	
h. Húsaleigustyrkur		9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans		2500	
j. Til kensluáhalda læknadeildar		1000	
k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2800	
l. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4000	
m. Önnur gjöld:			
1. Til ritara og dyravarðar ... ... auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.	4000		
2. Ýms gjöld	5000		
		9000	
n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta		750	
o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum		2500	
			144950
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs		8000	
d. Til Kristins læknis Björnssonar, til sjerfræðináms í París		1000	
			35500
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	700		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
Flyt ...	9700	74200	180450

		kr.	kr.
Flutt ...	9700	74200	180450
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	1500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Aðgerð á skólahúsinu	20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		67900	
			142100

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
3. Til bóka og kensluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
Flyt ...		... ...	388650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	388650
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	468450

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	468450
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2500			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9800		
		20900	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2400			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9200		
		19050	
3. Til steinsteypukenslu		4000	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43950
	Flyt ...	... ...	512400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	512400
IX.	Iðnfræðsla:		
a.	Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1200	
c.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d.	Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			12400
X.	Verslunarskólar:		
a.	Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b.	Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsaleigustyrkur 5000		
	Flyt ... 5000	... ...	547900

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	547900
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
		16000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			47000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	955150

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	955150
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til gagnfræðaskóla Reykjavíkur...		2000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar, alt að		60000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
4. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
5. Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, alt að		15000	
6. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
7. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		16000	
Flyt ...		166800	955150

	kr.	kr.
Flutt ...	166800	955150
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
8. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	2500	
		171300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
		14000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII. Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík		500
XIX. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
Flyt ...	3300	1165950

	kr.	kr.
Flutt ...	3300	1165950
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
		26300
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI. Ýmsar íþróttir:		
1. Til Íþróttasambands Íslands	6000	
2. Til Bandalags íslenskra skáta	500	
3. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu ...	4000	
4. Til glímufjelagsins »Ármanns«, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi	4000	
5. Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn	1500	
6. Til Skáksambands Íslands	1500	
		17500
Samtals B. ...	... ...	1211550

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
Flyt ...	19800	

	kr.	kr.
Flutt ...	19800	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
2. Þjóðskjalasafnið:		43060
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið:		14700
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu		
Flyt ...	... ...	84360

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	84360
	með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
	b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
			6000
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10.	Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11.	Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15.	Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
17.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
19.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
20.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
21.	Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ...		2000
22.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
23.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara		2000
	Flyt ...	... ...	128260

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	128260
24.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
25.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
26.	Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		600
27.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		2400
28.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
29.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
30.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
31.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
32.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
33.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
34.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
35.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
36.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
37.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
38.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
39.	Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands		2000
40.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
41.	Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
42.	Til norræns stúdentamóts í Reykjavík		10000
43.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
	Flyt ...	... ...	185760

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	185760
44.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
45.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
46.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
47.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
48.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
	Samtals ..	... ...	291760

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að ... ... Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		10000
3.	Til sandgræðslu ... ... Þar af skal verja 12000 kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, og 1500 krónum til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík í Hólshreppi, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.		53500
4.	Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		375000
6.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
	Flyt ...	... ...	698500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	698500
7.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
9.	Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að		15000
10.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
11.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
12.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
	c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
			21900
14.	Til fjárkláðalækninga		6000
15.	Til þess að búa til bráðapestarbóluefni		5000
16.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
17.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			15100
18.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	Flyt ...	27250	1015610

		kr.	kr.
	Flutt ...	27250	1015610
c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d.	Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e.	Til loftskeytatækja	800	
f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
h.	Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	3500	
i.	Vegna flugferða	3000	
			58100
19.	Til landmælinga		45000
20.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
21.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
22.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritsje.		
c.	Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
d.	— 4 ullarmatsmanna	2200	
e.	— 5 kjötmatsmanna	4100	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
23.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
24.	Til markaðsleitar erlendis		20000
25.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
26.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að		6000
27.	Til gerlarannsókna		2000
28.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
29.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		1000
	Flyt ...	... ...	1300610

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1300610
30.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
32.	Til sambands norðlenskra kvenna		450
33.	Til sambands austfirskra kvenna		300
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36.	Til landsfundar kvenna 1930		1000
37.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
39.	Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1800
40.	Laun húsagerðarmeistara		7250
41.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
42.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
43.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, alt að		6600
44.	Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts		10000
45.	Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
46.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla		6000
47.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
48.	Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
49.	Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að		1000
50.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar		1500
51.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
	Flyt ...	... ...	1373360

	kr.	kr.
Flyt ...	... ...	1373360
52. Til vatnsrenslismælinga		2000
53. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
		105000
54. Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
55. Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar...		20000
56. Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
57. Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
Samtals ...	... ...	1510060

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		600000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík...		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
Flyt ...	... ...	681000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	681000
7.	Til slysavarna, alt að ... ... Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		18000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til Minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi		2000
15.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
17.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsókn« í Reykjavík		500
18.	Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík«		200
19.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
20.	Til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		600
21.	Til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum		800
22.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
23.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ..	788800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27417,42	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
	Flyt ...	45213,39	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	45213,39	... ...
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5710,17	
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
— — — — 51 1921		250,00	
			54308,84
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
3. — Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis	405,00		
		1965	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	1200		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Ástu Hallgrímsson	600		
20. — Ástu Einarson	600		
21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
22. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
23. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1200		
24. — Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
		16325	
	Flyt ...	18290	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ...	18290	54308,84
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. Til Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600 00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445 00		
10. — Til Jens V. Hjaltalín	435,00		
		4715,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Leftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
Flyt ...	6648,47	23005,25	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	6648,47	23005,25	54308,84
25. Til Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
28. — Elínar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
29. — Arndísar Pjetursdóttur	137,93		
30. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
31. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
		8121,59	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	800,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonur	1800,00		
13. — Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14. — Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
		6810,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar...	300		
3. — Hallgríms Krákssonar	400		
4. — Jóhanns Jónssonar	200		
5. — Þóru Matthíasdóttur	300		
6. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
Flyt ...	2000	37936,84	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	2000	37936,84	54308,84
8.	Til Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
23.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	400		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
25.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
			10750,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal	2000		
			22400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
	Flyt ...	1400,00	71086,84	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	1400,00	71086,84	54308,84
6.	Til 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
			3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13.	— Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
14.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
15.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
16.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
17.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
18.	— Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
19.	— Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
20.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
21.	— Páls Erlingssonar	1200		
22.	— Erlends Zakaríassonar	300		
	Flyt ...	8500	74486,84	54308,84

			kr.	kr.
		Flutt ... 8500	74486,84	54308,84
23.	Til	Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
24.	—	Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
25.	—	Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 400		
26.	—	Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200		
27.	—	Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar 400		
28.	—	Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar 300		
29.	—	Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 500		
30.	—	Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
31.	—	Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
32.	—	Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
33.	—	Halldóru Pjetursdóttur Briem ... 600		
34.	—	Kristjönu Benediktsdóttur 400		
35.	—	Bjargar Guðmundsdóttur 400		
36.	—	Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
37.	—	Henriette Kjær 600		
38.	—	Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
39.	—	Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2500		
40.	—	Guðjóns Guðlaugssonar... 1200		
41.	—	Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
42.	—	Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey 300		
43.	—	Halldóru Þórðardóttur 600		
44.	—	Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu 500		
			20300,00	
		Flyt ...	94786,84	54308,84

	kr.	kr.
Flutt ...	94786,84	54308,84
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	2400,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l. Lífeyrir bjónanna á Staðarfelli	3000,00	
		101186,84
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		59638,27
Samtals ...	... ...	215133,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1930 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.			1295536,00
—	8. —			60000,00
—	9. —			229350,00
—	10. —			369100,00
—	11. — A.	701700,00		
—	11. — B.	192000,00		
			893700,00	
—	12. —			706575,00
—	13. — A.	509500,00		
—	13. — B.	1073350,00		
—	13. — C.	375500,00		
—	13. — D.	1575500,00		
—	13. — E.	347300,00		
			3881150,00	
—	14. gr. A.	314650,00		
—	14. — B.	1211550,00		
			1526200,00	
		Flyt ... kr.		8961611,00

		Flutt ... kr.	8961611,00
Samkvæmt	15. gr.		291760,00
—	16. —		1510060,00
—	17. —		788800,00
—	18. —		215133,95
—	19. —		100000,00
—	20. —		10000,00
			kr. 11877364,95

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.		11420000,00
—	3. —		34600,00
—	4. —		205000,00
—	5. —		170000,00
			kr. 11829600,00
		Tekjuhalli kr.	47764,95

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir

tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til símalagninga:
   a. Í Austur-Skaftafellssýslu 4000 kr.
   b. Í Vestur-Skaftafellssýslu 6000 —
   c. Í Skagafjarðasýslu 2000 kr.

   Vextir af lánum þessum sjeu 6% og lánin endurgreiðist á 10 árum.
7. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi, Suðurfjarðahreppi og Ostagerðafjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.
III. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að ljetta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sjer að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.
IV. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

V. Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

VI. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, alt að 225 þús. kr.

VII. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjahjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir 100 þús. kr., og taka til þess lán, alt að sömu fjárhæð.

VIII. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

IX. Að ábyrgjast alt að 450 þús. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

X. Að ábyrgjast alt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XI. Að ábyrgjast alt að 60 þús. króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XII. Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

XIII. Að taka lán til húsbygginga handa landssímamanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

XIV. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, ef hann lætur af embætti.

XV. Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **456. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykt með nokkrum breytingum.

Við 1. lið frumvarpsgreinarinnar leggur nefndin aðeins til lítilsháttar breytingu.

Við 2. lið hefir nefndin ekkert að athuga.

3. liðinn vill nefndin orða á annan veg en í frv. og fella hann inn í gildandi lög á tveim stöðum, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að liðurinn myndi nýja málsgrein í lögunum. Loks leggur nefndin til, að við frv. sje bætt tveim nýjum greinum, er ekki virðast þurfa skýringa við.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. 2. Liðurinn verði 1. liður og skal orðast svo:
   5. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:
   Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rjett að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.
2. Við 1. gr. 1., sem verður 2. Á eftir orðunum »fyrir slík störf« komi: með hliðsjón af kaupgjaldi í því hjeraði.
3. Við 1. gr. 3. Liðurinn orðist þannig:
   6. málsgrein laganna skal orða svo:
   Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fje greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingum en eftir gjaldskrá hjeraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.
4. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og á eftir henni komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

b. Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Alþingi, 29. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **457. Nefndarálit**

um frv. til laga um íbúð í jarðhúsum.

Frá allsherjarnefnd.

Allir nefndarmenn eru sammála um það, að ýms ákvæði frv. þessa verði til bóta, ef það verður að lögum, og að rjett sje og nauðsynlegt að hefjast nú þegar handa um löggjöf, er miðar til þess að bæta eða útrýma hinum ljelegustu íbúðum, sem nú eru notaðar. Að vísu er heilbrigðisnefndum fengið í hendur nokkurt vald í þessu efni í heilbrigðissamþyktum kaupstaðanna, en hvergi nærri nógu víðtækt, eins og reynslan sýnir, því óhætt er að fullyrða, að búið sje a. m. k. í Reykjavík í íbúðum, og þá sjerstaklega kjallaraíbúðum, sem ekki ættu að vera mannabústaðir.

Formanni nefndarinnar (J. Bald.) þykir þó frv. ekki ganga nógu langt og vill með öllu banna, að kjallaraíbúðir verði í húsum, sem hjer eftir verða reist. Mun hann bera fram brtt. við frv., er fara í þá átt.

Hinum nefndarmönnunum þykir varhugavert að fara lengra en frv. þetta gerir, óttast sjerstaklega, að það myndi verða til þess, að húsaleiga, að minsta kosti hjer í Reykjavík, myndi hækka að miklum mun, ef lengra væri gengið.

Nefndin fellir sig ekki við orðið »jarðhús«, vill heldur nota orðið »kjallari«, sem búið er að fá festu í málinu.

Þá telur nefndin það og rjett að setja í frv. ákvæði um það, að gluggar í kjallaraíbúðum nái ekki niður að jörð, svo ekki renni vatn inn um þá og hægara sje að opna þá. Hinsvegar þykir, eins og aðalflutningsm. benti til við 1. umr. málsins, gerlegt að mjókka svæði það, sem ræðir um í 3. tölul. 1. gr., niður í 3 m.

Meiri hl. allsherjarnefndar ræður háttv. deild til þess að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna »jarðhúsum (kjöllurum)« í 1. málsgr. komi: kjöllurum (jarðhúsum).

b. 1. tölul. orðist svo:

Að kjallarinn sje ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.

c. Í stað »6 m.« í 3 tölul. komi: 3 m.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í öllum kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, er heimilt að banna íbúð í kjöllurum, ef þeir fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem talin eru í 1. gr.

3. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal halda sjerstaka skrá yfir allar kjallaraíbúðir í kaupstaðnum eða kauptúninu.

4. Við 4. gr.

a. Í stað orðanna »velja úr . . . jarðhúsaíbúðum« komi: og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru, og aldrei færri en $^1/_{30}$ af öllum kjallaraíbúðum kaupstaðarins eða.

b. Í stað orðsins »jarðhúsaíbúðir« síðar í sömu gr. komi: kjallaraíbúðir.

5. Við 5. gr. Í stað orðsins »jarðhúsi« komi: kjallara.

6. Við fyrirsögn. Í stað orðsins »jarðhúsum« komi: kjöllurum.

Alþingi, 29. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form. Með fyrirvara.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Jóh. Jóhannesson, frsm.

Ed. **458. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **459. Breytingartillögur**

við frv. til laga um íbúð í jarðhúsum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. 1. grein skal orða svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka

kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem bygð eru hjer eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. Í stað 2. til 5. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn í kaupstað og hreppsnefnd í kauptúni velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru, og aldrei færri en $^1/_{20}$ af öllum kjallaraíbúðum kaupstaðarins og kauptúnsins, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er. Skulu þannig allar kjallaraíbúðir í kaupstöðum og kauptúnum horfnar á 20 árum.
   b. Skaðabóta verður ekki krafist, þótt bönnuð sje íbúð í kjallara.
   c. Nú verður ágreiningur um það, hvað skuli teljast kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hjeraðslæknis.
   d. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.
3. Fyrirsögn frv. skal vera:

Frumvarp til laga um íbúð í kjöllurum.

Nd. **460. Breytingartillögur**

við frv. til laga um refarækt.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 1. gr. Greinin fellur burt.
II. Við 2. gr. Greinin verður 1. gr.
III. Við 3. og 4. gr. Í stað 3. og 4. gr. kemur ein grein, er svo hljóðar:
Nú eru refir fluttir úr landi lifandi, og skal þá fylgja hverri sendingu vottorð dýralæknis um heilbrigði dýranna.
IV. Við 5. gr. Greinin verður 4. grein.

Ed. **461. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 13. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Ríkissjóður leggur til tryggingarfje fyrir skuldbindingum veðdeildarinnar, að upphæð 1250000 kr., í skuldabrjefum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabrjefum eigi ótryggari.
2. 14. gr. Greinin falli burt.
3. Við 16. gr. Fyrir »stofnsjóðsins« í 3. málsgr. komi: tryggingarfjárins.
4. Við 18. gr. Fyrir »stofnsjóður« komi: tryggingarfje.

5. Við 34. gr. Orðin »og stofnsjóðs« falli burt.
6. Við sömu gr. Fyrir »úr stofnsjóði« komi: af tryggingarfje — og fyrir »stofnsjóður« komi: tryggingarfje.
7. Við 40. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur til tryggingarfje fyrir skuldbindingum bústofnslánadeildar, að upphæð 700 þús. kr., í skuldabrjefum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabrjefum eigi ótryggari. Ennfremur leggur ríkissjóður deildinni til stofnsjóð, að upphæð 300 þús. kr., er greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

8. Við 42. gr. Fyrir »tryggingarsjóðsins« komi: tryggingarfjár og stofnsjóðs.
9. Við 43. gr. Fyrir »tryggingarsjóður« komi: tryggingarfje og stofnsjóður.

Nd. **462. Frumvarp**

til laga um gjaldþrotaskifti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða fjelags er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafist af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrotna sína og á ekki nægilegt fje til greiðslu skulda sinna.
2. Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, er strokið hefir af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sje hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrotnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin fjelög, firmu eða einstakir menn, er reka verslun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur —, sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verslunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrotni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrotni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sje á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrotna eða skuldunaut eða hvoratveggju, og krafist skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rjett að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrotna. Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins, nema með samþykki þrotamanns, fyr en fullnaðardómur er genginn, nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrotna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtingablaðinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrotna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skylt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal þrotamaður tafarlaust leiddur fyrir lögreglurjett og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fjenu hafi verið varið. Hafi þrotamaður verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sjerfróða menn endurskoða

bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanns, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.

Sje um fjelag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurjetti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögreglurjettinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort þrotamaður hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sje ástæða til þess að ætla, að þrotamaður eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó altaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum.

Ef dómara hinsvegar finst það bert af lögreglurjettarrannsókninni, að þrotamaður eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða rjettindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verslunarbækur eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni, án þess að ætla sjer að greiða þær, sóa fje sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undangenginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn þrotamanni, stjórn eða framkvæmdarstjóra gjaldþrota fjelags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla má að eigi sök á afbrotunum.

Reynist þrotamaður eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að þrotamaður eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis sjeu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjóskast við að láta í tje upplýsingar við uppskrift á eignum búsins eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því, sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuði.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sje örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fje búsins, sjer og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrotnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldþrot byrja, skal þrotamaður tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur þrotamanni, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiftunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, lagaákvæða eða annara sjerstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldþrotaskifti byrja, getur enginn öðlast rjett á hendur búinu með samningum við þrotamann, nje losast undan skyldum, er á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við þrotamann áður en skiftin eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist þrotamanni arfur meðan á skiftum stendur, rennur arfurinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er þrotamanni hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið þrotamanni til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign þrotamanns áður, ef búið greiðir andvirðið á rjettum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sjer inn meðan á skiftum búsins stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrotnar hafa á hendur þrotamanni, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sje miðað við, hvað miklu það varði lánardrotna að fá kröfurnar greiddar.

Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í

gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem þrotamaður kann að hafa samið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrotni þá eigi verið kunnugt um, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, nje lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldjafna við kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sjer. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldjafna við kröfu búsins á hendur sjer, og gæta þess sem auðið er, að til skuldjafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður en liðinn sje innköllunarfrestur, nje heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sje með því gagnkröfurjetti.

18. gr.

Hafi þrotamaður tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað frá því að gjaldþrotaskifti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið. En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að bíða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum áður en hann varð gjaldþrota greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hann hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sje greitt, þá getur búið riftað greiðslunni og krafist þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er þrotamaður hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef þrotamaður sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er þrotamaður hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að

hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiða, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi þrotamaður á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrotnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje, þá getur búið krafist þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sje rift og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, sjeu líkur til þess, að lánardrotni hafi verið kunnugt um ástæður þrotamanns, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greina hjer á undan, á hann rjett á því, að honum sje greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við þrotamann, umfram það, er hann fjekk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið.

Sje eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi mist þennan rjett við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, af þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, et þrotamaður átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að þrotamaður átti þá ekki nægilegt fje fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun þrotamanns líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slíkur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu tveim árunum áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu varið meiru fje en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaupa lífeyri eða lífsábyrgð eða þesskonar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sjer þann rjett, er þrotamaður hefir sjálfur, til þess að slíta samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfleifanda og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að þrotamaður átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi þrotamanns kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á þrotamanni.

Hafi þrotamaður gert kaupmála tveim árum eða skemri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt þrotamaður hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemri tími sje liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem sjereign öðlast samkvæmt kaupmálanum.

Hafi þrotamaður afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema þrotamaður sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við þrotamann, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að krefjast munanna eða rjettindanna, eða andvirði þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta rjettar síns.

29. gr.

Hafi þrotamaður á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörslum hans, þegar skiftin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafist þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við þrotamann, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi.

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrotna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestarjettarmál, og er varnarþing málsins heimili þrotamanns. Mál skal höfða tafarlaust, þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búsins.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskifti á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftameðferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiftir, að ávaxta í banka eða sparisjóði fje gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrotnar eða erfingjar njóti vaxta af inneign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sjerstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fje, er búunum berst.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafist, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann áliti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sjer, og getur hann þá krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrotna, má hvenær sem vill afhenda þrotamanni bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrotnum, sem hafa gefið sig fram með kröfur á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sje greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Þegar öðruvísi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrotna.

36. gr.

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiftafundur samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19, 4. júní 1924.

Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu, eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum um efni og form þessara auglýsinga. Auglýsingakostnaður greiðist af almannafje.

38. gr.

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti, sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. **463. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sje hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrjetti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **464. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-eftir-

lit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu. Brunabótafjelag Íslands annast um allan kostnaðinn úr því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **465. Lög**

um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Stofan skal starfa á svo fullkominn vísindalegan hátt sem auðið er, og skal verkefni hennar vera:

1. að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfje landsmanna, svo sem bráðapestar, lungnaormaveiki, Hvanneyrarveiki, fjöruskjögurs o. fl., og reyna að finna aðferðir til að lækna þessa sjúkdóma og afstýra þeim.
2. rannsókn fóðurefna og fjörvirannsóknir (vitamína) í lýsi og öðrum fóðurvörum og matvælum.
3. rannsókn verkunarskemda í kjöti, fiski og öðrum land- og sjávarafurðum.
4. rannsókn þaragróðurs og jurta með tilliti til fóðurgildis, sem og jurtasjúkdóma.
5. aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar.

Haga skal allri starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins.

Eftir því sem við verður komið, skal rannsóknarstofan inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfjelags Íslands og stjórn Fiskifjelags Íslands.

3. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins og skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna skal skylt að láta stofunni aðstoð sína í tje, hverjum á sínu sviði, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt, gegn þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra getur sett um þetta efni.

Sömuleiðis skal efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu há-

skólans skylt að inna af hendi fyrir stofuna þau störf, sem þessar stofnanir hafa tæki til, en hún ekki, en annars kveður atvinnumálaráðherra á í samráði við læknadeild háskólans, hversu sambandi þessara stofnana allra megi koma haganlegast fyrir.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra getur í samráði við forstöðumann rannsóknarstofunnar falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfje, með því markmiði, sem stofan starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega mentun til starfans, og fær honum nauðsynlega aðstoð. Laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar skulu ekki vera hærri en laun prófessora háskólans.

Stofan skal búin þeim áhöldum og henni fengið það húsnæði, sem þarf til þess að hún geti rækt starf sitt með sem bestum árangri.

6. gr.

Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði, og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fje til annars rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Greitt skal fyrir starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstöðumanns.

Nd. **466. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 2. málslið bætist: sbr. þó 3. gr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo látandi:

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar úr ríkissjóði.

(Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.)

Greinargerð.

Með breytingum þessum er frv. fært í samt lag og það fór hjeðan úr deildinni. Þess misskilnings hefir orðið vart, að hjer sje um bætur að ræða

til veiðieiganda úr ríkissjóði. Svo er alls ekki. Hjer ræðir um það eitt, að ríkissjóður hætti að hafa tekjur af friðun sels í einhverri bestu laxá landsins, bændum til óþurftar og landinu til lítils sóma. Nú er laxklak stundað af kappi af laxveiðieigendum, en það er ofraun að ætlast til, að það sje gert til að fóðra ríkisselinn fyrir Arnarbælislandi.

Nd. **467. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Hjeðni Valdimarssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 6. gr. komi:

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar og fyrir kauptún, er þar kynni að koma upp.

Nd. **468. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin telur mikla nauðsyn á að setja lög um loftferðir, því gera má ráð fyrir, að flogið verði á Íslandi og yfir Ísland framvegis. Á þessu sumri hafa ekki færri en fjórir erlendir menn tilkynt væntanlega komu sína, á leið milli Evrópu og Ameríku, og má af þessu ráða, að nauðsynlegt sje þegar á þessu þingi að setja svipuð lög og flestar Evrópuþjóðir hafa þegar komið á hjá sjer.

Nefndin telur rjettara að fyrirbyggja alveg, sjerstaklega með tilliti til erlendra flugmanna, er hingað kunna að koma, einkum ef ófrið bæri að höndum, að flytja megi sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki í loftförum, og leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.
2. Við 31. gr. Í síðustu málsgrein falli burt orðin »og sje hann miðaður við lífskjör hins dána«.

Alþingi, 29. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hannes Jónsson, fundaskr.
Sigurjón Á. Ólafsson. Jón A. Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **469. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði $^{3}/_{5}$ kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $^{2}/_{5}$ kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með minst $^{2}/_{3}$ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi

nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar og fyrir kauptún, er þar kynni að koma upp.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og alt að $^1/_2$ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð alt að $^1/_2$ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Alt að $^1/_2$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að $^1/_4$ hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja alt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.

Nd. **470. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna »hinn 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. laugardagur í júlímánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **471. Frumvarp**

til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykt, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum, alt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánið veitist til 40 ára, með 5% vöxtum og jöfnum afborgunum, en sje vaxta- og afborgunarlaust þangað til lendingin er nothæf. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sje falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, alt að 15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sjer.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera

neitt mannvirki til lendingarbóta, nje heldur halda þar út bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir nje taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, nje endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar alt að 6‰ af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er út til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um alt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **472. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr. Annar málsl. falli niður.

Ed. **473. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 18. gr. Á eftir frv.greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

33. gr. laganna skal orða svo:

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú ganga sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni á sama ári, áður en kjörtímabil þeirra er útrunnið, og skal þá hreppsnefnd láta kjósa í stað þeirra og gildir sú kosning til næsta manntalsþings. Til kjörfundar skal þá boða skriflega, með að minsta kosti 8 daga fyrirvara.

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

Nd. **474. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni sýslunefndar Strandasýslu, og sjer

nefndin ekkert á móti því að taka beiðni þessa til greina, og leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr. Magnús Torfason.
Hákon Kristófersson. Magnús Guðmundsson.

Nd. **475. Nefndarálit**

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin um málið. Minni hlutinn (M. G. og H. K.) er á móti frumvarpinu og gerir grein fyrir skoðun sinni í sjerstöku áliti, en meiri hlutinn (M. T., Gunn. S. og H. V.) vill ljá málinu stuðning sinn.

Meiri hlutinn er sammála um, að nauðsyn beri til styrks af hálfu hins opinbera til að bæta húsakynni verkafólksins í kaupstöðum og hefir til samkomulags fallist á breytingartillögur þær við frumvarpið, sem atvinnumálaráðherra hefir flutt á þskj. 429. Eru með þeim gerðar allmiklar breytingar á frumvarpinu, og eru þær helstar, *að* samvinnufjelögum verkamanna er ætlað að koma upp byggingunum, *að* ríkissjóðsstyrkurinn er einungis ætlaður til þess að greiða árlegan vaxtamun, en greiðist ekki í eitt skifti fyrir öll, og *að* byggingarsjóðir kaupstaðanna eru gerðir sjálfstæðari heldur en ettir frumvarpinu.

Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frumvarpinu og breytingartillögunum í framsögu.

Einn nefndarmaður (H. V.) áskilur sjer rjett til að koma með nokkrar breytingartillögur við 3. umræðu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. Með fyrirvara. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr. Magnús Torfason.

Ed. **476. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Á ettir 39. gr. skal koma ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að fresta fyrst um sinn framkvæmd þessa (III.) kafla laganna um veðdeild bankans.

2. Aftan við 52. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að fella úr gildi samning þann, er gerður var við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, samkvæmt 27. gr. laga nr. 17, 18. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.
3. Á eftir 54. gr. skulu koma 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Lánin ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sje 5% í 42 ár.
   b. Ef árgreiðslur þær, er deildin fær, hrökkva eigi til greiðslu vaxta og afborgana af lani ríkissjóðs samkv. 42. gr. þessa kafla, skal greiða mismuninn af tillagi ríkissjóðs. Að öðru leyti má verja tillagi ríkissjóðs til útlána. Verði árgreiðslur hærri en greiða þarf til ríkissjóðs, má verja afganginum til nýrra lána.
   c. Nú verða ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign, sem stendur í skuld við lánadeild smábýla, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar Búnaðarbankans. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs, að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.
   Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust; þá skal og endurgreiða lánadeildinni allar vaxtagjafir frá því lánið var tekið, ásamt vaxtavöxtum. Þetta gildir þó eigi, þegar eigendaskifti verða fyrir fullkomna erfð. Um innheimtu lána og heimild til þess að selja veð skulu gilda ákvæði 35. gr. þessara laga, eftir því sem við á.
   d. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um stærð lands, fyrirkomulag bygginga og um annað, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að lánsfjenu sje varið samkvæmt tilgangi lánadeildar og til þess, að það komi að tilætluðum notum fyrir lántakendur.
4. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Ed. **477. Nefndarálit**

um frv. til laga um hjeraðsskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin felst á, að frumvarp þetta nái fram að ganga, en leggur þó til að gerðar sjeu við það svofeldar

BREYTINGAR:

1. Við 10. gr. Á eftir orðinu »íþróttum« bætist inn í greinina: eigi skemur en sex vikur.

2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla um þriðjung eða meira frá meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, alt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.
3. Við 13. gr. Síðari málsliður orðist svo:
   Skal annar valinn af fjelagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Jón Jónsson, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Ed. **478. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Halldóri Steinssyni.

1. Við 53. gr. Á eftir orðunum »50 þúsund kr. á ári« komi: í 6 ár.
2. Á eftir 59. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í reglugerð bankans skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

Ed. **479. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lánsfjelög.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr. Orðið »samvinnukaupfjelaga« falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. a. Aftan við liðinn bætist: Eigi geta þeir menn orðið fjelagar, sem standa beint eða óbeint í sjálfskuldarábyrgð fyrir önnur fjelög eða fjelagssambönd.
4. Við 4. gr. d. Aftan við liðinn bætist: Skal varasjóðurinn jafnan vera eign fjelagsins og fjelagsmanna, einnig við fjelagsslit.
5. Við 4. gr. e. Liðurinn orðist svo:
   Fjelagsmaður getur sagt sig úr fjelaginu, en gera skal hann það skriflega, að minsta kosti 6 mánuðum áður en aðalfundur er haldinn, og gildir þá úrsögn hans frá aðalfundardegi.

Uppgerð úrsegjanda við fjelagið miðast við efnahag þess og tölu fjelagsmanna við þess árs lok, er hann segir sig úr fjelaginu, og skal inneign úrsegjanda greiðast honum innan 6 mánaða eftir aðalfundinn, en ekkert ber honum af varasjóði eða öðrum eignum fjelagsins. Hrökkvi eignir fjelagsins, að meðtöldum varasjóði, ekki fyrir skuldum, skal úrsegjandi greiða sinn hlut af því, sem á vantar. Hlutur hans skal ákveðast á þann hátt, að deila summunni, sem eignir eru ekki til fyrir, með tölu fjelagsmanna.

6. Við 4. gr. f. Á undan f-lið komi nýr f-liður, svo hljóðandi:
Heimilt er lánsfjelögum innan takmarka hverrar sýslu að mynda samband til að annast innkaup á vörum, vörusölu, lántökur og endurskoðun hjá fjelögum þeim, sem í sambandinu eru. En eigi mega lánsfjelögin ganga í neinskonar ábyrgð fyrir samband sitt nje önnur fjelög.
7. f-liður verði g-liður.
8. Á eftir 5. gr. komi ný 6. gr., svo hljóðandi:
Á fjelagsfundum og í allri fjelagsstarfseminni skulu útilokaðar allar umræður eða ráðstafanir trúarbragðalegs eða stjórnmálaeðlis.
9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Meðlimir lánsfjelaga skulu aðeins greiða helming lögákveðinna þinglestrargjalda og stimpilgjalda. Svo eru lánsfjelögin undanþegin lögskráningargjöldum.

Nd. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað fallist á að mæla með framgangi þessa máls, hvorki í þeim búningi, sem það hefir frá hendi hv. flm. (H. V.), nje þeim, sem það hefir eftir brtt. hæstv. atvinnumálaráðherra (Tr. Þ.).

Frv. og brtt. virðist eiga að vinna að svipuðu marki í kaupstöðum og vakti fyrir að því er sveitir snertir, þegar lögin um Byggingar- og landnámssjóð voru sett. En hjer er að öðru leyti ólíku saman að jafna. Fólk þyrpist úr sveitum til kaupstaðanna, svo að til vandræða horfir víða í sveitum. Ef frv. þetta verður samþykt, hlýtur það að örva enn meir brottflutninginn úr sveitunum, en það teljum við bæði rangt og í ósamræmi við gerðir þingsins áður. Fyrir sjónum þeirra, sem vilja halda við bygðunum í sveitum, hlýtur það að vera rangt að teygja fólk í kaupstaðina með loforðum um ódýrar íbúðir með öllum nútímaþægindum, loforðum, sem ekki nema tiltölulega fáir geta notið góðs af, en gint fjölda manna.

Það sýnist rangt að gera þá ekki kauptúnum landsins sömu skil og kaupstöðum.

Búast má við, að frv. þetta, ef að lögum verður, baki ríkissjóði árleg

útgjöld, er nema 70—100 þús. kr., og kaupstöðunum annað eins. Við teljum varhugavert að leggja svo mikil föst útgjöld á í því augnamiði, sem hjer ræðir um. Við sjáum ekki eins og stendur, að ríkið geti tekið á sig að byggja upp kaupstaðina; teljum það því um megn, jafnvel þótt rjett þætti að öðru leyti.

Ennfremur má benda á, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til verkamannabústaðanna getur orðið mikil og alls ekki hættulaus.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Hákon J. Kristófersson, frsm. Magnús Guðmundsson.

Ed. **481. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Bætur þessar skulu þeir, er laxveiðirjett eiga á hverjum tíma í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, inna af hendi að tiltölu eftir veiðimagni, samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan, sbr. þó 3. gr. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar úr ríkissjóði.

4. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 10 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin geti eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **482. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði og $^1/_3$ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en $^1/_4$ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu regl-

um og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Nd. **483. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera skiftimynt, er gjaldgeng sje hjer á landi, og sje gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.

III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um alt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar, og ákveða hámarksverð á þeim.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, alt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed. **484. Lög**

um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

Fyrir orðin »enda hafi þeir leyst« í 52. gr. laganna komi: enda leysi þeir.

Orðin »innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa« í niðurlagi sömu greinar laganna falli burt.

Ed. **485. Lög**

um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu jörðina Laugaland í Reykhólahreppi.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Ed. **486. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd Nd. hefir flutt frv. þetta að ósk atvinnumálaráðherra. Hefir það komið í ljós við framkvæmd laga um kynbætur hesta, að ýms ákvæði laganna eru ekki alstaðar skilin á sama veg. Hafa af því spunnist þrætur og eftirgrenslanir um rjettan skilning laganna.

Frv. þetta er því að mestu leyti viðbót við nefnd lög, þar sem farið er fram á, að atvinnumálaráðherra sje gefin heimild til að ákveða með reglugerð um þessi vafa-atriði.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Jón Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.

Ed. **487. Breytingartillaga**

við brtt. 1. á þskj. 451 [Kosningar í sveitamálum og kaupstaða].

Frá Jóni Þorlákssyni.

Aftan við málsgreinina bætist orðin: sjálfs sín.

Ed. **488. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 451 [Kosningar í sveitamálum og kaupstaða].

Frá Jóni Baldvinssyni og Ingibjörgu H. Bjarnason.

Aftan við 1. breytingartillöguna bætist:

enda verið sviftir fjárforráðum fyrir þessar sakir. Þetta tekur þó ekki til maka þess, er þannig er sviftur fjárforræði.

Ed. **489. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 473 [Kosningar í sveitamálum og kaupstaða].

Frá Guðm. Ólafssyni.

2. málsgrein breytingartillögunnar orðist svo:

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minsta kosti 8 daga fyrirvara.

Nd. **490. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rjett til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rjett við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.

6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis sjálfs sín.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: »borgarstjóra (bæjarstjóra)« falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa, nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

11. gr.

10. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá

í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista,

sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar, og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rjett til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rjett til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða $^1/_6$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

17. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

18. gr.

31. gr. laganna, sem er ný grein, hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sjerstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrjett í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sje einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurjett í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sje jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufje, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykt ákveðið að setja sjerstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

19. gr.

33. gr. laganna skal orða svo:

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minsta kosti 8 daga fyrirvara.

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

20. gr.

Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar

til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafist, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

VI. kafli.
Niðurlagsákvæði.

21. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr. og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **491. Tillaga**

til þingsályktunar um geymslurúm fyrir innlendar kartöflur, vátrygging á þeim o. fl.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka:

1. Á hvern hátt best verði komið á innlendri vátryggingu á kartöflum, svo að þær verði bæði trygg og veðhæf eign.
2. Hvernig best verði greitt fyrir því, að landsmenn geti sem fyrst fullnægt eigin þörfum um notkun þessarar nytjajurtar.

Að loknum þessum rannsóknum leggi stjórnin fyrir næsta þing lagafrumvarp um þessi mál, og sje þar einnig ákveðið, að úr ríkissjóði skuli veittur styrkur og lán til þess að koma upp hæfilega stórri og öruggri kartöflugeymslu í Reykjavík og víðar á landinu, þar sem svipuð skilyrði eru fyr-

ir hendi. Er ætlast til þess, að styrkur þessi og lán verði veitt fjelagsskap kartöflufframleiðenda, þeirra, er hlut eiga að máli á hverjum stað, eða öðrum þeim fjelagsskap, sem þeir kynnu að fela framkvæmdir í þessu efni.

Nd. 492. Nefndarálit

um frv. til laga um dóm í vinnudeilum.

Frá öðrum minni hl. allsherjarnefndar.

Þar sem ítarleg greinargerð fylgdi ekki frv. til laga um breyting á lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum, nr. 55, 27. júní 1925, sem 2. þm. Árnesinga og jeg fluttum, þykir mjer rjettara að gera nokkra grein fyrir sjerstöðu minni í þessu máli.

Þegar við komum okkur saman um að flytja sjerstakt frv., var tilætlun mín sú, að reyna samkomulagsleið þá, er báðir aðiljar gætu unað við í þessu viðkvæma máli. Eins og kunnugt er, hafa lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum orðið að allverulegu gagni þann stutta tíma, er þau hafa staðið, og má gera ráð fyrir, að í framtíðinni muni einnig oft takast að ráða kaupdeilum til lykta með þessu fyrirkomulagi. En fari svo, eins og kom fram í síðustu kaupdeilu, að sáttasemjara takist ekki að miðla málum, er í frv. gert ráð fyrir gerðardómi með samkomulagi beggja aðilja. Gerðardómur þessi hefir raunar þann ágalla, að hann getur því aðeins starfað, að báðir aðiljar samþykki hann, en hefir hinsvegar þann kost, að sá aðili, sem hafnar gerðardómnum, hlýtur að fara á mis við þann stuðning almenningsálitsins, sem nauðsynlegur er til að leiða hverja kaupdeilu farsællega til lykta. Jeg hefi þá trú á náttúrugreind og heilbrigðum hugsunarhætti íslensku þjóðarinnar, að jeg vænti þess, að frjálsir gerðardómar í kaupdeilumálum mundu verða að gagni hjer á landi.

Eins og kunnugt er, hafa fáar menningarþjóðir reynt að leysa vinnudeilumál með þvinguðum vinnudómi, enda gefist misjafnlega hjá þeim, sem reynt hafa, þótt þær hafi getað notið stuðnings bæði hervalds og lögregluvalds.

Hjer á landi vantar í raun og veru bæði hervald og lögregluvald, og ræður því af líkum, hverjir örðugleikar yrðu á framkvæmd þvingaðra gerðardóma.

Vort víðfræga, forna lýðveldi leið undir lok aðallega af því, að það skorti vald til framkvæmdar dómum. Vjer Íslendingar ættum því að hafa lært af því að setja ekki dóma, sem við höfum ekki framkvæmdarvald til að framfylgja.

Þótt jeg því af framanskráðum orsökum muni að þessu sinni greiða atkvæði á móti vinnudómi þeim, sem nú liggur fyrir Alþingi, þá er engan veginn sagt, að jeg muni greiða atkvæði gegn honum síðar, ef kaupkröfur verkalýðsins aukast alment og verkföllin magnast.

Mjer er það ljóst, að ríkið þolir það ekki til lengdar, að greitt sje hærra kaup hjer en hjá nágrannaþjóðunum, og jeg tel rjettara að bæta kjör íslensks verkalýðs, sem alls góðs er maklegur, á annan hátt, svo sem t. d. með lækkun á húsaleigu og lækkun á tollum á nauðsynjavörum.

Fari nú svo, að aðiljar vilji ekki hlíta frjálsum gerðardómi, mun jeg leggja til, að borið verði undir þjóðaratkvæði, hvort komið skuli á þvinguðum vinnudómi, og sýni atkvæðagreiðsla þessi, að verulegur meiri hluti þjóðarinnar fylgi honum, verður ríkið að koma á fót svo öflugu lögregluliði, að það geti framfylgt dómum þeim, er vinnudómur kveður upp, að minsta kosti að því leyti, að veita þeim vernd, er vilja vinna.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Ed. **493. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta frumvarp er komið frá neðri deild og hefir verið samþykt þar óbreytt eins og það var lagt fyrir þá deild. Nefndin er sammála um, að frv. nái fram að ganga. Einn nefndarmaður, Ingvar Pálmason, hefir þó sjerstöðu til málsins að því leyti, að hann vill gera á frv. nokkrar breytingar.

Af ofantöldu leggur öll nefndin til, að frumvarpið nái fram að ganga. Tveir nefndarmenn, Erlingur Friðjónsson og Halldór Steinsson, fylgja frumvarpinu óbreyttu, en einn nefndarmaður, Ingvar Pálmason, mun flytja við það nokkrar breytingar.

Alþingi, 1. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr. Með fyrirvara.	H. Steinsson.

Nd. **494. Tillaga**

til þingsályktunar um Borgarnesbát.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera teikningu af skipi, er hentugt sje til ferða á milli Borgarness og Reykjavíkur, og leita tilboða í byggingu þess, hvorttveggja fyrir næsta þing.

Ed. **495. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við teljum hækkun þá á launum yfirsetukvenna, sem frv. fer fram á, vera meiri en svo, að með því haldist nauðsynlegt samræmi milli þeirra launa og launakjara ýmsra annara starfsmanna, sem nú hafa á hendi launuð aukastörf í þjóðfjelaginu. Verðum við því að leggja á móti því, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir, en mundum þó til samkomulags geta gengið inn á nokkra launahækkun, ef tillaga um það kæmi fram.

Alþingi, 1. maí 1929.

Jón Þorláksson, frsm. minni hl. Páll Hermannsson.

Nd. **496. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dóm í vinnudeilum.

Frá þriðja minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er augsýnilega fram borið í þeim tilgangi að halda með löggjöf niðri kröfum og samtökum verkalýðsins um að bæta hag sinn, en reyna að halda við, með aðstoð dóms og laga, ofurvaldi yfirstjettarinnar á atvinnumálum þjóðarinnar. Ætlast er til, að tekjur verkalýðsins og afkoma hans verði ákveðin af dómstóli, sem sjálfur ákveður mælikvarðann, er hann dæmir eftir, og hlýtur eftir eðli sínu að vera á bandi yfirstjettarinnar. Slík kúgun á fjölmennustu og nauðsynlegustu stjett þjóðfjelagsins mun aldrei þolast, og er ekki að ófyrirsynju, að frumvarpið er af alþýðu manna nefnt »þrælalögin«. Jeg legg til, að frumvarpið verði felt, eins og tveir samnefndarmenn mínir, þó að forsendur mínar muni vera nokkuð aðrar en þeirra.

Alþingi, 1. maí 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **497. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig:

Sjerhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 5000 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfjelaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgr., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sje tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegamálastjóri hefir óskað þess, að samgöngumálanefnd flytti þetta frumvarp, og hefir hún orðið við þeim tilmælum hans.

Vegamálastjóri skýrir ástæðurnar fyrir nauðsyn frumvarpsins með brjefi, sem er svo hljóðandi:

»Það hefir komið í ljós, að núgildandi ákvæði um tryggingarskyldu eru óheppileg, svo erfitt er eða ógerlegt að fá bifreiðir trygðar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í lögunum. Er talið nauðsynlegt, að sama tryggingarupphæð verði

ákveðin fyrir hverja bifreið, en ekki hærri upphæð af fyrstu bifreið, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda. Slíkt ákvæði er aðeins eðlilegt, ef eigandi kýs heldur þann kost, sem lögin og hafa heimilað, að setja verðmæti að tryggingu, en ekki tryggingarskírteini frá vátryggingarfjelagi.

Að öðru leyti er hjer ekki lögð til hækkun á tryggingarskylduupphæðinni frá því, sem er í lögum frá 1927.

Í reyndinni er mjög lítill munur á iðgjöldum fyrir 10 þús. kr. tryggingu og 3500 kr. vegna þess, að stórslysin eru tiltölulega fátíðari. Af þessari ástæðu þykir og rjett að heimila, að eigandi bifreiðar þurfi ekki að vátryggja fyrir smáslysum, þar sem koma fyrir bætur innan við 200 kr., enda beri hann þá sjálfur ábyrgð á þeim. Er það ákvæði sett með því að upplýst er, að 20% afsláttur fæst á iðgjöldum.

Í Danmörku hefir lágmark skyldutryggingar verið hækkað í 30 þús. kr. og er iðgjaldið fyrir þá tryggingarupphæð frá kr. 70—240 kr. á ári, lægst fyrir bifreiðir til eigin nota, en hæst fyrir litlar leigubifreiðir í Kaupmannahöfn. Fyrir 40 þús. kr. tryggingu hækkar iðgjaldið um 15—20 kr. og síðan nemur hækkun iðgjaldsins enn lægri upphæð fyrir hverjar 10 þús. kr. sem tryggingin hækkar, alt niður í 3—15 kr.

Í Noregi er lágmark skyldutryggingar nú 20 þús. kr. og er iðgjaldið kr. 45—150 kr. á ári, og hækkar þar líkt að tiltölu og í Danmörku«.

Ed. **498. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 kr.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera 300 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að byrjunarlaun fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr. byrjunarlaun.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

Ed. **499. Tillaga**

til þingsályktunar um húsrúm fyrir listaverk landsins.

Flm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, á hvern hátt verði best sjeð fyrir húsrúmi til þess að geyma í og sýna úrval þeirra listaverka, er landið á og mun eignast framvegis, og leggja tillögur sínar í því máli fyrir næsta þing.

Greinargerð

fyrir tillögu þessari felst í brjefi því frá Mentamálaráði Íslands, sem prentað er hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Með lögum frá Alþingi 1928, um Menningarsjóð og Menntamálaráð, var sú ráðstöfun gerð, að Menntamálaráð skyldi annast kaup á listaverkum ríkinu til handa og verja til þess einum þriðjungi af tekjum Menningarsjóðs. Jafnframt var svo ráð fyrir gert, að þegar þær tekjur færi fram úr meðallagi, skyldi afgangur af þessum þriðjungi lagður í húsbyggingarsjóð, er ávaxta skyldi í Landsbankanum, unz hafið væri að reisa hús yfir listasafn ríkisins.

Núverandi stjórn og Menntamálaráð hafa þegar keypt allmikið af listaverkum, málverk, teikningar o. fl., fyrir fje Menningarsjóðs, og er það bersýnilegt, að vöxtur listasafns verður nú miklu örari en fyrr hefur verið. En eins og hinu háa alþingi er fullkunnugt, en nú svo á skipað á veggjum alþingishúss, sem fram að þessu hefur haft að geyma málverk landsins, að þar verða varla fleiri myndir upp festar, svo að vel fari. Jafnvel þó að talsvert af myndum hafi verið tekið til geymslu í skólum og öðrum ríkisstofnunum, er þegar svo komið, að fjölda mynda (m. a. safn andlitsmynda eftir Jóhannes

Kjarval, 50 að tölu) hefur orðið að hlaða upp í köstu í loftherbergi í þinghúsinu, þar sem enginn getur skoðað þær og þær geta varla talizt óhultar fyrir skemmdum.

Um leið og vér viljum leiða athygli hins háa alþingis að þessu húsnæðisleysi fyrir listaverk ríkisins, viljum vér láta í ljós þá skoðun vora, að hér sé um brýnni nauðsyn að ræða en svo, að vænta megi, að úr henni verði bætt með úrræði því, sem gert er ráð fyrir í lögum um Menningarsjóð. Vér viljum því eindregið mælast til þess, að hið háa alþingi geri nú þegar einhverjar ráðstafanir til þess, að úrvali þeirra listaverka, sem landið nú á og mun eignast framvegis, verði séð fyrir húsnæði, þar sem þau bæði eru vel geymd og geta komið almenningi að notum.

Reykjavík, 30. apríl 1929.

Fyrir hönd Menntamálaráðs.

Sigurður Nordal, formaður. Stefán Jóh. Stefánsson, ritari.

Til alþingis.

Nd. **500. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað, að Reykjavíkurbær og Mosfellssveit hafa komið sjer saman um, að jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellssveit skyldu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, með skilyrðum þeim, sem í frumvarpinu getur. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefir samþykt þetta fyrir sitt leyti á fundi 27. f. m. Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþingi, 1. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Torfason.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Ed. **501. Lög**

um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 1. maí).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, sje óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sjerstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með brjefi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hjer á landi, svo og til allra vjelbáta og róðrarbáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hjer við land eina vertíð á ári eða lengur, og til allra vjelbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta

eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samviskusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sje kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sje fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sje á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna »og skal það ávalt sýnt bæði við tollafgreiðslu« í 3. málsgr. 10. gr. laganna komi: og skal það ávalt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sje þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsgr. 18. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum en að framan segir skoðun skips, enda sjeu þeir nægilega sjerfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu »Lögreglustjóri« í upphafi 21. gr. laganna komi: Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað »100 kr.« í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi: 50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19. júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Nd. **502. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um hlutafjelög, nr. 77, 27. júní 1921.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. og sent það lögreglustjóranum í Reykjavík til athugunar. Telur hann, að skynsamlegt sje að endurskoða hlutafjelagalögin gaumgæfilega. Meiri hluti nefndarinnar er sömu skoðunar um þetta efni, en sjer hinsvegar fram á, að ekki verði hægt að koma slíkri endurskoðun fram á þessu þingi, og leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa nauðsynlegar breytingar á hlutafjelagalöggjöfinni og beri fram frumvarp þar að lútandi á næsta þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.
Magnús Torfason.
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Nd. **503. Frumvarp**

til laga um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármalaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í fimm deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir.
2. Að veita lán rekstrarlánafjelögum eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafjelaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sjerstökum lögum um slík fjelög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskulda-

brjefum, jarðræktarbrjefum, veðdeildarbrjefum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbrjefa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fje opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda sjeu þeir ekki sjerstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sjerstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, alt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 1250000 króna. Stofnfje þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabrjefum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fje verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabrjefa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfjenu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfje, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs síns.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin

fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð brjefanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabrjefum, er bera eins háa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabrjefa, skal ákveða vexti brjefanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er veðdeildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk veðdeildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelögum, eða trygð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum fjelögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum fjelagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátrygð sjeu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sjer að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrjetti og aldrei yfir ⅗ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrjett, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan ⅗ virðingarverðs. En af slíku láni má taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir ⅗ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir brjefin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabrjefa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa brjef til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabrjef þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

34. gr.

Fje varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabrjefum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. En stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á

rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rjett að höfða mál, til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selst innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er og sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sjer eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sjerstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 2 miljónum króna í vaxtabrjefum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

40. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta fyrst um sinn framkvæmd þessa (III.) kafla laganna um veðdeild bankans.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

41. gr.

Ríkissjóður leggur til tryggingarfje fyrir skuldbindingum bústofnslánadeildar, að upphæð 700 þús. kr., í skuldabrjefum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabrjefum eigi ótryggari. Ennfremur leggur ríkissjóður deildinni til stofnsjóð, að upphæð 300 þús. kr., er greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

42. gr.

Bústofnslánadeild hefir sjerstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

43. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabrjef, alt að sexfaldri upphæð tryggingarfjár og stofnsjóðs. Skal hverjum flokki bankavaxtabrjefanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra brjefa hvers flokks lokið innan 15 ára frá sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

44. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er deildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra brjefa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarfje og stofnsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

45. gr.

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni. Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántak-

anda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

46. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.
2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur. Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og sjeu í eigu lántakanda.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

47. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

48. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabrjefa og varasjóðsgjald við lántöku gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

49. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og varasjóðsgjald ¾%

af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert.

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni. Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.

Um rjett og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

50. gr.

Um vaxtabrjef og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rjett að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfje.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu, þótt veðbrjef sje ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

52. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 1½ milj. kr. í vaxtabrjefum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

53. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sjerstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt, svo og sjerstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sjerákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda

og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að fella úr gildi samning þann, er gerður var við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, samkvæmt 27. gr. laga nr. 17, 18. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

VI. KAFLI.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.

54. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 þús. kr. á ári í 6 ár til lánadeildar til smábýla í nágrenni kaupstaða og kauptúna.

55. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán innanlands eða utan, alt að 2 miljónum kr., handa lánadeildinni, til starfsemi þeirrar, er henni er ætlað að vinna samkvæmt lögum þessum.

56. gr.

Ríkissjóður afhendir Búnaðarbankanum lánsfjeð, en deildin stendur aftur ríkissjóði skil á vöxtum og afborgunum láns þess, er ríkissjóður hefir tekið í þessu skyni.

57. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla skal aðeins veita til smábýla í grend við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði vera skilyrði fyrir láni, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni.

58. gr.

Lán úr lánadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með 1. veðrjetti.
c. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga.

59. gr.

Lán mega nema alt að ¾ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotarjetti lands.

60. gr.

Hámark lánsfjárhæðar má vera 15000 krónur.

61. gr.

Í reglugerð bankans skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

VII. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

62. gr.

Um þessa deild bankans gilda sjerstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VIII. KAFLI.

Sjerrjettindi bankans.

63. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

64. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

65. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

66. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sje að láta mæta við uppboðið.

IX. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

67. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, alt að 50% af launum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

68. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

69. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki banka-

stjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

70. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

71. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

72. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

73. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

74. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við

stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

75. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

X. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

76. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Ed. **504. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn brúarstæðis á Lagarfljóti.

Flm.: Páll Hermannsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka á næsta sumri brúarstæði á Lagarfljóti.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í tilefni af áskorun frá sýslunefnd Norður-Múlasýslu um möguleika til nýrrar brúar á Lagarfljóti. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni við umræður.

Nd. **505. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Launakjör farkennara eru svo bág, að til vandræða horfir um að útvega hæfa menn til farkenslu. Leggur meiri hlutinn því til, að frv. verði samþykt,

enda lagast þar með að nokkru misrjetti, sem sveitirnar hafa hingað til búið við um kostnað af barnafræðslu, samanborið við fasta skóla í kauptúnum og kaupstöðum.

Alþingi, 1. maí 1929.

H. Stefánsson, form., með fyrirvara.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.	Jón A. Jónsson, með fyrirvara.
Hjeðinn Valdimarsson.	Ólafur Thors.	Sig. Eggerz.

Nd. **506. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og er minni hlutinn (H. Stef. og H. J.) mótfallinn tillögunni, en mun gera grein fyrir skoðun sinni í sjerstöku áliti.

Meiri hlutinn er hinsvegar þeirrar skoðunar, að ekki verði lengur dregið að bæta embættis- og starfsmönnum að nokkru upp laun þeirra, sem orðin eru yfirleitt of lág. Þar sem nefndin lítur svo á, að launamálið í heild sinni muni verða bráðlega undirbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar, virðist þessi leið, að halda dýrtíðaruppbótinni óbreyttri, vera eðlileg. Leggur meiri hlutinn því með því, að tillagan verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1929.

Ólafur Thors, m. fyrirv.	Ásgeir Ásgeirsson.	Jón A. Jónsson.
Hjeðinn Valdimarsson, frsm.	Sig. Eggerz.	

Ed. **507. Frumvarp**

til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykt, þegar fje

er til þess veitt í fjárlögum, alt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sje falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, alt að 15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sjer.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, nje heldur halda þar út bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir nje taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta ars, nje endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar alt að 6% af bruttóverði afla hvers

báts, er haldið er út til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um alt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **508. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Urriðafoss í Þjórsá.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Lárus Helgason.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá, til þess að fullnægja raforkuþörf Reykjavíkur og annara bæjar- og sveitarfjelaga eða orkuveitufjelaga.
2. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn í vissa hæð, sem ákveðin verður í sjerleyfi, hækka eða lækka vatns-

borð eða farveg, gera vatnsrásir ofanjarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess, svo sem samrýmast má landslögum. Ennfremur að framkvæma miðlun í Fiskivötnum, Stórasjó og Þórisvatni, eftir því sem þurfa þykir til þess að tryggja jafnt rensli að orkuverinu.

3. Að reisa orkuver við Urriðafoss í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku og starfrækja það.
4. Að leiða raforku frá orkuverinu til Reykjavíkur og á þá aðra staði, sem orka verður afhent neytendum samkvæmt 1. lið, með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfi.
5. Að reisa spennistöðvar og gera önnur mannvirki til þess að veita orkunni til neytenda samkv. 1. lið.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkuveitunnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfisins.

Þó skal h/f Titan heimilt að stofna sjerstætt fjelag, er tekur að sjer virkjun Urriðafoss með þeim rjettindum og skyldum, sem lög þessi ákveða, enda verði fjelag þetta stofnað áður en sjerleyfið er veitt.

4. gr.

Sjerleyfistíminn skal vera 70 ár.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar- eða bæjarfjelaga, eða öðrum slíkum skatti, sem kann að verða lagður á.

6. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn verðtolli á innfluttu efni eða vjelum, er hann sjálfur flytur inn í sínu nafni, svo og öðrum slíkum tolli, er kann að verða lagður á síðar.

7. gr.

Um verðlag á raforku fer eftir sjerleyfislögunum. Önnur bæjar- og

sveitarfjelög en Reykjavík og orkuveitufjelög skulu þó njóta ekki lakari kjara um verðlag á raforku en um semst við Reykjavík.

8. gr.

Nú losnar raforka, sem seld hefir verið samkvæmt 1. gr. 1. lið og verður að dómi ráðherra ekki notuð til almenningsþarfa, og skal þá sjerleyfishafa heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að selja þessa orku til annara þarfa. Fyrir þessa raforku skal hann greiða 3 kr. árlega af hverju seldu hestafli fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður $^1/_3$ hluta. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli.

Sama gjald skal greiða af þeirri raforku, sem seld verður til einstakra neytenda samkv. 1. gr. 1. lið og notuð verður til iðnaðar.

9. gr.

Byrjað skal á virkjun Urriðafoss ekki síðar en 1. júlí 1930 og skal fyrsta stigi virkjunar lokið ekki síðar en 1. okt. 1933.

10. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er mælt um í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

11. gr.

Lög nr. 26, 31. maí 1928, um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss, eru numin úr gildi.

Greinargerð.

Eftir að eigi hefir orðið úr framkvæmdum samkvæmt lögum nr. 26, 31. maí 1927, viðvíkjandi sjerleyfi handa hlutafjelaginu »Titan« til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss, þar sem gert var ráð fyrir stóriðnaði með virkjun alt að 160000 hestafla, hefir tjeð hlutafjelag snúið sjer að þeim möguleika að virkja Urriðafoss í eigi stærri stíl en svo, að fullnægði raforkuþörf Reykjavíkur og annara bæjar- og sveitarfjelaga eða orkuveitufjelaga. Út af þessu kom aðalforgöngumaður h/f Titan, hæstarjettarmálaflutningsmaður Oluf Aall í Oslo, hingað til Reykjavíkur fyrir hálfum mánuði síðan ásamt verkfræðingi Hartvig Irgens í Oslo, sem er sjerfræð-

ingur á þessu sviði. Hafa þeir síðan átt tal við borgarstjóra og rafmagnsstjóra Reykjavíkur um málið og hefir það leitt til þess, að þeir borgarstjóri og rafmagnsstjóri telja, að Reykjavíkurkaupstaður gæti haft hagnað af því að gera hjer að lútandi samninga við h/f Titan, og telja þeir því æskilegt, að heimild lægi fyrir til þess, að fjelagið gæti fengið slíkt sjerleyfi til virkjunar á Urriðafossi, sem nauðsynlegt væri, ef bæjarstjórn Reykjavíkur vildi semja við fjelagið, þegar málið hefir verið athugað í öllum einstökum atriðum. Hjer virðist því vera um að ræða mikið hagsmunamál fyrir Reykjavíkurkaupstað.

En auk þess virðist mál þetta geta haft mikla þýðingu fyrir alt nágrenni Reykjavíkur og alt Suðurland, því raforka frá Urriðafossi mundi verða nothæf alla leið til Vestmannaeyja og austur í Mýrdal, og í 7. gr. frumvarpsins er ákveðið, að önnur bæjar- og sveitarfjelög en Reykjavík og orkuveitufjelög skuli njóta ekki lakari kjara um verðlag á raforku en um semt við Reykjavík.

Hjer er um algerlega nýtt mál að ræða, sem ekki á neitt skylt við þær fyrirætlanir, er lágu til grundvallar fyrir fyrgreindum heimildarlögum frá 1927, og engin af þeim mótbárum, sem komu fram gegn þeim lögum, virðist geta átt við gagnvart þessu frumvarpi.

En í sambandi við þetta skal þess getið, að h/f Titan hefir lagt fram sönnun fyrir því, að það hafi nægilegt fjármagn til þess að framkvæma þau verk, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Vegna þess, hversu rafmagnsþörf Reykjavíkur er aðkallandi, er nauðsynlegt, að frumvarpið geti orðið að lögum á þessu þingi, svo að eigi verði óþarfur dráttur á framkvæmdum hjer að lútandi, ef svo fer, að Reykjavík telur sjer hagkvæmast að semja um raforku frá Urriðafossi. En í því efni er ekki aðeins á það að líta, að raforkan þaðan gæti fengist með hagkvæmu verði, heldur einnig á það, að hjer gæti orðið komist hjá því, að Reykjavíkurkaupstaður tæki margra miljóna kr. lán og ríkissjóður komist hjá því að taka á sig ábyrgð fyrir slíkum lánum.

Frumvarpið er í öllu verulegu samið samkvæmt fyrirmyndum fyrri lagasetningar í slíkum málum. Mun í framsögu málsins verða gerð grein fyrir hinum ýmsu ákvæðum frumvarpsins, eftir því sem þurfa þykir.

Nd. **509. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 429 [Verkamannabústaðir].

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. brtt. Á eftir »kaupstöðum« komi: og kauptúnum.
2. Við 2. brtt.
   a. Fyrir »2 króna« í 1. og 2. tölulið komi: einnar krónu.
   b. Á eftir »Bæjarsjóður« í 2. tölul. komi: og sveitarsjóður. — Á eftir »kaupstaðarins« í sama tölul. komi: eða kauptúnsins.

c. Á eftir »bæjarsjóður« í 3. tölulið komi: eða sveitarsjóður.

3. Við 3. brtt.
   a. Fyrir »fjelaga verkamanna í kaupstöðum« komi: byggingarfjelaga.
   b. Fyrir »verkamenn« komi: fjelagsmenn sína.
   c. Fyrir »5%« komi: 6%.
4. Við 5. brtt.
   a. Fyrir »Byggingarfjelög verkamanna« komi: Byggingarfjelög.
   b. Fyrir »verkamenn« í fyrsta tölulið komi: fjelagsmenn sína.
   c. Á eftir »eldhúss« í 2. tölulið komi: og geymslu.
   d. Orðin »verkafólk (sbr. 1. gr.) á sjó og landi« í 3. lið falli burt.
   e. Fyrir »heimilisfast« í sama lið komi: heimilisfastir.
   f. Á eftir »kaupstaðarins« komi: eða kauptúnsins.
5. Við 6. brtt.
   a. Á eftir »kaupstaðar« komi: eða kauptúns.
   b. Á eftir »bæjarstjórn« komi: eða sveitarstjórn.
6. Við 7. brtt. Á eftir »bæjarstjórn« í síðari málsgr. komi: eða sveitarstjórn.
7. Við 8. brtt.
   a. Á eftir »kaupstaðnum« komi: eða kauptúninu.
   b. Á eftir »bæjarstjórn« komi: eða sveitarstjórn.
   c. Á eftir »bæjarfjelagið« komi: eða sveitarfjelagið.
8. Við 9. brtt. Orðið »verkamanna« falli burt.

Ed. **510. Breytingartillögur**

við frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjörð.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt, þegar fje er fyrir hendi, að leggja fram úr ríkissjóði alt að 250000 — tvö hundruð og fimtíu þúsund — krónur til hafnarbyggingar í Hafnarfirði, gegn þeföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Framlag ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 700000 — sjö hundruð þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að taka til hafnargerðarinnar.

Nd. **511. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp til laga um hjeraðsskóla, ungmennaskóla í sveitum, hefir verið afgreitt frá þessari deild til efri deildar, og er sýnt, að það muni verða afgreitt sem lög frá Alþingi. Meiri hluti mentamálanefndar telur það skipulag, sem þar er sett um ungmennafræðslu í sveitum, heppilegt og fráleitt að setja á sama þingi upp annað kerfi, þar sem sýslu- og bæjarfjelögum sje heimilað að gera samþyktir, sem leiði til, að ríkið eitt verði að byggja fyrir þau skóla. Er og engin trygging fyrir því eða líkur til þess, að slíkir skólar yrðu kostaðir af sýslu- eða bæjarfjelögunum einum til frambúðar. Einn meiri hluta nefndarmaður hefði að vísu verið fús til að fylgja þegnskylduvinnuheimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög, og væri þeim þá í frjálst vald sett að veita þeim unglingum, sem skylduvinnuna intu af hendi, ókeypis skólavist í einhverjum þeim ungmennaskólum, sem til eru, en þar sem aðalhvatamaður þessa máls telur sig engu bættari, þó slík heimild fengist, þá verður henni ekki haldið frekar fram í þessu sambandi. Lægi því næst að leggja til, að frv. verði felt, en þar sem nokkur ágreiningur er innan meiri hlutans um afgreiðslu málsins, þá hefir það orðið að samkomulagi að leggja til, að málinu verði *vísað til stjórnarinnar* til nánari athugunar og ráðagerða við aðalhvatamann málsins.

Alþingi, 1. maí 1929.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jón Ólafsson, frsm. Sveinn Ólafsson.
Bernharð Stefánsson.

Ed. **512. Lög**

um hafnargerð á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $^2/_5$ kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnar-

sjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með minst $^2/_3$ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð; ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni

og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar og fyrir kauptún, er þar kynni að koma upp.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og alt að $^1/_2$ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð alt að $^1/_2$ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Alt að $^1/_2$ hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfalls-

lega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að 1/4 hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári

og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja alt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.

Ed. **513. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni er að vísu ljóst, að til hafnarbóta í Vestmannaeyjum hefir á síðari árum verið varið miklu meira fje úr ríkissjóði en til annara hafnargerða á landinu og að fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum verður að halda áfram umbótum á höfninni, ef hún á að koma að fullum notum. Hinsvegar er hjer að ræða um einhverja mestu fiskveiðistöð landsins, sem því aðeins getur þrifist, að sæmileg hafnar- og lendingarskilyrði sjeu fyrir hendi. Nefndin lítur svo á, að ekki verði hjá því komist að gera nauðsynlegar umbætur á höfninni og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Halldór Steinsson, frsm.

Nd. **514. Frumvarp**

til laga um laganefnd.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Lögunum skal í útgáfu þessari raðað í bálka eftir efni, svo sem föng eru á, og skulu handhægar skrár yfir lögin, eftir efni og aldri, fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Laganefnd er heimilt, með samþykki forsætisráðherra, að ráða sjer aðstoðarmenn við afgreiðslu einstakra mála, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Nd. **515. Frumvarp**

til laga um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þingskjali 342, með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

31. gr. hljóðar svo:

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum

eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefir aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefir valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn; þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

Ed. **516. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. 5. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rjett að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

2. Á eftir 5. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því hjeraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

3. 6. málsgrein sömu greinar skal orða svo:

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið að-

njótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fje greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingum en eftir gjaldskrá hjeraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Ed. **517. Frumvarp**

til laga um hjeraðsskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu

má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin höndi. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um fjelög stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera í fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,

6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum eigi skemur en sex vikur og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla um þriðjung eða meira frá meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóð eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, alt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af fjelagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fje er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Ed. **518. Breytingartillögur**

við frv. til laga um íbúð í jarðhúsum.

Frá Jóni Baldvinssyni og Jóni Þorlákssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. grein, svo hljóðandi:
   Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem bygð eru hjer eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi.
2. Við 1. gr., sem verður 2. grein:
   a. Í stað »gera« í 1. málsgrein komi: nota.
   b. 3. tölulið skal orða þannig:
      3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m, greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
3. 2. grein, sem verður 3. grein, skal orða svo:
   Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sjerstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrjetta skrána samkvæmt því.
4. 3. grein falli niður.
5. 4. grein skal orða svo:
   Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en $^1/_{10}$ þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafist fyrir slíkt bann.
6. Í stað 5. greinar komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.
7. Á eftir 5. grein komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.
8. Fyrirsögn frv. skal vera:
   Frumvarp til laga um íbúð í kjöllurum.

Nd. **519. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 429 [Verkamannabústaðir].

Frá Halldóri Stefánssyni.

Á eftir 2. brtt. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs

til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvör.

Nd. 520. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir »Brunabótafjelag Íslands — úr því« komi: Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafjelagsins.

Nd. 521. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um innflutning á lifandi dýrum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin felst á, að rjett sje að leyfa innflutning á silfurrefum til landsins. Það hefir komið í ljós, að í Noregi hefir ræktun þessarar refategundar gefið góðan arð. Þar eru nú um 300 refabú. Hjer ættu silfurrefir engu síður að geta þrifist en í Noregi.

Að sjálfsögðu er landsstjórninni ætlað að hlutast til um, að aðeins verði flutt inn góð dýr til undaneldis, að svo miklu leyti sem unt er, og að þau verði geymd í tryggum girðingum, sbr. frumvarp til laga um refarækt, sem nú er til meðferðar í háttv. Alþingi og væntanlega verður að lögum á þessu þingi.

Nefndin er einnig samþykk því, að leyfður verði innflutningur á sauðnautum til landsins. En henni er það ljóst, að miklir erfiðleikar eru á að koma slíkri tilraun í framkvæmd. Dýr þessi yrði að fá frá Norður-Ameríku eða Grænlandi. Talið er, að þeim fari óðum fækkandi og að þau sjeu nú styggari en áður. Það hlýtur því altaf að kosta mikla fyrirhöfn og talsvert fjárframlag að koma þessu í verk, enda mun vera í ráði að ætla nokkra fjárhæð til þessa í fjárlögum 1930.

Innflutningi á loðkanínum til landsins leggur nefndin á móti, þar sem henni er ókunnugt um arðsvon af ræktun þeirra dýra.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa innflutning á silfurrefum og sauðnautum.

Alþingi, 3. maí 1929.

Lárus Helgason, form. og frsm. Jón Sigurðsson. Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Nd. **522. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

Við 1. gr. 6. Aftan við málsliðinn komi: enda verið sviftir fjárforræði fyrir þessar sakir.

Nd. **523. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laganefnd.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 1. gr. Í stað »4 ára« komi: eins árs.

II. Við 3. gr. Síðari málsliður fyrstu málsgreinar orðist svo:
Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

III. Við 4. gr. Greinin fellur burt.

Ed. **524. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og

sveitarstjórnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu. Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafjelagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **525. Lög**

um lögreglustjóra á Akranesi.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sje hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrjetti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr.: 6. tölulíður falli niður.

Nd. **527. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1,50 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 aur.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^2/_3$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Nd. **528. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. þessu eru dregin saman úr þrennum lögum ákvæði þau, sem nú gilda um bæjarstjórn í Hafnarfirði, þó þannig, að úr eru feld þau ákvæði, sem komin eru inn í önnur lög, t. d. lög um útsvör og um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þá eru og brott feld þau ákvæði, sem ekki eru í samræmi við lagabreytingar, sem gerðar hafa verið síðan 1907, er Hafnarfjörður fjekk

kaupstaðarrjettindi. Að öðru leyti eru breytingar þær, sem frv. ráðgerir, mjög óverulegar og sýnast ekki athugaverðar að neinu leyti.

Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Guðmundsson, frsm.
Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **529. Lög**

um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rjett til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fulls 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rjett við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis sjálfs sín.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: »borgarstjóra (bæjarstjóra)« falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6–15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa, nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, og svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

III. kafli.
Um kosningarathöfn.

11. gr.

10. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur.

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar, og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rjett til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rjett til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/6 kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

17. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

18. gr.

31. gr. laganna, sem er ný grein, hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sjerstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrjett í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sje einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurjett í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sje jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufje, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykt ákveðið að setja sjerstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

19. gr.

33. gr. laganna skal orða svo:

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minsta kosti 8 daga fyrirvara.

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

20. gr.

Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafist, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

VI. kafli.

Niðurlagsákvæði.

21. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr., og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **530. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og átt tal um það við landssímastjóra, sem fyrir sitt leyti hefir ekkert sjerlegt að athuga við það.

Enda þótt nefndinni sje ljóst, að þær línur, sem taldar eru í frv., verði ekki allar lagðar samtímis nú á næstu árum, heldur smátt og smátt, eftir því, sem efni og ástæður leyfa, þá sjer nefndin ekkert athugavert við það, að taka þær upp í símalögin, og leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Aftan við 1. gr. bætist: Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

Alþingi, 3. maí 1929.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, skrifari og frsm.	Ingvar Pálmason.

Ed. **531. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927.

Frá Páli Hermannssyni.

Fyrir »2 ár« komi: 4 ár.

Nd. **532. Lög**

um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí).

Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur í Strandasýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár og þingstaðirnir vera að Óspakseyri og Stóra-Fjarðarhorni.

Ed. **533. Tillaga**

til þingsályktunar um fátækraflutning.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um svofelda breyting á fátækralöggjöfinni, að útilokað sje, að mæður verði að láta börn sín frá sjer fara vegna fátækraflutnings, ef þær annars eru hæfar til að ala upp börn sín.

Greinargerð.

Sunnudaginn 21. apríl þ. á. var haldinn fjölmennur fundur kvenna hjer í bænum og þar samþykt svo hljóðandi ályktun: »Fundurinn mótmælir því, að heimilum sje sundrað vegna fátækraflutnings, og skorar á Alþingi að breyta svo fátækralögunum, að slíkt geti ekki átt sjer stað«.

Í núgildandi fátækralögum er það að vísu bannað, að börn sjeu tekin frá foreldrum gegn vilja þeirra, en ákvæði þetta er ekki nægilega skýrt til þess, að hreppsnefndir geti ekki farið í kringum það, t. d. með því að neita að leggja ekkjum, sem hafa fyrir börnum að sjá, styrk, sem nægi þeim til að framfleyta heimilinu.

Það mun oft vera sú niðurstaða, þegar fjölskylda, t. d. móðir með mörg börn, er flutt fátækraflutningi heim í framfærslusveit, að ekki eru önnur ráð til að koma fjölskyldunni fyrir en að skifta börnunum niður á heimili, og fær þá móðir ekki að hafa hjá sjer nema eitt barnið, en hin fara til vandalausra.

Tilgangur þingsályktunartillögu þessarar er sá, að framvegis verði tryggilegar en nú er gengið frá fátækralögunum, á þann veg, að börn fái að njóta umönnunar mæðra sinna, þótt fjárhagsástæður þeirra sjeu þannig vaxnar, að þær geti ekki af eigin ramleik staðið straum af heimilinu.

Ed. **534. Lög**

um gjaldþrotaskifti.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða fjelags er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafist af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrotna sína og á ekki nægilegt fje til greiðslu skulda sinna.
2. Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, er strokið hefir af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sje hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrotnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin fjelög, firmu eða einstakir menn, er reka verslun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur —, sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verslunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrotni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrotni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sje á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrotna eða skuldunaut eða hvoratveggju, og krafist skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rjett að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrotna. Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins,

nema með samþykki þrotamanns, fyr en fullnaðardómur er genginn, nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sinar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrotna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtingablaðinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrotna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skylt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal þrotamaður tafarlaust leiddur fyrir lögreglurjett og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fjenu hafi verið varið. Hafi þrotamaður verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sjerfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanns, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.

Sje um fjelag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurjetti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögreglurjettinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort þrotamaður hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sje ástæða til þess að ætla, að þrotamaður eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó altaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu út-

skrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum.

Ef dómara hinsvegar finst það bert af lögreglurjettarrannsókninni, að þrotamaður eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða rjettindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verslunarbækur eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni án þess að ætla sjer að greiða þær, sóa fje sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undangenginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn þrotamanni, stjórn eða framkvæmdarstjóra gjaldþrota fjelags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla má að eigi sök á afbrotunum.

Reynist þrotamaður eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að þrotamaður eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis sjeu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjóskast við að láta í tje upplýsingar við uppskrift á eignum búsins eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuði.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sje örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fje búsins, sjer og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrotnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldþrot byrja, skal þrotamaður tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur þrotamanni, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiftunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt

fyrirmælum einstakra manna, lagaákvæða eða annara sjerstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldþrotaskifti byrja, getur enginn öðlast rjett á hendur búinu með samningum við þrotamann, nje losast undan skyldum, er á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við þrotamann áður en skiftin eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist þrotamanni arfur meðan á skiftum stendur, rennur arfurinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er þrotamanni hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið þrotamanni til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign þrotamanns áður, ef búið greiðir andvirðið á rjettum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sjer inn meðan á skiftum búsins stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrotnar hafa á hendur þrotamanni, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sje miðað við, hvað miklu það varði lánardrotna að fá kröfurnar greiddar.

Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem þrotamaður kann að hafa samið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrotni þá eigi verið kunnugt um, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, nje lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldjafna kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sjer. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldjafna við kröfu búsins á hendur sjer, og gæta þess sem auðið er, að til skuldjafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður en liðinn sje innköllunar-

frestur, nje heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sje með því gagnkröfurjetti.

18. gr.

Hafi þrotamaður tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað frá því að gjaldþrotaskifti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið. En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti, miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að biða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum áður en hann varð gjaldþrota greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hann hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sje greitt, þá getur búið riftað greiðslunni og krafist þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er þrotamaður hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef þrotamaður sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er þrotamaður hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi þrotamaður á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrotnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje, þá getur búið krafist þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sje rift og að lánardrottinn skili aftur því, er hann

hefir þannig fengið, eða andvirði þess, sjeu líkur til þess, að lánardrotni hafi verið kunnugt um ástæður þrotamanns, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greina hjer á undan, á hann rjett á því, að honum sje greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við þrotamann, umfram það, er hann fjekk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið.

Sje eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi mist þennan rjett við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, af þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, ef þrotamaður átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að þrotamaður átti þá ekki nægilegt fje fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun þrotamanns líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slíkur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu tveim árunum áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu varið meiru fje en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaupa lífeyri eða lífsábyrgð eða þesskonar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sjer þann rjett, er þrotamaður hefir sjálfur, til þess að slíta samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfleifanda og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að þrotamaður átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi þrotamanns kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á þrotamanni.

Hafi þrotamaður gert kaupmála tveim árum eða skemri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt þrotamaður hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemri tími sje liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem sjereign öðlast samkvæmt kaupmálanum.

Hafi þrotamaður afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema þrotamaður sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við þrotamann, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að krefjast munanna eða rjettindanna, eða andvirðis þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta rjettar síns.

29. gr.

Hafi þrotamaður á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörslum hans, þegar skiftin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafist þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við þrotamann, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi.

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrotna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestarjettarmál, og er varnarþing málsins heimili þrotamanns. Mál skal höfða tafarlaust, þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búsins.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskifti á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þess-

ari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftameðferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiftir, að ávaxta í banka eða sparisjóði fje gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrotnar eða erfingjar njóti vaxta af inneign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sjerstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fje, er búunum berst.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafist, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann áliti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sjer, og getur hann þá krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrotna, má hvenær sem vill afhenda þrotamanni bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrotnum, sem hafa gefið sig fram með kröfur á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sje greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Þegar öðruvísi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrotna.

36. gr.

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiftafundur samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19, 4. júní 1924.

Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánstofnanir veita skuldunautum

sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu, eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum um efni og form þessara auglýsinga. Auglýsingakostnaður greiðist af almannafje.

38. gr.

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. **535. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera skiftimynt, er gjaldgeng sje hjer á landi, og sje gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.

III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um alt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar, og ákveða hámarksverð á þeim.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, alt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed. **536. Frumvarp**

til laga um íbúð í kjöllurum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem bygð eru hjer eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum (jarðhúsum), að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að kjallarinn sje ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.
2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá rjettu austri til rjetts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.
3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
4. Að öll íbúðin sje rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sjerstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrjetta skrána samkvæmt því.

4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og

aldrei færri en 1/10 þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafist fyrir slíkt bann.

5. gr.

Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Nd. **537. Nefndarálit**

um frv. til myntlaga.

Frá fyrsta minni hluta fjárhagsnefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt og vísar um ástæður til greinargerðar við frumvarpið og fylgiskjala.

Alþingi, 4. maí 1929.

Halldór Stefánsson,	Ásg. Ásgeirsson,	Hannes Jónsson,
formaður.	frsm.	fundaskr.

Ed. **538. Frumvarp**

til laga um laganefnd.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem

handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Ed. **539. Nefndarálit**

um frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavik og á Akureyri.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á mörgum fundum og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþykt með allmörgum fremur smávægilegum breytingum, en engar þeirra raska þeim grundvelli, sem frv. er bygt á.

Að því er snertir mentaskólana eða fræðsluna til stúdentsprófs gerir frv. þær tvær aðalbreytingar á núverandi tilhögun, að mentaskólarnir verða tveir, hinn sjálfstæði skóli í Reykjavík og mentadeild gagnfræðaskólans á Akureyri, og að námstíminn í mentaskólunum er ákveðinn 4 ár, en var áður að forminu til 3 ár í Reykjavík, en skólinn þó 6 ára skóli.

Fyrnefnda breytingin, að stofna mentadeild á Akureyri, hefir fram að þessu verið ágreiningsefni, en í nefndinni var fult samkomulag um að láta þann ágreining niður falla, og sinna þá jafnframt rjettmætum kröfum um endurbætur á skólanum í Reykjavík, sjerstaklega stofnun heimavista við þann skóla.

Síðari breytingin, 4 ára mentaskólanámið, felur að sjálfsögðu það í sjer, að miklu meiri þekkingar verður krafist við inntökupróf í mentaskólana en hingað til hefir verið krafist til inntöku í 6 ára skóla. Nefndin hefir fallist á ákvæði frv. um inntökuprófskilyrði í mentaskólann og mentadeild Akureyrarskólans óbreytt að efni til, og ætlast til, að þau verði framkvæmd á þann hátt, að stúdentamentunin verði ekki rýrð frá því, sem nú er, þrátt fyrir fækkun námsáranna í skólanum syðra.

Fyrir brtt. verður að öðru leyti gerð grein í framsögu. Einn nefndarmaður hefir sjerstöðu að því er snertir ákvæði frv. og breytingartillagnanna um skólagjöld og um einstök önnur atriði, og skrifar undir nál. með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Orðin »og átta bekkjum« falli burt.
2. Við 5. gr. Á eftir »sagnfræði« komi: trúarbrögð.

3. Við 6. gr. Orðin »Eigi má — neinum bekk« falli burt.
4. Við 7. gr. Aftan af fyrstu málsgrein falli orðin: í samráði við skólaráð.
5. Við 7. gr. Fyrsti liður 2. málsgr. orðist svo:
   Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.
6. Við 8. gr. Á eftir »svo og« komi: nánar.
7. Við 9. gr. Á eftir orðunum »Ljúka má námi« komi: í einstökum námsgreinum.
8. Við 12. gr. 7. liður orðist svo: 7) Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabrjef.
9. Við 16. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari.
10. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.
11. Við 18. gr. Á eftir »orðið skipaður« komi: fastur.
12. Við 18. gr. Orðin »í verki« í síðari málsgr. falli burt.
13. Við 19. gr. Greinin falli burt.
14. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það í reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdentafjelag taki þátt í skipun skólaráðsins.
   Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr skólasjóði.
15. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis hvenær sem þess er óskað. Skylt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.
16. Við 25. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegustu húsgögnum á kostnað ríkissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til umsjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.
17. Á eftir 25. gr. komi ný grein, þannig:
   Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólaráðs og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

18. Aftan við 1. kafla komi ný grein, þannig:
Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild sjeu 2 bekkir, fullskipaðir við kenslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kensluna í sjerfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sjerkenslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.
19. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði.
20. Við 30. gr. Aftan við greinina bætist: og fullnægja aldursskilyrðum, er samsvara ákvæðum 29. gr.
21. Við 31. gr. Á eftir »vjelritun« komi: þýsku.
22. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans og ræður aukakennara og stundakennara í samráði við skólanefnd.
23. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður lætur á árunum 1929, 1930 og 1931 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur Reykjavíkurbær til ókeypis lóð, sem kenslumálaráðuneytið tekur gilda, og ennfremur ókeypis vatn úr hitauppsprettu bæjarins. Ríkissjóður leggur fram $^{3}/_{5}$ byggingarkostnaðar, en Reykjavíkurbær $^{2}/_{5}$. Úr ríkissjóði má verja í þessu skyni alt að 90000 kr.
24. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
Úr ríkissjóði skal greiða 80 kr. í skólasjóð fyrir hvern reglulegan nemanda yfir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á hvern bekk skólans til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk.
25. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
Skólanefnd ákveður kenslugjöld, og renna þau í skólasjóð. Eigi skulu færri en $^{1}/_{4}$ innanbæjarnemenda njóta ókeypis kenslu. Heimilt er að ákveða utanbæjarnemendum alt að 60 kr. hærra kenslugjald en innanbæjarnemendum, þó ekki yfir 90 kr. á nemanda.
26. Við 41. gr. Fyrir málsliðinn »Á sama hátt — slíks nemanda« komi: gegn 9 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
27. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Skólasjóði má eigi verja til annars en rekstrar skólans.
28. Við 41. gr. Fyrir »Utanbæjarnemendur« komi: Nemendur.
29. Við 46. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
30. Við 47. gr. a) Eftir »íslensk fræði« komi: Norðurlandamál.
b) Eftir »sagnfræði« komi: trúarbrögð.
31. Við 49. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist svo:
Í hverjum bekk skal haldið ársprót. Lokapróf mentadeildar er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk mentadeildar, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara

eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskirteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

32. Við 50. gr. Orðin »en aðaleinkunnir — og lakari« falli burt.
33. Við 51. gr. Orðin »með samþykki skólanefndar« falli burt.
34. Við 53. gr. 8. liður orðist svo: 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabrjef.
35. Við 54. gr. Síðari málsgrein falli burt.
36. Við 55. gr. Aftan við »30. maí« komi: nema öðruvísi verði ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum skólameistara.
37. Við 56. gr. Aftan við greinina bætist:

Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

38. Við 61. gr. Greinin orðist svo:

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það í reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Akureyrar og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdentafjelag taki þátt í skipun skólaráðsins.

Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr ríkissjóði.

39. Við 62. gr. Greinin orðist svo:

Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis hvenær sem þess er óskað. Skylt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.

40. Við 63. gr. Á eftir »skólasjóð« í fyrri málsgr. komi: mentadeildar — og fyrir »mentadeildar« í síðari málsgr. komi: þessum.
41. Við 65. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, þannig: 2) að standast próf í íslensku, reikningi og dönsku, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð. — (Liðatalan breytist samkv. þessu).
42. Við 67. gr. Á eftir »vjelritun« komi: þýsku.
43. Við 69. gr. Á eftir »árspróf« komi: í gagnfræðadeild.
44. Við 70. gr. Greinin orðist svo:

Meðan gagnfræðakenslan fer fram í núverandi skólahúsi, leggur ríkið henni til ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ennfremur kostar ríkið kensluna í 2. og 3. bekk gagnfræðadeildar óskiftum. Kostnaður við kenslu í 1. bekk greiðist úr skólasjóði gagnfræðadeildar samkvæmt ákvæðum 74. gr. Sama gildir og, ef skifta þarf vegna mikillar aðsóknar öðrum eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, og um námsskeið eða sjernám í sambandi við gagnfræðadeild.

45. Við 74. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Úr ríkissjóði skal greiða í skólasjóð gagnfræðadeildar 80 kr. yfir

skólaárið fyrir hvern reglulegan nemanda í þeim bekkjum gagnfræðadeildar, þar sem ríkissjóður kostar ekki kensluna samkvæmt 70. gr., þó ekki yfir 1600 kr. á bekk til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk. Ennfremur greiða nemendur gagnfræðadeildar kenslugjald í skólasjóð, 60 kr. yfir skólaárið. Innanbæjarnemendur eru þó undanþegnir þessu skólagjaldi, eftir að Akureyrarbær hefir tekið á sig greiðslur til skólasjóðs samkvæmt framansögðu. Úr skólasjóði skal greiða kostnað við kenslu og annan rekstur gagnfræðadeildar, að undanskilinni kenslu þeirri og húsnæði, er ríkissjóður leggur til samkvæmt 70. gr.

46. Við 75. gr. Fyrir »Utanbæjarnemendur« í síðustu málsgr. komi: Nemendur.
47. Við 76. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 5. maí 1929.

Jón Jónsson, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. **540. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. I. 5. (Ríkisfjehirðisstörf):
Við liðinn bætist athugasemd:
Þar af 1000 króna persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.
2. — 11. — A. 8. (Endurskoðun skipamælinga):
Fyrir »500« kemur 1000
3. — 12. — 11. (Utanfararstyrkur lækna):
Fyrir »2000« kemur 3000
Athugasemdin orðist svo:
Af þessum lið greiðast 1500 kr. til Ólafs Lárussonar læknis í Vestmannaeyjum. Að öðru leyti veitir stjórnarráðið styrkinn eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.
4. — 12. — 16. n. (Ólafur Stefánsson):
Liðurinn fellur niður.
5. — 12. — 16. r. (Unnur Vilhjálmsdóttir):
Liðurinn fellur niður.

6. Við 12. gr. 16. s. (Þorgils Þorgilsson):
Liðurinn fellur niður.
7. — 13. — B. IV. (Dragferja á Hólsá):
Liðurinn fellur niður.
8. — 13. — D. III. (Nýjar símalagningar):
Athugasemdin fellur niður.
9. — 13. — E. VII. Nýr liður:
Til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að 5100
10. — 13. — E. VII. Nýr liður:
Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1/3 kostnaðar, alt að ... 15000
11. — 14. — B. II, c. (Námsstyrkur):
Fyrir »8000« kemur 12000
12. — 14. — B. II, d. (Kristinn Björnsson):
Liðurinn fellur niður.
13. — 14. — B. IX, b. (Iðnaðarmannafjelag Akureyrar):
Fyrir »1200« kemur 2000
14. — 14. — B. IX, c. Nýr liður:
Til Iðnaðarmannafjelagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds 800
15. — 14. — B. XII, 2. b. Nýr liður:
Til endurbóta á skólahúsinu 4000
16. — 14. — B. XIV, 2. (Gagnfræðaskóli Reykjavíkur):
Liðurinn fellur niður.
17. — 14. — B. XIV, 3. (Lýðskólar):
Fyrir »60000« kemur 75000
18. — 14. — B. XIV, 7. (Flensborgarskóli):
Liðurinn fellur niður.
19. — 14. — B. XIV, 9. (Útgáfa kenslubóka):
Fyrir »2500« kemur 3500
20. — 14. — B. XV, 1. Nýr liður:
Til þess að reisa húsmæðraskóla, alt að helmingi byggingarkostnaðar 20000
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.
21. — 14. — B. XXI, 4. (Glímufjelagið Ármann):
Liðurinn fellur niður.
22. — 15. — 7. b. Nýr liður:
Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði 1000
23. — 15. — 15. Nýr liður:
Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í

Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni 1500

24. Við 15. gr. 19. (Leikfjelag Akureyrar):
Fyrir »1000« kemur 1500

25. — 15. — 23. (Karlakór Reykjavíkur):
Fyrir »2000« kemur 1000

26. — 15. — 26. (Jón Sveinsson):
Fyrir »600« kemur 1200

27. — 15. — 39. (Samúel Eggertsson):
Liðurinn fellur niður.

28. — 15. — 40. Nýr liður:
Til leiðbeiningaskrifstofu stúdenta 1000

29. — 15. — 41. (Íþróttafjelag stúdenta):
Liðurinn fellur niður.

30. — 16. — 13. Nýr liður:
Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna 20000

31. — 16. — 13 c. (Rannsókn búfjársjúkdóma):
Liðurinn fellur niður.

32. — 16. — 22. c. (Laun síldarmatsmanna):
Liðurinn fellur niður.

33. — 16. — 27. (Gerlarannsóknir):
Liðurinn fellur niður.

34. — 16. — 28. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga):
Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.

35. — 16. — 36 (Landsfundur kvenna):
Fyrir »1000« kemur 1500

36. — 16. — 39 (Dýraverndunarfjelag Íslands):
Liðurinn fellur niður.

37. — 16. — 57. Nýr liður:
Til Hjörleifs Bjömssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár 500

38. — 17. — 14 (Minningarsjóður Maríu Össurardóttur):
Liðurinn fellur niður.

39. — 17. — 21 (Styrktarsjóður Margrjetar Bjarnadóttur):
Liðurinn fellur niður.

40. — 17. — 22. Liðurinn orðist svo:
Til gamalmennahælis Ísfirðinga, húsaleigustyrkur ... 1000

41. — 17. — 22. Nýr liður:
Til gamalmennahælisins Höfn á Seyðisfirði, upp í stofnkostnað 2500

42. Við 18. gr. II, b. 23 (Anna Þorgrímsdóttir):
Fyrir »1200« kemur 1300
43. — 18. — II. b. 24. Nýr liður:
Til Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju 400
44. — 18. — II. f. 16. Nýr liður:
Til Óla P. Blöndals 1800
45. — 18. — II. f. 23 (Ragnheiður Bjarnadóttir):
Fyrir »400« kemur 1000
46. — 18. — II. g. 10 (Stefán frá Hvítadal):
Fyrir »2000« kemur 1000
47. — 18. — II. i. 7. Tveir nýir liðir:
a. Til Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður 400
b. Til Kristínar Jónasdóttur ljósmóður 300
48. — 18. — II. i. 25 (Kristín Gestsdóttir):
Fyrir »400« kemur 600
49. — 18. — II. i 26. Nýr liður:
Til Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns 1200
50. — 18. — II. i. 29 (Sigfús Sigfússon):
Fyrir »500« kemur 800
51. — 22. — 6 (Símalagningar):
Liðurinn fellur niður.
52. — 22. — 7, 3. lið (Stokkseyrarlán):
Liðurinn orðist svo:

Stjórninni er heimilt að gefa eftir að hálfu lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926, gegn endurgreiðslu hins hlutans.

Nd. **541. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frv.

Það skal viðurkent, að ósamræmi er í fjárframlögum ríkissjóðs til farskóla og fastra skóla. Þetta ósamræmi vill meiri hlutinn leiðrjetta á þann hátt, að hækka launin og greiða launahækkunina úr ríkissjóði. Þetta er að vísu handhæg leið — á pappírnum —, en jeg get ekki fallist á, að þessi launahækkun sje rjettmæt.

Byrjunarlaun farskólakennara eru með 40% dýrtíðaruppbót kr. 420.00, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mán. ársins, sem skól-

inn stendur. Auk þess er aldursuppbót eftir þjónustualdri 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, svo launin geta samtals orðið 840 kr. Ef frv. yrði að lögum, bættist við þessi laun 200 kr. + dýrtíðaruppbót 80 kr., eða 280 kr., og yrðu þá launin alls 1120 kr., en útgjaldaaukinn myndi nema alls fyrir ríkissjóð 35 þús. kr.

Það er vitanlegt, að endurskoðun launalaganna hlýtur að fara fram innan mjög skamms tíma. Og jeg get ekki sjeð, að kennarar sjeu þeim órjetti beittir, að nauðsynlegt sje að taka þá út úr. Enda yrði endurskoðun á launum þeirra samt sem áður að fara fram. Legg jeg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 4. maí 1929.

Hannes Jónsson.

Nd. **542. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Við 3. gr. síðari málsgrein:
   a. Fyrir »fimm deildum« komi: 6 deildum.
   b. Á eftir »Ræktunarsjóður« komi: lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.
II. Við 59. gr. Fyrir »$^{3}/_{4}$« komi: $^{3}/_{5}$.

Nd. **543. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 6. gr. 4. Nýr liður:
Til Friðriks Jónssonar fyrrum pósts kr. 630,00.

Alþingi, 6. maí 1929.

Þorleifur Jónsson, form. — Ingólfur Bjarnarson, fundaskr. og frsm. — Jón Sigurðsson.
Jón Ólafsson. — Pjetur Ottesen. — Bjarni Ásgeirsson.
Haraldur Guðmundsson.

Nd. **544. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar sjer ekki ástæðu til að víkja frá þeim grundvelli, sem gilt hefir um útreikning dýrtíðaruppbótarinnar, og leggur því til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 4. maí 1929.

Halldór Stefánsson, formaður.	Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm.

Ed. **545. Breytingartillaga**

við frv. til laga um íbúð í kjöllurum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Orðið »(jarðhúsum)« í 2. gr. falli niður.

Nd. **546. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Benedikt Sveinssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina komi:

Aftan við fyrri málsgrein C. 1. í sömu grein bætist: Ennfremur vegur frá Brunnárbrú til Kópaskersvogar.

Nd. **547. Frumvarp**

til laga um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum, til þess að lána til að reisa íbúðir handa verkafólki (almennum verkamönnum og sjómönnum og starfsmönnum ríkis og bæjarfjelaga), enda hafi verið færð rök að því, að dómi atvinnumálaráðherra, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar.

2. gr.

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fje sem hjer segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
2. Bæjarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður í jöfnum hlutföllum.

3. gr.

Byggingarsjóður veitir lán til fjelaga verkamanna í kaupstöðum, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir verkamenn.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrjetti í húsum og trygð með veðskuldabrjefi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu alt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fje í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fje ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarfjelög verkamanna hafa rjett til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfjelagið komi upp byggingum fyrir verkamenn.
2. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag byggginganna samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að fjelagsmenn sjeu fjárráða verkafólk (sbr. 1. gr.) á sjó og landi, heimilisfast innan kaupstaðarins, og hafi eigi haft yfir 5000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast fjelagsmenn, nje yfir 5000 kr. eignir.
4. að íbúðirnar sjeu falar fjelagsmönnum til kaups fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfjelagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem fjelagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar sjeu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sje árleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sje í samþyktum fjelagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af fjelaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfjelagsins hafi áður

hafnað forkaupsrjetti fjelagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar fjelagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sje um framleigu að ræða, ákveður stjórn fjelagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

7. að settar sjeu reglur í reglugerð, sem staðfest sje af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn fjelagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallist á samþyktir fjelagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra fjelaga.

6. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar skulu vera 3 menn. Sjeu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau.

7. gr.

Ársreikningar byggingarfjelags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinnar.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. gr.

Nú er ekkert byggingarfjelag til í kaupstaðnum, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfjelagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu rjettindi og skyldur sem byggingarfjelög samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum verkamanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjelög, er starfa samkvæmt lögum þessum.

Ed. **548. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Guðmundur Ólafsson.

Við 1. gr. Á eftir orðinu »Skeggjastöðum« í niðurlagi 3. málsl. bætist inn í 4 nýir málsliðir, er orðist svo:

Lína frá Bólstaðarhlíð um Skeggsstaði að Bergsstöðum. Lína frá Kagaðarhóli að Reykjum á Reykjabraut. Lína frá Höskuldsstöðum um Efrimýrar að Kirkjuskarði. Lína frá Kálfshamarsvík að Höfnum.

Ed. **549. Lög**

um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu. Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafjelagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **550. Lög**

um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Í stað »14. maí« í 5. gr. laganna kemur: 20. apríl.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 11. gr., svo látandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nákvæm fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, sjerstaklega um kostnað við kynbætturnar og valdsvið kynbótanefnda.

Í reglugerð má ákveða, að brot gegn henni varði sektum, frá 50—500 kr., sem renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **551. Lög**

um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Stafliður c. í 2. tölul. 3. gr. laganna orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Ed. **552. Hafnarlög**

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði alt að 333000 — þrjú hundruð þrjátíu og þrjú þúsund — krónur, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Hafnarfjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 667 þús. króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og utan bæjarstjórnar.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, en hafnargjaldkeri annast fjármál hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Hafnarfjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, og farmi þeirra:

1) Lestagjald.
2) Vitagjald.
3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
4) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Hafnarfjarðar innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4 % af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæslumaður landssjóðs, og fær hann 2 % í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Nd.

553. Lög

um Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

I. KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í 6 deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir.
2. Að veita lán rekstrarlánafjelögum eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfjelaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fjeð sje eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafjelaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sjerstökum lögum um slík fjelög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, jarðræktarbrjefum, veðdeildarbrjefum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbrjefa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fje opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, sjeu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda sjeu þeir ekki sjerstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sjerstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, alt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 1250000 króna. Stofnfje þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabrjefum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fje verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabrjefa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfjenu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfje, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs síns.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð brjefanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabrjefum, er bera eins háa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabrjefa, skal ákveða vexti brjefanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal

og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er veðdeildin fær frá lántakendum og geymt andvirði seldra brjefa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk veðdeildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelögum, eða trygð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sje lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgangsrjetti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum fjelögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum fjelagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátrygð sjeu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sjer að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrjetti og aldrei yfir ⅗ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrjett, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan ⅗

virðingarverðs. En af slíku láni má taka sjerstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir brjefin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabrjefa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fje

varið til að innleysa bankavaxtabrjef flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa brjef til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabrjef þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð.

34. gr.

Fje varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabrjef-

um allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. En stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rjett að höfða mál, til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sjer út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selst innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er og sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sjer eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sjerstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 2 miljónum króna í vaxtabrjefum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

40. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta fyrst um sinn framkvæmd þessa (III.) kafla laganna um veðdeild bankans.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

41. gr.

Ríkissjóður leggur til tryggingarfje fyrir skuldbindingum bústofnslánadeildar, að upphæð 700 þús. kr., í skuldabrjefum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabrjefum eigi ótryggari. Ennfremur leggur ríkissjóður deildinni til stofnsjóð, að upphæð 300 þús. kr., er greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

42. gr.

Bústofnslánadeild hefir sjerstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

43. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabrjef, alt að sexfaldri upphæð tryggingarfjár og stofnsjóðs. Skal hverjum flokki bankavaxtabrjefanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra brjefa hvers flokks lokið innan 15 ára frá sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

44. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabrjef þau, er deildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra brjefa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.

3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, alt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarfje og stofnsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

45. gr.

Af fje bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni. Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

Lán deildarinnar skulu jafnan trygð með 1. veðrjetti í búfje lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

Nú tekur deildin veð í búfje, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfjelaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

46. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði, og að það sje ekki veðsett öðrum.
2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæslumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur. Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og sjeu í eigu lántakanda.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

47. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars

en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

48. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabrjefa og varasjóðsgjald við lántöku gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

49. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og varasjóðsgjald ¾% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert.

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni. Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.

Um rjett og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

50. gr.

Um vaxtabrjef og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rjett að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfje.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu, þótt veðbrjef sje ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Fje ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bústofnslánadeildar.

52. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 1½ milj. kr. í vaxtabrjefum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

53. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sjerstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt, svo og sjerstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sjerákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að fella úr gildi samning þann, er gerður var við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, samkvæmt 27. gr. laga nr. 17, 18. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

VI. KAFLI.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.

54. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 þús. kr. á ári í 6 ár til lánadeildar til smábýla í nágrenni kaupstaða og kauptúna.

55. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán innanlands eða utan, alt að 2 miljónum kr., handa lánadeildinni, til starfsemi þeirrar, er henni er ætlað að vinna samkvæmt lögum þessum.

56. gr.

Ríkissjóður afhendir Búnaðarbankanum lánsfjeð, en deildin stendur aftur ríkissjóði skil á vöxtum og afborgunum láns þess, er ríkissjóður hefir tekið í þessu skyni.

57. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla skal aðeins veita til smábýla í grend við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði vera skilyrði fyrir láni, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni.

58. gr.

Lán úr lánadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með 1. veðrjetti.
c. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga.

59. gr.

Lán mega nema alt að ¾ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotarjetti lands.

60. gr.

Hámark lánsfjárhæðar má vera 15000 krónur.

61. gr.

Í reglugerð bankans skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

VII. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

62. gr.

Um þessa deild bankans gilda sjerstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VIII. KAFLI.

Sjerrjettindi bankans.

63. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

64. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

65. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

66. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðar-

bankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sje að láta mæta við uppboðið.

IX. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

67. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, alt að 50% af launum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

68. gr.

Ráðherra skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

69. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

70. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

71. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

72. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

73. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

74. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

75. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

X. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

76. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Nd. **554. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að málið nái fram að ganga. Tveir nefndarmenn (H. K. og M. G.) tóku ekki þátt í meðferð málsins og hafa því óbundin atkvæði um það.

Nefndin vill þó gera á frumvarpinu svofelda

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgrein. Á eftir orðunum »kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag«, komi: eða hreppur, sem hefir yfir 400 íbúa.

Alþingi, 6 maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr. og frsm.	Magnús Torfason.

Nd. **555. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er komið frá Ed., og hefir nefndin borið það saman við lögin frá 1928. Breytingarnar lúta allar að tryggingu rekstrar einkasölunnar og miðast við þá þörf, sem reynsla síðasta árs benti til um verkun síldar, veltufjárþörf, sjóðmyndanir og starfsháttu. Meiri hl. nefndarinnar fellst á breytingarnar, telur þær yfirleitt haldkvæmar og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Einn nefndarmann (Ó. Th.) vantaði á fund, annar (J. Jós.) lýsti sig ósamþykkan stefnu frv.

Alþingi, 6. maí 1929.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. **556. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndinni hefir verið það fullljóst, að þörf væri á að hraða sem mest afgreiðslu fjárlaga í þessari deild.

Fjárlög voru ekki lögð fram til 1. umræðu í efri deild fyr en liðnir voru 75 dagar frá þingsetningu. Er þá auðsætt, að ef samsvarandi tíma væri varið til afgreiðslu þeirra eftir það, yrði þingið óhæfilega langt. Nefndin hefir því hagað störfum sínum að nokkru leyti með hliðsjón af því, hversu mjög nú er liðið á eðlilegan og hæfilegan þingtíma. Hefir þess vegna verið dregið til 3. umræðu að taka ákvarðanir og gera tillögur um viss mikilsvarðandi atriði fjárlaganna, með það fyrir augum að nota frestinn þar til 3. umr. hefst til þess að íhuga þessi atriði sjerstaklega. Taldi nefndin, að á þann hátt sparaðist nokkur tími.

Nefndin leggur því ekki í þetta sinn fram neinar tillögur um tekjubálkinn, ræðst ekki í neinn verulegan niðurskurð útgjalda til þess að verjast tekjuhalla, og gerir engar tillögur um 23. gr. Þetta er gert með ráðnum hug, með það fyrir augum að taka þessi atriði sjerstaklega til yfirvegunar við 3. umr.

Nefndinni er það hinsvegar fullljóst, að sú er ein fyrsta skylda þingsins, að ganga á þann hátt frá fjárlögum, að þau sjeu tekjuhallalaus, og áætlun

tekna og útgjalda þó það varleg, að fylsta ástæða sje til að ætla, að beri sig í heild í venjulegu árferði.

Nefndin gefur engar bendingar um það hjer, hverja skoðun hún hefir á tekjuáætlun fjárlaganna eins og hún nú er. En eftir að þannig er gengið frá tekjuhlið þeirra, að svo mikið hefir verið teygt úr tekjuvonunum, sem fært þykir, án þess þó að brjota í bág við sjálfsagða varfærni, þá er varla um aðra leið að ræða til þess að losna við tekjuhalla — sje hann annars kominn — en að nema burt útgjöld. Þó taldi nefndin rjett að fá við 2. umr. fjárl. í efri deild bendingu um fjármálastefnu deildarinnar, áður en gerð yrði fullnaðarráðstöfun til varnar tekjuhalla.

Nefndarmenn hafa hvergi nærri alstaðar getað orðið sammála um tillögur nefndarinnar, og hafa þeir þá óbundið atkvæði um þá liði, en óþarft þykir að taka fram við hverja tillögu, hve margir nefndarmenn sjeu henni fylgjandi.

Skal eigi eytt um þetta fleiri orðum, en vikið nokkuð að breytingartillögum nefndarinnar.

10. gr.

Nefndin leggur til, að ríkisbókara verði greidd 1000 króna persónuleg launaviðbót. Er þetta gert eftir bendingu frá fjármálaráðherra, sem taldi þessa fulla þörf og kleift án þess að hækka liðinn til ríkisfjehirðisstarfa í heild.

11. gr.

Við þessa grein er gerð sú eina breyting — einnig eftir bendingu frá fjármálaráðherra —, að lagt er til að hækka þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga úr 500 kr. í 1000 kr. Páll skólastjóri Halldórsson hefir gegnt þessu starfi síðan 1904 fyrir lítið gjald, 300 kr. til ársloka 1917 og 500 kr. úr því. Hann hefir óskað eftir þessari hækkun, og taldi nefndin hana sanngjarna.

12. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn til styrktar læknum til utanfarar hækki úr 2000 kr. upp í 3000 kr., og að lækni Vestmannaeyinga. Ólafi Ó. Lárussyni, verði greiddar 1500 kr. þar af. Lítur nefndin svo á, að þessi læknir hafi nokkra sjerstöðu vegna þess, hve tíðar eru skipakomur við Eyjar, mikið annríki fyrir lækni þar og brýn nauðsyn á góðri þekkingu og atorku. Fyrir lá beiðni frá lækni þessum um 3000 króna fararstyrk til Þýskalands og Austurríkis til framhaldsmentunar í almennum lækningum. Sú skoðun kom fram í nefndinni, að rjettara myndi að greiða betur en gert hefir verið að undanförnu fyrir læknum í embætti til utanfarar, til þess að kynnast nýjungum í læknisfræði, en veita færri námsstyrki í sama augnamiði.

Þá leggur nefndin til, að niður falli þrír sjúkrastyrkir, til Ólafs Stefánssonar, Unnar Vilhjálmsdóttur og Þorgils Þorgilssonar. Nefndin lítur svo á, að þingið geti ekki veitt slíka styrki þannig, að rjettlætt verði, og vill því algerlega hverfa af þeirri braut.

13. gr.

Þótt nefndin vilji ekki mæla því í gegn, að þörf sje á dragferju á

Hólsá í Rangárvallasýslu, þá virðist það mál ekki nægilega undirbúið og tillagið úr ríkissjóði hærra en nefndin veit dæmi til áður. Leggur nefndin því til, að liðurinn til þessarar dragferju, 7500 kr., falli niður að þessu sinni.

Nefndin telur rjett, að landssímastjóri og ríkisstjórnin hafi sem óbundnastar hendur um það, hvar verði lagðir nýir símar. Af þeirri ástæðu er lagt til, að niður falli athugasemdin um símalínuna frá Ögri að Snæfjöllum.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 5100 kr. til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Þetta er hinn eini staður við Hjeraðsflóa, er notaður verður sem lendingar- og upplagsstaður fyrir vörur, en þó ónothæfur án viðgerðar. Verður nefndin því að fallast á nauðsyn fyrir þessari fjárveitingu. Fyrir lá teikning og áætlun, gerð að tilhlutun vitamálastjóra.

Ennfremur leggur nefndin til, að veittar verði 15000 kr. til þess að ljúka þeim lendingarbótum í Ólafsvík, sem unnið hefir verið að að undanförnu, svo að það mikla fje, sem þegar hefir verið lagt fram, geti komið að tilætluðum notum. Þótt lög um hafnargerð í Ólafsvík frá 1919 geri ráð fyrir 1/4 kostnaðar úr ríkissjóði til hafnarinnar, er hjer lagt til, að greiddur verði 1/3 hluti, þar sem þetta verður fremur að telja lendingarbætur en hafnargerð.

14. gr.

Eftir upplýsingum frá mentamálaráðinu þótti sýnt, að námsstyrkurinn samkvæmt ákvörðun þess myndi tæplega hrökkva til þeirra stúdenta, sem teknir voru í fjarlög þessa árs og nauðsynlegast er talið, að styrktir verði áfram. Leggur því nefndin til 4000 króna hækkun á liðnum, en að jafnframt falli niður hin sjerstaka fjárveiting til Kristins Björnssonar læknis.

Þá þótti nefndinni sanngjarnt að hækka um 800 kr. styrk til Iðnaðarmannafjelags Akureyrar til kvöldskólahalds. Fjelagið rekur mjög vel útbúinn og fjölsóttan kvöldskóla og hefir miklu til hans kostað. Jafnframt þótti sanngjarnt að taka einnig að nokkru til greina umsókn frá Iðnaðarmannafjelagi Hafnarfjarðar um styrk til samskonar skólahalds þar.

Fyrir nefndinni lá umsókn um 5000 kr. framlag til viðgerðar á húsi kvennaskólans á Blönduósi og kostnaðaráætlun um verkið. Nefndinni þótti sýnt, að viðgerð þessi væri nauðsynleg, og leggur til, að 4000 kr. verði veittar.

Nefndin telur gagnfræðaskóla Reykjavíkur sjerskóla fyrir Reykjavík eða einstaka menn þar, enda utan þeirra takmarka, sem þing og stjórn hefir sett. Leggur því til, að styrkur til hans falli niður.

Þá telur nefndin rjett, að Flensborgarskóli verði háður samskonar eftirliti fræðslumálastjórnarinnar og aðrir skólar landsins. Leggur því til, að fjárhæð sú, 16000 kr., sem þeim skóla er ætluð sjerstaklega í frv., færist yfir á þann lið, sem ætlaður er unglingaskólum utan Reykjavíkur, og láti sömu skilyrðum.

Hækkun á liðnum til útgáfu kenslubóka er gerð með sjerstöku tilliti til þess, að mentaskólana skorti tilfinnanlega hentugar kenslubækur á íslensku máli.

Á fleiri stöðum á landinu eru nú uppi háværar raddir um nýja hús-

mæðraskóla, sem og er vonlegt. Húsmæðraskólar þeir, sem til eru nú, geta ekki rúmað nema nokkurn hluta þeirra, sem þangað vilja og þurfa að komast. Úr þessu verður að bæta.

Nefndin leggur til, að 20000 kr. standi í fjárlögum nú, sem taka megi til einhversstaðar á landinu, þar sem fje er fyrir hendi til að leggja á móti og settum skilyrðum fullnægt að öðru leyti.

Minni hluti nefndarinnar (Í. H. B. og Jóh. Jóh.) óskar tekið fram, að hann sje mótfallinn nokkru framlagi úr ríkissjóði til húsmæðrafræðslu, meðan sú fræðsla er ekki sett í kerfi í landinu, sem önnur fræðsla.

Í frumv. eru tveir styrkir til utanfarar glímumanna, annar til glímufjelagsins »Ármanns« og hinn til íþróttafjelags stúdenta. Nefndin vill ekki fallast á þá aðferð að kosta af fje ríkisins þesshättar ferðalög í ýmsar áttir samtímis. Vill þó ekki gera upp á milli þessara aðilja, enda þykir vafasamt, að hjer sje fyrir hendi sá undirbúningur, sem vera þarf til þess að rjett sje að kosta fje til glímusýningar erlendis. Leggur nefndin því til, að báðir þessir styrkir sjeu niður feldir.

15. gr.

Amtsbókasafnið á Seyðisfirði hefir sótt um 2000 króna sjerstakan styrk til bókakaupa og til þess að hafa opinn lestrarsal fyrir almenning. Þar sem sýnt er af reikningum safnsins, að hlutaðeigendur hafa lagt því allmikið fje, þótti nefndinni sanngjarnt að verða við beiðni þeirra að nokkru, enda allríf fjárhæð veitt til slíkra safna í öðrum fjórðungum landsins. Nefndin leggur því til að veita safninu 1000 kr. styrk.

Björn K. Þórólfsson mag. art. sækir um sama styrk og honum er veittur í fjárlögum þessa árs, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Khöfn.

Þar sem slík skrá er mjög nauðsynleg þeim, er kanna vilja sögu vora, og þegar er byrjað að veita fje til samningar hennar, telur nefndin rjett að hætta ekki við hálflokið verk, enda er umsækjandi að dómi merkra fræðimanna mjög vel hæfur til starfsins. Nefndin leggur því til, að veittar sjeu 1500 kr. til þessa verks, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni.

Nefndin hefir talið rjett að hækka framlag ríkissjóðs til Leikfjelags Akureyrar um 500 kr. Hefir fjelag þetta vandað mjög til leiksýninga sinna og Akureyrarbær lagt því miklu meira fje í hlutfalli við ríkisstyrkinn en aðrir bæir sínum leikfjelögum, og verður þessi hækkun því að teljast sanngjörn.

Nefndin lítur svo á, að farið sje inn á nokkuð varasama braut með því að veita karlakór Reykjavíkur styrk til söngnáms. Leggur hún til, að farið sje gætilega í því efni og styrkurinn færður niður um helming, enda hyggur hún, að allmikla kenslu megi fá fyrir þá fjárhæð.

Svo sem kunnugt er, hefir sr. Jón Sveinsson fært þjóð sinni hverja ágætisbókina á fætur annari. Þar sem afráðið er að styrkja hann til heimfarar á annað borð, sem nefndin telur vel ráðið, lítur hún svo á, að styrkurinn megi ekki minni vera en svo, að hann nægi fyrir beinum ferðakostnaði. Vill því hækka hann upp í 1200 kr.

Styrkinn til Samúels Eggertssonar til að gefa út hlutfallauppdrátt af

sögu landsins vill nefndin fella niður, þar sem eigi hafa heyrst neinar raddir frá skólum landsins um, að þörf væri á sliku verki, og nefndin dregur nokkuð í efa, að uppdráttur þessi yrði að miklu gagni.

Stúdentaráðið hefir sótt um 1200 kr. til upplýsingaskrifstofu til leiðbeiningar námsfólki, er fara vill utan. Nefndin telur, að allmikið gagn megi verða að slíkri leiðbeiningastarfsemi og mælir með því, að veittar sjeu 1000 kr. í þessu skyni.

16. gr.

Nefndin leggur til, að sjerstök fjárveiting til rannsóknar búfjársjúkdóma falli niður, en í staðinn komi nýr liður, 20 þús. kr. til rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna. Er þetta gert í samræmi við hin nýju lög um þetta efni.

Þar sem síldareinkasalan kostar síldarmatið, leggur nefndin til, að liðurinn undir 16. gr. 22 c. falli niður.

Þar sem fje er veitt sjerstaklega til háskólans til gerlarannsóknar, telur nefndin rjett, að niður falli liðurinn undir 16. gr. 27, enda er maðurinn, sem framkvæmt hefir þessar rannsóknir, látinn.

Styrknum til heimilisiðnaðarfjelaganna vill nefndin að fylgi sama athugasemd og í núgildandi fjárlögum, að 800 kr. gangi til Geirs Þormars myndskera, til þess að halda uppi námsskeiðum í trjeskurðarlist í íslenskum stíl á Norður- og Austurlandi.

Þar sem ætla má, að kostnaður við landsfund kvenna næsta ár verði allmiklu meiri en að undanförnu, vegna hátíðahaldanna, vill nefndin veita til hans nokkru rífari styrk en áður, eða 1500 kr. í stað 1000.

Nefndin leggur til, að niður falli styrkur til Dýraverndunarfjelags Íslands. Mun það hafa allrífan sjóð til stuðnings starfi sínu og ganga greiðlega að afla fjár með samskotum, og því eigi brýn þörf að veita því fje í fjárlögum.

Hjörleifur Björnsson bóndi á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi sækir um 1000 kr. sem viðurkenningu fyrir að hafa haft á hendi ókeypis brjefhirðingu fyrir sveitunga sína í 30 ár, með því að póststjórnin fjekst ekki til að ákveða þar reglulega brjefhirðing, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, fyr en á síðasta ári. Það virðist viðurkent, að á Hofsstöðum hafi verið þörf reglulegrar brjefhirðingar, þar sem hún er ákveðin þar nú, og getur nefndin því lagt til að veita 500 kr. þessu skyni í eitt skifti fyrir öll.

17. gr.

Nefndin telur það varasamt fordæmi, að ríkið fari að styrkja minningarsjóði einstakra manna. Einkum virðist ríkið verja þegar ærnu fje til berklavarna, þótt það fari ekki að styrkja hjeruðin til þess að leggja fram sinn hluta af kostnaðinum, eins og að virðist stefnt með 14. lið 17. greinar.

Nefndin leggur því til, að 14. og 21. liður 17. gr. falli niður.

Í fjárlögunum hefir verið styrkur til gamalmennahælis á Ísafirði, og vill nefndin, að það komi skýrt í ljós, að hann sje hugsaður sem húsaleigustyrkur.

Í annan stað hefir komið umsókn frá kvenfjelagi á Seyðisfirði um 3500 kr. styrk til þess að eignast hús fyrir gamalmennahæli. Þar sem nefndin

telur slíkar stofnanir mjög þarfar, sjer hún sjer ekki fært að neita um einhvern styrk í þessu skyni, og leggur til, að hann sje ákveðinn 2500 kr.

18. gr.

Liðinn í 18. gr. II. b. 23 hefir nefndin hækkað um 100 kr., og er það aðeins leiðrjetting.

Þá leggur nefndin til, að ekkju Kristjáns læknis Kristjánssonar á Seyðisfirði, sem er blásátæk, verði veitt 400 króna eftirlaun. Er það í samræmi við það, sem veitt hefir verið öðrum læknaekkjum, er líkt hefir staðið á um.

Óli P. Blöndal póstritari hefir mist heilsuna, svo að hann verður að láta af embætti. Hefir hann sótt um 3000 króna eftirlaun. Maðurinn er óvinnufær með öllu og hefir fyrir ómegð að sjá. Vill nefndin, að honum verði ákveðin 1800 króna eftirlaun, og telur það í samræmi við eftirlaun Friðriks Klemenssonar.

Ragnheiður Bjarnadóttir hefði átt að fá 1200 kr. í ekkjutrygging og eftirlaun, ef lögin frá 1919 um ekkjutrygging hefðu ekki leyst fimtuga menn frá að kaupa slíka trygging.

Þar sem það virðist ekki hafa verið ætlun þingsins, að ekkjur þessara embættismanna yrðu ver farnar en aðrar, leggur nefndin til að ákveða eftirlaun þessarar konu 1000 kr., svo að þau verði meir í samræmi við eftirlaun hliðstæðra ekkna.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að ákveða Stefáni frá Hvítadal svo háan styrk sem gert er í frv. Leggur því til, að hann sje færður niður um helming.

Anna Þorsteinsdóttir hefir gegnt ljósmóðurstörfum yfir 40 ár, en Kristín Jónasdóttir tæp 30 ár. Báðar eru þrotnar að heilsu. Leggur nefndin því til að ákveða eftirlaun hinnar fyrnefndu 400 kr., en hinnar síðarnefndu 300 kr.

Ekkja Þorsteins Guðmundssonar fiskimatsmanns á við mjög mikla örbirgð og erfiðleika að stríða, og með því að maður hennar leysti af hendi mikið þjóðnytjaverk, vill nefndin hækka örlítið eftirlaun hennar.

Jakob Björnsson síldarmatsmaður á Svalbarðseyri hefir orðið að láta af starfi vegna sjóndepru og elli og sækir um að fá að halda fullum launum. Þar sem maður þessi hefir gegnt starfinu lengi, vill nefndin mæla með því, að hann fái 1200 kr.

Fyrir nefndinni lá erindi nokkurra merkra mentamanna úr Reykjavík um að hækka styrk til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará um 1000 krónur. Nefndin leggur til, að styrkurinn verði framvegis 800 kr.

22. gr.

Fjármálaráðherra kom á fund nefndarinnar og benti á, að ómögulegt yrði að veita lán úr viðlagasjóði til símalagninga, þar sem fje hans væri alt fast og hann auk þess í skuld við ríkissjóð.

Nefndin fjelst því á að fella niður 6. lið 22. gr., þar sem hann yrði aðeins til þess að vekja tálvonir hjá hlutaðeigendum.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að gefa nokkrum Stokkseyr-

ingum eftir með öllu lán það, er þeim var veitt vegna brunans 1926. En þar sem greiðsla frá þessum mönnum mun vera nokkuð óviss, getur nefndin fallist á að gefa þeim eftir helming lánsins jafnóðum og hinn hlutinn er greiddur.

Alþingi, 7. maí 1929.

Jón Jónsson, form. Páll Hermannsson, skrifari og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.
Jóh. Jóhannesson. Erlingur Friðjónsson.

Nd. **557. Frumvarp**

til laga um háskólakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu rjettindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **558. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Magnúsi Torfasyni og Hjeðni Valdimarssyni.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: en annan kostnað greiðir byggingarsjóður.

Nd. **559. Frumvarp**

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með haldkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabrjefum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

II. 60000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði í 10 ár, en þaðan af 30000 kr. á ári.

III. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, jafnframt og lög þessi ganga í gildi, og greiðast ríkissjóði árlega 4% vextir af því fje.

3. gr.

Fiskiveiðasjóður skiftist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er í I. og II. lið 2. gr., en fje eftir III. lið fellur undir rekstrarlanadeild.

Óvissar tekjur sjóðsins og árlegur tekjuafgangur skiftist jafnt milli beggja deilda hans.

4. gr.

Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

a) skipakaupa, alt að 50 rúmlesta.

b) stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, og til fiskimanna, sem verka hlut sinn sjálfir og selja. Má lán þessi veita gegn veði í fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin tekur gildar.

Aldrei skulu slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sje lokið á ársfresti, og skulu vextir vera að minsta kosti $^1/_2$% undir gildandi víxilbankavöxtum.

5. gr.

Skipakaupalán má veita til 10 ára og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 25000 kr. til eins lánsþega.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema $^1/_3$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.

Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði ekki fara fram úr $5^1/_2$%.

6. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a) gegn fasteignaveði, alt að $^{3}/_{5}$ af virðingarverði veðsins, og hvili engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.

b) gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem eigi sigla til útlanda, alt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðrjettur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum, hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. gr.

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í þeim fjarlægari landshlutum. Skal útlánsfjenu skift sem jafnast eftir útgerðarmagni báta í þeim einstöku landshlutum.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1930, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905 og lög nr. 29 1907, sem og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **560. Lög**

um loftferðir.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

I. KAFLI.

Um loftför.

1. gr.

Loftförum er frjálst að fara um loftið innan takmarka þeirra, er lög þessi setja eða reglugerðir, er lög þessi hafa í för með sjer.

Loftför eru í lögum þessum nefnd loftskip, landflugvjelar og sjóflugvjelar og flugbelgir.

2. gr.

Loftförum er heimilt að ferðast um Ísland, ef þau eru eign íslenskra ríkisborgara (samkv. gr. 3—5) eða þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr.

3. gr.

Loftfar skal skrásetja á Íslandi, ef það á að telja íslenska eign.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið segir fyrir um, á hvern hátt skrásetja skuli íslensk loftför.

5. gr.

Loftfar er ekki unt að skrásetja, nema það fullnægi skilyrðum þeim, er hjer greinir:

1. Loftfarið verður að vera:
   a. alger eign íslenskra ríkisborgara eða
   b. í vörslu íslenskra ríkisborgara, ef á að nota það um lengri tíma en 3 mánuði.

   Ef hlutafjelag eða önnur stofnun, sem nýtur lögrjettinda, á loftfar, verður fjelagið eða stofnunin að hafa heimili og varnarþing á Íslandi, til að fullnægja skilyrðinu í greinarlið a. Ef annað fjelag er eigandi eða vörsluhafi, skal fjelag þetta eiga heimilisfang á Íslandi. Ábyrgir eigendur, hvort sem um fjelagsskap eða einstaka menn er að ræða, skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar.
2. Færa verður sönnur á samkv. 14. gr., að loftfarið sje hæft til flugferða.
3. Til tryggingar skaðabótakröfum, er kunna að verða gerðar, verður eigandi loftfars samkv. 1. a, eða vörsluhafi samkv. 1. b. að færa sönnur á, að hann hafi sjeð um vátryggingar fyrir fjárhæð þeirri, er hægt er að krefjast af honum samkv. 33. gr., eða hann setur tryggingar þær, er teknar verða gildar.

6. gr.

Skrásett loftför eru skyld að bera lofthelgismerki og skrásetningarmerki. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvernig lögun og gerð þessara merkja skuli vera.

7. gr.

Eigandi loftfars skal skriflega sækja um skrásetningu.

Í skrasetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, ennfremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að krefjast.

Skrásetningarbeiðninni skal fylgja:

a. yfirlýsing um, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er tekin eru fram í 5. gr. 1. malslið,
b. yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi áður verið skrásett í öðru ríki,
c. vottorð, er sanni, að loftfarið sje hæft til flugferða samkv. 14. gr.,

d. vátryggingarvottorð samkv. 33. gr. eða yfirlýsing frá yfirvaldi því, er í hlut á, að tryggingar hafi verið settar í samræmi við 33. gr.

8. gr.

Ef lögboðnum skilyrðum er fullnægt, skal skrásetja loftfarið. Á skrá þessa skal setja:

a. tölumerki loftfarsins,
b. hvenær skrásetning hafi farið fram,
c. hverrar tegundar loftfarið sje og annað það, er einkennir það, ennfremur nafn eiganda og til hvers loftfarið skuli notað,
d. athugasemd um, að loftfarið sje hæft til flugferða,
e. athugasemd um vátryggingu og tímagildi hennar eða um tryggingar þær, er hafa verið settar,
f. skrásetningarmerki það, er loftfarið hefir hlotið.

9. gr.

Ef einhver breyting verður á atriðum þeim, er tekin eru upp í 8. gr. c—f. eftir að skrásetning hefir farið fram, ber að tilkynna breytingarnar hjá skrásetjara. Sjer hann þá um, að breytingar sjeu færðar inn eða að loftfarið sje tekið út af skrá samkv. 10. gr.

Ef eigandaskifti verða á loftfari að öllu eða nokkru leyti, ber báðum aðiljum, hinum gamla og hinum nýja eiganda, að tilkynna skiftin. Ef um fjelagsskap er að ræða og einhverjar þær breytingar verða, er fara í bág við 5. gr. 1. málslið, ber stjórn fjelagsins tafarlaust að skýra skrásetjara frá þessu.

10. gr.

Loftfar skal strikað út af skrá:

a. ef það hefir ekki fullnægt lögboðnum skilyrðum, en þó komist á skrá,
b. ef breyting verður á skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið. Ef loftfar reynist ekki hæft til flugferða, ber að strika það út af skrá, jafnskjótt sem vottorð um flughæfi þess hefir verið ónýtt,
c. þegar loftfar ferst.

11. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út skrásetningarvottorð. Í vottorði þessu skal vera útdráttur úr skrásetningarskýrslu.

Ef einhver breyting verður á skrásetningaratriðum þeim, er nefnd eru í skrásetningarvottorði, ber skrásetjara að færa breytingarnar á skrásetningarvottorðið eða sjá um, að nýtt skrásetningarvottorð verði gefið út, eða ónýta skrásetningarvottorðið, ef um er að ræða atriði þau, er nefnd eru í 10. gr.

Eiganda ber að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður, nema hann geti sannað, að skrásetningarvottorðið hafi glatast.

Ef eigandaskifti hafa orðið og ekki er fullnægt skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, er hinn fyrri eigandi skyldur til að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður.

12. gr.

Jafnskjótt og skrásetning hefir farið fram, ber að setja lofthelgismerki og skrásetningarmerki (samkv. 5. gr.) á loftfarið.

Ef loftfarið hefir verið strikað út af skrá, ber eiganda, eða ef eigandaskifti hafa orðið og skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, hefir ekki verið fullnægt, þá hinum fyrra eiganda að láta taka merkin af loftfarinu.

13. gr.

Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign íslenskra ríkisborgara, því aðeins halda uppi loftferðum, að eigendur þeirra hafi um það gert sjerstakan samning við stjórn landsins og að þau annist aðeins flutning á fólki, farangri og pósti.

14. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur vottorð um, að loftfar sje hæft til flugferða, þegar þess er krafist.

Vottorðið er veitt:

a. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eða trúnaðarmaður þess hefir gengið úr skugga um, að skilyrðum þeim, er ráðuneytið sjálft setur, hefir verið fullnægt,
b. ef vottorð er lagt fram frá yfirvöldum annars ríkis eða opinberri eftirlitsstofnun þess um, að loftfarið sje hæft til flugferða. Þó verður að krefjast þess, að sömu skilyrðum sje að minsta kosti fullnægt sem þeim, er sett eru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

15. gr.

Ef loftfar hefir orðið fyrir breytingum eða skemdum, sem hafa áhrif á flughæfi þess, er flughæfivottorð þess ógilt þangað til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir látið skoðun fara fram eða eftirlitsstofnun sú, er veitti hið fyrra vottorð. Ef skemdirnar eru bættar með því að setja varahluta í stað hinna skemdu eða lagfærðar eru lítilfjörlegar bilanir, þarf skoðun ekki að fara fram.

Ef skoðun leiðir í ljós, að breyta þarf loftfarinu til þess að það sje flughæft eða gagngerðar breytingar þarf að framkvæma, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess, meðan á viðgerðum stendur.

Ef loftfar hefir orðið fyrir þeim skemdum, að ekki er unt að gera við það, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess að fullu og öllu.

16. gr.

Hver sá, er á loftfar, sem nota á til flugferða á Íslandi, er skyldur til, ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið krefst þess, að veita trúnaðarmanni ráðuneytisins aðgang að loftfarinu.

Eigandi loftfars eða, ef hann hefir ekki íslenskan ríkisborgararjett, flugmaður þess, er skyldur að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu

tafarlaust, ef skoða þarf loftfarið samkv. 15. gr. eða ef ógilding á flughæfivottorði kemur til greina.

17. gr.

Skyldur þær, er hvíla á eiganda loftfars, er taldar eru upp í 7.—17. gr., hvíla einnig á þeim, sem hefir loftfar í vörslum sínum samkv. 5. gr. málslið 1 b. Þess vegna ber samkv. 7. gr. 2. málslið að taka fram við skrásetningarbeiðni nafn og heimili vörsluhafa og atvinnustörf loftfarsins. Þess vegna ber á skrá loftfara, samkv. 8. gr. c, að geta nafns vörsluhafa og atvinnu loftfarsins, en ekki nafns eiganda eða atvinnu loftfars hans.

II. KAFLI.
Fluglið.

18. gr.

Flugstjóri hefir skipunarvald í loftfari gagnvart flugliði og farþegum; ef fleiri en einn úr flugliði koma til greina við stjórn loftfars, skal sá hafa skipunarvald, er eigandi samkv. 5. gr. 1 a eða vörsluhafi samkv. 5. gr. 1 b kveður til þess.

19. gr.

Flugstjóri og aðrir, er teljast til flugliðs, þurfa leyfisbrjefs frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Flugkennarar, er taka þátt í flugæfingum og reynsluferðum, skulu teljast flugstjórar.

Leyfisbrjef til að stýra loftfari eða til að aðstoða við flugferðir skulu veitt þeim, er sanna, að þeir hafi staðist próf þau, er til þessara starfa er krafist.

Leyfisbrjefin eru veitt til ákveðins tíma, og ber því að endurnýja þau, ef handhafi leyfisbrjefs hefir sannað, að hann á síðasta ári hafi unnið störf sín óaðfinnanlega og að engar ástæður eru gegn endurnýjun leyfisbrjefsins.

Leyfisbrjef skal tekið af leyfishafa um stundarsakir eða fyrir fult og alt, ef sannað er, að handhafi sje óhæfur til að stýra eða aðstoða við stjórn loftfars.

Leyfishafa ber sjálfum að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eða umboðsmönnum þess tafarlaust, ef einhver þau atvik verða, er valda því, að svifta þarf leyfishafa leyfisbrjefi um stundarsakir eða fyrir fult og alt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur gefið út reglugerð um ákvæði hjer að lútandi.

20. gr.

Nú vill sá, er eigi hefir leyfisbrjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu samkv. 19. gr., stýra loftfari eða aðstoða við stjórn þess, og má þá leyfa honum það:

a. ef hann hefir leyfisbrjef frá erlendu ríki og gildi þess er viðurkent með ríkjasamningi,
b. ef hann hefir leyfisbrjef, sem gefið er út af erlendu ríki og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir það,

III. KAFLI.
Lendingarstaðir.

21. gr.

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

IV. KAFLI.
Fyrirtæki til loftferða.

22. gr.

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 10 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 10 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjelagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

23. gr.

Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefir sett.

V. KAFLI.
Samgöngureglur.

24. gr.

Loftferðum á Íslandi skal hagað eftir þeim reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til þess að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys meðan á loftferð stendur.

Flugliðum hvers loftfars ber að haga sjer eftir reglum þessum, hverjum fyrir sig í sínu starfi.

Meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum um loftferðir.

Vatnsflugvjelar teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn meðan hreyfillinn er í ferð, en enga slíka hæfileika, er hreyfillinn nemur staðar, og ber þeim því að næturlagi að hafa ljós þau, er notuð eru af skipum þeim, er teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn eða enga.

25. gr.

Loftför mega lenda

a. annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum aðeins á ógirtum svæðum — nema þegar um neyðarlending er að ræða.
b. á yfirborði vatns eða sjávar,
c. á lendingarstöðum.

Flugliðið er skyldugt til að segja rjettum aðilja frá eiganda loftfarsins og stjórnanda þess. Er rjettur aðili hefir fengið þessa vitneskju, er honum ekki heimilt að hindra brottflug loftfarsins.

26. gr.

Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

27. gr.

Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. Þó geta loftför, sem eru eign annars ríkis, haft og notað slík þráðlaus áhöld, ef þau hafa til þess leyfi frá yfirvöldum síns ríkis og tilsvarandi samningur um þetta hefir verið gerður milli Íslands og hins erlenda ríkis.

28. gr.

Vissum svæðum undir ákveðinni flughæð má vegna almenns öryggis loka um stundarsakir eða altaf (loftgirðingasvæði).

VI. KAFLI.

Reglur um loftsamgöngur við önnur lönd.

29. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að loftfar á leið milli landa fljúgi yfir landhelgi Íslands á tilteknum stöðum og fljúgi þá eftir ákveðnum reglum og að slík loftför verði að fljúga af stað og að lenda á ákveðnum stöðum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ennfremur ákveðið, að loftför, er fljúga yfir Ísland án þess að lenda, verði að fara tilteknar loftleiðir.

30. gr.

Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, ennfremur varningur og farangur, er þau flytja með sjer inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlítir almennum ákvæðum um vegabrjef og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

VII. KAFLI.

Ábyrgðarskyldur.

31. gr.

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefir aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefir valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn, þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

32. gr.

Ákvæði 31. gr. 1. málsliðs koma ekki til greina, ef meiðsl eða skemdir verða á fólki eða varningi, sem eru innan þess svæðis, sem telst til lendingastaða (21. gr.).

Ef loftfar eða farmur verður fyrir tjóni vegna árekstrar loftfara, skal farið eftir ákvæðum um árekstur skipa.

Ef tjón verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara, sem þeir eiga að greiða samkv. 31. gr. 1. málslið, er gera út loftförin, eru þeir skaðabótaskyldir allir til samans. Dómstóll úrskurðar — með hliðsjón atvika þeirra, er lágu að

tjóninu — hve mikils hluta hins greidda eða þess, sem greiða ber, hver af þeim getur krafist af þeim, sem ábyrgur eða ábyrgir eru.

33. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 31. og 32. gr., takmarka að engu leyti rjett þann til skaðabóta, er hver og einn getur krafist samkvæmt lagaákvæðum.

34. gr.

Eigandi loftfars, sem notað er til loftferða á Íslandi samkv. 3. gr., ber að tryggja sig hjá vátryggingarfjelagi gegn skaðabótakröfum þeim, sem kunna að verða gerðar samkv. 31.—34. gr. á hendur honum eða þeim, sem hafa rekstur loftfarsins á hendi. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður hámark fjárupphæða þeirra, er skaðabótakröfur má gera til og felast verða í vátryggingarupphæðinni. Þó mega upphæðir þessar ekki fara fram úr 100000 krónum, ef um meiðsl eða dauða fólks er að ræða, og ekki fram úr 10000 krónum, ef um skemdir á varningi er að ræða.

Vátryggingarfjelaginu skal vera skylt, og það tekið fram í vátryggingarsamningi, að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, hvenær vátryggingartími er útrunninn. Í vátryggingarsamningnum skal einnig tekið fram, að vátryggingarfjelagið beri ábyrgð á tjóni, sem verða kann innan tveggja mánaða frá því að vátryggingarfjelagið tilkynti ráðuneytinu, að vátryggingartíminn væri útrunninn, ef loftfarið hefir ekki á þeim tíma verið strikað út af skrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að eigandi loftfars geti í stað vátryggingar sett aðrar tryggingar fyrir skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar.

Í stað eiganda (í 1. og 3. málslið) kemur vörsluhafi, ef um er að ræða ákvæði 5. gr. (1. b).

Ef loftfar er notað til loftferða á Íslandi samkv. 13. gr. a eða c, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveðið, hvort ábyrgðarskylduvátryggingar þarf til greiðslu á skaðabótakröfum samkv. 31.—33. gr. Eiganda skal leyft að setja aðrar tryggingar í stað vátryggingar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

35. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, hvort ákvæðum 18., 20., 24. og 27. greinar og reglugerðum þeim, er kunna að verða settar samfara þessum greinum um loftför íslenskra ríkisborgara, skuli verða beitt, ef þau eiga við loftferðir utan íslenskrar landhelgi.

36. gr.

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvjela.

37. gr.

Loftfar og skip, er bjarga hvert öðru úr sjávarháska eða bjarga farmi eða aðstoða við björgun, eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar. Ef þóknun sú, er lofað hefir verið eða um var samið, þykir óhæfilega há, hefir sá, er greiðsluskyldur er, rjett til þess að leita til dómstólanna um niðurfærslu greiðslunnar.

38. gr.

Ef þörf alþjóðar krefur, er hægt að taka lóðir og lóðarrjettindi eignarnámi til loftferða eða skerða gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki milli þeirra, sem gera út loftfar, og lóðaraðilja. Skerðing getur orðið á þann hátt, að merki eru sett upp á tiltekinn stað til leiðbeiningar loftförum. Skal þessu framfylgt samkvæmt sjerstökum lögum.

39. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvjelaprófi sjer til aðstoðar til að annast eftirlit með flugvjelunum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim, og til að vera til ráðuneytis um alt það, er að loftferðamálum lýtur.

40. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistímabilinu, að banna um stundarsakir leyfishöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd, gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst um leiguna á annan hátt.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er gefnar verða út vegna laga þessara, varða sektum, alt að 10000 krónum, eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Skal fara um slík mál sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

42. gr.

Hver sá, er stofnar mannslífi í hættu með því að skemma af ásettu ráði eða eyðileggja loftfar eða gera það ónothæft eða ótraust eða af ásettu ráði truflar ferðir loftfars með því að gefa röng merki eða á annan hátt, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði.

Tilraunin sjálf er refsiverð.

Ef alvarleg líkamsmeiðsl hafa hlotist á þennan hátt eða maður beðið bana, skal refsað með betrunarhúsi, ella með fangelsi ekki skemur en 6 mánuði, ef málsbætur eru.

Ef þessi brot eru framin í skeytingarleysi, skal refsa fyrir með fangelsi,

alt að 6 mánuðum, og auk þess sektum, alt að 100000 krónum, eða þá önnurhvor þessara refsinga viðhöfð, en fangelsi ekki skemur en 1 mánuð, ef verknaður þessi hefir haft dauða manns í för með sjer.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **561. Frumvarp**

til laga um íbúð í kjöllurum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem bygð eru hjer eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum, að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að kjallarinn sje ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.
2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá rjettu austri til rjetts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.
3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
4. Að öll íbúðin sje rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sjerstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrjetta skrána samkvæmt því.

4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en $^1/_{20}$ þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafist fyrir slíkt bann.

5. gr.

Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Ed. **562. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og við breytingartillögur á þskj. 540.

I. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 11. gr. A. I. b. (Annar kostnaður hæstarjettar):
Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 3000 kr. til ritara.

II. Frá *Páli Hermannssyni.*
Við 12. gr. 16. c. Nýr liður.
Til Hróarstungulæknishjeraðs. Sjerstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu 8000

III. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. B. II. 14. Nýr liður:
Til akbrautar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar að 27000

IV. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. I. o. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf ... 2000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Jens Johannessonar læknis, utanfararstyrkur... ... 1000

VI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til Ólafar Jónsdóttur frá Seglbúðum, utanfararstyrkur til framhaldsnáms í matreiðslu 1500

VII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

1. Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Elísabetar Eiríksdóttur kenslukonu á Akureyri, til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll 1000
gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.

2. Við 14. gr. B. XXI. 5. Nýr liður:
Til Magnúsar Pjeturssonar kennara á Akureyri, til þess að fullnuma sig í fimleikakenslu, skólasmíði og annari handavinnu, sem drengjum er kend í barnaskólum... ... 1000
gegn 500 króna framlagi frá Akureyrarkaupstað.

VIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við brtt. 540. 22. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).
Aftan við liðinn bætist:
enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.

IX. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 15. gr. 8. (Sýslubókasöfn):

a. Fyrir »1000« kemur... 1500

b. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 500 kr. styrks.

c. Nýr liður (9):
Til bókasafnsins í Stykkishólmi, til bókakaupa 800

X. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Björns O Björnssonar, styrkur til að gefa út bók með ýmsum þjóðlegum fróðleik, er hann hefir safnað ... 1000

2. Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til dr. Guðbrands Jónssonar, til að kynna sjer og afrita handa Þjóðskjalasafninu skjöl í páfagarði og víðar, er snerta Ísland 5000

3. Við 15. gr. 18. Nýr liður:
Til Mörtu Kalman, til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku 3000
Til vara 2400

4. Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds 1200
Til vara 1000

5. Við 15. gr. 36. Nýr liður:
Til Kristjáns Jónssonar, Hrjót, til að safna örnefnum á Austurlandi 800
Til vara 500

6. *Varatillaga* við X. 2.
Við 15. gr. 38. (Guðbrandur Jónsson):
Fyrir »1200« kemur 1800
7. Við 15. gr. 48. Nýr liður:
Til Jóns Leifs, til undirbúnings starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp 5000
Til vara 4000
8. Við 16. gr. 13. c. Nýr liður:
Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms ... 1200

XI. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Brietar Bjarnhjeðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín 2000

XII. Frá *Jóni Þorlákssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Ferðafjelags Íslands 1000

XIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Halldórs Halldórssonar byggingarfulltrúa á Akureyri, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer nýungar í húsagerð og starfsemi byggingarfjelaga 1500

XIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög... 1500
2. Við 17. gr. 11. (Stórstúka Íslands):
Fyrir »10000« kemur 12000
3. Við brtt. 540, 41. (Gamalmennahælið Höfn):
Fyrir »2500« kemur 1500

XV. Frá *dómsmálaráðherra.*
1. Við 18. gr. II. g. 10. Nýr liður:
Til Jakobs Thorarensens 1000
2. Við 18. gr. II. i. 44. Nýr liður:
Til Sigurðar Pjeturssonar fangavarðar 1000

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, til að kaupa prentvjel (Rotaprint).

2. Við 22. gr. 7. Nýr liður:
Að lána Finni Jónssyni málara alt að 10000 kr. til þess að byggja sjer vinnustofu, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.
3. Við 22. gr. Á eftir næstsíðustu málsgrein kemur ný málsgrein:
Stjórninni er heimilt að gefa Brynjólfi Bjarnasyni eftir lán, að upphæð 1200 kr., er honum var veitt 1924 til að ljúka námi.

XVII. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítarbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna.

XVIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 23. gr. VIII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast alt að 125 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast alt að 80 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

Ed. **563. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:
4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:
Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.
Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.
Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Nd. **564. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. ítarlega og brtt. við það. Þjóðvegir eru nú 2160 kílóm. á lengd, en viðbót sú, er farið er fram í frv. og brtt., nemur um 400 kílóm.

Vegamálastjóri hefir gefið nefndinni ítarlega skýrslu um vegamálin í heild sinni og lýst skoðun sinni og afstöðu til þeirra, og mun verða skýrt frá því í framsögu. Þess skal aðeins getið hjer, að hann legggur að sinni móti öllum breytingum á vegalögunum. Að vísu er hann meðmæltur þeirri breytingu, að Fljótshlíðarvegarkaflinn að Teigi (4 kílóm.) verði tekinn í þjóðvegatölu, þar sem það aðeins er breyting á vegarstæðinu (hinn vegarkaflinn, sem legst niður, verður gerður að sýsluvegi), en vill þó ekki leggja það til, að sú ein breyting verði gerð, af hræðslu við að opna fyrir öðrum breytingum. Þessu næst telur hann, að mest sanngirni mæli með, að Hafnarvegur (5,5 kílóm.) og Kópaskersvegur (24.2 kílóm.) sjeu teknir upp.

Nefndin er sammála um það, að ekki sje gerlegt að taka til greina allar þær brtt., sem fram hafa komið, en hinsvegar er nefndinni ljóst, að ekki verður lengi dregið að gera breytingu á umræddum lögum.

Nefndin hefir því tekið þann kost að taka vegina inn í þjóðvegatölu, ekki alla í einu, heldur á nokkurra ára bili, og láta þá vegi sitja fyrir, sem mest nauðsyn er á,

Að þessu sinni leggja tveir nefndarmanna (Gunn. S. og Sv. Ó.) til, að þrír framanskráðir vegir (Fljótshlíðar-, Hafnar- og Kópaskersvegir) verði teknir í tölu þjóðvega, og vill H. J. fylgja þeim að málum, svo framarlega sem breyting verður gerð. J. A. J. vill ganga inn á þá eina breytingu, að Fljótshlíðarvegurinn verði tekinn upp, en áskilur sjer óbundið atkvæði um tillögur, sem fram koma. H. K. hefir sömu aðstöðu til Fljótshlíðarvegarins.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. gangi fram með svofeldum

BREYTINGUM:

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi 3 greinir, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Í stað orðsins »Landeyjar« í 2. gr. A. 1. komi: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Teigi, yfir Þverá og Ytrana austur yfir Markarfljót, um...

b. (2. gr.) Á eftir A. 1. í sömu grein komi nýr töluliður, svo látandi, og breytist liðatalan samkvæmt því:

Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði að vegamótum vegarins til Almannaskarðs.

c. (3. gr.) Aftan við fyrri málsgrein C. 1. í sömu grein bætist: Ennfremur vegur frá Brunnárbrú til Kópaskersvogar.

Alþingi, 7. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Hannes Jónsson, fundaskr. Sigurjón Á. Ólafsson.

Jón A. Jónsson, með fyrirvara. Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

Sþ. **565. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

5. málsgr. frvgr. orðist þannig:

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi 1/4 hluta af árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem fram yfir er, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

Nd. **566. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykt með breytingum þeim, sem á eftir fara við 4., 5. og 6. gr.

Hefir að vísu komið fram í nefndinni skoðanamunur um það, hvort ákvæði 6. gr. um aðhald við grunaða útgerðarmenn eða skipstjórnarmenn um misnotkun loftskeyta mætti að ósekju beita eftir ákvæðum greinarinnar, en meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að ástæðulaust sje að óttast misbeitingu þess aðhalds, þar sem það á hverjum tíma hljóti að velta á áliti sjerfróðra manna, og sjávarútvegsnefndum Alþingis verði ætíð opin leið að rannsókn allra skjala, sem snerta slík mál.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr.
   a) Fyrsti málsliður verði sjerstök málsgrein og orðist þannig:
      Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip með loftskeytatækjum skulu hafa sjerstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum.
   b) Fyrir »skulu loftskeytastöðvar . . . . skeyta skipa á milli, er náðst hafa« komi: Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun.
   c) Síðasti málsliður greinarinnar verði sjerstök málsgrein og orðist svo:
      Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í tje til rannsóknar.
2. Við 5. gr.
   a) Fyrir »sannur að sök . . . . króna sekt« í fyrri málsgr. komi: sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt.
   b) Önnur málsgr. orðist svo:
      Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot, eða stuðla að því, að það gæti orðið framið eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til loftskeytaskifta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðiljar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

Alþingi, 6. maí 1929.

Sveinn Ólafsson.	Sigurjón Á. Ólafsson,	Magnús Torfason.
form., frsm.	fundaskrifari.	

Nd. **567. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir fyrsta málslið komi nýr málsliður:
      Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum.
   b. Fyrir »15. júní ár hvert« komi: 1. júní ár hvert.
   c. Fyrir orðin »Ákveður þá atvinnumálaráðherra« komi: Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku.
3. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Nd. **568. Nefndarálit**

um frv. til laga um vigt á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta er komið frá hv. Ed., og er meiri hlutinn sammála um, að nauðsyn beri til að lög sjeu sett um þetta efni. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að ekki sje rjett að banna mælingu á síld, sem seld er til bræðslu, ef þess er sjerstaklega óskað, en hitt meira um vert, ef síld er vegin, að þá sje ákveðin þyngd, sem rúmast í einu 150 lítra síldarmælikeri.

Tveir nefndarmenn, J. Jós. og Ó. Th., tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.
a. Á eftir 1. málsgr. komi: ef seljandi óskar þess.
b. Í stað 3. málsgr. komi: 135 kg. síldar og innihald 150 lítra mælikers telst sama verðeining.

Alþingi, 8. maí 1929.

Sveinn Ólafsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. og frsm.	Magnús Torfason.

Nd. **569. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir »kaupstöðum« komi: og kauptúnum.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir »2 króna« í 1. og 2. tölulið komi: einnar krónu.
   b. Á eftir »Bæjarsjóður« í 2. tölul. komi: og sveitarsjóður. — Á eftir »kaupstaðarins« í sama tölul. komi: eða kauptúnsins.
   c. Á eftir »bæjarsjóður« í 3. tölul. komi: eða sveitarsjóður.
   d. Aftan við 2. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvör.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrir »fjelaga verkamanna í kaupstöðum« komi: byggingarfjelaga.
   b. Fyrir »verkamenn« komi: fjelagsmenn sína.
   c. Fyrir »5%« komi: 6%.
4. Við 5. gr.
   a. Fyrir »Byggingarfjelög verkamanna« komi: Byggingarfjelög.
   b. Fyrir »verkamenn« í fyrsta tölulið komi: fjelagsmenn sína.
   c. Á eftir »eldhúss« í 2. tölulið komi: og geymslu.
   d. Orðin »verkafólk (sbr. 1. gr.) á sjó og landi« í 3. lið falli burt.
   e. Fyrir heimilisfast« í sama lið komi: heimilisfastir.
   f. Á eftir »kaupstaðarins« komi: eða kauptúnsins.
5. Við 6. gr.
   a. Á eftir »kaupstaðar« komi: eða kauptúns.
   b. Á eftir »bæjarstjórn« komi: eða sveitarstjórn.
6. Við 7. gr. Á eftir »bæjarstjórn« í síðari málsgr. komi: eða sveitarstjórn.
7. Við 8. gr.
   a. Á eftir »kaupstaðnum« komi: eða kauptúninu.
   b. Á eftir »bæjarstjórn« komi: eða sveitarstjórn.
   c. Á eftir »bæjarfjelagið« komi: eða sveitarfjelagið.
8. Við 9. gr. Orðið »verkamanna« falli burt.

Nd. **570. Nefndarálit**

um frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin er ekki sammála um einstök atriði í frv. þessu. En að öllu athuguðu leggur þó meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt. Verð-

ur vikið nánar að einstökum atriðum frv. við framsögu og undir umræðum. Gunn. S. leggur til, að landssímastjóri og póstmálastjóri heyri beint undir atvinnumálaráðherra og telur, að ekki sje sparnaður að sameiningu síma og pósts í stærstu kaupstöðunum, svo sem Akureyri og Ísafirði.

Alþingi, 8. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form., með fyrirvara.	Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. **571. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **572. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að Siglufjarðarkaupstað verði selt Hvanneyrarland þegar það losnar úr ábúð, telur rjettara og hagkvæmara, að kaupstaðirnir eigi lönd þau, er þeir standa á, en treystir því hinsvegar, að ríkisstjórnin gæti rjettar ríkisins hvað það snertir, að kaupverðið verði ekki óeðlilega lágt.

Þá telur nefndin og rjett að binda kaupin því skilyrði, að kaupstaðurinn selji ekki aftur land það, sem hann kaupir, heldur leigi það um ákveðinn tíma.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

Magnús Guðmundsson. Magnús Torfason.

Nd. **573. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir atvikum leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson, form.	Magnús Torfason, frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.		Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. **574. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. virðist frv. það, er fyrir liggur, fara í öfuga átt við það, er vera ætti, hvort heldur miðað er við hagsmuni ríkissjóðs eða síldarframleiðenda.

Minni hl. getur því ekki fallist á frv., en mun hinsvegar eiga þátt í flutningi á breytingartillögum við það, sem stuðla að rjettlátara og eðlilegra fyrirkomulagi á síldarverkun og síldarsölu en því, er hjer liggur fyrir.

Alþingi, 8. maí 1929.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Ólafur Thors.

Nd. **575. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Jón A. Jónsson og Ólafur Thors.

I. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum er stofnað Síldarsamlag Íslands og tekur það við öllum rjettindum og skyldum Síldareinkasölu Íslands, er stofnuð var

með lögum nr. 8, 15. apríl 1928, að svo miklu leyti sem samrýmst getur við þessi lög.

Síldarsamlagið hefir einkarjett á sölu á allri kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld í loftþjettum ílátum, enda rúmi þau ekki meira en 10 kg. síldar hvert.

II. Í stað 2. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi.

a. 2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum Síldarsamlagsins. 5 menn eiga sæti í þeirri nefnd og jafnmargir menn til vara, sjerstakur varamaður fyrir hvern nefndarmann og kosinn á sama hátt og hann. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur svo nærri heimili Síldarsamlagsins, að auðvelt sje að ná þeim til funda með litlum fyrirvara. 3 af nefndarmönnum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára í senn, en 2 þeirra á aðalfundi Síldarsamlagsins til eins árs í senn, af þeim mönnum eða fjelögum, sem lagt hafa að minsta kosti 100 tunnur síldar inn í Síldarsamlagið næsta ár á undan kosningu og nefndir eru samlagsmenn í lögum þessum. Hver samlagsmanna hefir eitt atkvæði. Kosning þessara nefndarmanna fer fram á fyrsta aðalfundi, sem haldinn verður samkv. lögum þessum. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formann.

b. 3. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsnefnd ræður 3 framkvæmdarstjóra og skiftir verkum með þeim. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórar hafa á hendi, í umboði útflutningsnefndar, alla daglega stjórn og umsjón Síldarsamlagsins. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Framkvæmdarstjóra má kjósa með hlutfallskosningu, ef 2 nefndarmenn krefjast þess. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

III. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Greinina skal orða svo:

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni, í samráði við útflutningsnefnd, er heimilt að taka fje að láni til þess að kaupa tunnur og salt og annað efni til síldarverkunar þeirrar, er samlagið kann að verka samkvæmt 4. gr., svo og til að liðsinna samlagsmönnum með útvegun á tunnum og salti og öðru efni til síldarverkunar, ef orðið getur án fjárhættu fyrir samlagið. Ennfremur að taka lán til þess að greiða framleiðendum bráðabirgðagreiðslur upp í þá síld, er þeir hafa afhent Síldarsamlaginu, eftir rjettum hlutföllum. Slík lán má taka út á síldina hvort heldur er fyrirfram eða jafnótt og hún er verkuð.

Lánsstofnanir, sem veita Síldarsamlaginu slík lán, hafa sameiginlegt

lögveð í allri síld, sem Síldarsamlagið hefir til sölu á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til Síldarsamlagsins, og er Síldarsamlagið þá ábyrgðarlaust, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar Síldarsamlagsins. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

IV. Ný gr., er verður 5. gr.:

6. gr. laganna orðist svo:

Nú er nauðsynlegt, vegna samlagsins eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja samlaginu afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir og þeir þurfa eigi til eigin afnota; getur ríkisstjórnin þá látið taka það til afnota eftir tillögum samlagsins fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

V. 6. gr. frv. fellur niður.

VI. Við 7. gr.

Orðið »Útflutningsnefndarmenn« í upphafi síðasta málsl. falli burt.

VII. Ný grein, er verði 9. gr.:

Í stað »15 apríl« í 9. gr. laganna kemur: 1. apríl.

VIII. Á eftir 8. gr., sem verður 10. gr., kemur ný gr., sem verður 11. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 11. gr. laganna koma 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Útflutningsnefnd er sakaraðili í málum, er varða Síldarsamlagið, og er löglegt að birta stefnu formanni hennar.

b. Nú verður Síldarsamlagið skaðabótaskylt, og greiðast þá skaðabætur úr varasjóði Síldarsamlagsins, meðan til hrekkur. Nægi varasjóður ekki, greiðast bæturnar til bráðabirgða af óskiftu andvirði seldrar síldar það ár, sem skaðabæturnar falla til útborgunar, ef annað fje er ekki fyrir hendi, en endurgreiðast eigendum þeirrar síldar, að nokkru eða öllu leyti, eftir nánari ákvörðun útflutningsnefndar, þegar varasjóður verður greiðslufær. Nú hefir skaðabótakrafa verið gerð, og er þá Síldarsamlaginu heimilt að leggja til hliðar fje til skaðabótagreiðslunnar af andvirði seldrar síldar það ár, er tildrög til skaðabótanna urðu. En komi ekki til skaðabótagreiðslunnar, skal geymslufjenu úthlutað síðar til þeirra síldareigenda, er frádráttinn urðu að þola.

c. Nú verður einhver skaðabótaskyldur Síldarsamlaginu fyrir samningsrof, og renna þær skaðabætur þá í varasjóð.

d. Í janúarmánuði ár hvert skal stjórn Síldarsamlagsins halda almennan fund á Akureyri með samlagsmönnum. Skal þar, að svo miklu leyti sem unt er, gefa skýrslu um allan rekstur og hag Síldarsamlagsins á liðnu ári og svara fyrirspurnum, er fram kunna að koma frá samlagsmönnum um reksturinn. Einnig skal rætt um framtíðarstarfsemi Síldarsamlagsins. Tillögur, sem þar kunna að verða samþyktar, skulu lagðar fyrir aðalfund.

e. Aðalfundur Síldarsamlagsins skal haldinn í Reykjavík á tímabilinu frá 15. apríl til 15. maí. Skal til hans boðað með minst 2 mánaða fyrirvara með ábyrgðarbrjefi eða símskeyti til hvers samlagsmanns. Aðalfundur er lögmætur, ef 30 samlagsmenn hið fæsta mæta. Samlagsmenn geta falið hver öðrum, með skriflegu umboði, að fara með atkvæði sín á fundinum. Atvinnumálaráðherra skal heimilt að mæta á fundinum og hefir þar tillögurjett.

IX. Fimm nýjar greinar, sem verða 12.—16. gr.:

a. 12. gr. laganna orðist þannig:

Endurskoðendur Síldarsamlagsins skulu vera 2, annar útnefndur af atvinnumálaráðherra, en hinn af aðalfundi, ásamt einum varamanni fyrir hvorn endurskoðanda, allir til eins árs í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir ávalt aðgang að öllum skjölum og bókum Síldarsamlagsins.

b. Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein:

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Lögð fram skýrsla stjórnarinnar um reksturinn á liðnu ári og tillögur hennar um starfstilhögun á yfirstandandi ári.
2. Lagðir fram til samþykkis endurskoðaðir reikningar Síldarsamlagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar við þeim.
3. Kosinn 1 endurskoðandi til eins árs í senn.
4. Kosning 2 manna í útflutningsnefnd, sbr. 2. gr.
5. Önnur mál, er fram kunna að verða borin og varða Síldarsamlagið.

c. 15. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum, frá 1000—50000 kr., og getur útflutningsnefnd, ef brot er ítrekað, neitað þeim brotlega um verkunarleyfi um eitt ár í senn.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

d. Á eftir 15. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú verður Síldarsamlagið leyst upp, og skal þá verja sjóðum þess og eignum til styrktar íslenskum síldariðnaði.

e. Þar, sem í lögunum er nefnd einkasala, í öllum föllum, komi: Síldarsamlag.

(Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.)

Nd. **576. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrv. á þskj. 332 með breytingunni á þskj. 543.

Nd. 577. Þingsályktun

um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða öllum embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1929 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Nd. 578. Þingsályktun

um innflutning á lifandi dýrum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa innflutning á silfurrefum og sauðnautum.

Nd. 579. Lög

um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs sjer forseta; stjórnar hann umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ályktun sje gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögum.

9. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fje það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

15. gr.

Bæjarstjórn, og sjerstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæslu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sje á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Fjehirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má fjehirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

20. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal fjehirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars í skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kýs til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá fjehirði, er þeim þykir þörf að gera athug-

anir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók og kassa gjaldkera og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum fjehirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum fjehirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

21. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við. greind lög, lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breytingu og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **580. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 4. gr. Við tölulið 2 bætist: ef verksmiðjan verður seld samlagi síldarframleiðenda, samkv. 9. gr.

II. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Ef þeir, sem síld láta til verksmiðjunnar til vinslu, mynda með sjer samlag með samvinnusniði, skal heimilt að selja þeim verksmiðjuna gegn 5% afborgun af stofnkostnaði hennar (sbr. 4. gr.). Skal samlagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar í stað þess manns, sem stjórn síldareinkasölunnar skipar samkv. 7. gr., en samlagið skipar alla stjórnina þegar það hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það þá og allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

III. Við 10. gr. Á eftir orðunum »tilhögun verksmiðjunnar« kemur: svo og um tilhögun samlagsins.

Nd. **581. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Ólafi Thors og Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 4. gr. 3. töluliður fellur niður.
2. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þrem mönnum. Skal einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og einn tilnefndur af útgerðarmönnum þeim, er við verksmiðjuna skifta. Tilnefning í stjórn síldarverksmiðjunnar af hálfu útgerðarmanna fari fram eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Ed. **582. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 562 (Fjárlög).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við X. 3. Varatill. (Marta Kalman):
Í stað »2400« kemur 2000

Nd. **583. Þingsályktun**

um undirbúning til útrýmingar fjárkláða.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fjárkláðamálið fyrir Alþingi 1931, með því að leita upplýsinga, láta rannsaka og gera tilraunir með baðlyf, hlutast til um, að nægilega margar sundþrær til sauðfjárbaðana verði bygðar í hverjum hreppi, safna skýrslum um útbreiðslu kláðans og endurskoða núgildandi kláðalöggjöf.

Nd. **584. Þingsályktun**

um endurskoðun laga um fiskimat.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að endurskoða, með aðstoð sjerfróðra manna, lögin um fiskimat frá 1922 og leggja frumv. til laga um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

Nd. **585. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 4. gr. a). Orðin »alt að 50 rúmlesta« falli niður.
2. Við 4. gr. b). Aftan við liðinn komi: íshúsa og kælihúsa.
3. Við 6. gr. b). Orðin »þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti« falli niður.

Nd. **586. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

I. Við 4. gr. Við tölulið 2 bætist: og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.

II. Við 9. gr. bætist: meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

III. Á eftir 9 gr. bætist ný grein, sem verður 10. grein:

Ef minst helmingur þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda eru þá allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, skyldir til að vera í fjelaginu. Skal samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefið greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

IV. Við 10. gr. Á eftir orðunum »tilhögun verksmiðjunnar« kemur: svo og um tilhögun samvinnufjelagsins.

Ed. **587. Lög**

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **588. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	250000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1100000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1390000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	60000	
			1240000
	Flyt ...	... ...	2630000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2630000
11.	Útflutningsgjald		1075000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	1500000	
			5200000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1580000	
			2030000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	11420000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054.	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22,00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals ...	... ...	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	8000	
			44000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		70000
4.	Annar kostnaður		40000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.		
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	12000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			13900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000
II.	Hagstofan:		210100
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000
3.	Prentun eyðublaða.		5000
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
III.	Utanríkismál o. fl.		55500
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		500
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3		25000
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	636200

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	636200
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	702200
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Þurðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		8450
Flyt ...	... ...	263450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	263450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12 Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8. Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ...		1200
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig,		
Flyt ...	... ...	271350

			kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	271350
	segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..			13000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar			2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
12.	Holdsveikraspítalinn			70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		7650	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna...	13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
	3. Klæðnaður	1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
	5. Eldsneyti	6000		
	6. Ljósmeti	2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000		
	8. Viðhald á húsum...	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir..	600		
	12. Skattar o. fl.	4350		
	13. Ýmisleg gjöld	1500	62950	
			70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi			109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		6700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
	Flyt ...	65500	6700	468975

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6700	468975
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og bjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		1700	
Flyt ...		... ...	470675

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	470675
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanbjeraðssjúklingar.	18000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		181700
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	698875

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	105000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			207000
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	509500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar	25000	
	2. Stykkishólmsvegur	30000	
	3. Holtavörðuheiðarvegur	70000	
	4. Vesturlandsvegur	30000	
	5. Hrútafjarðarvegur	10000	
	6. Langadalsvegur	10000	
	7. Blönduhlíðarvegur	30000	
	8. Öxnadalsvegur	15000	
	9. Vaðlaheiðarvegur	50000	
	Flyt ... 270000	... ...	46400

			kr.	kr.
		Flutt ...	270000	 46400
	10.	Jökulsárhlíðarvegur	10000	
	11.	Biskupstungnabraut	30000	
	12.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	10000	
	13.	Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu	15000	
	14.	Vopnafjarðarvegur	10000	
	15.	Til akbrautar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar að ...	27000	
				372000
	b.	Viðhald og umbætur		240000
				612000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			60000
V.	Fjallvegir			25000
VI.	1.	Til áhalda, alt að	20000	
	2.	Til bókasafns verkamanna	300	
				20300
VII.	Til sýsluvega:			
	1.	Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	45000	
	2.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	65000	
				110000
VIII.	Til dragferjuhalds:			
	1.	Á Lagarfljóti	300	
	2.	- Skjálfandafljóti	300	
	3.	- Blöndu	300	
				900
IX.	Til ferju á Hrossbyl í Þjórsá			250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði			5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla ... ... enda hvili sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.			6000
XII.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.			3000
XIII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925			4000
		Samtals B. ...		 1092850

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91500
	Samtals C. ...	... ...	375500
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		40000
II.	Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans í eynni um hóflegt starfsrækslugjald, alt að ...		10000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð... ... ... Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.		350000
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	340000	
	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	105000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	Flyt ... 23600	830000	400000

		kr.	kr.
	Flutt ... 23600	830000	400000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
	17. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			859000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		180000
IX.	Áframhaldsgjald		25000
X.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
XI.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1575500
	E. Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
	1. Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
	2. Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
	3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		27000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
	Flyt ...	... ...	251300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251300
VI. Ýmislegt		60000
VII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		25500
VIII. Til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að		5100
IX. Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1/3 kostnaðar, alt að		15000
X. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
XI. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að		3500
Samtals E. ...	... ...	367400

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
	a. Laun	93000	
	b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
	c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
	d. Til kenslu í söng	1000	
	e. Til kenslu í bókhaldi	400	
	f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
	g. Namsstyrkur	15000	
	h. Húsaleigustyrkur	9000	
	i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
	j. Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
	k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
	l. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
	m. Önnur gjöld:		
	1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
	2. Ýms gjöld 5000		
		9000	
	n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
	o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum	2500	
			144950
II.	Námsstyrkur erlendis:		
	a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
	b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
	c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs	12000	
			38500
III.	Mentaskólinn almenni:		
	a. Laun	74200	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 700		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	Flyt ... 9700	74200	183450

		kr.	kr.
Flutt ...	9700	74200	183450
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	1500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Aðgerð á skólahúsinu	20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		67900	
			142100

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
3. Til bóka og kensluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
Flyt ...		... ...	391650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	391650
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	471450

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	471450
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2500			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9800		
		20900	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2400			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9200		
		19050	
3. Til steinsteypukenslu		4000	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43950
	Flyt ...	... ...	515400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	515400
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
	e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			14000
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	Flyt ... 5000	... ...	552500

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	552500
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			51000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	963750

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	963750
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar, alt að		75000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
4. Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, alt að		15000	
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^3/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
Flyt ...		163800	963750

	kr.	kr.
Flutt ...	163800	963750
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	3500	
		169300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til þess að reisa húsmæðraskóla, alt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
3. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
		34000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII. Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík		500
XIX. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mán-		
Flyt ...	300	1192550

		kr.	kr.
	Flutt ...	300	1192550
	uði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2.	Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3.	Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
	Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4.	Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
			26300
XX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI.	Til Elísabetar Eiríksdóttur kenslukonu á Akureyri, til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll		1000
	gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.		
XXII.	Ýmsar íþróttir:		
1.	Til Íþróttasambands Íslands	6000	
2.	Til Bandalags íslenskra skáta	500	
3.	Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu ...	4000	
4.	Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn	1500	
5.	Til Skáksambands Íslands	1500	
			13500
	Samtals B. ...	... ...	1235150

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
		43060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14700
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	73860

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	73860
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
Flyt ...	... ...	110960

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	110960
17.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
18.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20.	Til Möttu Kalman, til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku		2000
21.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
22.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
23.	Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ...		2000
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
25.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara		1000
26.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
27.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
28.	Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		1200
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		2400
30.	Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds		1000
31.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
32.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
33.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
34.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
35.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
	Flyt ...	... ...	166960

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	166960
36.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
37.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
38.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
39.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
40.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
41.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1800
42.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
43.	Til leiðbeiningaskrifstofu stúdenta...		1000
44.	Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
45.	Til norræns stúdentamóts í Reykjavík		10000
46.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
47.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
48.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
49.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
50.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
51.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
52.	Til Jóns Leifs, til undirbúnings starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp		4000
	Samtals ..	... ...	300960

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3. Til sandgræðslu...		53500
Þar af skal verja 12000 kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, og 1500 krónum til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík í Hólshreppi, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.		
4. Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		375000
6. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7. Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
9. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að		15000
10. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
11. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
12. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
Flyt ...	... ...	966610

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	966610
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
14.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
15.	Til fjárkláðalækninga		6000
16.	Til þess að búa til bráðapestarbóluefni		5000
17.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
18.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			15100
19.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	3500	
	i. Vegna flugferða	3000	
			58100
20.	Til landmælinga		45000
21.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
22.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
23.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum		
	Flyt ...	24800	1215710

		kr.	kr.
	Flutt ...	24800	1215710
	1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	d. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			39100
24.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
25.	Til markaðsleitar erlendis		20000
26.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
27.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að		6000
28.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
29.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		1000
30.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
32.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
33.	Til sambands austfirskra kvenna		300
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36.	Til landsfundar kvenna 1930...		1500
37.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
39.	Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1800
40.	Til Ferðafjelags Íslands		1000
41.	Laun húsagerðarmeistara...		7250
	Flyt ...	... ...	1330960

		kr.	kr.
	Flyt ...	... ...	1330960
42.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
43.	Til Hjálpræðisbersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
44.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, alt að		6600
45.	Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts		10000
46.	Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
47.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla		6000
48.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
49.	Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
50.	Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að		1000
51.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar		1500
52.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
53.	Til vatnsrenslismælinga		2000
54.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
55.	Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
56.	Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar...		20000
57.	Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
58.	Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
59.	Til Hjörleifs Björnssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár...		500
	Samtals ...	... ...	1517260

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		600000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, alt að ... ... Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		18000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
12.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsóknar« í Reykjavík		500
17.	Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík«		200
18.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		600
20.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga, húsaleigustyrkur ...		1000
21.	Til gamalmennahælisins Hafnar á Seyðisfirði, upp í stofnkostnað		2500
22.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	790500

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27417,42	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5710,17	
	Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	— — — — 51 1921	250,00	
			54308,84
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
	3. — Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis 405,00		
		1965	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Ágústu Jóhannsdóttur 300		
	9. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	10. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	11. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	12. — Kristínar Jacobson 600		
	13. — Guðnýjar Jónsdóttur 400		
	14. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	15. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	16. — 3 barna hennar 300		
	17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	18. — Jenny Forberg 600		
	19. — Ástu Hallgrímsson 600		
	20. — Ástu Einarson 600		
	21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	22. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	Flyt ... 14625	1965	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	14625	1965	54308,84
23.	Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1300		
24.	— Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
25.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
			16825	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar	600 00		
6.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
7.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
8.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9.	— Jóns Árnasonar	445 00		
10.	— Til Jens V. Hjaltalín	435,00		
			4715,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100 00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300 00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300.00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
	Flyt ...	5330,00	23505,25	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	5330,00	23505,25	54308,84
18. Til Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
28. — Elínar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
29. — Arndísar Pjetursdóttur	137,93		
30. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
31. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
		8121,59	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	800,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonur	1800,00		
13. — Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14. — Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
		6810,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
Flyt ...	300	38436,84	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	300	38436,84	54308,84
2.	Til Böðvars Jónssonar	300		
3.	-- Hallgríms Krákssonar	400		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	-- Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Óla P. Blöndals	1800		
18.	— Kristjáns Blöndals	1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
21.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
22.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
23.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
24.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
25.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
26.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
			13150,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
	Flyt ...	20400	51586,84	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 20400	51586,84	54308,84
10.	Til Stefáns frá Hvítadal 1000		
11.	— Jakobs Thorarensens 1000		
		22400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 2 barna hennar 200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. 200		
15.	— Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður 200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður 300		
	Flyt ... 5900	77386,84	54308,84

			kr.	kr.
		Flutt ... 5900	77386,84	54308,84
17.	Til	Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður 300		
18.	—	Jakobínu Jensdóttur 300		
19.	—	Hildar Jónsdóttur ljósmóður ... 300		
20.	—	Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður 300		
21.	—	Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
22.	—	Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
23.	—	Páls Erlingssonar 1200		
24.	—	Erlends Zakaríassonar 300		
25.	—	Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
26.	—	Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
27.	—	Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 600		
28.	—	Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200		
29.	—	Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns 1200		
30.	—	Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar 400		
31.	—	Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar 300		
32.	—	Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 800		
33.	—	Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
34.	—	Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
35.	—	Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
36.	—	Halldóru Pjetursdóttur Briem ... 600		
37.	—	Kristjönu Benediktsdóttur 400		
38.	—	Bjargar Guðmundsdóttur 400		
39.	—	Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
40.	—	Henriette Kjær 600		
		Flyt ... 16900	77386,84	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	16900	77386,84	54308,84
41. Til Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
42. — Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2500		
43. — Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
44. — Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
45. — Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
46. — Halldóru Þórðardóttur	600		
47. — Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
48. — Sigurðar Pjeturssonar fangavarðar	1000		
		23700,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		2400,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			107486,84
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			62158,27
Samtals ...		... ...	223953,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1930 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1295536,00
—	8. —	60000,00
—	9. —	229350,00
	Flyt ... kr.	1584886,00

			Flutt ... kr.	1584886,00	
Samkvæmt	10. gr.			369100,00	
—	11. — A.	702200,00			
—	11. — B.	192000,00			
		———		894200,00	
—	12. —			698875,00	
—	13. — A.	509500,00			
—	13. — B.	1092850,00			
—	13. — C.	375500,00			
—	13. — D.	1575500,00			
—	13. — E.	367400,00			
		———		3920750,00	
—	14. — A.	314650,00			
—	14. — B.	1235150,00			
		———		1549800,00	
—	15. —			300960,00	
—	16. —			1517260,00	
—	17. —			790500,00	
—	18. —			223953,95	
—	19. —			100000,00	
—	20. —			10000,00	
			———	kr.	11960284,95

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	11420000,00		
—	3. —	34600,00		
—	4. —	205000,00		
—	5. —	170000,00		
		———	kr.	11829600,00
		Tekjuhalli kr.		130684,95

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi, Suðurfjarðahreppi og Ostagerðarfjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna.

IV. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að ljetta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sjer að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.

V. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

VI. Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

VII. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, alt að 225 þús. kr.

VIII. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjahjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir 100 þús. kr., og taka til þess lán, alt að sömu fjárhæð.

IX. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

X. Að ábyrgjast alt að 450 þús. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XI. Að ábyrgjast alt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XII. Að ábyrgjast alt að 60 þús. króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIII. Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

XIV. Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

XV. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, ef hann lætur af embætti.

XVI. Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **589. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hjeraðsskóla.

Flutningsm.: Ásg. Ásgeirsson.

Við 10. gr. Í stað »sex vikur« komi: þrjár vikur.

Nd. **590. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum til þess að lána til íbúðarhúsabygginga, samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því, að dómi 5 manna nefndar í kaupstöðum og 3 manna nefndar í kauptúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.
2. Við 5. gr.
   a. Fyrir »5000 kr.« í 3. tölulið (báðum tilfellum) komi: 3500 kr.
   b. Í stað orðanna í upphafi 4. töluliðs »að íbúðirnar sjeu falar fjelagsmönnum til kaups« komi: að íbúðirnar sjeu seldar fjelagsmönnum.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum fjelagsmanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjelög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, örugt eftirlit með framkvæmdum byggingarfjelaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Nd. **591. Nefndarálit**

um frv. til myntlaga.

Frá öðrum minni hl. fjárhagsnefndar.

Annar minni hl. nefndarinnar er andvígur hækkun krónunnar, en leggur þó til, að frv. verði felt, vegna þess að hann vill fara aðra leið í málinu og mun bera fram frv. um það.

Alþingi, 10. maí 1929.

Ólafur Thors, frsm. Jón A. Jónsson.

Nd. **592. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 1. gr. 4. málsgrein 1. gr. orðist svo:

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnumálaráðherra og eru honum til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

Nd. **593. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Flm.: Sveinn Ólafsson.

Við 8. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins fyrst um sinn. En verði Búnaðarbanki Íslands lögfestur, skal honum falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem fjármálaráðuneytið ákveður. Getur bankinn falið útlánsfjelögum þeim, er hann skiftir við í firnari landshlutum, útlánsstarfsemina að meira eða minna leyti. Útlánsfjenu skal skift sem jafnast milli útgerðarhjeraða eftir útgerðarmagni báta.

Ed. **594. Frumvarp**

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með haldkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabrjefum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
II. 60000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði í 10 ár, en þaðan af 30000 kr. á ári.
III. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, jafnframt og lög þessi ganga í gildi, og greiðast ríkissjóði árlega 4% vextir af því fje.

3. gr.

Fiskiveiðasjóður skiftist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er í I. og II. lið 2. gr., en fje eftir III. lið fellur undir rekstrarlánadeild.

Óvissar tekjur sjóðsins og árlegur tekjuafgangur skiftist jafnt milli beggja deilda hans.

4. gr.

Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

a) skipakaupa, alt að 50 rúmlesta.
b) stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, og til fiskimanna, sem verka hlut sinn sjálfir og selja. Má lán þessi veita gegn veði í fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin tekur gildar.

Aldrei skulu slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sje lokið á ársfresti, og skulu vextir vera að minsta kosti $^1/_2$% undir gildandi víxilbankavöxtum.

5. gr.

Skipakaupalán má veita til 10 ára og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 25000 kr. til eins lánsþega.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema $^1/_3$

stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.

Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði ekki fara fram úr $5^1/_2$%.

6. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a) gegn fasteignaveði, alt að $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, og hvili engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.
b) gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem eigi sigla til útlanda, alt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðrjettur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum, hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. gr.

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í þeim firnari landshlutum. Skal útlánsfjenu skift sem jafnast eftir útgerðarmagni báta í þeim einstöku landshlutum.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1930, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905 og lög nr. 29 1907, sem og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **595. Frumvarp**

til laga um hjeraðsskóla.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og

með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um fjelög stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera í fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum eigi skemur en þrjár vikur og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla um þriðjung eða meira frá meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóð eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, alt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af fjelagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fje er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Ed. **596. Frumvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar, og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telt það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af síldarmjöli, sem slík fjelög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minst helmingur þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda eru þá allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, skyldir til að vera í fjelaginu. Skal

samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufjelagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **597. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með jafnháu tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði.
2. Við 3. gr. Fyrir orðin »öllu því gjaldi« til loka greinarinnar komi: $^3/_4$ hlutum af gjaldi því, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, svo og öllu tillaginu það ár úr bæjarsjóði eða hreppssjóði, og ennfremur hálfum styrk þeim, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum næsta ár á undan.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930, og skal innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1930.

Ed. **598. Frumvarp**

til laga um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði alt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldra laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins,

svo og laga þeirra, er samþykt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sjer heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Það er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður verður að taka lán til framkvæmda þeirra, sem ákveðnar eru í ýmsum þeim lögum, sem samþykt voru á Alþingi 1928, og einnig í lögum, sem yfirstandandi þing er að afgreiða.

Heimildir til lántöku til þessara framkvæmda felast í mörgum lögum. Er slíkt til mikilla óþæginda, þegar leitað er eftir láni í útlöndum. Hinsvegar myndi það greiða fyrir lánaumleitunum, ef allar þessar heimildir eru sameinaðar í einum lögum.

Því er þetta frumvarp flutt.

Nd. **599. Nefndarálit**

um frv. til myntlaga.

Frá þriðja minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg legg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 10. apríl 1929.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **600. Frumvarp**

til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I.

MENTASKÓLINN Í REYKJAVÍK.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera mentaskóli með fjórum ársdeildum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna mentun, svo að þeir verði hæfir til að stunda nám við háskóla og aðrar mentastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Skifta skal bekkjum Mentaskólans í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Mentaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, ensku, Norðurlandamál, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, fjelagsfræði, bókmentafræði og listasögu, náttúrusögu og náttúrufræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kenslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef meiri hluti skólaráðs og skólameistari mæla með breytingunni.

6. gr.

Íslensk tunga og íslensk fræði skal vera höfuðnámsgrein í skólanum. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfa eða heila daga, til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfimikennari sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og nánar um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

9. gr.

Ljúka má námi í einstökum námsgreinum við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, sjeu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kenslumálaráðuneytið veitt sjerlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir sjeu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sje óspilt.

12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum bókmentum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í Norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning, fjelagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu

þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabrjef.

13. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kensla stendur til maíloka, en árspróf og lokapróf eru í júní.

15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til þrettánda, að báðum þeim dögum meðtöldum; 2) Öskudagur; 3) Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti; 6) Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember; 7) Sumarleyfi frá því prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

16. gr.

Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess vegna 2000 kr. í risnufje.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans, sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fje er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa kynt sjer allitarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum, og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kenslu sýnt, að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stýrir þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrjett.

20. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

21. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það í reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdentafjelag taki þátt í skipun skólaráðsins.

Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr skólasjóði.

22. gr.

Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund, og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis hvenær sem þess er óskað. Skylt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.

23. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð, og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

24. gr.

Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegustu húsgögnum á kostnað ríkissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til um-

sjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

25. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólaráðs og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

26. gr.

Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild sjeu 2 bekkir, fullskipaðir við kenslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kensluna í sjerfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sjerkenslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.

II.

GAGNFRÆÐASKÓLINN Í REYKJAVÍK.

27. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli, sem nefnist Gagnfræðaskólinn í Reykjavík. — Skólinn starfar í þremur ársdeildum.

28. gr.

Markmið skólans er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, frekari almenna, hagnýta fræðslu, bóklega og verklega.

29. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

Námstíminn á hverju ári er 7—7½ mánuður og kenslustundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

30. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk skólans eru þessi: 1) að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar; 2) að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi; 3) að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

Heimilt er að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði.

31. gr.

Til þess að utanskólanemandi verði tekinn í annan eða þriðja bekk, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, sem krafist er af skólanemendum, sem setjast í þann bekk, og fullnægja aldursskilyrðum, er samsvara ákvæðum 30. gr.

32. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmálsfræði og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, drátttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í 3. bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, þýsku, fjelagsfræði, hagfræði og þau atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir þá því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

33. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi, og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða, að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

34. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

35. gr.

Við Gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kenslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar þess skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

36. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans á hendi. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenslumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrír, tilnefndir á sama hátt og af sömu aðiljum til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

37. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans og ræður aukakennara og stundakennara í samráði við skólanefnd.

38. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

39. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1929, 1930 og 1931 reisa hús handa Gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur Reykjavíkurbær til ókeypis lóð, sem kenslumálaráðuneytið tekur gilda, og ennfremur ókeypis vatn úr hitauppsprettu bæjarins. Ríkissjóður leggur fram ⅖ byggingarkostnaðar, en Reykjavíkurbær ⅗. Úr ríkissjóði má verja í þessu skyni alt að 90000 kr.

40. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða 80 kr. í skólasjóð fyrir hvern reglulegan nemanda yfir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á hvern bekk skólans til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk.

41. gr.

Skólanefnd ákveður kenslugjöld, og renna þau í skólasjóð. Eigi skulu færri en ¼ innanbæjarnemenda njóta ókeypis kenslu. Heimilt er að ákveða utanbæjarnemendum alt að 60 kr. hærra kenslugjald en innanbæjarnemendum, þó ekki yfir 90 kr. á nemanda.

42. gr.

Nú eru haldin námsskeið við skólann í bóklegum og verklegum fræðum eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda gegn 9 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Nemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við námstímann, eftir ákvörðun skólanefndar.

43. gr.

Skólasjóði má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

III.

GAGNFRÆÐASKÓLINN Á AKUREYRI.

44. gr.

Á Akureyri skal vera skóli, er nefnist Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

45. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum.

46. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

47. gr.

Skólinn skiftist í tvær aðaldeildir. Í gagnfræðadeild eru þrír bekkir. Próf þaðan eftir tveggja ára nám heitir gagnfræðapróf, en lokapróf gagnfræðapróf hið meira. Í síðari deildinni, sem heitir mentadeild og býr nemendur undir háskólanám, eru fjórir bekkir.

48. gr.

Í mentadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, Norðurlandamál, ensku, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, fjelagsfræði, bókmentafræði og listasögu, náttúrufræði og náttúrusögu, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

49. gr.

Íslensk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfa eða heila daga til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfimiskennarinn sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

50. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf mentadeildar er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk mentadeildar, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

51. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

52. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum menta-

deildar. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum deildarinnar, hafa leyfi til að setjast í skólann eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar að hann sje gæddur frábærlega góðum gáfum.

53. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í mentadeild: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði a. m. k. 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Aldurstakmark þeirra sem setjast í aðra bekki svarar til inntökualdurs; 2) að þeir sjeu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sje óspilt.

54. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk mentadeildar verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum bókmentum, bæði á þjóðveldistímunum og síðan um 1800; 2) Í Norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýsku: Hafa lesið ekki minna en 100 bls. af venjulegu kenslubókamáli og hafa numið undirstöðuatriði þýskrar málfræði. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði og þekkja að minsta kosti 50 tegundir íslenskra blómjurta og 25 tegundir íslenskra fugla. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabrjef.

55. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk, bæði í mentadeild og gagnfræðadeild, skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

56. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kenslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema öðruvísi verði ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum skólameistara. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

57. gr.

Fastir kennarar skulu vera 6 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr.

á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fje er veitt til í fjárlögum og í gagnfræðadeild eftir því sem ástæður skólasjóðs leyfa. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

58. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

59. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa kynt sjer allítarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kenslu hafa sýnt að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

60. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stjórnar þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrjett. Í reglugerð skal ákveða um valdsvið kennarafunda.

61. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

62. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það í reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Akureyrar og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdentafjelag taki þátt í skipun skólaráðsins.

Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr ríkissjóði.

63. gr.

Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis hvenær sem þess er óskað. Skylt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.

64. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð mentadeildar og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði þessum má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

65. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr mentadeild skulu hafa rjett til ⅔ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til ⅓ hluta.— Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

66. gr.

Inntökuskilyrði í fyrsta bekk gagnfræðadeildar eru þessi: 1) Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2) Að standast próf í íslensku, reikningi og dönsku, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð. 3) Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi. 4) Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólameistari veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

67. gr.

Til þess að utanskólanemandi verið tekinn í annan eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu, þroska og aldur, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

68. gr.

Í gagnfræðadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu flatarmáls- og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, dráttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í þriðja bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, þýsku, fjelagsfræði, hagfræði og þau

atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum, bæði í menta- og gagnfræðadeild, í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

69. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

70. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf í gagnfræðadeild eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefni við prófin.

71. gr.

Meðan gagnfræðakenslan fer fram í núverandi skólahúsi, leggur ríkið henni til ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ennfremur kostar ríkið kensluna í 2. og 3. bekk gagnfræðadeildar óskiftum. Kostnaður við kenslu í 1. bekk greiðist úr skólasjóði gagnfræðadeildar samkvæmt ákvæðum 75. gr. Sama gildir og, ef skifta þarf vegna mikillar aðsóknar öðrum eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, og um námsskeið eða sjernám í sambandi við gagnfræðadeild.

72. gr.

Þegar reisa þarf ný hús vegna aukinnar aðsóknar að gagnfræðadeild, skal reisa þau, eftir fyrirmælum kenslumálastjórnarinnar, á því landi, sem Akureyrarbær gaf ríkissjóði vegna Gagnfræðaskólans á Akureyri veturinn 1928—29. Ríkissjóður leggur fram í stofnkostnað þeirra húsa $\frac{2}{5}$ hluta, eftir því, sem fje er heimilað í því skyni í fjárlögum eða sjerstökum lögum, en Akureyrarkaupstaður $\frac{3}{5}$ hluta. Hafi Akureyrarbær ráð á jarðhitavatni, meiru en þarf til að hita þær opinberar byggingar, sem bærinn er nú að reisa, skal hann skyldur til að leggja heitt vatn fram endurgjaldslaust til að hita nauðsynlegar viðbótarbyggingar gagnfræðadeildar.

73. gr.

Þegar Akureyrarkaupstaður hefir tekið að sjer samkvæmt lögum þessum hlutfallslegan kostnað við rekstur tveggja eða fleiri bekkja í gagnfræðadeild skólans, þá skal þriggja manna skólanefnd kosin til samstarfs við skólameistara um yfirumsjón gagnfræðadeildar. Bæjarstjórn Akureyrar kýs í nefndina með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenslumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrír, tilnefndir af sömu aðiljum, á sama hátt til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

74. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir gagnfræðadeildina um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal með skólameistara ráða um bóka- og áhaldakaup og annað, er lýtur að fjárstjórn gagnfræðadeildar, og ráðstöfun skólasjóðs.

75. gr.

Námstíminn á ári hverju er 7—7½ mánuður í gagnfræðadeild, og kenslustundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

Úr ríkissjóði skal greiða í skólasjóð gagnfræðadeildar 80 kr. yfir skólaárið fyrir hvern reglulegan nemanda í þeim bekkjum gagnfræðadeildar, þar sem ríkissjóður kostar ekki kensluna samkvæmt 71. gr., þó ekki yfir 1600 kr. á bekk til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk. Ennfremur greiða nemendur gagnfræðadeildar kenslugjald í skólasjóð, 60 kr. yfir skólaárið. Innanbæjarnemendur eru þó undanþegnir þessu skólagjaldi, eftir að Akureyrarbær hefir tekið á sig greiðslur til skólasjóðs samkvæmt framansögðu. Úr skólasjóði skal greiða kostnað við kenslu og annan rekstur gagnfræðadeildar, að undanskilinni kenslu þeirri og húsnæði, er ríkissjóður leggur til samkvæmt 71. gr.

76. gr.

Nú eru haldin námsskeið í bóklegum eða verklegum fræðum við gagnfræðadeild eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Akureyrar 9 krónur fyrir mánaðarkenslu hvers slíks nemanda. Nemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við námstíma, eftir ákvörðun skólanefndar.

77. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, og lög nr. 68, 7. maí 1928, um bráðabirgðaungmennafræðslu í Reykjavík, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Nd. **601. Frumvarp**

til laga um verðfestingu pappírsgjaldeyris.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en 1. júlí 1930, skal Landsbanki Íslands gefa út og setja í umferð gullgilda, innleysanlega seðla

samkvæmt ákvæðum 3.—12. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Seðlar þessir skulu að útliti vera greinilega frábrugðnir þeim seðlum, sem nú eru í umferð.

2. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og ríkissjóðs og seðlar Íslandsbanka eru í umferð, skal gildi þeirra gagnvart gulli og gullgildum seðlum vera þannig, að 100 kr. í þessum seðlum, sem nefnast íslenskar pappírskrónur, jafngildi 81 kr. og 70 au. í gullgildum seðlum og gullmynt. Eftir 31. des. 1933 skulu þessir seðlar ekki lengur vera löglegur gjaldeyrir manna í milli eða í opinber gjöld, en bankarnir skulu þó enn um 2 ár vera skyldir að innleysa seðla, sem framvísað verður, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

3. gr.

Allar kröfur, skuldir og skuldbindingar, sem taldar eru í krónutali og stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1932, skulu lúkast í íslenskum pappírskrónum. Eftir að seðlar samkv. 1. gr. eru komnir í umferð, skal greiðanda ávalt heimilt að inna greiðsluna alla eða nokkurn hluta hennar af hendi í gullgildum krónum, eftir því hlutfalli, að hverjar 81.70 gullkrónur jafngildi 100 kr. af þeirri upphæð, sem greiða ber í pappírskrónum.

Á sama hátt skulu allar framhaldandi greiðslur, sem taldar eru í krónum, svo sem landskuldir, húsaleiga, vextir, kaupgjald, iðgjöld og því um líkt, svo og skattar og gjöld til opinberra þarfa, lúkast í íslenskum pappírskrónum, eða jafngildi þeirra í gullkrónum samkvæmt framansögðu, til ársloka 1931.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1932 skulu allar greiðslur þær, sem ræðir um í 3. gr., umreiknaðar í gullgildar krónur með lækkaðri krónutölu eftir hlutfallinu 81.70 : 100. Frá sama tíma skulu allar verslanir verðleggja vörur sínar í gullgildum krónum og ríkissjóður inna af hendi launagreiðslur í gullgildum krónum, og skulu allar upphæðir þessar lækka að krónutali eftir hlutfallinu 81.70 : 100 frá því, sem vera mundi á sama tíma, ef greitt væri í pappírskrónum.

5. gr.

Með konunglegri tilskipun má kveða nánar á um það, hverjar kröfur og skuldir skuli undanþegnar ákvæðum 3. og 4. gr. af þeirri ástæðu, að þær eru stofnaðar fyrir 7. ágúst 1914.

6. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og seðlar Íslandsbanka eru í umferð og eru löglegur gjaldeyrir, skal báðum bönkunum skylt að innleysa þá með gullmynt eða gullgildum seðlum, ef handhafi óskar, þannig að 81.70 kr. í gullmynt eða gullgildum seðlum sjeu greiddar fyrir hverjar 100 kr. í núverandi seðlum. Nánari reglur um þessa innlausnarskyldu getur ráðherra sett.

7. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um skiftimynt, svo sem þarf vegna framkvæmdar þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þykir ekki rjett, að lággengistímabil það, er staðið hefir yfir undanfarin ár, endi með því, að myntlögum landsins verði breytt. Frumvarp þetta miðar að því að halda myntlögunum óbreyttum, án þess þó, að örðugleikar gengishækkunar verði lagðir á þjóðina.

Ed. **602. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Efnismálsgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926, orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Bólstaðarhlíð um Skeggsstaði að Bergsstöðum. Lína frá Kagaðarhóli að Reykjum á Reykjabraut. Lína frá Höskuldsstöðum um Efrimýrar að Kirkjuskarði. Lína frá Kálfshamarsvík að Höfnum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum.

Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru af Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum. Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

2. gr.

Orðin »og þaðan að Ármúla og Grunnavík« í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Ed. **603. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 479 (Lánsfjelög).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 6. lið tillögunnar. Aftan við liðinn bætist: Slík sambönd, svo og sjálf lánsfjelögin skulu njóta sömu hlunninda, að því er opinbera skatta snertir og útsvör, sem ákveðin eru í 38. gr. laga um samvinnufjelög, 27. júní 1921.

Nd. **604. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 590 [Verkamannabústaðir].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. brtt. skal orða svo:

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að lána til íbúðarhúsabyggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Nd. **605. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 590 [Verkamannabústaðir].

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Við 2. a. Í stað »3500 kr.« komi: 4000 kr.

Ed. **606. Frumvarp**

til laga um verkamannabústaði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að lána til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. gr.

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fje sem hjer segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skifti 1930.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður eða sveitarsjóður í jöfnum hlutföllum.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvör.

3. gr.

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfjelaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir fjelagsmenn sína.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrjetti í húsum og trygð með veðskuldabrjefi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu alt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fje í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fje ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarfjelög hafa rjett til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfjelagið komi upp byggingum fyrir fjelagsmenn sína.
2. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag byggginganna samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að fjelagsmenn sjeu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast fjelagsmenn, nje yfir 4000 kr. eignir.
4. að íbúðirnar sjeu seldar fjelagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfjelagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem fjelagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar sjeu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sje árleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sje í samþyktum fjelagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af fjelaginn, megi selja hana, nema stjórn byggingarfjelagsins hafi áður hafnað forkaupsrjetti fjelagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar fjelagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sje um framleigu að ræða, ákveður stjórn fjelagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
7. að settar sjeu reglur í reglugerð, sem staðfest sje af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn fjelagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallist á samþyktir fjelagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra fjelaga.

6. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar eða kauptúns skulu vera 3 menn. Sjeu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir byggingarsjóður.

7. gr.

Ársreikningar byggingarfjelags skulu ætið lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn eða sveitarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. gr.

Nú er ekkert byggingarfjelag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfjelagið eða sveitarfjelagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu rjettindi og skyldur sem byggingarfjelög samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum fjelagsmanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjelög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, örugt eftirlit með framkvæmdum byggingarfjelaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Nd. **607. Frumvarp**

til laga um dóm í vinnudeilum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal dómstól, er nefnist *vinnudómur*. Hann skal fara með og dæma:

1. Mál út af vinnukjörum, þau, er greinir í lögum nr. 55, 17. júní 1925, eða lögum, er í þeirra stað koma.
2. Mál um lögmæti verkfalls eða verkbanns og um bætur fyrir ólögmætt verkfall eða verkbann.

2. gr.

Jafnan skal sáttasemjari í vinnudeilum leita samninga milli aðilja um mál þau, sem í 1. gr. segir, áður en þau komi fyrir vinnudóm. Jafnskjótt sem sáttasemjari telur sáttatilraunum sínum lokið, skal hann skýra atvinnumálaráðherra frá því og jafnframt senda honum nákvæma skýrslu um málavöxtu. Skal atvinnumálaráðherra síðan vísa málinu til vinnudóms og jafnframt skýra hæstarjetti og forseta vinnudóms frá þessum málalokum.

3. gr.

Vinnudómur starfar þar, sem aðilar eiga báðir (eða allir) heima, ef það er í sömu þinghá eða sama kaupstað. Annars kostar kveður atvinnumálaráðherra á um það, hvar dómur skuli starfa.

Atvinnumálaráðherra löggildir bækur vinnudóms.

4. gr.

Hjeraðsdómari í einkamálum þar, er dómur skal starfa (3. gr.), er forseti dómsins. Aðilar vinnudeilu nefna í dóm 3 menn hvor, þá er þekking hafa á atvinnugrein eða atvinnugreinum þeim, er máli skifta, og vinnukjörum í þeim. Ryður fyrsta sinni, er dómur er háður, tveim mönnum hvor aðili, en þeir 2, sem eftir verða, skipa dóminn með forseta. Nú ryður aðili ekki dóm, og skal þá forseti gera það í stað hans.

Nú missir dómara við eftir ruðningu, og nefnir sá aðili, er þann dómara nefndi til, 3 meðdómendur í hans stað. Skal síðan ryðja 2 með sama hætti og fyr segir.

Ef aðilar, annarhvor eða báðir, nefna ekki menn í dóm, áður en 3 dagar eru liðnir frá því þeir fengu skriflega beiðni um það frá forseta dómsins, tilnefnir hann mann eða menn í dóminn í þeirra stað.

Í dóminn tilnefnir hæstirjettur ennfremur 2 menn og 2 til vara, og verður því dómur jafnan skipaður 5 mönnum.

Enginn getur skorast undan að taka sæti í vinnudómi.

Áður en meðdómandi tekur til starfa í dóminum, skal hann vinna og undirrita í þingbókina heit um, að hann skuli rækja starfann eftir bestu vitund.

5. gr.

Sólarhring eftir að hjeraðsdómari og hæstirjettur hafa fengið tilkynningu atvinnumálaráðherra (2. gr.), skal hæstirjettur nefna menn í dóminn og hjeraðsdómari skora á aðilja að gera hið sama. Tilnefning skal þegar í stað tilkynna dómsforseta. Síðan tilkynnir hann dómendum tafarlaust dómnefnuna, ásamt stað og stund, er dóm skuli heyja, enda er þeim þá öllum skylt að koma til dómsins. Ennfremur stefnir hjeraðsdómari aðilum fyrir dóminn með 1—3 sólarhringa fyrirvara, eftir ástæðum.

6. gr.

Málsaðiljar geta gætt hagsmuna sinna sjálfir fyrir dóminum, eða falið öðrum íslenskum ríkisborgurum, sem lögráða eru og með óflekkuðu mannorði, að

gera það. Ef aðili, annarhvor eða báðir, gerir hvorugt, þá skipar dómurinn honum talsmann.

7. gr.

Forseti dómsins stýrir honum.

Aðilar geta ráðið því, hvort mál er flutt munnlega eða skriflega. Ef þeir koma sjer ekki saman um það, þá kveður dómurinn á um það. Jafnan skal flytja mál fyrir lokuðum dyrum, ef opinber flutningur þess ylli því, að óviðkomandi menn fengju vitneskju um leyndarmál kaupsýslumanna eða fjelagsskapar eða annað, er menn eiga rjett á að haldið sje leyndu fyrir óviðkomandi mönnum.

8. gr.

Að því leyti, sem ekki er látið um mælt í lögum þessum, kveður dómurinn á um meðferð máls. Skylt er dómi að afla allra nauðsynlegra upplýsinga og leiðbeina aðilum um málflutning, svo framarlega sem hann hefir ástæðu til að ætla, að aðilar þurfi leiðbeiningar.

Um skyldu manna til að bera vitni og gegna kvaðningu til mats og skoðunar fer eftir almennum reglum í einkamálum. En auk þess getur dómur skyldað aðilja og aðra með úrskurði til þess að sýna bækur sínar eða reikninga, eða leggja fram eftirrit úr þeim, ef það þykir nauðsynlegt til skýringar málsatriðum.

Vitnaleiðslu utan þinghár dómsins stýrir hjeraðsdómari þar. Fer um þau vitnamál sem gestarjettarmál.

Hraða skal málsmeðferð allri sem verða má.

Jafnan skal afl atkvæða ráða, ef dómendur skilur á. Allir skulu dómendur undirrita dóm og úrskurði, en rjett er dómanda að láta getið ágreinings í þingbók. Í dómi skal greina ljóslega þá niðurstöðu, er dómendur, eða meiri hluti þeirra, hafa komist að. Dómsúrslit skuldbinda aðilja sem dómur alment. Ákvæði dóms um vinnukjör skulu þó aldrei skuldbinda aðilja lengur en 2 ár, frá dómsuppsögn talið.

Þóknun til dómenda og skipaðs talsmanns aðilja og annar kostnaður af dómi greiðist úr ríkissjóði. Þóknun dómenda og talsmanns skal ákveðin í dómi.

Fullnægjufrestur dóms, þar sem fjárgreiðsla er mælt, skal vera 15 dagar.

9. gr.

Rjett er hvorum aðilja að krefjast endurtöku máls og breytingar á dómi, þó ekki fyr en 6 mánuðum eftir dómsuppsögn, ef verulegar breytingar hafa orðið síðan dómur var upp kveðinn, svo sem veruleg hækkun eða lækkun á verði lífsnauðsynja, breytingar á rekstrarkostnaði eða verði afurða þeirrar atvinnugreinar, o. s. frv. Skal aðili þá snúa sjer til sáttasemjara, en hann beinir málinu síðan til atvinnumálaráðherra, jafnskjótt sem hann hefir reynt sáttaumleitun, en ráðherra vísar því til dóms, eins og áður segir.

10. gr.

Aldrei má gera verkbann eða verkfall áður en deilumál þau, er í lögum þessum segir, koma til aðgerða sáttasemjara. Svo er og bannað að gera verk-

bann eða verkfall, meðan sáttatilraunir sáttasemjara eða dómsmeðferð samkvæmt lögum þessum stendur yfir eða undirbúningur undir dómsmeðferð.

Brot á ákvæðum greinar þessarar varða sektum í ríkissjóð, 500—10000 kr., og auk þess skaðabótum eftir almennum reglum.

Sektir má innheimta með aðför í eignum hinna seku.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **608. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Minni hl. (J. Bald.) er á móti því, að frv. gangi fram, en meiri hl. leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1929.

Jóh. Jóhannesson. Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm. meiri hl.

Nd. **609. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá Bernharði Stefánssyni.

1. Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein svo látandi og breytist greinatala samkv. því: Fyrir »Akureyri« í 10. gr. laganna komi: Siglufirði.
2. Við 7. gr. frv. Orðið »Útflutningsnefndarmenn« í síðasta málsl. falli niður.

Ed. **610. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, en telur þó nauðsynlegt að gera á því nokkrar breytingar, og leggur því til svo felda

BREYTING:

Frumvarpsgreinin hljóði þannig:

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfjelögum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum fjelögum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir. Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.

Alþingi, 11. mai 1929.

Jón Jónsson, form., frsm. Jónas Kristjánsson. Jón Baldvinsson, fundaskr.

Ed. **611. Breytingartillögur**

við till. til þingsályktunar um fátækraflutning.

Frá Halldóri Steinssyni.

1. Í stað »fátækraflutnings« í 3.—4. línu tillögunnar komi: fátæktar.
2. Fyrirsögn tillögunnar hljóði svo:

Tillaga til þingsályktunar um breyting á fátækralögunum.

Ed. **612. Þingsályktun**

um breyting á fátækralögunum.

(Afgreidd frá Ed. 11. mai).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um svofelda breyting á fátækralöggjöfinni, að útilokað sje, að mæður verði að láta börn sín frá sjer fara vegna fátæktar, ef þær annars eru hæfar til að ala upp börn sín.

Nd. **613. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með jafnháu tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 aur.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^3/_4$ hlutum af gjaldi því, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, svo og öllu tillaginu það ár úr bæjarsjóði eða hreppssjóði, og ennfremur hálfum styrk þeim, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum næsta ár á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930, og skal innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1930.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Ed. **614. Þingsályktun**

um húsrúm fyrir listaverk landsins.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, á hvern hátt verði best sjeð fyrir húsrúmi til þess að geyma í og sýna úrval þeirra listaverka, er landið á og mun eignast framvegis, og leggja tillögur sínar í því máli fyrir næsta þing.

Ed. **615. Tillaga**

til þingsályktunar um dýralæknissetur í Vestfirðingafjórðungi.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi verði framvegis látinn hafa aðsetur í Stykkishólmi.

Greinargerð.

Frá því að lög um dýralækna voru samþykt árið 1915 og alt fram að síðastliðnu ári hefir dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi verið búsettur í Stykkishólmi. Þar sem Stykkishólmur er miklu nær miðbiki hjeraðsins en Borgarnes, núverandi aðsetursstaður dýralæknisins, þá verður ekki sjeð, hvaða ástæða hefir verið til þess að flytja hann, svo að segja á annan enda hjeraðsins, og er því með þessari tillögu farið fram á, að þessu verði breytt í það horf, sem áður var.

Nd. **616. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:
   Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1,50 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   12. gr. laganna skal orða svo:
   Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^2/_3$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **617. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 2. gr. 2. (Tekju- og eignarskattur):
Fyrir »1100000« kemur 1200000

II. Frá *minni hl. fjárveitinganefndar.*
Við 2. gr. 4. (Aukatekjur):
Fyrir »450000« kemur 475000

III. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld):
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *minni hl. fjárveitinganefndar.*
Við 2. gr. 16. (Vörutollur):
Fyrir »1350000« kemur 1375000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. II. a. (Akvegir):
a. Við 1. (Kjalarnesvegur):
Fyrir »25000« kemur 20000
b. Við 2. (Stykkishólmsvegur):
Fyrir »30000« kemur 20000
c. Við 3. (Holtavörðuheiðarvegur):
Fyrir »70000« kemur 60000
d. Við 4. (Vesturlandsvegur):
Fyrir »30000« kemur 20000
e. Við 7. (Blönduhlíðarvegur):
Fyrir »30000« kemur 25000
f. Við 8. (Öxnadalsvegur):
Fyrir »15000« kemur 10000
g. Við 9. (Vaðlaheiðarvegur):
Fyrir »50000« kemur 45000
h. Við 11. (Biskupstungnabraut):
Fyrir »30000« kemur 20000
i. Við 13. (Vegur um Eldhraunið í Vestur-Skaftafellssýslu):
Fyrir »15000« kemur 10000

VI. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. I. o. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf ... 1500

VII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin (um skólagjöld) skal falla niður.

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XIV, 2 (Lýðskólar):
Orðin »og Hafnarfjarðar« falli niður.

IX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 5.
Athugasemdin (um skólagjöld) skal falla niður.

X. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 5. Nýr liður:
Til Bjargar Sigurðardóttur, styrkur til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar á landinu, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands... 1000
Styrkurinn veitist í eitt skifti fyrir öll, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá.

XI. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. 4. Nýr liður:
Til glímufjelagsins Ármanns, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi 3000

XII. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 15. gr. 3. f. Nýr liður:
Til þess að kaupa og gera upp hina fornu kirkju á Gunnsteinsstöðum í Langadal, enda sje grafið svo frá kirkju- og kirkjugarðsveggjum, að jafnhátt liggi yfir velli sem í öndverðu var, alt að 800

XIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 15. gr. 8 (Sýslubókasöfn):
a. Fyrir »1000« kemur 1200
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 400 kr. styrks.
c. Til bókasafnsins í Stykkishólmi, til bókakaupa 400

XIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 15. gr. 23. Nýr liður:
Til Maríu Markan, til að ljúka námi á söng, einkum leiksöng 2000

XV. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 15. gr. 51. Nýr liður:
Þóknun fyrir störf mentamálaráðs Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928 2500

XVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 3 (Sandgræðsla):
a. Fyrir »53500« kemur 40000
b. Athugasemdin fellur niður.
2. Við 16. gr. 8 (Tilbúinn áburður):
Fyrir »10000« kemur 30000

XVII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 16. gr. 9. (Raforkuveitur):
Orðin »gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum« falli burt.

XVIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 13. b. Nýr liður:
Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms ... 1000

XIX. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 16. gr. 18. e. Nýr liður:
Til forstöðumanns, til þarabrenslutilrauna 700

XX. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlin 1500
Til vara 1200

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 47. (Vestmannaeyjavegur):
Fyrir »6000« kemur 4000
2. Við 18. gr. II. d. 28:
Fyrir »Elínar« kemur: Guðríðar.

XXII. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 18. gr. II. b. 2 (Guðrún Jónsdóttir):
Fyrir »300« kemur 600

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. II. i. 21. Nýr liður:
Til Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður 300
2. Við 18. gr. II. i. 47. Nýr liður:
Til Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. bjúkrunarkonu 300

3. Við 18. gr. II. i. 48. Nýr liður:
Til Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns 300

XXIV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 22. gr. 6. Nýr liður:
Alt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni til að kaupa prentvjel (Rotaprint), gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

XXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. 6. Ný málsgrein:
Ennfremur er stjórninni heimilt að veita Jóni bónda Guðmundssyni á Brúsastöðum alt að 25 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði til aukningar gistihúsinu Valhöll á Þingvöllum, eða ábyrgjast fyrir hann lán, alt að sömu upphæð, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda samþykki hún tilhögun breytinga þeirra, sem gerðar verða á gistihúsinu.

XXVI. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 23. gr. IV. (Skeiðaáveitan).
Síðari málsliður falli burt.

XXVII. Frá *Páli Hermannssyni.*
Við 23. gr. V. Nýr liður:
Að lána Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu 25000 kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 23. gr. VI. (Lán til Auðkúluhrepps):
Aftan við liðinn bætist: gegn ábyrgð sýslufjelagsins.

XXIX. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 23. gr. VII. Nýr liður:
Að kaupa til handa landinu, ef um semst, prentsmiðjuna Gutenberg með tilheyrandi húsum og lóð fyrir alt að 155 þús. kr.

XXX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 23. gr. IX. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast alt að 125 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast alt að 80 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til rafveitu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XXXI. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Birni Kristjánssyni.*

Við 23. gr. IX. Nýr liður:

Að kaupa Íslands-kvikmynd Lofts Guðmundssonar endurbætta, að fengnum tillögum alþingishátíðarnefndar, fyrir alt að 16 þús. kr.

XXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 23. gr. XI., XII. og XIII. lið:

Í stað niðurlagsorðanna: »gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar« kemur: gegn ábyrgð sýslufjelagsins.

2. Við 23. gr. XIII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast alt að 50 þús. kr. lán fyrir h/f Hallveigarstaði, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

b. Að ábyrgjast alt að 200 þús. kr. lán fyrir h/f Hamar, til þess að koma á fót dráttarbraut, er geti tekið í þurkví skip á stærð við Esju, gegn endurábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur.

c. Að ábyrgjast 50 þús. danskra kr. lán fyrir Jóhannes Jósefsson, til þess að reisa gistihús í Reykjavík, með sömu skilyrðum og sett eru um ábyrgðarheimild fyrir sama mann í fjárl. 1929.

XXXIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 23. gr. XIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 30 þús. kr. lán fyrir Ólafsvíkurhrepp, til hafnarbóta, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 23. gr. XV. (Magnús Helgason):

Í stað orðanna »ef hann« kemur: er hann.

XXXV. Frá *Páli Hermannssyni, Ingvari Pálmasyni* og *Jóhannesi Jóhannessyni.*

Við 23. gr. XV. Nýr liður:

Að greiða sjera Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full prestslaun, þá er hann lætur af embætti.

Ed. **618. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Halldóri Steinssyni.

1. Við 2. gr. Orðin »sbr. þó 3. gr.« í 5. og 6. línu falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Ed. **619. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og brtt. á þskj. 617.

I. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 13. gr. B. VII. Nýr liður:
Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu annarsstaðar að, alt að 1500

II. Frá *Jóni Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. II. c. (Námsstyrkur).
Aftan við liðinn kemur svofeld athugasemd: Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er mentamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.
2. Við 16. gr. 4. Liðurinn orðist svo:
Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi, alt að 3000
gegn 1500 kr. annarsstaðar að.

III. Frá *Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 50. Nýr liður.
Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, helmingur kostnaðar, alt að 5000
Til vara: 1/3 kostnaðar (endurveiting) alt að 3000

IV. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 18. gr. II. b. 25. Nýr liður:
Til Sigríðar Blöndal læknisekkju 300

V. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við brtt. 617, XXVII.
Aftan við liðinn bætist: Lánið sje veitt til greiðslu á skuldum hreppsbúa við lánsstofnanir og verslanir, gegn því að skuldarhafar gefi svo mikið eftir af kröfum sínum, að stjórnarráðið telji fjárhag hreppsbúa ekki standa hætta af skuldunum.

VI. Frá *Jóni Jónssyni.*
1. Við brtt. 617, XXXII. 1. tölul. orðist svo:
Við 23. gr. XI. og XII. lið:
Í stað niðurlagsorðanna: »gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar« kemur: gegn ábyrgð sýslufjelagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.
2. Við brtt. 617, XXXV. Aftan við tillöguna bætist: enda verði rit hans »Ættir Austfirðinga« eign Landsbókasafnsins að honum látnum.

Ed. **620. Breytingartillögur**

við frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir »bekkjum Mentaskólans« komi: svo mörgum sem þarf.
2. Við 12. gr. Á eftir 3) komi nýr liður, sem verður 4), þannig: Í þýsku: Hafa lesið ekki minna en 50 bls. af auðveldu kenslubókamáli og hafa numið ágrip þýskrar málfræði.
3. Við 32. gr. Orðið »atvinnufræði« falli burt.
4. Við 33. gr. Fyrir »gagnfræðaprófi« komi: ungmennaprófi, og fyrir »gagnfræðaprófi hinu meira« komi: gagnfræðaprófi.
5. Við 35. gr. Aftan við greinina bætist: Um stöður þessar og veitingu þeirra gilda ákvæði 1.—8. gr. laga nr. 75 1919, eftir því sem við á.
6. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefnd kaupstaðarins hefir á hendi yfirstjórn skólans, og fer um störf hennar eftir ákvæðum 24.—30. gr. laga nr. 40 1926, að því er við á.

Nd. **621. Breytingartillaga**

við frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 6. gr. Greinin falli burt.

Sþ. **622. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi 1,50 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 aur.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^2/_3$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Ed. **623. Nefndarálit**

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir frá minni hendi til þess að fá frv. þetta afgreitt frá nefndinni hefir það ekki tekist, og þar sem þingslit nálgast nú óðum, sje jeg mjer ekki fært að bíða lengur eftir samnefndarmönnum mínum. Þykir mjer rjett, að frv. þetta komi fram til 2. umræðu, svo að þingmönnum deildarinnar gefist kostur á að ræða það og samþykkja. Frv. þetta er svo nátengt frv. um landbúnaðarbanka, sem nú er orðið að lögum, að sjálfsagt er að afgreiða það á þessu þingi, enda fylgdust þessi tvö frv. að í Nd. Auk þess telur minni hlutinn frv. svo merkilegt, að verða mætti til þjóðþrifa, ef að lögum yrði.

Þótt minni hlutinn líti svo á, að einstökum atriðum í frv. mætti breyta til bóta, sjer hann þó ekki ástæðu til þess að svo komnu að bera fram breytingartillögur við frv.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 13. maí 1929.

Jónas Kristjánsson.

Nd. **624. Lög**

um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

1. gr.

1. 5. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:
Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rjett að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.
2. Á eftir 5. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því hjeraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.
3. 6. málsgrein sömu greinar skal orða svo:
Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fje greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingum en eftir gjaldskrá hjeraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Nd. **625. Lög**

um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

1. gr.

Læknar í Reykjavík skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á pósthúsið eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skulu læknar utan Reykjavíkur skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðamót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarfjeð renna í »Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenskra lækna«.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **626. Lög**

um hjeraðsskóla.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

1. gr.

Hjeraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og rjettindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja hjeraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skólanefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og rjettindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hjeraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær nje fleiri en þrjár. Námsgreinar og kenslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur hjeraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukenslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áhersla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum hjeraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kenslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers hjeraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en fjelag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til fjelag gamalla nemenda öðlast rjett til kosninga og neytir hans. Þá skulu fjelög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rjett til að kjósa skólanefndarmenn öðlast fjelag gamalla nemenda, þegar hjeraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sje í fjelaginu að minsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um fjelög stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rjett manns eða fjelags til að vera í fjelagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

6. gr.

Nú legst fjelag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá fjelag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef fjelag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarrjettur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefnda þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rjett sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar,

Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,

3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kenslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers hjeraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kenslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við hjeraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum eigi skemur en þrjár vikur og kensla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukenslu hvers nemanda, enda greiði hann í kenslugjald fyrir sama tíma að minsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum hjeraðsskóla um þriðjung eða meira frá meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, alt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers hjeraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af fjelagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers hjeraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður hjeraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fje er veitt í fjárlögunum, enda sje trygt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Nd. **627. Tillaga**

til þingsályktunar um hverarannsóknir.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Lárusi Helgasyni.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina:

1) að láta rannsaka vísindalega, hvort hverir hjer á landi sjeu nothæfir til lækninga, og
2) að láta gera þessar rannsóknir svo ítarlega sem unt er, til þess að fá bendingar um, við hvaða sjúkdómum mætti reyna hina ýmsu hveri.

Heimilt er að verja því fje til þessara rannsókna, sem nauðsyn krefur.

Greinargerð.

Til greinargerðar eru tvö fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Erindi til Alþingis um hverarannsóknir.

Á fundi Læknafjelags Reykjavíkur 11. mars í vetur var í einu hljóði samþykt svo hljóðandi tillaga:

Læknafjelag Reykjavíkur skorar á Alþingi:

1) að láta rannsaka vísindalega, hvort hverar hjer á landi sjeu nothæfir til lækninga, og
2) að gera þessar rannsóknir svo ítarlegar sem unt er, til þess að fá bendingar um, við hvaða sjúkdómum mætti reyna hina ýmsu hveri.

Á fundinum var rætt um nauðsyn vísindalegra rannsókna á hveravatni, hveragufu, hveralofti og hveraleðju til lækninga, þareð reynsla manna um þá hluti væri harla lítil og skoðanir loftkastalakendar, rannsóknirnar

hingað til götóttar og margar þeirra, t. d. hveravatns-rannsóknir, *ekki gerðar á staðnum* og þess vegna einskis virði, þareð mörg reikul efni væri í vatninu. Svipað ætti sjer stað um hveragufu og hveraleðju. Þótt menn teldu að reynslan yrði besti prófsteinninn á lækninga-notagildi hveranna, þá myndu þó nákvæmar eðlisfræðilegar og efnafræðilegar vísindalegar rannsóknir á þeim gefa mikilsvarðandi bendingar um til hvers ætti að nota hvern hver og *sjerstaklega væri nauðsynlegur samanburður* á læknisfræðilegu notagildi íslenskra hvera við erlenda. Gæti þá svo farið, að ýmislegt óvænt kæmi í ljós, sem betra væri að vita áður en nokkuð væri byrjað að ráðstafa hverunum af handahófi, eða að fenginni lítilli reynslu.

Á fundinum var lesið upp fróðlegt erindi eftir Þorkel Þorkelsson, um notkun hvera til lækninga og hverarannsóknir, og fylgir það hjer með sem ítarlegri greinargerð.

Níels P. Dungal,
p. t. formaður.

G. Einarsson,
p. t. ritari.

Fylgiskjal II.

Um hveranotkun til lækninga og hverarannsóknir.

Eftir *Þorkel Þorkelsson* eðlisfræðing.

Laugar hafa verið notaðar til baða frá því land bygðist. Um þetta geta sögurnar þráfaldlega, en lítill sómi var þessum baðstöðum þjóðarinnar sýndur, aðeins á stöku stað lagað afar lítið rensli lauganna og bygðir sundkofar, þó ófullkomnir mjög. Merkasta mannvirkið hefir verið Snorralaug í Reykholti, en einnig er getið um Marteinsbað í Haukadal, er Marteinn biskup ljet gera. Vafalaust hefir verið einhver umbúnaður við Laugaráslaugar, sem notaðar voru sem baðstaður frá Skálholti, og hefir án efa haft töluverða þýðingu, þótt hvergi komi þetta berlega fram. Það er vafalaust, að minni hyggju, að þessar laugar hafa verið oft notaðar til heilsubaða, en ekki aðeins sem hreinlætisböð, en ábyggilegar sagnir um það fást nú tæpast. Hinsvegar er alkunnugt að þurraböðin eru eingöngu notuð sem heilsuböð. Um þessi þurraböð eða jarðböð eru til margar frásagnir og allgóðar lýsingar á sumum, en því verður slept að fara nánar út í það. Fimm þurraböð eru nafngreind, sem sje Þeystareykja-, Mývatns-, Klofa-, Grafarbakka- og Þjórsárholts-þurraböð. Jarðbaðið á Grafarbakka við Litlu-Laxá er, eins og Þjórsársholtsjarðbaðið, allmikð þekt og hefir verið til skamms tíma. Var þar hola grafin í heitan jarðveginn og bygt yfir hús. Ófullkomið mun þetta samt hafa verið og óvistlegt fyrir sjúklinga. Mest þekt var þurrabaðið við Mývatn. Það var sunnarlega í Jarð-

baðshólum, sem eru rjett hjá Bjarnarflagi austan við Mývatn. Það þetta lagðist niður að mestu á fyrri hluta 19. aldar. Lýsingar eru til af þessu jarðbaði og þar gerðu þeir rannsóknir og hitamælingar, Sveinn Pálsson (1794) og Thienemann (1820). Um þurrabaðið í Jarðbaðshólum sagði Jón bóndi í Reykjahlíð mjer 1906 að fólk hefði eigi mátt vera þar eitt, því að hætta hefði verið á því að það sofnaði og vaknaði þá varla aftur til lífs. Á þann hátt sagði hann að Aldís nokkur í ætt við hann langt aftur, hefði dáið í þurrabaðinu um eða fyrir aldamót 1800. Meðfram af þessu og þar af leiðandi geig manna við að nota baðið og svo af því að holdsveikt fólk tók að nota það mikið og fældi við það marga aðra frá því, lagðist baðið smátt og smátt niður litlu eftir aldamótin 1800, eða snemma á 19. öld. Þó var það við lýði er Thienemann kom þar 1820. Baðið var aðallega notað af gigtveiku fólki og holdsveiku. Það var mjer sagt, að holdsveikt fólk hefði eigi fengið fullan bata svo menn vissu, en böðin hefðu dregið úr veikinni eða rjettara tafið fyrir henni að komast í algleyming. Og mig minnir, að sama væri reynslan hjer sunnanlands.

Eins og áður er getið, hafa menn vafalaust orðið þess varir, að böð í hveravatni væru heilsusamleg, en þó hafa mjer vitanlega engar sagnir varðveitst um það. Það einasta, sem jeg hefi rekið mig á og man eftir í svipinn, eru ummæli Hálfdánar Jónssonar lögrjettumanns á Reykjum í Ölfusi. Í lýsingu sinni á Ölfusi segir hann: »Hveravatn þrálega drukkið, meina menn sje þeim mönnum gott, er brjóstveikir eru«. Og virðist þetta koma vel heim við reynslu manna hin síðustu árin. Einkennilegt er það og, að þetta er sagt um sama hverasvæðið og nú hefir fengist nokkur reynsla um. Svo að óvíst er, hvort þetta á aðeins við þetta eina hverasvæði, eða getur átt við hveravatn hjer alment. Þetta þyrfti að rannsaka, bæði með því að rannsaka eiginleika vatnsins og hveragufuna í Ölfusinu og annarsstaðar og bera það saman, og helst að gera lækningatilraunir einnig annarsstaðar.

Rannsóknir á hveravatni hafa fáar verið gerðar hjer á landi og eru að nokkru úreltar þær helstu og elstu, því að vatnið var geymt á flöskum um langan tíma þar til það var rannsakað, en það er kunnugt að við geymslu breytir það sjer, og verður því niðurstaðan önnur en við prófun, sem gerð er á staðnum eða undir eins og vatnið er tekið. Damour gerði nokkrar analysur á hveravatni, sem Descloiaux tók hjer 1846. Analysur þessar eru fáar og nú orðnar svo gamlar, að lítið er á þeim að byggja um nútíma efnasambönd hveravatnsins, enda ennþá mikið til órannsakað hve mikið hverar breyta sjer. Víst er þó það, að útlit hveranna breytist mjög mikið, svo að á fáum árum verða sumir hverar eigi þekkjanlegir. Samt er þetta mjög mismunandi, því að á öðrum stöðum virðast sömu laugarnar haldast óbreyttar öld eftir öld. Vitanlega standa breytingar á hverum oft í nánu sambandi við landskjálfta, en eigi eru nægilega kunnar orsakir breytinganna, sem verða þess á milli; fyrir framtíðarnotkun hvera er þetta samt mikilsvert atriði, því að eigi dugar að leggja í mikinn kostnað við hvera, sem geta alt í einu tekið upp á því að hverfa eða flytjast burtu, eins og sagt er um suma hvera. Hveraloftið hefir verið meira rannsakað, sjerstaklega af Bunsen (1846) og mjer (1906 og síðar), og eru um það ýmsar reglur, en margt er þar þó ógert, og stór svæði af landinu hafa

ennþá alls ekki verið rannsökuð og því algerlega óvíst hvað kann að koma á daginn, er þau verða rannsökuð. Laugar í Borgarfirði, við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslu, og svo á Austurlandi, bæði í Vopnafirði og Laugarvalladal, hafa aldrei verið rannsakaðar, nema hiti margra þeirra hefir verið mældur. Og í þeim landshlutum, sem rannsóknir hafa verið gerðar, eru ýms hverasvæði órannsökuð, svo sem á Skaganum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, á Skeiðum og við Laugarvatn og í Brennisteinsfjöllum og víðar (Kverkfjöll, við Torfajökul, Þeystareyki, Fremrinámur og í Dyngjufjöllum). Hvergi eru, svo jeg viti, jafn margbreytilegar hveragufur og hjer á landi. Í mörgum laugum er hveraloftið nálega eintómt köfnunarefni, aðeins dálitið af argon, neon og helium, þessum sjaldgæfu inactifu lofttegundum. Í öðrum er mest alt hveraloftið kolsýra, (ölkeldur, hverarnir á Reykjanesi um og yfir 95%). Í fáeinum um helmingur hveraloftsins vetni (H_2) (Námafjöll við Mývatn). Þá er það mjög mismunandi, hve mikið sje af brennisteinsvetni, mest hefir það fundist um tæp 30%, en í mörgum laugum og hverum er eins og kunnugt er ekkert af því. Súrefni (O_2) kemur fyrir í hveralofti en þó fremur sjaldan og hvergi meira en samsvarar efnasamsetningu andrúmsloftsins (21%). Í sumum hvera-augum, sem svipar til jarðbaðanna, er efnasamsetning hveragufunnar nálega þessi. Hjer er vatnsgufa ekki talin með, og lofttegundir hveraloftsins taldar í rúmtaks-prócentum. Ofurlítið hefir fundist af methan, en ekkert svipað því, sem á sjer stað annarstaðar erlendis. Hjer fer methan eigi yfir $1^1/_2$% eftir þeim mælingum, sem jeg hefi gert.

Hveraloftið hefir að geyma radium emanation (radon), en mjög er munurinn mikill á þessu radium-lofti hjá hverunum. Víða er það lítið, en töluvert hefir fundist annarstaðar. Mest í Kerlingarfjöllum um 40 millimicro Curie í lítra. Þar næst á Hveravöllum um 30 mμ C l^{-1}, þar sem það mest var. Einnig er það talsvert í Hveradölum við Hengilinn, 15—16 mμ C l^{-1}. Í sumum hverasvæðum virðist vera nálega jafnmikið af radon í öllum hverunum, en á öðrum stöðum breytist það mikið frá hver til hvers, og eru orsakir þess ókunnar; einnig virðist þetta geta breytst með tímanum, en það hefir eigi verið rannsakað hjer enn. Ef lækningar eiga að byggjast að einhverju leyti á radium lofti, þá er nauðsynlegt að ganga fyrst úr skugga um það, hvort það sje verulegum breytingum undirorpið (með tímanum). Þar sem alt er á hverfanda hveli, er lítlu tilkostandi.

Hveraleir hefi jeg prófað fyrir radium á allmörgum stöðum í þeim landshlutum, sem jeg hefi farið um, og ekki orðið þess var, að leirinn hefði neitt verulegt af því dýrmæta efni, en rannsóknir mínar eru enn of takmarkaðar. Eigi hafa heldur verið gerðar neinar tilraunir með lækningar með hveraleir, en virðist þó þess vert að gert væri í sambandi við nánari rannsókn á efnum hveraleirsins. Vafalaust má nota hveraleir á ýmsan annan hátt, og rannsókn á honum hefir þýðingu fyrir þá, sem skilja vilja, hvernig bergtegundirnar ummyndast undir áhrifum hveragufanna og hveravatns.

Nd. **628. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþjettum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sjer þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

2. og 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sjer til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.

3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sje óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld alt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfyltir.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að

taka fje að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir rjettum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánsstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem ætla sjer að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hygst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi trygt sjer skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd, hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna $^{3}/_{4}\%$, en í varasjóð $1^{1}/_{4}\%$ af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofn-

sjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síldveiði og síldaratvinna bregst. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

6. gr.

Aftan við 12. grein bætist:

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

8. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Ed. **629. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og við brtt. á þskj. 617.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við brtt. 617, XV. (Mentamálaráðið):
   Fyrir »2500« kemur: 3000
2. Við 18. gr. II. i. 46. Nýr liður:
   Til Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrv. spitalaráðskonu 300
3. Við 23. gr. VIII. (Reykjatorfan):
   Fyrir »100 þús. kr.« kemur: alt að 100 þús. kr.

Nd. **630. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	250000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1490000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	60000	
			1240000
	Flyt ...	... ...	2730000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2730000
11. Útflutningsgjald		1075000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13. Tóbakstollur	950000	
14. Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15. Annað aðflutningsgjald	200000	
16. Vörutollur	1350000	
17. Verðtollur	1500000	
		5200000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19. Pósttekjur	450000	
20. Símatekjur	1580000	
		2030000
21. Víneinkasala		450000
Samtals ...	... ...	11520000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22,00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals ...	... ...	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 36000		
	b. Til risnu 8000		
		44000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	70000	
4.	Annar kostnaður	40000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	26200	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.		
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. 900		
	b. Til pappírs og prentunar 12000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1000		
		13900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
II.	Hagstofan:		210100
1.	Laun	12500	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
3.	Prentun eyðublaða	5000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
III.	Utanríkismál o. fl.		55500
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	500	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra..		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða...	30380	
c. Húsaleiga..	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	636200

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	636200
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	702200
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		8450
Flyt ...	... ...	263450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	263450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8. Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ...		1200
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig,		
Flyt ...	... ...	271350

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	271350
	segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..			13000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar			2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
12.	Holdsveikraspítalinn			70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		7650	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna...	13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
	3. Klæðnaður	1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
	5. Eldsneyti	6000		
	6. Ljósmeti...	2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000		
	8. Viðhald á húsum...	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir..	600		
	12. Skattar o. fl....	4350		
	13. Ýmisleg gjöld	1500	62950	
			70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi			109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		6700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
		Flyt ... 65500	6700	468975

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6700	468975
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		1700	
Flyt ...		... ...	470675

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	470675
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		181700
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	698875

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	105000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			207000
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	509500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 20000		
	5. Hrútafjarðarvegur 10000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 25000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 45000		
	Flyt ... 220000	... ...	46400

			kr.	kr.
		Flutt ...	220000	... ...	46400
	10.	Jökulsárhlíðarvegur	10000		
	11.	Biskupstungnabraut	20000		
	12.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	10000		
	13.	Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu	10000		
	14.	Vopnafjarðarvegur	10000		
	15.	Til akbrautar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar að ...	27000		
				307000	
	b.	Viðhald og umbætur		240000	
					547000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum				200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)				60000
V.	Fjallvegir				25000
VI.	1.	Til áhalda, alt að		20000	
	2.	Til bókasafns verkamanna		300	
					20300
VII.	Til sýsluvega:				
	1.	Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		45000	
	2.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		65000	
					110000
VIII.	Til dragferjuhalds:				
	1.	Á Lagarfljóti		300	
	2.	- Skjálfandafljóti		300	
	3.	- Blöndu		300	
					900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá				250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði				5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla ... ... enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.				6000
XII.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.				3000
XIII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925				4000
		Samtals B. ...		... ...	1027850

		kr.	kr.
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		91500
	Samtals C. ...	... ...	375500
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II.	Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans í eynni um hóflegt starfsrækslugjald, alt að ...		10000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		350000
	Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.		
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Laun samkvæmt launalögum	340000	
2.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
4.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
6.	Áhaldahúsið	3000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6000	
11.	Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
13.	Símastöðin á Siglufirði	7500	
14.	Til aukaritsímaþjónustu	5000	
15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	105000	
16.	Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	Flyt ... 23600	830000	400000

		kr.	kr.
	Flutt ... 23600	830000	400000
c.	Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			859000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		180000
IX.	Áframhaldsgjald		25000
X.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
XI.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1575500
	E.		
	Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		27600
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
	Flyt ...	... ...	251300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251300
VI. Ýmislegt		60000
VII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		25500
VIII. Til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að		5100
IX. Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1/3 kostnaðar, alt að		15000
X. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
XI. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að		3500
Samtals E. ...	... ...	367400

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

	kr.	kr.
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kenslu í söng	1000	
e. Til kenslu í bókhaldi	400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
g. Námsstyrkur	15000	
h. Húsaleigustyrkur	9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
j. Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
l. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
m. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum	2500	
p. Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf	1500	
		146450
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs	12000	
Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er mentamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
		38500
Flyt ...	... ...	184950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	184950
III.	Mentaskólinn almenni:		
	a. Laun	74200	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans	700	
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000	
	3. Til skólahússins utan og innan ...	3000	
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000	
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700	
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900	
	7. Læknisþóknun	500	
	8. Til vísindalegra áhalda	1500	
	9. Ýmisleg gjöld	3500	
	10. Til verðlaunabóka	100	
	11. Aðgerð á skólahúsinu	20000	
	12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000	
		67900	
			142100
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	29000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000	
	2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000	
	3. Til bóka og kensluáhalda	2000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6500	
	5. Námsstyrkur	700	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. Til dyravörslu:		
	a. Laun 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 300		
		900	
	7. Aðgerð á skólahúsinu	10000	
	8. Til ýmislegra gjalda	3000	
		37100	
			66100
	Flyt ...	... ...	393150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	393150
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	472950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	472950
	innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		
VIII.	Bændakensla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun	9650	
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 2500		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 3000		
		9800	
			20900
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun	8550	
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 2400		
	2. Til kensluáhalda... ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000		
	4. Ýmisleg gjöld 3000		
		9200	
			19050
	3. Til steinsteypukenslu		4000
	Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
	Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43950
	Flyt ...		... ...	516900

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	516900
IX.	Iðnfræðsla:		
a.	Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d.	Til Iðnaðarmannafjelagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e.	Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			14000
X.	Verslunarskólar:		
a.	Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b.	Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsaleigustyrkur 5000		
	Flyt ... 5000	... ...	554000

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	554000
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			51000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	965250

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	965250
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, alt að		75000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
4. Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, alt að		15000	
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
Flyt ...		163800	965250

	kr.	kr.
Flutt ...	163800	965250
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	3500	
		169300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til þess að reisa húsmæðraskóla, alt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
3. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
6. Til Bjargar Sigurðardóttur, styrkur til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar á landinu, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands	1000	
Styrkurinn veitist í eitt skifti fyrir öll, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá.		
		35000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
Flyt ...	... ...	1194550

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1194550
XVIII.	Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík		500
XIX.	Sundkensla o. fl.:		
	1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
	Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
	2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000 3000	
	3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...		
	Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
	4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
			26300
XX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI.	Til Elísabetar Eiríksdóttur kenslukonu á Akureyri, til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll		1000
	gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.		
XXII.	Ýmsar íþróttir:		
	1. Til Íþróttasambands Íslands	6000	
	2. Til Bandalags íslenskra skáta	500	
	3. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu ...	4000	
	4. Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn	1500	
	5. Til glímufjelagsins Ármanns, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi	3000	
	6. Til Skáksambands Íslands	1500	
			16500
	Samtals B. ...	... ...	1240650

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
		43060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14700
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	73860

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	73860
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ... Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 400 kr. styrks.		1200
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
Flyt ...	... ...	111160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	111160
17.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
18.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20.	Til Möitu Kalman, til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku		2000
21.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
22.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
23.	Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ...		2000
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
25.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara		1000
26.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
27.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
28.	Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		1200
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		2400
30.	Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds		1000
31.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
32.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
33.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
34.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
35.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
	Flyt ...	... ...	167160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	167160
36.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
37.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
38.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
39.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
40.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
41.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1800
42.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
43.	Til leiðbeiningaskrifstofu stúdenta...		1000
44.	Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
45.	Til norræns stúdentamóts í Reykjavík		10000
46.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
47.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
48.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
49.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
50.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
51.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
52.	Þóknun fyrir störf mentamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
53.	Til Jóns Leifs, til undirbúnings starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp		4000
	Samtals ..	... ...	304160

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að ... ... Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		10000
3. Til sandgræðslu...		40000
4. Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		37500
6. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7. Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		30000
9. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að		15000
10. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
11. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
12. Til skógræktar:		
a. Laun ... ... Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.	11910	
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
Flyt ...	... ...	973110

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	973110
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
14.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
15.	Til fjárkláðalækninga		6000
16.	Til þess að búa til bráðapestarbóluefni		5000
17.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
18.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
	f. Til forstöðumanns, til þarabrenslutilrauna	700	
			15800
19.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	3500	
	i. Vegna flugferða	3000	
			58100
20.	Til landmælinga		45000
21.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
22.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
23.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500		
	Flyt ...	24800	1222910

		kr.	kr.
	Flutt ...	24800	1222910
	kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	d. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			39100
24.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
25.	Til markaðsleitar erlendis		20000
26.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
27.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að		6000
28.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
29.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		1000
30.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
32.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
33.	Til sambands austfirskra kvenna		300
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36.	Til landsfundar kvenna 1930...		1500
37.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
39.	Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1800
40.	Til Ferðafjelags Íslands		1000
41.	Laun húsagerðarmeistara...		7250
	Flyt ...	... ...	1338160

		kr.	kr.
	Flyt ...	... ...	1338160
42.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti bygg-ingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
43.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
44.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyr-ir spjöllum af jökulánni Skálm, alt að		6600
45.	Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts		10000
46.	Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að - Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðar-fjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
47.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla		4000
48.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
49.	Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húna-vatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
50.	Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að		1000
51.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræði-náms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar		1500
52.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
53.	Til vatnsrenslismælinga		2000
54.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
55.	Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
56.	Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórn-arinnar...		20000
57.	Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
58.	Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningar-skyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
59.	Til Hjörleifs Björnssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár...		500
	Samtals ...	... ...	1522460

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		600000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, alt að ... ... Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		18000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
12.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsóknar« í Reykjavík		500
17.	Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík«		200
18.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		600
20.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga, húsaleigustyrkur ...		1000
21.	Til gamalmennahælisins Hafnar á Seyðisfirði, upp í stofnkostnað		2500
22.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	790500

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27417,42	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5710,17	
	Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	— — — — 51 1921	250,00	
			54308,84
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
	3. — Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis 405,00		
		1965	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Ágústu Jóhannsdóttur 300		
	9. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	10. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	11. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	12. — Kristínar Jacobson 600		
	13. — Guðnýjar Jónsdóttur 400		
	14. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	15. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	16. — 3 barna hennar 300		
	17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	18. — Jenny Forberg 600		
	19. — Ástu Hallgrímsson 600		
	20. — Ástu Einarson 600		
	21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	22. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	Flyt ... 14625	1965	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 14625	1965	54308,84
23.	Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
24.	— Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
25.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju 400		
26.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... 300		
		17125	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar 662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar... ... ... 600.00		
6.	— Björns Þorlákssonar 208,00		
7.	— Stefáns Jónssonar 370,00		
8.	— Jóns Þorsteinssonar 390,00		
9.	— Jóns Árnasonar 445.00		
10.	— Til Jens V. Hjaltalín 435,00		
		4715,25	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur 130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur 300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur 500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur... ... ... 100.00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur 300.00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur 300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur 300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur 300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ... 300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur 300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum 300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300,00	-	
	Flyt ... 5330,00	23805,25	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	5330,00	23805,25	54308,84
18. Til Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
28. — Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
29. — Arndísar Pjetursdóttur	137,93		
30. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
31. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
		8121,59	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	800,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonur	1800,00		
13. — Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14. — Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
		6810,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
Flyt ...	300	38736,84	54308,84

			kr.	kr.
		Flutt ... 300	38736,84	54308,84
2.	Til Böðvars Jónssonar	300		
3.	— Hallgríms Krákssonar	400		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Óla P. Blöndals	1800		
18.	— Kristjáns Blöndals	1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
21.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
22.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
23.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
24.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
25.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
26.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
			13150,00	
g.	Ritböfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
		Flyt ... 20400	51886,84	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	20400	51886,84	54308,84
10. Til Stefáns frá Hvítadal	1000		
11. — Jakobs Thorarensens	1000		
		22400,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	600,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3400,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ...	400		
9. — Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ...	300		
10. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
11. — Sigurlilju Einarsdóttur ljósmóður	300		
12. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
13. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
14. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
15. — Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
16. — Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
Flyt ...	5900	77686,84	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	5900	77686,84	54308,84
17.	Til Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
20.	— Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
21.	— Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
23.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
24.	— Páls Erlingssonar	1200		
25.	— Erlends Zakaríassonar	300		
26.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
27.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
28.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	600		
29.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
30.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1200		
31.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
32.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
33.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
34.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
35.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
36.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
37.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
38.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
39.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
40.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
41.	— Henriette Kjær	600		
	Flyt ...	17200	77686,84	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	17200	77686,84	54308,84
42. Til Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
43. — Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2500		
44. — Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
45. — Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
46. — Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
47. — Halldóru Þórðardóttur	600		
48. — Vigdísar Bergsteinsdóttir fyrv. spítalaráðskonu	300		
49. — Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
50. — Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu	300		
51. — Sigurðar Pjeturssonar fangavarðar	1000		
52. — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
		24900,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		2400,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			108986,84
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			62758,27
Samtals ...		... ...	226053,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1930 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...	11520000,00	
—	3. —	... ...	34600,00	
—	4. —	... ...	205000,00	
—	5. —	... ...	170000,00	
				kr. 11929600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...		1295536,00	
—	8. —	... ...		60000,00	
—	9. —	... ...		229350,00	
—	10. —	... ...		369100,00	
—	11. —	A.	702200,00		
—	11. —	B.	192000,00		
				894200,00	
—	12. —	... ...		698875,00	
—	13. —	A.	509500,00		
—	13. —	B.	1027850,00		
—	13. —	C.	375500,00		
—	13. —	D.	1575500,00		
—	13. —	E.	367400,00		
				3855750,00	
—	14. —	A.	314650,00		
—	14. —	B.	1240650,00		
				1555300,00	
—	15. —	... ...		304160,00	
—	16. —	... ...		1522460,00	
—	17. —	... ...		790500,00	
—	18. —	... ...		226053,95	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 11911284,95
				Tekjuafgangur	kr. 18315,05

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Alt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni til að kaupa prentvjel (Rotaprint), gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi, Suðurfjarðahreppi og Ostagerðarfjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

Ennfremur er stjórninni heimilt að veita Jóni bónda Guðmundssyni á

Brúsastöðum alt að 25 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði til aukningar gistihúsinu Valhöll á Þingvöllum, eða ábyrgjast fyrir hann lán, alt að sömu upphæð, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda samþykki hún tilhögun breytinga þeirra, sem gerðar verða á gistihúsinu.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna.

IV. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að ljetta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sjer að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.

V. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

VI. Að lána Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu 25000 kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Lánið sje veitt til greiðslu á skuldum hreppsbúa við lánsstofnanir og verslanir, gegn því að skuldarhafar gefi svo mikið eftir af kröfum sínum, að stjórnarráðið telji fjárhag hreppsbúa ekki standa hætta af skuldunum.

VII. Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

VIII. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, alt að 225 þús. kr.

IX. Að kaupa til handa landinu, ef um semst, prentsmiðjuna Gutenberg með tilheyrandi húsum og lóð fyrir alt að 155 þús. kr.

X. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjahjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir alt að 100 þús. kr., og taka til þess lán, alt að sömu fjárhæð.

XI. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

XII. Að ábyrgjast alt að 125 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIII. Að ábyrgjast alt að 450 þús. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIV. Að ábyrgjast alt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufjelagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XV. Að ábyrgjast alt að 60 þús. króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufjelagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XVI. Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

XVII. Að ábyrgjast alt að 50 þús. kr. lán fyrir h/f Hallveigarstaði, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XVIII. Að ábyrgjast alt að 200 þús. kr. lán fyrir h/f Hamar, til þess að koma á fót dráttarbraut, er geti tekið í þurkví skip á stærð við Esju, gegn endurábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur.

XIX. Að ábyrgjast 50 þús. danskra kr. lán fyrir Jóhannes Jósefsson, til þess að reisa gistihús í Reykjavík, með sömu skilyrðum og sett eru um ábyrgðarheimild fyrir sama mann í fjárl. 1929.

XX. Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

XXI. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, er hann lætur af embætti.

XXII. Að greiða sjera Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full prestslaun, þá er hann lætur af embætti, enda verði rit hans »Ættir Austfirðinga« eign Landsbókasafnsins að honum látnum.

XXIII. Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **631. Nefndarálit**

um frv. til laga um laganefnd.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) vill fella frv., en meiri hl. leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1929.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.

Ed. **632. Nefndarálit**

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað málið eftir því, sem tími hefir unnist til, og álítur það mikilsvert og telur rjett, að það komi til atkvæða deildarinnar. En einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um breytingar, er fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Jóh. Jóhannesson, með fyrirvara.

Ed. **633. Nefndarálit**

um frv. til laga um innflutning og ræktun sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin getur eftir atvikum mælt með, að frv. verði samþykt, enda væntir hún, að ekki verði varið meiru fje úr ríkissjóði í þessu skyni en veitt er í fjárlögum. Um smærri brtt., sem fram kunna að koma, hafa nefndarmenn óbundin atkvæði.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jón Jónsson, form. og frsm.	Jónas Kristjánsson.	Jón Baldvinsson. fundaskr.

Nd. **634. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Í frv. stjórnarinnar um Menningarsjóð, sem lagt var fram á síðasta þingi, hljóðaði upphaf 5. gr. svo: »Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfseini þessari, en sjálf ræður nefndin og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra«. Og í greinargerð frv. stendur um þetta atriði: »Hjer er gert ráð fyrir, að stjórn útgáfudeildarinnar hafi óbundnar hendur um bókavalið, geti gefið út gamlar og nýjar íslenskar bækur og þýddar bækur, fræðirit og skáldskap«. Það er því ótvírætt, að »nefndin« í upphafi 5. gr. merkir: stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs. Við þetta var aldrei gerð brtt. á síðasta þingi, en alstaðar þar, sem nefnd var »mentamálanefnd landsins« var »mentamálaráð« sett í staðinn. Vegna misskilnings skrifstofunnar er svo orðinu »nefndin« í upphafi 5. gr. breytt í »mentamálaráðið« við umprentun milli 2. og 3. umræðu í neðri deild, en áður hafði frv. gengið í gegnum efri deild. Nefndin lítur því svo á, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje óþarft að því er það snertir að fá stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs yfirráð bókaútgáfunnar. Stjórn útgáfudeildarinnar hefir óskoruð yfirráð bókaútgáfunnar að lögum rjettum.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ákvæði 5. gr. laga um Menningarsjóð, um að mentamálaráð skuli hafa afskifti af bókaútgáfu sjóðsins, hefir bersýnilega komist inn í lögin fyrir vangá við umprentun milli 2. og 3. umræðu í síðari deildinni, en aldrei verið samþykt af þinginu, þá telur deildin frumvarp um lagfæringu á þessu óþarft og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Ólafsson. Sveinn Ólafsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **635. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mörg undanfarin þing hefir frv. um færslu kjördags verið til umræðu án þess að þær breytingar hafi náð samþykki þingsins.

Ástæðan, sem færð er fram fyrir flutningi kjördagsins frá 1. vetrardegi fram í júlí, er sjerstaklega sú, að illviðri geti hamlað kjörfundarsókn í norðursveitum landsins, og því beri að flytja hann til þess tíma árs, sem minni er illviðrahætta. Að vísu er nú ekki hægt að umflýja illviðrahættuna, því vel geta illviðri, jafnvel stórhríðir, skollið á í júlímánuði, sem hindri kjörfundarsókn, og ólíku betur mundi kjörfundur sóttur í hreinviðri á haustdegi en í slagviðri, þótt á sumardegi væri. Og það eru fult eins miklar líkur til þess, að stórrigning verði á hinum fyrirhugaða kjördegi í júlí eins og stórhríð hinn 1. vetrardag.

Þegar þetta mál var til umræðu 1909, þá var Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga, frsm. nefndar þeirrar, er athugaði málið. Segir hann um þetta (Alþt. 1909, B. 937):

»Sannast að segja er kjördagur sá, sem nú er í lögum (10. septbr.), haganlegur fyrir mikinn hluta landsins, t. d. Norðurland og Austurland, en vegna sjómannastjettarinnar á Suðurlandi og Vesturlandi hefir nefndin þó fallist á að færa kosninguna lengra fram á haustið. Og dugir þá varla minni færsla en til 20. oktbr., sökum haustanna, er kalla að fram að því tímatakmarki.

Sigurður Sigurðsson ráðunautur (1. þm. Árn.) segir við 1. umr. málsins (Alþt. 1909, B. 933—934).

»Því væri ástæða til að íhuga, hvort ekki mundi jafnvel henta, að kjördagurinn yrði færður enn lengra aftur, t. d. til 1. nóv. eða seint í okt.«. Hann nefnir og fyrstur manna, í sömu ræðunni, 1. vetrardag sem hentugan kjördag. Enda flytur S. S. þá brtt., að kjördagur skuli vera hinn fyrsta dag nóvembermánaðar.

En nefndin (Jóh. Jóh., Ól. Briem, Eggert Pálsson, Jón Þorkelsson og Þorl. Jónsson) flytur tillögu um, að 1. vetrardagur skuli vera framvegis kjördagur við reglulegar kosningar til Alþingis. Segir um þetta í nefndarálitinu (A. 1909, þskj. 119):

»Að öllu athuguðu er það tillaga nefndarinnar, að almennur kjördagur sje ákveðinn fyrsti vetrardagur«.

Framsögum. nefndarinnar var Ól. Br., eins og fyr segir.

Varla eru þeir mikið kunnugri á Norðurlandi, sem nú tala hæst um flutning kjördags vegna Norðlendinga, heldur en Ól. Br., sem segir, að 10. sept. sje »haganlegur« fyrir Norður- og Austurland og telur vel gerlegt að hafa þeirra vegna 1. vetrardag, og leggur það til, »að öllu athuguðu«.

Það hefir verið haft á móti því, að kjördagar sjeu tveir, annar fyrri part sumars fyrir sveitirnar, en hinn 1. vetrardag fyrir kaupstaðina, að svo langur tími líði á milli kosninga í sveitum og kaupstöðum. Minni hluti telur þessa ástæðu ekki veigamikla, en slíkar mótbárur verða einskis virði, ef kjördagur í sveitum væri 10. september og kjördagur í kaupstöðum 1. vetrardagur. Mætti þá fresta að telja upp atkvæði sveitahjeraðanna til 1. vetrardags, og kemur þá samtímis vitneskja um kosningaúrslit á öllu landinu.

Er flutt um þetta breytingartillaga.

Einnig þykir minni hlutanum rjett, að kjördagur sje lögákveðinn hvíldardagur, og er tillaga um það.

Minni hluti allsherjarnefndar vill því til samkomulags gera á frumv. svofeldar

BREYTINGAR:

1. 1. gr. frv. skal orða svo:

23. gr. laganna skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn fyrsti vetrardagur í kaupstöðum þeim, sem eru sjerstakt kjördæmi, en í öðrum kjördæmum skal kjördagur vera hinn 10. september, nema það sje sunnudagur; þá skal kosið laugardag 9. september.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna (síðari) kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi farið fram á þeim degi.

2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Kjördagur við almennar reglulegar kosningar skal vera lögákveðinn almennur hvíldardagur.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jón Baldvinsson,
form., frsm. minni hl.

Ed. **636. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið fjáraukalagafrv. saman við landsreikning 1927 og tillögur endurskoðenda. Leggur hún til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. Páll Hermannsson.
Jón Þorláksson. Björn Kristjánsson.

Ed. **637. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. Björn Kristjánsson.
Jón Þorláksson. Páll Hermannsson.

Ed. **638. Nefndarálit**

um frv. til laga um háskólakennara.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. Jón Þorláksson, frsm.
Páll Hermannsson. Björn Kristjánsson.

Ed. **639. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv, 1919, um skipun barnakennara.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Jón Þorláksson.
Björn Kristjánsson. Páll Hermannsson.

Ed. **640. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Fyrri málsliður 9. gr. orðist þannig:

Ef minst tveir þriðju þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda sje fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva, og bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samþykki sölunа fyrir sitt leyti. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í fjelaginu.

Ed. **641. Nefndarálit**

um frv. til laga um laganefnd.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Í frv. þessu er forsætisráðherra heimilað að skipa þriggja manna laganefnd til 4 ára í senn, og skulu nefndarmenn heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra að minsta kosti vera lögfræðingar.

Starf nefndar þessarar á að vera tvíþætt, aðstoð við löggjafarstarfið annarsvegar og útgáfa á gildandi lögum í handhægri útgáfu fyrir almenning á að minsta kosti 10 ára fresti hinsvegar.

Fyrra þátt þessa starfa hafa á síðustu tímum æðstu verslegir embættismenn þjóðarinnar, landshöfðingjar og ráðherrar, haft með höndum, með aðstoð embættismanna í skrifstofum sínum, og lengst af vel gefist. Hefir það þó alloft komið fyrir, að þessir embættismenn hafa notið aðstoðar milliþinganefndar eða einstakra manna við samningu sjerstakra lagafrumvarpa eða lagabálka, og ekki borið á, að þeim hafi orðið skotaskuld úr því að afla sjer slíkrar nauðsynlegrar aðstoðar, þótt ekki hafi verið nefnd fastskipaðra manna, launaðra úr ríkissjóði, til þessa, og kostnaðurinn við slíka aðstoð fram að síðustu árum verið tiltölulega lítill.

Þegar ráðherrum var fjölgað hjer, var ein af ástæðunum fyrir fjölguninni sú, að þeir gætu gefið sig meira að löggjafarstarfinu en meðan ráðherra var ekki nema einn.

Þess hefir heldur eigi orðið vart, að milliþinganefndum hafi veist erfitt að afla sjer nauðsynlegra lögfræðislegra leiðbeininga. Hafa þær að jafnaði verið skipaðar færum lögfræðingum og notið aðstoðar þeirra og hlutaðeigandi ráðherra í þeim efnum. Sama er að segja um þingnefndir og einstaka þingmenn, að þeim mun á Alþingi ekki hafa veist erfitt að afla sjer nauðsynlegrar lögfræðislegrar aðstoðar, ef þess hefir þurft með.

Fæ jeg því ekki sjeð, að nauðsyn beri til að stofna 3 nýjar fastar stöður, launaðar úr ríkissjóði, til þess að tryggja stjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum lögfræðislega aðstoð við lagasmíðina eða samræmd laga.

Hinn þáttinn í starfi nefndar þessarar hafa einstakir menn eða fjelög haft á hendi. Eru til tvö alþýðleg lagasöfn: »Lagasafn handa alþýðu«, sem nær niður til ársins 1910, og »Lög Íslands, öll þau, er nú gilda«, sem Einar prófessor Arnórsson hefir safnað, og nær það, sem út er komið af því safni, niður til ársins 1907, en mjer er kunnugt um það, að hann hefir tilbúið undir prentun handrit af því safni niður til ársins 1928, ásamt nákvæmri og handhægri efnisskrá.

Það er nú að vísu mjög bagalegt, að útgáfu lagasafna þessara hefir ekki verið haldið áfram, en til þess að bæta úr því virðist ekki þurfa að stofnsetja nýja, dýra 4 ára nefnd, heldur myndi nægja að veita í fjárlögum hæfilegan styrk til framhalds útgáfu þeirra, og liggur í augum uppi, að það væri mun ódýrara fyrir ríkissjóð heldur en á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, að stofna

til útgáfu nýs lagasafns og gefa það út á ríkissjóðs kostnað. Þá er og það, að fjölda margir eiga það, sem út er komið af þessum áðurnefndu lagasöfnum, og vilja gjarnan eignast framhald af þeim, en síður kaupa nýtt lagasafn, enda hlyti þeim að verða það miklu dýrara.

Í frv. eru ekki önnur ákvæði um kostnaðinn við störf nefndarinnar en þau, að hann skuli greiddur úr ríkissjóði. Er því stjórninni ætlað að ákveða laun nefndarmanna án íhlutunar fjárveitingarvaldsins, en að hjer muni ekki vera um neina smáupphæð að ræða, má sjá í athugasemdunum við 6. gr. stjórnarfrv., þar sem búist er við því, að starf nefndarmanna geti orðið svo umfangsmikið, að nefndarmenn komist ekki yfir það sjálfir.

Kostnaðurinn við útgáfu lagasafnsins er áætlað að verði um kr. 15600.00, sem og á að greiðast úr ríkissjóði.

Það er því bert, að hjer er um ekki lítil útgjöld úr ríkissjóði að ræða, og þar sem jeg tel nefndarstofnun þessa óþarfa, leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði felt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jóh. Jóhannesson.

Nd. **642. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á l. nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Frv. þetta er komið frá háttv. efri deild, og er í því farið fram á að breyta villu einni, sem komst inn í lögin í fyrra. Enda þótt vangá einni væri um að kenna, hafa þó lögin öðlast staðfesting í þessari mynd og verið birt. Tel jeg miklu rjettara, að þetta sje því leiðrjett með lögum heldur en með dagskrá, eins og háttv. meiri hluti nefndarinnar vill gera.

En auk þessa er sú breyting á frv. gerð, eftir tillögu mentamálanefndar efri deildar, að ekki skyldi taka fullnaðarákvörðun um val þeirra bóka, sem út skal gefa, nema álits sjálfs mentamálaráðsins sje leitað.

Þetta tel jeg hiklaust til bóta, og hefði jafnvel viljað kveða fastar að.

Jeg legg því til, að frumvarp þetta sje samþykt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari.

Sþ. **643. Tillaga**

til þingsályktunar um að halda óbreyttu gengi gjaldeyrisins.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni, Halldóri Stefánssyni, Hannesi Jónssyni, Ólafi Thors, Jóni A. Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að núverandi gjaldeyrisgengi verði haldið óbreyttu.

Greinargerð.

Það virðist skýrt af þeim tveim frv., sem fram hafa komið, að meiri hluti Alþingis sje þeirrar skoðunar, að halda beri núverandi gengi óbreyttu, en með því að sýnt er, að hvorugt frumvarpanna verði afgreitt, þykir rjett, að þingviljinn komi fram í ályktunarformi.

Nd. **644. Nefndarálit**

um frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá minni hl. mentamálanefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykt með allverulegum breytingum. Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögunum við framsögu, en þær eru þessar:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Dómsmálaráðherra veitir leyfi til að reka kvikmyndahús, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Ný leyfi má ekki veita, ef þrír fimtu hlutar sveitar- eða bæjarstjórnar eru því mótfallnir. Þó skulu þau leyfi, sem veitt hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, haldast óbreytt með þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefunum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr., sem verður 2. grein. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Bæjar- eða sveitarfjelögum er heimilt að taka einkarekstur á kvikmyndasýningum í umdæmi sínu, þegar leyfi falla niður.
4. Eftir 3. gr., sem verður 2. grein, komi ný grein, er verður 3. grein, svo hljóðandi:

Þjóðleikhúsið í Reykjavík skal hafa leyfi til kvikmyndasýninga og skulu þær sýningar undanþegnar öllum gjöldum í bæjarsjóð.

5. Við 4. gr.
   a. Fyrri málsliður annarar málsgreinar orðist svo:
   Nú andast leyfishafi áður en leyfistími er á enda, og öðlast þá ekkja hans sýningarleyfið.
   b. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Að jafnaði skal framlengja sýningarleyfi, ef sveitar- eða bæjarstjórnir eru því samþykkar, enda hafi leyfishafi ekki brotið skyldur sínar í verulegum atriðum.
6. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra getur svift leyfishafa sýningarleyfi, ef skilyrði leyfisbrjefs hafa verið brotin í verulegum atriðum, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað, sem svívirðilegt er að almenningsdómi.
7. Við 7. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli niður.
8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Skólum skal heimil notkun kvikmyndahúsa til sýninga í þarfir kenslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi. Ef ágreiningur verður um gjaldið, sker dómsmálaráðherra úr.
9. Við 9. gr. Á eftir annari málsgr. komi:
   Myndskoðunarmenn skulu sjerstaklega taka ákvörðun um það, hvort sýna megi myndirnar yngri börnum en 15 ára.
   Ef myndskoðunarmenn greinir á, sker lögreglustjóri úr.
10. Við 10. gr. Fyrir »auglýsingar« komi: auglýsingamyndir.
11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir myndskoðun skal greiða 5 krónur til hvers myndskoðunarmanns fyrir hverja efnisskrá (program).
12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Myndskoðun fer fram í Reykjavík, og skulu skipaðir tveir myndskoðunarmenn. Heimilt er að skipa myndskoðunarmenn í öðrum kaupstöðum, ef ástæða þykir til.
13. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Kenslu- og fræðimyndir eru undanþegnar myndskoðun og ákvæðum þessara laga. Ef vafi leikur á um skoðunarskyldu, sker lögreglustjóri úr.
   Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um myndskoðun.
14. Við 14. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 14. maí 1929.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. **645. Tillaga**

til þingsályktunar um landpóstferðir.

Flutnm.: Sig. Eggerz, Benedikt Sveinsson, Jón Sigurðsson, Hákon Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ekki gagngerða breyting á landpóstferðum, áður en tillögur hafa verið lagðar fyrir samgöngumálanefndir Alþingis, enda áður verið leitað álits viðkomandi sýslunefnda.

Nd. **646. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

I. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (J. Ól., J. S. og P. O.)*
1. Við 2. gr. 4. (Aukatekjur):
Fyrir »450000« kemur 475000
2. Við 2. gr. 16. (Vörutollur):
Fyrir »1350000« kemur 1375000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. 16. o. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1200

III. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 12. gr. 16. o. Nýr liður:
Til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum, til þess að leita sjer lækninga erlendis 3500

IV. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (J. Ól., J. S. og P. O.)*
Við 13. gr. B. II. a. (Akvegir):
a. Við 1 (Kjalarnesvegur):
Fyrir »20000« kemur 25000
b. Við 2 (Stykkishólmsvegur):
Fyrir »20000« kemur 30000
c. Við 3 (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir »60000« kemur 70000
d. Við 4 (Vesturlandsvegur):
Fyrir »20000« kemur 30000
e. Við 7 (Blönduhlíðarvegur):
Fyrir »25000« kemur 30000
f. Við 8 (Öxnadalsvegur):
Fyrir »10000« kemur 15000

g. Við 9 (Vaðlaheiðarvegur):
Fyrir »45000« kemur 50000
h. Við 11 (Biskupstungnabraut):
Fyrir »20000« kemur 30000
i. Við 13 (Eldhraunið):
Fyrir »10000« kemur 15000

V. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (Ing. B., Porl. J., B. Á.)*
Við 13. gr. B. II. a. 15 (Fjarðarheiðarvegur).
Liðurinn fellur niður.

VI. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 13. gr. B. III. Nýr liður:
Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að 1500

VII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
1. Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
Í stað »Snæfjöllum« í athugasemdinni kemur: Sandeyri.
2. Við 13. gr. E. VII. (Bryggjugerðir).
a. Fyrir »25500« kemur 34500
b. Aftan við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 9000 kr. til bryggjugerðar í Hnífsdal í Hólshreppi, gegn sömu skilyrðum (fyrsta fjárveiting af 27000 kr.).

VIII. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Þórhalls Þorgilssonar, til lokanáms við Sorbonne í París 1000

IX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 3. (Farkennaralaun).
Í stað »25650« kemur... 50000

X. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 1. Nýr liður:
Til Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 2000

XI. Frá *Ólafi Thors.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 2. (Unglingaskólar).
a. Fyrir »og Akureyrar« kemur: Akureyrar og Hafnarfjarðar.
b. Fyrir »75000« kemur: alt að 59000

2. Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ... 16000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjöld eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.

XII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til útgáfu 50 ára minningarrits Möðruvallaskóla ... 1000

XIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 25. (Karlakór Reykjavíkur).
Fyrir »1000« kemur 1500

XIV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands 2000

XV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 48. (Frjettastofan).
Fyrir »2000« kemur 3500

XVI. Frá *Einari Jónssyni.*
1. Við 15. gr. 53. (Jón Leifs).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 16. gr. 3. Liðinn skal orða svo:
Til sandgræðslu 52000
Þar af skal verja 12 þús. kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum.

XVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 3. Liðinn skal orða svo:
Til sandgræðslu 51500
Þar af skal verja 10 þús. kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að, og 1500 kr. til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík með sömu skilyrðum.

XVIII. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (Ing. B., Þorl. J., B. Á.).*
Við 16. gr. 3. Liðinn skal orða svo:
Til sandgræðslu 50000
Þar af skal verja 10 þús. kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.

XIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 47. (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir »4000« kemur 6000

XX. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 50. Nýr liður:
Til þess að gera Lagarfoss laxgengan (endurveiting) 1/3 kostnaðar, alt að... 3500

XXI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúka Íslands).
Fyrir »12000« kemur 10000

XXII. Frá *Asgeiri Asgeirssyni.*
Við 17. gr. 13. Nýr liður:
Til Minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi 2000

XXIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 19. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum... 800

XXIV. Frá *Benedikt Sveinssyni og Sigurði Eggerz.*
Við 18. gr. II. g. 10 (Stefán frá Hvítadal).
Fyrir »1000« kemur 2000

XXV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. i. 30 (Jakob Björnsson).
Fyrir »1200« kemur 1600

XXVI. Frá *Gunnari Sigurðssyni og Benedikt Sveinssyni.*
Við 22. gr. 7. Nýr tölul:
Til Finns Jónssonar listmálara 10 þús. kr. til að byggja vinnustofu (Atelier), gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

XXVII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 23. gr. I. Liðinn skal orða svo:
Að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 85000 kr.

XXVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 23. gr. VI. (Lán Hjaltastaðahrepps).
Síðari málsliður (»Lánið sje veitt ... ... hætta af skuldunum«) fellur niður.

XXIX. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (J. Ól., J. S. og P. O.).*
Við 23. gr. IX. (Kaup á Gutenberg).
Liðurinn fellur niður.

XXX. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 23. gr. XI. Nýr liður:
Að ganga í ábyrgð fyrir lánum til sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði til kaupa á fiskiskipum, alt að $^4/_5$ hlutum kaupverðs, samtals alt að 80 þús. kr., enda stofni þeir samvinnufjelag á sama grundvelli og samvinnufjelag Ísfirðinga er reist á, setji samskonar tryggingar og hliti sömu skilyrðum og sett voru fyrir ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga í fjárlögum þessa árs.

XXXI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 23. gr. XXIII. Liðinn skal orða svo:
Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi og ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem þeir hafa í sjóðinn greitt.

Sþ. **647. Tillaga**

til þingsályktunar um skólasjóð Herdísar Benediktsen.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson, Ingibjörg H. Bjarnason, H. Steinsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera engar ráðstafanir um gjafafje Herdísar Benediktsen til skólastofnunar á Vesturlandi án samþykkis sýslunefndanna í hinu forna Vesturamti.

Ed. **648. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við lendingarbætur í Þorlákshöfn. Þetta tillag ríkissjóðs er að sönnu nokkru hærra en venja er til, að ríkissjóður hafi lagt í lendingarbætur annarsstaðar á landinu. En þar sem hagar nokkuð á annan veg til með þennan stað en flesta aðra staði, sem lendingarbætur hafa verið gerðar á, að því leyti, að

lendingarbæturnar eru gerðar með tilliti til þess aðallega, að Þorlákshöfn sje og verði neyðarhöfn fyrir nærliggjandi verstöðvar, svo sem Eyrarbakka og Stokkseyri, þá sjer nefndin ekki fært að leggja á móti því, að nokkru meiru sje varið úr ríkissjóði hlutfallslega til lendingarbóta þar en annarsstaðar á landinu. Einnig myndu breytingar á frumvarpinu hafa þær afleiðingar í för með sjer, að frumvarpið myndi tauðla ná fram að ganga á þessu þingi, þar sem nú er komið að þingslitum.

Af framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson.

Ed. **649. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jón Jónsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr. og frsm.

Erlingur Friðjónsson. Jóh. Jóhannesson. Ingibjörg H. Bjarnason.

Nd. **650. Lög**

um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Afgreidd frá Nd. 15. maí).

1. gr.

Efnismálsgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926, orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdals-

tungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Bólstaðarhlíð um Skeggsstaði að Bergsstöðum. Lína frá Kagaðarhóli að Reykjum á Reykjabraut. Lína frá Höskuldsstöðum um Efrimýrar að Kirkjuskarði. Lína frá Kálfshamarsvík að Höfnum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Siðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bildudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru af Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Berunesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum. Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

2. gr.

Orðin »og þaðan að Ármúla og Grunnavík« í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Nd. **651. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni.*

Við 12. gr. 8. (Jón Kristjánsson).

Á eftir orðunum í athugasemdinni »sinni sjerfræði« komi: ef deildin telur það æskilegt.

II. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jóni Ólafssyni, Jóni A. Jónssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*

Við 12. gr 16. m. Nýr liður.

Til Þóru Jóhannsdóttur, upp í sjúkrakostnað manns hennar sál., Ólafs Stefánssonar 2400

Til vara 2000

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 18. gr. II. i. 22. Nýr liður:

Til Jensínu Pálsdóttur ljósmóður 200

IV. Frá *Magnúsi Jónssyni.*

Við 23. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 60 þús. kr. lán fyrir skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík, til húskaupa handa skólanum, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

V. Frá *Ólafi Thors.*

Við 23. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast 11 þús. kr. lán fyrir bændur á Vatnsleysuströnd, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, til færslu þjóðvegarins um Vatnsleysuströnd, ef að því ráði verður horfið.

Nd. **652. Breytingartillaga**

við till. til þál. um hagskýrslur.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Fyrir: »og sveitarsjóða« í tillgr. kemur: sveitarsjóða og sýslusjóða.

Nd. **653. Þingsályktun**

um hagskýrslur.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hagstofan gefi út á þessu ári skýrslur um hag bæjarsjóða, sveitarsjóða og sýslusjóða.

Nd. **654. Þingsályktun**

um dýpkunarskip.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa kaup á dýpkunarskipi sem hentugustu til notkunar við hafnarbætur landsmanna, leita samninga um þátttöku í kaupunum við þá kaupstaði, sem mesta þörf hafa fyrir afnot skipsins, og leggja síðan málið fyrir næsta þing.

Sþ. **655. Tillaga**

til þingsályktunar um þóknun fyrir milligöngu við enska lánið 1921.

Flm.: Benedikt Sveinsson, Hákon Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða Páli J. Torfasyni það, sem honum kann að reynast vangoldið af þóknun þeirri, er umsamin var af ríkisstjórninni fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Nd. **656. Frumvarp**

til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 600, með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Skifta skal bekkjum Mentaskólans, svo mörgum sem þarf, í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

Nd. **657. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

2. málsl. 7. gr. orðist svo:

Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, er í þeim felst, komið á jafnóðum og stöðurnar losna, enda falla þá niður póstmeist-

araembætti þau og póstafgreiðslumannsstöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Þó er ráðherra heimilt að koma sameiningu á, þótt póstafgreiðslumannsstarfið sje ekki laust, ef því er samfara sparnaður fyrir ríkissjóð, sem telja verður verulegan í hlutfalli við laun fyrir störfin.

Ed. **658. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þskj. 640 [Síldarbræðsla].

Frá Jóni Jónssyni.

Orðin: »og bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samþykki söluna fyrir sitt leyti« falli burt.

Nd. **659. Frumvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til

vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar, og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af síldarmjöli, sem slík fjelög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minst tveir þriðju þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda sje fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í fjelaginu. Skal samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufjelagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **660. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laganefnd.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Þó má þóknun til hvers nefndarmanns ekki fara fram úr 500 kr. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Ed. **661. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfjelögum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum fjelögum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir.

Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.

Nd. **662. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 4. gr. Á eftir »lært símritun og« kemur: unnið við landssímann minst tvö ár og.

Nd. **663. Nefndarálit**

um frumvarp til myntlaga.

Frá fjórða minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg legg til, að frumvarpið sje felt.

Allar nágrannaþjóðir vorar hafa farið þá leið að koma krónu sinni í gullgildi. Þetta hefir að vísu verið miklum örðugleikum bundið fyrir atvinnuvegi þjóðanna, sjerstaklega vegna þess, að hækkun krónunnar hefir verið tekin í svo stórum stökkum. Hækkun sú, sem gerð var á vorri krónu 1925, varð einnig snögg og kom tilfinnanlega við atvinnuvegi vora. Eins og kunnugt er fór króna vor lengst niður í 47 gullaura, en er nú komin upp í $81^1/_2$ gulleyri. Þrátt fyrir þá örðugleika, sem voru hækkun þessari samfara, munu nú flestir þó sammála um, að vel sje farið, að króna vor sje nú komin svo langt upp á við. Því verður heldur ekki neitað, ef vjer lítum á fjárhagsástæður vorar nú, eftir að vjer höfum hækkað krónuna svo mikið, þá munu flestir verða að játa, að þrátt fyrir hækkunar-örðugleika þá, sem verið hafa á leið vorri, þá stöndum vjer nú allmiklu betur fjárhagslega en þegar vjer stóðum með krónu vora í $47^1/_2$ gullaurum. Sjest þetta meðal annars á því, að sparisjóðsinnieign vor hefir margfaldast á hækkunartímabilinu. Og hitt er og ljóst, að atvinnuvegir vorir eru í vexti. Þingið var aldrei stórtækara í fjárhagsathöfnum sínum en nú, sem að vísu ekki skal hrósað, en sem sýnir þá bjartsýni, sem leiðir af því, að vel gengur. Ef vjer byggjum því á reynslu þeirri, sem vjer höfum af þeirri stórvægilegu hækkun, sem nú er orðin á krónu vorri, þá verður engin önnur ályktun dregin af þeirri hækkun en að

vjer getum farið þann áfanga, sem eftir er, sem er styttri en sá, sem farinn er. Og eins og flestir munu sammála því, að þrátt fyrir alt sje þjóðin miklu betur sett með krónu sína í 81½ gulleyri heldur en í 47 gullaurum, þannig mundu menn einnig á sínum tíma gleðjast yfir, ef kjarkur yrði til að fara þann áfanga, sem ófarinn er. Jeg lít svo á, að undir öllum kringumstæðum sje sjálfsagt þó, að minsta kosti, að leggja nú ekki árar í bát, heldur að geyma hækkunarmöguleikana enn, því öllum mun ljóst, að ef vjer fáum fleiri ár eins og síðustu ár og eins og ár það, sem nú stendur yfir, þá mun þjóð vorri auðvelt að koma krónunni í gullgildi, og það án þess, að þess gæti mjög, ef krónan er smáhækkuð. Af rannsókn þeirri, sem formaður gengisnefndar hefir framkvæmt um málið, sjest álit ýmsra erlendra fjármálamanna, þar á meðal Cassels hins sænska og Ryggs hins norska. Álit þeirra eru prentuð aftan við frumvarpið og þykir því ekki ástæða til að taka það hjer upp. Cassel mun hafa ráðið öllum Norðurlandaþjóðunum til þess að stýfa krónu sína, en þrátt fyrir tillögur hans, þá fór þó engin þessara þjóða eftir ráðum hans. Rygg bankastjóri í Noregsbanka var höfuð-hvatamaður að því í Noregi, að krónan væri hækkuð, og af áliti því, sem frá honum er komið, er auðsætt, að hann gengur út frá því sem sjálfsögðu, eftir ummælum í erlendum blöðum, sem höfð eru eftir forsætisráðherra vorum, að þegar sje ákveðið að stýfa krónuna. Bent skal á, að það virðist gægjast fram í ummælum Ryggs, að athugavert sje að stýfa, enda rjeð þessi bankastjóri sinni þjóð til að hækka krónu sína í gullgildi. Yfirleitt virðist mjer meir farandi eftir því, hvað nágrannaþjóðir vorar hafa gert að ráði framkvæmdarmanna sinna, hinna starfandi manna í atvinnulífi þjóðanna, með sæmd þjóðanna fyrir augum, heldur en eftir því, hvað fræðimenn þeirra ráða nú til að gera. Jeg hika mjer ekki við að halda því fram, að það sje metnaðarmál fyrir þjóð vora að koma krónunni í fult gullgengi, og mjer virðist, að aðeins ein afsökun sje frambærileg fyrir því, að vjer ekki hækkum, og það er sú, að vjer af fjárhagslegum ástæðum getum ekki hækkað. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að það verður erlendis skoðaður vottur um innri veiklun hjá oss, ef vjer ekki komum krónu vorri í fult gullgildi. Og þar sem vjer þurfum svo mjög að halda á lánstrausti, þá getum vjer ekki látið oss það í ljettu rúmi liggja, að lánstraustinu sje spilt, enda hefnir það sín grimmilega á þjóðinni. Þrátt fyrir yfirlýsingar þær, sem af stjórnarinnar hálfu hafa komið fram um, hve mikil áhersla væri lögð á málið, þá er nú fyrirsjáanlegt, að stýfing kemst ekki fram á þessu þingi, enda hefir málið verið mjög dregið á alla vegu, en þó sama sem ekki neitt rætt í fjárhagsnefnd, en hinu má þó ekki neita, að undir meðferð málsins hefir þó komið fram, að þeirri stefnu hefir unnist fylgi, sem vill ekki hækkun krónunnar, og sjest það meðal annars á yfirlýsingum þeim, sem komið hafa fram frá fulltrúum íhaldsflokksins í fjárhagsnefndinni. Í raun og veru eiga þeir, sem prjedika fagnaðarboðskap stýfingarinnar, þá aðstöðu, að í fagnaðarboðskap þeirra er augnabliks fróun fyrir þá, sem skuldum eru hlaðnir, en hitt er falið, af því það kemur ekki fram fyr en síðar, hvað lánstraustsspjöllin eru háskaleg þessum mönnum eins og öllum.

Hinir stóru flokkar á þinginu virðast vera orðnir sammála um það að hækka ekki krónuna, en ágreiningur milli þeirra aðeins um, hvaða leið verði farin að þessu marki. Virðast þá sem stendur allar vonir vera úti um það, að

þessu máli verði komið í rjett horf, því fyrirsjáanlegt virðist, þar sem hinir stóru flokkar í þinginu eru nú sammála um höfuðniðurstöðuna að hækka ekki, að þá muni þeir geta við ítarlega yfirvegun orðið sammála um það form, sem þeir afgreiða málið í.

En að minni ætlun er þetta samkomulag fjárhagslegur ósigur fyrir þjóðina. Lánstraustið er veikt, hinir sparandi kraftar hjá þjóðinni eru veiktir og metnaði þjóðarinnar er misboðið. Loks vil jeg taka fram, að frumvarp það, sem nú er komið frá 2 þingmönnum Íhaldsflokksins í fjárhagsnefndinni, lá ekki fyrir nefndinni, og mun jeg því ekki ræða það frumvarp hjer. En ef ekki næst samkomulag í framtíðinni á milli þeirra flokka um, hvernig stöðvun krónunnar skuli hagað, þá verður væntanlega að velja á milli þeirra tveggja leiða, sem hjer eru í boði. Mun jeg á sínum tíma velja á milli þeirra leiða eftir þeirri reglu, þegar um tvent vont er að velja, að reyna að fylgja því, sem skárra er. En hörmulegt er, að svo mikill flótti skuli vera brostinn í hækkunarliðið, að nú skuli aðeins vera um það tvent að velja. Og þó er ef til vill ein von eftir enn, sú von, að á meðan beðið er eftir að beita málinu við kosningar, komi svo góð ár, að þau taki taumana af þeim, sem völdin hafa, og ýti krónunni upp á við.

Alþingi, 15. maí 1929.

Sig. Eggerz.

Nd. **664. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 646 [Fjárlög].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Í stað II. og III. kemur:
Við 12. gr. 16. o. Nýr liður:

Til styrktar þeim, er nauðsynlega þurfa að leita sjer lækningar erlendis	4000

Nd. **665. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 16. gr. 35. Nýr liður:

Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín	1500

Ed. **666. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1930.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	250000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1490000
4.	Aukatekjur	450000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	60000	
			1240000
	Flyt ...	... ...	2730000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2730000
11.	Útflutningsgjald		1075000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	350000	
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	1500000	
			5200000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		35000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1580000	
			2030000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	11520000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		15000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		47000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		75000
Samtals ...	... ...	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203,81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213-18-8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855,14 á 121,50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396-12 á 22,00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1295536

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals ...	... ...	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 36000		
	b. Til risnu 8000		
		44000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	70000	
4.	Annar kostnaður	40000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	26200	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.		
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. 900		
	b. Til pappírs og prentunar 12000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1000		
		13900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
II.	Hagstofan:		210100
1.	Laun	12500	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
3.	Prentun eyðublaða.	5000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
III.	Utanríkismál o. fl.		55500
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	500	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			103500
	Samtals ...	... ...	369100

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, alt að	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, alt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
b. Húsaleiga	3600	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	1900	
		25000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
Flyt ...	... ...	636200

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	636200
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A.	... ...	702200

B.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	... ...	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		8450
Flyt ...	... ...	263450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	263450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8. Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ...		1200
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig,		
Flyt ...	... ...	271350

			kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	271350
	segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, ef deildin telur það æskilegt, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..			13000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar			2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
12.	Holdsveikraspítalinn			70600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		7650	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna...	13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
	3. Klæðnaður	1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
	5. Eldsneyti	6000		
	6. Ljósmeti...	2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000		
	8. Viðhald á húsum...	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir..	600		
	12. Skattar o. fl.	4350		
	13. Ýmisleg gjöld	1500	62950	
			70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi			109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		6700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
	Flyt ...	65500	6700	468975

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6700	468975
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		1700	
Flyt ...		... ...	470675

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	470675
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^3/_5$ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
p. Til styrktar þeim, er nauðsynlega þurfa að leita sjer lækninga erlendis	4000	
		185700
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals ...	... ...	702875

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	105000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			207000
2.	Póstflutningur		180000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	67000	
			122500
	Samtals A. ...	... ...	509500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 20000		
	5. Hrútafjarðarvegur 10000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 25000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 45000		
	Flyt ... 220000	... ...	46400

			kr.	kr.
		Flutt ...	220000	 46400
	10. Jökulsárhlíðarvegur		10000	
	11. Biskupstungnabraut		20000	
	12. Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að		10000	
	13. Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu		10000	
	14. Vopnafjarðarvegur		10000	
				280000
	b. Viðhald og umbætur			240000
				520000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			200000
IV.	Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að			1500
V.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			60000
VI.	Fjallvegir			25000
VII.	1. Til áhalda, alt að			20000
	2. Til bókasafns verkamanna			300
				20300
VIII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.			45000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923			65000
				110000
IX.	Til dragferjuhalds:			
	1. Á Lagarfljóti			300
	2. - Skjálfandafljóti			300
	3. - Blöndu			300
				900
X.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá			250
XI.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði			5000
XII.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla			6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.			
XIII.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn			3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.			
XIV.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925			4000
		Samtals B. ...		 1002350

		kr.	kr.
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Ríkissjóðs		200000	
b. Eimskipafjelags Íslands		60000	
c. H/f Skaftfellings		24000	
			284000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...			91500
Samtals C. ...		... ...	375500
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..			40000
II. Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans í eynni um hóflegt starfsrækslugjald, alt að ...			10000
III. Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð...			350000
Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.			
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum		340000	
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...		15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík		36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík		11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík		250000	
6. Áhaldahúsið		3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri		13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði		15000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...		8000	
10. Símastöðin á Borðeyri		6000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði		7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum		8000	
13. Símastöðin á Siglufirði		7500	
14. Til aukaritsímaþjónustu		5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva		105000	
16. Til uppbótar á launum:			
a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að	14100		
b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927..	9500		
Flyt ...	23600	830000	400000

		kr.	kr.
	Flutt ... 23600	830000	400000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			859000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		180000
IX.	Áframhaldsgjald		25000
X.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
XI.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1575500
	E. Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		27000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
	Flyt ...	... ...	251300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251300
VI. Ýmislegt		60000
VII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		25500
VIII. Til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að		5100
IX. Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1/3 kostnaðar, alt að		15000
X. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, alt að		7000
XI. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), alt að		3500
Samtals E. ...	... ...	367400

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304050
Samtals A. ...	... ...	314650

B. Kenslumál.	kr.	kr.
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kenslu í söng	1000	
e. Til kenslu í bókhaldi	400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
g. Námsstyrkur	15000	
h. Húsaleigustyrkur	9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
j. Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
l. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
m. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum	2500	
p. Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf	1500	
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	146450
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er mentamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	12000	
d. Til Þórhalls Þorgilssonar, til lokanáms við Sorbonne í París	1000	
		39500
Flyt ...	... ...	185950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	185950
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	700		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	1500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Aðgerð á skólahúsinu	20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		67900	
			142100
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
3. Til bóka og kensluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
	Flyt ...	... ...	394150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	394150
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	473950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	473950
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2500			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9800		
		20900	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2400			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9200		
		19050	
3. Til steinsteypukenslu		4000	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kenslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43950
	Flyt ...	... ...	517900

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	517900
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		14000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
2. Til verklegrar kenslu:		
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b. Annar kostnaður, alt að 1000		
	1900	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
		11100
XII. Kvennaskólar:		
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a. Húsaleigustyrkur 5000		
Flyt ... 5000	... ...	555000

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	555000
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			51000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		40000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
Flyt ...	10500	... ...	966250

		kr.	kr.
Flutt ...	10500	... ...	966250
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakenslu...	2000		
1. Til kensluáhalda.. ...	800		
2. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til þess að mála skólahúsið	3500		
	11300		
		23800	
2. Til Gagnfræðaskóla Reykjavíkur		2000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, alt að		75000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
4. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar		30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
5. Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, alt að		15000	
6. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^3/_5$ kostnaðar, alt að		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.			
Flyt ...		165800	966250

	kr.	kr.
Flutt ...	165800	966250
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
7. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
8. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	3500	
		171300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til þess að reisa húsmæðraskóla, alt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
3. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
6. Til Bjargar Sigurðardóttur, styrkur til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar á landinu, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands	1000	
Styrkurinn veitist í eitt skifti fyrir öll, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá.		
		35000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
Flyt ...	... ...	1197550

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1197550
XVIII.	Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík		500
XIX.	Sundkensla o. fl.:		
1.	Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2.	Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000 3000	
3.	Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4.	Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	20000	
			26300
XX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI.	Til Elísabetar Eiríksdóttur kenslukonu á Akureyri, til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll ... ... gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.		1000
XXII.	Ýmsar íþróttir:		
1.	Til Íþróttasambands Íslands	6000	
2.	Til Bandalags íslenskra skáta	500	
3.	Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu ...	4000	
4.	Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn	1500	
5.	Til glímufjelagsins Ármanns, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi	3000	
6.	Til Skáksambands Íslands	1500	
			16500
	Samtals B. ...	... ...	1243650

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
		43060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14700
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	73860

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	73860
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ... Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 400 kr. styrks.		1200
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
Flyt ...	... ...	111160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	111160
17.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að		5000
18.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20.	Til Mörtu Kalman, til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku		2000
21.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
22.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
23.	Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ...		2000
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
25.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara		1000
26.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
27.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
28.	Til sjera Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		1200
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		2400
30.	Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds		1000
31.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót...		6800
32.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
33.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
34.	Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands		2000
35.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
36.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
	Flyt ...	... ...	169160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	169160
37.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
38.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
39.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
40.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
41.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
42.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1800
43.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
44.	Til leiðbeiningaskrifstofu stúdenta...		1000
45.	Til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
46.	Til norræns stúdentamóts í Reykjavik		10000
47.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
48.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
49.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
50.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
51.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
52.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
53.	Þóknun fyrir störf mentamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
	Samtals ..	... ...	303660

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3. Til sandgræðslu...		50000
Þar af skal verja 10 þús. kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.		
4. Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		375000
6. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7. Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		30000
9. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að		15000
10. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla...		6000
11. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
12. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
Flyt ...	... ...	983110

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	983110
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
14.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
15.	Til fjárkláðalækninga		6000
16.	Til þess að búa til bráðapestarbóluefni		5000
17.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
18.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
	f. Til forstöðumanns, til þarabrenslutilrauna	700	
			15800
19.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	3500	
	i. Vegna flugferða	3000	
			58100
20.	Til landmælinga		45000
21.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
22.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
23.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500		
	Flyt ...	24800	1232910

		kr.	kr.
	Flutt ...	24800	1232910
	kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	d. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			39100
24.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
25.	Til markaðsleitar erlendis		20000
26.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
27.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, alt að		6000
28.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
29.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		1000
30.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
32.	Til sambands norðlenskra kvenna		450
33.	Til sambands austfirskra kvenna		300
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36.	Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín		1500
37.	Til landsfundar kvenna 1930		1500
38.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
39.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
40.	Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1800
41.	Til Ferðafjelags Íslands		1000
42.	Laun húsagerðarmeistara		7250
	Flyt ...	... ...	1349660

	kr.	kr.
Flyt ...	... ...	1349660
43. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti bygginga- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
44. Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
45. Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, alt að		6600
46. Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts		10000
47. Til framræslu á Eyrarbakka, 1/4 kostnaðar, alt að Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
48. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla		6000
49. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
50. Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
51. Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar (endurveiting), alt að		1000
52. Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með Dieselvjelar		1500
53. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
54. Til vatnsrenslismælinga		2000
55. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
		105000
56. Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
57. Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar...		20000
58. Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
59. Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
60. Til Hjörleifs Björnssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár...		500
Samtals ...	... ...	1535960

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		600000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, alt að ... ... Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		18000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi		2000
15.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
17.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins »Framsóknar« í Reykjavík		500
18.	Til sjúkrasjóðs »Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík«		200
19.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
20.	Til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		600
21.	Til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum		800
22.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga, húsaleigustyrkur ...		1000
23.	Til gamalmennahælisins Hafnar á Seyðisfirði, upp í stofnkostnað		2500
24.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	791300

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27417,42	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17795,97	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5710,17	
	Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	— — — — 51 1921	250,00	
			54308,84
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
	3. — Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis 405,00		
		1965	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Ágústu Jóhannsdóttur 300		
	9. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	10. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	11. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	12. — Kristínar Jacobson 600		
	13. — Guðnýjar Jónsdóttur 400		
	14. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	15. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	16. — 3 barna hennar 300		
	17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	18. — Jenny Forberg 600		
	19. — Ástu Hallgrímsson 600		
	20. — Ástu Einarson 600		
	21. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	22. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	Flyt ... 14625	1965	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	14625	1965	54308,84
23. Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1300		
24. — Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
25. — Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
26. — Sigríðar Blöndal læknisekkju... ...	300		
		17125	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445,00		
10. — Til Jens V. Hjaltalín	435,00		
		4715,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
Flyt ...	5330,00	23805,25	54308,84

		kr.	kr.
Flutt ...	5330,00	23805,25	54308,84
18. Til Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
28. — Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
29. — Arndísar Pjetursdóttur	137,93		
30. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
31. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
		8121,59	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	800,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonur	1800,00		
13. — Til Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14. — Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
		6810,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
Flyt ...	300	38736,84	54308,84

			kr.	kr.
	Flutt ...	300	38736,84	54308,84
2.	Til Böðvars Jónssonar	300		
3.	— Hallgríms Krákssonar	400		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Óla P. Blöndals	1800		
18.	— Kristjáns Blöndals	1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
21.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
22.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
23.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
24.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
25.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
26.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
			13150,00	
g.	Ritþófundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
	Flyt ...	20400	51886,84	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 20400	51886,84	54308,84
10.	Til Stefáns frá Hvítadal 1000		
11.	— Jakobs Thorarensens 1000		
		22400,00	
b.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 2 barna hennar 200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Sigurlilju Einarsdóttur ljósmóður 300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. 200		
15.	— Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður 200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður 300		
	Flyt ... 5900	77686,84	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 5900	77686,84	54308,84
17.	Til Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður 300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur 300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ... 300		
20.	— Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður 300		
21.	— Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður 300		
23.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ... 200		
24.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
25.	— Páls Erlingssonar 1200		
26.	— Erlends Zakaríassonar 300		
27.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
28.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
29.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 600		
30.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200		
31.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns 1600		
32.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar 400		
33.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar 300		
34.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 800		
35.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
36.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
37.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
38.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ... 600		
39.	— Kristjönu Benediktsdóttur 400		
40.	— Bjargar Guðmundsdóttur 400		
	Flyt ... 16800	77686,84	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt ... 16800	77686,84	54308,84
41.	Til Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
42.	— Henriette Kjær... 600		
43.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
44.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2500		
45.	— Guðjóns Guðlaugssonar... 1200		
46.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
47.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey... 300		
48.	— Halldóru Þórðardóttur 600		
49.	— Vigdísar Bergsteinsdóttir fyrv. spítalaráðskonu 300		
50.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu... 500		
51.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu 300		
52.	— Sigurðar Pjetursson fangavarðar 1000		
53.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300		
		25500,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	2400,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
			109586,84
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		62998,27
	Samtals ...	... ...	226893,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1930 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	11520000,00		
—	3. —	34600,00		
—	4. —	205000,00		
—	5. —	170000,00		
			kr.	11929600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1295536,00		
—	8. —	60000,00		
—	9. —	229350,00		
—	10. —	369100,00		
—	11. — A.	702200,00		
—	11. — B.	192000,00		
		894200,00		
—	12. —	702875,00		
—	13. — A.	509500,00		
—	13. — B.	1002350,00		
—	13. — C.	375500,00		
—	13. — D.	1575500,00		
—	13. — E.	367400,00		
		3830250,00		
—	14. — A.	314650,00		
—	14. — B.	1243650,00		
		1558300,00		
—	15. —	303660,00		
—	16. —	1535960,00		
—	17. —	791300,00		
—	18. —	226893,95		
—	19. —	100000,00		
—	20. —	10000,00		
			kr.	11907424,95
		Tekjuafgangur	kr.	22175,05

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Alt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni til að kaupa prentvjel (Rotaprint), gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi, Suðurfjarðahreppi og Ostagerðarfjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

Ennfremur er stjórninni heimilt að veita Jóni bónda Guðmundssyni á

Brúsastöðum alt að 25 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði til aukningar gistihúsinu Valhöll á Þingvöllum, eða ábyrgjast fyrir hann lán, alt að sömu upphæð, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda samþykki hún tilhögun breytinga þeirra, sem gerðar verða á gistihúsinu.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna.

IV. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að ljetta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sjer að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.

V. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

VI. Að lána Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu 25000 kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

VII. Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

VIII. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, alt að 225 þús. kr.

IX. Að kaupa til handa landinu, ef um semst, prentsmiðjuna Gutenberg með tilheyrandi húsum og lóð fyrir alt að 155 þús. kr.

X. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjahjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir alt að 100 þús. kr., og taka til þess lán, alt að sömu fjárhæð.

XI. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

XII. Að ábyrgjast alt að 125 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIII. Að ábyrgjast alt að 450 þús. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIV. Að ábyrgjast alt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufjelagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XV. Að ábyrgjast alt að 60 þús. króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufjelagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XVI. Að ábyrgjast alt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

XVII. Að ábyrgjast alt að 50 þús. kr. lán fyrir h/f Hallveigarstaði, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XVIII. Að ábyrgjast alt að 200 þús. kr. lán fyrir h/f Hamar, til þess að koma á fót dráttarbraut, er geti tekið í þurkví skip á stærð við Esju, gegn endurábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur.

XIX. Að ábyrgjast 50 þús. danskra kr. lán fyrir Jóhannes Jósefsson, til þess að reisa gistihús í Reykjavík, með sömu skilyrðum og sett eru um ábyrgðarheimild fyrir sama mann í fjárl. 1929.

XX. Að ábyrgjast 11 þús. kr. lán fyrir bændur á Vatnsleysuströnd, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, til færslu þjóðvegarins um Vatnleysuströnd, ef að því ráði verður horfið.

XXI. Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

XXII. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, er hann lætur af embætti.

XXIII. Að greiða sjera Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full prestslaun, þá er hann lætur af embætti, enda verði rit hans »Ættir Austfirðinga« eign Landsbókasafnsins að honum látnum.

XXIV. Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi og ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem þeir hafa í sjóðinn greitt.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **667. Nefndarálit**

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Jeg get ekki fallist á ýmsar þær breytingar, er einn nefndarmanna (Jón J.) vill gera á frv., en vil hinsvegar gera breytingu á því, er ekki náðist samkomulag um í nefndinni. Er það við 13. gr., um að lausafjárveð lánsfjelaga þurfi eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts. Tel jeg þetta ákvæði mjög varhugavert, jafnvel ekki síst fyrir lánþega, og vil ekki að það standi í frv.

Geri jeg tillögu um að fella þetta niður. Frekari tillögur mun jeg ef til vill gera fyrir 3. umr. málsins. En að svo stöddu mæli jeg með því, að á frv. verði gerð svofeld

BREYTING:

Við 13. gr. 2. málsgrein skal falla niður.

Alþingi, 16. maí 1929.

Jón Baldvinsson,
fundaskr.

Nd. **668. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Orðin »en leitar þó álits . . . val bókanna« í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar falli burt.

Ed. **669. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Fyrri málsgrein 23. gr. laganna skal orða svo:
Þá er almennar reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur í kaup-

stöðum, sem eru sjerstakt kjördæmi, vera 1. vetrardagur, en í öðrum kjördæmum hinn fyrsti laugardagur í júlímánuði.

Ed. **670. Nefndarálit**

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá þriðja minni hluta landbúnaðarnefndar.

Það hefir dregist nokkuð, að nefndin afgreiddi þetta mál. Það var afhent landbúnaðarnefnd 22. f. m., en síðan hafa verið hinar mestu þingannir. Jeg hefi t. d. talið mjer skylt að verja því nær öllum tíma mínum til starfa í fjárveitinganefnd.

Jeg lít líka svo á, að þessu frv. liggi ekki svo mjög á, þar sem það kemur fyrst að gagni þegar Búnaðarbankinn er kominn á fót, sem varla verður fyr en á næsta ári. Jeg hygg því, að meiru skifti að vanda til frv. en að flaustra því af á þessu þingi, þar eð það virðist nógu snemt að leiða það í lög næsta ár.

Í meðferð háttv. Nd. hefir frv. tekið allmiklum breytingum, og eru þessar helstar:

1. Nafni frv. er breytt.
2. Rekstrarlánafjelögunum er óheimilað að taka við innlögum bæði frá fjelagsmönnum og öðrum.
3. Gert er ráð fyrir, að fjelögin geti fengið lán beint frá Búnaðarbankanum.
4. Lán frá rekstrarlánafjelögum mega alls ekki standa lengur en 1 ár, til hvers sem þau eru veitt.
5. Vanskil fjelagsmanna, hve lítil sem eru, eiga að varða brottrekstri úr fjelaginu skilmálalaust.
6. Lánsstofnunin, sem veitir rekstrarlánafjelaginu lán, á að hafa á hendi alla reikningsfærslu fyrir fjelagið.
7. Rekstrarlánafjelögin mega ekki taka að veði framleiðslutæki nje jarðarafurðir.
8. Lögtaksrjettur á kröfum sveitabankans er feldur niður.

Jeg verð nú að líta svo á, að flestar þessar breytingar sjeu til skemda á frv. og sumar stórkostlega, svo að með öllu sje ófært að samþykkja það óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Einkum tel jeg mjög óverðugt og ástæðulaust að meina þessum sveitabönkum að taka við innlögum með sparisjóðskjörum til útlána meðal fjelagsmanna. Verður ómögulega sjeð, að þeim stafi meiri hætta af slíku fje en öðru lánsfje; en vitanlega yrðu sparifjárinnlög með stórum betri kjörum fyrir sveitabankann en lánsfje frá Búnaðarbankanum, sem auk þess hlýtur að verða takmarkað.

Það virðist ekki lítilsvirði fyrir sveitarfjelögin, einkum þau, sem eru langt frá stóru bönkunum, að alt sparifje sveitarbúa safnist ekki burt úr sveitinni,

ef til vill í aðra landsfjórðunga, heldur geti starfað að nytsömum verkum í sveitinni sjálfri.

Hinsvegar þarf varla að óttast, að sparifjáreigendur mundu leggja inn hjá sveitabankanum, nema það sje sæmilega trygg stofnun, þar sem þeir hljóta að hafa svo náin kynni af honum, með því að hann væri í sömu sveit.

Það virðist nauðsynlegt, að aðalreglan sje, að lán sveitabankans standi ekki lengur en 1 ár, og þó verð jeg að telja nauðsyn á, að heimilt sje að veita þau til lengri tíma, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Mönnum í fjarlægð er miklu óhentara að útvega sjer smálán frá Búnaðarbankanum, sem þeir geta endurgreitt á 2—3 árum, þó þeim sje ofraun að greiða þau á sama ári.

Þá virðist fullhart að útiloka menn skilmálalaust frá rekstrarlánafjelagi, þó að þeir vegna veikinda eða annara jafngildra orsaka hafi í eitt skifti ekki getað staðið í skilum. Brottrekstur úr samvinnufjelögum fer altaf eftir ákvörðun fjelagsfunda, og virðist heppilegast, að eins sje hjer.

Ákvæðið um reikningshaldið virðist miða að því að gera rekstrarlánafjelögin ósjálfstæðari en ella, sem er mjög illa farið. Heppilegast mun reynast um þessi samvinnufjelög sem önnur, að þau sjeu sem sjálfstæðust og ráði sjer sjálf menn til framkvæmda.

Ekki verður það sjeð, að viðskiftamönnum sveitabankans sje þægilegra að fylgjast með viðskiftum, þó þeir þurfi að sækja vitneskju um það til lánsstofnunar, sem ef til vill er í fjarlægð, heldur en ef þeir geta fengið hana heima í sveitinni eða í næsta kauptúni.

Ekki virðist neitt athugavert við, að menn geti fengið lán gegn veði í stærri búnaðarverkfærum og jarðarafurðum (heyi).

Loks eru framkvæmdastjórn sveitabankans bakaðir að óþörfu afarmiklir örðugleikar með því að fella niður lögtaksrjett þeirra fyrir kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Lánin verða að líkum mörg og smá og málarekstur út af innheimtu þeirra tiltölulega dýr.

Af öllu þessu, sem nú er sagt, get jeg ekki lagt til, að frv. verði samþykt óbreytt, en vil færa það í sem líkast horf eins og það var lagt fyrir þingið.

Jeg legg því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins »lánsfjelaga« komi: sveitabanka.
   Alstaðar annarsstaðar í frv., þar sem orðið »lánsfjelag« stendur, kemur í viðeigandi falli: sveitabanki.
2. Við 4. gr. Á eftir d-lið komi nýr liður:
   Sveitabanki tekur við innlögum með sparisjóðskjörum frá utanfjelagsmönnum til útlána handa fjelagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Útlán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu,

eða með 6 mánaða uppsagnarfresti, og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabrjefum eða í reikningslánsviðskiftum.

4. Við 8. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita nje takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sjerstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

5. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

6. Við 13. gr. Á eftir orðunum »búpenings síns« í fyrstu málsgrein komi: framleiðslutækja eða jarðarafurða.

7. Við 13. gr. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sveitabankar hafa lögtaksrjett fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum.

8. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um sveitabanka.

Alþingi, 16. maí 1929.

Jón Jónsson.

Nd. **671. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 657 [Stjórn póstmála og símamála].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við brtt. bætist:
og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina.

Ed. **672. Frumvarp**

til laga um stjórn póstmála og símamála.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.

Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir umsjón með rekstri póststarfanna. Laun hans eru hin sömu sem aðalpóstmeistara eru ákveðin í launalögum.

Landssímastjóri stjórnar framkvæmdum símamálanna og annara hraðskeytamála og hefir umsjón með rekstri þar að lútandi starfa.

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og eru því til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Til aðstoðar póstmálastjóra skipar ráðherra póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, en til aðstoðar landssímastjóra símaverkfræðing, fulltrúa í aðalskrifstofu landssímans og aðra nauðsynlega aðstoðarmenn.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sjerstakur forstöðumaður fyrir póststofunni og sjerstakur stöðvarstjóri fyrir landssímastöðina.

Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafgreiðsla og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafgreiðslumaður, og stendur hann að því leyti beint undir póstmálastjóra, ef hann hefir sjálfstæða reikningsfærslu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því, að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum póstmálastjóra, forstöðumann fyrir póststofunni í Reykjavík og, að fengnum tillögum landssímastjóra, stöðvarstjórann í Reykjavík, með sömu launum og póstmeistari og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa nú samkvæmt launalögum. Ennfremur skipar hann, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, alla þá stöðvarstjóra, sem jafnframt eru póstafgreiðslumenn. Stöðvarstjóraembættin í Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði má ekki veita öðrum en þeim, sem færa sönnur á, að þeir hafi lært símritun og, að undanteknu stöðvarstjóraembættinu í Reykjavík, að þeir hafi einnig aflað sjer þekkingar á póstmálum.

Stöðvarstjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði skulu hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr. Stöðvarstjórarnir á Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna. Auk launanna hafa stöðvarstjórar þessir ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðherra ákveður þeim árlega hæfilega upphæð úr póstsjóði til aðstoðar við póstafgreiðsluna, að fengnum tillögum póstmálastjóra, en starfræksla símastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ennfremur ákveður ráðherra, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmála-

stjóra, laun og aðstoðarfje annara þeirra stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanna, sem ræðir um í 3. gr.

Ráðuneytið ákveður að öðru leyti tölu starfsmanna við póst og síma, eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Nú er forstaða póst- og símastöðva sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, sem hann áður gegndi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaga, nr. 5, 7. maí 1921, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, er í þeim felst, komið á jafnóðum og stöðurnar losna, enda falla þá niður póstmeistaraembætti þau og póstafgreiðslumannsstöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Þó er ráðherra heimilt að koma sameiningu á, þótt póstafgreiðslumannsstarfið sje ekki laust, ef því er samfara sparnaður fyrir ríkissjóð, sem telja verður verulegan í hlutfalli við laun fyrir störfin, og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Nd. **673. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um íbúð í kjöllurum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Gunnar Sigurðsson, form.
Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.
Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
Hákon Kristófersson.
Magnús Torfason.

Ed. **674. Nefndarálit**

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Um mál þetta er samkomulag milli bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Mosfellshrepps og fór það ágreiningslaust gegnum neðri deild.

Allsherjarnefnd leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1929.

Jón Baldvinsson, form. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Ed. **675. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Lán úr byggingarsjóði má veita gegn 1. veðrjetti í húsum, eða gegn 2. veðrjetti og uppfærslurjetti næst á eftir veðláni úr veðdeild Landsbankans eða opinberum sjóði, þó svo, að eigi komi hærri lán samtals út á húsið en 85% af kostnaðarverði þess. Til tryggingar lánum byggingarsjóðs skal vera veðrjettur í húseign í heild eða veðskuldabrjef fyrir hverja íbúð. Lánin ávaxtast og endurborgast með jöfnum árgreiðslum, 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Við 5. gr. 2. Á eftir »eldhúss og geymslu« komi: eigi hærri en tvíhæða.
3. Við 5. gr. 5. Aftan við 1. málslið bætist: eða byggingarfjelagið á sjálft.

Ed. **676. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá Jóni Baldvinssyni.

7. gr. frv. skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, sem í þeim felst, sem fyrst komið á um land alt, og falla þá jafnframt niður póstmeistaraembætti þau og póstaf-

greiðslumannastöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Nd. **677. Lög**

um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði alt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldra laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins,

svo og laga þeirra, er samþykt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sjer heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **678. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjá-

kvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra.

Nd. **679. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Fyrri málsliður 9. gr. orðist þannig:

Ef minst helmingur þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda eru þá allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, skyldir til að vera í fjelaginu.

Ed. **680. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn lítur svo á, að þær ástæður, sem voru fyrir hendi til að samþykkja útflutningsbann á síldarnótum, sjeu nú úr sögunni og að lög nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur, sjeu því algerlega óþörf. Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1929.

Halldór Steinsson.

Ed. **681. Nefndarálit**

um frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þar sem mjer hefir skilist á meðnefndarmönnum mínum í sjávarútvegsnefnd, að þeir vildu ekki láta þetta frv. fara óbreytt frá deildinni, en hinsvegar engin von um framgang málsins á þessu þingi, ef það hrekst á milli deilda, þar sem komið er að þingslitum, þá hefir mjer þótt rjett að koma fram með sjerstakt álit til að lýsa afstöðu minni til málsins.

Eins og kunnugt er, hefir á undanförnum árum verið tilfinnanleg þörf á lánsstofnun til að styðja bátaútveg landsmanna. Það má segja, að þessi útvegur eigi mjög erfitt uppdráttar með hagfeld lán, bæði til kaupa, útgerðar og rekstrar fiskibáta.

Á undanförnum þingum hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að reyna að ráða bót á þessu, en engan árangur borið, vegna skiftra skoðana á málinu.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, virðist hafa fengið mest fylgi af þeim frv., sem flutt hafa verið um þetta efni, þar sem það var algreitt frá Nd. með miklum meiri hluta, og þó að það megi ef til vill finna að frv., að það fullnægi ekki fyllilega þörfum bátaútvegsins, þá er það þó stærsta sporið, sem stigið hefir verið til að ljetta undir með þessum útveg. Jeg lít því svo á, að það sje alls ekki forsvaranlegt að hefta framgang málsins á þessu þingi og legg til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1929.

H. Steinsson.

Nd. **682. Frumvarp**

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1929.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þarfa þykir með því, að loftskeyti sjeu ekki notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfjelags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hjer við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í tje lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis. Það telst dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti venjulegt mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip með loftskeyta-

tækjum skulu hafa sjerstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sje ætlað til að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í tölurð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskifti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár.

Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í tje til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna, en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarrjettindi fyrir fult og alt.

Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til loftskeytaskifta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðiljar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **683. Breytingartillaga**

við frv. til laga um loftskeytatæki á boínvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 6. gr. Greinin falli burt.

Ed. **684. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 17. maí 1929.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Halldór Steinsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. **685. Nefndarálit**

um frv. til laga um refarækt.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Þeir tveir nefndarmenn (Jón J. og J. Bald.), sem á fundi voru þegar málið var tekið fyrir, voru ekki á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Undirritaður

getur eftir atvikum sætt sig við frv. lítið breytt, en gerir þó ekki tillögur til breytinga á því að svo stöddu.

Alþingi, 17. maí 1929.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari, frsm. minni hl.

Ed. **686. Lög**

um stjórn póstmála og símamála.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.

Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir umsjón með rekstri póststarfanna. Laun hans eru hin sömu sem aðalpóstmeistara eru ákveðin í launalögum.

Landssímastjóri stjórnar framkvæmdum símamálanna og annara hraðskeytamála og hefir umsjón með rekstri þar að lútandi starfa.

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og eru því til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Til aðstoðar póstmálastjóra skipar ráðherra póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, en til aðstoðar landssímastjóra símaverkfræðing, fulltrúa í aðalskrifstofu landssímans og aðra nauðsynlega aðstoðarmenn.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sjerstakur forstöðumaður fyrir póststofunni og sjerstakur stöðvarstjóri fyrir landssímastöðina.

Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafgreiðsla og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafgreiðslumaður, og stendur hann að því leyti beint undir póstmálastjóra, ef hann hefir sjálfstæða reikningsfærslu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því, að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum póstmálastjóra, forstöðumann fyrir póststofunni í Reykjavík og, að fengnum tillögum landssímastjóra,

stöðvarstjórann í Reykjavík, með sömu launum og póstmeistari og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa nú samkvæmt launalögum. Ennfremur skipar hann, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, alla þá stöðvarstjóra, sem jafnframt eru póstafgreiðslumenn. Stöðvarstjóraembættin í Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði má ekki veita öðrum en þeim, sem færa sönnur á, að þeir hafi lært símritun og, að undanteknu stöðvarstjóraembættinu í Reykjavík, að þeir hafi einnig aflað sjer þekkingar á póstmálum.

Stöðvarstjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði skulu hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr. Stöðvarstjórarnir á Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna. Auk launanna hafa stöðvarstjórar þessir ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðherra ákveður þeim árlega hæfilega upphæð úr póstsjóði til aðstoðar við póstafgreiðsluna, að fengnum tillögum póstmálastjóra, en starfræksla símastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ennfremur ákveður ráðherra, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, laun og aðstoðarfje annara þeirra stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanna, sem ræðir um í 3. gr.

Ráðuneytið ákveður að öðru leyti tölu starfsmanna við póst og síma, eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Nú er forstaða póst- og símastöðva sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, sem hann áður gegndi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaga, nr. 5, 7. maí 1921, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, er í þeim felst, komið á jafnóðum og stöðurnar losna, enda falla þá niður póstmeistaraembætti þau og póstafgreiðslumannsstöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Þó er ráðherra heimilt að koma sameiningu á, þótt póstafgreiðslumannsstarfið sje ekki laust, ef því er samfara sparnaður fyrir ríkissjóð, sem telja verður verulegan í hlutfalli við laun fyrir störfin, og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Ed. **687. Fjárlög**

fyrir árið 1930.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

Samhljóða þskj. 666.

Nd. **688. Lög**

um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.

2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar, og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af síldarmjöli, sem slík fjelög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minst tveir þriðju þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda sje fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í fjelaginu. Skal samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri

tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufjelagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **689. Þingsályktun**

um geymslurúm fyrir innlendar kartöflur, vátrygging á þeim o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka:

1. Á hvern hátt best verði komið á innlendri vátryggingu á kartöflum, svo að þær verði bæði trygg og veðhæf eign.
2. Hvernig best verði greitt fyrir því, að landsmenn geti sem fyrst fullnægt eigin þörfum um notkun þessarar nytjajurtar.

Að loknum þessum rannsóknum leggi stjórnin fyrir næsta þing lagafrumvarp um þessi mál, og sje þar einnig ákveðið, að úr ríkissjóði skuli veittur styrkur og lán til þess að koma upp hæfilega stórri og öruggri kartöflugeymslu í Reykjavík og víðar á landinu, þar sem svipuð skilyrði eru fyrir hendi. Er ætlast til þess, að styrkur þessi og lán verði veitt fjelagsskap kartöfluframleiðenda, þeirra, er hlut eiga að máli á hverjum stað, eða öðrum þeim fjelagsskap, sem þeir kynnu að fela framkvæmdir í þessu efni.

Ed. **690. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir borist brjef frá fjárhagsnefnd Ed., þar sem hún æskir þess, að sjávarútvegsnefnd taki til meðferðar frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna í sambandi við frv. þetta.

Meiri hluti nefndarinnar telur hvorugt þetta frv., eins og þau nú liggja fyrir nefndinni, svo úr garði gert, að hann geti fylgt þeim óbreyttum. Hinsvegar er nú komið nærri þinglausnum, og því ekki kostur á að koma að breytingum,

ef nokkuð á að geta náð framgangi á þessu þingi. En þar sem meiri hlutinn telur mál það, er þessi frv. hljóða um — lánsstofnun fyrir hinn smærri útveg landsmanna —, afar-mikilsvert mál, ef hægt væri að koma því í það horf, sem best hentar þeim, sem njóta eiga, og þar sem undirbúningur málsins, að dómi meiri hlutans, er enn ekki svo rækilegur sem þörf er á um svo stórt mál, og þar sem fje það, sem slíkri stofnun er ætlað til rekstrar eftir frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands, er mjög svo ófullnægjandi til þess, að slík lánsstofnun geti komið að verulegum notum fyrir hinn smærri útveg, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að báðum þessum frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún undirbúi lög um fullkomna lánsstofnun fyrir hinn smærri útveg landsmanna og leggi frv. til slíkra laga fyrir næsta Alþingi.

Alþingi, 17. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson,	Ingvar Pálmason,
formaður.	fundaskr. og frsm.

Nd. **691. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um Borgarnesbát.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita álits sjerfróðs manns um, hvað kosta mundi bygging hentugs báts til Borgarnesferða.

Sþ. **692. Lög**

um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje krófum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið. Skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn

skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, og lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði og $^1/_3$ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en $^1/_4$ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Sþ. **693. Þingsályktun**

um að halda óbreyttu gengi gjaldeyrisins.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að núverandi gjaldeyrisgengi verði haldið óbreyttu.

Ed. **694. Tillaga**

til þingsályktunar um skólasjóð Herdísar Benediktsen.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera engar ráðstafanir um gjafafje Herdísar Benediktsen til skólastofnunar á Vesturlandi án samþykkis sýslunefndanna í hinu forna Vesturamti.

Ed. **695. Lög**

um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþjettum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sjer þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

2. og 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sjer til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.

3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, krydduða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sje óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld alt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfyltir.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að

taka fje að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir rjettum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánsstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem ætla sjer að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hygst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi trygt sjer skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd, hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna $^{3}/_{4}\%$, en í varasjóð $1^{1}/_{4}\%$ af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síldveiði og síldaratvinna bregst. Sjóðum

þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

6. gr.

Aftan við 12. grein bætist:

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

8. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Ed. **696. Lög**

um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að lána til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. gr.

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fje sem hjer segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930,

2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skifti 1930.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður eða sveitarsjóður í jöfnum hlutföllum.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvör.

3. gr.

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfjelaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir fjelagsmenn sína.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrjetti í húsum og trygð með veðskuldabrjefi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu alt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fje í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fje ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarfjelög hafa rjett til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfjelagið komi upp byggingum fyrir fjelagsmenn sína.
2. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag byggginganna samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að fjelagsmenn sjeu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast fjelagsmenn, nje yfir 4000 kr. eignir.
4. að íbúðirnar sjeu seldar fjelagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfjelagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem fjelagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar sjeu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sje ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sje í samþyktum fjelagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af fjelaginn, megi selja hana, nema stjórn byggingarfjelagsins hafi áður hafnað forkaupsrjetti fjelagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar fjelagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri

fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sje um framleigu að ræða, ákveður stjórn fjelagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

7. að settar sjeu reglur í reglugerð, sem staðfest sje af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn fjelagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallist á samþyktir fjelagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra fjelaga.

6. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar eða kauptúns skulu vera 3 menn. Sjeu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir byggingarsjóður.

7. gr.

Ársreikningar byggingarfjelags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinnar.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn eða sveitarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. gr.

Nú er ekkert byggingarfjelag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfjelagið eða sveitarfjelagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu rjettindi og skyldur sem byggingarfjelög samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum fjelagsmanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjelög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, örugt eftirlit með framkvæmdum byggingarfjelaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Nd. **697. Lög**

um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði uppbæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfjelögum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum fjelögum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir.

Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.

Ed. **698. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Í stað orðanna »hinn 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. laugardagur í júlímánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **699. Lög**

um laganefnd.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem

handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Ed. **700. Lög**

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

3. gr.

Reykjavíkurkaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimtán þúsund krónur.

Ed. **701. Lög**

um innflutning og ræktun sauðnauta.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfjelagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um hagagöngu og gæslu þeirra.

Áhersla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir dýrin verði sem ákjósanlegust og að örugt sje, að dýrin geti ekki tapast.

3. gr.

Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir.

4. gr.

Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Ed **702. Fjáraukalög**

fyrir árið 1927.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1927, eru veittar kr. 890309,26 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2—10. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		kr.	kr.	kr.
Við	4. Annar kostnaður	31039,69		
—	5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum ...	97,79		
—	6. b. Til pappírs og prentunar	3776,15		
	c. — kostnaðar við sendingar	355,83		
—	7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	7626,65		
			42896,11	

II. Hagstofan.

Við	3. Pappír, prentun og hefting hagsk.	1529,30		
—	4. Prentun eyðublaða	332,40		
—	5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	386,44		
—	7. Til að gefa út manntalið 1703	80,44		
			2328,58	

III. Utanríkismál o. fl.

Við	d. Til skrifstofuhalds	1166,56		
—	4. Kostnaður við sambandslaganefnd ...	3748,73		
			4915,29	
				50139,98
			Flyt ...	50139,98

		kr.	kr.	kr.
			Flutt ...	50139,98

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. er veitt:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við	1. b. Annar kostnaður	1927,23		
—	4. d. Ýms útgjöld	1476,29		
—	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	6976,00		
—	b. Laun 3 tollvarða	1722,00		
—	d. Hiti og ljós	465,00		
—	e. Innheimtukostnaður	4526,00		
—	6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	2833,26		
—	8. Til landhelgigæslu	106034,66		
—	10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5563,29		
—	11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	29619,84		
—	12. Borgun til sjódómsmanna	1280,00		
—	13. Borgun til setu- og varadómara	387,40		
			162810,97	

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

—	1. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri	12713,17		
—	2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar...	7525,51		
—	3. Til embættiseftirlitsferða...	1753,60		
—	4. Gjald til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar	14321,99		
—	5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. ..	12072,20		
			48386,47	
				211197,44

4. gr.

Til viðbótur við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála.

Við	8. Til geislalækningastofu ríkisins	3500,00		
—	9. Til sömu stofnunar, áhaldakaup	1000,00		
	Flyt ...	4500,00	... ...	261337,42

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	4500,00	... ...	261337,42
Við	17. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	3211,25		
—	18. b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	35000,00	... ...	
				42711,25

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Samgöngumál.

A. Póstmál.

Við	3. a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	4041,18		
—	d. Önnur gjöld	6069,20		
			10110,38	

B. Vegabætur.

Við	I. 3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	683,60		
—	4. Til aðstoðarmanna og mælinga ..	12824,35		
—	5. Skrifstofukostnaður	324,89		
—	II. a. 6. Langadalsvegur	730,35		
—	8. Þelamerkurvegur	187,05		
—	b. Viðhald og umbætur	73575,02		
—	IV. Til brúargerða	51878,08		
—	VI. Fjallvegir...	483,55		
—	VIII. 1. Til akfærra sýsluvega	379,25		
—	XIII. Til þess að kaupa Fornahvamm og byggja þar gistihús	12696,02		
			153762,16	

C. Samgöngur á sjó.

Við	1. Til strandferða Esju	65307,83		
—	2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum			
	a. Rekstrarstyrkir	5250,00		
			70557,83	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við	I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.	14805,49		
		14805,49	234430,37	304048,67

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	14805,49	234430,37	304048,67
Við	II.	Til nýrra símalagninga	26532,87		
—	IV. 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	814,96		
—	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	41314,44		
—	6.	Áhaldahúsið	550,87		
—	7.	Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	3187,14		
—	8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	3869,76		
—	9.	Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	2619,62		
—	10.	Símastöðin á Borðeyri	803,79		
—	11.	Símastöðin í Hafnarfirði	1673,46		
—	12.	Símastöðin á Siglufirði	2125,34		
—	15.	Til annara símastöðva og eftirlitsferða	9665,58		
—	VIII.	Viðhald landssímanna	33297,15		
				141260,47	
		E. Vitamál.			
Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds...	238,35		
—	4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	221,90		
—	II.	Laun vitavarða	1713,02		
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	17690,45		
—	V. a.	Landtökuviti á Dyrhólaey	1688,63		
—	VI.	Breytingar og viðgerðir á Hermóði	9193,13		
				30745,48	
					406436,32

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kenslumála.

A. Andlega stjettin.

Við	7.	Til húsabóta á prestssetrum		11900,00	
		B. Kenslumál.			
Við	I.	Háskólinn.			
—	h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla.. ...	172,43		
—	i. 3.	Ýms gjöld	2804,02		
		Flyt ...	2976,45	11900,00	710484,99

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	2976,45	11900,00	710484,99
Við	k. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta..	400,00		
—	II. b. Til læknaefna til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis ...	737,50		
Við	III. Mentaskólinn.			
—	b. 3. Til skólahússins utan og innan	873,63		
—	4. Til stundakenslu og prófdómenda	3677,75		
—	8. Til vísindalegra áhalda	194,83		
—	11. Til verðlaunabóka	17,01		
Við	IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.			
—	b. 1. Til aukakennara og stundakenslu	1884,00		
—	2. Til framhaldsnáms	1000,00		
—	3. Til bóka- og kensluáhalda ...	600,29		
—	4. Til að kaupa skuggamyndavjel og fleiri kensluáhöld	393,40		
—	5. Til eldiviðar og ljósa	470,99		
—	8. Til skólahússins utan og innan	118,85		
—	9. Til ýmislegra gjalda	1670,59		
Við	V. Kennaraskólinn.			
—	b. 3. Bókakaup og áhöld...	54,50		
—	5. Til viðhalds	298,50		
Við	VI. Stýrimannaskólinn.			
—	b. 4. Ýmisleg gjöld	5,52		
Við	VII. Vjelstjóraskólinn.			
—	b. 1. Til stundakenslu	844,00		
—	2. Húsnæði	400,00		
Við	VIII. Bændakensla.			
—	1. Bændaskólinn á Hólum.			
—	c. 4. Ýmisleg gjöld	16253,36		
—	2. Bændaskólinn á Hvanneyri.			
—	c. 2. Til kensluáhalda	171,21		
—	3. Til eldiviðar og ljósa... ...	1063,78		
—	4. Ýmisleg gjöld	791,05		
—	3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli.			
—	b. Til breytinga og aðgerða á Staðarfellshúsinu	700,00		
	Flyt ..	35597,21	11900,00	710484,99

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	35597,21	11900,00	710484,99
Við	XI. Yfirsetukvennaskólinn.			
—	2. b. Annar kostnaður	1134,55		
Við	XIII. Almenn barnafræðsla.			
—	4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu	1800,00		
—	5. Til prófdómara við barnapróf ...	8626,99		
Við	XIV. Unglinga- og alþýðuskólar.			
—	1. Til alþýðuskólans á Eiðum.			
—	c. 2. Til kensluáhalda	496,71		
—	3. Til eldiviðar og ljósa	530,70		
—	4. Til húsbúnaðar	6,31		
—	5. Ýmisleg gjöld	1533,04		
Við	XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja..	13040,14		
			62765,65	
				74665,65

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

	2. Þjóðskjalasafnið.			
Við	b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðar	348,75		
	5. Landsbókasafnshúsið.			
Við	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	259,40		
	19. Styrkur til skálda og listamanna.			
Við	g. Til þess að kaupa listaverk	993,21		
—	35. Til landskjálftarannsókna	6,99		
—	36. Til veðurathugana og veðurskeyta ...	12975,81		
—	39. c. Til girðingar um listasafnshúsið ...	1157,30		
—	45. Ferðastyrkur til útlanda...	1100,00		
			... ...	
				16841,46
			Flyt ...	801992,10

		kr.	kr.	kr.
			Flutt ...	801992,10
	8. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:			
	Til verklegra fyrirtækja.			
Við	4. Til kaupa á fljótandi skurðgröfu	3782,41		
	14. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík.			
Við	b. Til aðstoðar...	1400,00		
	17. Laun yfirmatsmanna o. fl.			
Við	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna ...	7424,28		
—	18. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1537,50		
—	19. Til bryggjugerða og lendingarbóta ...	3186,16		
—	24. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum	742,29		
			... ...	
				18072,64
	9. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:			
	Til almennrar styrktarstarfsemi.			
Við	3. Styrkur til sjúkrasamlaga	2298,35		
—	6. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	396,24		
			... ...	
				2694,59
	10. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:			
	Óviss útgjöld	... ...		
			... ...	
				67549,93
			Samtals ...	890309,26

Ed. **703. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1927.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	I. Tekjur:		
1.	Fasteignaskattur	225000	258930,16
2.	Tekju- og eignarskattur	950000	736947,13
3.	Lestagjald af skipum	35000	43443,50
4.	Aukatekjur	375000	490843,35
5.	Erfðafjárskattur	40000	30930,61
6.	Vitagjald	300000	374902,30
7.	Leyfisbrjefagjald	10000	11910,98
8.	Stimpilgjald	325000	375477,18
9.	Skólagjald	15000	22350,00
10.	Bifreiðaskattur	25000	41102,87
11.	Útflutningsgjald	1000000	1183549,58
12.	Áfengistollur	650000	422601,99
13.	Tóbakstollur	775000	949015,00
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	1200805,49
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	207710,87
16.	Vörutollur	1375000	1167179,10
17.	Verðtollur	850000	957076,30
18.	Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000	51950,32
19.	Pósttekjur	400000	500474,40
20.	Símatekjur	1300000	1483411,75
21.	Víneinkasalan	500000	325000,00
22.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	35100	38517,89
23.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	325000	233670,18
24.	Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	154034	676906,38
25.	Tekjur samkv. sjerstökum lögum	...	57752,12
26.	Auknar lausar skuldir	...	471245,74
27.	Eytt af sjóði	...	393287,51
28.	Eytt af innstæðu	...	152388,48
29.	Greiddar innstæður o. fl.	...	2785,41
	Samtals	10834134	12862166,59

		Fjárveiting	Reikningur
		kr.	kr.
	II. Gjöld:		
1.	Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1639977	1569171,75
2.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000,00
3.	Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	199800	236761,77
4.	Til ríkisstjórnarinnar:		
	I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	183700	219782,35
	II. Hagstofan	52300	53036,19
	III. Utanríkismál o. fl.	86500	91415,29
5.	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	742178	868803,36
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	135000	183202,48
6	Læknaskipun og heilbrigðismál	945639	937093,09
7.	Til samgöngumála:		
	A. Póstmál	436967	462147,88
	B. Vegabætur	921620	1083119,66
	C. Samgöngur á sjó	330200	400757,83
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1261300	1396441,35
	E. Vitamál	307910	335000,20
8.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Andlega stjettin	363656	368894,60
	B. Kenslumál	1241894	1169710,68
9.	Til vísinda, bókmenta og lista	284245	289354,45
10.	Til verklegra fyrirtækja...	962610	1053108,13
11.	Til almennrar styrktarstarfsemi	664700	1039302,83
12.	Eftirlaun og styrktarfje	185450,80	165797,22
13.	Óviss útgjöld	100000	167549,93
14.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur..	4000	26036,09
15.	Eimskipafjelag Íslands	... ...	60000,00
16.	Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum...	... ...	625679,46
	Samtals ...	11109646,80	12862166,59

Ed. **704. Fjáraukalög**

fyrir árið 1928.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1928, eru veittar samkvæmt 2.—7. gr. hjer á eftir kr. 262878,10.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við löggæslumenn o. fl.	kr.	32007,75

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga ...	kr.	800,00	
2.	Til kostnaðar við geitnalækningar	—	300,00	
3.	Styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði	—	6000,00	
				kr. 7100,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til greiðslu álags á Grafarkirkju í Skaftártungu	kr.	6000,00	
2.	Eftirstöðvar af byggingarkostnaði prestssetursins á Bergþórshvoli...	—	441,86	
3.	Styrkur til 9 stúdenta við háskólann til Þýskalandsfarar	—	1800,00	
4.	Fyrir skuggamyndavjel handa mentaskólanum	—	1311,05	
5.	Til aðgerðar mentaskólans	—	17000,00	
6.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri: Aðgerð á skuggamyndavjel	—	500,00	
7.	Til sama skóla, til aðgerða og breytinga ...	—	3600,00	
8.	Til miðstöðvarlagningar í stýrimannaskólann	—	5500,00	
9.	Til byggingar skóla og íbúðarhúss á Hólum	—	27000,00	
10.	Til aðgerða húsa á Eiðum	—	7600,00	
11.	Til aðgerðar kvennaskólans á Blönduósi ...	—	4000,00	
12.	Til byggingar Laugarvatnsskólans (endurv.)	—	37800,00	
13.	Upp í kenslustyrk til sama skóla...	—	4000,00	
14.	Til aðgerðar heyrnar- og málleysingjaskólans	—	500,00	
15.	Til húsbyggingar á Staðarfelli	—	3813,95	
				kr. 120866,86
			Flyt	kr. 159974,61

			Fluttar	kr. 159974,61

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Ferðakostnaður húsameistara Guðjóns Samúelssonar til útlanda, vegna undirbúnings undir ýmsar opinberar byggingar...	kr.	2000,00	
2.	Skrifstofukostnaður sama fyrir árið 1928 ...	—	3435,92	
3.	Til endurbyggingar sjóvarnargarðs fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Skúmsstaða ...	—	3318,26	
4.	Til aðstoðar á efnarannsóknarstofunni ...	—	1600,00	
5.	Til síldarleitartilrauna með flugvjel	—	3243,70	
6.	Eftirstöðvar af kostnaði við sjóvarnargarð á Siglufirði síðastliðið sumar	—	729,75	
7.	Til fyrirhleðslu Þverár í Eyjafirði...	—	1102,15	
8.	Til kostnaðar við rannsókn lungnapestar ...	—	1051,60	
9.	Til fyrirhleðslu Skálmar	—	2364,70	
10.	Til hafnarrannsókna	—	1301,50	
11.	Til síldarverksmiðjurannsókna	—	4050,00	
12.	Varnir gegn vatnságangi af Kúðafljóti	—	3000,00	
13.	Áhöld og bækur handa efnarannsóknarstofunni...	—	3500,00	
				kr. 30697,58

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til Helgu Ófeigsd., ekkju Árna Zakaríassonar	kr.	560,00	
2.	Til sjera Jóns Árnasonar, frá 1/6—31/12 ...	—	363,42	
3.	Til Jóhannesar Sigfússonar, mentaskólakennara, frá 1/10—31/12	—	420,00	
4.	Til frú Ástu Einarson	—	840,00	
5.	Til Friðriks Jónssonar fyrrum pósts	—	630,00	
				kr. 2813,42

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostn. við uppfyllingu kirkjugarðsins í Rvík	kr.	7051,29	
2.	Til ríkisgjaldanefndarinnar	—	13341,20	
3.	Til undirbúnings alþingishátíðarinnar 1930	—	49000,00	
				kr. 69392,49
			Samtals	kr. 262878,10

Ed. **705. Lög**

um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykt, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum, alt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sje falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, alt að 15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sjer.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, nje heldur halda þar út bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir nje taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, nje endurnýja slík lán,

og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar alt að 6‰ af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er út til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um alt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **706. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra.

Ed. **707. Þingsályktun**

um dýralæknissetur í Vestfirðingafjórðungi.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi verði framvegis látinn hafa aðsetur í Stykkishólmi.

Ed. **708. Þingsályktun**

um rýmkun landhelginnar.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að fá því framgengt, að landhelgi Íslands verði rýmkuð, svo að innan hennar sjeu allir firðir og flóar og helstu bátamið.

Ed. **709. Lög**

um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig:

Sjerhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 5000 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfjelaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgr., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sje tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **710. Lög**

um íbúð í kjöllurum.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem bygð eru hjer eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum, að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að kjallarinn sje ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.
2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá rjettu austri til rjetts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.
3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
4. Að öll íbúðin sje rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sjerstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrjetta skrána samkvæmt því.

4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en $^1/_{10}$ þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar,

sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafist fyrir slíkt bann.

5. gr.

Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Nd. 711. Þingsályktun

um landpóstferðir.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ekki gagngerða breyting á landpóstferðum, áður en tillögur hafa verið lagðar fyrir samgöngumálanefndir Alþingis, enda áður verið leitað álits viðkomandi sýslunefnda.

Sþ. 712. Nefndaskipun 1929.

1.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Björn Kristjánsson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari,
Jón Þorláksson,
Jón Jónsson.[1])

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (30, n. 334[2]) (meiri hl.) og 339 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna (40).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða (44, n. 184 (minni hl.) og 238 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 29. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. (10, n. 190).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (38, n. 189 (1. minni hl.) og 209 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (146, n. 270).
   Frsm.: Jón Þorláksson.

---

1) Hinn 11. mars fór Jón Jónsson úr nefndinni, en í hans stað kom Páll Hermannsson.

2) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

7. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki (198, n. 364 (minni hl.) og 413 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. meiri hl.: Jón Þorláksson.
8. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (313, n. 331 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (305, n. 402 (meiri hl.) og 495 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
10. Frv. til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907 (234, n. 419).
Frsm.: Páll Hermannsson.
11. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (386).
Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927 (18, n. 636).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
13. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1927 (19, n. 637).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (266, n. 639).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
15. Frv. til laga um háskólakennara (557, n. 638).
Frsm.: Jón Þorláksson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina (598).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Einar Árnason, formaður,[1])
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Erlingur Friðjónsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu (9, n. 113).
Frsm.: Páll Hermannsson.

1) Hinn 11. mars fór Einar Árnason úr nefndinni, með því að hann hafði tekið sæti í ráðuneytinu, en í hans stað kom Jón Jónsson, og varð hann formaður nefndarinnar.

2. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 (455, n. 556).
Frsm.: Páll Hermannsson.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928 (576, n. 549).
Frsm.: Páll Hermannsson.

3. *Samgöngumálanefnd:*

Páll Hermannsson, formaður,
Halldór Steinsson, fundaskrifari,
Einar Árnason.[1])

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um loftferðir (12, n. 250).
Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til laga um einkasíma í sveitum (47, n. 139).
Frsm.: Halldór Steinsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl. (151, n. 287).
Frsm.: Halldór Steinsson.
4. Frv. til laga um stjórn póstmála og símamála (195, n. 399 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Páll Hermannsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi] (361, n. 530).
Frsm.: Halldór Steinsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum (497, n. 684).
Frsm.: Páll Hermannsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um stjórn póstmála og símamála (195).
Frsm.: Páll Hermannsson.

4. *Landbúnaðarnefnd:*

Jón Jónsson, formaður,
Jónas Kristjánsson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um fiskiræktarfjelög (2, n. 46).
Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna (5, n. 112 (meiri hl.) og 185 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Jónsson.
Frsm. minni hl.: Jónas Kristjánsson.

1) Hinn 11. mars fór Einar Árnason úr nefndinni, með því að hann hafði tekið sæti í ráðuneytinu, en í stað hans kom Ingvar Pálmason.

3. Frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886 (36, n. 52).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
4. Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (242, n. 325).
   Frsm.: Jónas Kristjánsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta (217, n. 486).
   Frsm.: Jónas Kristjánsson.
6. Frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands (310, n. 409).
   Frsm.: Jón Jónsson.
7. Frv. til laga um innflutning og ræktun sauðnauta (365, n. 633).
   Frsm.: Jón Jónsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð (351, n. 610).
   Frsm.: Jón Jónsson.
9. Frv. til laga um lánsfjelög (380, n. 623 (1. minni hl.), 667 (2. minni hl.) og 670 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jónas Kristjánsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Jón Jónsson.
10. Frv. til laga um refarækt (421, n. 685 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd (13, n. 106).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. (7, n. 56).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
3. Frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (4, n. 220).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa (11, n. 74).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld (39, n. 193 (meiri hl.) og 279 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Erlingur Friðjónsson.
   Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.

6. Frv. til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra (8, n. 366).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til laga um vigt á síld (82, n. 295).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
8. Frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa (95, n. 303).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (111).
Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (135, n. 367).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (180, n. 417).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
12. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (169, n. 513).
Frsm.: Halldór Steinsson.
13. Frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur (251, n. 680 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
14. Frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (97, n. 493).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
15. Frv. til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn (507, n. 648).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
16. Frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands (594, n. 681 (minni hl.) og 690 (meiri hl.).
Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.

6. *Mentamálanefnd:*

Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari,
Jón Þorláksson,
Jón Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús (26, n. 199 (meiri hl.) og 237 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Jónsson.
Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
2. Frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri (207, n. 539).
Frsm.: Jón Þorláksson.

3. Frv. til laga um hjeraðsskóla (288, n. 477).
Frsm.: Jón Jónsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð (301, n. 394).
Frsm.: Jón Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
Jón Baldvinsson, formaður,
Jóhannes Jóhannesson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku (6, n. 77).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um gjaldþrotaskifti (23, n. 213 (meiri hl.) og 221 minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.
3. Frv. til laga um atkvæðagreiðslu um nafn Ísafjarðarkaupstaðar (21).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um nöfn bæja og kaupstaða (22, n. 326).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði (27, n. 210).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
6. Frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði (53, n. 136).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til laga um tannlækningar (70, n. 114).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til laga um einkasölu á lyfjum (86, n. 314 (meiri hl.) og 343 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.
9. Frv. til laga um löggilding verslunarstaða (103, n. 186).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (107, n. 243).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
11. Frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl. (120, n. 235).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
12. Frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum (127, n. 311 (meiri hl.) og 330 minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.

13. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til að fleyta vikri niður Jökulsá á Fjöllum (129).
Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (153, n. 456).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (170, n. 376).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
16. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (205, n. 338).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
17. Frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927 (222).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og fasteignum í Eskifjarðarhreppi (212).
Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til laga um íbúð í jarðhúsum (254, n. 457).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
20. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi (255, n. 392).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
21. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar (269, n. 375).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
22. Frv. til laga um lögreglustjóra á Akranesi (296, n. 418).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
23. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu (138, n. 397).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
24. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (158, n. 391).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
25. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög (297, n. 458).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
26. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (470, n. 608 (meiri hl.) og 635 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl: Jón Baldvinsson.
27. Frv. til laga um laganefnd (538, n. 631 (meiri hl.) og 641 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.
28. Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (385, n. 674).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

29. Frv. til laga um verkamannabústaði (606, n. 632).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir (119).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (313).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
3. Frv. til laga um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu (354).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

B.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Halldór Stefánsson, formaður,
Ólafur Thors,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Eggerz,
Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Jón Auðunn Jónsson,
Hjeðinn Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927 (18, n. 447).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1927 (19, n. 448).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
3. Frv. til laga um breyt. á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. (10, n. 65).
Frsm.: Ólafur Thors.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (38, n. 76 (meiri hl.) og 79 (minni hl)).
Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (54, n. 125 (minni hl.) og 182 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Sigurður Eggerz.
Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
6. Frv. til laga um dýrtíðaruppbót á launum embættis- og starfsmanna ríkisins (58).
Nefndarálit kom ekki.

7. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um almannatryggingar (51, n. 333 (minni hl.) og 388 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til laga um háskólakennara (99, n. 400 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk (105, n. 420 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
10. Frv. til myntlaga (96, n. 537 (1. minni hl.), 591 (2. minni hl.), 599 (3. minni hl.) og 663 (4. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ólafur Thors.
   Frsm. 3. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. 4. minni hl.: Sigurður Eggerz.
11. Frv. til laga um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907 (234, n. 316).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (266, n. 505 (meiri hl.) og 541 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Hannes Jónsson.
13. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (277, n. 372).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1911, um almennan ellistyrk (323, n. 414 (meiri hl.)).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögum (100, n. 369 (minni hl.) og 404 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
16. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (313, n. 401).
   Frsm.: Ólafur Thors.
17. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (30, n. 506 (meiri hl.) og 544 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. minni hl.: Hannes Jónsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Þorleifur Jónsson, formaður,
Pjetur Ottesen,
Ingólfur Bjarnarson, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Jón Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 (16, n. 292).
   Frsm. fyrri hl. (1.—13. gr.): Ingólfur Bjarnarson.
   Frsm. síðari hl. (14.—25. gr.): Bjarni Ásgeirsson.
2. Till. til þál. um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu (9, n. 60).
   Frsm.: Ingólfur Bjarnarson.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928 (332, n. 543).
   Frsm.: Ingólfur Bjarnarson.

3. Samgöngumálanefnd:

Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (50, n. 564).
   Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi] (126, n. 304).
   Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
3. Frv. til laga um einkasíma í sveitum (188, n. 281).
   Frsm.: Hannes Jónsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl. (151, n. 359).
   Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
5. Frv. til laga um loftferðir (342, n. 468).
   Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
6. Frv. til laga um stjórn póstmála og símamála (195, n. 570 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bif-

reiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum (497).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
Frá nefndinni kom ennfremur:
Nefndarálit um flóabátaferðir (403), og var það tekið til meðferðar við 3. umr. fjárl.frv.
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Bernharð Stefánsson,
Einar Jónsson,
Lárus Helgason, formaður.

Til hennar vísað:
1. Frv. til laga um sveitabanka (1, n. 216).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
2. Frv. til laga um Landbúnaðarbanka Íslands (14, n. 228).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Till. til þál. um innflutning á lifandi dýrum (45, n. 521).
Frsm.: Lárus Helgason.
4. Frv. til laga um fiskiræktarfjelög (63, n. 109).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886 (36, n. 441).
Frsm.: Lárus Helgason.
6. Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (83, n. 226).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð (142, n. 329).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
8. Frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna (5, n. 381).
Frsm.: Lárus Helgason.

Nefndin flutti:
1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta (217).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
2. Frv. til laga um innflutning og ræktun sauðnauta (227).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
3. Frv. til laga um refagirðingar og útflutning refa (294).
Frsm.: Einar Jónsson.
4. Till. til þál. um undirbúning til útrýmingar fjárkláða (156).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Sveinn Ólafsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Magnús Torfason,
Ólafur Thors,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra (8, n. 59).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (17, n. 141).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (20).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa í nágrenni við Reykjavík (41, n. 157).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands (43, n. 248 (meiri hl.) og 284 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. (81, n. 224).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
   Framhaldsnál. 390 (minni hl.) og 406 (meiri hl.).
   Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Thors.
7. Frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (97, n. 298 (meiri hl.) og 371 (minni hl.).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Thors.
   Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa (89, n. 178).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
9. Frv. til sjómannalaga (31).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914 (150).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (169, n. 249).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
12. Frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd (181, n. 370).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.

13. Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (187, n. 439).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
14. Frv. til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn (218, n. 393).
Frsm.: Magnús Torfason.
15. Frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur (251, n. 337 (meiri hl.) og 344 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
16. Frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (309, n. 426 (meiri hl.) og 437 (minni hl.).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júni 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (384).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa (327, n. 566 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld (317, n. 555 (meiri hl.) og 574 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
20. Frv. til laga um vigt á síld (322, n. 568 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

6. *Mentamálanefnd:*

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Magnús Jónsson, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson,
Jón Ólafsson,
Sveinn Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um hjeraðsskóla (24, n. 177).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
2. Frv. til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði (29, n. 407).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til laga um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum (68, n. 407).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum (98, n. 446 (minni hl.) og 511 (meiri hl.)).

Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
Frsm. meiri hl.: Jón Ólafsson.

5. Frv. til laga um rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann í Reykjavík (229, n. 398).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

6. Frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús (306, n. 644 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð (432, n. 634 (meiri hl.) og 642 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Magnús Torfason,
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson, formaður.
Hákon Kristófersson,
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (3, n. 64 (meiri hl.) og 75 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.

2. Frv. til laga um löggjafarnefnd (15, n. 384 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

3. Frv. til laga um tannlækningar (25, n. 57).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.

4. Frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927 (28, n. 80 (meiri hl.) og 93 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hákon Kristófersson.
Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.

5. Frv. til laga um verkamannabústaði (37, n. 475 (meiri hl.) og 480 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.

6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara krófurjettinda (48, n. 71).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.

7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (49, n. 123 (meiri hl.), 175 (annar minni hl.) og 445 (hinn minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.

Frsm. annars minni hl.: Magnús Torfason.
Frsm. hins minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.

8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (55).
Nefndarálit kom ekki.

9. Frv. til laga um dóm í vinnudeilum (33, n. 197 (1. minni hl.), 492 (2. minni hl.) og 496 (3. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
Frsm. 2. minni hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. 3. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.

10. Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði (87, n. 202 (meiri hl.) og 274 (minni hl.).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.

11. Frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (67).
Nefndarálit kom ekki.

12. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (121, n. 165).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.

13. Frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku (115, n. 320 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

14. Frv. til laga um lögreglustjóra á Akranesi (134, n. 215 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

15. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu (138, n. 233).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.

16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (158, n. 321).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.

17. Frv. til laga um breyting á lögum um hlutafjelög, nr. 77, 27. júní 1921 (94, n. 502 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

18. Frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði (204, n. 450 (meiri hl.)),
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

19. Frv. til laga um heimild til að reka lyfjaverslun á Íslandi (174).
Nefndarálit kom ekki.

20. Frv. til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sje fengið söfnuði hennar í hendur (179).
Nefndarálit kom ekki.

21. Frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði (272, n. 528).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.

22. Frv. til laga um gjaldþrotaskifti (247, n. 396 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Torfason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
23. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (107, n. 554).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
24. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög (297, n. 356).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
25. Frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl. (273, n. 353).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
26. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir (119, n. 412).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
27. Frv. til laga um nöfn kaupstaða og kauptúna (349).
Nefndarálit kom ekki.
28. Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (385, n. 500).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
29. Frv. til laga um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu (354, n. 474).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
30. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar (453, n. 572).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
31. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi (433, n. 571).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
32. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927,. um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (516, n. 573).
Frsm.: Magnús Torfason.
33. Frv. til laga um íbúð í kjöllurum (561, n. 673).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Minni hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum, nr. 55, 27. júní 1925 (411).
Frsm.: Magnús Torfason.

C.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

Lausanefnd í Nd. — Nefndir í Sp.: Kjörbrjefa-, þingfararkaups- og utanríkismálanefndir.

2.

Lausanefnd í neðri deild:

Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari,
Magnús Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson, formaður.
Pjetur Ottesen,
Haraldur Guðmundsson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Till. til þál. um skipun nefndar samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar (34).

Nefndarálit kom ekki.

3.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbrjefanefnd:

Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari,
Magnús Guðmundsson,
Sveinn Ólafsson, formaður,
Sigurður Eggerz,
Hjeðinn Valdimarsson.

2. Þingfararkaupsnefnd:

Guðmundur Ólafsson, formaður,
Halldór Steinsson,
Þorleifur Jónsson,
Pjetur Ottesen, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Benedikt Sveinsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Hjeðinn Valdimarsson.

sþ. **713. Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1929.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðalræðismaður Norðmanna, sjá Krossanesverksmiðja.
Aðalsteinn Eiríksson kennari sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer söngkenslu í barnaskólum og öðrum opinberum skólum. Brjef 2. mars. 5 fskj. (Nd. 225).
Aðflutningsgjald, sjá Gistihús 1.
Afhendingargerð, sjá Eiðaskóli 3.
Afurðasala, sjá Markaður.
Agnar Norðfjörð, sjá Námsstyrkur 1.
Akranes, sjá Hafnir og lendingabætur 11.
Akureyrarsókn, sjá Kirkjur 5.
Aldan, skipstjórafjelag, sjá Vitamál 9.
Alexander A. Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 2.
Alidýrasjúkdómar. Sigurður Hlíðar dýralæknir sækir um 5000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, eða 2000 kr. ári í næstu 4 ár, til þess að rannsaka ýmsa alidýrasjúkdóma í samvinnu við dr. Helmuth Lotz, sem leigt hefir jörð í grend við Akureyri í því skyni að starfa þar að þesshátt rannsóknum. Brjef 14. apríl (Nd. 398).
Alifuglarækt, sjá Skúli Tómasson.
Alþingi á Þingvöllum, sjá Þjóðaratkvæðagreiðsla.
Alþingishátíð, undirbúningsnefnd, sjá Gistihús 3 og 8, Íslensk þjóðlög.
Alþjóðakvenrjettindasamband, sjá Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.
Alþjóðasamband háskólakvenna, sjá Stúdentar.
Alþjóðaskákmót, sjá Skáksamband.
Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, sjá Bókasöfn 1.
Anna Þorgrímsdóttir, sjá Eftirlaun 2.
Anna Þorsteinsdóttir, sjá Eftirlaun 3.
Arnar, sjá Ottó.
Arnarhólstún, sjá Hallveigarstaðir.
Arnfríður Pjetursdóttir, sjá Eftirlaun 5.
Atvinna við siglingar, sjá Fiskifjelag Íslands.
Auðkúluhreppur.
1. Hreppsnefnd Auðkúluhrepps fer þess á leit, að hreppnum verði veittur 5000 kr. styrkur vegna fjárhagsvandræða. Brjef 13. apríl, með brjefi atvmrn. 20. apríl. 1 fskj. (Nd. 381).
2. Skýrsla um fjárhagsástand Auðkúluhrepps í maí 1928. (Nd. 414).

Austfjarðabátur, sjá Strandferðir 5.
Axel Dalmann, sjá Námsstyrkur 22.
Axel Tulinius, sjá Námsstyrkur 3.
Ábúðarlög. Björn Bjarnarson í Grafarholti sendir landbn. Nd. þskj. 240 (frv. til ábúðarlaga) með árituðum athugasemdum. Dags. 18. apríl. (Nd. 388).
Ágúst Matthíasson, sjá Námsstyrkur 34.
Áhaldakaup, sjá Búnaðarfjelag Íslands 3.
Álafoss.
1. Eigendur klæðaverksmiðjunnar Álafoss leita samþykkis Alþingis til þess að mega veðsetja verksmiðjuna með fyrsta veðrjetti fyrir alt að 100 þús. kr. láni til kaupa á nýjum vjelum. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 269).
2. Viðbótarerindi frá eigendum Álafossverksmiðju um veðsetningarleyfi, ásamt afriti af hinu fyrra erindi. Brjef 10. apríl. (Nd. 365).

Álftaver, sjá Búnaðarfjelag Íslands 8.
Árbók, sjá Ferðafjelag Íslands.
Ármann, glímufjelag, sjá Íþróttir 1.
Ársæll Árnason fer þess á leit, að Alþingi veiti sjera Jóni Sveinssyni rithöfundi 600 kr. styrk til þess að hann geti heimsótt ættjörðu sína á sumri komanda. Brjef 28. febr. (Nd. 103).
Árvakur, verkamannafjelag, sjá Vinnudómur.
Ásdís Þorgrímsdóttir, sjá Eftirlaun 4.
Ásgeir Ó. Einarsson, sjá Námsstyrkur 4.
Ásgerður Jónsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Ásmundur Guðmundsson, sjá Eiðaskóli 3.
Ásmundur Sveinsson fer þess á leit, að Alþingi veiti 1500 króna styrk til þess að flytja til Íslands myndir þær, er hann hefir gert og geymdar eru erlendis. Brjef 4. jan. (Nd. 17).

B*aldvin Jónatansson* skáldi sækir um styrk til viðurkenningar fyrir nýbýlarækt og alþýðukveðskap. Brjef 10. febr. 1 fskj. (Nd. 134).
Baltic and International Maritime Conference, sjá Vitamál 12.
Bandalag íslenskra listamanna.
1. Bandalag íslenskra listamanna sækir um 3000 kr. styrk. Brjef til dómsmrn., dags. í jan., og til fjvn., dags. í febr. (Nd. 321).
2. Sama sendir mentmn. Nd. »Frv. til laga um ríkisviðurkenningu Bandalags íslenskra listamanna og um samvinnu milli íslenskra yfirvalda og bandalagsins« — með tilmælum um, að hún leggi málið fyrir þingið. Brjef í mars. 2 fskj. (Nd. 359).

Bandalag íslenskra skáta sækir um 1000 kr. styrk. Brjef 23. mars. (Nd. 313).
Bandalag kvenna, sjá Hallveigarstaðir 1.
Bankamál.
1. Bankaráð Landsbanka Íslands sendir landbn. Nd. álit sitt um frv. til laga um Landbúnaðarbanka Íslands. Brjef 18. mars. (Nd. 416).

2. Erindi bankaráðs Landsbankans til landbn. Ed., dags. 27. apríl, varðandi breytingu á frv. til laga um Búnaðarbanka. (Ed. 46).
3. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbn. álit og tillögur laganefndar Búnaðarþings um frv. til laga um sveitabanka, ásamt tillögum um frv. til laga um landbúnaðarbanka, er samþyktar voru á Búnaðarþingi. Brjef 7. mars. (Nd. 160).
4. Fiskifjelag Íslands skorar á Alþingi að undirbúa nú þegar stofnun fiskiveiðabanka hjer á landi, helst svo fljótt, að undirbúningi yrði lokið fyrir næsta Alþingi. Brjef 15. mars. (Nd. 280).

Bankaráð, sjá Bankamál.
Barðastrandarhreppur, sjá Læknisvitjunarstyrkur 2.
Barnaskólar.
1. Bæjarstjórn Akureyrar leitar samþykkis Alþingis til þess, að ábyrgð sú fyrir alt að 100 þús. kr. láni, sem stjórninni í fjárlögum 1929 er heimilað að ábyrgjast til barnaskólabyggingar á Akureyri, megi veitast fyrir 100 þús. kr. láni í dönskum krónum. Brjef 14. febr. (Nd. 23).
2. Elísabet Eiríksdóttir sækir um 1500 kr. til framhalds tilraunum við smábarnaskóla með Montessorisniði á Akureyri. Brjef 10. febr. 1 fskj. (Nd. 46).

Bátaferðir, sjá Strandferðir.
Bátafjelag Reykjavíkur, sjá Landhelgigæsla.
Bátalega við Akranes, sjá Hafnir 11.
Benedikt Björnsson, skólastjóri á Húsavik, sækir um 2500 kr. styrk næstu 4 ár til ritstarfa. Brjef 22. des. 1928. (Nd. 119).
Benedikt Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 5.
Benedikt Jónasson, sjá Fiskiveiðalög.
Berklavarnir.
1. Læknafjelag Íslands sendir allshn. Ed. álit sitt um frv. til laga um breyting á berklavarnalögunum. Brjef 13. apríl. (Ed. 35).
2. Landlæknir sendir fjvn. afrit af erindi til dómsmálaráðuneytisins: Nokkrar athugasemdir um heilbrigðismál, einkum berklavarnir. (Nd. 218).

Bernharð Stefánsson, sjá Hafnir 13.
Bifreiðalög. Vegamálastjóri sendir samgmn. »Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða«, — með tilmælum um, að nefndin flytji það á Alþingi. Brjef 27. apríl. (Nd. 399).
Bjarni Sæmundsson sækir um 1200 kr. til aðstoðar og annara útgjalda við fiskirannsóknir sínar. Brjef 15. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxv). Sjá ennfr. Náttúrufræðafjelagið.
Bjarni Þorsteinsson, sjá Íslensk þjóðlög.
Björg Sigurðardóttir sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til þess að auka þekkingu sína á síldarmatreiðslu í Svíþjóð. Ódags. brjef. 4 fskj. (Nd. 105).
Björgun úr sjávarháska, sjá Slysavarnafjelag.

Björgunarbátur, sjá Vegamál 3.
Björn Bjarnarson í Grafarholti sendir landbn. frv. til hundaræktarlaga, ásamt brjefi 3. mars (Nd. 129). Sjá ennfr. Ábúðarlög.
Björn O. Björnsson.
1. Björn O. Björnsson prestur sendir erindi um íslenska lýðháskóla, dags. 25. febr., og um íslenska mentaskóla, dags. 3. febr. 1928 (Nd. 342).
2. Sami sækir um alt að 2000 kr. styrk til þess að gefa út bók með ýmsum þjóðlegum fróðleik og frásögnum úr Skaftafellssýslum. Brjef 22. mars. 1 fskj. (Nd. 330).

Björn Þórólfsson fer þess á leit að fá að halda næsta ár styrk þeim, er hann nýtur í fjárlögum þessa árs til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn. Brjef 21. febr. 1 fskj. (Nd. 116).
Blaðamannafjelag, sjá Frjettastofa.
Blindranám, sjá Námsstyrkur 27.
Blöndal, sjá Óli.
Bolungavík, sjá Raforkustöðvar 3.
Borgar Jónsson.
Jón A. Jónsson alþm. sendir styrkbeiðni Borgars Jónssonar og fer þess á leit, að honum verði veittar 300 kr. á ári til viðurkenningar fyrir mikla hjálp veitta sængurkonum í Sljettuhreppi. Brjef 20. febr. (Nd. 42).
Borgarfjarðarhreppur, sjá Læknisvitjunarstyrkur 1.
Borgarstjórinn í Rvík, sjá Kvikmyndir 2.
Botnvörpuveiðar. Erindi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 10. mars, um breyting á l. nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Með brjefi dómsmrn. 22. mars. (Nd. 306).
Bókasöfn.
1. Stjórn bókasafnsins í Stykkishólmi sækir um 1200 kr. í fjárl. 1930, til bókakaupa, og að árlegur styrkur til safnsins verði 600 kr. framvegis. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Ed. 26).
2. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði fer þess á leit, að Alþingi veiti amtsbókasafninu á Seyðisfirði alt að 2000 kr. styrk til bókakaupa og til lestrarsals fyrir almenning. Brjef 15. mars. 1 fskj. (Nd. 291).

Bókmentafjelagið. Tillögur forseta Bókmentafjelagsins um fjárveitingar til fjelagsins árið 1930. Brjef 14. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxiv).
Breiðamýri, sjá Sjúkrahús 7.
Brimbrjótur í Bolungavík, sjá Hafnir 5.
Brlet Bjarnhjeðinsdóttir sækir um 2000 kr. ferðastyrk á fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín. Brjef 14. mars. (Ed. 34).
Bryggja í Borgarnesi, sjá Hafnir 3.
Bryggjur, sjá Hafnir og lendingabætur.
Brynjólfur Bjarnason, sjá Eftirgjöf 1.
Búnaðarbanki, sjá Bankamál.

Búnaðarfjelag Eyrarbakkahrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti alt að 8000 kr. til holræsisframræslu á Eyrarbakka. Ódags. brjef. 5 fskj. (Nd. 150).

Búnaðarfjelag Íslands.

1. Áætlun um tekjur og gjöld Búnaðarfjelags Íslands árið 1930, ásamt brjefi Metúsalems Stefánssonar, dags. 8. des. 1928. 1 fskj. (Nd. 18, xxxvii).
2. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbn. erindi um væntanlega aðaltilraunastöð fjelagsins á Suðurlandsundirlendinu. Brjef 20. mars. 3 fskj. (Nd. 301, samhljóða erindi Ed. 28).
3. Sama sendir fjvn. Ed. meðmæli með till. til þál. um kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu, ásamt áliti og tillögum Búnaðarþings. Brjef 8. mars. (Ed. 18).
4. Sama sendir landbn. Ed. meðmæli Búnaðarþings með frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna. Brjef 8. mars. (Ed. 19).
5. Sama sendir fjvn. og mælir með tillögu, er samþykt var á Búnaðarþingi, um hækkun styrks til Hólmgeirs Jenssonar dýralæknis. Brjef 8. mars. (Nd. 156).
6. Sama sendir landbn. álit og ályktun Búnaðarþings um sauðfjárbaðanir til útrýmingar fjárkláða. Brjef 8. mars. (Nd. 158).
7. Sama sendir fjvn. og mælir með erindi Steindórs Steindórssonar, dags. 8. des. f. á., um styrk til byrjunarrannsókna á íslenskum engjagróðri. Brjef 8. mars. 1 fskj. (Nd. 202).
8. Erindi sama, dags. 5. mars, út af beiðni Lárusar Helgasonar alþm. um styrk til að verjast ágangi Skálmar í Álftaveri. Með brjefi atvmrn. 18. mars. 2 fskj. (Nd. 286).

Sjá ennfr. Bankamál, Fiskiræktarfjelög, Lax, Síldarbræðsla.

Búnaðarsamband Austurlands, sjá Lax.

Búnaðarsamband Suðurlands, sjá Vegamál 8.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga fer þess á leit, að landbn. Nd. hlutist til um, að veitt verði innflutningsleyfi á nokkrum enskum kindum til kynblöndunar. Brjef 5. mars. 1 fskj. (Nd. 411).

Byggingarfjelög, sjá Halldór Halldórsson.

Bæjarstjórn Akureyrar, sjá Barnaskólar 1.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, sjá Raforkustöðvar 1.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, sjá Verkamannabústaðir.

Bændaskólar.

1. Áætlun frá forstöðumanni Hvanneyrarskóla um útgjöld skólans árið 1930. Brjef 10. nóv. 1928. (Nd. 18, xxiv).
2. Áætlun frá forstöðumanni Hólaskóla um útgjöld skólans árið 1930. Símsk. 6. nóv. 1928. (Nd. 18, xxiii).

Chr. Fr. Nielsen, sjá Markaður 8.

Dagsbrún, verkamannafjelag, sjá Kjördagur, Verkamannabústaðir, Vinnudómur.

Daníel Halldórsson, sjá Pjetur G. Guðmundsson.

Dansk-Islandsk Anlægsselskab, sjá Virkjun.
Dieselvjelar, sjá Guðmundur Jónsson.
Dómkirkjan, sjá Kirkjur 4.
Dómþinghár. Sýslunefnd Strandasýslu beiðist þess, eftir ósk hlutaðeigandi hreppa, að lögleitt verði, að Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur skuli sjerstakar dómþinghár. Símsk. 16. apríl. (Nd. 371).
Dragferja á Hólsá.
1. Erindi frá nefnd manna úr Vestur-Landeyjahreppi varðandi dragferju á Hólsá, vegi og sima í hjeraðinu. Brjef 12. mars. 3 fskj. (Nd. 373).
2. Vegamálastjóri mælir með 10 þús. kr. fjárveitingu til dragferju á Hólsá undan Ártúnum. Brjef 13. apríl. (Nd. 364).

Dráttarbraut, sjá Hamar.
Dynjandisá, sjá Virkjun.
Dyrhólaeyjarviti, sjá Símamál 7.
Dýraverndunarfjelag Íslands.
1. Dýraverndunarfjelag Íslands sækir um 3000 króna styrk. Brjef 5. mars. (Nd. 155).
2. Sama fer þess á leit, að Alþingi setji lagafyrirmæli um vönun hesta. 3 fskj. (Nd. 307).

Efnarannsóknastofan. Tillögur um fjárveitingar til Efnarannsóknastofunnar árið 1930, frá forstöðumanni. Brjef 17. des. 1928. (Nd. 18, xliii).
Eftirgjöf á lánum.
1. Brynjólfur Bjarnason sækir um eftirgjöf á 1200 kr. láni, er hann fjekk árið 1924 til þess að ljúka prófi í náttúrufræði. Brjef 9. mars. (Nd. 194).
2. Einar Jónsson bóndi í Reykjadal sækir um eftirgjöf á kirkjujarðasjóðsláni. Brjef 23. jan. 1 fskj. (Nd. 66).
3. Finnur Jónsson sækir um eftirgjöf á 1200 kr. láni, er honum var veitt til lokanáms í málaralist árið 1924. Brjef 14. mars. (Nd. 239).
4. Gerðahreppur sækir um eftirgjöf á 37 þús. kr. viðlagasjóðsláni. Brjef 9. mars. (Nd. 173).
5. Guðmundur Eggerz sækir um eftirgjöf á skuld sinni við ríkissjóð. Brjef 23. mars. (Nd. 314).
6. Hreppsnefnd Patrekshrepps sækir um eftirgjöf á alt að helmingi af eftirstöðvum lána þeirra, er Patrekshreppur tók hjá viðlagasjóði á árunum 1918 og 1920 til byggingar rafveitu fyrir hreppinn. Brjef 16. mars. 1 fskj. (Nd. 328).
7. Ostagerðarfjelag Önfirðinga sækir um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, kr. 9141,67. Brjef 30. jan. (Nd. 18, xlix).
8. Stokkseyringar, sex að tölu, sækja um eftirgjöf á 10 þús. kr. láni, er þeim var veitt sem bráðabirgðahjálp vegna tjóns af Stokkseyrarbrunanum 10. des. 1926. Brjef 30. mars. (Nd. 363).
9. Sýslunefnd Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi að veita Patreks-

hreppi umbeðna eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til rafveitu. Símsk. 10. apríl. (Nd. 360).

10. Tómas Kristjánsson sækir um eftirgjöf á 2000 kr. viðlagasjóðsláni frá árinu 1925. Brjef 11. mars. 1 fskj. (Nd. 350).

Eftirlaun og styrktarfje.

1. Aðalpóstmeistari fer þess á leit, að Óla P. Blöndal póstritara verði veitt eftirlaun úr ríkissjóði. Brjef 23. apríl. 2 fskj. (Nd. 400).
2. Anna Þorgrímsdóttir, ekkja Jóns Bjarnasonar læknis, sækir um 2000 kr. árlegan styrk til uppeldis börnum sínum. Brjef 27. febr. (Nd. 74).
3. Anna Þorsteinsdóttir ljósmóðir á Blönduósi sækir um 500 kr. eftirlaun. Brjef 30. mars. 2 fskj. (Nd. 347).
4. Ásdís Þorgrímsdóttir, ekkja Sigurðar Þórólfssonar, fer þess á leit, að sjer verði ætlaður 1000 kr. styrkur í 18. gr. fjárlaganna, til uppeldis börnum sínum. Brjef 12. mars. (Nd. 207).
5. Biskupinn fer þess á leit, að fjvn. hækki eftirlaun prestsekknanna Arnfríðar Pjetursdóttur frá Vatnsfirði og Guðnýjar Þorsteinsdóttur frá Norðfirði, svo að þau verði 300 kr. eins og eftirlaun þeirra ekkna, sem eiga kröfu til lífeyris samkvæmt lögunum frá 1907. Brjef 4. apríl. (Nd. 340).
6. Einar Ólason, fyrv. póstur, sækir um ellistyrk. Brjef 17. jan. 1 fskj. (Nd. 18, xlvi).
7. Erindi Eimskipafjelags Íslands varðandi eftirlaun og eftirlaunarjett starfsmanna á Esju. Brjef 4. febr. og 4. mars, með brjefi atvmrn. 11. mars. 2 fskj. (Nd. 213).
8. Friðrik Jónsson póstur sækir um 5000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, vegna heilsubrests, er stafi af byltu, sem hann hafi hlotið í póstferð árið 1912. Brjef 6. febr. 1 fskj. (Nd. 70).
9. Grímúlfur Ólafsson fer þess á leit fyrir hönd Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns, að henni verði veitt eftirlaun og barnsfúlga, eins og venja er um ekkjur þeirra starfsmanna hins opinbera, sem ekki hafa rjett til eftirlauna. Brjef 11. mars. (Nd. 215).
10. Guðrún Guðmundsdóttir ljósmóðir sækir um eftirlaun. Brjef 22. febr. 5 fskj. (Nd. 206).
11. Hinrik Hansen, Hafnarfirði, sækir um 1000 kr. ellistyrk. Brjef 9. mars. (Nd. 175).
12. Hólmfríður Friðfinnsdóttir, fyrv. ljósmóðir, sækir um 300 kr. eftirlaun. Brjef 4. mars. 1 fskj. (Nd. 338).
13. Jakob Björnsson fer þess á leit, að fá að halda óskertum til æfiloka þeim launum, er hann hefir haft undanfarið sem yfirsíldarmatsmaður á Siglufirði. Brjef 13. febr. (Nd. 201).
14. Jóhannes Jörundsson fer þess á leit, að styrkur sá, er hann nýtur í 18. gr. fjárlaganna, verði hækkaður um helming. Brjef 23. mars, (Nd. 311).

15. Jens V. Hjaltalín prestur sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Brjef 12. jan. (Nd. 57).
16. Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar fyrv. póstmeistara, sækir um 1200 kr. eftirlaun. Brjef 22. apríl. 1 fskj. (Nd. 392).
17. Sig. H. Kvaran sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Brjef 5. febr., ásamt brjefi fjmrh. 19. s. m. 2 fskj. (Nd. 45).
18. Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona á Vífilsstöðum fer þess á leit, að sjer verði veitt eftirlaun eða styrkur í 18. gr. fjárlaganna, alt að 1000 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Brjef 18. febr. 1 fskj. (Nd. 122).
19. Sigurveig Jónatansdóttir ljósmóðir sækir um eftirlaun. Brjef 30. jan. 2 fskj. (Nd. 22).
20. Steindór Hinriksson póstur fer þess á leit, að styrkur sá, er hann nýtur í 18. gr. fjárlaganna, verði hækkaður upp í 300 kr. Brjef 14. mars. (Nd. 230).
21. Þórólfur Sigurðsson endurtekur fyrir hönd Hólmgeirs Þorsteinssonar umsókn frá fyrra ári um eftirlaunastyrk fyrir 20 ára símstöðvarstjórn. Brjef 14. mars. 4 fskj. (Nd. 253).

Eggert Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 3.

Eiðaskóli.

1. Tillögur frá forstöðumanni Eiðaskóla um fjárveitingar til skólans árið 1930. Brjef 10. nóv. 1928. (Nd. 18, xxv).
2. Sami sækir um fjárveitingu til leikfimi- og smíðakenslu við skólann og málningar skólahússins. Brjef 10. febr., með brjefi dómsmrn. 8. mars. (Nd. 165).
3. Afhendingargerð, er fram fór á Eiðum síðastl. vor, úr höndum Ásmundar Guðmundssonar fyrrum skólastjóra þar. Með brjefi dómsmrn. 27. mars. (Nd. 319).

Eiður Kvaran, sjá Námsstyrkur 40.

Einar G. Einarsson, sjá Hafnir 15.

Einar Jónsson prófastur, sjá Ættir Austfirðinga.

Einar Jónsson í Reykjadal, sjá Eftirgjöf 2.

Einar Markússon, sjá Námsstyrkur 6.

Einar M. Jónasson, fyrv. sýslumaður, sendir:

1. Afrit af kæru, er send var dómsmálaráðuneytinu í desember síðastl.
2. Afrit af vitnaleiðslum varðandi afsetningarmál hans. Brjef 30. apríl (Nd. 404).

Einar Ólason, sjá Eftirlaun 6.

Einar Sveinsson, sjá Námsstyrkur 45.

Einkasala.

1. Landlæknir sendir allshn. Ed. umsögn um frv. til laga um einkasölu á lyfjum. Brjef 27. mars. (Ed. 31).
2. Lyfsalafjelag Íslands sendir álit sitt um frv. til laga um einkasölu á lyfjum. Brjef 13. apríl. (Nd. 426).
3. Læknafjelag Íslands sendir allshn. Ed. umsögn um frv. til laga um einkasölu á lyfjum. Brjef 27. mars. (Ed. 32).

4. Verslunarráð Íslands skorar á Alþingi að fella frumvörp þau um einkasölu, sem nú liggja fyrir þinginu og ekki hafa þegar verið feld. Brjef 23. apríl. (Nd. 390).

Eimskipafjelag Íslands.

1. Brjef framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, dags. 3. nóv. 1928, um útgerð Esju. 1 fskj. (Nd. 18, xii).
2. Brjef Eimskipafjel. Íslands til samgmn., dags. 9. mars, ásamt áætlun Esju 1929. (Nd. 168).

Sjá ennfremur Eftirlaun 7, Strandferðir.

Elliheimili á Seyðisfirði. Kvenfjelagið »Kvik« á Seyðisfirði sækir um 3000 kr. til elliheimilis á Seyðisfirði. Brjef 9. des. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 97).

Erlendir sjerfræðingar, sjá Óskar Ottesen.

Erlendir verkamenn, sjá Krossanesverksmiðja.

Esja, sjá Eimskipafjelag.

Eva Hjálmarsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 8.

Eyrarbakkaspítali, sjá Jóhann V. Daníelsson.

Eyrarhreppur, sjá Raforkustöðvar 1 og 2.

F*angahús.* Tillögur bæjarfógetans í Reykjavík um fjárveitingar til hegningarhússins þar árið 1930. Brjef 13. nóv. 1928. (Nd. 18, v).

Fáskrúðsfjarðarlæknishjerað, sjá Sjúkrahús 13.

Fátækralög, sjá Mæðrastyrkur 1.

Fellahreppur, sjá Vegamál 12.

Fellshreppur, sjá Dómþinghár.

Ferðafjelag Íslands sækir um 1500 kr. til útgáfu Árbókar 1929. Brjef 18. mars. (Nd. 289).

Ferðamannafjelagið Hekla, sjá Vitamál 10 og 11.

Ferjubakki í Öxarfirði, sjá Skógrækt 2.

Fjelag ísl. háskólakvenna, sjá Stúdentar.

Fjelag járnsmiðanema, sjá Sjúkrasjóður.

Fjelag ungra jafnaðarmanna, sjá Vinnudómur.

Fimleikakonur, sjá Íþróttir 2.

Finnur Jónsson, sjá Eftirgjöf 3, Lánbeiðnir 1.

Fiskafurðir, sjá Markaður.

Fiskifjelag Íslands.

1. Tillögur um fjárveitingar til Fiskifjelagsins árið 1930, frá forseta fjelagsins. Brjef 2. nóv. 1928. 1 fskj. (Nd. 18, xli).
2. Fiskifjelag Íslands sendir sjútvn. frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar. (Nd. 419).

Sjá ennfr. Bankamál 4, Vitamál 8.

Fiskirannsóknir, sjá Bjarni Sæmundsson.

Fiskiræktarfjelög. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbn. útdrátt úr áliti alls-

herjarnefndar Búnaðarþings um frv. til laga um fiskiræktarfjelög. Brjef 8. mars. (Nd. 159).
Fiskiveiðabanki, sjá Bankamál 4.
Fiskiveiðalög.
1. Benedikt Jónasson og Gunnlaugur Jónasson á Vestdalseyri sækja um undanþágu frá 3. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, og heimild til þess að taka til verkunar frá útlendingum 5—10 þús. skippund af fiski árlega fyrst um sinn 5—10 ár. Brjef 9. febr. (Ed. 4).
2. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir eftirrit af fundargerð bæjarstjórnarinnar, þar sem mælt er með því, að Benedikt Jónassyni og Gunnlaugi Jónassyni á Vestdalseyri verði veitt undanþága sú frá fiskiveiðalögunum 1922, sem þeir hafa sótt um til þingsins með brjefi 9. febr. Brjef 15. mars. (Nd. 292).
Fiskumbúðir, sjá Olgeir Friðgeirsson.
Fiskverkun, sjá Fiskiveiðalög.
Fjarðarheiði, sjá Vegamál 11—15.
Fjárkláði, sjá Búnaðarfjelag 6.
Flateyri, sjá Sjúkrahús 11.
Flugfjelag Íslands, sjá Flugmálasjóður.
Flugmálasjóður.
1. Erindi frá Flugfjelagi Íslands um frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands. Brjef 15. jan., með brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 91).
2. Frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands. (Nd. 424).
Fossá, sjá Raforkustöðvar 1.
Fóðurmjölsverksmiðjan Ísland, sjá Óskar Ottesen.
Frakkneski spítalinn á Fáskrúðsfirði, sjá Sjúkrahús 13.
Freygarður Þorvaldsson vjelstjóri sækir um 6000 kr. styrk til þess að gera tilraun með uppfundningu sína, sem lýtur að því að spara kolanotkun eimskipa. Brjef 26. febr. 1 fskj. (Nd. 79).
Freysgoði, h/f, sjá Kaupfjelag Hjeraðsbúa.
Friðrika Friðriksdóttir, sjá Námsstyrkur 8.
Friðrik Jónsson, sjá Eftirlaun 8.
Frjettastofa Blaðamannafjelagsins sækir um að fá að halda sama styrk og hún hefir haft undanfarið. Brjef 23. apríl. (Ed. 38).
Færsla kjördags, sjá Kjördagur.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri.
1. Tillögur um fjárveitingar til Gagnfræðaskólans á Akureyri árið 1930, frá settum rektor. Brjef 20. nóv. 1928 (Nd. 18, xix).
2. Endurrit af brjefi dómsmálaráðherra til skólameistarans við Gagnfræðaskólann á Akureyri, dags 3. sept. 1928, um landaukningu til skólans. Með brjefi dómsmrn. 6. apríl (Nd. 352).
Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykjavíkur fer þess á leit, að Alþingi veiti skólanum styrk fyrir skólaárið 1929—'30 og framvegis, 75 kr. fyrir hvern nemanda. Brjef 6. mars. (Nd. 170).

Geðveikrahæli, sjá Sjúkrahús 1 og 2.
Geir Gigja, sjá Námsstyrkur 9.
Geir G. Þormar, sjá Heimilisiðnaður 3.
Gerðahreppur, sjá Eftirgjöf 4.
Gistihús og gististaðir.
1. Jóhannes Jósefsson sækir um undanþágu frá verðtolli og um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af ýmsum vörum til hins nýja gistihúss hans í Rvík. Brjef 20. mars, með brjefi fjmrn. 3. apríl. 1 fskj. (Nd. 343). — Erindi frá sama til fjvn. Nd., dags. 16. apríl, sama efnis. (Nd. 374).
2. Sami sækir um 50 þús. kr. ríkisábyrgð, til viðbótar ábyrgð frá fyrra ári, á láni til þess að reisa gistihús í Reykjavík. Brjef 27. apríl (Nd. 409).
3. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 fer þess á leit, að Jóni Guðmundssyni á Brúsastöðum verði veitt alt að 25 þús. kr. viðbótarlán til aukningar gistihúsinu Valhöll á Þingvöllum, eða ríkisábyrgð á láni til sömu framkvæmda. Brjef 3. og 11. maí. 1 fskj. (Ed. 43—44).
4. Sveinn Jónsson sækir um 10 þús. kr. styrk til endurgreiðslu nokkurs hluta af útlögðum stofnkostnaði við gistihús á Egilsstöðum og til fullnaðarendurbótar við það. Brjef 15. jan. (Nd. 349).
5. Túbal Karl Magnússon sækir um 3000 kr. styrk til gistihúss, er hann hefir reist í Múlakoti. Brjef 5. mars. (Nd. 191).
6. Gunnar Jónsson á Fossvöllum sækir um 5000 kr. húsbyggingarstyrk til þess að geta hýst ferðamenn. Brjef 25. jan. (Nd. 178).
7. Sigurður Daníelsson á Kolviðarhóli sækir um 25 þús. kr. styrk til húsbyggingar. Brjef 26. febr. 2 fskj. (Nd. 101).
8. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 mælir með 15 þús. króna styrk til Hjálpræðishersins til viðbótarbyggingar við hæli hans í Reykjavík. Brjef 28. jan. 1 fskj. (Nd. 18, xliv).

Gísli Jónsson málari sækir um 4000 kr. styrk og til vara 8000 kr. lán. Ódagsett brjef. (Nd. 121).
Gísli Sveinsson, sjá Lánbeiðnir 2.
Gjaldþrotaskifti.
1. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendir allshn. Ed. álit sitt um frv. til laga um gjaldþrotaskifti. Brjef 17. mars. (Ed. 27).
2. Lögmaðurinn í Reykjavík sendir allshn. Ed. álit sitt um frv. til laga um gjaldþrotaskifti. Brjef 18. mars. (Ed. 24).

Glímuflokkur stúdenta, sjá Íþróttir 3.
G. Óskar Scheving, sjá Námsstyrkur 10.
Grímsá, sjá Vegamál 10.
Grímsárfoss, sjá Lax.
Grímúlfur Ólafsson, sjá Eftirlaun 9.
Grundtvig, sjá Ottó.
Guðjón Guðmundsson, sjá Sjúkrastyrkur 1.

Guðbrandur Jónsson, sjá Gunnsteinsstaðakirkja.
Guðfræðinemar, sjá Háskólinn 3.
Guðmundur Bárðarson, sjá Náttúrufræðifjelagið.
Guðmundur Eggerz, sjá Eftirgjöf 5.
Guðmundur Finnbogason sækir um að halda styrk sínum til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga. Brjef 14. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxvi). Sjá ennfr. Ættir Austfirðinga.
Guðmundur Friðjónsson sækir um 1200 kr. utanfararstyrk. Brjef 4. mars. (Nd. 177.).
Guðmundur Hlíðdal, sjá Síldarbræðsla.
Guðmundur Jónsson sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer meðferð Dieselvjela. Brjef 12. mars. 6 fskj. (Nd. 204).
Guðmundur Kamban sækir um 3000 kr. til samningar sögulegrar skáldsögu frá 17. öld. Brjef 12. apríl. (Nd. 413).
Guðmundur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 11.
Guðmundur Matthíasson, sjá Námsstyrkur 12.
Guðný Þorsteinsdóttir, sjá Eftirlaun 5.
Guðrún Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun 10.
Guðrún Jónsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 2.
Gufudalshreppur, sjá Lánbeiðnir 5.
Gunnar Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 13.
Gunnar Hallgrímsson, sjá Námsstyrkur 14.
Gunnar Jónsson, sjá Gistihús 6.
Gunnlaugur Jónasson, sjá Fiskiveiðalög.
Gunnsteinsstaðakirkja. Guðbrandur Jónsson fer þess á leit, að veittar verði 800 kr. til þess að kaupa og rjetta við hina fornu kirkju á Gunnsteinsstöðum í Langadal. Brjef 11. maí. (Nd. 415).

H*afnir og lendingabætur.*

1. Álit og kostnaðaráætlun vitamálastjóra um bryggjugerð á Hofsósi. Brjef 27. mars. 2 fskj. (Nd. 317).
2. Erindi sama ásamt greinargerð og áætlun um hafnargerð á Skagaströnd. Brjef 28. des. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. 3 fskj. (Nd. 76).
3. Erindi sama, dags. 28. febr., varðandi bryggjugerð í Borgarnesi. Með brjefi atvmrn. 11. mars. 2 fskj. (Nd. 217).
4. Erindi sama til fjvn. um hafnarvirki. Brjef 23. febr. (Nd. 52).
5. Erindi sama, dags. 9. mars, um viðgerð og umbætur á brimbrjótnum í Bolungavík. Með brjefi atvmrn. 14. mars. 2 fskj. (Nd. 278).
6. Erindi sama, dags. 21. mars, ásamt tveim útskriftum úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, varðandi hafnarmál kaupstaðarins. (Nd. 427).
7. Brjef sama, dags. 13. mars, ásamt áætlun og uppdráttum að bryggjugerð í Hnífsdal. Með brjefi atvmrn. 21. mars. (Nd. 310).

8. Jón Auðunn Jónsson sendir fjvn. erindi hreppsnefndar Eyrarhrepps, dags. 15. mars, um styrk til bryggjugerðar í Hnífsdal. Brjef 2. apríl. 4 fskj. (Nd. 336).
9. Sami sendir greinargerð fyrir nauðsyn bryggju í Hnífsdal. Brjef 20. mars. 1 fskj. (Nd. 298).
10. Halldór Steinsson alþm. sækir um 18 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til hafnarbóta í Ólafsvík. Brjef 17. apríl. 1 fskj. (Ed. 36).
11. Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps sækir um 17 þús. kr. styrk, eða þriðjung kostnaðar, til fyrirhugaðra umbóta á bátalegunni við Akranes. Brjef 20. mars. 1 fskj. (Nd. 308).
12. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti a. m. k. helming kostnaðar til endurbyggingar vjelbátabryggju í Ólafsfirði. Brjef 8. febr. (Nd. 141).
13. Erindi frá Bernharð Stefánssyni alþm. til fjvn., varðandi bryggjugerð á Siglufirði. Brjef 21. apríl. (Nd. 421).
14. Erindi þriggja manna á Stokkseyri um 3500 króna fjárveiting úr ríkissjóði til Snepilrásar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Brjef 9. febr. 1 fskj. (Nd. 67).
15. Einar G. Einarsson fer þess á leit, að veitt verði alt að 10 þús. krónum til lendingarbóta í Grindavík. Brjef 2. mars. 2 fskj. (Nd. 148).

Hagstofan. Áætlun hagstofustjóra um útgjöld hagstofunnar árið 1930. Brjef 21. des. 1928. (Nd. 18, i).

Halldór Ásgrímsson, sjá Læknisvitjunarstyrkur 1.

Halldór Halldórsson byggingarfulltrúi á Akureyri sækir um 1500 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer nýjungar í húsagerð og starfsemi byggingarfjelaga. Brjef 7. mars. (Nd. 254).

Halldór Steinsson, sjá Hafnir 10.

Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 1—3.

Hallormsstaður, sjá Húsmæðrafræðsla 5.

Hallveigarstaðir.

1. Bandalag kvenna beiðist lóðar undir fyrirhugað kvennaheimili. Brjef 1. júlí 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. 1 fskj. (Nd. 99).
2. Stjórn h/f Kvennaheimilisins Hallveigarstaðir sækir um ríkisábyrgð á 50 þús. kr. láni til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni. Brjef 22. apríl. (Nd. 402).

Hallærislán, sjá Lánbeiðnir 3.

Hamar, h/f, sækir um ríkisábyrgð á alt að 200 þús. kr. láni til dráttarbrautar. Brjef 14. mars. (Nd. 256).

Hannes Þorsteinsson, sjá Ættir Austfirðinga.

Hannes Þórðarson, sjá Námsstyrkur 15.

Hansen, sjá Kofoed.

Hákon Kristófersson, sjá Læknisvitjunarstyrkur 2.

Háskólinn.

1. Tillögur frá rektor háskólans um fjárveitingar til skólans árið 1930. Brjef 22. nóv. 1928. (Nd. 18, xvii).

2. Háskólaráðið sendir fjvn. tillögur um breytingar á fjárl.frv. stjórnarinnar varðandi fjárgreiðslur til háskólans. Brjef 14. mars. (Nd. 258).
3. Nemendur guðfræðideildar háskólans sækja um 1200 kr. styrk til söngkenslu við deildina. Brjef 15. mars. 1 fskj. (Nd. 268).

Sjá ennfremur Stúdentar.

Hátíðahald í Austfirðingafjórðungi 1930. Nefnd fjelags, er stofnað var á Egilsstöðum á Völlum 16. sept. 1928, sækir um 10 þús. kr. til hátíðahalds í Austfirðingafjórðungi árið 1930. Brjef 29. des. 1928. (Nd. 81).

Hegningarhús, sjá Fangahús.

Heimilisiðnaður.

1. Konur í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu skora á Alþingi að gera Halldóru Bjarnadóttur að föstum framkvæmdarstjóra í heimilisiðnaðarmálum Íslands og veita henni sæmileg, föst laun fyrir starfið. Brjef dags. í jan. (Ed. 13).
2. Áskorun sama efnis frá konum í Engihlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Ódags. brjef. (Ed. 14).
3. Halldóra Bjarnadóttir sendir skýrslu um starfsemi sína í þágu heimilisiðnaðarins á árinu 1928. Brjef 15. mars. 2 fskj. (Nd. 312).
4. Geir G. Þormar myndskeri á Akureyri sækir um 800 kr. til þess að halda uppi námsskeiðum og kenslu í trjeskurðarlist í íslenskum stíl á Norður- og Austurlandi. Brjef 10. febr. (Nd. 11).

Heimssýning í Barcelona, sjá Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík.

Hekla, ferðamannafjelag, sjá Vitamál 10—11.

Helgafellssveit, sjá Vegamál 17.

Helgi Pjeturss.

1. Helgi Pjeturss sækir um 20 þús. kr. til nauðsynja sinna 1930. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 276).
2. 240 Reykvíkingar skora á Alþingi að veita dr. Helga Pjeturss styrk þann, er hann hefir sótt um. Dags. í mars. (Nd. 391).

Hermann Stefánsson, sjá Námsstyrkur 16.

Hestar, sjá Dýraverndunarfjelag.

Heydalur, sjá Vegamál 18.

Hinrik Hansen, sjá Eftirlaun 11.

Hjaltalín, Jens V., sjá Eftirlaun 15.

Hjaltastaðahreppur, sjá Lánbeiðnir 3.

Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur 7 og 19.

Hjörleifur Björnsson ítrekar umsókn sína frá fyrra ári um 1000 kr. viðurkenningu fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár. Brjef 14. mars. 2 fskj. (Nd. 393).

Hljómsveit Reykjavíkur sækir um 5000 kr. styrk. Brjef 14. mars. (Nd. 261).

Hlutafjelagalög. Lögreglustjórinn í Rvík sendir allshn. álit sitt um frv. til laga um breyting á hlutafjelagalögunum, nr. 77 1921. Brjef 27. mars. (Nd. 320).

Hnappadalur, sjá Vegamál 18.

Hnífsdalur, sjá Hafnir 7—9.

Hofshreppur, sjá Sjúkrasjóður.
Hofsós, sjá Hafnir 1.
Holtavörðuheiði, sjá Vegamál 6.
Hólaskóli, sjá Bændaskólar 2.
Hólmar í Reyðarfirði, sjá Kirkjur 3.
Hólmfreður Franzson, sjá Námsstyrkur 17.
Hólmfríður Friðfinnsdóttir, sjá Eftirlaun 12.
Hólmgeir Jensson, sjá Búnaðarfjelag 5.
Hólmgeir Þorsteinsson, sjá Eftirlaun 21.
Hólsá, sjá Dragferja.
Hólshreppur, sjá Raforkustöðvar 2, Vegamál 4.
Hrunamannahreppur, sjá Mjólkurflutningur.
Hundaræktarlög, sjá Björn Bjarnarson.
Húsmæðrafræðsla.
1. Kvenfjelag Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að gera ráðstafanir til þess að stofnaður verði fullkominn húsmæðraskóli á hentugum stað á Austurlandi. Brjef 12. febr. (Nd. 38. — Samhljóða erindi Ed. 6).
2. Kvenfjelag Hvammshrepps í Vík í Mýrdal sækir um 5000 kr. til húsmæðrafræðslu. Brjef 22. febr. (Nd. 198).
3. Kvenfjelagið Ósk á Ísafirði sækir um 10 þús. kr. styrk til húsmæðraskólahalds. Brjef 30. jan. 1 fskj. (Nd. 35).
4. Sama sækir um alt að 20 þús. króna styrk til þess að reisa húsmæðraskóla á Ísafirði. Brjef 30. jan. 1 fskj. (Nd. 36).
5. Samband austfirskra kvenna skorar á Alþingi að veita fje til stofnunar húsmæðraskóla á Hallormsstað. Brjef 14. jan. 6 fskj. (Nd. 77).

Húsrúm fyrir listaverk, sjá Mentamálaráð.
Hvalfjarðarbátur, sjá Strandferðir 3.
Hvammshreppur, sjá Raforkustöðvar 4.
Hvanneyrarskóli, sjá Bændaskólar 1.
Hveralækningar. Læknafjelag Reykjavíkur skorar á Alþingi að láta rannsaka vísindalega, hvort hverar hjer á landi sjeu nothæfir til lækninga. Brjef 30. apríl. 1 fskj. (Nd. 406).
Hvítárbakkaskóli. Stjórn Hvítárbakkafjelagsins sækir um alt að 7000 kr. styrk til miðstöðvarhitunar í skólahúsinu á Hvítárbakka. Brjef 28. febr. (Nd. 80).
Hæstirjettur.
1. Hæstirjettur sendir allshn. umsögn sína um frv. til laga um breyting á lögum um hæstarjett. Brjef 27. mars. (Nd. 331).
2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjhn. erindi hæstarjettar, dags. 27. febr., um stofnun sjerstaks ritaraembættis við hæstarjett, ásamt endurriti af brjefi ráðuneytisins til forseta hæstarjettar, dags. 1. mars. (Nd. 111).

Höskuldseyjarviti, sjá Vitamál 5.

Iðja og iðnaður. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. tillögur um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað. Brjef 12. mars. (Nd. 212).

Iðnaðarmannafjelag Akureyrar sækir um 3500 kr. til iðnskólahalds á Akureyri. Brjef 9. febr. 2 fskj. (Nd. 48).
Iðnaðarmannafjelagið í Hafnarfirði sækir um 1000 kr. til kvöldskóla fyrir iðnnema í Hafnarfirði. Brjef 1. mars. (Ed. 23).
Iðnaðarmannafjelag Ísfirðinga fer þess á leit, að styrkur til fjelagsins verði hækkaður í fjárlögum 1930. Brjef 19. nóv. 1928. (Nd. 18, xxix).
Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur sækir um 4000 kr. utanfararstyrk handa iðnaðarmönnum til þess að sækja heimssýninguna í Barcelona á sumri komanda. Brjef 28. febr., með brjefi atvmrn. 11. mars. (Nd. 216. — Samhljóða erindi Nd. 112).
Ingibjörg Steinsdóttir, sjá Námsstyrkur 18.
Ingunn Jónsdóttir, sjá Námsstyrkur 19.
Innflutningsleyfi á kindum, sjá Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.
Islands Salt & kemiske Fabrikker, sjá Virkjun.

Íslandssaga, sjá Samúel Eggertsson, Sigurður Skúlason.
Íslensk orðabók, sjá Orðabækur 1.
Íslensk þjóðlög. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 beinir til fjvn. Ed. tilmælum um, að sr. Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði verði veitt opinber viðurkenning fyrir starf sitt til varðveislu íslenskum þjóðlögum. Brjef 3. maí. 5 fskj. (Ed. 39).
Íþróttir.
1. Glímufjelagið Ármann sækir um 5000 kr. vegna fyrirhugaðrar glímufarar til Þýskalands á sumri komanda. Brjef 4. mars. (Nd. 131).
2. Íþróttafjelag Reykjavíkur sækir um 7000 kr. styrk til farar íslenskra fimleikakvenna á íþróttamót í Finnlandi á sumri komanda. Brjef 13. mars. 3 fskj. (Nd. 235).
3. Íþróttafjelag stúdenta sækir um 1000 kr. styrk handa glímuflokki stúdenta til þess að sækja íþróttamót í Kiel. Brjef 5. apríl. (Nd. 344).
4. Vignir Andrjesson sækir um 600 króna ferðastyrk til Suður-Evrópu, m. a. til þess að kynna sjer íþróttaskóla. Brjef 14. jan. 2 fskj. (Nd. 5).

Jafnaðarmannafjelag Íslands, sjá Vinnudómur.
Jafnaðarmannafjelagið í Reykjavík, sjá Vinnudómur.
Jakob Björnsson, sjá Eftirlaun 13.
Jakob Gíslason, sjá Námsstyrkur 43.
Jarðfræðirannsóknir. Steinn Emilsson fer þess á leit, að sjer verði veittur 2000 kr. styrkur í fjáraukalögum 1929 til jarðfræðirannsókna. Brjef 15. mars. 2 fskj. (Nd. 386).
Járnbrautarmál, sjá Vegamál 8.
Járnsmíðanemar, sjá Sjúkrasjóður.
Jens V. Hjaltalín, sjá Eftirlaun 15.
Jens Severin Lange, sjá Ríkisborgararjettur 3.
Jenssen, Nils Hagerup, sjá Ríkisborgararjettur 2.

Jóhann Jósefsson, sjá Skaðabætur.
Jóhann Sveinsson, sjá Námsstyrkur 20.
Jóhann V. Danielsson fer þess á leit, að veittar verði í fjáraukalögum 1929 eða fjárlögum 1930 alt að 8500 kr. til greiðslu víxilskulda og annara skulda, er hvíla á byggingarnefnd spítalans á Eyrarbakka vegna byggingar spítalans þar. Brjef 27. febr. (Ed. 40. — Samhlj. erindi Nd. 86).
Jóhanna Jóhanns, sjá Námsstyrkur 21.
Jóhannes Áskelsson, sjá Námsstyrkur 22.
Jóhannes Jósefsson, sjá Gistihús 1 og 2.
Jóhannes Jörundsson, sjá Eftirlaun 14.
Jóhannes S. Birkiland, sjá Ríkisborgararjettur 1.
Jón Auðunn Jónsson, sjá Borgar Jónsson, Hafnir 8 og 9, Raforkustöðvar 3, Símamál 2, Vitamál 6.
Jón B. Jónsson, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Jón Engilberts, sjá Námsstyrkur 23.
Jón Guðmundsson, sjá Gistihús 3.
Jón J. Blöndal, sjá Námsstyrkur 24.
Jón J. Dalmann, sjá Námsstyrkur 25.
Jón Kristjánsson læknir sækir um styrk til lækningastofu sinnar. Brjef 10. mars. 3 fskj. (Nd. 227).
Jón Leifs, sjá Ríkisútvarp.
Jón Magnússon, sjá Námsstyrkur 26.
Jón Oddgeir Jónsson, sjá Námsstyrkur 3.
Jón Ófeigsson, sjá Orðabækur 2.
Jón Sveinsson, sjá Ársæll Árnason.
Jón Vestdal, sjá Námsstyrkur 38.
Jón Þorleifsson, sjá Lánbeiðnir 6.
Jónas Benediktsson, sjá Námsstyrkur 27.
Jónas Tómasson söngkennari á Ísafirði sækir um 6000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer nýjustu tónverk og meðferð þeirra og njóta fullkomnari fræðslu í hljómfræði. Brjef 12. febr. 2 fskj. (Nd. 133).
Jósef Björnsson, sjá Mjöll.
Júpítersmál, sjá Lárus Jóhannesson.
Jörundur Brynjólfsson, sjá Mjólkurflutningur.

Karfi, sjá Pjetur Hoffmann.
Karlakór Reykjavíkur sækir um 4000 kr. styrk til söngnáms kórfjelaga. Brjef 12. mars. 2 fskj. (Nd. 252).
Karl Finnbogason, sjá Samvinnufjelag.
Karl Jónsson, sjá Námsstyrkur 28.
Karl R. Matthíasson, sjá Námsstyrkur 29.
Kaupfjelag Hjeraðsbúa fer þess á leit, að Alþingi veiti h/f Freysgoða 1200 kr. styrk til þess að halda uppi reglubundnum ferðum eftir Lagarfljóti. Brjef 9. mars. (Nd. 195).

Kennaraskólinn. Tillögur frá forstöðumanni kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1930. Brjef 17. nóv. 1928. (Nd. 18, xx).

Kirkjur og kirkjumál.

1. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1930. Brjef 22. nóv. 1928. 2 fskj. (Nd. 18, xvi).
2. Sami sendir allshn. Ed. álit sitt um frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði. Brjef 12. mars. (Ed. 20).
3. Umsögn sama um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði. Brjef 18. mars. (Nd. 288).
4. Sóknarnefnd og kirkjubyggingarnefnd dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík senda Alþingi fundarsamþykt safnaðarins frá 13. des. síðastl. varðandi afhending dómkirkjunnar og fjármála hennar í hendur söfnuðinum. Brjef 7. mars. (Nd. 182).
5. Sóknarnefnd Akureyrarsóknar fer þess á leit, að Alþingi veiti ríflegan styrk, alt að 50 þús. kr., til kirkjubyggingar á Akureyri. Brjef 6. mars. 1 fskj. (Nd. 181).
6. Erindi frá sóknarnefnd og sóknarpresti Langholtssóknar um að söfnuðurinn í Langholtssókn taki að sjer fjárhald kirkjunnar. Brjef 5. jan., með brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 94).
7. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir mótmæli bæjarstjórnar gegn frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl., er nú liggur fyrir Alþingi. Brjef 3. apríl. (Nd. 339).

Kjördagur.

1. Verkakvennafjelagið Framsókn í Reykjavík mótmælir færslu kjördags frá því, sem nú er, og skorar á Alþingi að fella frv. það, sem fram er komið um þetta efni. Brjef 7. mars (Nd. 172).
2. Verkamannafjelagið Dagsbrún mótmælir flutningi kjördags frá því, sem nú er, þar sem verkalýðnum væri með því móti, fremur öðrum stjettum, meinað að neyta kosningarrjettar síns. Brjef 4. mars. (Nd. 117).

Sjá ennfremur Vinnudómur.

Klakhús, sjá Lax, Silungaklak.

Kleppur, sjá Sjúkrahús 1 og 2.

Klæðaverksmiðja, sjá Álafoss.

Kofoed Hansen skógræktarstjóri sækir um 10 þús. kr. utanfararstyrk, og til vara sömu fjárhæð að láni. Brjef 13. mars. (Nd. 209).

Kristinn Bjarnarson, sjá Námsstyrkur 30.

Kristinn Pjetursson, sjá Námsstyrkur 31.

Kristín Jónasdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 4.

Kristján Bergsson, sjá Lögskráning sjómanna.

Kristján Jónsson í Auraseli. Þingmenn Rangæinga sækja um 500 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll til handa Kristjáni Jónssyni í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir ósjerplægna leiðsögu yfir verstu jökulvötnin í Rangárþingum og dæmafáa gestrisni. Brjef 14. mars. (Nd. 221).

Kristján Jónsson frá Hrjóti í Norður-Múlasýslu sækir um 1000 kr. í þrjú ár til þess að safna örnefnum á Austurlandi og merkum, sögulegum fróðleik, sem við þau er tengdur. Brjef í des. 4 fskj. (Nd. 41).

Kristján Jónsson, sjá Sjúkrastyrkur 2.

Kristneshæli, sjá Sjúkrahús 9.

Krossanesverksmiðja.

1. Erindi norska aðalræðismannsins í Rvík, dags. 28. jan., um að h/f Ægir í Krossanesi megi kaupa síld ótakmarkað af erlendum fiskiskipum. Með brjefi atvmrn. 25. febr. (Nd. 54).
2. Erindi sama um að h/f Ægir megi ráða í þjónustu sína 40 norska verkamenn. Brjef 28. jan. með brjefi atvmrn. 25. febr. (Nd. 55).

Kvenfjelag Hvammshrepps, sjá Húsmæðrafræðsla 2.

Kvenfjelagið Kvik, sjá Elliheimili.

Kvenfjelagið Ósk, sjá Húsmæðraskólar 3 og 4.

Kvenfjelag Seyðisfjarðar, sjá Húsmæðrafræðsla 1.

Kvennaheimili, sjá Hallveigarstaðir.

Kvennaskólar.

1. Tillögur frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1930. Brjef 11. des. 1928. (Nd. 18, xxvii).
2. Erindi frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, varðandi fjárhag skólans og rekstrarkostnað árið 1930. Ódagsett brjef (prentað). (Nd. 372).
3. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að veita kvennaskóla Húnavatnssýslu í fjárl. 1930 4000 kr. til endurbóta á skólahúsinu. Símsk. 27. mars. (Nd. 323).

Kvikmyndir.

1. Loftur Guðmundsson býður Alþingi kvikmyndina »Ísland í lifandi myndum« til kaups fyrir 16 þús. kr. Brjef 16. apríl. (Nd. 367).
2. Álit borgarstjórans í Rvík um frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús. Brjef 14. mars. (Ed. 49).

Lagarfljótsbátur, sjá Kaupfjelag Hjeraðsbúa.

Lagarfoss, sjá Lax.

Landaukning, sjá Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Landbúnaðarbanki, sjá Bankamál.

Landeyjahreppur, sjá Dragferja.

Landhelgigæsla. Bátafjelag Reykjavíkur sækir um styrk til þess að halda úti sjerstökum gæslubát frá 1. ágúst til 1. nóv., til eftirlits landhelginni við innanverðan Faxaflóa. Brjef dags. í febr. (Nd. 428).

Landmælingar. Erindi sendiherra Íslands í Khöfn, dags. 24. sept. f. á., með 2 fskj., varðandi framhald landmælinga hjer á landi. Með brjefi atvmrn. 6. apríl. (Nd. 356).

Landsbókasafn.
1. Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til Landsbókasafnsins árið 1930. Brjef 14. nóv. 1928. (Nd. 18, xxx).
2. Erindi landsbókavarðar um aukinn kostnað við að hafa lestrarsal Landsbókasafnsins opinn fyrir almenning kl. 8—10 síðdegis á virkum dögum frá októberbyrjun til maíloka. Brjef 31. ág. 1928, með brjefi dómsmrn. 8. mars. (Nd. 167).

Landsfundur kvenna. Undirbúningsnefnd landsfundar íslenskra kvenna 1930 sækir um 3000 kr. styrk. Brjef 14, mars. (Nd. 270).

Landsspítali, sjá Sjúkrahús 8.

Landssíminn, sjá Símamál.

Landssýning í Reykjavík. Erindi frá kjörnum fulltrúum fimm fjelaga, Búnaðarfjelagsins, Fiskifjelagsins, Iðnaðarmannafjelagsins, Heimilisiðnaðarfjelagsins og Listvinafjelagsins, um allsherjar landssýningu í Reykjavík. Brjef 19. mars. 7 fskj. (Nd. 375).

Lange, J. S., sjá Ríkisborgararjettur 3.

Langholtssókn, sjá Kirkjur 6.

Latínukveðskapur, sjá Páll Sveinsson.

Laufey Valdimarsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 5.

Laugarnesspítali, sjá Sjúkrahús 3.

Launamál. Samband starfsmanna ríkisins sendir álit um launamálið. Brjef 25. febr. 1 fskj. (Nd. 53).

Lax.
1. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbn. Nd. og mælir með tillögu, er samþykt var á Búnaðarþingi, þar sem farið er þess á leit, að Alþingi styrki ríflega framkvæmdir til þess að greiða laxi göngu um Lagarfljót og ár þær, er í það falla. Brjef 8. mars. (Nd. 157).
2. Búnaðarsamband Austurlands sækir um fjárveitingu til laxastiga í Lagarfoss og Grímsárfoss og til klakhúss á Hallormsstað. Brjef 18. febr. 1 fskj. (Nd. 389).

Lánbeiðnir.
1. Finnur Jónsson málari sækir um 10 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að reisa vinnustofu. Brjef 27. mars. (Nd. 326).
2. Gísli Sveinsson sýslumaður sækir um viðlagasjóðslán handa Skaftafellssýslum. Brjef 7. des. 1928. (Nd. 18, xlviii).
3. Hjaltastaðahreppur sækir um 35 þús. kr. hallærislán. Brjef 12. apríl. 4 fskj. (Ed. 42).
4. Ríkarður Jónsson sækir um 10 þús. kr. lán til þess að koma upp vinnustofu og húsnæði fyrir skóla. Brjef 12. mars. (Nd. 242).
5. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu fer þess á leit fyrir hönd hreppsnefndar Gufudalshrepps, að Alþingi heimili hreppnum 5000 kr. lán úr viðlagasjóði. Brjef 5. mars. 3 fskj. (Nd. 169).
6. Jón Þorleifsson listmálari sækir um 12 þús. kr. lán til þess að reisa vinnustofu í Reykjavík. Brjef 5. febr. (Nd. 233).

7. Sjóklæðagerð Íslands sækir um lán úr viðlagasjóði til þess að reisa verksmiðju. Brjef 14. mars. 2 fskj. (Nd. 274).
Lárus Helgason, sjá Búnaðarfjelag Íslands 8, Raforkustöðvar 4.
Lárus Jóhannesson fer þess á leit, að Þórarni Olgeirssyni verði endurgreidd sekt og málskostnaður, er hann hefir greitt samkvæmt dómi hæstarjettar 7. mars 1927, í svonefndu Júpítersmáli. Brjef 4. maí. (Nd. 405).
Leiðsögubók um siglingar, sjá Vitamál 2.
Leifur Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur 32.
Leikfjelag Akureyrar, sjá Leiklist.
Leikfjelag Ísafjarðar, sjá Leiklist.
Leiklist.
1. Leikfjelag Akureyrar sækir um 3000 króna styrk. (Nd. 15).
2. Leikfjelag Ísafjarðar sækir um 2500 kr. styrk. Brjef 2. febr. 1 fskj. (Nd. 34).

Sjá ennfr. Námsstyrkur 18 og 39, Marta Kalman.
Lendingarbætur, sjá Hafnir.
Listaverk, sjá Mentamálaráð.
Ljóðaþýðingar, sjá Magnús Ásgeirsson.
Ljósmæðraskólinn. Tillögur landlæknis um fjárveitingar til ljósmæðraskólans árið 1930. Brjef 24. nóv. 1928. (Nd. 18, xxvi).
Loðdýrarækt, sjá Skúli Tómasson.
Loftskeytastöð í Papey. Sveinn Ólafsson alþm. sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 26. febr., og erindi forstjóra veðurstofunnar, dags. 7. mars, bæði varðandi byggingu loftskeytastöðvar í Papey. Með brjefi 12. mars. (Nd. 219).
Loftsstaðir í Dyrhólahverfi, sjá Símamál 7.
Loftur Guðmundsson, sjá Kvikmyndir 1.
Lotz, H., sjá Alidýrasjúkdómar.
Lyfjaverslun, sjá Einkasala.
Lyfsalafjelag, sjá Einkasala.
Lýðháskólar, sjá Björn O. Björnsson.
Læknadeild Háskóla Íslands, sjá Rannsóknarstofa.
Læknafjelag Íslands, sjá Berklavarnir, Einkasala, Sjúkrasamlög.
Læknafjelag Reykjavíkur, sjá Hveralækningar, Sjúkrahús, Sjúkrasamlög.
Læknisbústaður, sjá Sjúkrahús.
Læknisvitjunarstyrkur.
1. Halldór Ásgrímsson sækir fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu um 500 króna læknisvitjunarstyrk fyrir yfirstandandi ár og árlega framvegis. Brjef 4. mars. (Nd. 179).
2. Hákon Kristófersson alþm. fer þess á leit fyrir hönd Barðastrandar- og Rauðasandshreppa, að þeim verði veittur styrkur til læknisvitjana 1930, 150 kr. hvorum. Brjef 7. apríl. (Nd. 420).

Löggilding mælitækja. Atvmrn. sendir brjef forstöðumanns veðurstofunnar, dags. 3. ág. og 2. nóv. 1928, og brjef Óskars Bjartmars, dags. 3. okt. s. á., öll varðandi tæki til löggildingar vogar- og mælitækja. (Nd. 100).

Lögmaðurinn í Reykjavík. Áætlun frá lögmanninum í Reykjavík um skrifstofukostnað við embættið árið 1930. Brjef 11. jan. (Nd. 18, iv). — Sjá ennfr. Gjaldþrotaskifti 2.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Áætlun um skrifstofukostnað við lögreglustjóraembættið í Reykjavík árið 1930, ásamt brjefi lögreglustjórans 11. jan. (Nd. 18, iii). — Sjá ennfr. Gjaldþrotaskifti 1, Hlutafjelagalög.

Lögskráning sjómanna.

1. Frv. til laga um lögskráningu sjómanna. Lagt fram í sjútvn. Nd. af Sigurjóni Á. Ólafssyni. (Nd. 417).
2. Frv. til laga um lögskráningu sjómanna og skipshafnarskrár. Lagt fram í sjútvn. af Kristjáni Bergssyni. (Nd. 418).

Magnús Ásgeirsson sækir um 1500 kr. styrk til ljóðaþýðinga úr erlendum málum. Brjef 14. mars. (Nd. 236).

Magnús Egilsson, Suðurpól í Reykjavík, fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer einhverja viðurkenningu fyrir æfistarf sitt. Brjef 13. mars. 1 fskj. (Nd. 251).

Magnús F. Jónsson, sjá Silungaklak.

Magnús Jónsson, sjá Námsstyrkur 26.

Magnús Pjetursson, sjá Námsstyrkur 33.

Maren Magnúsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 6.

Margeir Jónsson sækir um 1000 krónur til fræðistarfa. Brjef 2. jan. (Nd. 68).

María Markan, sjá Námsstyrkur 6.

María Össurardóttir, sjá Minningarsjóður.

Markaður.

1. Matthías Þórðarson kaupmaður sækir um 10 þús. kr. til þess að rannsaka markað og möguleika fyrir verslun með íslenskar sjávarafurðir á norður- og vesturströnd Afríku og í Suður-Ameríku. Brjef 2. júlí 1928, með brjefi atvmrn. 28. febr. 5 fskj. (Nd. 92).
2. Sami sækir um 3000 kr. styrk til að rannsaka og útbreiða þekkingu á næringargildi og heilnæmi fiskafurða til manneldis. Brjef 30. mars. Með brjefi atvmrn. 20. apríl. 1 fskj. (Nd. 382).
3. Chr. Fr. Nielsen sækir um styrk til þess að athuga markaðsmöguleika fyrir íslenskar afurðir í Ameríku. Brjef 23. febr. 2 fskj. (Nd. 56).

Marta Kalman sækir um 4000 kr. til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og Danmörku. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 223).

Matthías Þórðarson, sjá Námsstyrkur 34.

Matthías Þórðarson kaupmaður, sjá Markaður 1 og 2.

Menningarsjóður. Umsögn Mentamálaráðs Íslands um frv. til laga um breyting á lögum um Menningarsjóð. Brjef 18. apríl (Ed. 47).

Mentamálaráð Íslands fer þess á leit, að Alþingi geri nú þegar einhverjar ráðstafanir til þess, að úrvali þeirra listaverka, sem landið nú á og mun eignast framvegis, verði sjeð fyrir húsrúmi, þar sem þau bæði eru

vel geymd og geta komið almenningi að notum. Brjef 30. apríl 1 fskj. (Nd. 403). — Sjá ennfr. Menningarsjóður, Ríkisforlag.

Mentaskólar, sjá Björn O. Björnsson.

Mentaskólinn í Reykjavík. Tillögur um fjárveitingar til mentaskólans í Reykjavík árið 1930, frá settum rektor. Brjef 22. nóv. 1928. (Nd. 18, xviii).

Minningarsjóður. Stjórn Minningarsjóðs Maríu Össurardóttur, Flateyri, sækir um 2000 kr. styrk til eflingar sjóðnum. Brjef 1. mars. (Nd. 351).

Minningarsjóður Sigurðar Eirikssonar, sjá Stórstúka Íslands.

Mjólkurflutningur. Jörundur Brynjólfsson alþm. fer þess á leit, að bændum í Hrunamannahreppi verði veittar 6000 kr. til mjólkurflutninga úr hreppnum í mjólkurbúið að Laugardælum. Brjef 14. mars. (Nd. 277).

Mjöll.

1. Mjólkurfjelagið Mjöll sækir um styrk, eigi minni en 2 krónur á hvern framleiddan kassa. Brjef 5. nóv. 1928. (Nd. 18, xlii).
2. Jósef Björnsson fer þess á leit, að Alþingi veiti mjólkurverksmiðjunni Mjöll í Borgarnesi minst 20 þús. kr. sem hlutafje handa verksmiðjunni. Brjef 2. mars. (Nd. 108).

Montessorikensla, sjá Barnaskólar 2.

Múlakot, sjá Gistihús 5.

Mæðrastyrkur.

1. Mæðrastyrksnefnd, kosin af kvenfjelögum í Rvík, sendir samþykt frá fjölmennum kvennafundi, er haldinn var í Rvík 21. apríl, þar sem því er mótmælt, að heimilum sje sundrað vegna fátækraflutnings, og jafnframt skorað á Alþingi að breyta svo fátækralögunum, að slíkt geti ekki átt sjer stað. (Nd. 396).
2. Áskorun frá stjórn sambands austur-húnvetnskra kvenna, um að tekið verði inn í löggjöf landsins ákvæði, er tryggi ekkjum og einstæðum mæðrum, sem eiga fyrir börnum að sjá, styrk af opinberu fje. Brjef dags. í jan. 1 fskj. (Ed. 12).

Námsstyrkur.

1. Agnar Norðfjörð sækir um framhaldsstyrk til hagfræðináms. Brjef 1. febr. 1 fskj. (Nd. 130).
2. Alexander A. Guðmundsson sækir um alt að 2000 kr. á ári í þrjú ár, til þess að stunda nám við mjólkurfræðideild landbúnaðarháskólans í Khöfn. Brjef 28. jan. 2 fskj. (Nd. 231).
3. Axel Tulinius og Jón Oddgeir Jónsson sækja um 1500 kr. styrk handa Eggert Guðmundssyni listmálara. Brjef 14. mars. 7 fskj. (Nd. 247).
4. Ásgeir Ó. Einarsson sækir um 1200 kr. til dýralæknisnáms í Þýskalandi. Brjef 13. mars. 2 fskj. (Nd. 210).
5. Benedikt Guðmundsson, Reykjavík, sækir um 2500 kr. utanfararstyrk til þess að fullnuma sig í slátrun, bjúgnagerð og meðferð á kjöti. Brjef 12. mars. 5 fskj. (Nd. 226).

6. Einar Markússon sækir um 3000 kr. styrk handa dóttur sinni, Maríu Markan, til þess að ljúka söngnámi í Þýskalandi. Brjef 13. mars. 2 fskj. (Nd. 228).
7. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um 700 kr. til styrktar hjúkrunarnemum sínum. Brjef 20. febr. (Nd. 50).
8. Friðrika Friðriksdóttir, Borgarnesi, sækir fyrir hönd Guðmundar sonar síns um 3000 kr. lokastyrk til söngnáms. Brjef 15. mars. (Nd. 309).
9. Geir Gígja kennari sækir um 1500 kr. styrk til þess að læra skólasmíði og lesa náttúrufræði í Khöfn. Brjef 27. febr. 3 fskj. (Nd. 120).
10. G. Óskar Scheving sækir um 2000 krónur til framhaldsnáms í listaháskólanum í Khöfn. Brjef 15. des. 1928. 3 fskj. (Nd. 1).
11. Guðmundur Kristjánsson söngvari sækir um 3000 kr. styrk. Brjef 14. mars. 8 fskj. (Nd. 332).
12. Guðmundur Matthíasson frá Grímsey sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til tónlistarnáms. Brjef 11. mars. 1 fskj. (Nd. 185).
13. Gunnar Guðmundsson frá Veðramóti sækir um 1500 kr. styrk til þess að ljúka námi við Skiensfjordens mekaniske Fagskole. Brjef 6. jan. 3 fskj. (Nd. 132).
14. Gunnar Hallgrímsson, Ísafirði, sækir um 3000 kr. utanfararstyrk, í því skyni að læra að leika á fiðlu og kynna sjer fyrirkomulag og stjórn hljómsveita. Brjef 30. jan. (Nd. 32).
15. Hannes Þórðarson kennari sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer líkamsuppeldi. Brjef 9. mars. (Nd. 208).
16. Hermann Stefánsson sækir um 400 kr. styrk til framhaldsnáms í líkamsmentun og söng. Brjef 25. jan. 5 fskj. (Nd. 16).
17. Hólmfreður Franzson sækir um 2000 kr. framhaldsstyrk til háskólanáms í eðlisfræði og veðurfræði. Brjef 18. febr. 1 fskj. (Nd. 107).
18. Ingibjörg Steinsdóttir sækir um 3000 kr. til þess að stunda leiklistarnám í Berlín eða Stokkhólmi. Brjef 7. mars. 4 fskj. (Nd. 241).
19. Ingunn Jónsdóttir hjúkrunarkona frá Akureyri sækir um 1000 kr. til eins árs framhaldsnáms í sjúkrahjúkrun í Bergen. Brjef 16. jan. 1 fskj. (Nd. 12).
20. Jóhann Sveinsson frá Flögu sækir um 1600 kr. styrk til náms í uppeldisfræði. Brjef 14. mars. (Nd. 266).
21. Jóhanna Jóhanns frá Akureyri sækir um 1000 kr. styrk til söngnáms í Khöfn. Brjef 5. mars. 4 fskj. (Nd. 136).
22. Jóhannes Áskelsson sækir um 1000 kr. til þess að ljúka námi í jarðfræði. Brjef 5. febr. (Nd. 25).
23. Jón Engilberts sækir um 1500 kr. styrk til listnáms erlendis. Brjef 10. jan. 2 fskj. (Nd. 44).
24. Jón J. Blöndal sækir um 1200 kr. styrk til framhaldsnáms í hagfræði við Hafnarháskóla. Ódags. brjef. (Nd. 245).

25. Jón J. Dalmann sækir um 2000 kr. styrk handa Axel syni sínum, sem stundar nám við tannlæknaskólann í Khöfn. Brjef 8. mars. 3 fskj. (Nd. 174).
26. Jón Magnússon sækir um 1200 kr. styrk handa Magnúsi syni sínum til tungumálanáms við háskólann í Paris. Brjef 12. mars. (Nd. 240).
27. Jónas Benediktsson, Kolmúla, sækir um styrk handa dóttur sinni til blindranáms. Brjef 8. mars, með brjefi dómsmrn. 6. apríl. 1 fskj. (Nd. 378).
28. Karl Jónsson læknir sækir um 4000 kr. til fullnaðarnáms í fysiskum lækningum. Brjef 6. jan. (Nd. 6).
29. Karl R. Matthíasson sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til frekara náms í fiðluleik. Brjef 10. mars. 1 fskj. (Nd. 197).
30. Kristinn Bjarnarson cand. med. sækir um 3000 kr. til þess að ljúka námi í handlæknisfræði. Brjef 24. jan. 12 fskj. (Nd. 3).
31. Kristinn Pjetursson myndhöggvari sækir um 1500 kr. styrk til Parísar- og Rómafarar. Brjef 5. mars. 2 fskj. (Nd. 183).
32. Leifur Ásgeirsson stud. math. fer þess á leit, að fá að halda næsta ár sama styrk og hann nú nýtur til stærðfræði- og eðlisfræðináms. Brjef 30. des. 1928. (Nd. 186).
33. Magnús Pjetursson kennari á Akureyri sækir um 1000 kr. utanfararstyrk til þess að fullnuma sig og kynnast nýjungum í fimleikakenslu, skólasmíði og annari handavinnu, sem drengjum er kend í barnaskólum. Brjef 11. febr. 1 fskj. (Nd. 180).
34. Matthías Þórðarson sækir um 1000 kr. styrk handa Ágústi syni sínum til náms í fjöllistaskólanum í Khöfn. Brjef 2. mars. 3 fskj. (Nd. 109).
35. Oddur Guðjónsson sækir um 1200 krónur til framhaldsnáms í hagfræði. Brjef 29. jan. 1 fskj. (Nd. 7).
36. Ólafur Snóksdalín sækir um 1000 kr. lán til framhalds háskólanámi í Þýskalandi. Brjef 1. jan. 4 fskj. (Nd. 387).
37. Ólafur Þórðarson sækir um 1000 kr. styrk til raffræðináms í Oslo. Brjef 29. jan. 1 fskj. (Nd. 200).
38. Pjetur Lárusson fer þess á leit, að fjvn. taki upp í brtt. sínar við frv. til fjárl. fyrir árið 1930 1200 kr. styrk handa Jóni Vestdal til efnafræðináms erlendis, og ennfremur að nefndin mæli með því, að ríkisstjórninni veitist heimild til að greiða sama manni jafnháan námsstyrk á yfirstandandi ári. Brjef 14. mars. 3 fskj. (Nd. 255).
39. Sigrún Magnúsdóttir, Ísafirði, sækir um 2400 kr. til þess að stunda nám við leikskóla konunglega leikhússins í Khöfn. Brjef 14. des. 1928. 3 fskj. (Nd. 33).
40. Sigurður H. Kvaran sækir um styrk handa Eiði syni sínum til háskólanáms í Þýskalandi. Brjef 27. febr. 3 fskj. (Nd. 73).
41. Sigurður Skagfield sækir um 3000 kr. styrk til Ítalíufarar. Brjef í febr. (Nd. 293).

42. Sigurður Thoroddsen fer þess á leit, að námsstyrkur sá, sem veittur er Valgarði syni hans í núgildandi fjárlögum, verði einnig tekinn upp í fjárlög 1930. Brjef 14. mars. (Nd. 244).
43. Sigurður Thoroddsen sækir fyrir hönd Jakobs Gíslasonar verkfræðings um 3000 kr. til framhaldsnáms hjá Electricitetskommissionen í Khöfn. Brjef 10. mars. 1 fskj. (Nd. 190).
44. Skúli Þórðarson stud. mag. sækir um 1500 kr. styrk til þess að ljúka námi í sagnfræði við háskólann í Khöfn. Brjef 11. febr. 1 fskj. (Ed. 41).
45. Sveinn Jónsson sækir um styrk handa Einari syni sínum til háskólanáms í húsagerðarlist í Þýskalandi. Brjef 14. mars. 8 fskj. (Nd. 224).
46. Sverrir Kristjánsson sækir um 1200 kr. til sögu- og hagfræðináms við háskólann í Khöfn. Brjef 1. mars. 2 fskj. (Nd. 113).
47. Viktor Helgason veggfóðrari sækir um 2500 króna utanfararstyrk til frekara náms í skreytingu (dekoration). Brjef 13. mars. (Nd. 222).
48. Þórarinn Jónsson sækir um 5000 kr. til framhalds hljómlistarnámi sínu. Brjef 25. jan. 1 fskj. (Nd. 229).

Náttúrufræðifjelagið. Tillögur Bjarna Sæmundssonar og Guðmundar Bárðarsonar um styrk til handa Náttúrufræðifjelaginu, ásamt erindi sömu manna um lóð undir væntanlegt hús fyrir safn fjelagsins. Tvö brjef 15. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxiii).

Nes, sjá Kirkjur.

Nielsen, sjá Markaður 3.

Nils Hagerup Jenssen, sjá Ríkisborgararjettur.

Norðurlandsvegur, sjá Vegamál 6.

Norrænt stúdentamót, sjá Stúdentar 2.

Núpur í Dýrafirði, sjá Raforkustöðvar 6.

Oddur Guðjónsson, sjá Námsstyrkur 35.

Olgeir Friðgeirsson sækir um 6000 kr. utanfararstyrk til þess að leita hagkvæmra sambanda um framleiðslu nýrrar tegundar fiskumbúða, er hann hefir látið gera og dæmd hefir verið einkaleyfishæf. Brjef 12. apríl. 1 fskj. (Nd. 380).

Orðabækur.

1. Fimm manna nefnd, kosin af vísindafjelagi Íslands til þess að gera tillögur um orðabókarmálið íslenska, fer þess á leit, að Alþingi geri engar ráðstafanir um orðabókarmálið á þessu þingi, en telur æskilegt, að fjárhæð sú, er í fjárl.frv. stjórnarinnar er ætluð til orðabókarinnar, verði látin haldast óbreytt, en ekki bundin við nafn. Kveðst nefndin þá munu leggja fullnaðarálit sitt um málið fyrir næsta þing. Brjef 23. mars. (Nd. 315).
2. Jón Ófeigsson fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer styrk í fjáraukalögum þessa árs og fjárlögum næsta árs, 5000 kr. hvort árið, til

þess að ljúka við að semja þýsk-íslenska orðabók. Brjef 18. febr. (Nd. 61).
3. Sveinbjörn Sigurjónsson og Pjetur G. Guðmundsson sækja um 1200 kr. styrk til þess að semja sænsk-íslenska orðabók. (Nd. 18, xlvii, 142).

Orðasöfnun, sjá Þórbergur Þórðarson.
Ostagerðarfjelag Önfirðinga, sjá Eftirgjöf 7.
Otto B. Arnar sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að afla sjer frekari þekkingar á útvarpsstarfsemi. Brjef 1. mars. 1 fskj. (Nd. 203).
Otto Grundtvig, sjá Ríkisborgararjettur 4.

Ólafsfjarðarhreppur, sjá Hafnir 12.
Ólafur Lárusson læknir sækir um 3000 kr. utanfararstyrk. Brjef 21. febr. (Nd. 69).
Ólafur M. Gamalielsson, sjá Skógrækt.
Ólafur Simonarson, sjá Skaðabætur.
Ólafur Snóksdalín, sjá Námsstyrkur 36.
Ólafur Stefánsson, sjá Sjúkrastyrkur 7.
Ólafur Þórðarson, sjá Námsstyrkur 37.
Óli P. Blöndal, sjá Eftirlaun 1.
Óshólar, sjá Vitamál 6.
Ósk, kvenfjelag, sjá Húsmæðrafræðsla 3 og 4.
Óskar Bjartmarsson, sjá Löggilding.
Óskar Ottesen sækir um að mega hafa erlenda sjerfræðinga við fóðurmjölsverksmiðjuna »Ísland« á Siglufirði. Með brjefi atvmrn. 11. mars (Nd. 214).
Óspakseyrarhreppur, sjá Dómþinghár.

Papey, sjá Loftskeytastöð.
Patrekshreppur, sjá Eftirgjöf 6 og 9.
Páll Guðmundsson, sjá Vitamál 5.
Páll Halldórsson sækir um hækkun á þóknun fyrir endurskoðun á skipamælingum. Brjef 25. febr., með brjefi fjmrn. 6. apríl. 1 fskj. (Nd. 355).
Páll Ísólfsson sækir um 2500 kr. til þess að veita kirkjuorganleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn. Brjef 14. mars. (Nd. 234).
Páll Sveinsson sækir um 2500 kr. í fjáraukalögum 1929 og sömu fjárhæð í fjárl. 1930 til undirbúnings á útgáfu latínukveðskapar Íslendinga að fornu og nýju. Brjef 15. mars. 3 fskj. (Nd. 408).
Páll Torfason sendir erindi um störf sin í þágu Íslands og fer þess m. a. á leit, að Alþingi hlutist til um, að sjer verði greiddar 34 þús. kr., er hann telur sig eiga hjá ríkissjóði vegna útvegunar breska lánsins. Brjef 14. maí. (Nd. 407).
Pálmar Ísólfsson sækir um 2500 kr. utanfararstyrk til þess að fullkomna sig í hljóðfærasmíði. Brjef 11. mars. 6 fskj. (Nd. 237).

Pjetur G. Guðmundsson og Daniel Halldórsson sækja um 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að kaupa einskonar prentvjel (Rotaprint), sem nýkomin er á markaðinn. Brjef 14. mars. (Nd. 260). Sjá ennfr. Orðabækur 3.

Pjetur Hoffmann sækir um 800 kr. ferðastyrk til Noregs til þess að kynna sjer verkun og meðferð Norðmanna á pækilsöltuðum karfa. Brjef 18. febr. með brjefi atvmrn. 4. mars. (Nd. 126).

Pjetur Lárusson, sjá Námsstyrkur 38.

Pjetur Ottesen, sjá Strandferðir 3.

Pjetur Þórðarson frá Hjörsey fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer alt að 500 króna aukaþóknun fyrir óvanalega fyrirhöfn og ferðakostnað við endurskoðun landsreikninga fyrir árið 1927. Brjef 1. mars. (Nd. 106).

Póstmál.

1. Áætlun aðalpóstmeistara um útgjöld við póststjórnina árið 1930. Brjef 5. nóv. 1928. (Nd. 18, x).
2. Aðalpóstmeistari sendir fjvn. skrá yfir laun póstmanna, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld póstsjóðs 1928. Brjef 22. mars. (Nd. 302).

Raforkustöðvar.

1. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og hreppsnefnd Eyrarhrepps sækja um ríkissjóðsábyrgð á láni til rafvirkjunar á Fossá, alt að 500 þús. kr. Brjef 11. mars. 1 fskj. (Nd. 188).
2. Hreppsnefnd Hólshrepps skorar á Alþingi að ábyrgjast 170 þús. kr. lán til byggingar raforkustöðvar í hreppnum og 450 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til byggingar raforkustöðvar þar. Brjef 7. mars (Nd. 263).
3. Jón Auðunn Jónsson leggur fram tilkynningu frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um, að hún hafi samþykt að reist yrði raforkustöð í Bolungavík og gengið í ábyrgð fyrir hreppinn á alt að 170 þús. kr. láni til fyrirtækisins. Símsk. 19. apríl. (Nd. 377).
4. Lárus Helgason alþm. beinir til fjvn. erindi frá hreppsnefnd Hvammshrepps, dags. 25. febr., um 60 þús. kr. viðlagasjóðslán til raforkustöðvar í Vík. Brjef 25. mars. 3 fskj. (Nd. 316).
5. Álit Steingríms Jónssonar um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða. Brjef 15. mars. (Ed. 48).
6. Áætlun um rafveitu á skólastaðnum Núpi í Dýrafirði. (Nd. 425).

Rafnseyri, sjá Vegamál 7.

Ragnheiður Bjarnadóttir, sjá Eftirlaun 16.

Ragnheiður Erlendsdóttir, sjá Eftirlaun 9.

Rannsóknarstofa. Læknadeild Háskóla Íslands sendir landbn. Ed. umsögn um rannsóknarstofu í þarfir landbúnaðarins. Brjef 4. mars. 1 fskj. (Ed. 17).

Rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, sjá Búnaðarfjelag Íslands.

Rauðasandshreppur, sjá Læknisvitjanastyrkur 2.

Ritaraembætti, sjá Hæstirjettur.

Ríkarður Jónsson, sjá Lánbeiðnir 4.

Ríkisborgararjettur.
1. Jóhannes S. Birkiland sækir um íslenskan ríkisborgararjett. Brjef 5. apríl. 2 fskj. (Nd. 412).
2. Nils Hagerup Jenssen, Seyðisfirði, sækir um íslenskan ríkisborgararjett. Brjef 22. mars. 4 fskj. (Ed. 5).
3. Jens Severin Lange sækir um íslenskan ríkisborgararjett. Brjef 31. jan., með brjefi dómsmrn. 2. apríl. 10 fskj. (Ed. 33).
4. Otto Grundtvig sækir um íslenskan ríkisborgararjett. Brjef 26. jan., með brjefi dómsmrn. 2. apríl. 4 fskj. (Ed. 33).

Ríkisforlag. Mentamálaráð Íslands sendir álit sitt um stofnun ríkisforlags. Brjef 27. mars. (Nd. 335).

Ríkisútvarp. Stefán Jóh. Stefánsson sækir fyrir hönd Jóns Leifs um 5000 kr. til undirbúningsstarfsemi við væntanlegt ríkisútvarp. Brjef 22. apríl. 1 fskj. (Nd. 395).

Röntgentæki, sjá Sjúkrahús og læknissetur 5 og 10.

Samband austfirskra kvenna sækir um 500 króna styrk. Brjef 14. jan. (Nd. 78). Sjá ennfr. Húsmæðrafræðsla 5.

Samband austur-húnvetnskra kvenna, sjá Mæðrastyrkur 2.

Samband íslenskra karlakóra, sjá Söngmót.

Samband norðlenskra kvenna sækir um 500 króna styrk. Símsk. 27. febr. (Nd. 71).

Samband starfsmanna ríkisins, sjá Launamál.

Samband þingeyskra ungmennafjelaga, sjá Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Samúel Eggertsson sækir um 2000 kr. til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt yfir sögu Íslands með hliðstæðum annálum og kortum. Brjef 2. mars. 2 fskj. (Nd. 149).

Samvinnufjelag Seyðfirðinga. Karl Finnbogason fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast alt að 200 þús. kr. lán til skipakaupa fyrir samvinnufjelag til útgerðar í Seyðisfjarðarkaupstað. Brjef 5. apríl. (Nd. 346).

Sandeyri, sjá Símamál 2.

Sandgræðsla.
1. Áætlun um fjárveitingu úr ríkissjóði til sandgræðslu 1930, ásamt brjefi Sig. Sigurðssonar 22. des. 1928. (Nd. 18, xxxviii).
2. Nokkrir bændur á Rangárvöllum sækja um styrk til sandgræðslugirðingar. Brjef 7. des. 1928, með brjefi 1. þm. Rang. 11. mars. (Nd. 199).

Sandgræðslusvæðið í Bolungavík, sjá Vegamál 4.

Sauðfjárbaðanir, sjá Búnaðarfjelag Íslands 6.

Sauðnaut. Vigfús Sigurðsson Grænlandsfari sækir um 25 þús. kr. styrk til þess að flytja inn sauðnaut frá Grænlandi. Brjef 12. mars. (Nd. 243).

Schrezenmeier verkfræðingur, sjá Síldarbræðsla.

Sigfús Sigfússon. Fimm mentamenn í Reykjavík fara þess á leit, að styrkur sá, er Sigfús Sigfússon frá Eyvindará hefir notið, verði hækkaður upp í 1500 kr. á ári, svo að hann geti dvalið í Reykjavík og haft hönd í bagga með prentun þjóðsagna sinna. Brjef 4. mars. (Nd. 144).

Sigríður Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun 18.
Sigrún Magnúsdóttir, sjá Námsstyrkur 39.
Sigurður Daníelsson, sjá Gististaðir 7.
Sigurður Eggerz, sjá Vegamál 5.
Sigurður Hannesson smáskamtalæknir sækir um 600 króna styrk. Brjef 16. febr. 1 fskj. (Nd. 40).
Sigurður Hlíðar, sjá Alidýrasjúkdómar.
Sigurður H. Kvaran, sjá Eftirlaun 17, Námsstyrkur 40.
Sigurður Sigurðsson, sjá Sandgræðsla 1.
Sigurður Skagfield, sjá Námsstyrkur 41.
Sigurður Skúlason mag. art. sækir um 2000 kr. til rannsóknar á sögu Íslands á 17. öld. Brjef 3. jan. (Nd. 65).
Sigurður Thoroddsen kennari, sjá Námsstyrkur 42.
Sigurður Thoroddsen verkfr., sjá Námsstyrkur 43.
Sigurjón Á. Ólafsson, sjá Lögskráning sjómanna.
Sigurveig Jónatansdóttir, sjá Eftirlaun 19.
Silungaklak. Magnús F. Jónsson, Torfastöðum, sækir um 1200 kr. styrk til silungaklaks. Brjef 27. jan. (Nd. 211).
Síldarbræðsluverksmiðja.
1. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. erindi Guðmundar Hlíðdals, dags. 15. febr., varðandi undirbúningsstarfsemi hans að byggingu síldarbræðslustöðvar á Siglufirði, svo og samninga, er hann hefir gert við M. J. Schrezenmeier verkfræðing, um að aðstoða við byggingu stöðvarinnar. (Nd. 125).
2. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbn. álit laganefndar Búnaðarþings um frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar, ásamt tillögu í sambandi við sama frv. Brjef 7. mars. (Nd. 161).

Sjá ennfr. Krossanes.
Síldarmatreiðsla, sjá Björg Sigurðardóttir.
Símamál.
1. Áætlun um tekjur og gjöld landssímans 1930, ásamt brjefi landssímastjóra 5. jan. 2 fskj. (Nd. 18, xiv).
2. Jón Auðunn Jónsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. taki upp í fjárl. 1930 fjárveitingu til þess að leggja símalínu frá Ögri um Æðey til Sandeyrar. Brjef 18. mars. (Nd. 294).
3. Landssímastjóri sendir samgmn. álit sitt um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35, 15. júní 1926 (Ritsíma- og talsímakerfi) og brtt. þær, er fram hafa komið við frv. Brjef 30. mars. (Nd. 334).
4. Slysavarnafjelag Íslands fer þess á leit, að lögð verði símalína frá Stokkseyri austur að Þjórsá. Brjef 22. mars. (Nd. 305).
5. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að láta leggja á næsta ári símalínu frá Ögri yfir Æðey til Snæfjallastrandar að Sandeyri. Símsk. 19. apríl. (Nd. 376).
6. Þykkbæingar, 60 að tölu, fara þess á leit, að lagður verði sími til

Þykkvabæjar þegar á þessu ári, og ennfremur, að veittur verði nokkur styrkur til þess að gera veginn til Ægissíðu bílfæran sem lengstan tíma ársins. Brjef 22. febr. (Nd. 163).

7. Erindi vitamálastjóra um lagningu síma frá Dyrhólaeyjarvita að Loftsstöðum í Dyrhólahverfi, þar sem vitavörðurinn rekur bú sitt. Brjef 26. febr., með brjefi atvmrn. 4. mars. 1 fskj. (Nd. 127).

Sjómannafjelag Hafnarfjarðar, sjá Vinnudómur.

Sjómannafjelag Reykjavíkur skorar á Alþingi að skipa tafarlaust nefnd til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar. Brjef 25. febr. (Nd. 62). Sjá ennfr. Vinnudómur.

Sjómannahæli. Forstöðunefnd sjómannastofunnar sækir um 10 þús. kr. styrk til þess að reisa sjómannahæli í Reykjavík. Brjef 13. mars. (Nd. 248).

Sjúkrasamlög. Læknafjelag Íslands og Læknafjelag Reykjavíkur ráða Alþingi frá því að samþykkja frv. til laga um breyting á lögum um sjúkrasamlög. Brjef 29. apríl. (Ed. 37).

Sjúkrasjóður Hofshrepps fer þess á leit, að Alþingi styrki sjóðinn með riflegu fjárframlagi. Brjef 15. febr. 2 fskj. (Nd. 154).

Sjúkrasjóður járnsmiðanema. Fjelag járnsmiðanema í Reykjavík sækir um 500 kr. styrk handa sjúkrasjóði sínum. Brjef 9. mars. 1 fskj. (Nd. 246).

Sjúkrahús og læknisbústaðir.

1. Áætlun um tekjur og gjöld geðveikrahælisins á Kleppi árið 1930, með brjefi forstöðumanns 12. nóv. 1928. (Nd. 18, vii).
2. Áætlun um rekstrarkostnað nýja spítalans á Kleppi árið 1930, ásamt brjefi forstöðumanns 11. jan. (Nd. 18, vi).
3. Áætlun forstöðumanns Laugarnesspítala um rekstrarkostnað spítalans 1930. Brjef 21. nóv. (1928. Nd. 18, ix).
4. Áætlun forstöðumanns Vífilsstaðahælis um rekstrarkostnað hælisins 1930. Brjef 20. nóv. 1928. (Nd. 18, viii).
5. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar sækir um 7000 krónur til kaupa á röntgentækjum í sjúkrahúsið á Seyðisfirði. Brjef 9. febr. (Nd. 26).
6. Erindi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til sjúkraskýlis á Flateyri. Brjef 9. ág. 1928, með brjefi dómsmrn. 8. mars. 2 fskj. (Nd. 164).
7. Landlæknir sendir fjvn. erindi frá oddvita Reykdælahrepps, dags. 19. des. 1928, um kaup og aðgerð á læknishúsinu á Breiðamýri í Reykdælahjeraði. Brjef 20. febr. (Nd. 43).
8. Læknafjelag Reykjavíkur skorar á Alþingi að flýta byggingu landsspítalans, svo að henni verði lokið vorið 1930. Brjef 15. febr. (Nd. 20).
9. Stjórnarnefnd Kristneshælis fer þess á leit, að veittar verði 21 þúsund krónur til nauðsynlegra umbóta á hælinu, annaðhvort í aukafjárlögum þessa árs eða í fjárlögum næsta árs. Brjef 6. febr. (Nd. 83).
10. Stjórnarnefnd sjúkrahússins á Akureyri sækir um 5000 krónа styrk til kaupa á nýjum röntgentækjum. Brjef 31. jan. (Nd. 13).

11. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir útskrift úr gerðabók sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að veita styrk til stofnkostnaðar sjúkraskýlis á Flateyri, gegn jafnmiklu tillagi frá hjeraðinu. Brjef 26. febr. (Nd. 84).
12. Vilmundur Jónsson læknir sækir um styrk handa sjúkrahúsi Ísafjarðar til kaupa á röntgentækjum, þriðjung kostnaðar, alt að kr. 3000. — Brjef 4. febr. (Nd. 118).
13. Þriggja manna nefnd, kosin á síðasta aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu, fer þess á leit, að Alþingi veiti Fáskrúðsfjarðarlæknishjeraði ríflegan styrk til þess að standast kostnað við kaup og fullnaðarútbúnað á frakkneska spítalanum á Fáskrúðsfirði. Brjef 14. febr. 1 fskj. (Nd. 37).

Sjúkrastyrkur.

1. Guðbjörn Guðmundsson sækir um 3000 kr. handa syni sínum til dvalar í fábjánahæli í Danmörku. Brjef 14. mars. (Nd. 267).
2. Guðrún Jónsdóttir, Reykjavík, sækir fyrir hönd manns sins, Kristjáns Jónssonar, um 2000 kr. styrk, vegna kostnaðar og atvinnutjóns af langvarandi veikindum. Brjef 14. mars. 3 fskj. (Nd. 264).
3. Jón B. Jónsson, Eskifirði, sækir um styrk til þess að koma Ásgerði dóttur sinni, sem þjáist af ólæknandi heilasjúkdómi, til dvalar á uppeldishæli erlendis. Brjef 12. febr. 1 fskj. (Nd. 249).
4. Kristín Jónasdóttir ljósmóðir sækir um sjúkrastyrk. Brjef 10. apríl. 1 fskj. (Nd. 384).
5. Laufey Valdimarsdóttir sækir fyrir hönd Unnar Vilhjálmsdóttur um 2000 króna sjúkrastyrk. Brjef 12. mars. (Nd. 273).
6. Maren Magnúsdóttir sækir um 600 króna styrk til þess að leita sjer lækninga. Brjef 14. mars. 2 fskj. (Nd. 238).
7. Ólafur Stefánsson, Ísafirði, sækir um styrk til þess að standast kostnað af læknisaðgerð, er hann varð, samkvæmt læknisráði, að sækja til Parísar. Brjef 6. jan. 4. fskj. (Nd. 31).
8. 15 Seyðfirðingar fara þess á leit, að Eva Hjálmarsdóttir fái að halda styrk þeim, er hún hefir haft til heilsuhælisdvalar í Danmörku. Brjef 9. febr. (Nd. 85).
9. Þorgils Þorgilsson, Vestmannaeyjum, sækir um 5000 kr. utanfararstyrk til þess að leita sjer heilsubótar. Brjef 4. mars. (Nd. 303).

Skaðabætur. Jóhann Jósefsson alþm. fer þess á leit, að Ólafi Símonarsyni frá Steinum verði bættur að nokkru skaði, er hann varð fyrir haustið 1927 af skriðu og vatnsflóði, er eyddi bæ hans, fjenaði og innanstokksmunum. Brjef 19. mars. (Nd. 297).

Skaftfellingur, sjá Strandferðir 1.

Skagaströnd, sjá Hafnir og lendingabætur 2.

Skagfield, sjá Sigurður.

Skáksamband Íslands.

1. Skáksamband Íslands sækir um 5000 kr. til þess að efla skákiðkun hjer á landi og til að styrkja för fjögurra Íslendinga á alþjóða-

skákmót í Ítalíu, sem háð verður á sumri komanda. Brjef 14. mars. (Nd. 250).

2. Sama sækir um 1500—2000 kr. styrk. Brjef 22. apríl. (Nd. 385).

Skálm, sjá Búnaðarfjelag Íslands 8.

Skátar, sjá Bandalag.

Skipamælingar, sjá Páll Halldórsson.

Skipstjórafjelagið Aldan, sjá Vitamál 9.

Skógarströnd, sjá Vegamál 18.

Skógrækt.

1. Áætlun skógræktarstjóra um fjárveitingu til skógræktar árið 1930, ásamt brjefi, dags. 4. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxix).
2. Ólafur M. Gamalíelsson býður ríkissjóði til kaups skóglendi í landi eignar- og ábýlisjarðar sinnar, Ferjubakka í Öxarfirði. Brjef 18. des. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 95).

Skriðdalshreppur, sjá Vegamál 10.

Skúli Tómasson sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer alifugla- og loðdýrarækt. Brjef 13. mars. (Nd. 257).

Skúli Þórðarson, sjá Námsstyrkur 44.

Slátrunarnám, sjá Námsstyrkur 5.

Sljettuhreppur, sjá Borgar Jónsson.

Slysavarnafjelag Íslands.

1. Slysavarnafjelag Íslands sækir um 20 þús. kr. styrk. Brjef 12. mars. 1 fskj. (Nd. 205).
2. Slysavarnafjelag Íslands fer þess á leit, að ríkisstjórnin láti búa til verðlaunapeninga handa þeim, er leggja sig í hættu til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska. Með brjefi atvmrn. 26. mars. (Nd. 318).

Sjá ennfr. Símamál 4, Vegamál 3, Vitamál 7.

Snepilrás, sjá Hafnir og lendingabætur 14.

Snæfjallaströnd, sjá Símamál 5.

Söknarnefnd, sjá Kirkjur.

Spánarsamningar. Umdæmisstúkan nr. 6 á Ísafirði skorar á Alþingi og ríkisstjórn að undirbúa uppsögn Spánarsamninganna. Brjef 26. febr. (Nd. 102).

Stafnes, sjá Vegamál 3.

Starfsmenn á Esju, sjá Eftirlaun 7.

Stefán Jóh. Stefánsson, sjá Ríkisútvarp.

Steindór Hinriksson, sjá Eftirlaun 20.

Steindór Steindórsson, sjá Búnaðarfjelag 7.

Steingrímur Jónsson, sjá Raforkustöðvar 5.

Steinn Emilsson, sjá Jarðfræðirannsóknir.

Stokkseyrarbruni, sjá Eftirgjöf 8.

Stórstúka Íslands. Sigurður Jónsson sækir fyrir hönd Stórstúku Íslands um 20 þús. kr. til bindindisstarfsemi og 5000 kr. til Minningarsjóðs Sigurðar Eiríkssonar. Brjef 10. nóv. 1928. 1 fskj. (Nd. 18, xlv).

Strandferðir.

1. Erindi h/f Skaftfellings um aukinn styrk til vjelbátsins Skaftfellings árið 1930. Brjef 28. nóv. 1928. 1 fskj. (Nd. 18, xiii).
2. Erindi Eimskipafjelags Íslands, dags. 26. febr., ásamt áætlun um strandferðir Esju 1929. Með brjefi dómsmrn. 4. mars. (Nd. 124).
3. Pjetur Ottesen alþm. fer þess á leit, að Hvalfjarðarbátnum verði veittur alt að 1500 kr. styrkur. Brjef 22. mars. (Nd. 422).
4. Útgerðarfjelag póstbátsins Unnar sækir um hækkun á styrk þeim, er báturinn hefir haft til póstflutninga fyrir Norðurlandi. Brjef 9. febr. 5 fskj. (Nd. 82).
5. Þorleifur Jónsson alþm. beinir til samgmn. tilmælum um eigi minni styrk til Austfjarðabáts en veittur er á þessu ári, og að veittar verði 3000 kr. til flutningaferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af 900 kr. til Öræfinga. Brjef 11. mars. (Nd. 423).
6. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. ýms skjöl varðandi bátaferðir á síðastliðnu ári. (Nd. 361).

Sjá ennfr. Eimskipafjelag.

Stúdentar.

1. Stúdentaráð háskólans sækir um 1200 kr. árlegan styrk til Upplýsingaskrifstofu stúdentaráðsins. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 259).
2. Stúdentamótsnefndin sækir um 10 þús. kr. fjárveitingu til norræns stúdentamóts í Reykjavík árið 1930. Brjef 6. mars. 1 fskj. (Nd. 184).
3. Fjelag íslenskra háskólakvenna sækir um 2000 kr. til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf á sumri komanda. Brjef 15. mars. (Nd. 275).

Sjá ennfremur Íþróttir 3.

Stykkishólmsvegur, sjá Vegamál 9 og 17.

Stýrimannaskólinn. Tillögur um fjárveitingar til stýrimannaskólans árið 1930, frá forstöðumanni. Brjef 20. nóv. 1928. (Nd. 18, xxi).

Sveinbjörn Björnsson. Sex mentamenn í Reykjavík fara þess á leit, að Sveinbirni Björnssyni verði veittar 1500—2000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir ljóðagerð hans. Brjef 5. mars. (Nd. 143).

Sveinbjörn Sigurjónsson, sjá Orðabækur 3.

Sveinn Jónsson, sjá Námsstyrkur 45.

Sveinn Jónsson, Egilsstöðum, sjá Gistihús 4.

Sveinn Ólafsson, sjá Loftskeytastöð.

Sveitabanki, sjá Bankamál.

Sverrir Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 46.

Sænsk-íslensk orðabók, sjá Orðabækur 3.

Söngmót 1930. Samband íslenskra karlakóra sækir um alt að 10 þús. kr. til væntanlegs söngmóts hjer á landi 1930. Brjef 14. mars. (Nd. 232).

Tilraunastöð, sjá Búnaðarfjelag Íslands 2.

Togaraútgerð, sjá Sjómannafjelag Reykjavíkur.

Tollstjórinn í Reykjavík. Áætlun um skrifstofukostnað tollstjórans í Reykjavík árið 1930, ásamt brjefi tollstjórans 21. des. 1928. 2 fskj. (Nd. 18, ii).
Tómas Kristjánsson, sjá Eftirgjöf 10.
Túbal Karl Magnússon, sjá Gistihús 5.

U. M. F. Skriðdæla, sjá Vegamál 10.
Undanþága, sjá Fiskiveiðalög.
Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930, sjá Gistihús 3 og 8, Íslensk þjóðlög.
Ungmennafjelög, sjá Þjóðaratkvæðagreiðsla.
Unnur, póstbátur, sjá Strandferðir 4.
Unnur Vilhjálmsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 5.
Upplýsingaskrifstofa, sjá Stúdentar.

Útvarp, sjá Ottó.

Valdimar Sveinbjörnsson fimleikakennari sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer ýmiskonar líkamsuppeldi í nágrannalöndunum. Brjef 9. mars. (Nd. 187).
Valgarður Thoroddsen, sjá Námsstyrkur 42.
Valhöll, sjá Gistihús 3.
Vatnafjelag Rangæinga sækir um 10 þús. kr. til framkvæmda á verkefnum fjelagsins. Brjef 3. jan., með brjefi atvmrn. 27. febr. 1 fskj. (Nd. 98).
Veðurstofan.
1. Tillögur um fjárveitingar til Veðurstofunnar árið 1930, frá forstöðumanni. Brjef 8. des. 1928. (Nd. 18, xl).
2. Skýrsla frá Veðurstofunni um jarðskálftamælingar (Nd. 2).

Vegamál.
1. Tillögur um fjárveitingar til vegamála 1930, ásamt brjefi vegamálastjóra 4. jan. 5 fskj. (Nd. 18, xi).
2. Erindi vegamálastjóra um vegagerð að fyrirhugaðri skipabryggju í Borgarnesi. Brjef 26. febr., með brjefi atvmrn. 4. mars. 4 fskj. (Nd. 128).
3. Slysavarnafjelag Íslands mælir með vegarlagningu frá Sandgerði til Stafnness vegna björgunarbáts, sem fyrirhugað er að hafi aðsetur í Sandgerði. Brjef 9. apríl. 3 fskj. (Nd. 369).
4. Hreppsnefnd Hólshrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti nægilegt fje til vegar um sandgræðslusvæðið í Bolungavík á árunum 1930—31. Brjef 8. febr. (Nd. 262).
5. Sig. Eggerz alþm. beinir til Alþingis erindi sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 28. jan., ásamt útdrætti úr gerðabók sýslunefndarinnar þar, varðandi vegamál sýslunnar. (Nd. 304).
6. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að ætla svo mikið fje til Norðurlandsvegar um Norðurárdal og Holtavörðuheiði, að fullger verði á næsta sumri til umferðar fyrir bíla. Símsk. 27. mars. (Nd. 322).

7. Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að taka veginn frá Ísafirði til Rafnseyrar í tölu þjóðvega. Símsk. 29. apríl. (Nd. 401).
8. Búnaðarsamband Suðurlands sendir útdrátt úr gerðabók sinni, þar sem skorað er á stjórnina að vinna að framgangi járnbrautarmálsins. Brjef 25. jan. (Nd. 60).
9. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps skorar á þing og stjórn að veita ríflega fje til Stykkishólmsvegar. Brjef 23. jan. (Nd. 4).
10. Ungmennafjelag Skriðdæla í Suður-Múlasýslu fer þess á leit, að Alþingi veiti fje til brúar á Grímsá í Skriðdalshreppi gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að. Brjef 4. mars. (Nd. 353).
11. Þingmaður Seyðfirðinga sendir erindi Fjarðarheiðarnefndar, dags. 12. febr., um fjárveitingu til akbrautar yfir Fjarðarheiði. 3 fskj. (Nd. 30).
12. 74 alþingiskjósendur í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu skora á Alþingi að veita verulega fjárhæð til akbrautarlagningar frá Seyðisfirði til Egilsstaða. Brjef í janúar. (Nd. 29).
13. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar fer þess á leit, að Alþingi veiti í fjárlögum næsta árs 50 þús. kr. til akbrautarlagningar yfir Fjarðarheiði, gegn 40 þús. kr. framlagi frá kaupstaðnum. Brjef 9. febr. 2 fskj. (Nd. 27).
14. Erindi bæjarstjórans á Seyðisfirði um að fje verði lagt til akbrautar yfir Fjarðarheiði. Brjef 10. des. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. 1 fskj. (Nd. 96).
15. Sex manna nefnd, kosin á Seyðisfirði til þess að vinna að framgangi akbrautarlagningar yfir Fjarðarheiði, skorar á Alþingi að veita a. m. k. 50 þús. kr. til brautarinnar í fjárl. 1930. Brjef 12. febr. 3 fskj. (Nd. 28).
16. Þingmenn Norðmýlinga fara þess á leit, að veittar verði a. m. k. 10 þús. kr. til Vopnafjarðarvegar. Brjef 12. mars. (Nd. 220).
17. Hreppsnefndin í Helgafellssveit skorar á þing og stjórn að veita svo ríflega fjárhæð til Stykkishólmsvegar, að hann verði fullger a. m. k. innan þriggja ára. Brjef 24. jan. (Ed. 22).
18. Fundur bænda í Hnappadal skorar á Alþingi að veita sem allra fyrst fje til þess að leggja bílveg frá Oddastöðum í Hnappadal inn Heydal inn á Skógarströnd, alt inn í Dali. Brjef 5. mars. (Ed. 29).

    Fundur bænda á Skógarströnd beinir til Alþingis samskonar áskorun. Brjef 9. mars. (Ed. 30).

Sjá ennfr. Símamál 6.

Vjelstjóraskólinn.

1. Tillögur um fjárveitingar til vjelstjóraskólans árið 1930, frá forstöðumanni. Brjef 19. des. 1928. (Nd. 18, xxii).
2. Forstöðumaður vjelstjóraskólans sækir um aukinn húsaleigustyrk. Brjef 7. maí 1928, með brjefi dómsmrn. 7. mars. (Nd. 166).

Verðtollur, sjá Gistihús 1.

Verkalýðsfjelög, sjá Vinnudómur.

Verkakvennafjelagið Framsókn í Rvík sækir um 500 kr. fjárveitingu til styrktar- og sjúkrasjóðs fjelagsins. Brjef 12. mars. 1 fskj. (Nd. 196). — Sjá ennfr. Kjördagur, Vinnudómur.

Verkamannabústaðir.

1. Bæjarstjórinn á Akureyri sendir allshn. álit bæjarstjórnarinnar þar um frv. til laga um verkamannabústaði. Brjef 26. mars (Nd. 325).
2. Bæjarstjórn Ísafjarðar mælir með frv. til laga um verkamannabústaði. Símsk. 31. mars. (Nd. 33).
3. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir allshn. álit bæjarstjórnarinnar um frv. til laga um verkamannabústaði. Brjef 5. apríl. (Nd. 348).
4. Umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um frv. til laga um verkamannabústaði. Brjef 15. apríl. (Nd. 368).
5. Bæjarstjórn Vestmannaeyja mælir með frv. til laga um verkamannabústaði. Símsk. 23. mars. (Nd. 410).
6. Verkamannafjelagið Dagsbrún skorar á Alþingi að samþykkja frv. það um verkamannabústaði, sem nú liggur fyrir þinginu. Brjef 4. mars. (Nd. 117).

Verslunarráð Íslands, sjá Einkasala 4, Verslunarskólinn.

Verslunarskólinn. Tillögur verslunarráðsins um fjárveiting til verslunarskóla Íslands árið 1930. Brjef 4. des. 1928. (Nd. 18, xxviii).

Viðlagasjóðslán, sjá Lánbeiðnir.

Vigfús Sigurðsson, sjá Sauðnaut.

Vignir Andrjesson, sjá Íþróttir 4.

Viktor Helgason, sjá Námsstyrkur 47.

Vilmundur Jónsson, sjá Sjúkrahús 12.

Vinnudómur. Mótmæli gegn frv. til laga um dóm í vinnudeilum frá Jafnaðarmannafjelaginu í Rvík (Nd. 59), Sjómannafjelagi Rvíkur (Nd. 63), Sjómannafjelagi Hafnarfjarðar (Nd. 72), Verkalýðssambandi Austurlands (Nd. 87), Verkamannafjelaginu Árvakur á Eskifirði (Nd. 88), Verkamannafjelaginu Dagsbrún (Nd. 117), Fjelagi ungra jafnaðarmanna í Reykjavík (Nd. 123), Jafnaðarmannafjelagi Íslands (Nd. 137), Verkakvennafjelaginu Framsókn í Reykjavík (Nd. 171), Verkalýðsfjelögunum á Akureyri (Nd. 193), Verkalýðsfjelagi Norðfjarðar (Nd. 265), Verkamannafjelagi Siglufjarðar (Nd. 283), Verkalýðsfjelaginu Baldri á Ísafirði (Nd. 324), Verkamannafjelaginu Fram á Seyðisfirði (Ed. 16).

Vitamál.

1. Tillögur vitamálastjóra um fjárveitingar til vitamála 1930, ásamt brjefi, dags. 17. nóv. 1928. 2 fskj. (Nd. 18, xv).
2. Erindi sama um íslenska útgáfu af leiðsögubók um siglingar. Brjef 23. nóv. 1928, með brjefi atvmrn. 28. febr. 1 fskj. (Nd. 93).
3. Erindi sama um breyting á fyrirkomulagi við stjórn vitamálanna. Brjef 19. nóv. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 90).
4. Erindi sama um rannsókn á vitastæði í Vestmannaeyjum. Brjef 19. nóv. 1928, með brjefi atvmrn. 27. febr. 1 fskj. (Nd. 89).
5. Atv.- og samgmrn. beiðist umsagnar sjútvn. um erindi vitamála-

stjóra, dags, 15. apríl, ásamt hjálögðu brjefi Páls Guðmundssonar vitavarðar, dags. 6. s. m., þar sem hann segir af sjer vitavarðarstöðunni við Höskuldseyjarvitann. Brjef 20. apríl (Nd. 383).

6. Jón Auðunn Jónsson sendir fjvn. erindi um vita á Óshólum. Brjef 21. febr. (Nd. 299).
7. Slysavarnafjelag Íslands skorar á þing og stjórn að láta vitagjöldin framvegis ganga óskert til vitamála og annara ráðstafana, er miða að því að tryggja líf manna á sjó. Brjef 16. mars. (Nd. 284).
8. Fiskifjelag Íslands skorar á Alþingi að hlutast til um, að framvegis verði vitarnir látnir hafa sjálfstæð fjármál, aðskilin frá ríkissjóði, og renni alt vitagjaldið til vitabygginga, sjómerkja, sæluhúsa, leiðarmerkja og rekstrar vitanna. Brjef 15. mars. (Nd. 281).
9. Áskorun sama efnis frá skipstjórafjelaginu Aldan. Brjef 16. mars. 282).
10. Erindi ferðamannafjelagsins Hekla, dags. 9. nóv. f. á., varðandi vitagjald af skemtiskipum. Með brjefi fjmrn. 15. mars. (Nd. 272, ii).
11. Erindi sama, dags. 16. mars, ásamt eftirriti af brjefum sama dags. 28. sept. og 9. nóv., öll varðandi vitagjald af erlendum skemtiskipum. (Nd. 300).
12. Erindi frá The Baltic and International Maritime Conference, dags. 12. apríl 1928, með 1 fskj., varðandi afgreiðslu og vitagjald á íslenskum höfnum. Með brjefi fjmrn. 15. mars. (Nd. 272, i).

Virkjun. Erindi stjórnar Dansk-Islandsk Anlægsselskab, dags. 14. des. 1928, um framlenging á heimild þeirri, er felst í lögum nr. 48, 15. júní 1926, til þess að veita fjelaginu, ásamt Islands Salt & kemiske Fabrikker, sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði. Með brjefi atvmrn. 18. mars. (Nd. 287).

Vífilsstaðahæli, sjá Sjúkrahús 4.

Vík, sjá Raforkustöðvar 4.

Vísindafjelag Íslands sækir um 1000 kr. styrk. Brjef 4. maí. 1 fskj. (Ed. 45). Sjá ennfr. Orðabækur.

Vogar- og mælitæki, sjá Löggilding.

Vopnafjarðarvegur, sjá Vegamál 16.

Þingmálafundargerðir.

Af Akureyri, ein, 8. febr. (Ed. 15).
Úr Árnessýslu, fimm, 22. des., 9., 19., 20. og 31. jan. (Nd. 64).
Úr Borgarfjarðarsýslu, sex, 29. des., 21., 23., 25. og 28. jan., 3. febr. (Nd. 24).
Úr Dalasýslu, ein, 24. jan. (Nd. 8).
Úr Eyjafjarðarsýslu, þrjár, 19. okt., 18. og 19. jan. (Nd. 114).
Úr Austur-Húnavatnssýslu, tvær, 24. og 26. jan. (Ed. 11) .
Úr Vestur-Húnavatnssýslu, tvær, 22. og 24. jan. (Nd. 21).
Úr Ísafjarðarkaupstað, ein, 14. des. (Nd. 75).

Úr Norður-Ísafjarðarsýslu (Fundargerð 2. þing- og hjeraðsmálafundar N.-Ísf. 26. nóv.) (Nd. 58).
Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (Fundargerð 30. þing- og hjeraðsmálafundar V.-Ísf. í des.) (Nd. 341).
Úr Norður-Múlasýslu, ein, 21. jan. (Ed. 10).
Úr Suður-Múlasýslu, fjórar, 28. des. (Ed. 9), 8. og 12. jan. (Ed. 7), 13. jan. (Nd. 39).
Ur Mýrasýslu, fjórar, 16., 23., 25. og 30. jan. (Nd. 271).
Úr Rangárvallasýslu, fjórar, 22., 23., 24. og 25. jan. (Nd. 51).
Úr Austur-Skaftafellssýslu, fjórar, 19., 30. og 31. jan., 8. febr. (Nd. 162).
Úr Vestur-Skaftafellssýslu, sjö, 7., 8., 10., 11., 13., 15. og 17. des. (Nd. 146).
Úr Snæfellsnessýslu, þrjár, 8. sept., 28. jan., 4. febr. (Ed. 21).
Úr Strandasýslu, sjö, 21., 31. jan., 5. febr. (Nd. 115), 16. febr. (Nd. 345), 16., 21. og 25. febr. (Nd. 145).
Úr Suður-Þingeyjarsýslu, þrjár, 20., 21. og 25. jan. (Nd. 135).

Þingvellir, sjá Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um flutning Alþingis. Áskorun til Alþingis um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu á sumri komanda um flutning Alþingis á Þingvöll: frá ungmennafjelagi Akraness (Nd. 140), U. M. F. Ársól í Eyjafirði (Nd. 327), U. M. F. Árvakri á Ísafirði (Nd. 397), U. M. F. Bjaldri í Hraungerðishreppi (Nd. 354), Ungmennafjelagi Biskupstungna (Nd. 358), U. M. F. Dagsbrún í Höfðahverfi (Nd. 147), Ungmennasambandi Dalamanna (Nd. 379), U. M. F. Eyrarbakka (Nd. 110), U. M. F. Höfðstrendinga (152), U. M. F. Holtshrepps í Fljótum (Nd. 189), Hjeraðsþingi U. M. F. V. (Nd. 357), U. M. F. Íslendingi í Andakílshreppi (Nd. 370), U. M. F. Ólafi pá í Búðardal (Nd. 337), U. M. F. Mýrahrepps í V.-Ísf. (Nd. 366), U. M. F. Reykhverfing í S.-Þ. (Nd. 151), Sambandi þingeyskra ungmennafjelaga (Nd. 176), U. M. F. Smára í Strandasýslu (Nd. 138), U. M. F. Stjörnunni í Dalas. (Nd. 139), U. M. F. Vísi í Hvalfjarðarstrandarhreppi (Nd. 329), Ungmennafjelaginu í Vestri-Kollsvík (Nd. 104), U.M.F. Vorblómi á Ingjaldssandi (Nd. 153), U. M. F. Þorsteini Svörfuð í Svarfaðardal (Nd. 192), U. M. F. Þórsmörk (Nd. 49) og U. M. F. Þresti í Skógarstrandarhreppi (Nd. 285).

Þjóðlög, sjá Íslensk.

Þjóðminjasafnið. Tillögur þjóðminjavarðar um fjárveitingar til þjóðminjasafnsins árið 1930. Brjef 20. nóv. 1928. (Nd. 18. xxxii).

Þjóðsagnir, sjá Sigfús Sigfússon.

Þjóðskjalasafnið. Tillögur þjóðskjalavarðar um fjárveitingar til þjóðskjalasafnsins árið 1930. Brjef 10. nóv. 1928. (Nd. 18, xxxi).

Þórbergur Þórðarson sækir um 2400 kr. til orðasöfnunar og ritstarfa, í stað 1200 kr., er hann hefir áður haft. Brjef 20. mars. (Nd. 295).

Þorgils Þorgilsson, sjá Sjúkrastyrkur 9.

Þorleifur Jónsson, sjá Strandferðir 5.

Þórarinn Jónsson, sjá Námsstyrkur 48.
Þórarinn Olgeirsson, sjá Lárus Jóhannesson.
Þórólfur Sigurðsson, sjá Eftirlaun 21.
Þykkbæingar, sjá Símamál 6.
Þýsk-íslensk orðabók, sjá Orðabækur 2.

Æðey, sjá Símamál 5.
Ægir, h/f, sjá Krossanesverksmiðja.
Ættir Austfirðinga. Guðm. Finnbogason og Hannes Þorsteinsson fara þess á leit, að Alþingi ákveði að greiða Einari prófasti Jónssyni á Hofi í Vopnafirði, jafnskjótt og hann lætur af prestskap, 5000 kr. laun árlega úr ríkissjóði, en konu hans 3000 kr. á ári, ef hún lifir hann, enda verði rit hans »Ættir Austfirðinga« eign Landsbókasafns Íslands, er hann deyr. Brjef 24. apríl. 1 fskj. (Nd. 394).

Ögur, sjá Símamál 5.
Örnefni, sjá Kristján Jónsson.

Leiðrjetting.

Í nefndaskránni hjer að framan, á bls. 1509, hefir misprentast nafn frsm. landbn. um frv. til l. um breyt. á l. um kynbætur hesta. Þar stendur: Jón Sigurðsson, — en á að vera: Lárus Helgason.